Hæstaréttardómar 1993 - 2. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar galli á bls. 676 á prenteintaki.
Á milli bls. 1426 og 1427 er uppdráttur á tveimur bls. ekki í blaðsíðuröðinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1993

Efnisskrá til bráðabirgða

2. hefti

FÉLAGSPRENTSMIÐJAN HF.

Hæstaréttardómar 1993
Efnisskrá til bráðabirgða
2. hefti

Bls.

Aðfarargerð 758
Aðfinnslur 726, 839, 876, 946, 1120, 1296
Aðild 1189
Aðild skv. 3. mgr. 25. gr. eml. 1304
Aðseturskipti 1156
Afsláttur 839
Afsögn 1400
Aldurshámark 1217
Almannahætta 1081
Atvinnuleyfi 1217
Ákæra 691, 925, 1255, 1296
Árekstur 1338
Ávana- og fíkniefni 657, 739, 1081
Bifhjól 1338
Bifreiðar:
Einkamál 726, 1338, 1465
Opinber mál 773, 789, 835, 928, 1081, 1329
Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. 789
Brottvísun sakbornings 1316
Brottvísun úr landi 890
Brunabætur 1000
Búskipti 767
Börn 758, 1457
Dómari 751
Dómarar 718, 1180, 1182
Dráttur á málsmeðferð 739
Eignarupptaka 739
Endurkrafa 1156
Endurupptaka 1407, 1469
Farmskírteini 1418
Fasteign 988
Fasteignakaup 839, 1265, 1395
Félagsdómur 1152, 1251
Fésekt 718
Fiskveiðibrot 1246
Fjarskiptalög 1258
Fjárdráttur 807, 1053
Fjárkrafa 800
Fjárnám 665, 1021
Fjárskipti 677
Fjársvik 807, 1122, 1198
Fjölbýlishús 1272

Bls.

Flutningssamningur ... 1418
Fordæmi ... 844
Forföll ... 665
Framfærsla ... 767
Framlagning skjala ... 1364, 1386
Frávísun:
a) frá héraðsdómi ... 822, 831, 876, 925, 1296, 1304, 1462
b) frá Hæstarétti ... 960, 1254, 1255
Frávísun að hluta ... 1246
Frávísunardómur felldur úr gildi ... 669, 1152, 1189
Frávísunardómur staðfestur ... 667, 951
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi ... 826

Frávísunarúrskurður staðfestur ... 1251, 1386
Frelsissvipting ... 890, 906
Fuglafriðun ... 1049
Fuglaveiðar ... 1049
Fyrning sakar ... 932
Fyrningu hafnað ... 713
Fæðingarorlof ... 1137
Gallar ... 709, 777
Geymslugreiðsla ... 1014
Gjafgerningur ... 1026
Gjafsókn ... 683
Gjaldþrot ... 661
Gjaldþrotaskipti ... 1033, 1185, 1276, 1309, 1319, 1324
Greiðsla ... 713
Greiðslukort ... 1240
Gæsluvarðhald:
A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 ... 1302, 1314, 1368, 1370, 1372
A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ... 1120
C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ... 805
Hegningarauki ... 1162
Heimvísun ... 665, 688, 718
Hlutafélag ... 1319, 1324
Hlutafjárloforð ... 1319, 1324
Húsbrot ... 906
Hæfi ... 1180, 1182
Hæfi matsmanna ... 1374
Hættuakstur ... 1329
Innsetning ... 688, 1465
Innsetningargerð ... 1457
Jafnræðisregla ... 1217
Jarðhiti ... 1282
Kaupsamningur ... 1205, 1352
Kvöð ... 1205
Kynferðisbrot ... 906
Kyrrsetning ... 1276
Kæruheimild ... 1255, 1316

Bls.

Kærumál:
Aðfarargerð ... 758
Aðfinnslur ... 876, 1120
Aðild ... 1189
Aðild skv. 3. mgr. 25. gr. eml. ... 1304
Ákæra ... 1255
Bifreiðar:
Einkamál ... 1465
Opinber mál ...
Brottvísun sakbornings ... 1316
Búskipti ... 767
Börn ... 758, 1457
Dómarar ... 1180, 1182
Endurupptaka ... 1469
Fasteign ... 988
Félagsdómur ... 1152, 1251
Fjárnám ... 1021
Fjárskipti ... 677
Framfærsla ... 767
Framlagning skjala ... 1364, 1386
Frávísun:
a) frá héraðsdómi ... 822, 831, 876, 1304, 1462
b) frá Hæstarétti ... 1255
Frávísunardómur felldur úr gildi ... 669, 1152, 1189
Frávísunardómur staðfestur ... 667, 951
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi ... 826
Frávísunarúrskurður staðfestur ... 1251, 1386
Geymslugreiðsla ... 1014
Gjafsókn ... 683
Gjaldþrotaskipti 1185, 1309
Gæsluvarðhald:
A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ... 1302, 1314, 1368, 1370, 1372
A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ... 1120
C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ... 805
Heimvísun ... 688
Hæfi ... 1180, 1182
Hæfi matsmanna ... 1374
Innsetning ... 688, 1465
Innsetningargerð ... 1457
Kæruheimild ... 1255, 1316
Lausafé ... 1118
Málskostnaðartrygging ... 873
Málskot til héraðsdóms ... 1192
Meðlag ... 758
Nauðungarsala ... 672, 762, 882, 1014, 1192, 1378, 1462
Óðalsréttur ... 1378
Ógildingarmál ... 1469
Ómerking ... 688, 831
Óvígð sambúð ... 677
Seta í óskiptu búi ... 767

Bls.

Sératkvæði 677, 882, 951, 988, 1185, 1192, 1309, 1316
Sératkvæði í Félagsdómi 1152
Skaðabætur 988
Skipti 831, 988
Skuldabréf, gjaldfelling 1014
Skýrslutaka 1455
Stefna 822
Uppboð 1118
Útburður 1360
Úthlutun 762
Verðtrygging 672
Vextir 1021
Virðisaukaskattur 683
Vitni 1316
XVII. kafli laga nr. 91/1991 1455
Öryggisgæsla 1255
Landamerkjamál 1426
Landskipti 1061
Lausafé 1118
Lausafjárkaup 709, 777, 1010, 1131
Lax- og silungsveiðilög 751
Leigubifreiðar 1217
Leigusamningur 1352
Líkamsmeiðingar 1081, 1168
Líkamstjón 916
Lögheimili 1156
Lögmenn 839
Máli vísað frá héraðsdómi 925
Málskostnaðartrygging 873
Málskot til héraðsdóms 1192
Meðlag 758
Miskabætur 1409
Miski 726
Meiðyrðamál 932, 1409
Mæðralaun 1156
Nauðgun 691, 890
Nauðungarsala 672, 762, 882, 1014, 1192, 1378, 1462
Náttúruverndarlög 1073
Opinbert mál 718
Opinbert réttarfar 1081
Óðalsréttur 1378
Ógildingarmál 1469
Ómaksbætur 889
Ómerking 665, 688, 718, 831, 925, 1296
Ómerking að hluta 751
Ómerking ummæla 932, 1409
Óvígð sambúð 677, 800
Ráðgjöf 1343
Ráðningarsamningur 1137
Rán 698, 1407

Bls.

Reynslulausn 698, 773
Riftun 777, 1131
Ríkisábyrgð á launum 661
Ríkisskattanefnd 844
Sambúð 1156
Sameignarfélag 1240
Samningar 1010, 1131, 1395
Seta í óskiptu búi 767
Sératkvæði 677, 698, 800, 844, 854, 882, 906, 951, 988, 1122, 1131, 1156, 1185, ... 1192, 1217, 1309, 1316, 1343, 1390, 1407, 1409, 1418, 1426
Sératkvæði í Félagsdómi 1152
Sifskaparbrot 906
Sjómannalög 1235
Sjómenn 946
Sjúkrahús 916
Skaðabætur, skaðabótamál 691, 720, 726, 807, 898, 916, 961, 974, 988, 1258, 1343
Skaðabætur innan samninga 1282
Skattfrelsi bóta 720, 726
Skilorð 789
Skilorðsrof 1329
Skilyrt krafa 1033
Skipti 831, 988
Skjalafals 1053, 1198
Skuldabréf, gjaldfelling 1014
Skuldajöfnuður 1033
Skuldamál 1026, 1228, 1240
Skýrslutaka 1455
Stefna 822
Stjórnarskrá 1217
Sýkna 898
Sölugjald 844
Sönnun 928, 1010, 1026, 1081, 1395
Tékkar 1122
Umferðarlög 726, 773, 789, 928, 1329, 1338
Umferðarréttur 1040
Uppboð 1118
Útburður 1360
Úthlutun 762
Útivistardómar 889
Vanhæfi 751
Vátrygging 854, 1000
Vegalög 1040
Verðtrygging 672
Verksamningur 1258
Verslunarkaup 1144
Vextir 1021
Vinnusamningur 946, 1235
Vinnuslys 961, 974
Virðisaukaskattur 683
Vitni 1316

Bls.

Víxlar, víxilmál 1390, 1400
XVII. kafli laga nr. 91/1991 1455
Þjófnaður 698, 1162, 1329, 1407
Þjófnaður, tilraun 906, 928
Þrotabú 1205
Ökuleyfissvipting 789, 835
Ölvunarakstur 773, 835
Örorka 720, 726
Öryggisgæsla 1255

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIII. árgangur 2. hefti 1993

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 444/1992. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Ingólfi Magnússyni
(Sigurður Georgsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvaldsins. Krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en ákærði fer fram á, að refsing verði milduð og skilorðsbundin.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta mat hans á sök ákærða og heimfærslu á brotinu til refsiákvæða, sem tiltekin eru í ákæru.

Sakaferli ákærða er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og ber að líta til hans við ákvörðun refsingar, eins og þar er gert. Að auki ber að taka tillit til þess, að ákærði var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1992 fundinn sekur um brot gegn 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dæmdur til að sæta fangelsi 6 mánuði. Hafði sá dómur ekki verið kynntur héraðsdómara í máli þessu, þegar hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp. Jafnframt hefur ákærði nú með dómi sama dómstóls 24. febrúar 1993 verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en honum ekki gerð sérstök refsing vegna ákvæða 78. gr. lag-

anna. Brot þau, sem um var fjallað í dómum þessum, voru öll framin fyrir uppsögu hins áfrýjaða dóms.

Vegna dómsins frá 7. október 1992 bar að ákvarða refsingu ákærða í máli þessu sem hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga. Að öllu athuguðu telst refsingin hæfilega ákveðin hin sama og tiltekin var í hinum áfrýjaða dómi, eða fangelsi 5 mánuði, að frádreginni vist ákærða í gæsluvarðhaldi, 8 daga, sbr. 76. gr. laganna.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku fíkniefna og um sakarkostnað. Á dómurinn þannig að vera óraskaður.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingólfur Magnússon, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 4. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. SÁ-43/1992: Ákæruvaldið gegn Ingólfi Magnússyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 11. mars sl., á hendur ákærða, Ingólfi Magnússyni, áður að Ásgarði 75, nú að Laugateigi 19 í Reykjavík, kennitala 290856-4349.

Málið hafði ekki verið þingfest, þegar sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum var lagður niður með lögum nr. 19/1991, og fluttist málið því til dómsins samkvæmt bráðabirgðaákvæði 197. gr. áðurgreindra laga og var afhent dómaranum til meðferðar 20. október sl.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa í júlí 1991 á heimili sínu margsinnis selt Birgi Þór Birgissyni, kt. 210971-4389, amfetamín, samtals 50-80 g, á 3750-5000 kr. hvert gramm, og jafnframt haft í vörslum sínum á heimili sínu samtals 18,9 g af amfetamíni, er lögregla gerði þar húsleit 24. sama mánaðar.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu amfetamíni, sem lagt var hald á, samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986".

Málavextir.

Ákærði kannast við, að hann hafi margsinnis í júlí 1991 á heimili sínu selt Birgi Þór Birgissyni amfetamín og jafnframt haft í vörslum sínum á sama stað 18,9 grömm af sama efni, sem lögregla lagði hald á 24. júlí 1991. Ákærði telur, að tilgreint magn, sem selt hafi verið, sé of mikið í ákæru, og hafi magnið ekki verið meira en 35-40 grömm og efnið blandað með mjólkursykri. Telur ákærði, að hann hafi í upphafi keypt 10 grömm af óblönduðu amfetamíni.

Ákæra málsins styðst um magn hins selda við framburð Birgis Þórs hjá lögreglu 1. ágúst 1991, en þá sagðist hann hafa keypt 50-80 grömm af efninu hjá ákærða. Ákærði sagði lögreglu sama dag, að hann hefði selt Birgi Þór 40-45 grömm, en næsta dag fyrir dómi gaf ákærði upp magnið 45-50 grömm.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, þó svo, að rétt þykir að miða við það magn efnisins, sem ákærði ber nú, en það er nær því, sem ákærði bar áður, og hið sama og Birgir Þór hefur borið í dag fyrir dóminum í máli, sem dæmt hefur verið vegna kaupa hans og sölu á sama efni. Brot ákærða er rétt fært til refsiákvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann níu sinnum frá ársbyrjun 1980 og fram í maí 1987 gengist með dómsátt undir að greiða sektir fyrir brot á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni. Þrívegis hefur ákærði frá 1977 til 1982 gengist með dómsátt undir að greiða sektir fyrir ölvun á almannafæri. Hann var dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi með dómi í desember 1981 fyrir tilraun til þjófnaðar. Þá hefur ákærði frá því í árslok 1986 og fram í júlí 1989 verið sakfelldur fjórum sinnum með dómi fyrir þjófnaðarbrot, fjársvik, hylmingu og brot á lögum og reglugerðum um ávana- og fíkniefni. Þrívegis var ákærða dæmd refsing, en einu sinni var það ekki gert með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Samanlögð refsing ákærða samkvæmt refsivistardómunum þremur var fangelsi í níu mánuði, en í eitt skipti

voru felldar inn í refsinguna 45 daga eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sem ákærði hafði fengið reynslulausn á, en ekki staðist skilorðið.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans og þá sérstaklega litið til tíðra brota ákærða á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 25. júlí 1991 kl. 13.45 til 1. ágúst s. á. kl. 21.45, alls átta daga. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhald þetta komi refsingu ákærða til frádráttar.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt laga- og reglugerðarákvæðum þeim, sem þar greinir, að dæma ákærða til þess að sæta upptöku til ríkissjóðs á 18,9 grömmum af amfetamíni, sem hald var lagt á hjá ákærða við rannsókn málsins.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Magnússon, sæti fangelsi í fimm mánuði, en frá refsingunni skal draga átta daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á 18,9 grömmum af amfetamíni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 30.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 145/1991. **Valdimar Jóhannesson**
(sjálfur)
gegn
félagsmálaráðherra
og fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.).

Gjaldþrot. Ríkisábyrgð á launum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1991 að fengnu leyfi lögum samkvæmt 25. mars sama ár. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og viðurkennt, að honum beri greiðsla samkvæmt lögum nr. 23/1985 um ríkisábyrgð á launum vegna ólögmætrar riftunar á vinnusamningi við gjaldþrot Goðgár hf. auk ógreidds orlofsfjár fyrir upphaf skipta tímabilið 1. júní 1988 til 31. ágúst 1988. Krefst hann í fyrsta lagi 676.190 króna með vöxtum eins og greinir í héraðsdómi. Í öðru lagi krefst hann 300.000 króna með dráttarvöxtum, sbr. nánar dóm Hæstaréttar í málinu nr. 278/1989 4. júní 1991. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Þeir mótmæla því, að krafa áfrýjanda um greiðslu á 300.000 krónum komist að fyrir Hæstarétti, þar sem hún hafi ekki verið höfð uppi í héraði. Í öðru lagi sé þetta almenn krafa samkvæmt tilvitnuðum dómi Hæstaréttar og eigi þegar af þeirri ástæðu ekki undir ríkisábyrgð.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að áfrýjandi eigi ekki samkvæmt c-lið 5. gr. laga nr. 23/1985 rétt til greiðslu úr ríkissjóði. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Reynir þá ekki á, hver eigi að vera fjárhæð stefnukröfu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.
Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. september 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 12. desember 1989, af Valdimar Jóhannessyni, Urriðakvísl 18, Reykjavík, kt. 280741-2489, gegn félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, kt. 041042-4869, og fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, Arnarhvoli, Reykjavík, kt. 140543-3229, fyrir hönd ríkissjóðs.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

Á hendur félagsmálaráðherra er gerð sú krafa, að felld verði úr gildi sú ákvörðun hans, dags. 25. janúar 1989, að neita að greiða stefnanda úr ríkissjóði skv. lögum nr. 23/1985 skaðabætur vegna ólögmætrar riftunar á vinnusamningi við gjaldþrot Goðgár hf. auk ógreidds orlofs fyrir upphaf skipta á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. ágúst 1988.

Jafnframt er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða fjárkröfu stefnanda, að fjárhæð 676.190 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að honum verði gert að greiða þeim málskostnað að mati réttarins.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi ráðist framkvæmdastjóri til Goðgár hf. 30. maí 1988, en Goðgá hf. hafi gefið út hér í borg Helgarpóstinn. Við sig hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur, og hafi ráðning verið gerð til eins árs með gagnkvæmum sex mánaða uppsagnarfresti. Þegar stefnandi réðst til starfa, hafi ársreikningar áranna 1986 og 1987 legið fyrir. Hafi þeir sýnt jákvæða eiginfjárstöðu. Að sögn þeirrar stjórnar, sem af störfum lét 30. maí 1988, hafði rekstur fyrirtækisins gengið betur fyrri part árs 1988 eftir nokkurn afturkipp árið 1987. Stefnandi hafði unnið gott starf við endurreisn Alþýðublaðsins, og hafi sér verið ætlað sama hlutverk á Helgarpóstinum. Reikningar félagsins hafi bent til, að það mætti takast með markvissum og réttum vinnubrögðum.

Þegar eftir að stefnandi hóf störf, hafi verið lagt út í gerð milliuppgjörs vegna tímabilsins 1. janúar 1988 og fram á mitt ár 1988. Hafi þá komið

í ljós, að eigið fé félagsins var neikvætt um rúmlega 14 milljónir. Skömmu síðar hafi sú ákvörðun verið tekin af stjórn félagsins eftir ráðleggingar endurskoðanda að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta, og hafi það verið gert 15. ágúst 1988.

Af hálfu búsins hafi ekki verið óskað eftir vinnuframlagi stefnanda á uppsagnarfresti og vinnusamningi þar með rift. Stefnandi hafi verið launþegi í þjónustu félagsins og hafi lýst skaðabótakröfu vegna fyrirvaralausrar uppsagnar úr starfi og orlofskröfu 12. september 1988. Hinn 15. desember 1988 hafi krafa sín verið samþykkt að hálfu, þar sem uppsagnarfrestur þótti of langur. Sú afstaða hafi verið staðfest með úrskurði skiptaráðanda 11. maí 1989. Úrskurði þessum hafi verið áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 11. júlí 1989.

Hinn 17. nóvember 1988 hafi þáverandi lögmaður stefnanda óskað eftir greiðslu kröfunnar úr ríkissjóði, og með bréfi, dags. 25. janúar 1989, hafi félagsmálaráðuneytið hafnað kröfu hans með vísan til 5. gr., c-liðar, laga nr. 23/1985. Ráðuneytið hafi ekki viljað breyta þeirri afstöðu sinni.

— — —

Niðurstaða.

Í 5. gr. laga nr. 23/1985 eru upp taldir þeir launþegar, sem geta ekki krafið ríkissjóð um greiðslu krafna samkvæmt a- til d-liðar 4. gr. sömu laga. Eru þar tilgreindir í c-lið greinarinnar „forstjóri gjaldþrota félags eða aðrir þeir, sem vegna starfa sinna hjá félaginu mega hafa haft þá yfirsýn yfir fjárhag þess, að þeim mátti ekki dyljast, að gjaldþrot félagsins hafi verið yfirvofandi á þeim tíma, sem unnið var fyrir vinnulaununum".

Óumdeilt er, að með ráðningarsamningi, dags. 30. maí 1988, var stefnandi ráðinn framkvæmdastjóri Goðgár hf. Af hálfu stefnanda er því haldið fram og felst í málsástæðum hans, að c-liður áðurnefndrar 5. gr. eigi ekki við um stefnanda, þar sem hann hafi verið framkvæmdastjóri Goðgár hf., en ekki forstjóri, en þetta séu tvö aðskilin starfsheiti.

Ekki er fallist á það með stefnanda, að slíkur greinarmunur sé gerður á þessum tveimur orðum í mæltu máli, að líta verði svo á, að um tvö aðskilin starfsheiti sé að ræða og að starfsheitið framkvæmdastjóri geti ekki fallið undir starfsheitið forstjóri í skilningi áðurnefndrar greinar. Bæði þessi starfsheiti eru notuð um stjórnendur hlutafélags, og þegar litið er til athugasemda við c-lið 5. gr. frumvarps til laga um ríkisábyrgð á launum, sem síðar urðu lög nr. 23/1985, er ljóst, að markmið greinarinnar er það, að stjórnendur fyrirtækis útilokist frá ríkisábyrgð án tillits til starfsheitis þeirra.

Í 5. gr. ráðningarsamnings stefnanda við Goðgá hf. segir: „Valdimar er ábyrgur fyrir öllum rekstri Goðgár hf. og ber einn ábyrgð til stjórnar. Allir

aðrir starfsmenn bera ábyrgð til Valdimars, þar með talin ritstjórn.“ Af þessu má ráða, að stefnandi var stjórnandi félagsins, og þegar af þeim sökum getur hann ekki krafið ríkissjóð um greiðslu umstefndrar kröfu, sbr. c-lið 5. gr. laga nr. 23/1985. Ber því með vísan til framanritaðs að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 415/1990. **Guðrún Álfgeirsdóttir,**
Kristinn Álfgeirsson og
Olga Sveinsdóttir
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Hreyfli svf.
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Forföll. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október sama ár. Þau krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Þá krefjast þau ómerkingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar og greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð kröfulýsingarskrá í þrotabú Betri kaupa hf., en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta 5. júní 1992. Kröfu máls þessa var ekki lýst í þrotabúið.

Í héraði var ekki sótt þing af hálfu áfrýjenda, en þeim var stefnt til þings ásamt félaginu Betri kaupum hf. Áfrýjandinn Guðrún Álfgeirsdóttir var stjórnarformaður þess félags og hafði látið sækja þing fyrir þess hönd og skilað greinargerð. Varnir þær, er þar voru hafðar uppi, varða einnig skuldbindingar áfrýjenda, komist þær að í máli þessu. Fyrir þinghald, sem háð var 18. maí 1990, barst dómara málsins læknisvottorð um forföll Guðmundar Jóhannssonar, eiginmanns áfrýjanda og framkvæmdastjóra félagsins, en hann hafði í næsta þinghaldi áður mætt fyrir hönd þess. Dómarinn virðist þá hafa tilkynnt stjórnarformanninum þinghaldið með símskeyti. Það skeyti liggur ekki frammi. Ekki var sótt þing af hálfu Betri kaupa hf. Brá þá lögmaður stefnda á það ráð að falla frá kröfum á hendur félaginu og krefjast dómtöku á hendur öðrum stefndu, þ.e. áfrýjendum í máli þessu. Var það gert.

Fyrirsvarsmaður félagsins Betri kaupa hf. hafði lögmæt forföll í þinghaldi 18. maí 1990. Bar dómara því að fresta þinghaldinu, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, sem þá giltu um meðferð einkamála í héraði, enda varð málið ekki niður fellt á hendur félaginu, án þess að fyrirsvarsmanninum væri gefinn kostur á að tjá sig um þá ráðstöfun. Málinu varð ekki haldið áfram að réttum lögum, svo sem gert var. Ber þegar af þessari ástæðu að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með þinghaldi 18. maí 1990 og leggja fyrir dómarann að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Er þá rétt, eins og mál þetta er vaxið, að gefa áfrýjendum kost á að sækja þing í málinu. Hin áfrýjaða fjárnámsgerð fellur niður.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 18. maí 1990 skulu vera ómerk, og ber héraðsdómara að taka málið fyrir til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 29. mars 1993.

Nr. 130/1993. **Hannes Sigurðsson**

gegn

Ásbergi Helgasyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. mars 1993. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila varð útivist í máli þessu í héraði.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að sóknaraðili hafi ekki lagt fyrir hann nægileg gögn um ógjaldfærni skuldara bréfanna og ábyrgðarmanna. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 21. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. janúar, er höfðað fyrir dómþinginu af Hannesi Sigurðssyni, kt. 260564-4989, Suðurgötu 75, Reykjavík, á hendur Ásbergi Helgasyni, kt. 100771-3149, Bárðarási 17, Hellissandi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 300.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að stefnandi hafi selt stefnda bifreiðina M-1352, Ford Bronco, árg. 1974, með afsali, dagsettu 27. júní 1989. Umsamið kaupverð hafi verið 350.000 kr., sem stefndi hafi greitt með 50.000 kr. í peningum og 300.000 kr. með tveimur skuldabréfum, að fjárhæð 200.000 kr. og 100.000 kr., báðum út gefnum til handhafa af Lárusi Arasyni, Litlalandi, Mosfellsbæ, 5. maí 1989, með sjálfskuldarábyrgð

Sigurðar Bjarnasonar, Þórufelli 4, og Óskars Arnars Jónssonar. Súluhólum 4, báðum í Reykjavík. Skuldabréfin hafi átt að greiða með 18 jöfnum afborgunum á mánaðarfresti, í fyrsta skipti 1. ágúst 1989. Ekkert hafi verið greitt af skuldabréfum þessum þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Kveður stefnandi annan sjálfskuldarábyrgðarmanninn, Óskar Arnar, vera látinn og útgefanda bréfanna, Lárus, og hinn ábyrgðarmanninn, Sigurð, vera ógjaldhæfa.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að við vanskil skuldabréfanna hafi raknað við réttarsamband það, sem afhending skuldabréfanna sé reist á, þar sem á stefnda hvíli sú skylda að greiða stefnanda kaupverð bifreiðarinnar og efna með þeim hætti greiðsluskyldu sína gagnvart stefnanda.

Um lagarök vísar stefnandi til l. nr. 39/1922 um skyldu kaupanda til greiðslu kaupverðs lausafjár svo og laga nr. 7/1936. Vaxtakröfu sína reisir stefnandi á lögum nr. 25/1987, sbr. og 5. gr. laga nr. 67/1989 og 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Af hálfu stefnda hefur ekki verið sótt þing, og verður því skv. 96. gr. l. 91/1991 að dæma málið eftir kröfum og málatilbúnaði stefnanda að því leyti, sem samrýmanlegt er fram komnum gögnum, nema gallar séu á málinu, sem varða frávísun þess án kröfu.

Stefnandi hefur lagt fram skuldabréf þau, er notuð voru sem greiðsla við bifreiðakaup milli stefnanda og stefnda. Einnig hefur stefnandi lagt fram afrit af innheimtubréfum, sem hann hefur sent skuldurum skuldabréfanna.

Stefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn, er styðja fullyrðingar hans um ógjaldfærni skuldara bréfsins og ábyrgðarmanns, en stefnandi reisir kröfu sína á hendur stefnda á ógjaldfærni þeirra.

Þykir mál þetta því svo verulega vanreifað, að ekki verði lagður í það efnisdómur, og ber að vísa því frá dómi ex officio.

Málskostnaður ákveðst ekki.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 29 mars 1993.

Nr. 129/1993. **Rúnar Þröstur Árnason**
gegn
Sigurjóni Sigurðssyni,
Jóni Lárusi Sigurðssyni og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. febrúar 1993. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir meðferð þessa þáttar málsins fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilans Sigurjóns Sigurðssonar.

Varnaraðilinn Sigurjón Sigurðsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti. Jafnframt krefst hann þess, að kveðið verði á um greiðslu virðisaukaskatts af málskostnaði í héraði.

Frá öðrum varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Í máli þessu krefur sóknaraðili um skaðabætur vegna líkamstjóns, en hann telur varnaraðila bótaskylda vegna tjónsins. Hefur hann sundurliðað kröfugerð sína m.a. í bætur vegna tímabundinnar örorku og varanlegrar. Kröfugerð sóknaraðila er nægilega skýr sem grundvöllur fyrir meðferð málsins fyrir dómi. Fer það nokkuð eftir efnislegum málsástæðum varnaraðila, hverra nýrra gagna þarf með, áður en málið verður tekið til aðalflutnings og dómtöku. Varnaraðilar geta sjálfir bætt úr því, sem miður þykir fara í því efni, eða skorað á sóknaraðila að bæta úr því. Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber dómara að fylgjast með máli í öllum atriðum og kosta kapps um, að yfirlýsingar aðila verði nægilega glöggar. Dómari getur lagt fyrir aðila að afla gagna, þar á meðal matsgerða eða álitsgerða, sem honum þykir á skorta, svo

að dómur verði réttilega á mál lagður. Verði aðilar ekki við áskorunum hans, getur það eftir atvikum leitt til frávísunar málsins á síðari stigum þess. Ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um fram komna frávísunarkröfu stefnda Sigurjóns Sigurðssonar 17. febrúar sl., hefur Rúnar Þröstur Árnason matreiðslumeistari, Garðavík 5, Borgarnesi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 25. og 26. maí 1992, á hendur Sigurjóni Sigurðssyni bæklunarlækni, Þinghólsbraut 6, Kópavogi, Jóni Lárusi Sigurðssyni röntgenlækni, Fjólugötu 3, Reykjavík, og fjármálaráðherra f. h. ríkisins vegna Landspítala.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaða- og miskabóta, að fjárhæð 17.908,700 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu Jóns Lárusar Sigurðssonar og fjármálaráðherra f. h. ríkisins eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

Dómkröfur stefnda Sigurjóns Sigurðssonar eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti úr hendi stefnanda.

— — —

III.

Niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því í stefnu, að örorku sína megi að öllu leyti rekja til ætlaðra mistaka hinna stefndu lækna. Var bókað eftir talsmanni stefnanda við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu stefnda Sigurjóns, að krafa sín um varanlega örorku væri gerð samkvæmt örorku-

stigi í örorkumati, og væri ekkert millistig til í kröfugerð sinni um þann þátt.

Í greinargerð stefnanda kemur hins vegar fram, að hann telji einungis hluta hinnar tímabundnu örorku vera á ábyrgð stefndu, án þess að gerð sé nánari grein fyrir því í málskjölum. Er á greinargerð stefnanda að skilja, að hann telji það vera hlutverk sérfróðra meðdómsmanna að meta, hvert sé eðlilegt hlutfall tímabundinnar örorku, sem stafi af ætluðum mistökum stefndu annars vegar og sjúkdómi stefnanda hins vegar.

Það liggur fyrir, að stefnandi hafði kennt meins í fætinum um árabil, áður en það var greint sem krabbamein. Er því ekki unnt að útiloka, að stefnandi hafi hlotið einhverja örorku af sjálfum sjúkdómnum, óháð ætluðum mistökum í sjúkdómsgreiningu. Í málatilbúnaði stefnanda er málið hins vegar hvergi reifað með hliðsjón af því, hvort hin varanlega örorka stafi öll af hinum ætlaða drætti, sem varð á sjúkdómsgreiningunni, eða hvort fyrir hafi verið örorka vegna meinsemdarinnar sjálfrar. Um hina tímabundnu örorku þykir kröfugerð stefnanda á sama hátt ekki nægilega skýr, og er ekki fallist á það, að meðdómsmenn eigi að framkvæma sjálfstætt mat á þeim þætti, án þess að eðlileg gagnaöflun fari fram af hálfu stefnanda þar að lútandi.

Skortir hér mjög á skýrleik í málatilbúnaði, sbr. d-lið 88. gr. l. nr. 85/1936, sbr. e-lið 80. gr. l. nr. 91/1991, og 1. mgr. 105. gr. l. nr. 85/1936, sem í gildi var, þegar málið var höfðað. Ber því að vísa máli þessu frá dómi að kröfu stefnda.

Samkvæmt 2. mgr. 130. gr. l. nr. 91/1991 ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda Sigurjóni Sigurðssyni málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 50.000 kr. Virðisaukaskattur er ekki innifalinn í málskostnaðarfjárhæð, en stefndi Sigurjón hefur ekki gert grein fyrir virðisaukaskattsskyldu sinni.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Rúnar Þröstur Árnason, Garðavík 5, Borgarnesi, greiði stefnda Sigurjóni Sigurðssyni, Þinghólsbraut 6, Kópavogi, 50.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 29. mars 1993.

Nr. 107/1993. **Hafsteinn Sigurjónsson**

gegn

skilanefnd Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf.

Kærumál. Nauðungarsala. Verðtrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. febrúar 1993, er barst réttinum 8. mars 1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1993 verði hrundið og synjað verði beiðni varnaraðila um nauðungarsölu íbúðar á 4. hæð í fasteigninni nr. 114 við Hverfisgötu í Reykjavík. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og kærumálskostnaðar.

Með veðskuldabréfi því, sem um er deilt í máli þessu, viðurkenndi útgefandi, Ból hf., að skulda Verðbréfasjóði Ávöxtunar hf. 1.200.000 krónur, sem hann lofaði að endurgreiða með 60 jöfnum mánaðarlegum greiðslum afborgana og vaxta, hverri að fjárhæð 25.202 krónur miðað við lánskjaravísitöluna 2154. Í bréfinu var þess ekki getið, frá hvaða tíma sú vísitala væri eða hvers vegna hún væri tilgreind fremur en önnur. Bréfið var innfært til þinglýsingar 27. október 1989.

Í máli þessu hafa aðilar ekki lagt fram önnur gögn um það en veðskuldabréfið sjálft, hvenær hin viðurkennda skuld varð til, en fram er þó komið, að stofnun hennar hafi verið tengd viðskiptum útgefanda um fasteign þá, sem sett var að veði fyrir skuldinni.

Eins og um er getið í hinum kærða úrskurði, lagði uppboðshaldari til grundvallar við úthlutun uppboðsandvirðis vegna íbúðar á þriðju hæð að Hverfisgötu 114 vísitölu þá, er veðskuldabréfið bar með sér. Frumvarpi hans var ekki mótmælt af uppboðsþolanum, Bóli hf., sem var útgefandi bréfsins, en bréfið virðist samið á vegum félagsins. Ból hf. var eigandi beggja íbúðanna, sem veðsettar voru

með bréfinu, en hafði selt íbúðina á fjórðu hæð til sóknaraðila, án þess að veðskuldinni væri aflétt. Sóknaraðili dregur þannig rétt sinn frá útgefanda bréfsins og verður, eins og mál þetta er vaxið, að vera bundinn við gerðir hans. Hinn kærði úrskurður er þegar af þeim ástæðum staðfestur að niðurstöðu til.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hin kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Hafsteinn Sigurjónsson, greiði varnaraðila, skilanefnd Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. janúar sl., var þingfest í uppboðsrétti Reykjavíkur 16. júní sl.

Sóknaraðili er Hafsteinn Sigurjónsson, Hafnarbraut 2, 780 Höfn, Hornafirði.

Varnaraðili er skilanefnd Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., Suðurlandsbraut 32, Reykjavík, kt. 581286-2289.

Krafa sóknaraðila er sú, að synjað verði um nauðungarsölu á fasteigninni Hverfisgötu 114, Reykjavík, íbúð á 4. hæð, merktri 0401. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að umbeðin nauðungarsala nái fram að ganga. Þá er gerð krafa um, að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Jafnframt er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

II.

Með uppboðsbeini, dagsettri 19. mars 1992, krafðist varnaraðili uppboðs á fasteigninni Hverfisgötu 114, Reykjavík, íbúð á 4. hæð, merktri 0401, nú þinglýstri eign sóknaraðila, Hafsteins Sigurjónssonar. Uppboðsheimildin var veðskuldabréf, út gefið af Bóli hf. 6. september 1989, til Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., þar sem fasteignirnar Hverfisgata 114, þriggja herbergja íbúð á 3. hæð, og Hverfisgata 114, tveggja herbergja íbúð á 4. hæð, í Reykjavík voru veðsettar til tryggingar skuld við sjóðinn.

Fjárhæð skuldabréfsins var 1.200.000 kr., sem endurgreiða skyldi með 60 jöfnum mánaðarlegum afborgunum, og var fjárhæðin tryggð með lánskjaravísitölu, er miðaðist við 2154 stig. Ekkert var greitt af bréfinu, og var því skuldin gjaldfelld samkvæmt heimild í bréfinu.

Vegna gjaldþrots Ávöxtunar sf., sem annaðist rekstur Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., var stofnuð sérstök skilanefnd, sem annaðist alla umsýslu fyrir hönd verðbréfasjóðsins. Hóf hún innheimtu á ofangreindu skuldabréfi vegna vanskila Bóls hf., og var í því skyni eignin Hverfisgata 114, 0401, Reykjavík, seld á uppboði. Samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð uppboðsandvirðis eignarinnar, dags. 21. febrúar 1992, fékk varnaraðili úthlutað 2.366.419 kr.

Hinn 16. mars 1992 fékk varnaraðili greitt frá uppboðshaldaranum í Reykjavík 2.413.672 kr. af uppboðsandvirði þeirrar eignar. Skýrist mismunur greiðslunnar og þeirrar fjárhæðar, sem úthlutað var skv. frumvarpinu, af vöxtum, sem féllu á þá upphæð til greiðsludags.

Varnaraðili telur, að enn vanti 392.982 kr. til þess, að skuld skv. skuldabréfi þessu sé uppgreidd. Þar sem skuldin hafi ekki fengist greidd að fullu af uppboðsandvirðinu, hafi varnaraðili sent uppboðsbeiðni með kröfum um, að fasteignin Hverfisgata 114, merkt 0401, yrði seld á uppboði til lúkningar kröfum hans.

Með bréfi, dags 15. maí 1992, mótmælti Hafsteinn Sigurjónsson uppboðsbeiðni þessari. Mótmæli þessi voru tekin fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur 16. júní 1992, þar sem ákveðið var að reka um ágreininginn sérstakt uppboðsréttarmál, þar sem Hafsteinn Sigurjónsson væri sóknaraðili, en skilanefnd Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf. varnaraðili.

Mál þetta fluttist til Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júlí sl.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því, að krafa varnaraðila sé greidd, þar sem veðskuldabréfið hafi einnig verið veðtryggt í 3. hæð Hverfisgötu 114, og hafi skuldin skv. bréfinu greiðst að fullu, þegar sú hæð var seld á nauðungarsölu. Sóknaraðili telur, að miða verði við verðtryggingarákvæði skuldabréfsins og vaxtaákvæði þess, þegar krafan skv. bréfinu var reiknuð út. Varðandi verðtryggingarákvæðið verði að miða við þá vísitölu, sem í gildi hafi verið, þegar veðskuldabréfið var út gefið. Ef það sé gert, sé skuld samkvæmt veðskuldabréfi þessu að fullu greidd.

Af hálfu varnaraðila er við það miðað, að ótvírætt sé, að varnaraðili hafi ekki fengið skuldina að fullu greidda.

Ágreiningur aðila snúist einvörðungu um það, hvort heimilt hafi verið að setja inn í skuldabréfið lægri vísitölu en gilti, þegar bréfið var gefið út. Vísitala bréfsins, 2154 stig, hafi verið vísitala júlímánaðar 1988, en þegar veðskuldabréfið var gefið út í september 1989, hafi lánskjaravísitala verið 2584 stig.

Í 4. tölulið 1. mgr. 39. gr. laga nr. 19/1979 segi, að grundvöllur verðtrygginga sé, að miða verði við opinbera skráða vísitölu eða vísitölu eins og hún sé reiknuð á hverjum tíma. Í 2. mgr. 39. gr. sömu laga sé kveðið á um það, að Seðlabanki Íslands skuli birta vísitölu, sem heimilt sé að miða verðtryggingu við. Engin ákvæði greinarinnar gera það að gildisskilyrði verðtryggingar, að grunnvísitala skuli vera lánskjaravísitala sú, sem í gildi hafi verið, þegar lán sé veitt. Jafnframt verði að telja mjög vafasamt, að miða eigi við útgáfu skjals um það, hvenær lán hafi verið veitt. Ekki séu bein ákvæði í lögum nr. 13/1979 né öðrum lögum, þar sem gert sé skylt að miða við lánskjaravísitölu þess mánaðar, sem lánið hafi verið veitt. Þar af leiði, að auglýsing Seðlabanka Íslands frá 5. apríl 1982, sbr. breytingu á þeirri auglýsingu, dags. 15. apríl 1983, verði ekki lögð til grundvallar hér, þar sem lagaskilyrði skorti.

Þá hafi sóknaraðila ekki verið gefnar upplýsingar um, hvenær lánið hafi raunverulega verið veitt Bóli hf. Útgáfudagur á veðskuldabréfinu feli ekki í sér sönnun á greiðslu láns til sóknaraðila, og megi því leggja til grundvallar. að lánveitingin hafi í raun farið fram í júlí 1988. Meginregla sé, að menn hafi frelsi til að gera samninga á þann hátt, sem þeir vilja, og jafnframt, að orð skuli standa. Ból hf. og Verðbréfasjóður Ávöxtunar hf. hafi gert samning um ákveðnar greiðslur skv. skuldabréfinu. Ef sóknaraðili telji samninginn ógildan á einhvern hátt, beri honum að sanna þá fullyrðingu, en ella verði að framkvæma hann skv. efni hans.

III.

Niðurstaða.

Sóknaraðili hefur lagt fram í málinu útreikning á kröfu samkvæmt umdeildu veðskuldabréfi ásamt vöxtum og kostnaði miðað við 21. febrúar 1992, er úthlutun uppboðsverðs hl. Hverfisgötu 114, þriðju hæðar, fór fram. Samkvæmt þeim útreikningum nam krafan 2.327.641,85 krónum.

Úthlutun uppboðshaldara til varnaraðila samkvæmt því frumvarpi nam samtals 2.366.419 kr., en uppboðshaldari lagði til grundvallar við úthlutun vísitölu þá, er veðskuldabréfið bar með sér.

Frumvarpi þessu var ekki mótmælt af uppboðsþola, Bóli hf. Ból hf. var einnig eigandi íbúðar þeirrar, sem deilt er um nauðungarsölu á í þessu máli. Félagið hefur hins vegar nú selt hana sóknaraðila. Þykir hann eiga rétt til að fá úr því skorið, hvort krafa samkvæmt uppboðsheimild varnaraðila sé að fullu greidd.

Í máli þessu er óumdeilt, að höfuðstóll skuldar skv. uppboðsheimild varnaraðila er ekki bundinn með grunnvísitölu þess mánaðar, er í gildi var, þegar veðskuldabréfið var gefið út 6. september 1989.

Af hálfu sóknaraðila er þetta talið brot á auglýsingu Seðlabanka Íslands

frá 5. apríl 1982, sbr. breytingu á þeirri auglýsingu, dags. 15. apríl 1983. Í auglýsingu þessari segir m. a. í 2. kafla um útlán, f-lið, að grunnvísitala skuli vera sú lánskjaravísitala, sem í gildi sé, þegar lánið er veitt.

Skv. 36. gr. laga nr. 13/1979 er Seðlabanka Íslands ætlað það hlutverk að hafa umsjón með framkvæmd verðtryggingar skv. VII. kafla laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í greinargerð fyrir þeim kafla kemur fram, að þau lánskjör, sem þannig yrðu ákveðin fyrir innlánsstofnanir, yrði einnig heimilt að nota í öðrum sambærilegum viðskiptum aðila utan bankakerfisins, enda yrðu þau viðskipti háð þeim reglum, sem Seðlabankinn setti um þau efni.

Í 39. gr. laga nr. 13/1979 er fjallað um skilyrði verðtryggingar skv. lögunum. Þar segir m. a., að við beitingu verðtryggingar skuli miðað við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur, eins og þær séu reiknaðar á hverjum tíma.

Í 2. mgr. 39. gr. er kveðið á um, að Seðlabankinn skuli birta vísitölu, sem heimilt sé að miða verðtryggingu við, ásamt vaxtakjörum. Ekki er að finna meðal gildisskilyrða verðtryggingar skv. greininni, að grunnvísitala skuli vera lánskjaravísitala sú, er í gildi sé, þegar lánið er veitt.

Þar sem bein ákvæði er ekki að finna í lögum nr. 13/1979 né öðrum lagaheimildum, verður að telja, að lagaskilyrði skorti til, að áður tilgreind auglýsing Seðlabanka Íslands valdi því, að ógilda skuli að hluta eða öllu viðmiðun verðtryggingar á skuldabréfi varnaraðila.

Að öðru leyti fullnægir umdeilt veðskuldabréf áskilnaði 39. gr. laga nr. 13/1979 um verðtryggingu þess.

Varnaraðili fékk ekki greidda að fullu kröfu sína af uppboðsandvirði fasteignarinnar Hverfisgötu 114, þriðju hæðar. Samkvæmt framansögðu og þar sem að öðru leyti er ekki deilt um fjárhæðir í máli þessu, skal umbeðin nauðungarsala á fasteigninni Hverfisgötu 114, Reykjavík, íbúð á fjórðu hæð, íbúð 0401, fara fram.

Sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem telst hæfilegur 60.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Hafsteins Sigurjónssonar, í máli þessu er hafnað. Umbeðin nauðungarsala á fasteigninni Hverfisgötu 114, Reykjavík, íbúð 0401, skal fara fram.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, skilanefnd Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., 60.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Mánudaginn 29. mars 1993.

Nr. 108/1993. **Helga Pálmadóttir**

gegn

Skafta Fanndal Jónassyni.

Kærumál. Fjárskipti. Óvígð sambúð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. febrúar 1993, sem barst Hæstarétti 9. mars. Hún gerir þær kröfur, „að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi eða héraðsdómur verði ómerktur". Til vara krefst hún sýknu af kröfum varnaraðila. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Sóknaraðili styður frávísunarkröfu sína þeim rökum, að fara hefði átt eftir ákvæðum 101. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., áður en heimild var veitt til opinberra skipta í máli þessu. Ekki hefði verið heimild til að skipa skiptastjóra í búið hinn 22. júní 1992 frá og með 1. júlí sama ár, sbr. 3. mgr. 148. gr. laga nr. 20/1991, þar sem opinber skipti hefðu ekki staðið yfir til fjárslita milli aðila, sbr. 2. mgr. 152. gr. laganna. Samkvæmt endurriti úr skiptabók Hafnarfjarðar 7. nóvember 1991 er bókað, að bú aðila sé tekið til skipta með vísan til 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Frávísunarkrafa sóknaraðila á því ekki við rök að styðjast.

Ómerkingarkröfu sína styður sóknaraðili þeim rökum, að krafa varnaraðila um helmingshlutdeild geti varla verið í samræmi við lög nr. 20/1991, því að einungis sé hægt að krefjast skipta á grundvelli ákveðinnar fjárkröfu, sem skiptastjóri taki síðan afstöðu til, ef skipti fari fram. Skýra verður kröfu varnaraðila á þann veg, að hann krefjist viðurkenningar á framlagi sínu til eignarmyndunar á sambúðartíma aðila, að því er varðar íbúð sóknaraðila að Bröttukinn 5, Hafnarfirði, og að kveðið verði á um eignarhlutfall hans í íbúðinni. Slík kröfugerð telst heimil, en málsástæður þær, sem

færðar eru fram um ómerkingu, hefðu leitt til frávísunar málsins frá héraði, ef þær hefðu verið teknar til greina.

II.

Ekki verður fallist á það með sóknaraðila, að samningur um eignaskipti hafi komist á milli aðila við samvistaslit þeirra. Varnaraðili krafðist fjárslita fljótlega eftir samvistaslit og reyndi að ná samkomulagi við sóknaraðila, áður en málið fór í opinber skipti.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, stóð sambúð aðila stuttan tíma, frá febrúar 1988 til nóvember 1990. Eignuðust þau eitt barn, fætt 1989. Íbúðin að Bröttukinn 5, Hafnarfirði, var keypt við upphaf sambúðar aðila í þágu þeirra beggja. Fram er komið, að bæði lögðu fé til kaupa á íbúðinni, en sóknaraðili lagði þó meira fé til útborgunar, 450.375 krónur af sparifé sínu og orlofsfé, en varnaraðili greiddi 400.000 krónur með skuldabréfum, út gefnum af þriðja aðila. Bæði tóku lán til íbúðarkaupanna, en þau unnu bæði fyrir launum utan heimilis. Fjármálaleg samstaða var með aðilum á sambúðartímanum. Sóknaraðili heldur því fram, að hún hafi ein fjármagnað greiðslur lána á íbúðinni. Samkvæmt skattframtölum hafði varnaraðili mun meiri laun en sóknaraðili, og þykir hún ekki hafa sýnt fram á, að hún hafi í raun fjármagnað greiðslur lánanna á sambúðartímanum. Ljóst er, að fé beggja hefur farið í kaup á íbúðinni, þótt ekki verði séð með vissu, hversu mikið hvort um sig lagði fram. Verður því að telja, að íbúðin hafi orðið sameign þeirra, þótt þinglýst væri á nafn sóknaraðila. Ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar um jafna eignarhlutdeild aðila í íbúðinni.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Það athugast, að frávísunar- og ómerkingarkrafa áfrýjanda fyrir Hæstarétti var með öllu þarflaus og kom fyrst fram í greinargerð í stað kæru.

Dómsorð:

Við fjárskipti vegna sambúðarslita sóknaraðila, Helgu Pálmadóttur, og varnaraðila, Skafta Fanndals Jónassonar, skal við það miða, að andvirði risíbúðar að Bröttukinn 5, Hafnarfirði, skiptist milli aðila að jöfnu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála öðrum dómendum að öllu leyti um annað en sjálf eignarhlutföllin í hinni umdeildu íbúð, er við beri að miða í skiptum málsaðila. Leggja verður til grundvallar, að þau hafi fest kaup á íbúðinni án þess að hafa ákveðið til hlítar, hver hlutföllin yrðu. Við kaupin gat sóknaraðili hér fyrir dómi lagt fram reiðufé vegna skyldusparnaðar og orlofsfjár, sem hún átti inni, en varnaraðili lagði fram skuldabréf, sem hann hafði eignast í bifreiðaviðskiptum. Námu framlög þessi hálfu kaupverði íbúðarinnar á móti áhvílandi lánum, sem málsaðilar tóku að sér. Umræddum skuldabréfum hefur ekki verið lýst í málinu, þannig að unnt sé að meta markaðsverð þeirra, en ætla verður samkvæmt fram komnum gögnum, að það hafi verið minna en nafnverðið, sem tilgreint var í kaupsamningi. Á framlögunum var því töluverður munur, og hefur staðgreiðslan frá sóknaraðila líklega ráðið úrslitum um, að íbúðarkaupin tókust. Hefur varnaraðili ekki sýnt fram á, að þessi munur hafi jafnast á sambúðartímanum, sem varð ekki langur. Með tilliti til þessa og annarra atvika er það niðurstaða mín, að í skiptunum eigi að miða við, að eignarhlutdeild sóknaraðila í íbúðinni nemi 60 hundraðshlutum, en varnaraðila 40 hundraðshlutum.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 10. febrúar 1993.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 22. janúar sl.

Sóknaraðili er Skafti Fanndal Jónasson, kt. 140564-2579, Reykási 43, Reykjavík.

Varnaraðili er Helga Pálmadóttir, kt. 160564-4319, Bröttukinn 5, Hafnarfirði.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að hann og varnaraðili eigi til helminga í óskiptri sameign risíbúð að Bröttukinn 5, Hafnarfirði, ásamt því, sem eigninni fylgir og fylgja ber. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaður beri dráttarvexti.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hún verði alsýknuð af öllum kröfum sóknaraðila og að í báðum tilvikum verði sér úrskurðaður málskostnaður.

Með úrskurði, upp kveðnum 23. nóvember 1992, var frávísunarkröfu varnaraðila hrundið.

Ágreiningsmál þetta sendi skiptastjóri búsins Héraðsdómi Reykjaness skv. 112. gr. laga nr. 20/1991, og barst dóminum bréf hans 2. október 1992.

I.

Aðilar máls þessa stofnuðu til sambúðar í febrúar 1988, en slitu sambúð 16. nóvember 1990. Þau áttu saman eitt barn, Evu Ósk, sem er fædd 21. september 1989.

Þau gerðu sameiginlegt kauptilboð í risíbúð að Bröttukinn 5, Hafnarfirði, 7. janúar 1988. Tilboðinu var tekið, og skv. kaupsamningi, dags. 31. janúar 1988, var kaupverðið 1.700.000 kr. Þau tóku við áhvílandi skuldum, að fjárhæð 849.625 kr., en afganginn, 850.375 kr., greiddu þau við undirskrift kaupsamnings. Varnaraðili greiddi af sparifé sínu og orlofsfé 450.375 kr., en sóknaraðili greiddi 400.000 kr. með fjórum skuldaréfum, út gefnum af þriðja aðila.

Í kaupsamningi var varnaraðili einn skráður kaupandi, og var það gert að sögn sóknaraðila með samkomulagi beggja aðila. Hann kvaðst hafa dvalist erlendis um tíma, áður en sambúð hófst, og hafi þá verið áætlaður á sig töluverður skattur. Þau hafi óttast, að freistað yrði lögtaks í íbúðinni, ef hann væri nafnskráður sem kaupandi.

Íbúðin var afhent 15. febrúar 1988, og hófu þau þá formlega sambúð.

Sóknaraðili kveður, að á sambúðartímanum hafi verið full fjármálaleg samstaða með aðilum og tekjur þeirra gengið til heimilisins og til að greiða af áhvílandi veðskuldum, auk þess sem íbúðin hafi verið verulega endurnýjuð. Hann hafi stundað sjómennsku hluta sambúðartímans, og hafi varnaraðili þá séð um öll fjármál þeirra. Hún hafi þá ráðstafað tekjum hans til greiðslu skulda og til heimilishalds. Á sambúðartímanum hafi tekjur sínar verið töluvert hærri en tekjur varnaraðila, en auk þess hafi hann stundað bílaviðskipti og haft af því nokkrar tekjur.

Eftir að sambúðarslitin urðu, hafi sóknaraðili gert kröfu til þess, að fjárskipti færu fram milli sín og varnaraðila á þeim grundvelli, að íbúðin að Bröttukinn 5, Hafnarfirði, væri eign þeirra að jöfnu. Varnaraðili hafi ekki ljáðs máls á því og borið því við, að hún ein væri skráð eigandi fasteignarinnar og ætti hana þar með.

Þrátt fyrir ítrekaðar samningaumleitanir í skiptarétti Hafnarfjarðar og fyrir skiptastjóra hafi hún verið ófáanleg til þess að ganga til samninga og reyndar verið mjög ósamvinnuþýð, þ. e. a. s., hún hafi ekki viljað leggja fram nokkur gögn til stuðnings þeirri skoðun sinni, að hún hafi ein fjármagnað íbúðarkaupin. Hann hafi verið til neyddur að láta kröfu sína ná framgangi fyrir atbeina dómstóla.

Varnaraðili heldur því fram, að hún ein hafi fjármagnað kaupin. Skulda-

bréf þau, sem sóknaraðili hafi greitt sinn hluta úborgunar með í íbúðinni, hafi farið í vanskil, og hafi varnaraðili ein greitt upp vanskilin. Auk þess hafi sóknaraðili verið skuldum vafinn, er þau hófu sambúð. Tekjur hans hafi ekki hrokkið til að greiða niður skuldir hans sjálfs. Því sé ljóst, að varnaraðili hafi ein fjármagnað kaupin.

II.

Sóknaraðili rökstyður mál sitt með því, að hann hafi með fram lögðum gögnum og yfirlýsingum sýnt nægilega fram á, að hann sé a. m. k. helmingseigandi umræddrar íbúðar. Í raun sé unnt að sýna fram á það með nægilegum rökum, að hann hafi lagt fram meira fé og vinnu til íbúðarinnar en varnaraðili, en af sanngirnisástæðum og til einföldunar geri hann einungis kröfu til þess, að viðurkenndur verði helmingseignarréttur sinn. Þótt ekki sé til að dreifa settum lagareglum um fjárskipti við sambúðarslit, hafi um það myndast nokkur föst dómvenja. Meginreglan sé sú, að við sambúðarslit haldi hvor aðili því, sem hann kom með í sambúðina, en eignaauki á sambúðartíma skiptist á milli aðila að jöfnu, nema annar hvor aðili sýni fram á, að eignaaukinn stafi algerlega eða að mestu frá honum. Aðilar máls þessa hafi keypt umrædda íbúð sannanlega í sameiningu. Þótt þannig hátti til, að íbúðin sé nafnskráð á varnaraðila, breyti sú nafnskráning ekki þeirri staðreynd, að eignin sé í sameign þeirra. Nafnskráningin sé gerð út á við vegna hagsmuna viðskiptalífsins, sbr. t. d. hér um nafnskráningu á eignum hjóna, þar sem annar makinn, oftast maðurinn, sé skráður fyrir öllum eignum, en það hafi engin áhrif á helmingaskipti við skilnað.

Frá sambúðarslitum hafi Helga ein haft afnot og arð fasteignarinnar, og hafi hún leigt íbúðina út í 11 mánuði fyrir 33.000 kr. á mánuði, samtals 363.000 kr. Væntanlega hafi þetta fé verið notað til þess að greiða af veðskuldum í þágu þeirra beggja.

Varnaraðili reisir kröfu sína á því, að sóknaraðili hafi sönnunarbyrði í máli þessu. Honum hafi borið að rökstyðja mál sitt tölulega. Engar meginreglur hafi skapast um fjárslit við sambúðarslit, þegar sambúð hafi staðið svo stutt yfir. Það sé einmitt við slíkar aðstæður, sem sá aðili, er á sig telur hallað, verði að sanna staðhæfingar sínar á ljósan og greinargóðan hátt. Í málflutningi byggði varnaraðili einnig á því, að þar sem íbúðin væri skrásett á varnaraðila, hefði sóknaraðili sönnunarbyrðina fyrir því, að hann hefði fjármagnað kaupin. Sú sönnun hafi ekki tekist.

III.

Ósönnuð þykir sú staðhæfing varnaraðila, að skuldabréf þau, er sóknaraðili lagði til við kaupin á umræddri íbúð, hafi farið í vanskil og hún þurft

að greiða þau upp. Þá er einnig ósannað, að sóknaraðili hafi verið skuldum vafinn, er sambúð hófst.

Engar settar lagareglur eru um skipti, er slit verða á óvígðri sambúð. Litið er á sambúðarfólk sem tvo sjálfstæða einstaklinga, og um fjármál þeirra fer eftir almennum reglum fjármunaréttarins. Við skipti til fjárslita milli sambúðarfólks verður m. a. að taka tillit til lengdar sambúðar, fjárhagslegrar samstöðu aðila, sameiginlegra nota af eigninni og til tekna aðila.

Ágreiningur aðila tekur eingöngu til þess, hver skuli vera eignarhluti þeirra hvors um sig í risíbúð að Bröttukinn 5, Hafnarfirði. Fasteign þessi var keypt við upphaf sambúðar í þágu þeirra beggja. Sannað þykir, að útborgun í íbúðinni skiptist svo til jafnt á milli þeirra. Eftir að sambúð hófst, var með aðilum full fjármálaleg samstaða. Þau öfluðu bæði tekna með vinnu utan heimilis, og vou tekjur sóknaraðila töluvert hærri. Tekjum beggja ráðstöfuðu þau sameiginlega til afborgunar af íbúðinni og til heimilishalds. Ekki verður því séð með vissu, hversu mikið hvort um sig lagði fram. Verður því að telja, að íbúðin hafi orðið sameign þeirra, þó að hún hafi verið skráð á nafn varnaraðila. Þegar þess er gætt, sem nú er rakið, og höfð hliðsjón af tekjum aðila, þykir mega við það miða, að eignarhlutdeild aðila í hinni umdeildu eign sé jöfn.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila 60.000 kr. í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Viðurkennt er, að sóknaraðili, Skafti Fanndal Jónasson, eigi að jöfnu við varnaraðila, Helgu Pálmadóttur, risíbúð að Bröttukinn 5, Hafnarfirði, ásamt því, sem eigninni fylgir og fylgja ber.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 60.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 29. mars 1993.

Nr. 125/1993. **Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.**
gegn
dómsmálaráðherra.

Kærumál. Gjafsókn. Virðisaukaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. mars 1993. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. sama mánaðar. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðila gert að greiða kærumálskostnað. Verði ekki fallist á að synja frávísunar málsins, er þess krafist, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar, til vara, að kærumálskostnaður falli niður.

Efnislegur ágreiningur máls þessa er fólginn í því, hvort 24,5% virðisaukaskattur sé innifalinn í þóknun, er bæjarþing Akureyrar dæmdi áfrýjanda sem skipuðum talsmanni stefnanda í bæjarþingsmálinu: Ingibjörg Auðunsdóttir og Guðmundur Svavarsson f. h. ólögráða sonar þeirra, Karls, gegn Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, en með leyfi dómsmálaráðuneytisins 6. desember 1990 var þeim veitt gjafsókn í undirrétti í máli þessu. Við rekstur málsins bar þeim samkvæmt leyfinu að gera kröfu til þess, að málskostnaður yrði dæmdur gjafsóknarhafa, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Orðalag gjafsóknarleyfisins og eðli þess verður að skilja með þeim hætti, að gjafsóknarhafa hafi í málinu borið að gæta hagsmuna ríkisins sem gjafsóknarveitanda gagnvart gagnaðila. Dómsorðið hljóðaði um greiðslu úr ríkissjóði til talsmanns gjafsóknarhafa, sbr. 3. tl. 173. gr. þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði. Verður við það að miða, að sá hluti þess sé aðfararhæfur sem annað, er í dómsorðinu greinir. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð um annað en málskostnað, sem rétt er, að falli niður.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður um annað en málskostnað, sem fellur niður.

Sóknaraðili, Jón Steinar Gunnlaugsson, greiði varnaraðila, dómsmálaráðherra, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um fram komna frávísunarkröfu stefnda 3. febrúar sl., hefur Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, kt. 270947-4179, Skólavörðustíg 12, Reykjavík, höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, út gefinni 30. ágúst 1992, á hendur íslenska ríkinu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 264.600 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 4. maí 1992 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins. Til þrautavara krefst stefndi þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Við munnlegan málflutning um aðalkröfu stefnda krafðist stefnandi þess, að kröfu stefnda um frávísun málsins yrði hafnað og að ákvörðun málskostnaðar biði endanlegs dóms í máli þessu.

II.

Atvik máls þessa eru þau, að með bréfi, dagsettu 6. desember 1990, veitti dómsmálaráðherra hjónunum Ingibjörgu Auðunsdóttur og Guðmundi Svavarssyni, Eikarlundi 4, Akureyri, persónulega og vegna sonar þeirra, Karls, gjafsókn fyrir undirrétti í máli þeirra gegn Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Stefnandi, Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, var skipaður til að flytja málið fyrir gjafsóknarhafa.

Dómur var kveðinn upp í málinu 31. mars 1992. Í forsendum dómsins segir svo um gjafsóknarkostnaðinn: „Gjafsóknarkostnaður stefnenda, 1.200.000 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar af 1.080.000 kr. þóknun til skipaðs talsmanns stefnenda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.“ Í dómsorði segir eftirfarandi um gjaf-

sóknarkostnað: „Gjafsóknarkostnaður stefnenda, 1.200.000 kr., þar af 1.080.000 kr. í þóknun til talsmanns stefnenda, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði."

Stefnandi sendi dómsmálaráðuneytinu reikning sinn, dagsettan 4. apríl 1992, þar sem 24,5% virðisaukaskatti, að fjárhæð 264.600 kr., var bætt við hina dæmdu þóknun. Stefndi greiddi reikningsfjárhæðina 30. apríl 1992 að virðisaukaskattinum undanskildum. Með bréfi, dagsettu 4. maí 1992, andmælti stefnandi þessari afgreiðslu ráðuneytisins og kvaðst leita atbeina dómstóla, ef fjárhæðin 264.600 kr. yrði ekki greidd fyrir 15. maí 1992. Jafnframt áskildi stefnandi sér dráttarvexti af fjárhæðinni frá 4. maí 1992.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að af forsendum áðurgreinds dóms bæjarþings Akureyrar sé ljóst, að í tildæmdri þóknun talsmanns gjafsóknarhafa, að fjárhæð 1.080.000 kr., sé innifalinn virðisaukaskattur, þar sem berum orðum komi fram, að við ákvörðun þóknunarinnar hafi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Snýst hinn efnislegi ágreiningur máls þessa um ofangreint, þ. e., hvort talið verði, að 24,5% virðisaukaskattur sé innifalinn í hinni tildæmdu þóknun stefnanda eða ekki.

— — —

IV.

Hinn umdeildi dómur bæjarþings Akureyrar var kveðinn upp í gildistíð laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sem felld voru úr gildi með 1. nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt 2. mgr. 171. gr. eldri laga veitti dómsmálaráðuneytið gjafsókn. Gjafsóknarhafi fékk meðal annars þau hlunnindi, að honum var skipaður talsmaður, og greiddi ríkissjóður talsmanninum ferðakostnað og þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri stóð, sem gjafsóknin náði til, sbr. 3. tl. 173. gr. sömu laga. Samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum fól dómsmálaráðuneytið tilteknum lögmanni flutning málsins og skuldbatt sig til að greiða honum málflutningsþóknun samkvæmt ákvörðun dómara.

Dómafordæmi sýna, að ákvörðun héraðsdóms um málflutningsþóknun talsmanns gjafsóknarhafa er endurskoðuð í Hæstarétti, hafi málinu verið áfrýjað í heild sinni og gjafsókn einnig veitt í Hæstarétti. Slík ákvörðun sætir endurskoðun, þótt henni hafi ekki verið áfrýjað sérstaklega, hvorki af hálfu ríkissjóðs né viðkomandi lögmanns og hvort sem ríkissjóður hefur verið aðili málsins í héraði eða ekki. Slík ákvörðun héraðsdóms er hins vegar ekki endurskoðuð við áfrýjun, hafi gjafsókn ekki verið veitt í Hæstarétti, sbr. hæstaréttardóm í umræddu máli, sem gekk 10. desember 1992.

Svo sem fram hefur komið, gerðist ríkissjóður meðalgönguaðili í svokölluðu „Ásgarðsmáli" í Hæstarétti og stefndi talsmönnum gjafsóknarhafa

persónulega með kröfu um lækkun tildæmdra málflutningslauna þeirra samkvæmt héraðsdómi, sbr. dómasafn Hæstaréttar frá 1984, bls. 906. Samkvæmt hæstaréttardómi frá 1971, Hrd., bls. 703, gerðist ríkissjóður og meðalgönguaðili í máli í Hæstarétti og stefndi lögmönnum gjafsóknarhafa með sömu kröfu og í dómi Hæstaréttar frá 1984, Hrd., bls. 906. Í hvorugu þessara mála var ríkissjóður aðili málsins í héraði.

Hafi ríkissjóður hins vegar verið aðili að málinu í héraði, má af dómaframkvæmd ráða, að við áfrýjun málsins til Hæstaréttar beini ríkissjóður kröfu sinni um lækkun tildæmdra málflutningslauna talsmanna gjafsóknarhafa í héraði að lögmönnunum persónulega í Hæstarétti, sbr. Hæstaréttardóma frá 1979, bls. 667, 1979, bls. 1313, 1981, bls. 1584, og 1983, bls. 474.

Þá eru dæmi þess, að skipaður talsmaður gjafsóknarhafa hafi í Hæstarétti persónulega gert kröfu til söluskatts á málflutningslaun sín, sbr. hæstaréttardóm frá 1989, Hrd., bls. 131.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 1979, Hrd., bls. 667, stefndi ríkissjóður talsmönnum gjafsóknarhafa persónulega fyrir Hæstarétt með kröfu um lækkun á tildæmdri málfutningsþóknun í héraði. Í dóminum segir á bls. 668 í tilefni af mótmælum lögmannanna gegn sameiningu málsins og annarra áfrýjunarmála um sakarefnið: „Hér er fjallað um ákvæði héraðsdóms um kostnað af máli, sem bera má undir Hæstarétt, þar sem efnisþáttum aðalmálsins hefur verið áfrýjað, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 75/1973 ber að sameina málið öðrum áfrýjunarmálum um sakarefni þetta.“ Í 1. mgr. 19. gr. 1. nr. 75/1973, en ákvæðið var fellt niður með 1. nr. 91/1991, sagði: „Rétt er, að máli sé áfrýjað af hendi beggja eða allra aðila, en áfrýjunarmálin ber að sameina og flytja í einu lagi fyrir Hæstarétti.“

Samkvæmt framansögðu, sbr. og áður tilvitnuð ummæli í dómi Hæstaréttar frá 1984, bls. 906, þykir ljóst, að hafi gjafsókn verið veitt í máli, verði lögmaður sá, sem skipaður er til að flytja málið, og ríkissjóður aðilar að þeim þætti viðkomandi máls, sem snýr að ákvörðun málflutningslaunanna.

Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. 1. nr. 91/1991 um meðferð einkamála er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur, sem eru dæmdar þar að efni til. Með dómi bæjarþings Akureyrar 31. mars 1992 voru stefnanda máls þess ákvörðuð laun, er skyldi greiða úr ríkissjóði, fyrir málflutning sinn sem skipuðum talsmanni stefnenda, sem veitt hafði verið gjafsókn í héraði. Er sú efnislega ákvörðun dómsins samkvæmt framansögðu bindandi fyrir aðila máls þessa og verður samkvæmt 2. mgr. 116. gr. 1. nr. 91/1991 ekki borin undir sama eða hliðsettan dómstól að nýju. Ber samkvæmt nefndu ákvæði að vísa nýju máli um slíka kröfu frá dómi.

Af framansögðu ber að fallast á kröfu stefnda um, að máli þessu verði vísað frá dómi. Í samræmi við 2. mgr. 130. gr. 1. nr. 91/1991 ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000 kr.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi

Stefnandi, Jón Steinar Gunnlaugsson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 25.000 kr. í málskostnað.

Þriðjudaginn 30. mars 1993.

Nr. 118/1993. **Róbert Mellk**

gegn

Sigríði Þorsteinsdóttur.

Kærumál. Innsetning. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. febrúar 1993, sem barst réttinum 11. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar sl., þar sem kröfu sóknaraðila um innsetningu í umráð ákveðinna lausafjármuna er hafnað. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að umbeðin aðfarargerð nái fram að ganga, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hefur ekki verið skilað greinargerð fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að varnaraðili hafi ekki öðlast rétt til að halda eignum sóknaraðila í sínum vörslum, þótt þau hafi haldið sameiginlegt heimili um skamman tíma. Sóknaraðili gat því samkvæmt 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 beint því til héraðsdómara að fá vörslur þeirra með aðfarargerð. Átti héraðsdómari þá að fara með beiðnina að fyrirmælum 13. kafla sömu laga. Þar sem varnir komu fram af hálfu varnaraðila, bar honum að veita aðilum stuttan frest til greinargerðar. Einnig bar honum samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 84. gr. laga nr. 90/1989, að kosta kapps um, að yfirlýsingar varnaraðila varðandi eignarhald munanna yrðu sem gleggstar, en á það skortir mjög. Þar sem héraðsdómari gætti þessa ekki, ber að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 3. febrúar 1993, var tekið til úrskurðar 11. sama mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Róbert Mellk, kt. 250848-8119, Hringbraut 115, Reykjavík, en gerðarþoli Sigríður Þorsteinsdóttir, kt. 240949-2619, Kaplaskjólsvegi 69, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að eftirtaldir lausafjármunir verði með beinni aðfarargerð teknir úr vörslum gerðarþola, „þar sem þeir eru á heimili hans að Kaplaskjólsvegi 69, Reykjavík," og fengnir sér:

— — —

Gerðarbeiðandi krefst málskostnaðar úr hendi gerðarþola, sem taki mið af gjaldskrá LMFÍ og reglum um virðisaukaskatt.

Gerðarþoli gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. að úrskurðað verði, að umbeðin gerð nái ekki fram að ganga,
2. að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað, er taki mið af gjaldskrá LMFÍ. Þá er þess krafist, að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. ákv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og á málskostnaðarfjárhæðina falli virðisaukaskattur.

II.

Málavextir.

Aðilar héldu um nokkurn tíma á árinu 1992 sameiginlegt heimili. Svo virðist sem gerðarbeiðandi hafi skilið eftir hjá gerðarþola sumar eigur sínar, þegar sambúð þeirra lauk. Ágreiningur er um, hvort gerðarþola sé skylt að afhenda gerðarbeiðanda þessa muni, og jafnframt, hverjir þeir séu.

III.

Gerðarþoli heldur því fram, að ekki séu allir þeir munir, sem gerðarbeiðandi krefst afhendingar á, í vörslum gerðarþola, þ. e. gerðarþoli kannast ekki við þá alla, en „ aðra telur gerðarþoli sína eign, suma sameiginlega eign þeirra og aðra ef til vill eign gerðarbeiðanda". Þá er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að hér sé um að ræða muni að einhverju leyti, sem verið hafi á sameiginlegu heimili aðila og þeim báðum til afnota, meðan sambúð varaði, og því sé ekki um augljósan rétt gerðarbeiðanda að ræða til að fá þá afhenta með beinni aðfarargerð.

Þá telur gerðarþoli kröfu gerðarbeiðanda ekki úrskurðarhæfa og andstæða ákvæðum 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, þar sem hún sé ekki studd neinum sýnilegum gögnum, heldur aðeins fullyrðingum gerðarbeiðanda um, að hann eigi þá muni, sem hann krefst, að gerðarþoli afhendi sér.

Af hálfu gerðarþola er einnig haldið fram, að um gagnkröfur sé að ræða á hendur gerðarbeiðanda, málið ætti allt að skoðast í heild, og ekki ætti að taka eina sér fyrir kröfu gerðarbeiðanda um afhendingu einstakra muna, sem hugsanlega kynnu að vera í vörslum gerðarþola, meðan annað varðandi fjárskipti þeirra sé ófrágengið.

Gerðarbeiðandi heldur fram, að réttur sinn til að fá framangreindar eignir afhentar sér með beinni aðfarargerð sé ótvíræður, enda sé hér um persónulegar eignir sínar að ræða, sem gerðarþoli eigi ekkert tilkall til, þótt gerðarþoli þessa máls hafi haldið heimili með sér nokkra mánuði á síðasta ári. Ekki verði ætlast til, að hann framvísi skriflegum skilríkjum um þessa muni, því að að svo miklu leyti sem slíkir pappírar séu til, sé þá að finna meðal eigna sinna í vörslum gerðarþola.

Þá er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að með því að gerðarþoli hafi ekki svarað skilmerkilega, heldur færst undan þeirri spurningu sinni við þingfestingu málsins, hvort gerðarbeiðandi væri sannarlega ekki eigandi umkrafinna muna í vörslum gerðarþola, hafi gerðarþoli viðurkennt rétt sinn að nokkru leyti, enda hafi gerðarþoli játað, að hluti umkrafinna muna væri eign gerðarbeiðanda, án þess að vilja skilgreina þá nánar.

Að síðustu heldur gerðarbeiðandi því fram, að brýnni þörf sín til að fá persónulegar eigur sínar afhentar fram yfir hugsanlegan haldsrétt gerðarþola eigi nokkru að ráða um framgang innsetningargerðar.

IV.

Gerðarþoli hefur ekki öðlast rétt til að halda eigum gerðarbeiðanda í sínum vörslum, þótt aðilar hafi haft um tíma sameiginlegt heimili og gerðarþoli á þeim tíma haft einhver afnot af eigum gerðarbeiðanda. Á hinn bóginn er ekki ljóst af skriflegum gögnum málsins, hverjar þessar eignir eru án nokkurs vafa, og er aðfararbeiðnin sjálf ekki heldur nægilega skýrt orðuð að þessu leyti. Því verður ekki að svo komnu, án þess að skýr viðurkenning liggi fyrir frá gerðarþola, hvaða eignir það eru nákvæmlega, sem gerðarþoli hefur undir höndum, af þeim, sem gerðarbeiðandi á, komið við beinni aðfarargerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Umkrafin aðfarargerð nær ekki fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 8/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Benjamín Þór Þorgrímssyni
(Sigurður Georgsson hrl.) **og**
Rúnari Hallgrímssyni
(Örn Clausen hrl.).

Nauðgun. Skaðabætur. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. desember 1992 að ósk ákærðu, sem krefjast sýknu. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á refsingu og greiðslu skaðabóta.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti gerði ríkissaksóknari þá kröfu, að atferli ákærðu yrði fellt undir 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, auk 194. gr. laganna, sem getur í ákæru. Verjendur andmæltu þessari breytingu á málatilbúnaði ákæruvaldsins. Á það verður ekki fallist, að fullnægt sé skilyrðum 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, til þess, að 202 gr. hegningarlaga komi nú til álita, enda var meðferð málsins í héraði ekki við það miðuð, og grundvelli málsins væri þá raskað.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu skulu greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Benjamín Þór Þorgrímsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Ákærði Rúnar Hallgrímsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 25. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 25. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-35-36/1992: Ákæruvaldið gegn Benjamín Þór Þorgrímssyni og Rúnari Hallgrímssyni, sem tekið var til dóms 5. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. ágúst sl., á hendur ákærðu, Benjamín Þór Þorgrímssyni, kt. 120773-5349, Hjallabrekku 5, Ólafsvík, og Rúnari Hallgrímssyni, kt. 270373-4889, Hábrekku 13, Ólafsvík, „fyrir kynferðisbrot gagnvart telpunni X, fæddri [...] 1978, aðfaranótt föstudagsins 1. maí 1992 í herbergi nr. 12 í húsinu Gimli, Keflavíkurgötu 4, Hellissandi.

Ákærða Benjamín Þór er gefið að sök að hafa þröngvað telpunni til holdlegs samræðis með ofbeldi og með aðstoð meðákærða, Rúnars, sem færði telpuna úr buxum og nærbuxum. Ákærða Rúnari er gefin að sök hlutdeild í ofangreindum verknaði með þeim hætti, sem áður er lýst.

Telst háttsemi Benjamíns Þórs varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. nú 2. gr. laga nr. 40/1992, en háttsemi ákærða Rúnars við sömu lagagreinar, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar. Þolandi málsins hefur gert þá kröfu, að ákærðu verði dæmdir til að greiða sér 500.000 kr. í miskabætur ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 4. maí 1992 til greiðsludags.

Málavextir.

Kl. 18.00 laugardaginn 2. maí sl. kom á fund lögreglunnar í Ólafsvík X, fædd [...] 1978, þeirra erinda að kæra Benjamín Þór Þorgrímsson, annan ákærðu í máli þessu, fyrir nauðgun í húsinu Gimli, Keflavíkurgötu 4, Hellissandi, aðfaranótt föstudagsins 1. maí sl. Samkvæmt kæru X hafði ákærði Benjamín nauðgað henni með aðstoð Rúnars Hallgrímssonar, sem einnig er ákærður í málinu, með því að Rúnar hefði fært hana úr buxum og nærbuxum, á meðan Benjamín hefði haldið henni. Með X í för á lögreglustöðina var A [...]. X hafði þá skömmu áður farið á Heilsugæslustöðina í Grundarfirði.

Samkvæmt læknisvottorði Hallgríms Magnússonar, læknis á Heilsugæslustöðinni í Grundarfirði, dags. 3. maí 1992, kom X á heilsugæslustöðina laugardaginn 2. maí sl. kl. 16.50 og tilkynnti nauðgun. Í vottorðinu segir: „Skoðun: Hún er skoðuð vandlega hátt og lágt með tilliti til áverkamerkja, en ekki sjást neinir marblettir eða áverkamerki. Talsverð eymsli eru í rectusvöðvum neðan við nafla og 15 cm þar niður af.

Við gyn-skoðun er ekki hægt að sjá nein áverkamerki á ytri kynfærum nema væga bólgu í spönginni (perineum), og eru þar talsverð eymsli. Ekki verður vart við nein laus hár. Við skoðun með speculum er vagina eðlileg og sömuleiðis cervix, en talsvert blóð er í vagina.

Við þreifingu er rectus abdominis talsvert aumur, eins og áður er getið, en engin eymsli í legi eða til hliðanna."

Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði, skoðaði sýni, er Hallgrímur Magnússon læknir tók á Heilsugæslustöðinni í Grundarfirði 3. maí 1992. Í vottorði Gunnlaugs, dags. 5. júní sl., segir m.a.:

„Í bréfi, dagsettu 1. júní 1992, óskar Rannsóknarlögregla ríkisins eftir rannsókn á eftirfarandi sýnum úr framangreindu máli:

Nr. 1. Strok úr leggöngum á nokkur gler, sem síðan eru fixeruð.

Nr. 2. Grisja vætt í vökva úr leggöngum og þurrkuð, tekið 6 klst. seinna en hið fyrra."

Síðar segir í vottorðinu: „Niðurstaða: Rannsóknin leiddi ekki í ljós teikn um sæði í framangreindum sýnum, og verður því ekki kveðið á um, hvort nauðgun hafi átt sér stað."

Í vottorði Hlyns Þorsteinssonar, læknis á Heilsugæslustöðinni Sólvangi, dagsettu 4. nóvember 1992, segir: „Hér með vottast, að X kom á stofu til mín dagana 5. maí, 12. maí og 25. maí 1992 til skoðunar og með einkenni, sem rekja má til árásar, sem hún varð fyrir þá skömmu áður á Hellissandi."

Af hálfu tæknideildar Rannsóknarlögreglu ríkisins fór fram rannsókn á þeim fatnaði, er X var í aðfaranótt föstudagsins 1. maí 1992. Um rannsóknina segir: Nærbuxur. Í klofbótinni er blóð. Annað ekkert athugavert, sem rekja mætti til málsatvika. Buxur: Tveir síðuvasar og einn lítill vasi inni í hægri vasa. Tveir bakvasar. Annað ekkert athugavert, sem rekja mætti til málsatvika. Síðermabolur, hnepptur með þremur tölum í hálsmáli. Annað ekkert athugavert, sem rekja mætti til málsatvika.

Tæknideildin tók einnig ljósmyndir af vettvangi svo og af ofangreindum fatnaði. Einnig voru gerðar afstöðuteikningar af vettvangi. Þá voru teknar ljósmyndir af X.

Kristján Friðþjófsson rannsóknarlögreglumaður, sem vann að ofangreindri rannsókn málsins af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, kom fyrir dóminn og staðfesti framangreind gögn tæknideildar.

— — —

Niðurstöður.

X hefur frá upphafi haldið því fram, að sér hafi verið nauðgað af ákærðu í herbergi nr. 12 í húsinu Gimli, Keflavíkurgötu 4, Hellissandi, umrædda nótt. Hafi nauðgunin orðið með þeim hætti, að ákærðu, þá er þeir höfðu vísað fólki út úr herberginu, hefðu lagt hana niður í rúm í herberginu og ákærði Rúnar afklætt hana, á meðan ákærði Benjamín hefði haldið henni. Að því loknu hafi ákærði Benjamín haft samfarir við sig nauðuga.

Ákærðu hafa frá upphafi staðfastlega neitað sakargiftum. Hafa þeir viðurkennt, að ákærði Rúnar hafi fært X úr buxum og nærbuxum, en það hafi verið með hennar samþykki. Þá hafa þeir einnig viðurkennt, að ákærði Benjamín hafi haft samfarir við X, en það hafi einnig verið með hennar samþykki.

Vitnin B, Svanberg Eyþórsson og Sigþór Ægisson hafa öll borið, að X hafi komið grátandi út úr herbergi nr. 12 um nóttina og sagt, að ákærðu hefðu nauðgað sér.

Framburður vitnanna Guðmundar Sveins Bragasonar, Bjargar Guðmundsdóttur og Herdísar Hervinsdóttur þykir eigi skipta máli um niðurstöðu málsins, enda gátu þau eigi borið um atvik í húsinu Gimli greinda nótt.

Við meðferð málsins hefur eftirfarandi komið fram:

Ákærði Rúnar hefur borið, að ákærði Benjamín hafi staðið við rúm herbergisins eða dyr þess, þá er ákærði afklæddi X úr buxum og nærbuxum. Ákærði Benjamín hefur staðhæft, að hann hafi þá setið við hlið ákærða Rúnars í rúminu. Við yfirheyrslur hjá lögreglu 5. maí bar ákærði Benjamín, að hann hefði ekki haft hendur á X, þá er ákærði Rúnar færði hana úr buxunum, eftir því er hann myndi best. Á öðrum stigum rannsóknarinnar hefur ákærði þverneitað því að hafa haft hendur á X.

Ákærði Benjamín neitaði því hjá lögreglu að hafa reynt að láta X sjúga getnaðarlim sinn. Fyrir dómi viðurkenndi ákærði, að hann hefði setið yfir brjósti X, áður en ákærði Rúnar reyndi að hafa við hana samfarir, í þeim tilgangi að láta hana sjúga getnaðarlim sinn.

Ákærði Benjamín bar fyrir dómi, að X hefði einnig verið án klæða að ofanverðu. Því hafa X og ákærði Rúnar neitað.

Fyrir dómi 3. maí bar ákærði Benjamín, að ákærða Rúnari hefði tekist að hafa fullkomnar samfarir við X, áður en hann hafði við hana samfarir. Þann framburð sinn hefur ákærði á seinni stigum dregið til baka.

Ákærði Benjamín hefur haldið því fram, að hann hafi opnað dyr herbergisins og sýnt vitnunum B og Svanberg Eyþórssyni það, hvar ákærði Rúnar hefði reynt að hafa samfarir við X. Ekki kannast vitnin B og Svanberg við það, að þeim hafi verið sýnt inn í herbergið.

Ákærði Rúnar hefur viðurkennt, að X hafi mótmælt því deyfðarlega, er hann í fyrstu færði hana úr buxum og nærbuxum, og síðan, er hann þuklaði

á kynfærum hennar. Mótmælin hefðu ásamt því, að getnaðarlimur sinn hefði ekki risið, verið ástæða þess, að hann hætti við að hafa við hana samfarir.

Ákærðu ber ekki saman um, með hvaða hætti ákærði Benjamín og X höfðu samfarir, eftir að ákærði Benjamín skipti um samfarastellingu.

Enda þótt X bæri ekki áverka eða önnur sýnileg ytri merki um, að hún hefði lent í átökum, þykir ástand hennar og hegðun, er hún kom grátandi út úr herberginu, eindregið benda til þess, að eitthvað mjög alvarlegt hafi komið fyrir hana inni í herberginu. Hefur hún frá upphafi, sbr. framburð hennar og vitna hér að framan, verið sjálfri sér samkvæm og hvergi hvikað frá í frásögn sinni um það, hvað gerðist á milli hennar og ákærðu. Á hinn bóginn hefur framburður ákærðu breyst nokkuð við yfirheyrslur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og síðan enn að nýju fyrir dómi. Þá þykir það ekki varpa trúverðugleika á frásögn ákærðu, að þeir hafa báðir borið því við, að atburði muni þeir óglöggt sökum áfengisáhrifa, þegar þess er gætt, að einstaka atburði næturinnar virðast þeir muna mjög vel.

Telja verður ósennilegt, að stúlka svo ung sem X og þar að auki með blæðingar, hefði verið fús til þeirra atburða, er fram fóru í herberginu greinda nótt, enda verður að hafa í huga, að hér áttust við annars vegar tveir karlmenn, annar 19 ára og hinn 18 ára, en hins vegar stúlka, aðeins 13 ára gömul. Þá þykir það hátterni ákærðu að læsa dyrum herbergisins og dvöl þeirra beggja þar, það, að þeir afklæddu sig báðir í þeim tilgangi að hafa við X samfarir, það, að ákærði Rúnar afklæddi hana, og beiðni hennar til hans um að hætta, styrkja það, að ákærðu skipti engu máli vilji hennar, heldur að fá fullnægt kynfýsn sinni, eftir því sem geð þeirra og geta var til.

Telja verður, að eðlilegt hefði verið, að X hefði farið rakleitt á lögreglustöðina í Ólafsvík og kært þar ákærðu, en í stað þess fór hún að ....., Hellissandi. Á hitt er að líta, að X skýrði öllum frá því í upphafi, með hvaða hætti ákærðu hefðu nauðgað sér. Vitnið A hefur greint frá því, að X hefði verið ráðlagt að bíða með að kæra nauðgunina, þar til A hefði komið frá Reykjavík laugardaginn 2. maí sl. Með vísan til þess og málsatvika þykir sá dráttur á, að X kærði atferli ákærðu til yfirvalda, ekki draga úr sannleiksgildi framburðar hennar.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, þykir sannað, að ákærði Benjamín Þór hafi umrætt sinn þröngvað X til holdlegs samræðis við sig með líkamlegu ofbeldi og að ákærði Rúnar hafi veitt honum liðsinni í verki til þess verknaðar. Ákærði Benjamín Þór hefur með atferli sínu brotið gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og ákærði Rúnar með atferli sínu brotið gegn 194. gr., 1. mgr., sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940, sbr. einnig 2. gr. laga nr. 40/1992.

Sakaferill.

Ákærði Benjamín Þór hefur tvívegis á árinu 1991 gengist undir dómsáttir í sakadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, annars vegar fyrir brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, en hins vegar vegna brota gegn 217. gr. sömu laga og 21. gr. áfengislaga. Hinn 14. mars 1991 var ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár á hendur honum vegna brota á 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Rúnar Hallgrímsson hefur tvívegis gengist undir dómsáttir í sakadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 30. ágúst 1989 vegna brota á ákvæðum umferðarlaga um ölvunarakstur. Þá gekkst hann undir dómsátt 10. september 1990 vegna brota á ákvæðum umferðarlaga um akstur yfir leyfilegum hámarkshraða.

Refsingar.

Með skírskotun til atvika allra í máli þessu, eins og þau hafa verið rakin hér að framan, hins mjög svo alvarlega sakarefnis og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Rétt þykir með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, að sex daga gæsluvarðhaldsvist ákærðu komi að fullu til frádráttar fangelsisrefsingunni.

Skaðabætur.

X hefur krafist þess, að ákærðu greiði sér 500.000 kr. í bætur fyrir miska. Þá er krafist hæstu leyfilegu vaxta frá 4. maí sl. til greiðsludags. Kröfuna rökstyður hún m. a. með eftirfarandi: „Andlegt ástand mitt eftir ofbeldisverknað þennan hefur verið slæmt, þar sem ég upplifði mikla hræðslu og niðurlægingu. Allar tilfinningar eru nú dofnar, og finnst mér sem öryggi mínu hafi verið ógnað og grunninum verið kippt undan trausti mínu á öðru fólki. Ekki er enn séð fyrir endann á, hverjar afleiðingar nauðgunarinnar verða fyrir mig í framtíðinni. Ég mun geta lagt fram vottorð um afleiðingarnar og líðan mína, þegar frá líður, verði þess óskað.

Ég hef nú þegar þurft að leita mér sérhæfðrar aðstoðar vegna afleiðinga nauðgunarinnar."

Ákærðu hafa mótmælt skaðabótakröfunni.

Svo sem gögn málsins bera með sér, hefur brotaþoli orðið fyrir andlegum og líkamlegum þjáningum vegna háttsemi ákærðu. Verður litið svo á, að henni beri bætur vegna þessa, og þykir rétt að taka kröfuna til greina að fullu, þannig, að ákærðu greiði X í miskabætur 500.000 krónur. Skal fjárhæðin bera dráttarvexti frá 4. maí sl. til greiðsludags. Bæturnar skulu ákærðu greiða óskipt.

Sakarkostnaður.

Ákærði Benjamín Þór greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Sigurði Georgssyni hrl., í málsvarnarlaun 80.000 krónur.

Ákærði Rúnar greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Erni Clausen hrl., í réttargæslu- og málsvarnarlaun 100.000 krónur.

Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Benjamín Þór Þorgrímsson og Rúnar Hallgrímsson, sæti hvor um sig fangelsi í tvö ár, en til frádráttar með fullri dagatölu komi sex daga gæsluvarðhaldsvist ákærðu.

Ákærðu greiði X óskipt í miskabætur 500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 4. maí 1992 til greiðsludags.

Ákærði Benjamín Þór greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hrl., 80.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Rúnar greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hrl., 100.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði óskipt annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs 80.000 krónur.

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 37/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Friðriki Friðrikssyni
(Páll A. Pálsson hrl.),
Hauki Guðjónssyni
(Sigmundur Hannesson hrl.) **og**
Lilju Guðjónsdóttur
(Kristján Stefánsson hrl.).

Rán. Þjófnaður. Reynslulausn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Páll Sigurðsson prófessor.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar af hálfu allra ákærðu, sem krefjast sýknu, en einnig af hálfu ákæruvalds, sem krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Áfrýjunarstefna var gefin út 29. desember 1992.

Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi kom fram, að atburður sá, sem ákært er út af, átti sér ekki stað aðfaranótt 3. september 1991, eins og í ákæru segir, heldur síðar sama dag. Þetta þykir þó ekki varða frávísun málsins, enda hefur vörn ekki verið áfátt af þessum sökum, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, voru frásagnir ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi nokkuð á reiki og ósamræmi á milli þeirra. Þá er lítið unnt að byggja á framburði kærandans, Bjarna Magnúsar Aðalsteinssonar. Sannað verður að telja af framburði ákærðu, sem rakinn er í héraðsdómi, að ákærðu Friðrik og Haukur hafi beitt kæranda ofbeldi með því að slá og sparka í höfuð hans, þótt ekki verði með vissu fullyrt um þátt hvors um sig. Fallist er á það með héraðsdómara, að ósannað sé, að ákærðu hafi beitt hnífi í átökum við kæranda. Hins vegar verður að telja sannað, að ákærðu öll hafi átt þátt í því að safna saman ýmsum munum í

framhaldi átakanna í því skyni að flytja þá á brott og að ákærði Haukur hafi tekið þá með sér, er hann yfirgaf heimili kæranda.

Fram hefur komið hjá ákærðu, að upphaf átakanna megi rekja til áreitni kæranda í garð ákærðu, Lilju. Hafi ekki vakað fyrir þeim að ræna kæranda. Ákærði Haukur sagði fyrir dómi, að ásetningur til að taka verðmæti hjá kæranda hafi ekki vaknað hjá sér fyrr en undir lok átakanna. Hér þykir það skipta máli, að fram hefur komið bæði hjá kæranda og ákærðu Friðriki og Hauki, að á meðan á átökunum stóð, hafi verið reynt að fá kæranda til að gefa upp leyninúmer á bankakorti sínu. Kærandi sagði fyrir dómi, að „Friðrik hafi þrifið í sig og byrjað að skera sig, og hafi átt að þvinga sig til þess að gefa upp númerið á bankakortinu". Ákærði Haukur sagði við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu, að Friðrik hefði fundið bankakort og „þeir byrjað að þvinga Bjarna til að segja til um leyninúmerið. Bjarni hafi gefið eitthvert númer upp, sem þeir skráðu niður, en er hann var spurður um númerið stuttu síðar, hafi hann gefið upp annað númer. Er á þessu stóð, hafi þeir slegið Bjarna nokkrum sinnum." Fyrir dómi sagði ákærði um þetta, að hann myndi, „að eitthvað hefði verið þrasað við Bjarna um bankakort, og muni það hafa verið um, að Bjarni notaði bankakortið til þess að borga fyrir fataskemmdir, sem hann hafði valdið Lilju. Muni þeir eitthvað hafa löðrungað Bjarna, á meðan á þessu þrasi stóð".

Eftir ákærða Friðriki var bókað um þetta hjá rannsóknarlögreglu 4. nóvember 1991: „Bjarni hafi legið í gólfinu um hríð, en síðan sest upp. Mætti segir að Haukur hafi verið að reyna að fá Bjarna til að gefa sér upp leyninúmer á bankakorti, en það hafi ekki tekist." Ákærði bar fyrir sig minnisleysi fyrir dómi, þar sem hann hefði verið mjög ölvaður. Hann staðfesti undirskrift sína undir skýrslu þessa, en hann undirritaði hana í viðurvist réttargæslumanns síns.

Að þessu athuguðu verður talið sannað, að aðför ákærðu Friðriks og Hauks að kæranda hafi tengst áformum um að hafa af honum verðmæti, og hafi þeir ætlað að yfirbuga hann í því skyni. Varðar atferli þessara ákærðu því við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar er ekki sannað í málinu, að ákærða, Lilja, hafi átt þátt í aðför að kæranda eða veitt liðsinni sitt við hana. Eru því

ekki skilyrði til að sakfella hana fyrir rán. Aftur á móti átti hún þátt í að taka verðmæti í eigu kæranda í því skyni að nema þau á brott. Þykir atferli hennar varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, sem heimilt er að beita hér, enda málið reifað að því leyti við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, sbr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir því, að ákærða Friðriki Friðrikssyni var 1. september 1991 veitt reynslulausn, skilorðsbundið í 2 ár, á eftirstöðvum refsingar, sem nam 165 dögum. Var tekið tillit til þess við ákvörðun refsingar hans. Þess var hins vegar ekki getið, að ákærðu Haukur og Lilja höfðu einnig rofið skilorð samkvæmt reynslulausn. Í bréfum Fangelsismálastofnunar ríkisins 6. nóvember 1992 til héraðsdómara kom fram annars vegar, að ákærða Hauki var 22. febrúar 1990 veitt reynslulausn, skilorðsbundið í 2 ár, á 180 daga eftirstöðvum refsingar, og hins vegar, að ákærðu, Lilju, var 25. febrúar 1991 veitt reynslulausn, skilorðsbundið í 1 ár, á 30 daga eftirstöðvum refsingar. Samkvæmt þessu hafa ákærðu öll með broti því, sem hér er fjallað um, rofið skilorð vegna reynslulausnar, og ber því að taka hina óútteknu refsivist þeirra með við ákvörðun refsingar, sbr. 42. gr. og 60. gr. almennra hegningarlaga. Við refsiákvörðun ber og að hafa hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. sömu laga. Að þessu athuguðu og með tilliti til sakaferils ákærðu þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin þannig, að ákærðu Friðrik og Haukur sæti hvor um sig fangelsi 18 mánuði, en ákærða, Lilja, fangelsi 6 mánuði.

Staðfest verður ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Jafnframt ber að dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.“

Dómsorð:

Ákærði Friðrik Friðriksson sæti fangelsi 18 mánuði.

Ákærði Haukur Guðjónsson sæti fangelsi 18 mánuði.

Ákærða, Lilja Guðjónsdóttir, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur. Auk þess greiði ákærði Friðrik skipuðum verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni

hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun, ákærði Haukur greiði skipuðum verjanda sínum, Sigmundi Hannessyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærða, Lilja, greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Á það verður að fallast með héraðsdómi, að ósannað sé, að ákærðu hafi átt upptök að átökunum við kæranda, Bjarna Magnús Aðalsteinsson. Við það verður að miða, að upphafið megi rekja til áreitni kæranda í garð ákærðu, Lilju Guðjónsdóttur. Því má telja ljóst, að ákærðu Friðrik Friðriksson og Haukur Guðjónsson hafi ekki veist að kæranda í því skyni að komast yfir verðmæti. Ákærðu tóku til muni í eigu kæranda og höfðu á brott með sér, eftir að átökunum var lokið og hann farinn úr íbúðinni. Valdbeiting ákærðu Friðriks og Hauks til þess að fá kæranda til að gefa þeim upp leynínúmer á bankakorti leiddi ein og sér ekki til þess, að þeir hefðu af honum fjármuni eða önnur verðmæti. Tengsl milli þessara átaka og síðari töku þeirra á verðmætum frá kæranda eru óljós. Vafa í því efni verður að meta ákærðu í hag. Það er þannig ósannað, að ofbeldi ákærðu Friðriks og Hauks gagnvart kæranda hafi verið þáttur í því að hafa af honum þá muni, er ákærðu tóku og ákærði Haukur flutti á brott. Ég tel því ekki unnt að sakfella ákærðu fyrir brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar varðar atferli ákærðu Friðriks og Hauks við 1. mgr. 217. gr. laganna og atferli allra ákærðu við 244. gr., en heimilt er að beita þeim ákvæðum hér, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um það, að ósannað sé, að eggvopni hafi verið beitt í átökunum við kæranda. Þá er ég samþykkur úrlausn þeirra um rof á reynslulausn allra ákærðu og skírskotun til 2. mgr. 70. gr. hegningarlaga.

Með hliðsjón af framansögðu og sakaferli ákærðu tel ég rétt, að ákærðu Friðrik og Haukur sæti hvor um sig fangelsi í 15 mánuði, en ákærða, Lilja, í 6 mánuði. Ég er samþykkur atkvæði meiri hlutans um sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 1992.

Ár 1992, föstudaginn 11. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-64/1992: Ákæruvaldið gegn Friðriki Friðrikssyni, Hauki Guðjónssyni og Lilju Guðjónsdóttur.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. ágúst 1992, á hendur Friðriki Friðrikssyni, kt. 260166-336, Rjúpufelli 46, Hauki Guðjónssyni, kt. 170566-416, Amtmannsstíg 2, og Lilju Guðjónsdóttur, kt. 310860-786, Bergþórugötu 25, öllum í Reykjavík, „fyrir rán með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 3. september 1991 í félagi ráðist á Bjarna M. Aðalsteinsson, kt. 190849-3849, á heimili hans að Skarphéðinsgötu 16, Reykjavík. Ákærðu Friðrik og Haukur slógu Bjarna og spörkuðu í hann og veittu honum áverka með hníf fyrir neðan vinstra auga. Ákærðu létu síðan greipar sópa í íbúðinni og settu margs konar varning, myndavél með fylgihlutum, útvarpsklukku, bílútvarpstæki, armbandsúr, stereóupptökutæki, rafmagnsrakvél, fatnað og ýmsa aðra muni, í plastpoka og hurfu á brott úr íbúðinni.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gera þá kröfu í málinu, að ákærðu verði dæmd, öll fyrir eitt og eitt fyrir öll, til að greiða sér 273.705 kr.“.

Málavextir.

Miðvikudagsmorguninn 4. september 1991 kom Bjarni M. Aðalsteinsson á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins og kærði það, að menn, sem hefðu verið gestkomandi hjá sér á þriðjudagsnóttina, hefðu ráðist á sig og rænt. Hefðu þar verið að verki maður að nafni Björgvin og sonur hans. Hefðu þeir setið að drykkju, og kvaðst kærandi hafa orðið mjög drukkinn. Kvað hann bankakort sitt hafa legið á borði þarna, og hefði Björgvin ráðist á sig og heimtað, að hann gæfi þeim upp leyninúmerið, svo að þeir gætu notað kortið í hraðbankaafgreiðslu. Hefði sonur Björgvins verið með hníf úr eldhússkúffu kærandans og otað að sér og hótað að stinga úr sér augun, ef hann segði þeim ekki númerið. Hefði hann rekið hnífinn í andlit sér, svo að hann skarst fyrir neðan vinstra auga. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann hefði sagt þeim númerið, en telja, að hann hefði ekki gert það. Hefði sonur Björgvins svo sparkað í höfuð sér, svo að hann skall á miðstöðvarofn og rotaðist. Kvaðst hann telja, að hann hefði legið meðvitundarlaus fram á daginn, en þá rankað við sér, blóðugur um höfuð og illa haldinn. Kvaðst hann sakna ljósmyndavélar, bílútvarpstækis, lítils peningakassa, lykla, peningaveskis og fleiri muna, sem hann hefur gert skrá um.

Hér fyrir dómi hefur vitnið sagt, að það hafi boðið Björgvin Kristni

Friðsteinssyni með sér heim, og hafi Friðrik slegist í för með þeim. Öðrum hafi hann ekki boðið, en Friðrik muni hafa boðið þeim hinum. Hafi verið sest að drykkju, og kveðst það hafa orðið mjög ölvað. Það hafi svo sagst vera orðið þreytt og vildi leggja sig. Hafi þá Friðrik þrifið í sig og byrjað að skera sig og viljað þvinga sig til þess að gefa upp númerið á bankakortinu. Hafi Björgvin svo kýlt sig, svo að hann hafi skollið í ofn og lemstrast allur um höfuð. Þeir Friðrik og Björgvin hefðu tekið af sér lyklana og farið með bankakortið út og sagt, að þeir myndu stúta honum, ef númerið, sem hann hefði gefið upp, væri ekki rétt. Vitnið sá þau Hauk og Lilju í réttinum og segist aldrei hafa séð þau áður, og hafi þau aldrei komið á heimili sitt. Vitnið kom annarlega fyrir, þegar það gaf dómskýrslu sína, og var mjög vanstillt og gífuryrt.

Rannsóknarlögregla ríkisins leitaði fingrafara á heimili Bjarna, og fundust stök fingraför ákærðu Friðriks og Hauks á munum þar.

Við rannsókn málsins fundust hjá ákærðu eftirtalin verðmæti úr eigu Bjarna: ljósmyndavél, bílútvarp, „flass"-lampi, myndavélartaska, ljóssía, þrífótur og „jogginggalli". Hann saknar eftirtalinna verðmæta: bankakorts, tveggja armbandsúra, peningakassa, húslykla, seðlaveskis, tvennra sólgleraugna, mittisúlpu, baðmullarbols, vasaljóss, tveggja „vasadiskóa", fatnaðar (óskilgreinds), jakkafata, skyrtu, bindis, frakka, ferðatösku, sumarjakka, „bearcathandskanners", stereó-upptökutækis, rafmagnsrakvélar, 20 hljómsnældna og gallabuxna. Þá telur hann, að plötuspilari og taska hafi skemmst, og segist hafa orðið að láta hreinsa bæði föt og teppi.

Ákærði Friðrik skýrði frá því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 3. október þetta ár, að þau ákærðu hefðu verið á veitingastaðnum Keisaranum og hitt þar Bjarna og mann að nafni Björgvin, sem hefði verið í fylgd Bjarna. Hefðu þau fjögur farið heim með Bjarna og sest þar að áfengisdrykkju og drukkið alla nóttina. Sjálfur hefði hann sofnað af drykkjunni svo og þeir Bjarni og Björgvin. Um morguninn hefði Haukur allt í einu „truflast" og ráðist á Bjarna og sparkað í höfuð honum. Lilja hefði farið fram í eldhús, sótt hníf og otað að Bjarna. Hefði Haukur sagt við Bjarna, að hann hefði verið að losna af Litla-Hrauni fyrir manndráp. Hefði Haukur einnig otað hnífnum að Bjarna, en ákærði kvaðst ekki muna nánar, hvernig það bar til, að hann var kominn með hnífinn. Ákærði kvaðst hafa reynt að fá þau Hauk og Lilju ofan af þessu, en þau ekki sinnt því. Hefði hann þá farið á brott og gengið heim til kunningja síns í Skipholti. Um kvöldið hefði hann hitt Lilju, og hefði hún sagt sér, að þau Haukur hefðu tekið þarna einhverja muni úr eigu Bjarna, þ. á m. klukku og eitthvert gráleitt tæki, og borið heim til Hauks á Rauðarárstíg 7.

Ákærði gaf aðra skýrslu hjá rannsóknarlögreglu mánuði síðar og skýrði þá frá því, að átök hefðu hafist með því, að Bjarni hefði tekið í sig. Hefði

hann þá tekið um axlir Bjarna og hrint honum ofan í stól. Hefði Haukur þá komið að og slegið Bjarna þungt hnefahögg í andlitið, svo að hann rotaðist eða vankaðist mikið. Hefði Bjarni legið í gólfinu um hríð, en sest svo upp. Hefði Haukur reynt að fá hann til þess að gefa upp leyninúmer á bankakorti, en ekki tekist það. Þeir Haukur hefðu tekið saman muni og sett í plastpoka, sem Haukur muni svo hafa haft með sér á brott. Kvaðst hann muna eftir að hafa sett borðklukku og eitthvert tæki í pokann. Hann kvaðst ekki hafa veist neitt að Bjarna fyrir utan það að hafa hrint honum ofan í stólinn og ekkert hafa haft með sér af munum Bjarna. Hefði hann farið frá Bjarna á undan þeim Hauki og Lilju. Ákærði kvaðst hafa farið frá vini sínum í Skipholti niður á Hlemm og hitt þar Lilju, og hefði hún farið heim með sér. Haukur hefði svo komið til sín nokkru síðar að kvöldlagi, en ekki verið með neitt af fengnum meðferðis. Kvaðst ákærði ekki vita neitt um afdrif fengsins og ekkert hafa þegið af þeim Hauki og Lilju.

Fyrir dómi hefur komið fram hjá ákærða, að hann hafi hringt á þriðjudeginum í þau Hauk og Lilju og sagt þeim, að nóg væri að drekka hjá Bjarna, og hefðu þau komið um hádegisbilið, en hann þá verið búinn að drekka þarna um nóttina. Hefðu átökin byrjað vegna þess, að Bjarni hefði leitað á Lilju, káfað á henni og hellt yfir hana áfengi. Hann hefur neitað því, að hann hafi beitt Bjarna ofbeldi og beitt hnífi gegn honum. Hann kannast þó við að hafa tekið í axlir honum og hrint honum niður í stól, eftir að Bjarni hafði tekið í sig. Segist hann hafa farið fram á salerni eftir þetta og ekki geta sagt, hvort Haukur hafi slegið Bjarna. Bjarni hafi verið að rísa á fætur, þegar hann hafi komið af salerninu aftur, og verið með skurð á höfði. Frásögn ákærða hér að framan hefur verið borin undir hann, og kveður hann sig ráma í þetta. Segir hann, að Haukur muni hafa slegið Bjarna í höfuðið og þeir tekið til muni og sett í plastpoka. Kveðst hann hafa farið út frá Bjarna á undan þeim Hauki og Lilju. Hann viti ekki, hvað hafi orðið um góssið, en heyrt, að það hafi allt komist til skila. Sérstaklega hefur ákærði verið spurður út í þá frásögn sína hjá lögreglu, að þeir Haukur hefðu ráðist á Bjarna og látið greipar sópa hjá honum. Kveðst hann ekki muna þetta og geta hvorki játað þessu né neitað. Kveðst hann hafa verið mjög ölvaður, þegar þetta gerðist. Hann kveður Lilju hafa staðið upp og sagst ætla að ná í hníf í eldhúsinu, og kveðst hann hafa komið í veg fyrir það. Þetta hafi þó verið í stríðni sagt hjá henni. Ákærði kveður Björgvin hafa verið farinn, þegar átökin hófust. Ákærði kveðst ekki minnast þess að hafa slegið Bjarna á eyrun, sbr. hér á eftir. Þá geti hann ekki sagt, hvenær sá ásetningur hafi vaknað hjá sér að taka verðmæti frá Bjarna.

Ákærði Haukur neitaði því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 22. október þetta ár að hafa nokkuð veist að Bjarna eða tekið af eigum hans

í umrætt sinn. Hefðu þau Lilja farið á brott á undan Friðriki og miðaldra manni, sem þarna hafi verið staddur. Við yfirheyrslu síðar þennan dag breytti hann frásögn sinni og kannaðist við, að þeir Friðrik hefðu ráðist á Bjarna og látið greipar sópa um heimili hans. Tildrögin hefðu verið þau, að Bjarni hefði farið að klæmast við Lilju og skvett á hana áfengi, sem hefði farið í buxur hennar og skemmt þær. Við þetta hefðu þeir Friðrik orðið reiðir, og hefði Friðrik slegið Bjarna á bæði eyru samtímis með flötum lófum. Þeir Friðrik hefðu svo eitthvað tuskast, og kvaðst ákærði þá hafa blandað sér í átökin. Kvaðst hann hafa hjálpað Friðriki við að fella Bjarna og hafa svo sparkað í höfuð honum einu sinni, en þeir svo dröslað honum upp í stól. Friðrik hefði fundið bankakort Bjarna og þeir reynt að þvinga hann til þess að segja þeim leyninúmerið. Hefði Bjarni gefið þeim upp eitthvert númer, en þegar þeir hefðu spurt hann aftur um númerið, hefði hann sagt þeim annað númer. Hefðu þeir slegið Bjarna nokkrum sinnum, meðan á þessu gekk. Ákærði neitaði að hafa beitt eggvopni á Bjarna og kvaðst ekki geta skýrt stungusárið fyrir neðan vinstra auga hans. Ákærði kvað þau hafa safnað saman ýmsum munum, sem þau hefðu sett í plastpoka. Hefði þar verið myndavél í tösku ásamt einhverjum fylgibúnaði, útvarpsklukka, bílútvarp, „joggínggalli" og einhver nærföt. Meðan á árásinni stóð, hefði verið þarna miðaldra maður, sem Friðrik hefði sagt vera föður sinn, en maður þessi hefði farið á brott, nokkru eftir að árásin hófst. Þau hin hefðu svo farið frá Bjarna um sama leyti, og taldi ákærði, að Bjarni hefði þá verið farinn út. Kvaðst ákærði hafa haldið á pokanum með góssinu niður á Rauðarárstíg 7. Hefði Lilja komið þangað nokkru síðar, en Friðrik farið eitthvað annað. Ákærði kvaðst svo hafa selt nafngreindum manni ljósmyndavélina og fylgihlutina fyrir 8.000 krónur. Klukkuna hefði hann skilið eftir á Rauðarárstíg 7, og útvarpið hefði fundist hjá sér í Gunnarsholti, og faðir sinn, sem einnig hefði dvalist í Gunnarsholti, hefði verið í „joggínggallanum". Kvaðst ákærði ekki kannast við, að fleira hefði verið tekið.

Ákærði hefur viðurkennt hér fyrir dómi, að ákæran sé rétt að öðru leyti en því, að hnífur hafi ekkert komið við sögu í átökunum. Segir hann, að þau Lilja hafi komið heim til Bjarna um hádegisbil á þriðjudeginum, og hafi Friðrik verið þar fyrir. Kveður ákærði Friðrik hafa verið búinn að hringja í þau Lilju frá Bjarna og segja þeim, að þarna væri nógan drykk að hafa. Ákærði kveðst hafa verið í mikilli óreglu á þessum tíma og man ekki nákvæmlega eftir atvikum. Hann kveður allt hafa farið vel fram í upphafi, en húsráðandinn, sem hafi verið orðinn ofurölvi, hafi farið að leita þjösnalega á Lilju og skvett yfir hana úr glasi. Hafi þeir Friðrik lagt að honum að biðjast afsökunar, en svo „yfirbugað" hann fyrir uppivöðslusemina. Kveðst hann minnast þess að hafa slegið Bjarna eða a. m. k. átt

þátt í því. Þá kveðst hann muna, að Friðrik hafi slegið Bjarna á eyru með flötum lófum. Kannast hann við að hafa hjálpað honum til þess að fella Bjarna og að hafa sjálfur sparkað í höfuð honum einu sinni. Eitthvað hafi verið þrasað við Bjarna um, að hann notaði bankakort sitt til þess að borga með skemmdirnar, sem hann hefði valdið á fötum Lilju. Muni þeir eitthvað hafa löðrungað Bjarna, meðan þeir voru að þrasa við hann um þetta. Ákærði kveður ásetning ekki hafa vaknað hjá sér til þess að taka verðmæti hjá Bjarna fyrr en undir lok átakanna, en engin orð hafi farið á milli þeirra ákærðu um þetta. Kveður ákærði átökin hafa byrjað vegna framkomu Bjarna í garð Lilju. Þau hafi farið að huga að verðmætum inni hjá Bjarna, en hann hafi síðan rokið út. Hafi þau öll farið að taka saman dót og sett í poka. Hafi það verið bílútvarp, myndavél, útvarpsklukka, „joggingalli" og e. t. v. fleiri flíkur. Kannast ákærði við að hafa haldið á einhverjum verðmætum í plastpoka út frá Bjarna og farið með niður á Rauðarárstíg, en Lilja hafi orðið eftir og beðið eftir lögreglunni.

Ákærða, Lilja, skýrði frá því við yfirheyrslu rannsóknarlögreglu 22. október þetta sama ár, að þeir Friðrik og Haukur hefðu ráðist á Bjarna og barið hann og sparkað í hann, svo að hann rotaðist. Miðaldra maður, sem þarna hefði verið staddur, hefði þá forðað sér. Hún neitaði því að hafa otað hnífi að Bjarna eða beitt hann nokkru ofbeldi, en kannaðist við að hafa skvett á hann úr vínglasi. Hún hefði svo tekið þátt í því að setja bílútvarp og myndavél ásamt þrífæti og „flass"-lampa, sem Bjarni átti, í poka, og hefði Haukur hlaupið með þetta niður á Rauðarárstíg.

Hér fyrir dómi hefur ákærða sagt, að hún hafi verið allsgáð, þegar hún kom á heimili Bjarna um hádegi á þriðjudeginum. Hafi Friðrik hringt þaðan í þau Hauk og sagt, að þarna væri nóg að drekka. Kveðst hún hafa verið búin að drekka þrjú glös af áfengi, þegar átökin hófust. Hafi Bjarni leitað á sig og káfað á brjóstunum á sér. Hafi hún beðið hann um að hætta þessu, en hann þá skvett yfir hana úr glasi, og hafi það orðið upptök átakanna. Hafi Friðrik slegið Bjarna í andlit með krepptum hnefa og Haukur þá ráðist á Bjarna og slegið hann í andlit og sparkað í hann. Muni hún eftir, að Haukur sat ofan á Bjarna og sló hann. Kannast hún við, að ásetningur um að taka verðmæti frá Bjarna hafi vaknað hjá sér, meðan þeir hafi verið að slá hann. Að loknum átökunum hafi Bjarni farið út. Hafi blætt úr nefi hans. Hún neitar að hafa beitt hann ofbeldi eða hafa haft hönd á hnífi, og eins neitar hún að hafa ætlað að sækja hníf. Ákærða kveðst hafa tekið til dót ásamt Hauki og sett í poka. Hafi það verið bílútvarp, myndavél, þrífótur og „flass"-lampi. Reyndar hafi hún ekki sjálf tekið til munina, heldur hafi Haukur rétt sér þá, og eins hafi hún haldið pokanum opnum. Hafi Friðrik ekki tekið þátt í því að setja dót í pokann.

Kveðst hún ekkert hafa fengið í sinn hlut af fengnum og engan ávinning hafa haft af þessu.

Við rannsókn á vettvangi fannst ekki hnífur með blóði á, en Bjarni vísaði á dúklagningarhníf og upptakara með hnífsblaði, sem hann sagði geta verið árásarvopnið.

Samkvæmt gögnum slysadeildar Borgarspítalans var grunnur skurður neðan við vinstra auga Bjarna Aðalsteinssonar, þegar hann leitaði þangað miðvikudagsmorguninn 4. september, svo og mar í kringum hægra auga og út á gagnauga þeim megin.

Björgvin Kristinn Friðsteinssson, sem getið er hér að framan, mun nú vera nýlátinn.

Niðurstaða.

Sannað er með því, sem rakið hefur verið, að ákærðu Haukur og Friðrik veittust saman að Bjarna Aðalsteinssyni með því að hrinda honum, sparka í hann og berja, og að ákærðu öll tóku síðan í krafti þessa ofbeldis muni þá, sem fundust við rannsókn málsins. Á hinn bóginn verður ekki talið sannað, að þau hafi ákveðið fyrr en undir lok átakanna að ræna Bjarna, og ósannað verður að telja, að þau hafi átt upptök að átökunum. Þá verður einnig að telja ósannað, að þau hafi tekið annað en þá muni, sem komust til skila, enda kynnu aðrir að hafa komið þar við sögu. Skýrslur ákærðu um hnífinn eru nokkuð á reiki, og á það er að líta, að ákærðu og Bjarni voru mjög ölvuð, þegar þetta varð, og að ekki hefur fundist neitt, sem styrkir frásögn Bjarna að þessu leyti. Verður að sýkna ákærðu af því að hafa beitt hnífi gegn Bjarna. Ákærðu hafa öll orðið sek um brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa bætt Bjarna Aðalsteinssyni tjón af brotinu með 273.705 krónum. Hefur félagið gert þá kröfu á hendur ákærðu, að þau verði dæmd til þess að greiða félaginu þessa fjárhæð. Er krafa félagsins byggð á lögregluskýrslum í málinu. Ákærðu verða ekki dæmd í þessu máli til þess að greiða fyrir muni, sem ósannað er, að þau hafi tekið, og ekki hefur verið reynt af hálfu bótakrefjandans að sýna fram á, að annað tjón Bjarna stafi beinlínis af broti ákærðu. Ber að vísa bótakröfunni frá dómi.

Viðurlög.

Við ákvörðun refsingar ákærðu verður að hafa hliðsjón af aðdraganda átakanna og því, að ásetningur til ráns varð ekki til í huga ákærðu fyrr en undir lok þeirra.

Ákærði Friðrik hefur til þessa verið dæmdur sex sinnum fyrir hegningarlagabrot, aðallega skjalafals. Þá hefur hann verið sektaður fimm sinnum,

ýmist fyrir umferðar- eða fíknilagabrot. Ákærða var hinn 1. september í fyrra veitt skilorðsbundin reynslulausn í tvö ár af 165 fangelsisdögum. Hefur hann nú rofið skilorð reynslulausnarinnar, og ber að dæma upp reynslulausnarhlutann og gera ákærða refsingu í einu lagi. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærði Haukur hlaut tvisvar ákærufrestun fyrir þjófnað 1982. Hann hefur til þessa verið dæmdur sex sinnum fyrir ýmisleg hegningarlagabrot, þar af einu sinni fyrir brennu. Þá hefur honum verið refsað þrisvar fyrir umferðarlagabrot. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði.

Ákærða, Lilja, hefur til þessa hlotið sjö refsidóma fyrir hegningarlagabrot. Þá hefur hún verið sektuð fimm sinnum, ýmist fyrir tolllaga-, umferðar- eða fíknilagabrot. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Dæma ber ákærða Friðrik til þess að greiða verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 130.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en hvort hinna ákærðu um sig til þess að greiða verjendum sínum, Sigmundi Hannessyni og Kristjáni Stefánssyni, 100.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu öll óskipt, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Friðrik Friðriksson sæti fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærði Haukur Guðjónsson sæti fangelsi í tólf mánuði.

Ákærða, Lilja Guðjónsdóttir, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði Friðrik greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 130.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, og ákærðu Haukur og Lilja greiði hvort um sig verjendum sínum, Sigmundi Hannessyni og Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmönnum, 100.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 244/1990. **Kristinn Ragnarsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Héðni hf.
(Guðni Á. Haraldsson hrl.).

Lausafjárkaup. Galli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1990. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og lýst er í héraðsdómi, hefur þakstál það, sem um er deilt í máli þessu, verið notað lengi af fagmönnum. Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn þess efnis, að efni þetta hafi verið selt á þök hér á landi í allmiklum mæli sl. þrjú ár. Er ósannað, að hér sé um óhæft efni að ræða. Í skoðunarskýrslu Níelsar Indriðasonar byggingaverkfræðings, sem gerð var að frumkvæði áfrýjanda, svo og skýrslu hans fyrir dómi, kemur fram, að frágangur á þakinu hafi ekki verið nægilega góður og erfitt að greina á milli leka-vatns og þéttivatns. Ekkert annað mat eða úttekt var gerð á þakinu, áður en það var rifið af. Er því ósannað, að lekinn hafi stafað af gerð þakstálsins. Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Ragnarsson, greiði stefnda, Héðni hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. apríl 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 30. f. m., er höfðað hér fyrir þinginu með áskorunarstefnu, birtri 13. júní 1989.

Stefnandi er Héðinn hf., Seljavegi 2, Reykjavík.

Stefndi er Kristinn Ragnarsson, Melgerði 29, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 255.684 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. 1. 1989 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 1. 1990, og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað, er beri dráttarvexti að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu og leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

I.

Stefnandi kveður kröfuna vera samkvæmt fjórum reikningum, dagsettum á tímabilinu frá 29. nóvember til 27. desember 1988, samtals að fjárhæð 255.684 kr. Þeir séu vegna kaupa stefnda, sem sé byggingameistari, á trapisulaga þakstáli af gerðinni GS 20. Stefndi hafi ekki fengist til að greiða skuld sína, en reynt að skila vörunni á þeim forsendum, að hún hafi verið gölluð. Stefnandi hafi hafnað móttöku vörunnar og hafni því, að varan sé gölluð.

Stefnandi segir kaupin hafa gerst með þeim hætti, að stefndi, sem sé mjög reyndur byggingameistari, hafi komið til stefnanda og óskað sérstaklega eftir að kaupa hvítt, trapisulaga þakstál til notkunar á hús, er hann hafi verið að reisa að Kópavogsbraut 103 í Kópavogi. Magnús Ríkharðsson, sölustjóri stefnda, hafi afgreitt hann og ráðlagt honum að kaupa fremur bárustál, sem væri ódýrara. Stefndi hafi eingöngu viljað þetta sérstaka, hvíta stál og fengið það. Stefndi hafi ekki keypt sauminn til að festa stálið hjá stefnanda, en útvegað hann sjálfur, hvítan að lit.

Stefndi hafi komist í vandræði með frágang á þakinu og leki komið í ljós. Hann hafi þá leitað til Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. um álit. Níels Indriðason verkfræðingur hafi skoðað byggingarstað. Í skýrslu hans komi fram, að lekinn hafi aðallega verið þéttivatn, þar sem þakið hafi verið óeinangrað og úti hafi verið 3-5 stiga frost, en 10-15 stiga hiti inni. Ranglega hafi verið gengið frá járni kringum reykháf, gat hafi verið á þakinu, en ekki sé talin ástæða til þess að rífa stálklæðninguna af.

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar því, að ljóst sé, að stefnandi hafi selt stefnda ógallað efni, enda hafi stefndi ekki gert athugasemdir við sjálft efnið. Efnið hafi verið notað hérlendis og erlendis með góðum árangri, en standa þurfi rétt að notkun þess.

Stefnandi hafi sinnt leiðbeiningarskyldu sinni, eins og eðlilegt hafi verið, þegar um þaulvanan byggingameistara sé að ræða, sem hafi talið sig vita, hvernig efnið skyldi sett á þakið. Aðferð stefnda við þakklæðninguna hafi verið algerlega á eigin ábyrgð hans, enda hafi hann sjálfur ráðið, hvernig frá þessu var gengið. Stefndi geti enga ábyrgð borið á störfum byggingameistara á byggingarstað. Stefndi hafi síðan ekki gefið stefnanda kost á að lagfæra á staðnum, heldur rifið stálið í heild af húsinu.

Stefnandi bendir og á, að í málinu sé ekki leitt í ljós, hver leki hafi verið, hve mikill, hvar og af hverju hann hafi stafað. Hins vegar sé leitt í ljós, að ágreiningur sé meðal fagmanna um frágang og kosti trapisulaga þakstáls, eins og oft sé um byggingarefni.

II.

Stefndi kveðst hafa fengið sérstakan verktaka, Guðmund Leifsson byggingameistara, til þess að leggja stálið á þakið, sem sé með 14 gráðu halla. Hann hafi keypt sams konar saum og stefnandi selji, en hvítur saumur hafi ekki fengist hjá stefnanda. Leki hafi komið, þegar smiðir hafi farið að innrétta húsið, og ekki hafi verið um annað að ræða en taka stálið af og setja bárujárn í staðinn.

Við athugun hafi komið í ljós, að hið trapisulaga stál henti alls ekki á þök, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Í umsögn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins segi:

„Að okkar mati hefur reynslan sannað, að notkun trapisulaga þakklæðningarefna fyrir hallalítil þök á sama hátt og bárujárnsklæðning hefur verið negld um áratugaskeið er ekki fullnægjandi við aðstæður hérlendis." Þá sé sagt, að best sé að nota ekki trapisulaga klæðningu á hallalítil þök, en sé það gert, þurfi að skrúfa klæðninguna í lágbáru og tryggja, að negling fari ekki í gegnum aðalþéttilag þaksins (þakpappans), t.d. með því að negla klæðninguna á trélektur.

Stefndi reisi því sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi selt sér gallað efni til þess að setja á þak sitt, og hafi stefnanda verið fullkunnugt um, á hvers konar þak hafi átt að setja stálið. Efnið sé gallað að því leyti, að það sé ekki hæft til þeirra hluta, sem það sé auglýst til. Það henti ekki sem þakefni, nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess, að það verði þétt, þ. e. að nota lektur til þess að fá jafnt og slétt undirlag. Um það hafi seljanda borið að leiðbeina, en ekki gert. Þess vegna hafi

hann mátt rifta kaupunum og skila efninu skv. 43. gr. kaupalaga nr. 39/1922.

III.

Upplýst er í máli þessu, að efni það, sem stefndi telur gallað, trapisulaga þakstál, hefur verið notað hér á landi á þök með góðum árangri.

Skilja verður málflutning stefnda svo, að sérstakar ráðstafanir þurfi til þess, að þakfrágangur verði fullnægjandi, þegar trapisulaga málmklæðning er negld. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, hverjar þessar ráðstafanir eru, aðrar en vönduð vinnubrögð. Stefndi hefur því ekki sýnt, hvaða leiðbeiningar hafi skort af stefnanda hálfu við sölu efnisins, sem geri það að verkum, að það teljist gallað.

Stefndi hefur því ekki sýnt, að honum hafi verið heimilt að rifta kaupunum, og ber því að dæma hann til að greiða stefnukröfur ásamt málskostnaði, sem ákveðst 70.000 kr.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Ragnarsson, greiði stefnanda, Héðni hf., 255.684 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. janúar 1989 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól, í fyrsta sinn 1. janúar 1990, og 70.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 362/1990. **Friðrik Magnússon**
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
AJS heildverslun hf.
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Greiðsla. Fyrningu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að allar kröfur sínar fyrir héraðsdómi verði teknar til greina. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrirtækið J. Þorláksson & Norðmann hf., stefnandi máls þessa í héraði, framseldi hinn 1. október 1991 dómkröfu sína á hendur áfrýjanda til A. Jóhannssonar & Smith hf. til fullrar eignar og umráða. Hinn 18. apríl 1992 var nafni þess félags breytt í AJS heildverslun hf. Er aðild málsins breytt samkvæmt framansögðu.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjandi í föstum viðskiptum við J. Þorláksson & Norðmann hf. um árabil. Á viðskiptayfirliti frá fyrirtækinu sést, að áfrýjandi hefur tekið út vörur í apríl 1987, og fyrir dómi staðfesti áfrýjandi, að hann hefði verið þar í reikningsviðskiptum árið 1987. Verður því ekki fallist á það, að krafa stefnda sé fyrnd, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem, greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Friðrik Magnússon, greiði stefnda, AJS heildverslun hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. september 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., höfðaði Gísli Baldur Garðarsson hrl., Pósthússtræti 13, Reykjavík, f. h. J. Þorlákssonar & Norðmann hf., kt. 670169-7079, Suðurlandsbraut 20, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. maí 1989, gegn Friðriki Magnússyni, kt. 271050-2249, Kambsvegi 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða 592.595 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum].

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 520.856 kr. ásamt vöxtum, svo sem krafist er í aðalkröfu.

Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri dráttarvexti frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati réttarins, er beri vexti samkvæmt ákvæðum III. kafla 1. nr. 25/1987.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir, málsástæður og lagarök stefnanda.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að 25. janúar 1985 hafi stefndi greitt fyrir vörukaup sín hjá stefnanda, sem reki heildverslun og smásöluverslun í Reykjavík, með tveimur víxlum, samtals að fjárhæð 200.000 kr. Annar víxillinn sé samþykktur af Jóni B. Friðrikssyni, að fjárhæð 80.000 kr., og hinn af Kristþóri B. Helgasyni, að fjárhæð 120.000 kr. Báðir víxlarnir séu út gefnir af Kristjáni Friðrikssyni, Torfufelli 48, og framseldir af útgefanda.

Víxlarnir hafi báðir fallið á gjalddaga, og innheimtumál hafi verið höfðuð til greiðslu þeirra. Kristján Friðriksson, útgefandi víxlanna, sé gjaldþrota, en Jón B. Friðriksson og Kristþór B. Helgason hafi báðir lýst sig eignalausa í fógetarétti Reykjavíkur. Þess vegna sé nú nauðsynlegt að krefja stefnda um greiðslu víxlanna ásamt vöxtum og kostnaði, sem af innheimtu þeirra hafi leitt.

Samkvæmt heimild í vaxtalögum hafi dráttarvextir verið lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 30. ágúst 1986 (sic).

Stefnandi sundurliðar kröfu sína miðað við 30. ágúst 1988 svo:

Víxill samþykktur af Jóni B. Friðrikssyni.

Innlausnarverð víxils	kr.	83.052
Dráttarvextir til 30. 8. 1988	—	137.965
Kostnaður lögmanns	—	29.050
Söluskattur	—	2.016
Samtals	kr.	252.083

Víxill samþykktur af Kristþóri B. Helgasyni.

Höfuðstóll víxils	kr.	129.000
Dráttarvextir til 30. ágúst 1988	—	170.839
Kostnaður lögmanns	—	37.961
Söluskattur	—	2.712
Samtals	kr.	340.512

Samtals nemi krafa vegna þessara tveggja víxla 592.595 kr., þ. e. stefnufjárhæðinni. Verði ekki fallist á, að stefnda beri að greiða málskostnað vegna víxilmálanna, er gerð krafa um greiðslu höfuðstóls og vaxta í varakröfu.

Málsástæður stefnanda eru þær, að stefndi hafi afhent stefnanda víxlana tvo til greiðslu á skuld sinni vegna vörukaupa, en þar sem samþykkjendur og útgefandi víxlanna séu gjaldþrota og eignalausir, beri stefnda að greiða víxlana að fullu auk vaxta og kostnaðar, sem af innheimtu þeirra hafi leitt.

Um rökstuðning fyrir kröfum stefnanda er vísað til reglna kröfuréttar um efndir loforða og samninga og reglna bótaréttar um efndabætur.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi, sem er pípulagningameistari, hafi á árunum 1984/1985 unnið við pípulagningavinnu, m. a. fyrir Kristján Friðriksson vegna húsbyggingaframkvæmda hans. Vegna þessara starfa hafi Kristján stofnað til verulegra skulda við stefnda, bæði vegna vinnu og efnisúttektar, m. a. hjá stefnanda. Í ársbyrjun 1985 hafi Kristján Friðriksson, en ekki stefndi, farið til stefnanda og greitt inn á viðskiptaskuld stefnda hjá stefnanda, sem stofnast hafði til vegna áðurnefndra verkframkvæmda, og sé ótölusett kvittun, sú sem lögð er fram sem dskj. 3, ekki gefin stefnda, heldur nefndum Kristjáni.

Stefnandi muni hafa tekið við greiðslum frá Kristjáni Friðrikssyni, 300.000 kr., þ. e. í peningum 100.000 kr. ásamt tveimur víxlum, öðrum að fjárhæð 120.000 kr., en hinum að fjárhæð 80.000 kr. Stefnandi hafi tekið við greiðslum þessum án nokkurs fyrirvara og án vitundar stefnda eða í samráði við hann. Verði því að líta svo á, að stefnandi hafi tekið við peningum og víxlum sem fullnaðargreiðslum og á eigin ábyrgð um greiðslu eða greiðslufall víxlanna, ella hefði hann að sjálfsögðu krafist nafnáritunar stefnda á víxlana sem ábyrgðarmanns.

Í skjölum málsins komi fram, að stefnandi hafi réttilega snúið sér beint að samþykkjendum og útgefanda víxlanna, en hafi ekki bakfært þá á viðskiptareikning stefnda hjá stefnanda, þar sem víxlar þessir hafi verið stefnda óviðkomandi.

Verði ekki fallist á þessi sjónarmið stefnda, beri að líta til þess, að við-

skipti þau, sem málið er af risið, virðist hafa átt sér stað á milli aðila á árinu 1984. Allar kröfur stefnanda í máli þessu á hendur stefnda séu því fyrndar, og sé sama, hvort miðað sé við, að upphafstími fyrningar sé um áramót 1984-1985, 25. janúar 1985 eða 8. mars 1985, því að stefna í máli þessu sé ekki birt fyrr en 23. maí sl., rúmum fjórum árum eftir áðurgreindan upphafstíma fyrningar.

Niðurstaða.

Við aðalflutning málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum þeir Hjörtur Örn Hjartarson, framkvæmdastjóri stefnanda, og stefndi.

Um nokkurra ára skeið átti stefndi viðskipti við stefnanda, þar á meðal á árunum 1984-1987.

Fram kom hjá stefnda, sem vefengir ekki að hafa fengið reikningsyfirlit frá stefnanda, að hann hafi skuldað stefnanda fyrir vöruúttektir vegna verks fyrir Kristján Friðriksson. Skuld þessa kvaðst stefndi upphaflega hafa greitt með víxlum, sem Kristján Friðriksson hafi verið greiðandi að. Þeir víxlar hafi farið í vanskil, og þá kvaðst stefndi hafa óskað eftir því við Kristján Friðriksson, að hann gerði upp sín mál og greiddi víxlana. Í framhaldi af því hafi Krisján Friðriksson afhent stefnanda víxlana tvo, sem málið er af risið.

Þegar fullreynt var, að víxlarnir, sem Kristján Friðriksson afhenti stefnanda, fengust ekki greiddir, raknaði greiðsluskylda stefnda við, þar sem þá var ljóst og fyrr ekki, að greiðsla á skuld stefnda við stefnanda fengist ekki með víxlunum.

Með vísan til þess, sem fram kemur í fram lögðu reikningsyfirliti um viðskipti málsaðila árið 1987, og svo þess, að stefndi viðurkenndi fyrir dómi að hafa staðið í viðskiptum við stefnanda á árunum 1984-1987, verður ekki á þá málsástæðu stefnda fallist, að skuldin sé fyrnd.

Við tilraunir til innheimtu víxlanna varð stefnandi fyrir útgjöldum, sem stefnda ber að bæta stefnanda.

Niðurstaða málsins verður því sú, að aðalkrafa stefnanda, sem ekki hefur verið tölulega vefengd, verður tekin til greina.

Málskostnaður ákveðst 100.000 kr., sem beri dráttarvexti samkvæmt 1. nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir uppsögu dóms þessa.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Friðrik Magnússon, greiði stefnanda, J. Þorlákssyni & Norðmann hf., 592.595 kr. ásamt 56,4% ársvöxtum frá 30. ágúst 1988 til 1. sept. 1988, 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. okt. 1988, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóv 1988, 27,6% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. des. 1988, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1989, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1989, 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1989, 38,4% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, 8. júní 1989, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla 1. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 100.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti samkvæmt 1. nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir uppsögu dómsins. Greiðslur samkvæmt dómi þessum greiðist innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 353/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Óskari Guðjóni Vigfúsi Guðnasyni
(Atli Gíslason hrl.) **og**
Finnboga Hólmsteini Alexanderssyni
héraðsdómara.

Opinbert mál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar. Fésekt.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1992. Ákæra hafði verið gefin út 16. apríl 1986. Málið var þingfest í sakadómi Garðakaupstaðar 30. október það ár. Skriflegri vörn var skilað á dómþingi 15. október 1987 og málið dómtekið. Það var tekið fyrir á dómþingi 10. október 1988. Verjandi ákærða tók þá til máls og ítrekaði kröfur, sem gerðar höfðu verið í hinni skriflegu vörn tæpu ári fyrr. Dómur var kveðinn upp 30. ágúst 1989. Hann var birtur ákærða 26. júní 1992.

Hér fyrir dómi er af hálfu ákæruvalds krafist efnisdóms með tilteknum hætti. Þá segir í kröfugerðinni: „Þá er krafist fésektar eða annarra mildari viðurlaga að mati Hæstaréttar á hendur héraðsdómaranum, Finnboga Hólmsteini Alexanderssyni, fyrir drátt á meðferð málsins, einkum dómsuppsögu og birtingu dóms, samkvæmt 1. mgr. 186. gr. laga nr. 74/1974, en nú 1. mgr., sbr. 2. mgr. 160. gr. laga nr. 19/1991."

Viðhorf ákæruvalds, verjanda ákærða og héraðsdómarans voru skýrð á dómþingi Hæstaréttar 19. mars sl. Fram er komið, að hinn 23. júlí 1992 veitti dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness héraðsdómaranum alvarlega áminningu að tilmælum dómsmálaráðherra fyrir embættisvanrækslu.

Meðferð héraðsdómara á máli þessu felur í sér mjög ámælisvert brot á 165. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Bar

héraðsdómara að kveða upp dóm innan 3 vikna frá 15. október 1987. Meðferð málsins var úr lagi gengin, þegar dómur var kveðinn upp, en engu að síður bar héraðsdómaranum að birta hann án tafar samkvæmt 3. mgr. 167. gr. laga nr. 74/1974.

Vegna galla á meðferð máls þessa í héraði verður eigi hjá því komist að fella úr gildi meðferð þess frá og með 15. október 1987 svo og hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu í Héraðsdóm Reykjaness til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Í 1. mgr. 186. gr. laga nr. 74/1974 voru ákvæði um sekt á hendur dómara. Þau er nú að finna í 1. og 2. mgr. 160. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Eftir 198. gr. þeirra laga verður nýnefndu ákvæði beitt í þessu máli og héraðsdómaranum gert að greiða sekt í ríkissjóð vegna meðferðar sinnar á málinu, sem fyrr er lýst. Sektin þykir hæfilega ákveðin 50.000 krónur.

Rétt er, að kostnaður af meðferð málsins til þessa verði nú ákveðinn eins og nánar greinir í dómsorði, og ber að greiða hann úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa frá og með 15. október 1987 og hinn áfrýjaði dómur eru felld úr gildi og málinu vísað í Héraðsdóm Reykjaness til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Greiða skal sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Finnbogi Hólmsteinn Alexandersson héraðsdómari greiði 50.000 króna sekt í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 141/1990. **Friðmey H. Sveinsdóttir**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Sigurði B. Guðmundssyni,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og
Vífilfelli hf.
(Haraldur Blöndal hrl.).

Skaðabætur. Örorka. Skattfrelsi bóta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1990. Hún krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér 644.070 krónur með ársvöxtum sem hér greinir: 45,6% frá 20. mars 1988 til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% frá þeim degi 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 24% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 38,4% frá þeim degi 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 8. s.m., en frá þeim degi til greiðsludags með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. mars 1989. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því einu, hvort áfrýjandi verði að sæta því, að fjárhæð áætlaðs tjóns hennar vegna 15% varanlegrar örorku, 1.706.600 krónur, var í bótauppgjöri 27. apríl 1989, sem frá er greint í héraðsdómi, lækkuð vegna skattfrelsis örorkubóta um 37,74%, en það var álagningarhlutfall staðgreiðslu opinberra

gjalda á þeim tíma. Þessi lækkun nemur 644.070 krónum. Telur áfrýjandi þá fjárhæð vera óbættan hluta örorkutjóns síns.

II.

Samkvæmt áratugalangri dómvenju ber meðal annars að taka tillit til þess til lækkunar við mat á bótaskyldu tjóni vegna varanlegrar örorku, að örorkubætur, sem greiddar eru í einu lagi, teljast ekki til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars, sbr. nú 2. tl. 28. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1989 um tekjustofna sveitarfélaga. Lög nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda raska í engu þeirri dómvenju, sbr. dóm Hæstaréttar 19. nóvember 1992 í máli nr. 13/1991.

Við mat á slíku tjóni getur reynt á ýmis fleiri atriði til lækkunar en skattfrelsi örorkubóta og hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi. Það fer að álitum í hverju tilviki fyrir sig, hver eigi að vera hundraðshluti slíks frádráttar í heild, en samkvæmt dómvenju er hann ákveðinn í einu lagi.

Mál þetta er lagt þannig fyrir dómstóla, að við mat á örorkutjóni áfrýjanda getur ekki reynt á önnur slík álitaefni en skattfrelsi örorkubóta.

III.

Áfrýjandi var 23 ára, er hún varð fyrir slysi því, sem málið fjallar um. Í örorkuútreikningi frá 21. apríl 1989, sem áðurnefnt bótauppgjör var byggt á, er við það miðað, að tekjur hennar verði til frambúðar 70% af meðaltekjum iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Svarar það til 859.500 króna árstekna. Er 37,74% staðgreiðsluskattur af þeim tekjum innan við 15%, eftir að dreginn hefur verið frá lögmæltur persónuafsláttur.

IV.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir óbætt tjón áfrýjanda vegna varanlegrar örorku að teknu tilliti til skattfrelsis örorkubóta hæfilega metið 400.000 krónur. Ber að dæma stefndu óskipt til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að stefndu greiði áfrýjanda óskipt 200.000 krónur í máls-

kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður B. Guðmundsson, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Vífilfell hf., greiði áfrýjanda, Friðmey H. Sveinsdóttur, óskipt 400.000 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 19% frá 20. mars 1988 til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. s.m., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% frá þeim degi til 21. s.m., 13% frá þeim degi til 11. apríl s.á., 15% frá þeim degi til 21. s.m., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól, í fyrsta sinn 21. apríl 1990.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Friðmey H. Sveinsdóttur, kt. 050664-8139, Arahólum 4, Reykjavík, gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, Vífilfelli hf., kt. 700269-7449, Haga við Hofsvallagötu, Reykjavík, og Sigurði B. Guðmundssyni, kt. 040165-2909, Holtsgötu 17, Reykjavík, með stefnu, út gefinni 1. júní 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 644.070 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en málskostnaður falli niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að 20. mars 1988 hafi bifreiðinni R-14468 verið ekið aftan á bifreiðina R-59903 á mótum Stekkjarbakka og Reykjanesbrautar í Reykjavík. Ökumaður R-14468 hafi verið stefndi

Sigurður B. Guðmundsson, en eigandi bifreiðarinnar stefndi Vífilfell hf. Bifreiðin R-14468 hafi verið tryggð lögboðinni skylduvátryggingu hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., sem nú er Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Stefnandi, Friðmey, hafi verið farþegi í bifreiðinni R-59903, og hafi hún hlotið allmikil meiðsl og verið flutt á slysadeild Borgarspítala. Áverkar stefnanda hafi einkum verið á hálsi og hafi leitt til tímabundinnar og varanlegrar örorku. Stefndi Sjóvá-Almennar trygginar hf. hafi viðurkennt óskoraða bótaskyldu, og 8. maí 1989 hafi farið fram fullnaðaruppgjör með fyrirvara. Í örorkutjónsútreikningi hafi bætur fyrir varanlega örorku á slysdegi verið taldar 1.706.600 kr. Við uppgjör hafi stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. lækkað þær bætur um 37,74%, 644.070 kr., vegna staðgreiðslu skatta, sem er stefnufjárhæðin. Stefnandi hafi mótmælt þessari niðurfærslu bóta og áskilið sér rétt til heimtu þeirra í sérstöku dómsmáli. Stefnandi telji eingreiðsluskaðabætur undanþegnar skatti og því lækkun bóta af þeim sökum óheimil. Stefnandi hafi hins vegar samþykkt niðurfærslu bóta vegna varanlegrar örorku um 5% vegna eingreiðsluhagræðis, enda standi til þess venja, viðurkennd af dómstólum.

Kröfur stefnanda eru reistar á tryggingarákvæðum umferðarlaga og lögum um eignar- og tekjuskatt og lögum nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Bætur fyrir varanlega örorku teljist ekki til tekna í skattalegu tilliti, sbr. 2. mgr. 28. gr. l. 75/1981 um tekju- og eignarskatt og A-lið 2. gr. 1. 45/1987 um staðgreiðslu skatta. Sama varði tekjur til útsvars, sbr. 23. gr. 1. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Stefnandi telur, að ekki hafi staðið heimild til þess að lækka bætur til sín á framangreindum forsendum, og krefst því greiðslu ofangreindrar fjárhæðar. Um kröfur stefnanda vísast enn fremur til XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987.

II.

Af hálfu stefndu er tekið fram, að ekki sé ágreiningur um bótaskyldu og aðilar hafi orðið sammála um að leggja til grundvallar fram lagðan örorkutjónsútreikning. Hafi enginn ágreiningur orðið um bætur vegna tímabundinnar örorku, en hins vegar hafi aðila greint á um frádrátt vegna skattfrelsis bóta. Á þeim tíma, þegar útreikningurinn hafi verið gerður, hafi skattleysismörk verið 47.276 kr. á mánuði, 567.312 kr á ári, en greiða skyldi 37,74% af þeim tekjum, er umfram hafi verið. Tekjur stefnanda séu áætlaðar 859.500 kr. á ári, en tekjutap 128.900 kr., og sé því ljóst, að hún hefði átt að greiða fullan staðgreiðsluskatt af því, sem umfram var. Það reiknaða örorkutjón, sem henni sé bætt, hefði því aldrei nýst að fullu, heldur hefði hún greitt af því 37,74% staðgreiðsluskatt miðað við skattareglur, er í gildi hafi verið á útreikningsdegi. Það sé grundvallarregla skaðabótaréttarins, að tjónþoli eigi ekki að vera betur settur eftir tjón en fyrir

tjón. Sú röksemdafærsla, er stefnandi beiti, leiði til þess, að tjónþolar myndu hagnast á tjóni sínu. Reglan um skattfrelsi örorkutjónsbóta sé til þess fallin að draga úr kostnaði þeirra, sem svo ólánsamir séu að lenda í tjóni. Jafnframt dragi reglan úr nauðsyn hærri iðgjalda og sé því í alla staði þjóðhagslega hagkvæm. Þá sé enn til þess að líta, að mjög oft sé ekki um raunverulegt tekjutjón að ræða hjá tjónþolum. Mótmælt er vöxtum, en það sé gegn dómvenju að dæma dráttarvexti og vaxtavexti af kröfunum.

III.

Svo sem fram er komið, urðu aðilar sammála um það, að til grundvallar tekjutapi stefnanda vegna slyssins yrði lagður örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings, dags. 21. apríl 1989. Er sá útreikningur reistur á örorkumati Stefáns Bogasonar læknis, dags. 13. mars 1989.

Samkvæmt greindum útreikningi er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda talið nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	595.800
— varanlegrar örorku	—	1.706.600
Samtals	kr.	2.302.400

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi, 21. apríl 1989, notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.

Tjónsuppgjör aðila, sem dags. er 27. apríl 1989, er sett upp með eftirfarandi hætti, að því er örorkubætur varðar:

Tímabundin örorka		kr.	595.800
Varanleg örorka	1.706.600		
— 37,74%	644.070	—	1.062.529
	— 5% af afgangi	—	53.126
		Kr.	1.605.203

Ágreiningur aðila málsins varðar lækkun útreikningsfjárhæðar varanlegrar örorku um 37,74% vegna skattfrelsis örorkubóta. Styður stefnandi mál sitt því, að þar sem eingreiðsluskaðabætur séu undanþegnar skatti lögum samkvæmt, sé lækkun bóta af þeim sökum óheimil.

Frá og með lögum nr. 6/1935 um tekjuskatt og eignarskatt hefur það verið lögbundið í skattalöggjöf hér á landi, að örorkubætur séu eigi skattskyldar sem tekjur. Núgildandi meginlagaboð þessa efnis er að finna í 2.

tl. 28. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, en samkvæmt því ákvæði telst ekki til tekna „eignaauki, sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu".

Við ákvörðun bóta vegna varanlegrar örorku hefur um áratugaskeið verið stuðst við útreikninga tryggingarfræðinga um vinnutekjutap tjónþola. Þeir útreikningar sýna tekjutap án tillits til skatta, nema annað sé tekið fram. Til þess að tjónþoli sé jafnsettur og fyrir tjón, ber því m. a. við ákvörðun bóta honum til handa að taka tillit til skattfrelsis bótanna. Er það í samræmi við reglur skaðabótaréttar og staðfest af langri dómvenju. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að lækkun útreikningsfjárhæðar vegna skatthagræðis sé óheimil.

Sé litið til áætlaðs vinnutekjutaps stefnanda samkvæmt framangreindum útreikningi, sem aðilar urðu sammála um að leggja til grundvallar, verður að telja eðlilegt, að um frádrátt sé að ræða vegna skattfrelsis bótanna.

Ákvörðun frádráttar vegna skatthagræðis er eitt þeirra óvissu matsatriða, sem taka þarf á, þegar ákveðin er bótafjárhæð vegna örorkutjóns. Raunhæfum nákvæmnisútreikningi verður þar ekki við komið. Eftir atvikum og eins og mál þetta liggur fyrir, verða þó ekki talin efni til að gera athugasemdir við bótauppgjör aðila að því leyti.

Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður verður felldur niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Vífilfell hf. og Sigurður B. Guðmundsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Friðmeyjar H. Sveinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 403/1990. **Karen Kinchin Eiríksdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
dánarbúi Björns Gíslasonar og
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Haraldur Blöndal hrl.).

Skaðabætur. Bifreiðar. Umferðarlög. Örorka. Miski. Skattfrelsi bóta. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1990. Hún krefst þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 3.101.933 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 15% frá 31. júlí 1987 til 21. september s.á., 17% frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. s.m., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% frá þeim degi til 21. s.m., 13% frá þeim degi til 11. apríl s.á., 15% frá þeim degi til 11. júní s.á., 17% frá þeim degi til 21. júlí s.á., 12% frá þeim degi 1. ágúst s.á., 10% frá þeim degi til 1. september s.á., 6% frá þeim degi til 21. s.m., 8% frá þeim degi til 21. október s.á., 9% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. s.m., 7% frá þeim degi 1. mars s.á., 5% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 3% frá þeim degi til 10. september s.á., en með dráttarvöxtum, „eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá á hverjum tíma“, frá þeim degi til greiðsludags og vaxtavöxtum, er leggist við höfuðstól á 12

mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. september 1991. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar með vöxtum eins og í aðalkröfu. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt í héraði og fyrir Hæstarétti ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I. Málsatvik.

Síðdegis 31. júlí 1987 varð bifreiðaárekstur á gatnamótum Kleppsvegar og Langholtsvegar hér í borg milli bifreiðanna R-287, R-50050 og R-36085. Lögregla var kvödd á vettvang og tók skýrslur af bifreiðastjórunum, skráði hjá sér nöfn vitna og gerði uppdrátt af árekstursstað. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar voru atvik að árekstrinum þau, að R-287, Fíat-fólksbifreið, var ekið af Langholtsvegi inn á Kleppsveg í veg fyrir R-50050, Saab-fólksbifreið, sem ekið var á hægri akrein austur syðri akbraut Kleppsvegar að gatnamótunum, og R-36085, Lada-fólksbifreið, sem ekið var sömu leið á vinstri akrein. Varð fyrst allharður árekstur á milli R-287 og R-50050, sem olli því, að R-50050 kastaðist yfir á vinstri akrein og á eða í veg fyrir R-36085, svo að árekstur varð á milli þeirra. Ætlun bifreiðarstjóra R-287 hafði verið að beygja til vinstri og aka vestur nyrðri akbraut Kleppsvegar.

Lögreglan lýsir skemmdum á bifreiðunum þannig: „R-287, öll vinstri hlið bifreiðarinnar og þak meira og minna beyglað og laskað. R-50050, allur framhluti bifreiðarinnar laskaður svo og vinstri hurð hennar. R-36085, hægra framaurbretti, framhöggvari, svunta o.fl. beyglað.“ Allar voru bifreiðarnar óökufærar eftir árekstrana og fjarlægðar af vettvangi með kranabifreið.

Á þessum tíma var skýjað og þurrt færi. Yfirborð gatna á umræddum slóðum var malbikað.

Á uppdrætti lögreglunnar má sjá, hvernig umhorfs var á vettvangi eftir árekstrana. Sýnir uppdrátturinn R-287 þversum á gatnamótunum gegnt syðri akbraut Kleppsvegar, og er auðsætt, að framendi R-50050 hefur skollið á vinstri hlið bifreiðarinnar. Frá vinstra afturhorni R-287 til vesturs er um fjögurra metra langt dragfar, sem bendir til þess, að bifreiðin hafi kastast til hliðar þá vegalengd við höggið frá R-50050. Hemlaför eftir vinstri hjól

R-50050 mælast á uppdrættinum um 20 metrar, en um 18 metrar eftir hægri hjól. Hemlaför eftir R-36085 mælast um 14 metrar.

Bifreiðinni R-287 ók eigandi hennar, Björn Gíslason, tæplega 81 árs gamall, en bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Áfrýjandi ók R-50050, en R-36085 ók Rósa Guðný Jónsdóttir.

Lögreglan tók skýrslur af öllum bifreiðastjórunum á vettvangi. Nokkrum dögum síðar gáfu bifreiðastjórar R-287 og R-50050 sjálfstæðar skýrslur hjá lögreglunni svo og tvö vitni, Pétur Einar Traustason og Lárus Fjeldsted. Bifreiðastjórar R-50050 og R-36085 gáfu og skýrslur á bæjarþingi Reykjavíkur ásamt nefndum vitnum og Þóreyju Halldórsdóttur. Var þá liðið nokkuð á fjórða ár frá umræddum atburði og bifreiðarstjóri R-287 látinn. Verður hér á eftir rakið hið helsta úr þessum skýrslum.

Bifreiðarstjóri R-287 greindi lögreglunni svo frá á vettvangi, að hann hefði stöðvað bifreið sína á Langholtsvegi við gatnamótin fast á eftir annarri bifreið og beðið þar nokkra stund. Er þeirri bifreið var ekið af stað og beygt áleiðis vestur Kleppsveg, hefði hann ekið hægt af stað. Kvaðst hann hafa horft eftir umferð úr vestri og talið sig hafa séð til ferða R-50050, en fundist bifreiðin vera það langt undan, að sér væri óhætt að „aka í beygjuna".

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni kvað bifreiðarstjóri R-287 framangreinda frásögn rétta í aðalatriðum og gerði engar athugasemdir við vettvangsuppdrátt. Skýrði hann nú svo frá, að hann hefði horft til umferðar, en enga séð og einskis orðið var, fyrr en árekstur varð. Hann kvaðst ekki hafa séð R-50050 fyrir áreksturinn og ekki minnast annarrar umferðar.

Áfrýjandi skýrði lögreglunni svo frá á vettvangi, að hún hefði ekið á um 60-65 km hraða og ætlað beint áfram. Hún kvaðst hafa veitt R-287 athygli, er bifreiðin nálgaðist gatnamótin mjög hægt. Hefði hún í fyrstu treyst því, að bifreiðarstjórinn staðnæmdist og biði þess, að hún æki yfir gatnamótin. Þegar henni varð ljóst, að ekki yrði af því, hefði hún snögghemlað og reynt að sveigja undan til vinstri, en það ekki nægt til að afstýra árekstri. Hún kvaðst ekkert hafa vitað af R-36085, fyrr en sú bifreið skall á vinstri hlið hennar bifreiðar andartaki eftir áreksturinn milli R-287 og R-50050.

Áfrýjandi staðfesti við yfirheyrslu hjá lögreglunni, að uppdráttur

af vettvangi væri réttur og að hún hefði nefnt 60-65 km hraða, er lögreglan innti hana eftir ökuhraða. Hún kvaðst hafa orðið fyrir taugaáfalli við áreksturinn og nefnt þessar tölur án þess að vita, hve hratt hún ók, enda hefði hún ekki litið á hraðamælinn. Kvaðst hún telja, að hraðinn hefði ekki verið meiri en 50 km, og miðaði þá við, að hún hefði ekið á svipuðum hraða og R-36085 var ekið.

Í aðilaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur kvaðst áfrýjandi hafa tjáð lögreglunni á vettvangi, að hún vissi ekkert um ökuhraða bifreiðar sinnar, þar sem hún hefði ekki verið að horfa á hraðamælinn fyrir áreksturinn. Er lögreglan þráspurði um hraðann, hefði hún að lokum svarað því til, að hann hefði ef til vill verið 50-60 km. Í aðilaskýrslu sinni kvaðst áfrýjandi telja, að láta myndi nærri, að hún hefði ekið á þeim hraða. Kvaðst hún hafa vitað, að hámarkshraði á umræddum slóðum væri 50 km.

Rósa Guðný Jónsdóttir skýrði lögreglunni svo frá á vettvangi, að hún hefði ekið R-36085 á 45-50 km hraða og ætlað beint áfram. Bifreið sín hefði verið rétt fyrir aftan R-50050, og hefði hún séð, að árekstur myndi verða milli þeirrar bifreiðar og R-287. Hefði hún þá snögghemlað, en R-50050 kastast til og lent yfir á vinstri akrein eftir áreksturinn við R-287. Hún hefði því ekkert svigrúm haft til að afstýra árekstri við R-50050.

Í vitnaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur kvaðst Rósa Guðný ekki lengur geta gert sér nákvæma grein fyrir hraða sinnar bifreiðar, en taldi hann hafa verið um 50 km. Hún kvaðst ekki hafa veitt R-50050 sérstaka athygli fyrir áreksturinn og ekki geta fullyrt um ökuhraða þeirrar bifreiðar, en hún áliti, að hann hefði verið svipaður og hraði sinnar bifreiðar. Vitnið kvað R-287 hafa verið ekið á hægri akrein Langholtsvegar að gatnamótunum.

Pétur Einar Traustason skýrði svo frá í skýrslu hjá lögreglunni, að hann hefði umrætt sinn ekið bifreið á vinstri akrein norður Langholtsveg og stöðvað hana við Kleppsveg. R-287 hefði verið ekið á hægri akrein Langholtsvegar og einnig verið stöðvuð við Kleppsveg. Hann kvaðst hafa séð til ferða R-50050 og R-36085 austur Kleppsveg, og vegna þeirra hefði hann beðið við gatnamótin. Á meðan hann beið, hefði sér orðið litið til bifreiðarstjóra R-287 og séð, að hann hallaði sér fram á stýrið til að horfa eftir umferð, en ók síðan hægt af stað inn á Kleppsveg í veg fyrir bifreiðarnar

tvær, sem þá áttu skammt ófarið að gatnamótunum. Hann kvaðst hafa séð, að báðum bifreiðunum var hemlað, þegar R-287 var ekið í veg fyrir þær, en það hefði ekki nægt til að afstýra árekstri. Pétur kvaðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt við hraða bifreiðanna og taldi hann hafa verið öðrum hvorum megin við 50 km.

Lárus Fjeldsted greindi frá því í skýrslu hjá lögreglunni, að hann hefði verið farþegi í bifreið Péturs Einars Traustasonar. Hann kvaðst hafa séð til ferða R-50050 og R-36085, meðan bifreið þeirra stóð á vinstri akrein Langholtsvegar við gatnamótin, og hefði sér virst hraði þeirra eðlilegur. Hann kvaðst hafa veitt því athygli, er R-287 var ekið hægt inn á Kleppsveg í veg fyrir bifreiðarnar. Virtist honum bifreiðarstjóri R-287 taka eftir bifreiðunum, er hann var kominn inn á gatnamótin, og þá stöðva bifreið sína. Rétt í þann mund hefði hann heyrt hemlaískur og árekstrarnir orðið í framhaldi af því.

Í vitnaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur kvað Lárus Fjeldsted R-287 hafa verið hægra megin við bifreið þá, sem hann var farþegi í. Hann kvaðst minnast þess, að sér hefði fundist hraði R-50050 vera ekki minni en 50-60 km.

Þórey Halldórsdóttir var farþegi í R-50050. Í vitnaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur kvaðst hún telja, að hraði þeirrar bifreiðar hefði verið um 50 km.

II. Bótaábyrgð

Stöðvunarskylda var á Langholtsvegi við Kleppsveg á umræddum tíma. Samkvæmt 4. mgr. 48. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968 bar bifreiðarstjóra R-287 skilyrðislaust að nema staðar við gatnamótin, svo sem hann og gerði. En áður en hann ók af stað aftur, var honum skylt að sýna ýtrustu varúð og víkja fyrir umferð ökutækja um Kleppsveg. Þessarar brýnu skyldu gætti bifreiðarstjóri R-287 ekki, er hann ók inn á gatnamótin í veg fyrir R-50050 og R-36085, sem leitt er í ljós, að þá áttu skamman spöl ófarinn að þeim, og knúði með því stjórnendur þeirra til nauðhemlunar. Þá ók bifreiðarstjóri R-287 að gatnamótunum á hægri akrein Langholtsvegar, þótt ætlun hans væri að beygja til vinstri vestur Kleppsveg. Þetta var andstætt fyrirmælum í 2. mgr. 46. gr. laga nr. 40/1968 og mjög varhugavert með tilliti til þess, að kyrrstæð bifreið

var honum á vinstri hönd við gatnamótin, sem hlaut að torvelda honum útsýn vestur syðri akbraut Kleppsvegar og þeim, sem óku austur Kleppsveg að gatnamótunum, að sjá R-287 og varast í tæka tíð ótímabæran akstur þeirrar bifreiðar inn á gatnamótin. Með þessum ólögmæta akstri, sem var í senn mjög afbrigðilegur og stórhættulegur, átti bifreiðarstjóri R-287 meginsök á því, að R-50050 skall á bifreið hans.

Hámarkshraði á Kleppsvegi, sem nú heitir Sæbraut, var í júlí 1987 50 km á klukkustund, en hækkaður tæpum fimm mánuðum síðar í 60 km, sbr. 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987, sem gefin var út 22. desember 1987. Þegar virt eru hemlaför eftir R-50050 og önnur ummerki á uppdrætti lögreglu af vettvangi svo og þegar litið er til þess, að miklar skemmdir urðu á þeirri bifreið og R-287, þykir sýnt, að R-50050 hafi verið ekið talsvert yfir hámarkshraða, er bifreiðin nálgaðist umrædd gatnamót. Verður árekstur bifreiðanna að nokkru rakinn til þess.

Með skírskotun til þessa og 68. gr. laga nr. 40/1968 ber að skipta sök á árekstrinum. Þykir eftir atvikum rétt að líta svo á, að bifreiðarstjóri R-287 hafi átt 3/4 sakar, en áfrýjandi 1/4. Samkvæmt því bera stefndu óskipt fébótaábyrgð að 3/4 á tjóni áfrýjanda af völdum árekstursins, sbr. 69. og 70. gr. laga nr. 40/1968.

III. Tjón áfrýjanda

Áfrýjandi var flutt af slysstað á slysadeild Borgarspítalans. Í ýtarlegu læknisvottorði Gunnars Þórs Jónssonar, yfirlæknis þar, frá 11. nóvember 1988 segir meðal annars á þessa leið:

„Samantekt:

Sjúkl. fékk áverka á hægra hné og vinstri hönd við bifreiðaárekstur þ. 31/7 1987. Einkenni frá hendi löguðust á fyrstu vikunum.

Einkenni frá hné, sem getið var um, að hefði rekist í mælaborð, við fyrstu komu voru lítil í byrjun, en sjúkl. kom vegna vaxandi einkenna þaðan þ. 17/8 1987. Hún hefur síðan haft veruleg einkenni frá hnénu við alla áreynslu, einkum við hnébeygjur og stiga- og brekkugang.

Við klíníska skoðun hefur sjúkl. öll einkenni um chondromalaciu, það er sköddun á liðbrjóski hnéskeljar með sársauka við álag

á þann lið, sem verður mest við hnébeygjur, stiga- og brekkugang.

Eftir meðferð hjá sjúkraþjálfara hefur ástand batnað nokkuð, en sjúkl. hefur þó áframhaldandi einkenni frá hnénu og greinilega minnkaða vinnugetu.

Meiðsli þessi má augsýnilega rekja til framangreinds bílslyss.

Horfur:

Chondromalacia eða sköddun á liðbrjóski hnéskeljar með álagssársauka veldur mjög sennilega áframhaldandi einkennum í langan tíma við áreynslu á hnéskeljarlið. Talsverð hætta er á að fá slitgigt í liðinn er fram líða stundir. ...“

Stefán Bogason tryggingalæknir mat örorku áfrýjanda af völdum slyssins. Í örorkumatinu, sem dagsett er 12. apríl 1989, segir meðal annars:

„Slasaða var í vinnu í veitingahúsinu Sælkeranum þegar hún lenti í slysinu. Treysti sér ekki til þeirrar vinnu aftur en byrjaði í ... Ármúlaskóla 01.09. og var þann vetur. Tók þátt í öllu nema sundi og leikfimi. Fór versnandi í hnénu, þoldi illa gang eða reyna nokkuð á hnéð og bólgnaði við alla áreynslu og fékk verki. Hún fór að vinna á bar um helgar með skólanum en hætti því um vorið 1988, var þá orðin það slæm í hnénu. Hún fór að vinna á Póstgíróstofunni við skrifstofustörf í janúar 1988 og hefur verið þar síðan í fullu starfi.

Hún er enn með verki í hnénu við áreynslu, fær verki og stirðleika og á erfitt með að ganga, sérstaklega stiga. Getur ekki gengið nema stutt á götu vegna þreytu, bólgnar enn við gang. Hún kveðst vera orðin alveg góð í hendinni, segir að hnéð vilji stundum gefa sig þegar hún sé bólgin. Var í sjúkraþjálfun um tíma vegna vöðvarýrnunar og lagaðist og hefur stundað heimaæfingar síðan. ...

Álit.

... Við skoðun nú er vinstra hné ekki bólgið. Hreyfingar eru góðar, en það er sárt að hreyfa hnéskelina. Slasaða mun hafa fengið sköddun á liðbrjóski hægri hnéskeljar og má búast við varanlegum einkennum frá þeim áverka og er talsverð hætta á að hún fái slitgigt í liðinn er fram líða stundir.

Tímabundin og varanleg örorka af völdum þessa slyss þykir hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í einn mánuð 100%
Eftir það talið í fjóra mánuði 50%
Varanleg örorka ..... 20%“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur tvívegis reiknað út áætlað örorkutjón áfrýjanda, 3. júní 1989 og 10. september 1990. Byggir áfrýjandi kröfugerð sína á seinni útreikningnum. Áfrýjandi er fædd 25. nóvember 1969 og var því 17 ára, er hún varð fyrir umræddu slysi. Tekjur hennar til frambúðar eru í útreikningi þessum áætlaðar þannig, að frá og með 22. aldursári er miðað við 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Á þessum tíma voru 75% af þeim tekjum 1.079.200 krónur á ári. Á 21. aldursári er reiknað með 92% af þessum tekjum og lækkandi um 8% á ári niður í 68% á 18. aldursári. Nemur örorkutjón áfrýjanda reiknað á þenna hátt:

Vegna tímabundinnar örorku ..... kr. 126.100
Vegna varanlegrar örorku ..... — 2.737.200

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins er í örorkuútreikningnum áætlað 6% af tjóni vegna varanlegrar örorku. Nemur það samkvæmt því 164.200 krónum.

Áfrýjandi fékk eftir slysið 9.824 krónur í dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins og 429.101 krónu í örorkubætur, sem greiddar voru í einu lagi 16. júní 1989. Verðmæti þessara greiðslna nemur 341.500 krónum miðað við slysdag.

Áfrýjandi sundurliðar þannig fjárhæð endanlegrar kröfu sinnar:

1. Tjón vegna tímabundinnar örorku	kr.	42.033
2. Tjón vegna varanlegrar örorku	—	2.737.200
3. Verðmæti lífeyrisréttinda	—	164.200
	Kr.	2.943.433
Frá dregst verðmæti greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins	—	341.500
	Kr.	2.601.933
4. Tjón vegna miska	—	500.000
Samtals	kr.	3.101.933

Um 1. lið.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti varð samkomulag um fjárhæð þessa kröfuliðar.

Um 2. og 3. lið.

Stefndu mótmæla fjárhæðum þessara kröfuliða sem of háum. Leggja þeir áherslu á, að við mat á örorkutjóni beri að draga frá vegna skattfrelsis örorkubóta 39,75%, sem var á þessum tíma staðgreiðsluhlutfall opinberra gjalda, svo og 5% vegna hagræðis af greiðslu bótanna í einu lagi. Á þetta verður ekki fallist, sbr. dóm Hæstaréttar 19. nóvember 1992 í máli nr. 13/1991 og dóm Hæstaréttar, upp kveðinn í dag í máli nr. 141/1990.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, hliðsjón höfð samkvæmt dómvenju af skattfrelsi örorkubóta, hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi og öðru, sem hér skiptir máli, og dregið hefur verið frá verðmæti greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, þykir örorkutjón áfrýjanda hæfilega metið 1.900.000 krónur.

Um 4. lið.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um meiðsli áfrýjanda og afleiðingar þeirra, má fallist á, að tjón vegna miska sé hæfilega metið 200.000 krónur.

IV. Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón áfrýjanda samtals 2.142.033 krónum (42.033 + 1.900.000 + 200.000). Verða stefndu dæmdir til að greiða henni óskipt 3/4 hluta þeirrar fjárhæðar, 1.606.525 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði segir.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 650.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er tekinn með útlagður kostnaður áfrýjanda af gagnaöflun og rekstri málsins, samtals 109.835 krónur, sem ekki sætti andmælum af hálfu stefndu. Hins vegar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það er athugavert við hinn áfrýjaða dóm, að atvikalýsingu er áfátt að því leyti, að í hana vantar alveg framburð vitna fyrir lögreglu og dómi, sem sakarmat í dóminum er meðal annars byggt á. Þá er að engu getið mikilsverðra upplýsinga, sem uppdráttur lögreglu af vettvangi veitir. Enn fremur er sá galli á hinum áfrýjaða dómi, að læknisfræðilegum gögnum málsins og örorkuútreikningi eru engan veginn gerð viðhlítandi skil.

Dómsorð:

Stefndu, dánarbú Björns Gíslasonar og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði áfrýjanda, Karen Kinchin Eiríksdóttur, 1.606.525 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 15% frá 31. júlí 1987 til 21. september s.á., 17% frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 20% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. s.m., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% frá þeim degi til 21. s.m., 13% frá þeim degi til 11. apríl s.á., 15% frá þeim degi til 11. júní s.á., 17% frá þeim degi til 21. júlí s.á., 12% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 10% frá þeim degi til 1. september s.á., 6% frá þeim degi til 21. s.m., 8% frá þeim degi til 21. október s.á., 9% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 11% frá þeim degi til 1. janúar 1990, 9% frá þeim degi til 21. s.m., 7% frá þeim degi til 1. mars s.á., 5% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 3% frá þeim degi til 10. september s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja við höfuðstól, í fyrsta sinn 10. september 1991.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 650.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. október 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. október 1990, hefur Karen Kinchin Eiríksdóttir háskólanemi, Sólheimum 23, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum á hendur dánarbúi Björns Gíslasonar, síðast til heimilis að Kaplaskjólsvegi 3, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Reykjavík, til greiðslu skaðabóta og miskabóta auk vaxta og málskostnaðar vegna slyss, sem hún varð fyrir 31. júlí 1987, 17 ára að aldri, fædd 25. nóvember 1969. Slysið varð með þeim hætti, að Björn heitinn Gíslason, f. 30. júní 1906, ók fólksbifreið sinni, R-287, af hægri akrein eystri akbrautar Langholtsvegar

norður yfir Kleppsveg og hugðist beygja til vinstri. Stöðvunarskylda er á Langholtsvegi gagnvart umferð um Kleppsveg. Stefnandi kom akandi á fólksbifreiðinni R-50050 austur Langholtsveg á hægri akrein. Hún nauðhemlaði, þegar hún varð vör ferða Björns heitins, en bifreið hennar rakst á bifreið Björns, kastaðist til vinstri og lenti við það í árekstri við þriðju bifreiðina, sem ekið var eftir vinstri akrein syðri akbrautar Kleppsvegar. Stefnandi slasaðist við áreksturinn og var flutt á sjúkrahús.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér að óskiptu 3.527.500 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Til frádráttar stefnukröfum komi greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins, að fjárhæð 341.500 kr., miðað við slysdag.

Stefndu krefjast þess, að sök verði skipt og að stefndu verði aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en að málskostnaður verði felldur niður.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á því, að Björn heitinn hafi borið alla sök á árekstrinum og tjóni stefnanda með því að virða ekki aðalbrautarréttinn, en bifreið hans var ábyrgðartryggð hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands hf., sem nú hefur sameinast Almennum trygginum hf. í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Af hálfu stefndu er byggt á því, að skipta beri tjóninu að tiltölu við sök, og því haldið fram, að stefnandi hafi ekið of hratt, svo að hæfilegt sé, að hún beri þriðja hluta tjóns síns sjálf.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem lögð hefur verið fram í málinu, sagði stefnandi lögreglumönnunum, sem komu á vettvang, að hún hefði ekið á 60-65 km hraða m/v klst., þegar hún sá til ferða Björns heitins. Hún kannaðist við fyrir rannsóknarlögreglu 12. ágúst 1987 að hafa sagt þetta, en sagðist þá telja, að hún hefði ekki ekið hraðar en á 50 km hraða m/v klst. Hér fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa sagt við lögreglu á vettvangi, að hún hefði ekið „kannski" á 50-60 km hraða, og bar við, að hún hefði verið í „sjokki". Hún heldur því fram í málinu, að hún hafi ekið á löglegum hraða.

Telja verður óumdeilt, að ökumaður R-287 hafi átt höfuðsök á árekstrinum, þegar til þess er litið, hversu harður áreksturinn varð, og þegar framburður stefnda og vitnaframburður er metinn, þykir verða að leggja til grundvallar, að akstur stefnanda hafi farið í bága við ákvæði 1. mgr. 37. gr., 49. gr. og 1. mgr. 50 gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. 1. nr. 16/1977. Þykir því skv. ákvæðum 68. gr. laga nr. 40/1968 bera að skipta sök. Með hliðsjón af dómiðkun þykir mega fallast á það með stefndu, að hæfilegt sé, að stefnandi beri sjálf einn þriðja hluta tjóns síns.

Stefnandi meiddist á höfði, fingri og hné. Höfuð- og fingurmeinið greru fljótlega, en af hnémeininu hlaut hún örorku. Stefán Bogason læknir mat örorku stefnanda þannig 12. apríl 1989:

Frá slysdegi talið í einn mánuð	100%.
Eftir það í fjóra mánuði	50%.
Eftir það varanlega	20%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur mat höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi þannig 10. september 1990:

Vegna tímabundinnar örorku		kr. 126.100
— varanlegrar örorku		— 2.737.200
	Samtals	kr. 2.863.300

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda var áætlað 164.200 kr.

Stefnandi hefur fengið 438.915 kr. frá Tryggingastofnun ríkisins, og reiknast þær 341.500 kr. á slysdegi.

Varðandi mat á tjóni stefnanda deila aðilar um, hvernig meta beri skattfrelsi bóta og hagræði af eingreiðslu til lækkunar, og um fjárhæð tjóns vegna tímabundinnar örorku og miska. Við aðalflutning málsins var vaxtakröfu mótmælt og því haldið fram, að reikna bæri vexti í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðingsins til útreikningsdags.

Fallist var á þetta sjónarmið af hálfu stefnanda, en tryggingastærðfræðingurinn hefur við útreikning höfuðstólsverðmætis fram að útreikningsdegi notað einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands.

Stefnukrafan sundurliðast þannig:

1. Örorkutjón skv. útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar		kr. 2.863.300
2. Töpuð lífeyrisréttindi skv. útreikningi sama		— 164.200
3. Miskabætur		— 500.000
	Samtals	kr. 3.527.500

Stefndu hafa gert svofellda grein fyrir því, hvernig þeir telja, að reikna beri kröfu stefnanda:

Tímabundin örorka		kr. 42.033
Varanleg örorka	kr. 2.737.200	
Frádráttur vegna skatthagræðis 39,75%	— 1.089.131	
	Kr. 1.648.069	
Frádráttur vegna hagræðis eingreiðslu 5%	kr. 82.403	— 1.565.666
Nettó örorkutjón		— 1.607.699
Greiðsla frá T. R.		— 341.500
		kr. 1.266.199

Miskabætur	kr. 150.000
	kr. 1.416.199
Töpuð lífeyrisréttindi	— 164.200
	kr. 1.580.399
1/3 sakar	— 526.799
	Kr. 1.053.600

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að frádráttur vegna miska og skatthagræðis í útreikningi stefndu sé í ósamræmi við dómvenju, og bent á, að skattfrelsi bóta sé ætlað að bæta hag tjónþola, en ekki tjónvalds.

Við ákvörðun bóta til stefnanda þykir bera að hafa hliðsjón af örorkumati og örorkutjónsútreikningum. Líta ber til hagræðis af eingreiðslu til lækkunar svo og til skattfrelsis bóta. Þegar þess er gætt, að stefnandi varð fyrir slysinu í skólaleyfi og að því lauk 31. ágúst, en tryggingafræðingurinn gerir ráð fyrir 68% tekjum á 18. aldursári og 76% tekjum á 19. aldursári, þykir við mat á fjárhagstjóni vegna tímbundinnar örorku verða að víkja nokkuð frá áætlun tryggingafræðingsins.

Þegar litið er til þeirra atriða í heild, sem gæta ber við ákvörðun framtíðartjóns stefnanda, úrlausna dómstóla í sambærilegum málum, verðlagsbreytinga og vaxtaforsendna, þykir verða að fallast á áætlun stefndu um örorkutjón stefnanda. Þegar litið er til dómiðkunar og hinna sérstöku atvika málsins, þykir einnig verða að fallast á áætlun stefndu um miska. Samkvæmt þessu þykja bætur til stefnanda eftir sakarskiptingu hæfilega ákveðnar 1.053.600 kr. auk vaxta, eins og greinir í dómsorði. Stefnandi þykir eiga rétt á að fá bætur þessar óskertar, og verður því ekki fallist á kröfu stefndu um, að málskostnaður verði felldur niður, en hann þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr. að teknu tilliti til virðisaukaskattsskyldu.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, dánarbú Björns Gíslasonar og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda að óskiptu 1.053.600 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum] og 200.000 kr. í málskostnað, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 46/1993. **Ákæruvaldið**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Hallgrími Ævari Mason
(Björgvin Þorsteinsson hrl.) og
Stefáni Einarssyni
(Jón Magnússon hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka. Dráttur á málsmeðferð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1993 að ósk ákærðu, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu. Í munnlegum málflutningi fyrir Hæstarétti var af hálfu ákæruvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi. Með skírskotun til forsendna hans ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða. Þá verða ákvæði dómsins um upptöku og sakarkostnað staðfest.

Mikill dráttur varð á meðferð máls þessa, þar til það var fengið dómara þeim, er kvað upp héraðsdóminn. Lögregluransókn var lokið í júlí 1988, og var málið þá sent ríkissaksóknara, en ákæra var ekki gefin út fyrr en 27. júlí 1990. Ákæra var birt ákærða Stefáni Einarssyni 17. desember 1990. Málið var hins vegar ekki þingfest fyrr en 2. nóvember 1992, en ákæra var fyrst birt ákærða Hallgrími Ævari Mason 19. október sama ár. Með hliðsjón af þessu þykir mega staðfesta ákvörðun héraðsdómara um refsingu beggja ákærðu.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

Samkvæmt skýrslum rannsóknarlögreglu var vottur ekki alltaf viðstaddur yfirheyrslur eða upplestur á skýrslum ákærðu, heldur vottaði einungis undirritun þeirra. Var þetta ekki í samræmi við 37.

gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. nú 2. mgr. 72. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Hallgrímur Ævar Mason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Ákærði Stefán Einarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. desember 1992.

Ár 1992, mánudaginn 14. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. SÁ-10/1992: Ákæruvaldið gegn Hallgrími Ævari Mássyni og Stefáni Einarssyni, sem tekið var til dóms 23. f. m.

Málið er höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 27. júlí 1990, á hendur ákærðu, Hallgrími Ævari Mássyni, Hábergi 3, kennitala 300543-2199, og Stefáni Einarssyni, Laufásvegi 25, kennitala 301248-3429, báðum í Reykjavík.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir að hafa á tímabilinu frá desember 1985 til nóvember 1987 í félagi staðið að innflutningi á samtals 67-70 kg af hassi hingað til lands í ágóðaskyni.

Ákærði Stefán keypti hassið í Hollandi á um 100.000-120.000 kr. hvert kg og sendi það hingað til lands frá Belgíu sjóleiðis, falið í málningardósum.

Ákærði Hallgrímur Ævar seldi megnið af hassinu í Reykjavík, samtals um 51-54 kg, að miklu leyti fyrir milligöngu Bryndísar Valbjörnsdóttur, kt. 030157-2149, og fengu ákærðu 370-430 kr. fyrir hvert selt gramm. Ákærði Hallgrímur Ævar seldi sjálfur Kristjáni Aðalsteinssyni, kt. 041157-5859, samtals allt að 2 kg á 350-400 kr. hvert gramm nærri áramótum 1985/1986.

Ofangreint hassefni barst hingað til lands svo sem hér greinir:

1. 17. desember 1985 með ms. Eyrarfossi til Hafnarfjarðar, um 6-7 kg,
2. 17. mars 1986 með ms. Eyrarfossi til Reykjavíkur, um 2,5-3 kg,

3. 4. maí 1986 með ms. Álafossi til Hafnarfjarðar, um 4-4,4 kg,
4. 8. júlí 1986 með ms. Eyrarfossi til Reykjavíkur, um 7 kg,
5. 7. október 1986 með ms. Álafossi til Hafnarfjarðar, um 10 kg,
6. 2. desember 1986 með ms. Álafossi til Reykjavíkur, um 10,5 kg,
7. 3. mars 1987 með ms. Eyrarfossi til Reykjavíkur, 4,5-5,8 kg,
8. 1. júní 1987 með ms. Álafossi til Reykjavíkur, um 12 kg,
9. nóvember 1987 með ms. Eyrarfossi til Reykjavíkur, 10.733,1 g, og lagði lögreglan hald á allt það efni 16. s. m. við bílskúr að Giljalandi 5, Reykjavík, sem ákærðu höfðu til afnota.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar og jafnframt til að sæta upptöku samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986 á eftirgreindu hassi, munum, sem notaðir voru við meðferð efnisins, og fjármunum:

1) framangreindum 10.733,1 g af hassi og enn fremur á 45,6 g af efninu, sem lagt var hald á í sama skipti,

2) „lofttæmingarvél", sem lagt var hald á í sama skipti og ákærðu notuðu við að pakka inn hassi,

3) tölvugrammavog, sem ákærðu notuðu við vigtun á hassi og lagt var hald á 18. nóvember 1987 í herbergi að Ástúni 12, Kópavogi, sem ákærðu höfðu til afnota,

4) 80.000 kr. og enn fremur á þremur tékkaeyðublöðum, nr. 2069738-2069740, á ávísanareikning nr. 43414 við Alþýðubankann hf., Laugavegi 31, Reykjavík, hver að fjárhæð 50.000 kr., út gefnum af Kristjáni Aðalsteinssyni, en fjármuni þessa móttók ákærði Hallgrímur Ævar sem greiðslu fyrir sölu á hassi".

Mál þetta hafði ekki verið þingfest, þegar sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum var lagður niður 30. júní sl. með lögum nr. 19/1991, og fluttist málið því samkvæmt bráðabirgðaákvæði 197. gr. áðurgreindra laga til dómsins, og var dómaranum falið það til meðferðar 14. október sl. og fyrirkall gefið út í málinu 16. sama mánaðar.

Málavextir.

Í lok ágúst 1987 gerði Helgi Skúlason, rannóknarlögreglumaður hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, skýrslu um það, að undanfarið hefði farið fram rannsókn hjá deildinni á innflutningi á verulegu magni af hassi frá Belgíu. Stæðu ákærðu, Hallgrímur Ævar Másson og Stefán Einarsson, að þessum innflutningi.

Í skýrslunni kemur fram, að með rannsókn og aðstoð upplýsingaaðila

hafi lögreglan komist að því, að hassið sé flutt til landsins í málningu, sem komi til landsins eins og hver önnur vörusending. Ákærði Stefán fari alltaf til útlanda með mikla fjármuni og sjái um að kaupa hassið og koma því fyrir í málningunni, en ákærði Hallgrímur Ævar veiti sendingunni viðtöku hérlendis og komi efninu í dreifingu. Ekki sé vitað, með hvaða hætti eða hvort ákærði Stefán sjái einn um kaupin á hassinu erlendis og pökkun á því.

Í skýrslunni kemur fram, að ákærðu komist yfir nægilegt magn af gjaldeyri þrátt fyrir ströng gjaldeyrishöft með því að stunda annan innflutning á verðlausum tölvuhlutum frá Þýskalandi. Þetta geri þeir með því, að ákærði Stefán komist yfir verðlausa tölvuhluti og sendi þá til landsins til fyrirtækis ákærða Hallgríms Ævars, sem heiti Evelyn. Með þessu hafi hann sent háa falsaða reikninga, en á þá hafi hann sett nafnið STEFAN computer parts Munster. Ákærði Hallgrímur Ævar leysi síðan þessa tölvuhluti út og fái tékka í þýskum mörkum í bönkum hérlendis til greiðslu á reikningunum, og hafi ákærði Stefán síðan framselt þessa tékka í bönkum í Þýskalandi. Þá hafi ákærði Stefán tekið út mikinn gjaldeyri í bönkum erlendis út á greiðslukort. Segir í skýrslunni, að ákærðu hafi á sl. tveimur árum náð út gjaldeyri að fjárhæð um 11.000.000 íslenskra króna, þ. e. um 275.000 Bandaríkjadala.

Í skýrslunni segir, að ákærðu hafi flutt málninguna til landsins á nafni Kristjáns Guðmundssonar, box 30, Hafnarfirði, svo að ekki sé hægt að rekja til þeirra, ef eitthvað fari úrskeiðis á leiðinni, en Kristján þessi sé Íslendingur, sem búið hafi sl. 17 ár í Bandaríkjunum og sé á engan hátt viðriðinn málið, svo að vitað sé, heldur hafi ákærðu aðeins notað nafn hans.

Fram kemur, að samkvæmt reikningum, sem hafi fylgt málningunni, sé hún keypt hjá fyrirtækinu V. Vanderstuyf, Cornostraat 128, 2000 Antwerpen, og að ekki sé vitað um nein tengsl ákærðu við það fyrirtæki. Málningunni hafi síðan verið komið til afgreiðslu Eimskipafélags Íslands í Antwerpen og hún síðan send til Íslands með Álafossi eða Eyrarfossi, en annað hvort skipið sé vikulega í Antwerpen. Ákærðu eru sagðir hafa frá því í desember 1985 sent átta sendingar sem þessar, og hafi yfirleitt verið 10-11 kassar í hverri sendingu, en í hverjum kassa séu fjórar 5,45 kg dósir af þakmálningu.

Dagsetningar reikninganna frá V. Vanderstuyf eru sagðar 4.12. 1985, 4.3. 1986, 11.4. 1986, 24.6. 1986, 23.9. 1986, 17.11. 1986, 8.2. 1987 og 19.5. 1987. Þá segir, að yfirleitt hafi liðið um vika frá dagsetningu reikningsins og þar til málningin hafi verið afhent umboðsaðila Eimskipafélagsins í Antwerpen. Ákærði Stefán hafi að jafnaði farið til útlanda u. þ. b. viku fyrir dagsetningu reikninganna og hann þá flogið til Lúxemborgar og farið

þaðan til Þýskalands, þar sem hann hafi dvalist nokkra daga og innleyst tékkana fyrir tölvuhlutunum í banka. Af yfirlitum yfir úttektir ákærða Stefáns á greiðslukort megi sjá, að hann hafi síðan farið til Antwerpen og verið þar um svipað leyti og reikningarnir séu gefnir út og málningin afhent umboðsmanni Eimskipafélagsins. Á sama hátt megi sjá, að ákærði Stefán hafi oftast haft viðkomu í Amsterdam, áður en hann fór til Antwerpen. Ákærði Stefán hafi síðan, eftir að málningin var lögð af stað til Íslands, farið eitthvað annað, t. d. til Bandaríkjanna, Singapore, Ítalíu eða Spánar og dvalist þar og ekki komið aftur til Íslands, fyrr en eftir að málningin hafði örugglega verið leyst út úr tolli á Íslandi.

Þess er getið í skýrslunni, að ákærði Stefán hafi sést á gangi í Amsterdam 14. nóvember 1986 ásamt manni að nafni Þorsteinn Kragh, sem sé vel þekktur hjá íslensku fíkniefnalögreglunni og hafi, svo að vitað sé, útvegað hass fyrir Íslendinga í Amsterdam.

Í skýrslunni kemur fram, að rannsókn máls þessa sé vel á veg komin hér á landi, vitað sé um innflutningsleiðina, leiðir til öflunar gjaldeyris og dreifingu efnisins hér á landi. Hafi komið fram, að allar þessar leiðir séu mjög flóknar og vel skipulagðar og miði allar að því, að ekki verði hægt að rekja innflutninginn til ákærðu.

Í skýrslunni segir, að vitað sé, að ákærðu séu nú að afla gjaldeyris til næstu ferðar, og muni þeir á næstu dögum ná út a. m. k. 1.500.000-1.700.000 íslenskra króna í gjaldeyri, sem ákærði Stefán muni fara með til útlanda og kaupa hass og flytja til landsins með sama hætti og þeir hafi áður gert. Ætlunin sé að grípa inn í, þegar ákærði Hallgrímur Ævar leysi þessa sendingu út úr tolli hér, og handtaka hann. Litlar sannanir muni þá liggja fyrir um þátt ákærða Stefáns, og því sé nauðsynlegt að afla gagna um þátt hans í þessu erlendis.

Fram kemur í skýrslunni, að ekki sé vitað, hversu mikið hass ákærðu hafi flutt með þessum hætti til landsins, en út frá þeim upphæðum í gjaldeyri, sem ákærði Stefán hafi farið með utan hverju sinni, og umfangi dreifingar ákærða Hallgríms Ævars megi ætla, að í hverri sendingu af hassi séu a. m. k. 10 kg af hassi, en lagt hafi verið hald á nokkur hundruð grömm af hassi, sem komið hafi frá ákærða Hallgrími Ævari. Alltaf sé um sams konar hass að ræða, mjög dökkt á lit, í u. þ. b. 250 gr sporöskjulöguðum, þykkum og vakúmpökkuðum kökum.

Miðvikudaginn 11. nóvember 1987 voru kveðnir upp úrskurðir í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum um heimild til húsleitar heima hjá ákærða Stefáni að Boðagranda 6 og heima hjá ákærða Hallgrími Ævari að Hábergi 3 í Reykjavík. Kom fram í kröfugerð lögregluyfirvalda um heimild til leitarinnar, að ákærði Stefán væri nýkominn til landsins, og um sama leyti hefði borist til Hafnarfjarðar málningarsending frá útlöndum. Verður síðar gerð

grein fyrir leit hjá ákærðu samkvæmt þessum úrskurðum, en þær fóru ekki fram, fyrr en eftir að ákærðu höfðu verið handteknir. Verður nú gerð grein fyrir aðdraganda þess.

Samkvæmt skýrslu Arnars Jenssonar lögreglufulltrúa, dagsettri 16. nóvember 1987, voru hann, níu aðrir rannsóknarlögreglumenn og tollvörður við stöðugt eftirlit á 12 kössum af málningu, sem hver um sig innihélt fjórar fimm lítra dósir, en málningin var í vörugeymslu Eimskips í Hafnarfirði. Var ætlunin að sjá, hver myndi sækja vöruna og hvert hún færi, en varan var stíluð á innflutningsfyrirtækið Kristján Guðmundsson, box 30, Hafnarfirði. Eftirlit þetta var til komið vegna þeirra grunsemda, sem áður er um getið, þ. e., að ákærðu stæðu að innflutningi fíkniefna í sendingunni.

Verður nú rakin atburðarás umræddan dag, eins og henni er lýst í skýrslu Arnars.

Umræddan dag klukkan 14.20 kom ákærði Stefán akandi í bifreið sinni, R 46521, hvítri og grárri GMC-bifreið, að afgreiðslu tollsins við Suðurgötu í Hafnarfirði. Ákærði lagði bifreiðinni og gekk inn í afgreiðsluhúsið og fylgdist með bifreiðarstjóra á sendibifreið frá Nýju sendibílastöðinni, en hann var þá að gera upp gjöld vegna umræddrar sendingar. Ákærði gekk út, áður en bifreiðarstjórinn hafði lokið uppgjörinu, og ók rakleitt eftir Fjarðargötu að afgreiðslu Eimskipafélagsins. Þar fór hann út úr bifreiðinni og gekk inn í afgreiðsluskúr. Eftir skamma stund kom hann út úr skúrnum og gekk um svæðið fyrir utan skemmuna og leit í allar áttir. Þá settist hann aftur inn í bifreiðina og ók að nýju eftir hafnarbakkanum, Fjarðargötu og að tollafgreiðslunni, þar sem bifreiðarstjórinn var enn að ganga frá pappírum yfir sendinguna. Ákærði lagði bifreið sinni í stæði strætisvagna, fór úr bifreiðinni og gekk yfir bifreiðastæðið fyrir framan tollafgreiðsluhúsið, síðan til baka og inn í bifreiðina að nýju. Þá ók hann sömu leið til baka að vöruafgreiðslu Eimskipafélagsins. Þar sat hann og horfði í kringum sig, þar til sendibifreiðin kom að afgreiðslunni.

Bifreiðarstjórinn fór inn í afgreiðsluna, en ákærði fór út úr bifreið sinni og gekk um svæðið um stund, en fór síðan á eftir manninum inn í afgreiðsluskúrinn. Hann var þar stutta stund og fylgdist með afgreiðslu pappíranna. Þá gekk hann út og litaðist um, fór inn aftur, og er pappírarnir höfðu verið afgreiddir, fór hann út og beið við bifreið sína, þar til búið var að afgreiða pakkana úr skemmunni í sendibifreiðina. Þá ók ákærði hægt um hafnarsvæðið fram og til baka, þar til sendibifreiðin lagði af stað með pakkana. Þá ók ákærði bifreið sinni, sem leið lá frá höfninni upp Hjallabraut, og þar með lauk eftirliti með ákærða Stefáni að sinni.

Nokkrir lögreglumannanna eltu sendibifreiðina frá vöruafgreiðslunni suður Fjarðargötu, um Lækjargötu allt að Reykjanesbraut, hana í vestur

að nýju Reykjanesbrautinni og eftir henni í átt til Reykjavíkur, fram hjá Breiðholti, að Elliðavogi og vestur Kleppsveg, en gegnt Holtagörðum tók bifreiðin U-beygju inn á Holtaveg og inn á bifreiðastæði við Kleppsveg 142, en þar var hún stöðvuð.

Á bifreiðastæði við Holtaveg gegnt Þróttheimum sat ákærði Hallgrímur Ævar í bifreið sinni, svartri Lancia-bifreið, R 60998. Hann beið um stund í bifreiðinni, en ók síðan inn á stæðið, þar sem sendibifreiðin var, og hafði tal af ökumanni hennar. Eftir það var báðum bifreiðunum ekið af stað, ákærði Hallgrímur Ævar á undan. Lögreglumennirnir veittu bifreiðunum eftirför um Holtaveg, austur Langholtsveg, suður Skeiðarvog, suður Réttarholtsveg, niður Hörgsland og inn í Giljaland, en þar var sendibifreiðinni lagt við bílskúr, sem tilheyrir Giljalandi 5. Lagði ákærði Hallgrímur bifreið sinni þar við. Ákærði opnaði síðan skúrinn með lykli, og hjálpuðust hann og bifreiðarstjórinn að við að bera kassana inn í skúrinn.

Lögreglumennirnir handtóku síðan ákærða Hallgrím Ævar og bifreiðarstjórann klukkan 15.15, en þá höfðu þeir lokið við að bera um helminginn af kössunum inn í skúrinn. Ákærði og bifreiðarstjórinn veittu ekki mótþróa, en voru færðir í handjárn og fluttir á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Þar var ákærði færður í fangageymslu, en bifreiðarstjórinn í yfirheyrslu. Honum var sleppt að henni lokinni, þar sem hann virtist ekki viðriðinn málið. Við athugun á málningardósunum kom í ljós, að í þeim voru 10,7 kg af hassi.

Um svipað leyti og áðurgreindir atburðir urðu, voru þrír aðrir starfsmenn lögreglunnar í Reykjavík að fylgjast með ferðum ákærða Stefáns við heimili hans að Boðagranda 6 í Reykjavík. Klukkan 15.20 veittu þeir því athygli, að ákærði kom akandi að húsinu. Gáfu lögreglumennirnir sig þá fram og handtóku hann. Þegar eftir handtöku ákærða tóku lögreglumennirnir eftir því, að kona hafði fylgst með aðgerðum lögreglunnar fyrir utan húsið úr glugga á stigagangi þess. Virtist lögreglumönnunum, að þar væri vinkona ákærða, og þegar hún varð þess vör, að eftir sér hafði verið tekið, hvarf hún í skyndi úr glugganum. Fóru þá lögreglumennirnir inn í húsið og hringdu bjöllu við dyr inn í íbúð ákærða, en ekki var svarað. Spurðu þá lögreglumennirnir ákærða, hvort einhver væri inni í íbúð hans, og játaði hann því og sagði, að þar væri vinkona sín. Að beiðni lögreglumannanna afhenti hann þeim lykla að íbúðinni og gaf þeim heimild til að fara inn. Gerðu þeir það, og var þar inni Ólöf Ágústsdóttir, sem samþykkti að fara með lögreglumönnunum. Á lögreglustöðinni voru ákærði og Ólöf færð í fangageymslur lögreglunnar.

Laust eftir klukkan 16 umræddan dag hófust yfirheyrslur hjá lögreglu yfir ákærðu.

— — —

Niðurstöður.

Fram er kómið, að ákærðu játuðu báðir við rannsókn hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, að þeir hefðu staðið að þeim innflutningi, sem þeim er gefinn að sök í ákæru, svo og, að ákærði Hallgrímur Ævar hefði staðið að sölu efnisins hér á landi, en innflutningur þessi fór augljóslega fram í ágóðaskyni.

Ákærðu fengu báðir skipaða réttargæslumenn í þinghaldi í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 17. desember 1987. Ákærðu óskuðu þó ekki eftir því, að réttargæslumennirnir væru viðstaddir yfirheyrslur yfir þeim.

Ákærði Hallgrímur Ævar viðurkenndi í yfirheyrslu hjá lögreglu þegar 19. nóvember 1987, að ákærðu hefðu rætt um það, að ákærði Stefán hygðist kaupa málningu og fíkniefni, þegar hann fór utan í október 1987. Kvaðst ákærði ekki vita, að fíkniefni hefðu verið í málningunni, en hann hefði alveg getað átt von á því. Í þessari yfirheyrslu viðurkenndi ákærði að hafa selt Bryndísi Valbjörnsdóttur um 300 gr af hassi, sem tengdust ekki þessu máli, en væru keypt af öðrum aðila, sem hann vildi ekki upplýsa, hver væri.

Í yfirheyrslu 1. desember og síðari yfirheyrslum yfir ákærða Hallgrími Ævari viðurkenndi hann, að ákærðu hefðu staðið að innflutningi á hassi, sem falið hefði verið í málningarsendingum, og taldi upp þær níu sendingar, sem frá greinir í ákæru. Í síðari lögregluyfirheyrslum bar ákærði með sama hætti og gaf ýtarlegri upplýsingar, eins og rakið hefur verið.

Í dómsyfirheyrslu 22. desember 1987 viðurkenndi ákærði Hallgrímur Ævar innflutning á 65,5 kg af hassi í félagi við ákærða Stefán og sölu þess að frádregnu því, sem hald var lagt á, þegar ákærðu voru handteknir. Í dómsyfirheyrslu viku síðar gerði ákærði síðan frekari grein fyrir kaupunum og hagnaðarskiptingu ákærðu.

Ákærði Stefán skýrði frá aðild sinni að málinu í samræmi við það, sem fram kemur í ákærunni um þátt hans í málinu, í fimm yfirheyrslum, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir, þ. e. 20., 25. og 30. nóvember og 2. og 8. desember 1987. Í skýrslutöku 9. desember neitaði ákærði að undirrita yfirheyrsluskýrsluna, sem snerist um lýsingu á leigu á herbergjum í Reykjavík og Kópavogi. Skýrslur ákærða Stefáns 22. desember og 28. desember 1987 eru síðan á annan veg, og 2. janúar 1988 segir ákærði fullum fetum í yfirheyrslu hjá lögreglu, að allar játningar sínar um fíkniefnamisferli séu rangar.

Áður eru komnar fram skýringar ákærðu á breyttum framburði, en þeim skýringum hafa lögreglumenn þeir, sem rannsökuðu málið, neitað sem röngum.

Dómurinn hafnar með öllu skýringum ákærðu á breyttum framburði, og er ósannað með öllu, að ákærðu hafi verið beittir þvingunum og hót-

unum til að játa það, sem þeim er gefið að sök. Ákærðu höfðu báðir aðgang að réttargæslumönnum, sem þeir gátu leitað til, ef þeir teldu sig beitta harðræði. Það gerði hvorugur þeirra, og ákærði Hallgrímur Ævar staðfesti allt það, sem ákærðu er gefið að sök, í tveimur dómsyfirheyrslum í desember 1987. Sá framburður ákærða Hallgríms Ævars er í samræmi við framburð ákærða Stefáns í fimm yfirheyrslum hjá lögreglu. Þá styrkir það framburð ákærða Hallgríms Ævars og lögregluframburð ákærða Stefáns, að ákærði Stefán var jafnan í Belgíu nokkrum dögum áður en sendingarnar níu voru sendar til landsins. Frásögn ákærða Stefáns um tölvuborðaviðskiptin er ótrúverðug, og mikil fjárráð hans skýrast ekki af fram töldum tekjum hans á þessum árum. Smyglsaga ákærða Stefáns hefur enga stoð í gögnum málsins, þvert á móti er upplýst, að ákærði hafi sætt leit tollgæslumanna tvívegis við komu til landsins á þessum árum, án þess að nokkur smyglvarningur fyndist í fórum hans nema tveir hnífar og lítið sjónvarpstæki. Ákærði Stefán hefur getað sýnt fram á, að hann hafi fengið meira fyrir söluna á krónunum tveimur en fram kemur í afsölum vegna sölu þeirra, en hún fór fram árið 1983 og skýrir ekki fjárráð hans á árunum 1986 og 1987. Ljóst er, að langar ferðir ákærða í útlöndum hefur hann tæpast getað greitt af tekjum sínum, og engin gögn liggja fyrir um það, að ákærði hafi með eðlilegum hætti getað aflað sér þeirra háu fjárhæða, sem runnið hafa um hendur hans á árunum 1986 og 1987.

Dómurinn hafnar þeirri frásögn ákærða Stefáns, að hann hafi staðið að hinum sérstæðu sendiferðum með fé til Mike Henry vegna málningarsendinga hingað til lands án þess að vita, hvað var að gerast. Þá þykir sú háttsemi ákærða að standa að leigutöku húsnæðis víðs vegar um Reykjavík og í Kópavogi undir fölskum nöfnum eindregið benda til þess, að ákærða hafi verið fullljóst og átt fullan þátt í fíkniefnainnflutningi í málningarsendingunum níu. Síðbúinn framburður ákærða Hallgríms Ævars um tilraunasendingar á málningu í fleiri skipti er ekki marktækur, þegar litið er á málið í heild. Loks er ljóst, að allt það mikla fé, sem ákærði Stefán flutti úr landi til Mike Henry, hefur ekki farið til hans til kaupa á málningu einni saman, og gat það ekki dulist ákærða, en fyrir liggja í málinu gögn um gjaldeyriskaup fyrir milljónir. Loks bendir fundur á merkipenna í fórum ákærða Stefáns með sama lit og var á hringum, sem merktir voru á málningarkassana með hassinu í sendingunni, sem lagt var hald á, til þess, að ákærði hafi átt þátt í merkingunni.

Þegar allt er virt, sem nú var rakið, er sannað með játningu ákærða Hallgríms Ævars hjá lögreglu og fyrir dómi fyrir útgáfu ákæru og játningu ákærða Stefáns fimm sinnum hjá lögreglu, en þessar játningar þykja hafa stoð í öðru, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, að ákærðu hafa gerst sekir um að hafa í félagi staðið að því á tímabilinu frá desember

1985 til nóvember 1987 að flytja til landsins hass í ágóðaskyni. Þá er sannað með játningu ákærða Hallgríms Ævars, að hann hefur staðið að sölu á 51-54 kg af hassi því, sem ákærðu fluttu inn.

Samkvæmt framburði ákærða Hallgríms Ævars viðurkenndi hann fyrir dómi 22. desember 1987, að innflutningur ákærðu á hassi hefði numið 65,5 kg. Ákærði Stefán bar hins vegar um 70 kg í yfirheyrslunni 8. desember. Þykir rétt að miða við framburð ákærða Hallgríms Ævars í þessu efni ákærðu til hagsbóta, og verður því talið, að magnið hafi verið sem næst 65,5 kg, en ekki 67-70 kg.

Með hliðsjón af dómi yfir Bryndísi Valbjörnsdóttur frá 21. apríl sl., þar sem niðurstaðan er sú, að ákærði hafi selt á umræddu tímabili 6,5 kg af hassi fyrir ákærða Hallgrím Ævar, verður ekki fullyrt í máli þessu, að Bryndís hafi selt meira magn af efninu fyrir hann.

Þá verður einnig byggt á því í máli þessu, að því er slegið föstu í dómi yfir Kristjáni Aðalsteinssyni 15. desember 1988, að hann hafi keypt af ákærða Hallgrími Ævari rétt liðlega 1 kg af hassi á því tímabili, sem mál þetta fjallar um. Er því af þessum sökum hafnað, að magn það, sem ákærði Hallgrímur Ævar verður sakfelldur fyrir í máli þessu að hafa selt Kristjáni, sé allt að 2 kg, heldur hafi verið um rétt liðlega 1 kg að ræða.

Brot ákærðu eru rétt færð til refsiákvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Hallgríms Ævars hefur hann fimm sinnum á árunum 1963 til 1981 gengist með dómsátt undir að greiða sektir, fjórum sinnum fyrir umferðarlagabrot og einu sinni, 9. janúar 1981, fyrir brot á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni. Þá hefur ákærði einu sinni á þessum árum hlotið sektardóm fyrir ölvun við akstur og verið gert að sæta sviptingu ökuleyfis tímabundið.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Stefáns hefur hann á árunum 1972 til 1974 gengist fjórum sinnum undir að greiða sektir fyrir brot á umferðarlögum.

Öðrum refsingum en að framan greinir hafa ákærðu ekki áður sætt, svo að kunnugt sé.

Refsingar.

Ákærðu verður báðum ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Það þykir verka til þyngingar refsingu ákærðu, að þeir eru báðir fulltíða menn og standa saman að því að flytja inn og koma í sölu mjög miklu magni fíkniefna í von um stórfelldan hagnað. Þá var aðferð sú, sem ákærðu beittu við brot sín, ekki tekin með skyndiákvörðun, heldur þrauthugsuð. Þykir hlutur ákærðu að brotunum jafn, þótt ástæða sé til að ætla, að hugmyndin að framkvæmd þeirra sé komin frá ákærða Stefáni. Allt að einu stóð ákærði Hallgrímur Ævar að brotunum og naut

góðs af þeim hagnaði, sem af þeim hlaust. Ekki er ljóst, hver hreinn hagnaður ákærðu var af brotunum, en ætla má, að hann hafi verið verulegur. Þykir einnig bera að taka tillit til þessa við ákvörðun refsingar ákærðu og ákveða þeim auk refsingar sektir, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir rétt að taka við ákvörðun refsingar ákærðu tillit til þess, hversu lengi það hefur dregist að kveða upp dóm í málinu, en á þeim drætti eiga ákærðu enga sök.

Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi fjögur ár og 500.000 króna sekt, sem greiða skal innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, ella sæti ákærðu hvor um sig fangelsi í 90 daga í stað sektanna.

Gæsluvarðhald.

Ákærðu sættu báðir, eins og fram er komið, gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins, ákærði Hallgrímur Ævar frá 17. nóvember 1987 kl. 15 til 18. desember 1987 kl. 18.30, í 32 daga, og ákærði Stefán frá sama tíma og ákærði Hallgrímur Ævar og til 22. janúar 1988 kl. 19.40, í 67 daga.

Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að framangreint gæsluvarðhald komi refsivist ákærðu til frádráttar.

Upptaka.

Samkvæmt lagaákvæðum þeim, er í ákæru greinir, ber að gera upptækt til ríkissjóðs það, sem krafa er gerð um í ákæru, þ. e. samtals 10.778,7 g af hassi, lofttæmingarvél, tölvugrammavog, 80.000 krónur í peningum og þrjú tékkaeyðublöð, nr. 2069738-2069740, á tékkareikning nr. 43414 við Alþýðubankann hf., Laugavegi 31 í Reykjavík, hvert um sig með fjárhæðinni 50.000 krónur.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. Skulu ákærðu hvor um sig greiða skipuðum verjendum sínum málsvarnarlaun, ákærði Hallgrímur Ævar Gísla Gíslasyni héraðsdómslögmanni 160.000 krónur og ákærði Stefán Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni 160.000 krónur. Annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt, þ. á m. saksóknarlaun til ríkissjóðs, 120.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Hallgrímur Ævar Másson og Stefán Einarsson, sæti hvor um sig fangelsi í fjögur ár.

Þá greiði ákærðu hvor um sig 500.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella hvor um sig fangelsi í 90 daga í stað sektanna.

Til frádráttar refsingu ákærðu skal koma gæsluvarðhald þeirra, ákærða Hallgríms Ævars í 32 daga og ákærða Stefáns í 67 daga.

Upptækt er til ríkissjóðs 10.778,7 g af hassi, lofttæmingarvél, tölvugrammavog, 80.000 krónur í peningum og þrjú tékkaeyðublöð, nr. 2069738-2069740, á tékkareikning nr. 43414 við Alþýðubankann hf., Laugavegi 31 í Reykjavík, hvert um sig að fjárhæð 50.000 krónur.

Ákærði Hallgrímur Ævar greiði skipuðum verjanda sínum, Gísla Gíslasyni héraðsdómslögmanni, 160.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Stefán greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 160.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þ. á m. saksóknarlaun til ríkissjóðs, 120.000 krónur.

Fimmtudaginn 1. apríl 1993.

Nr. 197/1992 og 426/1992.

Ákæruvaldið
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Ágústi Frímanni Sigurðssyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Lax- og silungsveiði. Ómerking að hluta. Dómar. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 18. mars 1992 skotið til Hæstaréttar dómi sakadóms Húnavatnssýslu 20. janúar 1992 í máli á hendur ákærða, og er málið nr. 197/1992 hér fyrir dómi. Þá hefur hann með stefnu 1. desember 1992 áfrýjað dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra 4. nóvember 1992 í öðru máli gegn ákærða, nr. 426/1992 hér fyrir dómi. Málunum er áfrýjað að ósk ákærða, sem krefst sýknu, en einnig af hálfu ákæruvaldsins til þyngingar á refsingu og staðfestingar á ákvæðum um upptöku neta.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

I. Héraðsdómur 20. janúar 1992.

Mál þetta er risið af kæru á hendur ákærða og fimm öðrum mönnum vegna 13 silunganeta í sjó við Hvammstanga, sem tekin voru upp aðfaranótt 26. júlí 1990, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi. Átti ákærði tvö þessara neta og var sakfelldur í málinu vegna umbúnaðar annars þeirra. Krefst ákæruvaldið staðfestingar á sakarmati í dóminum.

Áður en ákæra var gefin út á hendur ákærða 13. júní 1991, hafði ríkissaksóknari heimilað með bréfi til sýslumanns Húnavatnssýslu 14. september 1990, að málum hans og hinna fimm eigendanna að umræddum netum yrði lokið með dómsáttum samkvæmt 1. mgr. 112. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, ef þeir vildu á það fallast hver um sig að gangast undir hæfilega sekt og sæta eignarupptöku á netunum. Fyrir lá þá bréf til sýslumanns 10. sama mánaðar frá verjanda ákærða í máli þessu, þar

sem hann bar sakir af mönnunum og kvartaði meðal annars yfir ónákvæmni í mælingu á netum þeirra. Í framhaldi af þessu hélt dómari sá, er síðar fékk mál ákærða til meðferðar, þing í sakadómi Húnavatnssýslu 21. mars 1991, þar sem kærumálið í heild var tekið fyrir í rannsóknarskyni. Ákvað dómarinn þar að dómkveðja tvo óvilhalla menn til að skoða öll netin og mæla möskvastærð þeirra og girnisþykkt. Að fengnum niðurstöðum þessara matsmanna þingaði dómarinn aftur í málinu 10. maí 1991 og kvaddi ákærða og fjóra aðra netaeigendur fyrir dóminn hvern um sig ásamt fyrrgreindum lögmanni þeirra. Kynnti dómarinn þeim sakargiftir og gögn málsins, og staðfestu þeir efni skýrslna sinna fyrir lögreglu og tilgreindu á ný hver um sig, hvaða net þeir ættu. Hann kynnti þeim einnig fyrrgreint erindi ríkissaksóknara, og kváðust þeir allir hafna dómsátt í máli sínu.

Sjötti netaeigandinn kom svo fyrir dóminn 23. sama mánaðar. Var málið kynnt honum á sama hátt, og kvaðst hann fallast á að ljúka því með dómsátt. Bauð dómarinn honum að gangast undir 10.000 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot á 4. og 7. tl. reglna nr. 205/1990 um netaveiði göngusilungs í sjó, sbr. stafliði d og j í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, jafnframt því að sæta upptöku tveggja neta og greiða 4.500 krónur í sakarkostnað. Samþykkti kærði þessi málalok.

Dómarinn fór með mál þessi í sakadómi sem settur héraðsdómari í Húnavatnssýslu og var óháður sýslumanni. Af bókunum um þinghöldin 10. og 23. maí 1991 má ráða, að dómarinn hafi kynnt kærðu erindi ríkissaksóknara um málalok samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 án þess að gera boð um dómsátt þá þegar, í því skyni að kanna, hvort þeir vildu játa sakargiftum. Eigi að síður hlaut hann að hafa virt það, hver sönnun um sök væri fólgin í fram komnum gögnum og hvort refsing fyrir það atferli, sem kært var yfir, yrði sekt hið mesta, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974. Í því sambandi er og á það að líta, að netaeigandi sá, er tók boði dómarans um dómsátt 23. maí 1991, var sakaður um brot á reglum um möskvastærð með svipuðum hætti og ákærði í máli þessu.

Eins og atvikum er háttað, verður ekki hjá því komist að líta svo á, að með afskiptum sínum í þinghöldunum 10. og 23. maí 1991 af málum netaeigendanna hafi héraðsdómarinn tekið afstöðu til

sakarefnis í ákæru máls þessa á þann veg, að hann geti ekki farið með málið sem dómari, sbr. 7. tl. 36. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, eins og þau ákvæði verða skýrð með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm sakadóms Húnavatnssýslu ex officio og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Með nýrri dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra.

II. Héraðsdómur 4. nóvember 1992.

Mál þetta varðar silunganet, er tekið var upp fyrir ákærða við Hvammstanga 7. ágúst 1991, þar sem hann hafði lagt það við sker undan ströndinni. Sker þetta er grjótsker með berum klappartoppum og er í enda á þangi vöxnum tanga eða garði, sem stendur upp úr sjó um fjöru. Ákæröi er sakaður um brot gegn 2. tl. reglna nr. 205/1990 um netaveiði göngusilungs í sjó, en þar segir: „Lagnet skal vera landfast, liggja þvert á fjöru og eigi vera lengra en 50 metrar frá stórstraumsfjöruborði að stjóra sjávarmegin." Beinist ákæran að því, að silunganetið hafi ekki verið landfast, en varðar ekki lengd á netinu í sjó fram. Skerið er ofan stórstraumsfjörumáls.

Reglur nr. 205/1990 (sbr. áður reglur nr. 378/1989) eru aðallega byggðar á þeirri heimild til reglusetningar, sem ráðherra er veitt í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970. Í þeirri málsgrein er jafnframt kveðið á um þá meginreglu, að veiði göngusilungs í sjó skuli „hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er", og verður að meta reglur þessar í ljósi hennar. Samkvæmt því felst það annars vegar í kvöðinni um landfestu, að net skuli lagt frá bakka, eins og fyrir er mælt í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 76/1970, en í 1. gr. laganna er bakki skilgreindur sem „fast takmark .... svo sem klettar, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði". Að hinu leytinu lýtur kvöðin að því, að festingu á netinu sé þannig fyrir komið, að það geti með réttu talist lagnet eða föst veiðivél, sbr. skilgreiningu í 1. gr. laganna.

Aðstæður við fyrrgreint sker hafa ekki verið kannaðar með mati eða mælingu dómkvaddra manna, en fyrir liggur skýrsla rann-

sóknarlögreglumanns um athugun á þeim auk nokkurra ljósmynda. Af gögnum þessum má ráða, að skerið sé nærri mörkum þess að fara á kaf um stórstraumsflæði, en ekki er sannað, að sjór falli þá yfir það eða að þar megi ekki fá viðunandi festu fyrir lagnet. Ákærði hefur haldið því fram, að net hafi verið lögð á þessum stað um árabil, án þess að athugasemdir hafi verið við það gerðar. Er þetta ókannað. Eins og málið liggur fyrir, brestur viðhlítandi sönnun um sök ákærða samkvæmt þessari ákæru, og ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verða staðfest með þeirri breytingu, að kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

III.

Eftir fyrrgreindum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað máls þessa á ríkissjóð, eins og nánar segir í dómsorði.

Dómsorð:

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 20. janúar 1992 og málsmeðferð fyrir dóminum eiga að vera ómerk, og er því máli vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar í héraðsdómi Norðurlands vestra.

Ákærði, Ágúst Frímann Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt ákæruskjali 11. nóvember 1991.

Ákvæði héraðsdóms 4. nóvember 1992 um sakarkostnað eiga að vera óröskuð með þeirri breytingu, að kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 4. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 4. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er af Halldóri Halldórssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í máli nr. S-2206/1991: Ákæruvaldið gegn Ágústi Frímanni Sigurðssyni. Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 16. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 11. nóvember 1991, á hendur Ágústi Frímanni Sigurðs-

syni, Hlíðarvegi 10, Hvammstanga, fæddum 3. maí 1954, fæðingarnúmer 310, „fyrir að hafa miðvikudaginn 7. ágúst 1991 haft silungsveiðinet í sjó við sker niður undan Steypustöðinni á Hvammstanga, án þess að það væri landfast og með fullnægjandi merkingum, en að kvöldi þess dags tók veiðivörður netið upp.

Telst þetta varða við 2. og 7. tl., sbr. 9. tl. reglna um netaveiði göngusilungs í sjó nr. 205/1990, sbr. 1. mgr., stafliði d og j, 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og samkvæmt 100. gr. nefndra laga um lax- og silungsveiði til upptöku á silunganeti því, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins".

Við munnlegan flutning málsins féll fulltrúi ákæruvaldsins, Stefán Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi, frá saksókn vegna brots á 7. tl., sbr. 9. tl. reglna um netaveiði göngusilungs í sjó nr. 205/1990.

Verjandi ákærða, Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður, gerði þær kröfur, að ákærði yrði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins og sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda, felld á ríkissjóð.

Málavextir.

Vitnið Sigurgeir Ó. Sigmundsson nemi, en starfandi veiðieftirlitsmaður á vatnasvæði Miðfjarðarár og við sjávarströnd Miðfjarðar og í sjó við Vatnsnes í V.-Húnavatnssýslu, þegar mál þetta kom upp, kvaðst hafa átt tal við ákærða 6. ágúst 1991, eftir að hann hafði séð ákærða vitja um net, er lá út frá skeri niður undan Steypustöðinni á Hvammstanga, en þeir hafi ekki átt langt samtal vegna viðbragða ákærða. Sker þetta er endi tanga, sem kemur upp á fjöru.

Hinn 7. ágúst sl. fóru vitnin Sigurgeir og lögreglumaðurinn Þröstur Líndal í eftirlitsferð um Miðfjörð á báti, er leigður var til fararinnar. Fóru þeir frá Skagaströnd um kl. 19.45 og komu að Hvammstanga um kl. 21.30. Þar tóku þeir upp eitt net, sem veiðieftirlitsmaður taldi með of stóra möskva, og einnig taldi hann það ekki landfast. Vitnið Sigurgeir bar, að umrætt net hefði verið lagt utan við skerið, en festing þess landmegin verið með þeim hætti, að við blýtein netsins hefði verið festur u. þ. b. sex metra langur spotti og í enda hans netsteinn af venjulegri gerð. Netsteinninn hefði legið á sjávarbotni, en ekki í eða utan í skerinu. Vitnið Þröstur Líndal bar einnig fyrir dómi, að netsteinn, sem festur var við netið, hefði legið á sjávarbotni við skerið, en ekki verið á eða í skerinu, en kvaðst þó ekki geta fullyrt það, en að minnsta kosti tveir metrar hefðu verið niður á netsteininn. Vitnin báru, að nokkuð hátt hefði verið í sjó á umræddum tíma og endi skersins staðið upp úr, en flætt yfir tangann að öðru leyti. Vitnin

sögðu bæði, að ástæða þess, að netið var tekið, hefði verið sú, að þeir töldu það hafa of stóra möskva og hefði verið ólöglega lagt. Þá kvað vitnið Sigurgeir ástæðu fararinnar hafa verið að athuga, hvort netið væri landfast.

Eftir að vitnin höfðu tekið upp umrætt net og skoðað tvö önnur, héldu þau til Skagastrandar, þar sem ákærði og fleiri menn biðu þeirra. Urðu þar nokkur orðaskipti og samkvæmt framburði vitnisins Sigurgeirs einnig nokkrar stimpingar vegna upptöku netsins og í framhaldi af því handtaka ákærða og fleiri aðila, en ekki var ákært vegna þeirra atburða.

Ákærði bar við yfirheyrslur hjá lögreglu 8. ágúst 1991, að net sitt hefði verið lagt út frá eyju í landi Hvammstangahrepps, og benti á, að árið áður hefði verið lagt hald á net, er hann átti og lagt var á sama stað, en af hálfu ríkissaksóknara við málarekstur út af því neti hefði ekki verið ákært vegna staðsetningar netsins. Fyrir dómi bar ákærði, að hann hefði lagt netið með þeim hætti, að hann hefði hent netsteini, er festur var við blýtein netsins með u. þ. b. sex metra löngum spotta, upp í sker undan landi Hvammstanga. Með þessum hætti taldi ákærði net sitt landfast. Þá hefur ákærði haldið því fram, að net hafi lengi verið lögð á þessum stað, án þess að athugasemdir hefðu verið gerðar við það.

Niðurstöður.

Ákærði hefur bæði fyrir dómi og við skýrslutöku hjá lögreglu haldið því fram, að hann hafi lagt net sitt út frá nefndu skeri. Fyrir dóminum bar hann, að það hefði verið gert með þeim hætti, að stjóra netsins hefði verið hent upp í skerið. Vitnin, sem leidd voru vegna máls þessa, hafa bæði borið, að festing netsins við land hafi ekki verið eins og ákærði hefur haldið fram, heldur hafi stjórinn legið á sjávarbotni við margnefnt sker. Gegn framburði ákærða er ekki unnt að staðhæfa, að ásetningur hans hafi staðið til annars en festa net sitt í þann hluta skersins, sem stendur upp úr á flóði. Hins vegar telst sannað með framburði tveggja vitna, að endi netsins var ekki á þeim stað, er vitnin tóku netið upp. Ósannað er, að umrætt sker fari í kaf á stórstraumsflóði. Samkvæmt 29. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 ber að leggja lagnet frá bakka, en bakki er í 2. gr. nefndra laga við veiðar í sjó skilgreindur sem fast takmark, er sjór fellur eigi yfir á stórstraumsflæði. Skilja verður þetta ákvæði svo, að bakki sé samfellt land, þar sem sjór fellur hæst að landi, þegar straumur er stærstur. Staður sá, er ákærði ætlaði að leggja net sitt, er því ekki við bakka, heldur sker, og hefur ákærði því gerst brotlegur við 7. tl., sbr. 9. tl. reglna nr. 205/1990, sbr. 1. mgr., stafliði d og j, 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Við ákvörðun refsingar skal tekið tillit til þess, að ákærði var dæmdur 20. janúar 1992 í sakadómi Húnavatnssýslu til refsingar fyrir brot á lax- og silungsveiðilögum.

Ákæra í máli þessu var gefin út 11. nóvember 1991. Þykir því rétt, eins og hér stendur á, með vísan til 78. gr., sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, að dæma ákærða ekki frekari refsingu í máli þessu. Með vísan til 100. gr. laga nr. 76/1970 er net það, er hér um ræðir, gert upptækt í ríkissjóð. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin 40.000 kr., auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun, en þau þykja hæfilega ákveðin 25.000 kr., og renni þau í ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærða, Ágústi Frímanni Sigurðssyni, er ekki gerð frekari refsing í máli þessu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr., auk virðisaukaskatts og saksóknarlaun, 25.000 kr., er renni í ríkissjóð.

Net ákærða, sem hald var lagt á vegna rannsóknar máls þessa, er gert upptækt til ríkissjóðs.

Mánudaginn 5. apríl 1993.

Nr. 121/1993. **Monika Blöndal**

gegn

Pétri Blöndal.

Kærumál. Aðfarargerð. Meðlag. Börn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. febrúar 1993, sem barst Hæstarétti 16. mars. Hún gerir þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að teknar verði til greina kröfur sínar í héraði um fjárnám hjá varnaraðila fyrir eftirgreindum ógreiddum meðlögum:

„1.1. Davíð Blöndal, 1. júlí 1990 til 23. ágúst s.á.	kr.	11.929
1.2. Dagný Blöndal, 1. júlí 1990 til 13. sept. s.á.	—	16.663
1.3. Stefán Blöndal, 1. júní 1992 til 1. sept. s.á.	—	37.755
1.4. Stella María Blöndal, 1. júlí 1990 til 1. sept. 1992	—	196.513
	kr.	262.860
2. Dráttarvextir frá gjalddögum meðlagsgreiðslna til 7. janúar 1993	—	88.862
	Kr.	351.722

auk áfallandi dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 25/1987 frá 7. janúar 1993 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði.“ Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur efnislega, en til vara, að aðfararhæf krafa verði stórlækkuð frá því, sem fram kemur í kæru. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Aðilar máls þessa gerðu með sér skilnaðarkjarasamning 24. maí 1989 vegna fyrirhugaðs skilnaðar þeirra að borði og sæng. Samkvæmt samningi þessum fékk sóknaraðili forræði fjögurra barna þeirra hjóna, en varnaraðili skyldi greiða henni tvöfalt það meðlag,

sem ákveðið er af Tryggingastofnun ríkisins, með hverju barni til 18 ára aldurs þeirra frá 1. maí 1989. Meðlagið skyldi greiða mánaðarlega eftir á. Sóknaraðili fékk greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins einfalt meðlag með börnunum frá 1. maí 1989, en varnaraðili greiddi jafnframt beint til hennar tvöfalt meðlag með börnunum fram til 1. júlí 1990, en þá hætti hann greiðslu meðlaga. Varnaraðila var kunnugt um, að Tryggingastofnun ríkisins greiddi sóknaraðila einfalt meðlag allan tímann. Tvö elstu börnin, Davíð og Dagný, urðu 18 ára í ágúst og september 1990. Næstyngsta barnið, Stefán Patrik, fluttist til varnaraðila í október 1989 og var hjá honum þar til í maí 1992. Sóknaraðili gerir ekki kröfu til greiðslu tvöfalds meðlags með Stefáni þann tíma, er hann var hjá varnaraðila.

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. barnalaga nr. 9/1981, sbr. 2. mgr. 19. gr. barnalaga nr. 20/1992, sem tóku gildi 1. júlí 1992, getur sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða barnið dveljist hjá honum samkvæmt lögmætri skipan. Sóknaraðili hafði forsjá þeirra barna, sem hér um ræðir, á því tímabili, sem krafan nær til, og annaðist framfærslu þeirra. Er hún því réttur aðili máls þessa.

II.

Á tímabilinu frá maí 1989 til og með júní 1990 greiddi varnaraðili beint til sóknaraðila tvöfalt meðlag með fjórum börnum, samtals 595.848 krónur. Innifaldar í þeirri fjárhæð eru 120.536 krónur, sem hann greiddi með Stefáni Patrik, þótt hann væri hjá varnaraðila. Auk þessa greiddi varnaraðili til Innheimtustofnunar sveitarfélaga 595.848 krónur. Innifaldar í þeirri fjárhæð eru 120.536 krónur, sem hann greiddi með Stefáni Patrik, þótt hann væri hjá varnaraðila. hann telur sig hafa ofgreitt til sóknaraðila, 438.134 krónur (317.598 + 120.536 krónur), komi til skuldajafnaðar kröfu sóknaraðila.

Samkvæmt skilnaðarkjarasamningi aðila átti varnaraðili að greiða tvöfalt meðlag með hverju barni aðila. Sóknaraðili átti ekki kröfu á hærra meðlagi en þar var kveðið á um. Þær meðlagsgreiðslur, sem varnaraðili hefur innt af hendi umfram það, sem um var samið, geta komið til skuldajafnaðar við kröfu sóknaraðila, enda er hér um samrætta kröfu að ræða. Ekki er í ljós leitt, að

varnaraðili hafi ætlað sér að inna af hendi aukið meðlag með þessum greiðslum eða fallið frá rétti til endurkröfu vegna þeirra. Er kröfum sóknaraðila um fjárnám hjá varnaraðila því hafnað.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Kröfu sóknaraðila, Moniku Blöndal, um aðför í eigum varnaraðila, Péturs Blöndal, er hafnað.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. febrúar 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 17. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 9. nóvember sl. barst Héraðsdómi Reykjavíkur beiðni um aðför frá Moniku Blöndal, þar sem þess er krafist, að gert verði fjárnám hjá Pétri Blöndal vegna ógreiddra meðlaga með fjórum börnum þeirra, en við lögskilnað gerðarbeiðanda og gerðarþola 24. maí 1989 gerðu þau með sér samkomulag um, að börnin yrðu hjá móður og faðir greiddi tvöfalt meðlag.

Gerðarþoli hefur mótmælt fram kominni kröfu um aðför, hann hafi ofgreitt meðlög nú þegar, og enn fremur sé um aðildarskort gerðarbeiðanda að ræða, þar sem meðlagið sé eign barnanna, en ekki gerðarbeiðanda.

Málsástæður og lagarök.

Gerðarþoli greiddi tvöfalt meðlag beint til gerðarbeiðanda, en gerðarbeiðandi fékk einfalt meðlag frá Tryggingastofnun ríkisins frá árinu 1989 fram á mitt ár 1990. Í fyrstu endursendi gerðarbeiðandi gerðarþola ofgreitt meðlag, en hann sendi henni ávísun til baka og hélt áfram að greiða tvöfalt meðlag, auk þess sem Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimti einfalt meðlag hjá gerðarþola. Á tímabilinu frá því í júlí 1989 til júlí 1990 greiddi gerðarþoli þrefalt meðlag með börnum sínum.

Í aðfararbeiðninni eru sundurliðuð þau tímabil, sem meðlag er ógreitt:

1. Davíð Blöndal, f. 23. ágúst 1972, frá 1. júlí 1990 til 23. ágúst s. á., en þann dag varð hann 18 ára, 11.929 kr.

2. Dagný Blöndal, f. 13. september 1972, frá 1. júlí 1990 til 13. september sama ár, en þann dag varð hún 18 ára, 16.663 kr.

3. Stefán Blöndal, f. 28. júní 1976, frá 1. júní 1992 til 1. september s. á., 30.204 kr.

4. Stella María Blöndal, f. 30. mars 1980, frá 1. júlí 1990 til 1. september 1992, 175.266 kr., samtals 234.062 kr., auk dráttarvaxta frá gjalddögum meðlagsgreiðslna til 6. nóvember 1992, 79.186 kr., og innheimtukostnaðar, 41.205 kr., samtals 354.453 kr.

Í greinargerð gerðarbeiðanda kemur fram, að ógreidd meðlög hafi verið vanreiknuð í aðfararbeiðni, þar sem í stað 234.062 kr. kemur talan 262.860 kr., og hækkar dráttarvaxtakrafa úr 79.186 kr. í 88.862 kr.

Gerðarbeiðandi hafnar skuldajöfnuði af hálfu gerðarþola, sem heldur því fram, að hann geti vegna ofgreiðslu á meðlagi skuldajafnað því á móti ógreiddu meðlagi.

Gerðarbeiðandi krefst málskostnaðar.

Gerðarþoli krefst þess aðallega, að synjað verði um aðför, en til vara, að aðfararhæf krafa verði stórlækkuð. Gerðarbeiðandi mótmælir því, að gerðarþoli hækki kröfu í greinargerð frá því, sem var í aðfararbeiðni.

Gerðarþoli krefst málskostnaðar.

Gerðarþoli bendir á það, að gerðarbeiðandi sé Monika Blöndal, en ekki börn hennar, sem séu réttir aðilar að málinu, því að meðlagið sé þeirra, sbr. 6. tl. 1. gr. lögtakslaga nr. 29/1985 og 1. mgr. 23. gr. barnalaga nr. 9/1981, sbr. nú 1. mgr. 19. gr. barnalaga nr. 20/1992. Tvö af börnunum eru þegar orðin fjárráða.

Með vísan til 1. mgr. 84. gr. aðfararlaga, sbr. XII. kafla s. l., sbr. 1. mgr. 19. gr. barnalaga nr. 20/1992 og 2. mgr. 16. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, ber að sýkna gerðarbeiðanda af kröfu gerðarþola vegna aðildarskorts, og er því kröfu gerðarbeiðanda um aðför synjað.

Málskostnaður.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 40.000 kr. í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Gerðarþoli, Pétur Blöndal, er sýknaður af kröfu gerðarbeiðanda, Moniku Blöndal.

Gerðarbeiðandi, Monika Blöndal, greiði gerðarþola, Pétri Blöndal, 40.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 5. apríl 1993.

Nr. 128/1993. **Ragnar Ragnarsson**
gegn
Féfangi hf. og
Olíuverslun Íslands hf.

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kærubréfi, er móttekið var við Héraðsdóm Reykjaness 11. mars 1993. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað um breytingar á frumvarpi sýslumannsins í Keflavík um úthlutun söluandvirðis fasteignarinnar Austurgötu 12 í Keflavík. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili styður kröfu sína til hlutdeildar í söluandvirði fasteignarinnar Austurgötu 12 við tryggingarbréf það, sem lýst er í hinum kærða úrskurði. Hefur hann ekki sýnt fram á neina víxilskuld, er tryggð gæti verið með veðrétti samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfsins. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar og dæma sóknaraðila til greiðslu kærumálskostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ragnar Ragnarsson, greiði varnaraðilum, Féfangi hf. og Olíuverslun Íslands hf., sameiginlega 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 25. febrúar 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 11. febrúar sl. að loknum munnlegum málflutningi, var þingfest 18. janúar sl.

Sóknaraðilar eru Féfang hf., Reykjavík, og Olíuverslun Íslands hf.,

Reykjavík. Varnaraðili er Ragnar Ragnarsson, kt. 060448-5159, Drangavöllum 8, Keflavík.

Sóknaraðilar krefjast þess, að úthlutun til varnaraðila samkvæmt 6. tl. frumvarps að úthlutunargerð vegna Austurgötu 12, Keflavík, verði felld niður. Málskostnaðar úr hendi varnaraðila er krafist að mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar á úthlutun til sín samkvæmt 6. tl. frumvarps að úthlutunargerð vegna uppboðs á Austurgötu 12, Keflavík.

I.

Fasteignin Austurgata 12, Keflavík, þinglýst eign Þorsteins Árnasonar, var seld á nauðungarsölu 7. október 1992. Hæstbjóðandi var varnaraðili máls þessa. Söluverð var 10.000.000 krónur.

Frumvarp að úthlutunargerð er dags. 18. nóvember 1992, og samkvæmt 6. tl. frumvarpsins var gert ráð fyrir greiðslu til varnaraðila, að fjárhæð 2.367.567 kr., vegna veðbréfs á 3. veðrétti, út gefins 6. febrúar 1986. Samkvæmt frumvarpinu skyldi afmá fjárnám varnaraðila af eigninni, en fjárnám Olíuverslunar Íslands hf., dags. 24. janúar 1989, hvíldi á 4. veðrétti og fjárnám Féfangs hf., dags. sama dag, á 5. veðrétti. Kröfulýsing Olíuverslunar Íslands hf. í uppboðsandvirði Austurgötu 12 frá 5. október 1992 er að fjárhæð 1.789.242 kr. og kröfulýsing Féfangs hf., dagsett sama dag, að fjárhæð 1.190.535 krónur.

Framangreindu frumvarpi vegna Austurgötu 12 var breytt 4. desember 1992, og fól breytingin í sér, að því er úthlutun skv. 6. tl. varðar, að greiðsla til varnaraðila lækkaði í 1.758.942 kr. Þessari breytingu hefur ekki verið mótmælt.

Veðbréf samkvæmt 6. tl. úthlutunargerðarinnar er tryggingarbréf vegna víxils, að fjárhæð 3.000.000 kr. Í texta tryggingarbréfsins er víxillinn sagður án tilgreinds gjalddaga og hvorki bera vexti né dráttarvexti.

Varnaraðili hefur ekki lagt frumrit framangreinds víxils fram. Sóknaraðilar hafa hins vegar lagt fram myndrit, sem sagt er af víxlinum. Hann er út gefinn 6. febrúar 1986 og að fjárhæð 3.000.000 kr. Gjalddagi er við sýningu og greiðslustaður í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Víxillinn er samþykktur af Þorsteini Árnasyni, en útgefandi ekki tilgreindur.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila eru þau, að varnaraðili hafi ekki lagt fram frumrit af víxli þeim, sem vitnað sé til í tryggingarbréfinu frá 6. febrúar 1986. Þegar af þeirri ástæðu eigi hann ekki rétt til úthlutunar af uppboðsandvirðinu, enda sé í tryggingarbréfinu ekki að finna neina skírskotun til annarra skulda en samkvæmt tilgreindum víxli.

Sóknaraðilar hafa lagt fram í málinu myndrit af víxli, sem borist hafi þeim fyrir milligöngu umboðsmanns uppboðsþola. Ljóst sé, að myndritið af víxli samkvæmt tryggingarbréfinu frá 6. febrúar 1986 og sá víxill enn

ógreiddur, myndi skuld samkvæmt honum ekki fást greidd af uppboðsandvirði. Fyrir því séu eftirgreind rök:

1. Útgefandi sé ekki tilgreindur á „víxilskjalinu". Skjalið teljist því ekki víxill í skilningi 1. gr. víxillaga nr. 93/1933, og hafi víxilkrafa samkvæmt tryggingarbréfinu því ekki stofnast. Þegar af þeirri ástæðu gæti ekki komið til greiðslu samkvæmt tryggingarbréfinu, enda sé það, eins og að framan greinir, bundið við tilgreinda víxilkröfu.

2. Jafnvel þótt talið yrði, að skjalið væri formlegur víxill, sé ljóst, að víxilkrafan á hendur samþykkjanda væri fyrnd og veitti því ekki rétt til úthlutunar með tryggingarbréfinu. Sýningarvíxil beri að sýna, áður en ár er liðið frá útgáfudegi. Lokafrestur til sýningar umræddra víxils hefði því verið 6. febrúar 1987. Fyrningarfrestur á víxilskuld Þorsteins Árnasonar samkvæmt 1. mgr. 70. gr. víxillaga hefði reiknast frá lokadegi sýningarfrests samkvæmt 53. gr. og víxilkrafan því verið fyrnd 6. febrúar 1990.

Ljóst sé, að framangreindar röksemdir undir tl. 1-2 skipti ekki máli um niðurstöðu máls þessa, nema frumrit umræddra víxils komi í dagsljósið, en hins vegar sýni þær, með hvaða hætti málatilbúnaður varnaraðila sé.

Í málflutningi hélt lögmaður sóknaraðila því fram, að allar líkur væru til, að myndrit af víxli þeim, sem hann hafi lagt fram í málinu, væri myndrit af þeim víxli, sem stæði á bak við tryggingarbréfið. Höfuðstóll og útgáfudagur væri hinn sami og tilgreindur væri í tryggingarbréfinu. Auk þess hafi umboðsmaður uppboðsþola sent lögmanninum myndrit af víxlinum, þegar hann leitaði eftir víxli þeim, sem tilgreindur væri í tryggingarbréfinu.

Þá benti lögmaður sóknaraðila einnig á í málflutningi, að í kröfulýsingu varnaraðila 6. október sl. væri tekið fram, að tryggingarbréfið væri til tryggingar víxilskuld, að fjárhæð 3.000.000 kr.

Málsástæður varnaraðila eru þær, að í tryggingarbréfinu sé kveðið skýrt á um það, hvaða skuld það eigi að tryggja. Samkvæmt því eigi tryggingarbréfið að tryggja skuld, að fjárhæð 3.000.000 kr. Í beinu framhaldi af þessari lýsingu segi: „..... vegna víxils, sem samþykktur er af veðsala til handhafa. Víxillinn er án tilgreinds gjalddaga og ber ekki vexti né dráttarvexti". Meginefni þessarar lýsingar sé um skuld að ákveðinni fjárhæð. Vísað sé til víxils, sem veðsali, þ. e. Þorsteinn Árnason, hafði samþykkt til handhafa. Það segi ekkert um, hversu hár víxillinn hafi verið. Einungis sé tekið fram, að víxillinn sé án tilgreinds gjalddaga og beri ekki vexti né dráttarvexti.

Samkvæmt þessu sé fremur verið að vísa til þess, að verið sé að tryggja skuld, sem risið hafi af víxli, og að sú skuld skuli aldrei vera hærri en nemi 3.000.000 kr., en ekki, að verið sé að veðtryggja sérstakan víxil. Myndrit af víxli, samþykktum af Þorsteini Árnasyni, sem sóknaraðilar, en ekki varnaraðili, hafi lagt fram á uppboðsþingi, hafi enga þýðingu í málinu.

Þorsteinn Árnason hafi staðið í umfangsmiklum atvinnurekstri árið 1986 og samþykkt marga víxla. Samkvæmt myndritinu sé áritað á víxilblaðið, að gjalddagi sé við sýningu. Löglíkur séu því til þess, að myndritið sé ekki af víxli þeim, sem getið sé um í tryggingarbréfinu. Myndritið sé komið frá umboðsmanni uppboðsaðila, eins og segi í greinargerð sóknaraðila, og máli þessu því óviðkomandi.

Í texta tryggingarbréfsins sé ekki verið að lýsa ákveðið tilgreindum víxli, heldur skuld að ákveðinni fjárhæð.

Skuldin á bak við tryggingarbréfið standi ennþá. Útgefandi tryggingarbréfsins, Þorsteinn Árnason, hafi ekki mótmælt henni, enda tryggingarbréfinu ekki verið aflýst.

Með tryggingarbréfinu hafi stofnast sérstakt réttarsamband milli handhafa þess og veðþola. Þeir hefðu getað samið sín á milli um, hvers konar skuld stæði á bak við bréfið, án þess að rýra á neinn hátt veðrétt síðari veðhafa, þar sem tryggingarbréfið hafi einungis verið til tryggingar ákveðinni hámarksupphæð, sem ekki hafi borið vexti eða dráttarvexti. Hvort sem tryggingarbréfið hafi verið til tryggingar víxilskuld eða almennri kröfu, er ljóst, að sú krafa hafi verið í fullu gildi, þegar aðfarargerð sóknaraðila hafi stofnast og verið þinglýst. Uppfærsluréttur samkvæmt þeim aðfararveðum hafi aldrei getað komið til, nema tryggingarbréfið hefði verið greitt upp.

Fyrir dóminn kom sem vitni Sigurður Jakob Halldórsson, kt. 130353-7469, Austurgötu 10, Keflavík. Hann samdi umrætt tryggingarbréf. Hann hafi á þessum tíma rekið bókhalds- og ráðgjafarþjónustu. Uppboðsþoli hafi leitað eftir aðstoð hans við að útbúa tryggingarbréf, þar sem hann stæði í skuld við varnaraðila. Tryggingarbréfið hafi ekki verið útbúið til tryggingar ákveðnum víxli. Víxillinn hafi aðeins verið tilgreindur til að koma skjalinu í lögmætt form, svo að það væri tækt til þinglýsingar. Hann hafi stuðst við formálabók við samningu skjalsins. Hann minnti, að það kæmi fram í formálabókinni, að nauðsynlegt væri að tilgreina víxil í tryggingarbréfi, svo að það væri í lögmætu formi. Fram kom hjá Sigurði, að hann var meðskuldari með Þorsteini Árnasyni vegna kröfu sóknaraðila Féfangs hf. í máli þessu.

II.

Frumrit tryggingarbréfs þess, er varnaraðili reisir kröfugerð sína á, liggur frammi í máli þessu. Samkvæmt því veðsetti uppboðsþoli, Þorsteinn Árnason, fasteignina Austurgötu 12, Keflavík. Samkvæmt ákvæðum tryggingarbréfsins var það til tryggingar sýningarvíxli, samþykktum til handhafa.

Í kröfulýsingu varnaraðila frá 6. október 1992 hjá sýslumanninum í Keflavík er kröfunni lýst þannig, að um sé að ræða skuld skv. víxli. Síðan

hefur aftur á móti komið fram, að svo var alls ekki. Enginn víxill var gefinn út í tilefni útgáfu tryggingarbréfsins, heldur stóð til, að bréfið tryggði skuld Þorsteins við varnaraðila, að fjárhæð 300.000 kr. Þorsteinn hafi staðið í skuld við varnaraðila, m. a. vegna veiðarfærakaupa. Af þessu má ráða, að uppboðsþoli hafi í raun ætlað að útbúa skuldabréf, þótt bréfið beri annað heiti. Víxillinn hafi verið tilgreindur í bréfinu, en með því móti taldi aðstoðarmaður uppboðsþola, að bréfið væri í lögmætu formi.

Þar sem ákveðinn víxill er tilgreindur í umræddu bréfi, verður ekki fallist á með varnaraðila, að unnt sé að fella aðra viðskiptaskuld undir bréfið. Ber því að taka kröfur sóknaraðila til greina. Eftir þessari niðurstöðu ber varnaraðila að greiða sóknaraðila málskostnað, sem hæfilega þykir ákveðinn 50.000 kr.

Gunnar Aðalsteinssson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila um, að úthlutun til varnaraðila samkvæmt 6. tl. frumvarps að úthlutunargerð vegna Austurgötu 12, Keflavík, verði felld niður, er tekin til greina. Varnaraðili greiði sóknaraðila 50.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 5. apríl 1993.

Nr. 136/1993. **Guðrún Kristjánsdóttir f.h. ófjárráða barna Ástu Kristjánsdóttur og Lamberts Samsonar, þeirra Sóleyjar, Freyju og Maríu, og Tristan Guðmundur Ástuson**
gegn
Lamberti Samson.

Kærumál. Seta í óskiptu búi. Búskipti. Framfærsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. mars 1993, sem barst Hæstarétti 30. sama mánaðar. Þeir gera þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að dánarbú Ástu Kristjánsdóttur verði tekið til opinberra skipta og leyfi varnaraðila til setu í óskiptu búi verði fellt niður. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðilinn Guðrún Kristjánsdóttir sé vanhæf til að hafa uppi kröfu um opinber skipti, þar sem hún hafi verið skipuð lögráðamaður hinna ófjárráða barna án heimildar frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem fer með forsjá barnanna. Samkvæmt 28. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 og með hliðsjón af 1. mgr. 13. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. var heimilt að skipa Guðrúnu Kristjánsdóttur sérstakan lögráðamann barnanna. Samkvæmt gögnum málsins var Barnaverndarnefnd Reykjavíkur kunnugt um þessa skipan, og var hún ekki í andstöðu við vilja nefndarinnar.

II.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, hafði skilnaðarmál Ástu Kristjánsdóttur og varnaraðila ekki verið til lykta leitt, þegar Ásta andaðist 3. ágúst 1992. Varnaraðili hafði undirritað drög að skilnaðarsamkomulagi, samin af lögmanni hans. Samkvæmt þeim drögum átti Ásta að hafa forsjá barnanna. Ásta undirritaði ekki drögin. Félagsmálayfirvöld í Reykjavík höfðu haft afskipti af heimilinu frá maímánuði 1991, þegar bera tók á erfiðleikum hjá einu barnanna. Varnaraðili fór af heimilinu í júní 1991. Þar sem ekki hafði verið gengið frá skilnaði að borði og sæng eða lögskilnaði, þegar Ásta andaðist, bar forsjá barnanna undir varnaraðila við andlátið. Sótti hann um leyfi til setu í óskiptu búi 19. ágúst 1992, og var leyfið veitt 21. sama mánaðar. Varnaraðili hafði þá ekki haft samneyti við börn sín, frá því að hann yfirgaf heimilið, og höfðu þau dvalist hjá ættingjum móður sinnar þann tíma, sem hún lá veik. Hinn 30. september 1992 ákvað Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, að börnin skyldu vera áfram, þar sem þau voru, meðan málið væri til meðferðar hjá nefndinni. Á fundi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 30. desember 1992 var varnaraðili sviptur forsjá barna sinna. Hefur hann kært úrskurðinn til Barnaverndarráðs Íslands, þar sem hann er nú til meðferðar.

Sóknaraðilar byggja kröfur sínar á því, að varnaraðili hafi vanrækt framfærsluskyldu sína gagnvart þeim, sbr. 1. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. 3. mgr. 38. gr. og 42. gr. laga nr. 20/1991. Gögn, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, sýna, að systkini Ástu heitinnar Kristjánsdóttur hafa lagt mikið af mörkum til framfærslu barnanna, allt frá því að samvistaslit urðu með henni og varnaraðila. Þá hefur verið lagt fram bréf formanns Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 17. mars 1993, þar sem segir: „Samkvæmt upplýsingum frá þeim aðilum, sem annast hafa börnin á vegum nefndarinnar, hefur faðir ekki á nokkurn hátt sinnt framfærsluskyldu sinni við börnin.“ Í greinargerð varnaraðila fyrir Hæstarétti kemur fram, að ekki hafi enn reynt á framfærsluskyldu hans, þar sem forsjáraðilinn, barnaverndarnefndin, hafi ekki beint neins konar kröfum til hans um greiðslu á framfærslu barnanna. Nægilega er í ljós leitt, að varnaraðili hefur vanrækt framfærsluskyldu sína gagnvart börnunum, og er skilyrðum 15. gr. erfðalaga

um það efni fullnægt. Eins og atvikum er háttað í máli þessu, er hagsmunum aðila best borgið með því, að dánarbú Ástu Kristjánsdóttur verði tekið til opinberra skipta.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Fallist er á kröfur sóknaraðila, Guðrúnar Kristjánsdóttur f.h. Sóleyjar, Freyju og Maríu Lambertsdætra, og Tristans Guðmundar Ástusonar, um, að dánarbú Ástu Kristjánsdóttur verði tekið til opinberra skipta og leyfi varnaraðila, Lamberts Samsonar, til setu í óskiptu búi verði fellt niður.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum 100.000 krónur í málskostnað í héraði og í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 1. desember 1992, var tekið til úrskurðar 1. mars 1993 að loknum munnlegum málflutningi.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 6. nóvember 1992, krafðist Guðrún Kristjánsdóttir, kt. 200539-3979, Langanesvegi 3, Þórshöfn, f. h. barna Ástu Kristjánsdóttur, kt. 200344-3839, sem andaðist 3. ágúst 1992 og síðast átti heimili að Grjótagötu 5, Reykjavík, að dánarbú Ástu yrði tekið til opinberra skipta og leyfi Lamberts Samsonar, kt. 280853-6909, Tómasarhaga 19, Reykjavík, til setu í óskiptu búi yrði jafnframt fellt niður, en Guðrún Kristjánsdóttir hafði með bréfi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 5. nóvember 1992, verið skipuð sérstakur lögráðamaður barna Ástu og Lamberts, þeirra Tristans Guðmundar, kt. 151274-4399, Sóleyjar, kt. 090678-4699, Freyju, kt. 041080-4269, og Maríu, kt. 191186-2579, öll með lögheimili að Grjótagötu 5, Reykjavík, til að biðja um fyrir þeirra hönd, að dánarbú móður þeirra yrði tekið til opinberra skipta, og ef sú beiðni næði fram að ganga, að koma fram fyrir þeirra hönd við skiptin.

Þessi krafa um opinber skipti var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. desember 1992. Kröfunni var mótmælt af hálfu Lamberts Samsonar, og var þá þingfest mál til að skera úr þessum ágreiningi.

Dómkröfur varnaraðila eru eftirfarandi:

1. að hafnað verði kröfu sóknaraðila um opinber skipti á dánarbúi Ástu Kristjánsdóttur,

2. að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti. Jafnframt krefst hann dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Með bréfi 25. febrúar 1993 veitti Tristan Guðmundur Ástuson Hreini Loftssyni hdl., sem farið hefur með málið fyrir Guðrúnu Kristjánsdóttur, fullt og ótakmarkað umboð til að fara með mál þetta fyrir sína hönd. Í bréfinu er ítrekuð krafa hans um opinber skipti á dánarbúi móður hans.

II.

Málsatvik eru þau í stuttu máli, eftir því sem komið hefur fram á skjölum og í málflutningi aðila, að í júní 1991 hafi Lambert Samson farið að heiman vegna ósamkomulags við konu sína, Ástu, og tekið á leigu íbúð að Tómasarhaga 19 hér í borg. Ekkert af börnum þeirra mun hafa fylgt föður sínum. Hófst skilnaðarmál, sem ekki var lokið, þegar Ásta lést 3. ágúst sl. Og 21. s. m. fékk Lambert leyfi til setu í óskiptu búi. Hinn 30. september sl. er ákveðið af Barnaverndarnefnd Reykjavíkur m. a.: „Börnin dveljist áfram, þar sem þau eru nú, meðan málið er til meðferðar." Og með aðfararbeiðni í október sl. krafðist Lambert þess að verða settur inn í fasteignina Grjótagötu 5, sem hann kvað tiltekinn ættingja konu sinnar sálugu meina sér að fá umráð yfir.

Hinn 5. nóvember 1992 var tekin fyrir hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík beiðni Guðrúnar Kristjánsdóttur, Jóhönnu Kristjánsdóttur og Péturs Kristjánssonar, systkina Ástu sálugu, þess efnis, að ófjárráða erfingjum í dánarbúi Ástu Kristjánsdóttur yrði skipaður lögráðamaður vegna fyrirhugaðrar beiðni um, að dánarbú Ástu Kristjánsdóttur yrði tekið til opinberra skipta. Sýslumaður féllst á þessa beiðni með vísan til 28. gr. laga nr. 68/1984 og með hliðsjón af 13. gr., 1. mgr., laga nr. 20/1991 og skipaði Guðrúnu Kristjánsdóttur lögráðamann, eins og áður segir.

Hinn 30. desember sl. ákvað Barnaverndarnefnd Reykjavíkur að svipta Lambert Samson forsjá barna sinna.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að varnaraðili hafi vanrækt framfærsluskyldu sína gagnvart börnunum, sem hafi m. a. verið ástæða þess, að hann var sviptur forsjá þeirra. Þá hafi ósamkomulag verið um búskiptin, þegar Ásta féll frá. Þá er staðhæft, að varnaraðili hafi ekki tekið þátt í kostnaði við rekstur heimilisins, eftir að hann fluttist að heiman, og hafi Ásta orðið að sjá ein fyrir því með hjálp ættingja og vina. Enn fremur

er fullyrt, að börnin vilji ekki vera samvistum við föður sinn eða hlíta hans forsjá.

Sóknaraðili styður beiðni sína við 1. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. og 3. mgr. 38. gr. og 42. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl.

Af hálfu varnaraðila er haldið fram, að samkomulag hafi orðið að lokum með hjónunum um öll ágreiningsefni, „bæði að því er varðaði eignaskipti og önnur skilnaðarkjör, s. s. forræði og meðlög með börnum aðila", en af ástæðum, sem varnaraðila væri ekki kunnugt um, hafi ekki orðið af því, að Ásta skrifaði undir skjalfest samkomulag. Þessu er andmælt af hálfu sóknaraðila og aftur á móti staðhæft, að ekkert samkomulag hafi verið í sjónmáli, og þess vegna hafi Ásta ekki skrifað undir; hún hafi talið, að Lambert gerði ekki grein fyrir öllum þeim eignum í frumvarpinu, sem þar ættu að vera, þ. e. ætlun hans væri að halda eignum utan skipta, auk þess sem þau ættu óuppgert mál vegna vanrækslu hans að leggja til heimilis og uppihalds barna þeirra, eins og honum væri skylt.

Af hálfu varnaraðila er fullyrt, að sér hafi verið meinuð öll samskipti við börn sín, eftir að hann fluttist að heiman, og kröfu sinni um umgengnisrétt hafi ekki verið sinnt af dómsmálaráðuneyti. Þá hafi af hálfu Ástu aldrei komið fram nein krafa um greiðslu meðlags með börnunum og ekki heldur frá systkinum hennar eftir andlát Ástu. Hann hafnar með öllu að hafa ekki sinnt framfærsluskyldu gagnvart börnum sínum, þvert á móti hafi hann verið tilbúinn til þess, en engum kröfum hafi verið beint til sín um greiðslu framfærslukostnaðar fyrr en með þessari málsókn og með beiðni um meðlagsúrskurð 5. nóvember sl. til sýslumanns, sem raunar hafi ekki enn verið afgreidd á þeim vettvangi. Hann sé hins vegar reiðubúinn að greiða það, sem sér beri.

Af hálfu varnaraðila er því andmælt, að meðferð yfirvalda á málefni um forræði barna sinna varði nokkru um niðurstöðu þessa máls, og jafnframt vefengir hann heimild Guðrúnar Kristjánsdóttur til að koma fram sem sóknaraðili fyrir hönd barna sinna, þar sem ekki verði séð, að hún hafi til þess heimild frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem fari nú með forræðið.

IV.

Samkvæmt 3. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. getur erfingi krafist þess, að dánarbú sé tekið til opinberra skipta, þar sem eftirlifandi maki hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi, hafi hann til þess heimild eftir ákvæðum erfðalaga. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. erfðalaga, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 48/1989 og kemur hér til álita, getur erfingi krafist skipta sér til handa, ef hann sannar, að maki

vanræki framfærsluskyldu sína gagnvart sér eða rýri efni bús með óhæfilegri fjárstjórn sinni eða veiti tilefni til, að óttast megi slíka rýrnun.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt, að varnaraðili hafi vanrækt framfærsluskyldu sína. Gegn andmælum varnaraðila þykja ekki liggja fyrir í þessu máli haldbærar sannanir fyrir því, að varnaraðili hafi vanrækt þessa skyldu, frá því að hann fékk leyfi til setu í óskiptu búi 21. ágúst sl., en við þau tímamörk verður að miða. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

Eftir þessum málalokum ber sóknaraðila að greiða varnaraðila 70.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila um, að dánarbú Ástu Kristjánsdóttur, kt. 200344-3839, verði tekið til opinberra skipta og leyfi Lamberts Samsonar, kt. 280853-6909, til setu í óskiptu búi verði jafnframt fellt niður, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 70.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 6. apríl 1993.

Nr. 12/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Júlíusi Kristjáni Thomassen
(Jón Oddsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins. Krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Ákærði gerir kröfu um sýknu eða niðurfellingu refsingar á sama hátt og í héraði.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á niðurstöðu hans um sakfellingu ákærða fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Í málinu eru ekki fram komnar ástæður til þess, að reynslulausn ákærða verði látin haldast eftir þetta brot hans. Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber einnig að staðfesta ákvæði hans um viðurlög á hendur ákærða, og á dómurinn að vera óraskaður.

Gera ber ákærða að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Júlíus Kristján Thomassen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 5. nóvember 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 5. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-7/1992: Ákæruvaldið gegn Júlíusi Kristjáni Thomassen, sem tekið var til dóms hinn 2. s. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali sýslumannsins á Ísafirði, dagsettu 30. september 1992, á hendur ákærða, Júlíusi Kristjáni Thomassen sjómanni, Seljalandsvegi 100, Ísafirði, kt. 080769-3359, „fyrir að aka aðfaranótt mánudagsins 31. ágúst 1992, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni Í-1391, frá bifreiðastæði við veitingahúsið Sjallann, yfir Austurveg og á bifreiðastæðið við Kaupfélag Ísafjarðar, þar sem lögreglan hafði afskipti af akstri hans.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987".

— — —

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Aðfaranótt mánudagsins 31. ágúst síðastliðins kl. 1.48 voru lögreglumenn á Ísafirði í eftirlitsferð um Austurveg, er þeir veittu athygli bifreiðinni Í-1391, þar sem verið var að ýta henni frá bifreiðastæði við veitingahúsið Sjallann, yfir Austurveg og inn á bifreiðastæði við Kaupfélag Ísfirðinga, þar sem ferð hennar var stöðvuð. Sat þá undir stýri ákærði í málinu, sem síðan færði sig yfir í farþegasæti við hliðina og steig út úr bifreiðinni í þann mund, er lögregluna bar að. Aflvél bifreiðarinnar var þá í gangi. Vegna grunar um ölvun við akstur var ákærði færður á lögreglustöð bæjarins, en umsjón bifreiðarinnar falin Sigurlaugu Maríu Bjarnadóttur, kt. 280974-3229, sem ók henni burt af vettvangi.

Við skýrslutöku sömu nótt kannaðist ákærði við að hafa gangsett vél bifreiðarinnar, en gaf þá skýringu á háttseminni, að hann hefði aðeins verið að aðstoða Sigurlaugu við að koma bifreiðinni í gang, enda kveikjulás hennar bilaður og Sigurlaug ekki treyst sér til að gangsetja hana með þeim ráðum, sem beita þurfti. Hafi síðan verið ráðgert, að hún myndi ein aka bifreiðinni. Til að ræsa vélina kvaðst ákærði í félagi við nokkra aðra hafa ýtt bifreiðinni af stað og ákærði þá stigið á „kúplinguna" með öðrum fæti, en þegar bifreiðin hafði náð hæfilegri ferð, hefði hann sest inn í hana og lyft fæti af kúplingunni með þeim afleiðingum, að vélin hrökk í gang. Þrýsti ákærði síðan nokkrum sinnum á eldsneytisgjöfina, áður en hann steig út úr bifreiðinni.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða sömu nótt kl. 1.57 tekið blóð til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á umræddu blóðsýni reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1,62‰.

— — —

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt ákæruna rétta, en jafnframt borið, að hann hafi ekki talið sig vera að aka bifreiðinni í venjulegum skilningi, heldur aðeins verið að aðstoða við gangsetningu hennar. Hafi hann í því skyni sest undir stýri, eftir að bifreiðin var komin á ferð, sett hana í gír og sleppt upp kúplingunni með þeim afleiðingum, að aflvélin hrökk í gang. Kvað ákærði bifreiðina aðeins hafa runnið áfram 1-2 metra, eftir að hann settist inn, en síðan hefði hann stigið á fóthemla bifreiðarinnar og hún numið staðar. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að um refsivert athæfi væri að ræða af sinni hálfu. Ákærði staðfesti annars framburð sinn hjá lögreglu og gerði ekki athugasemdir við önnur gögn málsins.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af framburði ákærða við rannsókn og meðferð málsins, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið, er sannað, að ákærði hefur greinda nótt í félagi við vitnin Ólaf Helgason og Elías Kára Halldórsson ýtt bifreiðinni Í-1391 þá leið, sem rakin er í ákæruskjali. Einnig er sannað, að á nefndri leið bifreiðarinnar hefði ákærði sest inn í hana með annan fót á kúplingu, sett hana í gír og því næst sleppt kúplingunni með þeim afleiðingum, að aflvél bifreiðarinnar hrökk í gang. Í framhaldi af því hafi ákærði stigið á fóthemla bifreiðarinnar, uns hún stöðvaðist, en því næst fært sig úr ökumannssæti yfir í farþegasæti og stigið út úr bifreiðinni í þann mund, er lögregla kom á vettvang. Hefur ákærði staðfastlega haldið því fram, að með gangsetningu bifreiðarinnar hafi aðeins vakað fyrir sér að aðstoða vitnið Sigurlaugu Maríu Bjarnadóttur, þar sem kveikjulás bifreiðarinnar hafi verið bilaður, en síðan hafi verið ráðgert, að Sigurlaug annaðist ein akstur bifreiðarinnar. Er ekkert fram komið í málinu, sem hnekkir þessum framburði ákærða eða veikir, en stoð fær hann í framburði Ólafs, Elíasar og Sigurlaugar við skýrslugjöf hjá lögreglu, sem hefur ekki verið mótmælt. Loks er sannað með eigin játningu ákærða, sem styðst við önnur gögn málsins, að hann hefur umrædda nótt við greinda háttsemi verið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum.

Kemur þá til álita, hvort gangsetning bifreiðarinnar með framangreindum hætti feli í sér brot á 45. gr. umferðarlaga, en þar segir í 1. mgr., að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis. Með því að ákærði stuðlaði að því, að bifreiðin rann af stað, settist síðan undir stýri hennar gagngert í því skyni að gangsetja hana og steig að því loknu á fóthemla bifreiðarinnar, uns hún stöðvaðist, telur

dómurinn sannað, að ákærði hafi með umræddri háttsemi stjórnað nefndri bifreið í skilningi téðs lagaákvæðis og þannig gerst sekur um brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Sakaferill ákærða.

[Ákærði hefur fjórum sinnum undirgengist greiðslu sektar og sætt sex refsidómum. Hann var 1988 sviptur ökuleyfi eitt ár. Árið 1991 var hann sviptur leyfinu tvö ár og síðar sama ár sviptur ökuleyfi ævilangt. Honum var 28. júlí 1992 veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsivistar, 195 dögum.]

Refsing og önnur viðurlög.

Með broti því, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð ofangreindrar reynslulausnar frá 28. júlí 1992, og ber nú samkvæmt 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976, að dæma ákærða refsingu fyrir það brot, sem nú er til meðferðar, og taka jafnframt upp reynslulausnina eftir reglum 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna svo og 3., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. sömu laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuði, sem ekki þykir fært að skilorðsbinda, þegar litið er til sakaferils ákærða.

Ákærði var sviptur ökuréttindum ævilangt með dómi, upp kveðnum 9. desember 1991. Að kröfu ákæruvalds ber nú að árétta þá sviptingu með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga, og skal ákærði samkvæmt því vera sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsuppkvaðningu. Samkvæmt 104. gr. nefndra laga, sbr. 2. mgr. 139. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, ber að ákveða, að áfrýjun dómsins fresti ekki ákvæðum hans að þessu leyti.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 20.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 30.000 kr., að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti.

Dómsorð:

Ákærði, Júlíus Kristján Thomassen, sæti fangelsi átta mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá dómsuppkvaðningu að telja, og frestar áfrýjun dómsins ekki framkvæmd hans að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Björns Jóhannessonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur, að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti.

Þriðjudaginn 6. apríl 1993.

Nr. 395/1989. **Hafþór Svavarsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Eggerti Árna Gíslasyni,
Gunnari Þór Gíslasyni og
Halldóri Páli Gíslasyni persónulega
og vegna Salathússins sf.
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Lausafjárkaup. Gallar. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1989. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og að stefndu, Eggert Árni Gíslason, Gunnar Þór Gíslason og Halldór Páll Gíslason persónulega og vegna Salathússins sf., verði dæmdir óskipt til að greiða sér 1.248.581 krónu auk ársdráttarvaxta sem hér greinir: af 48.581 krónu 44,5% frá 18. apríl 1988 til 1. maí s.á. og 44,4% frá þeim degi til 3. maí s.á., en af 1.248.581 krónu 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvexti megi leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en 25. september 1990 var áfrýjanda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að viðurkenndur verði réttur þeirra til að rifta kaupsamningi aðila frá 16. apríl 1988 að hluta, þannig að riftun taki til dælu í sósuhrærara, salathrærara og salatpökkunarvélar, að verðmæti

samtals 1.260.000 krónur. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

I.

Í kaupsamningi aðila er hinu selda lýst þannig:

„Lausafé og vélar sem notaðar hafa verið við rekstur Salat-Gæða, þar með talið:

Salathrærari, sósuhrærari og salatpökkunarvél úr smiðju Sigurðar Kristinssonar, Kessel-hrærivél, Vulcan-hrærivél, Halldegrænmetiskvörn með fylgihlutum, kælir, kælipressa, frystikista, vigt, 2 merkibyssur, 30 kassar úr harðplasti, 11 plastbalar, skrifborð, kaffiborð, 4 stólar, kaffivél.

Uppskriftir að „hrásalati" og „sælkerasalati" sem Salat-Gæði hefur framleitt."

Af framanskráðri upptalningu verður sú ályktun dregin, að eingöngu hafi verið seld tæki og munir úr rekstri áfrýjanda auk uppskrifta að salati.

Í kaupsamningnum er ekki tilgreint verðmæti einstakra tækja og muna, og eiginleikum þeirra eða ástandi er ekki lýst sérstaklega, þegar frá er talin salatpökkunarvél, en um hana segir eftirfarandi:

„Við afhendingu skal pökkunarvélin geta pakkað allt að 900 bökkum af „hrásalati" eða „sælkerasalati" á klukkustund, þannig að að jafnaði fari 390 grömm í hvern bakka, svo að ekki skeiki meira en 5% í hverjum bakka, ekki skuli fleiri en 20 tómir bakkar komast í gegnum pökkunina á klukkustund og ekki skuli meira en 2% af salatinu fara forgörðum í pökkunarvélinni ..."

II.

Þegar oftsinnis, en árangurslaust hafði verið reynt að lagfæra galla á salatpökkunarvélinni, eftir að hún var afhent kaupanda, leituðu stefndu til Iðntæknistofnunar Íslands og báðu um athugun á vélinni og fylgibúnaði hennar. Í umsögn dr. Einars Matthíassonar, deildarstjóra við stofnunina, frá 19. ágúst 1988 segir meðal annars: „... Ljóst er, að skömmtunarbúnaðurinn hefur ýmsa vankanta:

a) Áfylling salats í ílát.

Platan með hæðarskynjaranum vill loða við salatið. Þetta gerir það að verkum, að þegar armurinn, sem heldur ílátinu,

færist niður að lokinni skömmtun, hangir ílátið eftir. Þegar armurinn snýst í næstu stöðu, klemmist ílátið síðan á milli plötunnar og armsins. Við áfyllingu rennur salatdressingurinn yfir áfyllingarplötuna. Þaðan rennur hann síðan eftir áfyllingu út yfir kanta ílátsins og sóðar út bæði ílátin og tækjabúnaðinn.

b) Mötun íláta á færiarm.
Þegar tækjabúnaður stoppar vegna óhapps, er hætta á, að fleiri en einn bakki í einu matist á færiarm, þegar farið er af stað að nýju. Einnig hendir það, að ílátið losnar aðeins öðrum megin og klemmist, þegar armurinn snýst.

c) Aflosun fylltra íláta.
Gaffallinn á keðjufæribandinu, sem tekur ílátin af færiarminum, getur stöðvast í þeirri stöðu, að armurinn rekist á hann, þegar aftur er farið í gang. Í sumum tilfellum fer keðjufæribandið ekki aftur af stað, svo að ílátin með salatinu sátu eftir og klemmdust í vélinni.

Heildarmat.
Að mati undirritaðs gegnir skömmtunarvélin ekki því hlutverki, sem henni er ætlað, miðað við núverandi ástand hennar. Ýmsir hönnunargallar eru til staðar, sem gera það að verkum, að hætta á stöðvun og skemmdum á vöru vegna óhappa er mikil og áreiðanleiki hennar í framleiðslu því óviðunandi.“

III.

Með skírskotun til þessarar umsagnar opinberrar rannsóknarstofu, sem áfrýjandi hefur í engu hnekkt, er sannað, að umrædd salatpökkunarvél var með verulega galla. Voru því skilyrði til þess, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, að kaupandi rifti kaupsamningi aðila, að því er hana varðaði og salathrærara, en af gögnum málsins verður ráðið, að þessi tæki hafi myndað tækjasamstæðu, svokallaða pökkunarlínu.

Af hálfu stefndu hefur hins vegar ekki verið sýnt fram á, að skilyrði hafi verið til að rifta kaupsamningnum að öðru leyti, en ósannað er, að dæla í sósuhrærara hafi verið ónýt eða gölluð.

Fallist er á þá ályktun í héraðsdómi, að riftunarkrafa hafi komið fram nægilega fljótt.

IV.

Meðal gagna málsins er skrá yfir þau tæki og muni, sem kaupsamningur aðila tók til, ásamt verðlagningu þeirra. Skrá þessi, sem er komin frá stefndu, hljóðar þannig:

„EIGNIR SEM AFHENTAR HAFA VERIÐ:

Sósuhrærari með ónýtri dælu	kr.	120.000	
Kessel-hrærivél	—	19.500	
Vulcan-hrærivél	—	19.500	
Hallde-grænmetiskvörn	—	9.000	
250 l frystikista	—	20.500	
Kælipressa og viðtæki	—	60.000	
Kæliklefi	—	23.000	
Tvöfaldur stálvaskur	—	6.700	
11 plastbalar	—	16.500	
22 fiskikassar	—	55.000	
Skrifborð	—	3.000	
Hjólaborð	—	2.000	
Borð í kæli	—	2.000	
Kaffiborð og stólar	—	2.500	
Önnur smááhöld ótilgreind	—	30.000	
Uppskriftir 2x25000	—	50.000	Kr. 440.000(?)
GALLAÐAR VÖRUR SEM HAFNAÐ ER:			
Dæla í sósuhrærara		60.000	
Salathrærari		500.000	
Salatpökkunarvél		700.000	Kr. 1.260.000
			Kr. 1.700.000“(?

Skráin var borin undir áfrýjanda við yfirheyrslu á bæjarþingi Kópavogs. Taldi hann upptalningu tækja og muna á henni vera efnislega rétta og í samræmi við kaupsamninginn.

V.

Aðila greinir mjög á um verðmæti einstakra tækja og muna. Engin haldbær gögn hafa verið lögð fram til að leiða í ljós raunverulegt verðmæti þeirra, svo sem mat dómkvaddra manna. Verð-

lagning salatpökkunarvélar og salathrærara var borin undir Sigurð Kristinsson, hönnuð og framleiðanda tækjanna, er hann gaf vitnaskýrslu í málinu. Taldi hann, að eðlilegt verð salatpökkunarvélarinnar ógallaðrar væri 600.000 til 800.000 krónur og ekki fjarri lagi, að verðmæti salathrærarans væri 500.000 krónur. Þetta verðmat er í engu samræmi við reikninga Sigurðar til áfrýjanda frá því í mars 1987 og apríl 1988 varðandi þessi tæki, en reikningar þessir voru lagðir fram í Hæstarétti.

Atvikum máls þessa er þannig háttað, að nauðsynlegt var, að aflað yrði viðhlítandi gagna um þetta ágreiningsefni, sem er annar höfuðþáttur málsins. Nauðsyn þess var augljós. Þar sem þetta fórst fyrir, verður að ráða til lykta að álitum verðlagningu þeirra tækja, sem riftun stefndu nær til, og þá með hliðsjón af þeim takmörkuðu upplýsingum, sem við er að styðjast í málinu.

Rétt þykir eftir atvikum að lækka verðmat stefndu á salathrærara og salatpökkunarvél í 1.050.000 krónur.

Með vísan til þess, sem áður sagði um dælu í sósuhrærara, verður krafa stefndu um 60.000 króna frádrátt vegna hennar ekki tekin til greina.

Gagnkrafa áfrýjanda, að fjárhæð 48.581 króna, er ekki vefengd.

VI.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins í fyrsta lagi sú, að viðurkenndur er réttur stefndu til riftunar á kaupsamningi aðila frá 16. apríl 1988, að því er tekur til salatpökkunarvélar og salathrærara, samtals að fjárhæð 1.050.000 krónur. Í öðru lagi verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda óskipt 198.581 krónu með vöxtum frá birtingardegi héraðsstefnu og að öðru leyti eins og í dómsorði greinir. Fjárhæð þessi sundurliðast þannig:

Umsamið kaupverð	kr.	1.700.000
Frá dregst verðmæti salatpökkunarvélar og salathrærara	—	1.050.000
	Kr.	650.000
Við bætist gagnkrafa áfrýjanda	—	48.581
	Kr.	698.581
Frá dregst innborgun stefndu	—	500.000
	Skuld kr.	198.581

Eins og háttað er málatilbúnaði af hendi beggja málsaðila, er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs málflutningsmanns hans, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur. Við ákvörðun þeirra er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefndu til riftunar á framangreindum kaupsamningi frá 16. apríl 1988, að því er tekur til salatpökkunarvélar og salathrærara.

Stefndu, Eggert Árni Gíslason, Gunnar Þór Gíslason og Halldór Páll Gíslason persónulega og vegna Salathússins sf., greiði áfrýjanda, Hafþóri Svavarssyni, 198.581 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. október 1988 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun málflutningsmanns hans, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómur bæjarþings Kópavogs 13. júlí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað af Salathúsinu sf., Stigahlíð 91, Reykjavík, gegn Hafþóri Svavarssyni, Lundi 3 við Nýbýlaveg, Kópavogi.

Dómkröfur aðila.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega, að staðfest verði riftun stefnanda með ábyrgðarbréfi, dagsettu 23.8. 1988, á kaupsamningi stefnda og stefnanda, dagsettum 13. apríl 1988, um kaup á salatgerðarvél og hlutum tengdum henni og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 727.600 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þá kröfu til vara, að kaupsamningi stefnanda og stefnda, dags. 13. apríl 1988, yrði rift að hluta, þannig, að rift yrði kaupum stefnanda á eftirtöldum hlutum kaupsamningsins:

Dæla í sósuhrærara	kr.	60.000
Salathrærari	—	500.000
Salatpökkunarvél	—	700.000
	Samtals kr.	1.260.000

Þá er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda 104.600 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Til þrautavara krefst stefnandi þess, að sér verði dæmdur hæfilegur afsláttur af kaupverði hinna seldu muna samkvæmt kaupsamningi aðila, dagsettum 13.4. 1988, að mati dómsins og að stefndi verði dæmdur til endurgreiðslu á hluta 500.000 króna innborgunar, verði afsláttur dæmdur svo mikill, og skaðabóta, að fjárhæð 227.600 kr., auk dráttarvaxta frá 29.6. til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, söluskatts og vaxta af málskostnaði frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá hefur hann mótmælt varakröfu stefnanda sem of seint fram kominni.

Stefndi hefur höfðað gagnsakarmál, sem þingfest var 24. nóvember 1988, og var það sameinað aðalsök.

Í gagnsök krefst gagnstefnandi þess, að þeir Eggert Árni Gíslason, kt. 240761-2119, Barónsstíg 55, Reykjavík, Halldór Páll Gíslason, kt. 280464-4149, Stigahlíð 91, Reykjavík, og Gunnar Þór Gíslason, kt. 181165-3759, Stigahlíð 91, Reykjavík, persónulega og f. h. Salathússins sf., kt. 670488-1609, Stigahlíð 91, Reykjavík, verði dæmdir in solidum til að greiða 1.248.581 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Kröfur gagnstefndu í gagnsök eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnstefnanda til greiðslu á 1.200.000 kr. auk vaxta, en samþykktur verði skuldajöfnuður vegna 48.581 kr. auk vaxta við kröfu Salathússins sf. í aðalsök. Þá er krafist sýknu á málskostnaðarkröfu gagnstefnanda, en hann verði dæmdur til að greiða gagnstefndu málskostnað í gagnsök.

Málavextir.

Aðalstefnandi lýsir málavöxtum svo, að 16. apríl 1988 hafi málsaðilar gert með sér kaupsamning, þar sem Salathúsið sf. hafi keypt af aðalstefnda salathrærara, sósuhrærara og salatpökkunarvél úr smiðju Sigurðar Kristinssonar ásamt ýmsum fylgihlutum, sem nánar eru tilgreindir í kaupsamningi aðila. Kaupverð hafi verið 1.700.000 kr., og hafi 500.000 kr. verið greiddar við undirritun, en aðrar greiðslur hafi átt að vera 250.000 kr. með víxli á gjalddaga 16.7. 1988, 250.000 kr. með víxli á gjalddaga 16.10. 1988,

230.000 kr. með víxli á gjalddaga 16.12. 1988 og 230.000 kr. með víxli á gjalddaga 16.2. 1989, 240.000 kr. með víxli á gjalddaga 16.4. 1989, samtals 1.700.000 kr. Fram hefur komið, að víxlarnir hafi ekki verið afhentir.

Hinn 3.5. 1988 hafi salatpökkunarvélin verið flutt í vinnslusal Salathússins sf. að Hávallagötu 17, Reykjavík. Daginn eftir hafi vélin verið reynsluknúin til úttektar, og hafi þá komið í ljós, að hún hafi ekki starfað eins og hún hafi átt að gera. Viðstaddir þessa prófun hafi verið auk aðalstefnanda aðalstefndi og Sigurður Kristinsson, hönnuður vélarinnar. Það, sem helst hafi reynst að vélinni, var, að hún hafi ekki skammtað rétt í boxin, box hafi flækst í vélinni, auk þess sem salat hafi sullast út fyrir og gert boxin óþrifaleg, svo að þurrka þurfti af þeim með tusku á eftir pökkun. Eftir fyrstu prófun vélarinnar hafi hún verið flutt í smiðju Sigurðar Kristinssonar til viðgerðar og síðan aftur til Salathússins sf. og reynd að nýju, en allt hafi komið fyrir ekki. Vélin hafi ekki reynst eins og um hafi verið samið.

Alls hafi vélin verið flutt fimm sinnum úr húsnæði Salathússins sf. í smiðju Sigurðar Kristinssonar til viðgerðar, 5.5. 1988, 12.5. 1988, 19.5. 1988, 2.6. 1988 og 23.6. 1988. Auk þessa hafi Sigurður Kristinsson í fjórgang þurft að taka „skömmtunarstykki" úr vélinni heim í smiðju sína til viðgerðar, 25.5. 1988, 8.6. 1988, 15.6. 1988 og 29.6. 1988.

Af hálfu aðalstefnanda hafi verið kvartað við aðalstefnda þegar í stað, er í ljós hafi komið, að vélin hafi ekki verið í lagi og að hún stæðist ekki úttekt, enda hafi prófunin farið fram á vegum seljanda vélarinnar, sem hafi oftast verið viðstaddur. Einnig hafi aðalstefnda verið gert kleift að koma vélinni í lag, sem ekki hafi enn reynst unnt. Þar sem aðalstefnendur hafi verið orðnir mjög þreyttir á ástandinu, eftir að vélin hafði verið flutt fimm sinnum af staðnum og í fjórgang verið tekin úr henni skömmtunarstykki til lagfæringa, hafi verið ákveðið að leita álits Iðntæknistofnunar Íslands á ástandi vélarinnar. Hinn 19.8. 1988 hafi Iðntæknistofnun Íslands skoðað vélina, og hafi hún skilað áliti á fjórum tölusettum blaðsíðum. Í kafla álitsins, sem kallist Heildarmat, standi orðrétt: „Að mati undirritaðs gegnir skömmtunarvélin ekki því hlutverki, sem henni er ætlað, miðað við núverandi ástand hennar. Ýmsir hönnunargallar eru til staðar, sem gera það að verkum, að hætta á stöðvun og skemmdum á vöru vegna óhappa er mikil og áreiðanleiki hennar í framleiðslu því óviðunandi."

Eftir þetta álit Iðntæknistofnunar hafi aðalstefnendum þótt sýnt, að vélin myndi aldrei geta gegnt því hlutverki, sem hún hafi átt að gera samkvæmt samningi málsaðila, og hafi því kaupsamningnum verið rift með ábyrgðarbréfi til aðalstefnda, dags. 23.8. 1988.

Aðalstefnendur krefjast þess í málinu, að aðalstefndi verði dæmdur til að endurgreiða þær 500.000 kr., sem þeir greiddu aðalstefnda við undir-

ritun kaupsamningsins 16.4. 1988. Einnig krefjast aðalstefnendur skaðabóta, að fjárhæð 227.600 kr., sem þeir sundurliða þannig:

1. Keypt lok til notkunar í pökkunarvél samkvæmt reikningi 366.000 kr., en aðalstefnendur hafa lækkað í 183.000 kr.
2. Akstur með vélar 27.500 kr. (11x2.500).
3. Vinna við reynslukeyrslu vélanna 17.100 kr. (57x300).

Samtals 227.600 kr.

Krafist er dráttarvaxta af skaðabótakröfu frá 29.6. 1988, en þá telja aðalstefnendur, að síðast hafi verið flutt eitthvað úr vélinni á verkstæði.

Aðalstefndi lýsir málavöxtum svo, að aðilar málsins hafi gert með sér kaupsamning um ýmis tæki og vélar, sem aðalstefndi hafi notað við rekstur fyrirtækis síns, Salat-Gæða. Um hafi verið að ræða mikinn fjölda alls konar hluta, svo sem hrærivélar, kælitæki, pökkunarvél, vog, plastkassa, innanstokksmuni ýmiss konar, uppskriftir að salötum, einkaleyfi o. m. fl. Umsamið kaupverð hafi verið svo sem aðalstefnendur hafi frá greint.

Hinar seldu eignir skyldi afhenda aðalstefnendum 18. apríl 1988 að undanskilinni salatpökkunarvél, er hafi átt að afhenda eigi síðar en 28. apríl 1988 í ákveðnu, umsömdu ástandi. Aðalstefnendur hafi greitt aðalstefnda 500.000 kr. við undirritun, og skyldu víxlarnir koma til afhendingar við afhendingu salatpökkunarvélarinnar.

Salatpökkunarvélin hafi verið smíðuð af Sigurði Kristinssyni vélsmið, og hafi hún verið algjör nýjung hér á landi. Fyrirsvarsmenn aðalstefnenda hafi skoðað vélina, þegar hún var í smíðum hjá Sigurði, og hafi þeim verið ljóst frá upphafi, að við fyrstu keyrslur á vélinni kynnu að koma í ljós annmarkar, sem sníða þyrfti af henni. Eins og fram komi í bréfi Sigurðar, dags. 8. september 1988, hafi afköst vélarinnar verið í umsömdu ástandi við afhendingu hennar, en mötun í ílát hafi verið áfátt. Hönnuður vélarinnar hafi unnið að því að bæta úr þessu, en það hafi tekið nokkurn tíma, vegna þess að aðalstefnendur hafi aðeins leyft prófun á vélinni í 1½ klukkustund á dag einn dag í viku; að öðrum kosti hefði vélin komist í lag á allra fyrstu dögum. Þremur vikum eftir, að vélin hafi verið afhent, hafi hönnuður aðeins átt eftir að gera lítils háttar breytingar á henni. Því verki hafi þó aldrei tekist að ljúka. Umfangsmikil viðgerð hafi farið fram á húsnæði aðalstefnenda, þar sem vélin hafi verið geymd, og hafi hönnuður þá ekki unnið við breytingar á vélinni. Þegar þeirri viðgerð hafi lokið, hafi lokabreytingar hafist, og hafi hönnuður nánast lokið verki sínu, er honum hafi verið meinaður aðgangur að vélinni á þeirri forsendu, að lyki hann verkinu að fullu, kynni aðalstefndi að bera því við, að vélin hafi verið tilbúin þegar við afhendingu.

Aðalstefnendur hafi þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir aðalstefnda neitað að afhenda víxlana, svo sem um hafi verið samið.

Í málinu hefur komið fram, að Sigurður Kristinsson smíðaði pökkunarvél þá, sem fjallað er um í máli þessu, að beiðni aðalstefnda. Samkvæmt vitnisburði hans kvaðst hann hafa þreifað sig áfram með verkið, en aðalvandamálið hafi verið að láta vélina vinna þannig, að hún „straujaði" út í ílátin. Verkið hafi tekið töluverðan tíma. Upphaflega hafi annar hrærari verið smíðaður við pökkunarvélina. Hafi sá útbúnaður verið með snigildælu, sem verkaði ekki. Síðan hafi annar hrærari verið smíðaður ásamt dælu, og er það sá búnaður, sem nú er notaður við pökkunarvélina. Ekki hafi verið gerðar neinar prófanir á þeim útbúnaði fyrr en eftir að aðalstefnendur keyptu þessar vörur af aðalstefnda. Aðalstefndi hafi fengið pökkunarvélina til sín, en þá hafi hún verið með þeim útbúnaði, sem upphaflega var smíðaður. Eðlilegt verð fyrir þessa pökkunarvél ásamt viðeigandi útbúnaði, áætlaði vitnið, að væri um 600-800 þúsund krónur.

— — —

Niðurstöður.

Aðalsök.

Dómendur hafa skoðað vélar og annað lausafé, sem talið er í kaupsamningi málsaðila á dskj. nr. 3. Reynt var að pakka salati með pökkunarvélinni. Tilraunakeyrsla á vélinni skilaði ófullnægjandi pökkun.

Ástand vélarinnar, þegar skoðun dómenda fór fram 9. júní sl., var þannig:

1) Mötun bakka: Innmötunarbúnaðurinn er aðeins gerður fyrir bakka, sem standa nákvæm mál, en ekki er tekið tillit til eðlilegrar ónákvæmni á lögun þeirra. Þetta getur valdið innmötun fleiri en eins bakka á flutningsarminn samtímis.

Gera má ráð fyrir, að vegna ónákvæmni í smíði búnaðarins myndi mötun bakka ekki ganga örugglega, þótt bakkarnir stæðu í nákvæmum málum. Vegna þessa vilja bakkarnir stundum klemmast, þegar þeir sitja að hluta til fastir og armurinn byrjar að snúast.

2) Skömmtun í bakka: Sökum hönnunargalla er hætta á eyðileggingu bakka við áfyllingu, og mikill sóðaskapur fylgir áfyllingunni ásamt meðfylgjandi skemmdum á hráefni.

3) Aflosun bakka: Samhæfingu milli hreyfinga færiarms og keðjufæribands er mjög áfátt. Þetta veldur í mörgum tilfellum skemmdum á ílátum og eyðileggingu salatsins í þeim.

4) Stýrikerfi: Við hönnun stýrikerfisins er ekki gert ráð fyrir annarri keyrslu á vélinni en sjálfvirkri (engin „manuel funktion").

Við stöðvun vélar með neyðarrofa keyrir vélin ekki í upphafsstöðu við næsta „start" (vöntun á „reset"), og kostar það tímafreka handavinnu við innstillingu skynjara.

Með vísan til þessa svo og til skýrslu Iðntæknistofnunar á dskj. nr. 8, sem staðfestir það, sem dómendur sáu við skoðun, verður að teljast ólíklegt, að unnt verði að fá vélina til að fullnægja þeim kröfum, sem til hennar eru gerðar. En jafnvel þótt það tækist, er það mat dómsins, að þá þyrfti að endursmíða vélina í endanlegt form. Þessi sérstaka vél getur samkvæmt því aldrei orðið annað en tilraunavél (prototypa) og því ekki nothæf í þeim tilgangi, sem kaupsamningur málsaðila gerir ráð fyrir. Við skoðun kom í ljós, að vélin var engan veginn fær um að pakka salati og því síður að fullnægja þeim skilyrðum, sem tilgreind eru í 3. tl. kaupsamnings á dskj. nr. 3.

Í kaupsamningi aðila á dskj. nr. 3 er ekki sundurgreint sérstaklega kaupverð einstakra muna. Ekki verður á það fallist, að salatpökkunarvélin hafi verið óverulegur hluti hins selda, enda verður að meta verðmæti vélarinnar í samræmi við þann vinnusparnað, sem notkun hennar ætti að hafa í för með sér. Engin rök hafa verið leidd að því, að pökkunarvélin hafi einungis verið u. þ. b. 1/12 af heildarverðmæti samningsins, svo sem haldið er fram af hálfu aðalstefnda.

Af hálfu aðalstefnda er viðurkennt, að aðalstefnendum hafi verið ljóst, að hugsanlega þyrfti að bæta úr þeim göllum, sem fram kæmu á pökkunarvélinni, og var þetta reynt í samráði við báða málsaðila. Ekki þykir annað í ljós leitt en aðalstefnendur hafi skýrt aðalstefnda frá því, að þeir vildu rifta kaupunum, þegar er þeim varð ljóst, að ekki reyndist unnt að bæta úr þessum göllum.

Verður því með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, að taka aðalkröfu aðalstefnanda um riftun á kaupsamningi málsaðila til greina og dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda 500.000 kr. vegna riftunarinnar ásamt vöxtum, svo sem krafist er af hálfu aðalstefnanda.

Skaðabótakröfur aðalstefnanda þykja ekki nægjanlega rökstuddar gegn andmælum aðalstefnda. Ekki hefur verið sýnt fram á, að lokin séu einungis ætluð til notkunar í pökkunarvélina, og ekki hafa verið gefnar fullnægjandi skýringar á reikningi á dskj. nr. 12 vegna flutnings á vélum. Verður því ekki unnt að taka skaðabótakröfuna til greina.

Gagnsök.

Þar sem riftun á kaupsamningi aðila hefur náð fram að ganga í aðalsök, hafa skyldur gagnstefndu um að efna samninginn þar með fallið niður, og ber því að sýkna gagnstefndu af kröfu gagnstefnanda um greiðslu á 1.200.000 kr. í gagnsök.

Kröfu gagnstefnanda á hendur gagnstefndu á 48.581 kr. vegna vörubirgða, sem þeir hafi keypt af gagnstefnanda, hefur ekki verið mótmælt af hálfu gagnstefndu, og verður hún því tekin til greina sem skuldajafnaðar-

krafa, sbr. 49. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Málskostnaður.

Í samræmi við niðurstöður málsins í heild þykir rétt, að aðalstefndi greiði gagnaðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr., þ. m. t. söluskattur, ásamt dráttarvöxtum svo sem krafist er.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Stefán Magnússon tæknifræðingur og Arnbjörn Eyþórsson véltæknifræðingur, en dómsuppkvaðning hefur dregist vegna annarra embættisverka dómsformanns, sem eigi þoldu bið.

Dómsorð:

Staðfest er riftun aðalstefnanda, Salathússins sf., 23.8. 1988 á kaupsamningi málsaðila, sem dagsettur er 13. apríl 1988. Aðalstefndi, Hafþór Svavarsson, greiði aðalstefnanda, Salathúsinu sf., 451.419 kr. með 45,6% drv. á ári af 500.000 kr. frá 16.4.1988 til 18.4.1988, en af 451.419 kr. frá þeim degi til 1.5.1988, með 44,4% drv. á ári af sömu fjárhæð frá 1.5.1988 til 1.7.1988, með 52,8% drv. á ári frá þ. d. til 1.8.1988, með 56,4% drv. á ári frá 1.8.1988 til 1.9.1988, með 49,2% drv. á ári frá 1.9.1988 til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, en dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, allt í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga.

Aðalstefndi, Hafþór, greiði aðalstefnanda, Salathúsinu sf., 200.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, ásamt leyfilegum dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu að telja til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. apríl 1993.

Nr. 373/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Starra Hjartarsyni
(Ragnar H. Hall hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Ökuleyfissvipting. Brot gegn 4. mgr. 220. gr. alm. hgl. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvaldsins. Krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru en því, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákæruefni í máli þessu, sem sett eru fram í fjórum töluliðum, eru rakin skilmerkilega í hinum áfrýjaða dómi. Varða þau öll brot gegn umferðarlögum nr. 50/1987, og varð sakarefni samkvæmt 2. tölulið til þess, að ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða í júlí 1991. Í 4. tölulið er fjallað um atvik þess, er ákærði ók með ofsahraða undan lögreglu 24. ágúst sama ár eftir þjóðvegum á svæðinu milli Húsavíkur og Akureyrar, og er hann þar einnig sakaður um brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Í héraðsdómi var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 4. mgr. 220. gr. þeirra laga vegna atlögu að lögreglumönnum við bæ í Bárðardal, þar sem eftirförinni lauk. Krefst ákæruvaldið staðfestingar á úrlausn héraðsdóms um þennan ákærulið eins og aðra þætti ákærunnar, en ákærði telur sig sýknan af broti gegn almennum hegningarlögum. Varðandi sakarefni í 2. tölulið ákæru mótmælir ákærði því, að ökuhraði bifreiðar sinnar hafi verið slíkur, að efni væru til sviptingar ökuleyfis.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöður hans um sakfellingu ákærða og heimfærslu brota til refsiákvæða varðandi alla þætti ákærunnar.

Það atferli ákærða, sem um ræðir í 4. tölulið ákæru, var stórkostlega glæfralegt og fól í sér margþætt brot gegn ákvæðum umferðarlaga ásamt skýlausu broti gegn fyrrnefndu ákvæði

almennra hegningarlaga. Rétt er að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sekt á hendur ákærða, en önnur refsing hans telst hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði. Með hliðsjón af sakavottorði ákærða og því, að hann hefur ekki áður unnið til refsivistar, þykir þó mega fallast á það með héraðsdómara, að refsivistin verði skilorðsbundin í tvö ár.

Staðfesta ber ákvæði dómsins um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Starri Hjartarson, sæti fangelsi þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður eftir tvö ár frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 75.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuréttinda og um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Húsavíkur 30. júní 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. júní sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 8. nóvember 1991, „á hendur Starra Hjartarsyni, Hjarðarhóli 20, Húsavík, fæddum 7. september 1963, fæðingarnúmer 531, fyrir að aka eftirtöldum ökutækjum svo sem hér greinir:

1) Fimmtudaginn 2. ágúst 1990 bifreiðinni IK-185 suður Norðausturveg í Suður-Þingeyjarsýslu með allt að 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla skammt norðan Húsavíkur.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2) Fimmtudaginn 4. júlí 1991 bifreiðinni Y-9890 suður sama veg með allt að 156 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla á móts við bæinn Knútsstaði í Aðaldal.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

3) Miðvikudaginn 17. júní 1991, sviptur ökuréttindum, vörulyftara í eigu Skipaafgreiðslu Húsavíkur hf. um götur á Húsavík að versluninni Búrfelli við Garðarsbraut.

Telst þetta varða við 2. mgr. 55. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

4) Að kvöldi laugardagsins 24. ágúst 1991, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Y-9890 frá Húsavík áleiðis inn í Fnjóskadal, sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglu á móts við bæinn Birningsstaði í Ljósavatnsskarði, heldur aka á undan henni vestur að Fnjóská með allt að 140 kílómetra hraða miðað við klukkustund og síðan norður Vaðlaheiðarveg og uppi á heiðinni óvarlega fram hjá tveimur lögreglumönnum, sem reyndu að stöðva för ákærða með því að leggja lögreglubifreiðinni KS-685 þvert á veginn, og síðan norður Svalbarðsströnd með 110-140 kílómetra hraða miðað við klukkustund, en töluverð umferð var þá á þessari leið, og aka margsinnis í veg fyrir lögreglubifreiðina TK-668, er lögreglan reyndi að aka fram úr ákærða, og aka bifreiðinni langt yfir leyfilegum hámarkshraða austur Ljósavatnsskarð að Skjálfandafljóti og suður Bárðardal, en töluverð umferð búvéla var þá á veginum vegna fjárflutninga, og að bænum Bólstað og fyrir að stofna í hættu lífi eða heilsu lögreglumannanna Hreiðars Hreiðarssonar og Stefáns Hallgrímssonar við útihús við bæinn með því að aka bifreiðinni að þeim, svo að þeir urðu að hlaupa undan, og aka bifreiðinni svo á lögreglubifreiðina UG-792, sem hafði verið lagt í bæjarhliðið, svo að hún kastaðist ofan í skurð, en ákærði ók svo bifreiðinni nokkurn spöl norður Bárðardal og hætti þar akstrinum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 168. gr., til vara við 2. mgr. sömu gr., og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr.,2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

II.

Málavextir.

1. töluliður ákæru.

Fimmtudaginn 2. ágúst 1990 mældi lögreglan í Reykjavík, vegalögregludeild, ökuhraða bifreiðarinnar IK-185 á Norðurausturvegi skammt norðan Húsavíkur. Samkvæmt ratsjá var ökuhraði bifreiðarinnar 110 kílómetrar

miðað við klukkustund, en hámarkshraði var leyfður 90 kílómetrar miðað við klukkustund. Við meðferð málsins fyrir dómi bar ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, að hann hefði ekki fylgst með ökuhraðamæli í greint sinn, og vefengdi ekki hraðamælingu lögreglu. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var ratsjártækið prófað fyrir og eftir hraðamælinguna. Með vísan til þessa svo og framburðar ákærða þykir nægjanlega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin í þessum lið ákæru. Varðar háttsemi ákærða við 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. tölulið ákæru.

Fimmtudaginn 4. júlí 1991 klukkan 15.35 mældu lögreglumenn á Húsavík með ratsjá ökuhraða bifreiðarinnar Y-9890 á móts við býlið Knútsstaði í Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu. Ratsjáin var í lögreglubifreiðinni UG-792, sem ekið var á móti bifreiðinni Y-9890, og mældist ökuhraði hennar 156 kílómetrar miðað við klukkustund. Ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, var færður á lögreglustöðina á Húsavík, en þar var hann sama dag sviptur ökuleyfi til bráðabirgða samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans á Húsavík.

Fyrir dómi andmælti ákærði sakargiftum og bar, að hann hefði ekið með 110 kílómetra hraða miðað við klukkustund í röð annarra ökutækja. Enn fremur bar ákærði, að bifreið hefði ekið fyrir framan lögreglubifreiðina í greint sinn. Við meðferð málsins fyrir dómi var framburður lögreglumannanna Stefáns Hallgrímssonaar og Bjarna Höskuldssonar í meginatriðum samhljóða um málsatvik. Lögreglumennirnir kváðust fyrst hafa séð til bifreiðarinnar Y-9890 í aflíðandi beygju, en að mati þeirra voru þá um 4-500 metrar á milli bifreiðanna. Samkvæmt vætti lögreglumannanna var ökuhraði bifreiðarinnar Y-9890 sýnilega mikill, og í samræmi við þá hraðatölu, sem fram kom á ratsjárskjánum, 156 kílómetrar miðað við klukkustund. Þeir kváðu enga aðra umferð hafa verið á vettvangi, og að mati þeirra voru akstursaðstæður að öðru leyti ágætar. Loks kváðust lögreglumennirnir hafa prófað ratsjártækið fyrir og eftir hraðamælinguna.

Þegar framangreint er virt, þykir þrátt fyrir neitun ákærða nægjanlega sannað með samhljóða framburði tveggja lögreglumanna, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er að sök gefin í þessum lið ákæru. Varðar brot ákærða við 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

3. tölulið ákæru.

Miðvikudaginn 17. júlí 1991 klukkan 16.10 veittu lögreglumenn á Húsavík því athygli, hvar ákærði var að aka á vörulyftara um götur í kaupstaðnum. Var akstur ákærða stöðvaður með vísan til þess, að hann hafði 4. júlí sama ár verið sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt sakargiftir. Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur rannsóknargögn, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin í þessum ákærulið. Varðar háttsemi hans við 2. mgr. 55. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

4. töluliður ákæru.

Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu og framburði ákærða við meðferð málsins eru málavextir eftirfarandi:

Laugardaginn 24. ágúst 1991 klukkan 19.30 ók ákærði, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni Y-9890 frá Húsavík áleiðis í Fnjóskadal. Í Ljósavatnsskarði, á móts við býlið Birningsstaði, mætti hann lögreglubifreið frá Húsavík, UG-792. Þrátt fyrir stöðvunarljós og eftirför lögreglu hélt ákærði ökuferðinni áfram og ók með allt að 140 kílómetra hraða miðað við klukkustund vestur yfir Fnjóská, en síðan norður yfir Vaðlaheiði. Að ósk Húsavíkurlögreglu fóru lögreglumenn frá Akureyri á lögreglubifreiðunum KS-685 og TK-668 til móts við bifreið ákærða. Var lögreglubifreiðinni KS-685 lagt þvert á akbrautina á Vaðlaheiði, en þrátt fyrir það tókst ákærða að aka fram hjá með því að aka bifreiðinni Y-9890 út fyrir akbrautina.

Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa tekið þá ákvörðun að aka fram hjá lögreglubifreiðinni með framangreindum hætti, er hann sá lögreglumenn ganga í átt að bifreið sinni með kylfur á lofti. Kvaðst hann hafa ekið aftan við lögreglubifreiðina með um 10 kílómetra hraða miðað við klukkustund, en við það tækifæri kvað hann lögreglumann hafa stokkið frá bifreið sinni, er hún átti eftir 2-3 metra að honum. Ákærði andmælti því, að akstur sinn hefði verið óvarlegur, og vísaði til þess, að hann hefði verið viðbúinn því að stöðva bifreiðina, ef lögreglumaðurinn hefði ekki stokkið frá.

Eftir að ákærði hafði ekið fram hjá ofannefndri hindrun lögreglu, ók hann bifreiðinni Y-9890 norður Svalbarðsstrandarveg, um Víkurskarð, austan Fnjóskadal og Ljósavatnsskarð og loks suður Bárðardal allt að býlinu Bólstað.

Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni með miklum ökuhraða framangreinda akurslеið. Hann kvaðst hafa mætt nokkrum ökutækjum á Svalbarðsströndinni, en enn fremur hindrað þar framúrakstur lögreglubifreiðar með því að aka í veg fyrir hana á akbrautinni. Þá kvaðst ákærði hafa ekið fram úr tveimur dráttarvélum í Bárðardal, en bar, að ökumenn þeirra hefðu vikið vel og hann ekið fram úr þeim með um 50-60 kílómetra hraða miðað við klukkustund.

Er ákærði hafði ekið inn á landareign Bólstaðar í Bárðardal, var lögreglubifreiðinni UG-792 lagt í bæjarhliðið. Í framhaldi af því reyndu lögreglumennirnir Hreiðar Hreiðarsson og Stefán Þór Hallgrínsson án árangurs að nálgast bifreið ákærða fótgangandi. Að lokum reyndu lögreglumennirnir að ræða við ákærða, þar sem hann sat í bifreiðinni Y-9890,

nokkru fyrir aftan lögreglubifreiðina, en máttu forða sér á hlaupum, er ákærði ók í átt til þeirra.

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa ekið á eftir lögreglumönnunum í greint sinn, og að mati hans hlupu þeir eins og fætur toguðu fyrir framan bifreið hans. Áætlaði ákærði, að um 2½ metri hefði verið á milli bifreiðar sinnar og lögreglumanns þess, er nær var, er styst var á milli þeirra. Kvaðst ákærði hafa ekið á eftir lögreglumanninum, allt þar til hann stökk yfir girðingu norðan útihúsanna á Bólstað.

Ákærði andmælti því, að hann hefði með framangreindum akstri stofnað í hættu heilsu eða lífi lögreglumannanna. Vísaði ákærði til þess, að öll stjórntæki í bifreið sinni hefðu verið í lagi og hann haft fullt vald á bifreiðinni. Hann kvað tilgang sinn hafa verið að hræða lögreglumennina frá frekari afskiptum.

Skömmu eftir framangreindan atburð ók ákærði aftan á lögreglubifreiðina UG-792, þar sem hún var mannlaus í bæjarhliðinu á Bólstað, og ýtti henni ofan í skurð. Að því búnu hvarf ákærði af vettvangi og ók norður Bárðardal. Eftir nokkurra kílómetra akstur hætti ákærði frekari akstri, en hélt fótgangandi að Hótel Kiðagili í þeim tilgangi að gefa sig fram við lögreglu. Var ákærði þar handtekinn og færður á lögreglustöðina á Húsavík. Hann var án áfengisáhrifa í greint sinn.

Verður nú gerð grein fyrir framburði lögreglumanna við meðferð málsins.

Vitnið Jón Sigtryggsson, háskólanemi og afleysingamaður í lögregluliði Akureyrar, kvaðst hafa lagt lögreglubifreiðinni KS-685 þvert á akbrautina á Vaðlaheiði með tendruð stöðvunarljós. Vitnið kvaðst og hafa fylgst með því, er ákærði hemlaði bifreiðinni Y-9890 nokkra tugi metra, uns hún staðnæmdist um 5-10 metra frá lögreglubifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa gengið í átt að bifreið ákærða, en hann þá bakkað henni nokkrar bíllengdir, en síðan ekið áfram með mikilli inngjöf. Vitnið kvaðst ekki hafa talið sig í hættu, er ákærði ók fram hjá, og kvaðst við það tækifæri hafa náð að brjóta hliðarrúðu í bifreið hans. Vitnið kvaðst síðan hafa fylgst með því, er ákærði ók aftan við lögreglubifreiðina, utan akbrautarinnar, með a. m. k. 40 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Vitnið kvað lögreglumanninn Arnar Hreinsson hafa verið í akurslеið ákærða, er þetta gerðist, en gat ekki borið um, hvort hann hefði verið í beinni hættu vegna aksturs ákærða.

Vitnið Arnar Hreinsson, afleysingamaður í lögregluliði Akureyrar, kvaðst hafa stokkið frá bifreið ákærða, er hann ók fram hjá lögreglubifreiðinni. Að mati vitnisins var þá lítill tími til stefnu og vísaði þar til ökuhraða ákærða. Framburður vitnisins var að öðru leyti í aðalatriðum samhljóða vætti Jóns Sigtryggssonar.

Lögreglumennirnir kváðust ekki hafa borið kylfur í greint sinn.

Vitnið Kjartan Helgason lögreglumaður kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni TK-668 á eftir bifreið ákærða norður Svalbarðsstrandarveg með um 135-140 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Vitnið kvað nokkra umferð ökutækja hafa verið á akbrautinni, en bar, að ákærði hefði ekið við hægri vegarbrún að því undanskildu, er hann ók fram úr ökutækjum, er höfðu sömu aksturssteínu. Vitnið kvaðst hafa leitað færis að aka fram fyrir bifreið ákærða, en hætt slíkum tilraunum, er ákærði sveigði bifreiðinni Y-9890 margsinnis í veg fyrir lögreglubifreiðina. Vitnið kvaðst þá hafa ekið með 100-120 kílómetra hraða miðað við klukkustund, og að mati þess olli aksturslag ákærða mikilli hættu.

Vitnið Jón Jakobsson, afleysingamaður í lögregluliði Akureyrar, kvaðst hafa fylgst með akstri ákærða úr farþegasæti lögreglubifreiðarinnar TK-668. Vitnið kvað ákærða hafa verið veitt eftirför frá býlinu Sveinbjarnargerði á Svalbarðsströnd og austur yfir Víkurskarð með allt að 150 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Vitnið kvað lögreglubifreiðina hafa mætt u. þ. b. tíu ökutækjum á greindri leið svo og ekið fram úr tveimur ökutækjum. Vitnið kvað ákærða aðallega hafa ekið við hægri vegarbrún, en sveigt bifreiðinni Y-9890 til vinstri í veg fyrir lögreglubifreiðina, er reynt var að aka fram fyrir bifreið hans.

Svo sem áður var rakið, höfðu lögreglumenn frá Húsavík, þeir Hreiðar Hreiðarsson og Stefán Þór Hallgrímsson, fyrst afskipti af ákærða í Ljósavatnsskarði að kveldi 24. ágúst. Fyrir dómi var framburður lögreglumannanna í meginatriðum samhljóða. Þannig kváðust þeir hafa ekið lögreglubifreiðinni UG-792 með hljóð- og ljósmerkjum og með allt að 140 kílómetra hraða miðað við klukkustund á eftir ákærða um Ljósavatnsskarð og Fnjóskadal, en báru, að ökuhraði ákærða yfir Vaðlaheiði hefði ekki verið ýkjamikill. Þá kváðust lögreglumennirnir hafa fylgst með því, er ákærði ók fram hjá lögreglubifreiðinni KS-685, svo og, er lögreglumaður stökk frá bifreið hans, en gátu ekki sagt til um, hvort lögreglumanninum hefði stafað bein hætta af akstri ákærða. Í framhaldi af því kváðust lögreglumennirnir hafa ekið á eftir ákærða norður Svalbarðsstrandarveg með um 130 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Þeir kváðu nokkra umferð ökutækja hafa verið á akbrautinni, en báru, að ökumenn þeirra hefðu vikið vel fyrir bifreið ákærða. Enn fremur kváðust þeir hafa fylgst með því, er ákærði ók í tví- eða þrígang í veg fyrir lögreglubifreiðina TK-668, er ökumaður hennar gerði tilraunir til að aka fram úr bifreið hans.

Er lögreglan á Akureyri hætti afskiptum af ákærða, kváðust lögreglumennirnir hafa dregið úr ökuhraða og ekið með um 120 kílómetra hraða miðað við klukkustund og jafnframt lengt bilið á milli ökutækjanna. Í Bárðardal kváðust þeir hafa fylgst með því, er ákærði ók fram úr a. m. k.

tveimur dráttarvélum. Þeir kváðu ökumenn vinnuvélanna hafa hliðrað vel til fyrir bifreið ákærða.

Eftir að ákærði hafði ekið inn á landareign Bólstaðar í Bárðardal, kváðust lögreglumennirnir hafa fylgt bifreið hans eftir fótgangandi í því skyni að reyna að fá hann til að hætta frekari akstri. Kváðust lögreglumennirnir m. a. hafa reynt að ná tali af ákærða, þar sem hann sat í bifreiðinni Y-9890 skammt austan útihúsanna, fyrir aftan lögreglubifreiðina. Nánar lýstu vitnin málsatvikum svo fyrir dómi:

Hreiðar Hreiðarsson kvaðst hafa verið í u. þ. b. fimm metra fjarlægð frá bifreiðinni Y-9890, er ákærði bakkaði henni skyndilega nokkurn spöl. Hann kvað bifreiðina síðan hafa spólað í átt til sín, og kvaðst hann þá hafa hlaupið, eins og fætur toguðu, vestur með útihúsunum. Á undanhaldinu kvaðst hann hafa skynjað bifreið ákærða fast á eftir sér og óttast, að ákærði myndi aka á sig. Hann kvaðst hafa komist í skjól á milli súrheysturns og bílskúrs, en gat ekki greint frá því, hvernig félagi hans komst undan bifreiðinni.

Stefán Þór Hallgrímsson kvaðst hafa verið nokkrum metrum vestar á heimreiðinni en starfsfélagi sinn, er ákærði hóf að elta þá á bifreiðinni Y-9890. Hann kvaðst hafa hlaupið, eins og fætur toguðu, vestur með útihúsunum og að lokum stokkið þar yfir girðingu. Hann kvaðst hafa óttast, að ákærði ætlaði að aka á þá félaga, enda heyrt, að bifreiðinni var ekið með mikilli inngjöf á eftir þeim. Hann kvaðst ekki hafa litið aftur fyrir sig á flóttanum og gat því ekki lýst akstri ákærða frekar. Hins vegar kvaðst hann hafa séð það síðar, að skriðför eftir bifreið ákærða voru í um eins metra fjarlægð frá girðingu þeirri, er hann stökk yfir í greint sinn.

Ofannefndir lögreglumenn gerðu frumskýrslu um málið, og lögreglumaðurinn Ríkharður Ríkharðsson annaðist gerð vettvangsteikninga og tók ljósmyndir á býlinu Bólstað í Bárðardal. Lögreglumennirnir komu fyrir dóm og staðfestu verk sín.

Framburður annarra vitna.

Vitnið Höskuldur Héðinsson bóndi kvaðst hafa fylgst með því, er lögreglumaður hljóp um 10-15 metra vegalengd fyrir framan bifreið ákærða á bæjarhlaðinu á Bólstað. Að mati vitnisins var akstur ákærða ógnandi í garð lögreglumannsins, frekar en að um hafi verið að ræða beinan hættuakstur. Vitnið kvaðst hafa misst sjónar á bifreið ákærða, er henni var ekið vestur fyrir útihúsin á eftir lögreglumanninum.

Vitnið Jóhann Thorarensen stálsmiður kvaðst hafa fylgst með atvikum máls frá íbúðarhúsinu á Bólstað, þ. á m., er lögreglumaður gekk að bifreið ákærða, þar sem hún var á heimreiðinni fyrir aftan lögreglubifreiðina. Vitnið kvað ákærða skyndilega hafa bakkað bifreiðinni Y-9890 þannig, að

lögreglumaðurinn varð allnokkrum metrum fyrir framan bifreið hans. Þá kvaðst vitnið hafa séð, hvar bifreiðin spólaði áfram í átt að lögreglumanninum. Vitnið kvað lögreglumanninn hafa hlaupið vestur af heimreiðinni og upp með útihúsunum. Að mati vitnisins dró saman með bifreið ákærða og lögreglumanninum við eftirförina, og ætlaði vitnið, að innan við fimm metrar hafi verið á milli þeirra, er þeir hurfu honum sjónum. Að mati vitnisins hljóp lögreglumaðurinn á undan bifreiðinni eins hratt og hann framast komst.

Vitnið Atli Freyr Ólafsson nemandi kvaðst hafa fylgst með atvikum máls frá íbúðarhúsinu á Bólstað, þ. á m., er lögreglumaður hóf afskipti af ákærða, þar sem hann sat í bifreiðinni Y-9890 nokkru fyrir norðan íbúðarhúsið. Vitnið kvaðst enn fremur hafa fylgst með því, er ákærði ók á eftir lögreglumanninum með stöðugt vaxandi ökuhraða um 10-12 metra vegalengd. Vitnið kvaðst hafa misst sjónar á bifreið ákærða, er hún hvarf vestur fyrir útihúsin, en að mati vitnisins var bifreiðin þá „ískyggilega nærri lögreglumanninum".

Niðurstaða.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við vætti lögreglumanna og önnur rannsóknargögn, er sannað, að ákærði ók bifreiðinni Y-9890, sviptur ökuréttindum, að kveldi 24. ágúst 1991 langt yfir lögmætum hámarkshraða og án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglu um þjóðvegi í Suður-Þingeyjarsýslu, svo sem rakið er í þessum lið ákæruskjals. Enn fremur þykir nægjanlega sannað með vætti lögreglumanna, að ákærði ók óvarlega fram hjá lögreglubifreið og lögreglumanni á Vaðlaheiði, að hann hindraði með óvarlegum hætti a. m. k. í tvígang framúrakstur lögreglubifreiðar á Svalbarðsstrandarvegi, og loks, að hann ók á lögreglubifreiðina UG-792, þar sem hún var kyrrstæð í bæjarhliðinu á Bólstað í Bárðardal.

Með ofangreindri háttsemi þykir ákærði, eins og í ákæruskjali segir, hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þegar litið er til framburðar ákærða, er hefur nokkra stoð í framburði lögreglumanna, þess efnis, að ökumenn annarra ökutækja, þ. á m. í Bárðardal, hafi átt auðvelt með að hliðra til fyrir bifreið hans, þá þykir ekki fyllilega sannað, að svo hafi staðið á, að 1. mgr. og/eða 2. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við um akstur hans í greint sinn.

Ákærða er og gefið að sök í ákæruskjali að hafa stofnað í hættu lífi eða heilsu lögreglumannanna Hreiðars Hreiðarssonar og Stefáns Hallgrímssonar við útihúsin á Bólstað með því að aka bifreiðinni að þeim, svo að þeir urðu að hlaupa undan.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni Y-9890 af heimreiðinni á eftir lögreglumönnunum vestur með útihúsunum og allt að girðingu vestan húsanna. Hann hefur og staðhæft, að lögreglumennirnir hafi hlaupið, eins og fætur toguðu, og áætlað, að bifreið sín hafi verið um 2½ metra á eftir lögreglumönnunum, er styst var. Er framangreind lýsing í samræmi við vætti lögreglumannanna, vettvangsathugun lögreglu svo og vætti vitnanna Jóhanns Thorarensen og Atla Freys Ólafssonar og að nokkru vitnisins Höskulds Héðinssonar.

Samkvæmt vettvangsteikningu lögreglu eru rúmlega 30 metrar frá heimreiðinni á Bólstað og að girðingunni vestan útihúsanna.

Þegar framangreint er virt, er það mat dómsins, að ákærði hafi með ofangreindum akstri stofnað heilsu og jafnvel lífi lögreglumannanna í augljósa hættu, og varðar brot ákærða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Að mati dómsins er ákærði sakhæfur. Hann hefur samkvæmt sakavottorði sætt refsingum sem hér segir:

Ákærufrestun, skb. tvö ár, frá 8.12.1980, f. brot g. 244., sbr. 20. gr. alm. hgl.

1983 16/6 Þingeyjars., Húsavík. Sátt: 1.860 kr. sekt f. brot g. 4., 5., 27., 49. og 50. gr. umfl. og 21. gr. áfl.

1983 21/11 Þingeyjars., Húsavík. Sátt: 160 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

Ákærði hefur með framangreindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 45 daga varðhald og 75.000 króna sekt til ríkissjóðs. Eftir atvikum þykir fært að fresta fullnustu varðhaldsrefsingar ákærða, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði sektargreiðsluna innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti hann varðhaldi 25 daga.

Taka ber til greina kröfu ákæruvalds um sviptingu ökuréttinda, sbr. 101. gr. umferðarlaga. Að mati dómsins þykir akstur ákærða á þjóðvegum í Þingeyjarsýslu svo og á bílinu Bólstað hafa verið mjög vítaverður. Þykir hæfilegt að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í 18 mánuði frá dómsbirtingu að telja. Samkvæmt 103. gr. umferðarlaga ber að ákveða, að áfrýjun fresti eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Með ákvörðun lögreglustjórans á Húsavík var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða í 126 daga, frá 4. júlí til 6. nóvember 1991, og ber sam-

kvæmt 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga að draga þann dagafjölda frá sviptingartímanum.

Loks ber með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Árna Pálssonar héraðsdómslögmanns, 65.000 krónur, auk virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson, settur héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Starri Hjartarson, sæti varðhaldi 45 daga, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og falli hún niður eftir tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði til ríkissjóðs 75.000 króna sekt, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 18 mánuði frá birtingu dómsins. Frá sviptingartímanum dragast 126 dagar. Áfrýjun frestar eigi verkun dómsins að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, til skipaðs verjanda síns, Árna Pálssonar héraðsdómslögmanns, 65.000 kr, auk virðisaukaskatts.

Þriðjudaginn 13. apríl 1993.

Nr. 383/1991. **Kristín E. Sigurðardóttir**
gegn
dánarbúi Ragnars Gísla Kjartanssonar.

Óvígð sambúð. Fjárkrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 6. sama mánaðar. Áfrýjað er úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 23. maí 1991. Með málið er farið sem áfrýjunarmál eftir 3. mgr. 153. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist, að kröfur sínar fyrir skiptarétti verði teknar til greina og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Kröfur áfrýjanda lúta aðallega að því, að sér verði greiddar af eignum dánarbúsins 5.817.009 krónur með dráttarvöxtum frá 15. janúar 1990 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi annarrar lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar.

Af hálfu stefnda var sótt þing í Hæstarétti við þingfestingu málsins, en ekki eftir það. Kröfur hafa ekki komið fram af hálfu dánarbúsins hér fyrir dómi. Mál þetta er því dæmt á grundvelli 2. mgr., sbr. 1. mgr., 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Óumdeilt er, að áfrýjandi og Ragnar Gísli Kjartansson bjuggu í óvígðri sambúð frá 1968 til 1971 og aftur frá 1973 til dánardægurs Ragnars Gísla 25. október 1988. Hann eignaðist íbúð þá, er þau bjuggu í, með heimildarbréfi 9. júní 1966. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands 15. október 1990 var Ragnar Gísli í fullu starfi sem rannsóknarmaður á jarðeðlisfræðideild stofnunarinnar frá árinu 1965 til dauðadags. Þegar dánarbú hans var tekið til opinberra skipta í júní 1989, var innbú þess metið á 85.500 krónur. Samkvæmt gögnum málsins eru aðrar eignir dánarbúsins íbúðin að Hverfisgötu

102 B, efri hæð, Reykjavík, og 2/3 hlutar jarðarinnar Stóru-Borgar I í Austur-Eyjafjallahreppi.

Af hálfu áfrýjanda er því ekki haldið fram, að hún hafi átt hlutdeild í fjármunamyndun búsins. Ekki eru lagaskilyrði fyrir kröfu hennar um eignarhlutdeild í búinu vegna vinnuframlags við umönnun Ragnars Gísla í veikindum hans. Þá hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að sér beri réttur til sérstakra launa vegna umönnunar Ragnars Gísla umfram þann hag, er hún hefur haft af búsetu í íbúð hans allan sambúðartímann og sameiginlegu heimilishaldi þeirra. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, dánarbú Ragnars Gísla Kjartanssonar, á að vera sýknt af kröfum áfrýjanda, Kristínar E. Sigurðardóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Haralds Henryssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Áfrýjandi máls þessa, Kristín E. Sigurðardóttir, og Ragnar Gísli Kjartansson voru í sambúð í 17 ár, allt þar til Ragnar Gísli lést 1988. Á því verður að byggja, að hann hafi átt við vanheilsu að stríða og að áfrýjandi hafi veitt honum aðhlynningu í löngum og erfiðum veikindum hans síðustu æviárin.

Það er álit okkar, að nægilega sé fram komið, að þessi aðhlynning hafi verið svo mikil, að áfrýjandi eigi að lögum kröfu á endurgjaldi fyrir hana af eignum dánarbúsins, samanber dóma Hæstaréttar, H. 1982, 1107, og H. 1983, 865. Við teljum eftir atvikum öllum hæfilegt, að áfrýjandi fái greiddar 500.000 krónur ásamt vöxtum og málskostnaði.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 23. maí 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 18. apríl 1991.

Sóknaraðili, Kristín E. Sigurðardóttir, kt. 201232-3929, Hverfisgötu 102 B, Reykjavík, gerir þær dómkröfur aðallega, að varnaraðili verði dæmdur

til að greiða 5.817.009 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 15. jan. 1990 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að sóknaraðila verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ, og reiknist dráttarvextir á tildæmdan málskostnað, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Til vara krefst sóknaraðili þess, að kröfur sínar verði lækkaðar að mati dómsins og að sóknaraðila verði dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ og að dráttarvextir reiknist á tildæmdan málskostnað skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Þá gerir sóknaraðili í báðum tilfellum kröfu um, að dæmdur verði 24,5% virðisaukaskattur á málflutningsþóknun.

Varnaraðili, dánarbú Ragnars G. Kjartanssonar, kt. 240530-3339, gerir þær kröfur aðallega, að búið verði sýknað af kröfum sóknaraðila, og til vara, að kröfur sóknaraðila verði lækkaðar verulega. Í báðum tilfellum krefst varnaraðili þess, að sér verði tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ og að dráttarvextir reiknist á tildæmdan málskostnað, sbr. III. kafla laga nr. 25/1987, frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá krefst varnaraðili þess, að dæmdur verði 24,5% virðisaukaskattur á málflutningsþóknun.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Tildrög málsins eru þau, að 25. október 1988 lést Ragnar Gísli Kjartansson, kt. 240530-3339, síðast til heimilis að Hverfisgötu 102 B.

Að ósk sóknaraðila var dánarbú Ragnars tekið til opinberra skipta 13. júní 1989, og í tengslum við þau skipti hefur skiptaréttarmál þetta verið höfðað.

Sóknaraðili styður aðalkröfu sína þeim rökum, að hún hafi verið í sambúð með Ragnari G. Kjartanssyni í 17 ár og að verulegan hluta þess tíma hafi Ragnar þurft mikillar umönnunar við vegna sjúkdóms, er hann var haldinn, og hafi hún algerlega séð um umönnun þessa auk venjulegs heimilishalds fyrir hinn látna án nokkurrar greiðslu þar fyrir.

Kröfufjárhæðin er fundin með viðmiðun við næstlægsta Sóknartaxta, 30% af fullum árslaunum fyrir átta ár og full árslaun fyrir níu ár.

Sóknaraðili bendir á, að krafan sé fyrst og fremst vegna umönnunar, sem nauðsynleg hafi verið vegna sjúkdómsins, og því sé ekki unnt að draga neina fjárhæð frá vegna afnota sóknaraðila af húsnæði hins látna. Auk þess hafi þeir fjármunir, er sóknaraðili átti og aflaði, runnið til búsins óskipt.

Varakröfu sinni til stuðnings bendir sóknaraðili á sömu rök og fyrir aðalkröfu, en auk þess á, að fjárhagsleg samstaða sé óhjákvæmileg eftir jafnlanga sambúð, og af þeim sökum og með vísan til reglna sifjaréttar um óvígða sambúð verði ekki hjá því komist að telja sóknaraðila eiga að

minnsta kosti helming hreinnar eignar dánarbúsins. En gera verði ráð fyrir, að krafa sóknaraðila sé réttilega hærri en gengur og gerist í óvígðri sambúð vegna þeirrar hjúkrunar, er hinn látni þurfti við, auk alls venjulegs heimilishalds.

Varnaraðili styður sýknukröfu sína þeim rökum, að eðlilegt sé, að sambúðaraðilar veiti hvor öðrum aðstoð vegna sjúkleika án þess að geta krafist launa fyrir það. Þá bendir varnaraðili á, að Ragnar hafi unnið fyrir mun meiri tekjum en sóknaraðili og því greinilega staðið að mestu leyti fyrir rekstri heimilisins, og einnig, að íbúð sú, er þau Ragnar og Kristín bjuggu í, hafi verið í eigu Ragnars við upphaf sambúðarinnar. Varnaraðili bendir einnig á, að sóknaraðili hafi allan sambúðartímann fengið fæði og húsaskjól hjá hinum látna.

Varakröfu sína um verulega lækkun kröfu sóknaraðila styður varnaraðili þeim rökum, að ef sóknaraðili verði talinn eiga rétt á einhverjum greiðslum vegna umönnunar, sé í mesta lagi unnt að krefjast þeirra frá árinu 1985, og aldrei verði unnt að krefjast fullra dagvinnulauna, heldur einungis einhvers brots þeirra. Þá krefst varnaraðili þess, að frá hugsanlegum greiðslum til sóknaraðila verði dregin húsaleiga, sem eðlilegt væri, að sóknaraðili greiddi dánarbúinu, þar sem sóknaraðili hefur búið í íbúð Ragnars heitins, síðan hann dó. Telur varnaraðili eðlilegt að miða við 30.000 kr. í húsaleigu, enda sé tekið mið af leigumarkaði í Reykjavík. Af þessum sökum sé rétt að draga frá kröfunni leigu í 17 mánuði, allt frá láti Ragnars og til dagsins í dag, og upphæðin sé því 510.000 kr. auk dráttarvaxta.

Þá hafnar varnaraðili þeim röksemdum sóknaraðila, að sér verði dæmdur helmingur hreinnar eignar dánarbúsins á þeim forsendum, að allar eignir dánarbúsins hafi stofnast vegna framlags Ragnars heitins. Fasteignina hafi hann átt, þegar til sambúðarinnar var stofnað, og aðrar eignir stafi frá vinnulaunum hans. Þá bendir varnaraðili á, að ekki sé sýnt fram á neitt framlag sóknaraðila til búsins.

Málavextir eru þeir samkvæmt gögnum málsins, að frá árinu 1973 til dauðadags Ragnars bjuggu sóknaraðili og Ragnar heitinn óslitið í óvígðri sambúð og þar áður frá árinu 1968 til 1971. Allan þennan tíma var Ragnar skv. vottorði læknis haldinn geðrænum sjúkdómi. Skv. sama læknisvottorði veiktist Ragnar af meltingarfærasjúkdómi á árinu 1985 og þurfti frá þeim tíma mikillar umönnunar við, en læknirinn, Ólafur Ingibjörnsson, telur, að allan sambúðartímann hafi Ragnar þurft einhverrar umönnunar við vegna geðræna sjúkdómsins. Ragnar var hins vegar í fullu starfi hjá Veðurstofu Íslands allt til dauðadags. Ekki verður séð, að sóknaraðili hafi stundað launaða vinnu á sambúðartímanum, en hún mun hafa fengið örorkustyrk frá tryggingastofnun.

Niðurstaða.

Ekki hefur tekist að sýna fram á neitt vinnuréttarsamband milli sóknaraðila og Ragnars heitins. Telja verður eðlilegt, að sambúðaraðilar hlynni hvor að öðrum, án þess að greiðsla komi þar fyrir, nema þá að sérstaklega sé um samið. Í máli þessu hefur ekkert komið fram, sem rennir stoðum undir kröfu sóknaraðila til vinnulauna, þrátt fyrir það að telja megi, að umönnunin hafi verið meiri en gengur og gerist. Af þessum sökum telur dómurinn ekki fært að taka til greina kröfu sóknaraðila um vinnulaun vegna umönnunar.

Krafa sóknaraðila um viðurkenningu á að minnsta kosti helmingshlutdeild í hreinni eign búsins er ekki reifuð með þeim hætti, að unnt þyki að taka afstöðu til hennar í máli þessu. Með því að ekki er hægt að vísa henni frá réttinum, sbr. 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878, verður að hafna henni.

Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða máls þessa, að kröfum sóknaraðila er hafnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur tafist nokkuð vegna veikinda dómarans.

Halldór Halldórsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. apríl 1993.

Nr. 153/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Lárusi Svavarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. apríl 1993. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur sama dag um framhald gæsluvarðhalds varnaraðila. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. apríl 1993.

Ár 1993, föstudaginn 16. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Lárusi Birni Svavarssyni, kt. 120951-4839, til lögheimilis að Vegghömrum 47, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til föstudagsins 28. maí nk. kl. 16.00, vegna grunar um brot gegn 155. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 2. apríl sl., var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Um var að ræða fimm kærumál, þ. e. frá 23. nóvember 1992, er varðar þjófnað og skjalafals, 13. janúar 1993,

er lýtur að þjófnaði úr íbúð í Breiðholtshverfi, 22. sama mánaðar, er varðar skjalafals, 16. febrúar 1993, er varðar innbrotsþjófnað í húsi í Keflavík, og 30. sama mánaðar, er varðar innbrotsþjófnað í húsi í Kópavogi, og í tengslum við það skjalafals með tékka, er hurfu í innbrotinu. Kærði hefur játað aðild að öllum framangreindum málum.

Í greinargerð RLR er þess getið, að rannsókn framangreindra mála sé á lokastigi og að þau verði send ríkissaksóknara til ákvörðunar innan fárra daga. Jafnframt er þess getið, að fyrr í mánuðinum hafi ríkissaksóknara verið send sjö kærumál á hendur kærða.

Frammi liggur í málinu sakavottorð kærða. Þar kemur fram, að brotaferill hans er samfelldur frá 1969, en síðasta dóm hlaut kærði í janúar 1992, og samkvæmt greinargerð RLR lauk hann afplánun refsivistar 7. maí sama ár.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og skírskotun til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, þykir rétt að taka kröfu RLR um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Kærði, Lárus Björn Svavarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til föstudagsins 28. maí nk. kl. 16.00.

Miðvikudaginn 21. apríl 1993.

Nr. 259/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Hilmari Sigurðssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjársvik. Fjárdráttur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1992 að ósk ákæruvalds hálfu til þyngingar refsingar og staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öllu öðru leyti en því, að rétt þykir, að ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að ákærði, Hilmar Sigurðsson, greiði einn allan sakarkostnað, sem ákveðinn var í héraðsdómi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. febrúar 1992.

Ár 1992, föstudaginn 28. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 94/1992: Ákæruvaldið gegn Hilmari Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 5. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. febrúar 1991, á hendur ákærða, Hilmari Sigurðssyni, Nýlendugötu 23, Reykjavík, kt. 220162-5679, „fyrir fjársvik með eftirtöldum hætti:

I.

Fengið Byggingavöruverslun Kópavogs hf., BYKO, Skemmuvegi, Kópavogi, til að stofna til lánsviðskipta við fyrirtæki ákærða, Transit hf., Reykjavík, með starfsaðstöðu að Trönuhrauni 8, Hafnarfirði, en ákærði var einn af eigendum þess og aðalstjórnandi, og gekk hann í persónulega ábyrgð fyrir Transit hf. með ábyrgðaryfirlýsingum, dagsettum 7. júlí og 1. ágúst 1989, en leyndi því, að hann var eignalaus, og var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta í skiptarétti Reykjavíkur með úrskurði 18. ágúst 1989, og síðan tekið út hjá BYKO á tímabilinu apríl til og með október 1989 vörur fyrir allt að 10.473.783 kr., en skuldastaðan í lok tímabilsins var 5.303.801 kr., sem Transit hf. var ókleift að greiða, sökum þess að það var orðið illa statt fjjárhagslega og stefndi í gjaldþrot, og var óskað eftir gjaldþrotaskiptum fyrirtækisins með bréfi stjórnar þess til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 7. maí 1990, og úrskurður þar um kveðinn upp í skiptaréttinum 26. júní 1990.

II.

Séð um, að gerðir voru af hálfu Transit hf. kaupsamningur við eftirtalda aðila um kaup þeirra á sumarhúsum af gerðinni Gisella Island, sem Transit hf. framleiddi, án þess að nokkuð væri gert af hálfu fyrirtækisins til að efna samningana, heldur notaði ákærði andvirði þeirra til að rétta af annan hallarekstur fyrirtækisins, sem var illa statt fjárhagslega, eins og fyrr greinir, og stefndi í gjaldþrot:

1. Kaupsamningur við Braga Magnússon, Arahólum 6, Reykjavík, dagsettur 26. september 1989. Kaupverð, 1.185.000 kr., greitt með peningum og víxlum, sem seldir voru af ákærða og notaðir sem fyrr greinir. Þá var einnig á sama tíma gerður munnlegur viðbótarsamningur um stækkun á húsinu, og fékk ákærði greitt til þess með skuldabréfi, að fjárhæð 1.069.000 kr., sem hann seldi Kaupþingi hf., Reykjavík, 28. september 1989, en notaði andvirðið til annars, eins og greint hefur verið.

2. Kaupsamningur við Davíð Guðbergsson, Ljósheimum 3, Reykjavík, dagsettur 21. júní 1989. Hið selda átti samkvæmt samningnum að afhenda 5. september 1989. Kaupverð, 2.269.000 kr., greitt með peningum, 950.000 kr., 3. maí 1989 og skuldabréfi, 1.319.000 kr., sem ákærði seldi Kaupþingi hf. 4. júlí 1989 og notaði andvirðið eins og fyrr greinir.

3. Kaupsamningur við Kristínu Þorsteinsdóttur, Hafnargötu 5, Bakkafirði, og Þorstein Árnason, Langanesvegi 7, Þórshöfn, dagsettur 4.

september 1989. Kaupverð, 1.872.000 kr., greitt með peningum og víxlum, sem ákærði seldi og notaði sem fyrr greinir.

Teljast framangreindir verknaðir ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaðir samkvæmt II. kafla til vara við 1. mgr. 247. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, sé þeirra krafist, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

— — —

Málavextir.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 22. apríl sl., 19. nóvember sl. og 5. febrúar sl. Verður framburður ákærða við dómsyfirheyrslurnar nú rakinn.

I.

Ákærði vísaði þessum ákærulið á bug og kvaðst ekki telja sig hafa gerst sekan um fjárdrátt. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að hafa sótt um að komast í reikningsviðskipti við BYKO í upphafi, en reikningsviðskipti Transit hf. og BYKO hf. hófust í mars 1989. Ákærði kvað einn af starfsmönnum Transit hf. hafa sett sig í samband við BYKO á þeim tíma, er til stóð, að fyrirtækið hæfi smíði og sölu sumarhúsa. Ákærði kvaðst í upphafi sjálfur hafa rætt við starfsmann BYKO, fyrst símleiðis, og síðan hafi komið maður frá BYKO og rætt við ákærða um starfsemi Transit hf. Ákærði kvað þennan aðila hafa skoðað fyrirtækið og fengið upplýsingar, út í hvað rekstur Transit hf. væri að fara með fyrirhugaðri sumarhúsasmíði og -sölu. Ákærði kvað starfsmann BYKO enga reikninga og ekkert bókhald hafa skoðað hjá Transit hf. og fulltrúi BYKO ekki óskað eftir því að fá að skoða bókhaldið, en ákærði taldi sig hafa greint þessum manni frá því í aðalatriðum, hver staða fyrirtækisins hefði verið, en ákærði taldi lausafjárstöðu fyrirtækisins ekki hafa verið góða, en eignastaða góð að sögn ákærða. Ákærði staðfesti að hafa undirritað þær tvær ábyrgðaryfirlýsingar, er í ákæru greinir. Ákærði kvað úttektarheimildir Transit hf. hjá BYKO fljótlega hafa verið auknar eftir heimsókn starfsmanns BYKO, sem að framan er getið, og þá í kjölfarið hafi ákærði undirritað fyrri ábyrgðaryfirlýsinguna. Ákærði kvað síðan hafa verið sótt um auknar úttektarheimildir hjá BYKO, og þá hafi ákærði undirritað síðari ábyrgðaryfirlýsinguna, er í ákæru greinir. Fyrri ábyrðaryfirlýsinguna kvaðst ákærði hafa undirritað, er starfsmaður BYKO kom í heimsókn í fyrirtækið, en ákærði kvaðst ekki muna, hvaða starfsmaður BYKO hefði komið í heimsókn til Transit hf. Síðari ábyrgðaryfirlýsinguna hafi ákærði undirritað eftir símtal við starfsmann BYKO, og hafi skjalið síðan verið afhent á skrifstofu BYKO, og kvaðst ákærði telja líklegt, að annaðhvort Grímur Stefán

Runólfsson eða Árni Árnason hefði annast samskiptin við ákærða vegna síðari ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Ákærði kvaðst hafa greint starfsmönnum BYKO frá því, er ákærði undirritaði ábyrgðaryfirlýsingarnar, að ákærði ætti ekki aðrar eignir en eignarhluta sinn í Transit hf., og kvað ákærði þetta ekki hafa skipt höfuðmáli fyrir BYKO. Ákærði kvað aðila þann, sem hann ræddi við, er síðari ábyrgðaryfirlýsingin var undirrituð, hafa spurt að því, hvort ákærði ætti fasteign, og ákærði hefði greint honum frá því, að svo væri ekki. Ákærði greindi frá því, að fjármál sín, hefði aldrei borið á góma utan eitt skipti, er ákærði ræddi við starfsmann BYKO símleiðis í tengslum við undirritun síðari yfirlýsingarinnar. Ákærði kvaðst ekki vita, hvort eignastaða Transit hf. eða eignastaða ákærða hefði verið könnuð á þessum tíma, en slík könnun kunni að hafa farið fram án vitneskju ákærða. Ákærði kvaðst þannig aldrei hafa leynt BYKO því, að hann hefði verið eignalaus, en bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 18. ágúst 1989. Ákærði kvað gjaldþrot Transit hf. hafa borið að svo sem lýst er í ákæru.

Ákærði kvaðst einn hafa annast daglegan rekstur Transit hf. og aðrir stjórnarmenn þar ekki komið nærri, og hið sama eigi við um samskipti Transit hf. við BYKO. Ákærði kvað ekki hafa verið haldna stjórnarfundi. Ákærði kvað hafa verið gerða ársreikninga fyrir Transit hf. fyrir árið 1988, en ekki fyrir árið 1989. Síðar kvað ákærði, að ársreikningar hefðu verið gerðir fyrir hvorugt árið.

Ákærði kvaðst ekkert hafa um framburð vitna að segja um það, að ekki hefði komið til greina, að BYKO tæki við ábyrgðaryfirlýsingum frá ákærða, ef fyrirtækinu hefði verið kunnugt um eignastöðu hans, en vitnaframburður þessi verður rakinn síðar. Ákærði kvað eignastöðu sína ekki hafa borið á góma við undirritun fyrri ábyrgðaryfirlýsingarinnar, heldur einungis símleiðis í tengslum við síðari ábyrðaryfirlýsinguna, svo sem rakið var að framan. Ákærði kvað það ekki hafa komið sér undarlega fyrir sjónir, að BYKO tæki gildar ábyrgðaryfirlýsingar ákærða, þrátt fyrir það að fasteign Transit hf. í Hafnarfirði var þá mjög veðsett og að gjaldþrot vofði yfir ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa talið gjaldþrot vofa yfir sér, þar sem ákærði hefði ætlað að greiða úr þeim málum. Ákærði kvaðst ekki hafa greint starfsmönnum BYKO frá hinu yfirvofandi gjaldþroti.

Ákærði kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær úttektir Transit hf. hófust hjá BYKO, en telja líklegt, að þær hafi hafist 4. apríl 1989, svo sem gögn málsins bera með sér, og að úttektirnar hafi m. a. verið vegna undirbúnings á sumarbústaðasmíði Transit hf. Ákærði kvaðst ekki geta fullyrt um heildarúttektir Transit hf. á því tímabili, er í ákæru greinir, en taldi líklegt, að úttektin hefði numið 10.473.783 kr., og skuldastaðan í lok tímabilsins hefði verið 5.303.801 kr.

Ákærði bar fyrir dóminum 5. febrúar sl., að hann hefði gert sér grein fyrir því, hvað fælist í því að taka á sig persónulega ábyrgð, svo sem ákærði gerði með undirritun ábyrgðaryfirlýsinganna. Ákærði kvaðst hafa vonast til þess, að Transit hf. gæti greitt skuldir sínar, og ekki hafa gert sér grein fyrir fjárhagsstöðu fyrirtækisins á þeim tíma, er í ákæru greinir, og í raun ekki hugsað út í það, hvernig hann gæti greitt skuldirnar, er hann hefði gengið í persónulega ábyrgð fyrir.

Vitnið Grímur Stefán Runólfsson, Álfhólsvegi 8 A, Kópavogi, skrifstofumaður hjá BYKO, kom fyrir dóminn 1. nóvember sl. Grímur Stefán kvað Transit hf. hafa stofnað til reikningsviðskipta hjá BYKO í byrjun apríl 1989. Grímur Stefán kvaðst telja, að ákærði hefði hringt í BYKO í því skyni að stofna til reikningsviðskiptanna. Grímur Stefán kvað almennu regluna hafa verið þá hjá BYKO, er hlutafélög stofnuðu til reikningsviðskipta, að gengið væri eftir því, að einhverjir aðilar tækjust á hendur persónulegar ábyrgðir fyrir úttektum. Grímur Stefán kvað þetta ekki hafa verið gert gagnvart Transit hf. vegna þess, að líkleg mánaðarúttekt Transit hf. hafi verið fremur lág, að verðmæti 300.000 kr. Grímur Stefán kvaðst muna eftir að hafa haft samskipti við ákærða, er stofnað var til reikningsviðskiptanna, og þá hefði borið á góma, að Transit hf. ætti fasteign í Hafnarfirði, en í ljós hefði komið, að sú fasteign var mjög veðsett. Vegna þessa hefði verið farið fram á persónulega ábyrgð ákærða og hann þá undirritað ábyrgðaryfirlýsingarnar frá 7. júlí og 1. ágúst 1989. Grímur Stefán kvaðst ekki minnast þess, að greiðslugeta ákærða hefði verið könnuð sérstaklega. Grímur Stefán vísaði á bug framburði ákærða þess efnis, að ekki hefði skipt höfuðmáli fyrir BYKO, þótt ákærði hefði greint frá því, að hann ætti ekki aðrar eignir en eignarhluta sinn í Transit hf. Grímur Stefán kvaðst ekki hafa haft hugmynd um eignastöðu ákærða og í því sambandi ekkert vitað af gjaldþroti, er þá vofði yfir ákærða. Grímur Stefán kvaðst ekki muna, hvernig á því stóð, að gengið hefði verið eftir ábyrgðaryfirlýsingum þremur mánuðum eftir, að Transit hf. stofnaði til reikningsviðskiptanna, og kvaðst Grímur Stefán ekki minnast þess að hafa spurt ákærða um eignastöðu hans og ekki muna eftir því, að ákærði hefði greint sér frá henni. Grímur Stefán kvað BYKO hafa haft aðgang að svokölluðum vanskilaskrám, en telja ólíklegt, að ákærði hafi verið á þeim lista, er BYKO hafði á þeim tíma, er ákærði undirritaði ábyrgðaryfirlýsingarnar. Grímur Stefán taldi ekki ósennilegt, að Árni Árnason, þáverandi fjármálastjóri BYKO, hefði haft einhver samskipti við ákærða vegna þessara viðskipta.

Vitnið Árni Árnason Guðmundsson framkvæmdastjóri, Fífumýri 13, Garðabæ, kom fyrir dóminn 11. nóvember sl. Vitnið var framkvæmdastjóri BYKO á þeim tíma, er í ákæru greinir. Árni kvað reikningsviðskipti Transit

hf. hafa byrjað í mars 1989, og hefði Valmundur Pálsson undirritað skjal f. h. BYKO, þar sem reikningsviðskiptin komust á. Árni kvað hafa komið þar, líklega í júlí 1989, að Transit hf. hóf að taka út vörur fyrir hærri fjárhæðir en framan af viðskiptunum, og þá hefði BYKO gengið eftir persónulegum ábyrgðum og þá fengið í hendur ábyrgðaryfirlýsingu, dagsetta 7. júlí 1989, þar sem ákærði gekk í ábyrgð fyrir skuld, allt að 4 milljónum. Árni taldi, án þess að það væri öruggt, að frá þessari ábyrgðaryfirlýsingu hefði verið gengið annars staðar en á skrifstofu BYKO, líklega í timbursölu fyrirtækisins, og skjalið síðan borist þaðan til skrifstofunnar og því ekki verið könnuð sem skyldi greiðslugeta ábyrgðaraðilans. Árni kvað síðari ábyrgðaryfirlýsinguna, sem dagsett er 1. ágúst 1989, hafa komið til á svipaðan hátt og hina fyrri. Árni kvaðst muna, að hann hefði, er hér var komið sögu, gripið inn í og nefnt við samstarfsmenn sína, að takmörk væru fyrir því, hvað hægt væri að taka út miklar vörur hjá fyrirtækinu, og að menn gætu ekki komist upp með það að taka út vörur fyrir mjög háar fjárhæðir einungis gegn því að undirrita nýjar ábyrgðaryfirlýsingar. Árni kvað Transit hf. hafa greitt inn á reikning sinn og staðið í skilum framan af viðskiptunum, en er líða tók á haustið og vanskil hefðu orðið á víxlum, hefði BYKO farið að grafast fyrir um eignastöðu ákærða og annarra stjórnarmanna fyrirtækisins. Árni kvað starfsmönnum BYKO hafa verið greint frá því, að Transit hf. hefði þegar verið búið að selja sumarbústaði þá, er í smíðum voru, og kvaðst Árni því hafa átt von á greiðslum frá Transit hf., sem ekki hefði orðið. Árni kvað BYKO því hafa talið, að ekki hefði verið um veruleg áhættuviðskipti að ræða, þar sem Transit hf. hefði selt sumarhúsin fyrir fram, og hefði BYKO því verið reiðubúið að taka við skuldaviðurkenningum frá kaupendum sumarhúsanna.

Árni greindi frá því efnislega á sama veg og vitnið Grímur Stefán Runólfsson, hver væri reglan hjá BYKO, er hlutafélög stofnuðu til reikningsviðskipta. Árni kvaðst ekki muna eftir því, að einstaklingur hefði gengið í ábyrgð fyrir jafnháum fjárhæðum og ákærði. Árni kvaðst aldrei hafa rætt við ákærða um eignastöðu hans og ekki vitað, að ákærði ætti ekki aðrar eignir en hluta sinn í Transit hf.

Árni kvaðst ekki hafa komið að viðskiptum hjá Transit hf. fyrr en í nóvember 1989, er vanskil Transit hf. hafi verið orðin veruleg og fjárhagsstaða Transit hf. komin í verulegt óefni, og kvaðst Árni hafa komið í veg fyrir frekari úttektarheimildir Transit hf. hjá BYKO. Árni kvaðst ekki hafa spurt ákærða um eignastöðu, fyrr en hann fór að kanna eignastöðu ákærða og annarra stjórnarmanna Transit hf. í nóvember 1989, og þá hefði komið í ljós, að ekki hefði verið um eignamenn að ræða, sem gætu tekist á hendur persónulegar ábyrgðir. Árni kvaðst ekki hafa rætt við ákærða um eignastöðu hans á þeim tíma, er ákærði undirritaði ábyrgðaryfirlýsingarnar. Árni

kvað bæði framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra timbursölu BYKO hafa verið viðskiptafræðinga, og aðilum, er þar störfuðu, hefði áreiðanlega verið ljóst, að ekki kom til greina að taka við ábyrgð frá aðila, er væri til gjaldþrotameðferðar.

Vitnið Sigurður Egill Ragnarsson, Ljósabergi 40, Hafnarfirði, framkvæmdastjóri timburdeildar BYKO, kom fyrir dóminn 18. nóvember sl. Sigurður kvaðst muna eftir viðskiptum Transit hf. við BYKO, er í ákæru greinir. Sigurður kvaðst ekki hafa annast viðskiptin við ákærða, er þær tvær ábyrgðaryfirlýsingar, er í ákæru greinir, voru gefnar út, og ekki vita, hver hefði annast viðskiptin við ákærða, er leiddu til þess, að ábyrgðaryfirlýsingarnar voru gefnar út. Sigurður greindi frá því efnislega á sama veg og vitnin Grímur Stefán Runólfsson og Árni Árnason, hver reglan hjá BYKO væri, er hlutafélög kæmu í reikningsviðskipti. Sigurður kvaðst muna eftir því að hafa rætt einu sinni við ákærða á því tímabili, er í ákæru greinir, og kvaðst telja, að Transit hf. hefði þá verið í skilum við BYKO. Sigurður kvað ákærða hafa leitað eftir því að auka viðskiptin og að taka út vörur fyrir mun hærri fjárhæðir en heimilað var í upphafi. Sigurður kvaðst ekki muna, hvaða framkvæmdir ákærði var að fara út í, en muna vel að hafa greint ákærða frá því, að ef svo mætti verða, yrði ákærði eða fyrirtæki hans að leggja fram öruggar tryggingar að mati BYKO. Sigurður kvað ákærða aldrei hafa greint sér frá eignastöðu sinni og kvaðst telja fráleitt, að starfsmenn BYKO hefðu talið það engu máli skipta, þótt ákærði ætti ekki aðrar eignir en eignarhluta sinn í Transit hf., svo sem ákærði bar fyrir dóminum. Sigurður kvaðst telja öruggt, að aldrei hefði verið tekið við ábyrgðaryfirlýsingum ákærða, hefði starfsmönnum BYKO verið kunnugt um raunverulega fjárhagsstöðu hans. Sigurður kvaðst ekki geta svarað því, hvers vegna tekið hefði verið við ábyrgðaryfirlýsingum, undirrituðum af ákærða, en fjárhagsdeild fyrirtækisins leggi mat á þá aðila, er gangi í ábyrgðir, en sú deild fyrirtækisins hafi á þeim tíma, er í ákæru greinir, verið undir stjórn Árna Árnasonar.

Vitnið Pétur Andrésson, Kjarrmóum 24, Garðabæ, aðstoðarframkvæmdastjóri timbursölu BYKO, kom fyrir dóminn 18. nóvember sl. Pétur kvaðst ekki hafa annast nein bein samskipti við ákærða á þeim tíma, er í ákæru greinir, en hafa vitað af viðskiptum Transit hf. við BYKO og tekið ákvarðanir um að veita fyrirtækinu afslátt af einstaka vörukaupum. Pétur kvaðst ekkert vita um, hvernig stofnað var til reikningsviðskipta Transit hf. og BYKO. Pétur kvað innheimtudeild fyrirtækisins annast uppgjör og mat á ábyrgðaryfirlýsingum, svo sem þeim, er ákærði undirritaði, og kvaðst Pétur telja, að þær yfirlýsingar hefðu verið metnar á aðalskrifstofu fyrirtækisins, svo sem vanalegt sé um slíkar yfirlýsingar. Pétur kvaðst því aldrei hafa rætt við ákærða og enga hugmynd hafa haft um fjárhagsstöðu hans

á þeim tíma, er í ákæru greinir. Pétur kvað aðalkönnun á greiðslugetu þeirra, er stofni til reikningsviðskipta, fara fram, strax og stofnað sé til viðskiptanna. Pétur kvað aðalregluna hjá BYKO vera þá, er hlutafélag komi í reikningsviðskipti, að gerð sé krafa til þess, að hlutaðeigandi fyrirtæki leggi inn tryggingar. Pétur kvaðst enga hugmynd hafa um það, hvers vegna slík yfirlýsing eða trygging fylgdi ekki, er Transit hf. var tekið í reikningsviðskipti.

Vitnið Valmundur Ingi Pálsson, Hverafold 8, Reykjavík, innheimtumaður hjá BYKO, kom fyrir dóminn 18. nóvember sl. Valmundur kvaðst hafa undirritað skjal, dagsett 4. mars 1989, fyrir hönd BYKO þess efnis, að Transit hf. væri heimilt að taka út vörur í reikning fyrir allt að 300.000 kr. á mánuði. Valmundur kvaðst ekki hafa annast samskiptin við ákærða, er sótt var um að komast í reikningsviðskipti, og ekki minnast þess að hafa rætt við ákærða á þeim tíma, er í ákæru greinir. Valmundur kvaðst ekki kannast við að hafa tekið við ábyrgðaryfirlýsingunum, er í ákæru greinir, en giskaði á, að skjölin hefðu borist fyrirtækinu tilbúin, og vísaði þá til þess, að enginn starfsmanna BYKO hefði vottað skjölin. Valmundur kvaðst ekki geta sagt til um, hver hefði tekið við ábyrgðaryfirlýsingunum. Valmundur kvaðst muna eftir því, að kannað hefði verið fasteignarmat og brunabótamat fasteignar Transit hf. í Hafnarfirði, en ekki muna, hvenær það hefði verið gert. Valmundur vissi ekki, hvernig á því stóð, að Transit hf. hefði í upphafi komist í reikningsviðskipti, án þess að gengið yrði eftir ábyrgðum af hálfu BYKO, svo sem venja sé, er hlutafélög stofni til reikningsviðskipta. Valmundur kvað annaðhvort sjálfan sig eða Grím Runólfsson annast afgreiðslu ábyrgðaryfirlýsinga á skrifstofu BYKO og eftir atvikum heimila úttektir í kjölfarið, en kvaðst ekki minnast þess að hafa afgreitt ábyrgðaryfirlýsingarnar, er í ákæru greinir.

Valmundur kvað öruggt, að ákærði hefði ekki greint sér frá því, að hann ætti ekki aðrar eignir en eignarhlut sinn í Transit hf., enda augljóst, að undirritun ábyrgðaryfirlýsinga aðila með slíka eignastöðu hefði ekkert gildi og hefði aldrei verið tekin gild, enda BYKO með ábyrgðaryfirlýsingunum að leita eftir tryggingum hjá öðrum aðilum en viðkomandi hlutafélagi.

Vitnið Stefán Örn Einarsson smiður, Þórufelli 12, Reykjavík, kom fyrir dóminn 1. nóvember sl. Stefán kvaðst hafa verið starfsmaður Transit hf. frá því í desember 1988 til áramóta 1989-1990 og einnig stjórnarmaður í Transit hf. frá því í júlí 1989 fram til þess tíma, er fyrirtækið varð gjaldþrota. Stefán kvað svið sitt hjá fyrirtækinu aðallega hafa verið að annast smíði sumarhúsa. Stefán kvað stjórnarfundi aldrei hafa verið haldna, meðan hann sat í stjórn fyrirtækisins, og hefði ákærði annast allan daglegan rekstur og fjármálastjórn fyrirtækisins á þeim tíma og hvorki Stefán né aðrir stjórnarmenn komið þar nærri. Stefán kvaðst ekki vita betur en

ákærði hefði annast viðskiptin við BYKO með stofnun reikningsviðskipta og telja ákærða einan hafa gengið í ábyrgð viðskipta Transit hf. við BYKO og telja BYKO ekki hafa farið fram á neitt meira.

Vitnið Geir Stefánsson, Ljósheimum 8, Reykjavík, kom fyrir dóminn 1. nóvember sl. Geir kvaðst hafa verið stjórnarmaður hjá Transit hf. frá árinu 1987 og stjórnarformaður þess síðasta árið, er fyrirtækið var í rekstri. Vitnið kvað enga stjórnarfundi hafa verið haldna, og kvaðst vitnið hafa gengið eftir því við ákærða að fá í hendur gögn um fyrirtækið, en engin fengið. Geir kvað ákærða einan hafa annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins og hvorki hann sjálfur né aðrir stjórnarmenn komið þar nærri og ekki vita til þess, að annar maður en ákærði hefði annast reksturinn. Geir kvaðst ekkert vita um samskipti Transit hf. við BYKO.

Vitnið Örn Sigurðsson sölustjóri, Mávahlíð 33, Reykjavík, kom fyrir dóminn 1. nóvember sl. Örn kvaðst hafa verið stjórnarmaður Transit hf. frá því í nóvember 1987 fram í maí 1989. Örn kvaðst engin afskipti hafa haft af stjórnun fyrirtækisins á þeim tíma, er hann sat í stjórn þess, og á því tímabili hafi ekki verið haldnir nema tveir formlegir stjórnarfundir, en þeir hafi verið haldnir vegna ítrekaðra beiðna sinna í því skyni að leggja fram reikninga fyrirtækisins og gefa út hlutabréf. Örn kvað ákærða hafa greint frá því, að bókhald fyrirtækisins væri hjá endurskoðanda og því ekki tiltækt. Örn kvað ákærða hafa annast allan daglegan rekstur og fjármálastjórn fyrirtækisins og verið nánast einráðan og aðrir stjórnarmenn ekki komið þar nærri. Örn kvaðst enga hugmynd hafa um stofnun reikningsviðskipta Transit hf. við BYKO.

Vitnið Örn Guðmundsson kvað eiginkonu sína, Sigurbjörtu Júlíönu Gunnarsdóttur, hafa verið stjórnarmann á sama tíma og hann sjálfur, og kvað Örn hana engin afskipti hafa haft af rekstri fyrirtækisins. Sigurbjört Júlíana Gunnarsdóttir bar hjá lögreglunni 19. maí 1990, að hún hefði tekið sæti í stjórn Transit hf. til að fylla upp í réttan fjölda til hlutafélags. Sigurbjört Júlíana kvað ákærða hafa farið með „alræðisvald" hjá fyrirtækinu.

Vitnið Guðjón Sigurðsson matreiðslumaður, Hallveigarstíg 10, Reykjavík, kom fyrir dóminn 11. nóvember sl. Guðjón kvaðst hafa verið stjórnarmaður Transit hf. frá 1. nóvember 1987, en ekki muna, hversu lengi. Guðjón kvaðst einungis hafa lánað nafn sitt og gerst stjórnarmaður fyrir beiðni ákærða, bróður síns. Guðjón kvað ákærða hafa annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, og kvaðst hann ekki hafa komið þar nærri og ekki vita til þess, að aðrir stjórnarmenn hefðu gert það heldur nema ákærði. Guðjón kvaðst muna eftir einum stjórnarfundi, er haldinn hefði verið í tengslum við það, að Erni Sigurðssyni hefði verið vikið úr stjórn félagsins. Guðjón kvaðst ekkert vita um samskipti Transit hf. og BYKO.

Vitnið Ágúst Sigurðsson atvinnubílstjóri, Sæviðarsundi 84, Reykjavík,

kom fyrir dóminn 11. nóvember sl. Vitnið kvað ákærða hafa beðið sig að taka að sér að gerast hluthafi í Transit hf. og þá í því skyni að fullnægja skilyrðum laga um hlutafélög varðandi hluthafa og fleira. Ágúst kvaðst hafa tekið þetta að sér og hafa verið skráður í varastjórn félagsins, en ekkert hafa komið nálægt rekstri þess og ekkert um reksturinn vita.

Vitnið Jóhann Jóhannsson sölumaður, Fannarfelli 4, Reykjavík, kom fyrir dóminn 1. nóvember sl. Jóhann kvaðst hafa verið starfsmaður Transit hf. á árinu 1989 og fram í október þ. á. og m. a. annast sölu sumarhúsa. Jóhann kvað ákærða hafa annast allan daglegan rekstur og fjármálastjórn Transit hf. þann tíma, er Jóhann starfaði þar, og kvaðst hann ekki vita til þess, að aðrir stjórnarmenn hefðu komið þar nærri. Jóhann kvaðst ekkert vita um stofnun reikningsviðskipta við BYKO hf.

II. 1.

Ákærði bar fyrir dóminum 22. apríl sl., að Jóhann Jóhannsson, starfsmaður Transit hf., hefði séð um að gera kaupsamninga vegna sumarhúsa. Ákærði kvað því rangt, er fram komi í ákæru, að ákærði hefði séð um, að kaupsamningarnir hefðu verið gerðir. Ákærði kvað Jóhann hafa gert kaupsamning við Braga Magnússon. Ákærði kvað Jóhann hafa tekið við greiðslum og afhent ákærða, sem kvaðst hafa selt skuldabréfið Kaupþingi hf. 28. september 1989, og víxlana kvaðst ákærði hafa selt í Búnaðarbanka Íslands, útibúi í Garðabæ. Ákærði kvað féð hafa verið notað í daglegan rekstur fyrirtækisins svo og til smíði sumarbústaða, en ekkert hefði verið notað til að efna kaupsamninginn við Braga Magnússon.

II. 2.

Ákærði kvað Jóhann hafa annast samningsgerð vegna þessa kaupsamnings, en fjármunir þeir, er kaupandi innti af hendi, hefðu farið um hendur ákærða, svo sem lýst er í ákæru. Ákærði kvað féð hafa verið notað í daglegan rekstur fyrirtækisins, en ekkert hefði farið til að efna kaupsamninginn við Davíð Guðbergsson.

II. 3.

Ákærði kvað hafa verið staðið eins að þessum kaupsamningi og tveimur hinum fyrri. Ákærði kvaðst hafa selt víxlana í banka og féð verið notað í daglegan rekstur fyrirtækisins, en ekki til að efna kaupsamninginn við Kristínu Þorsteinsdóttur og Þorstein Árnason.

Vitnið Jóhann Jóhannsson bar fyrir dóminum 1. nóvember sl., að hann sem starfsmaður Transit hf. hefði annast sölu sumarhúsa, en aldrei hefði verið selt sumarhús, án þess að kaupsamningur væri fyrst borinn undir ákærða, og allir fjármunir vegna sölu sumarhúsanna farið um hendur

ákærða. Jóhann kannaðist við að hafa selt þau þrjú sumarhús, er í ákæru greinir, en ekki hafa hugmynd um, hvernig fjármunum, er inn komu vegna þeirra, hefði verið varið. Slíkt hefði ákærði haft með höndum. Jóhann kvað ákærða hafa tekið allar ákvarðanir um afhendingartíma sumarhúsanna. Jóhann kvað sölu sumarhúsanna hafa verið haldið áfram, eftir að fjárhagserfiðleikar fyrirtækisins hófust, og hefði það verið gert í þeirri von, að rétta mætti fjárhaginn af. Jóhann kvaðst telja ákærða hafa ráðstafað fjármunum, er inn komu vegna sölu sumarhúsa, til ýmissa hluta hjá fyrirtækinu og einhver hluti þeirra farið í annað en að efna kaupsamninga vegna sumarhúsanna, og nefndi Jóhann í því sambandi kostnaðarsaman undirbúning vegna innflutnings símtækja og fleiri breytinga hjá fyrirtækinu.

Vitnið Stefán Örn Einarsson bar fyrir dóminum 1. nóvember sl., að hann hefði annast smíði sumarhúsa fyrir Transit hf. Stefán kvaðst muna eftir sumarhúsum, er Davíð Guðbergsson pantaði svo og Kristín Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Árnason. Stefán kvaðst ekki hafa unnið að smíði eða undirbúningi að smíði sumarhúss vegna Braga Magnússonar, en kvaðst minna, að það sumarhús hefði átt að afhenda á árinu 1990. Stefán kvaðst ekki vita, hvernig greiðslu þeirra þriggja aðila, er getið er í ákæru sem kaupenda sumarhúsa, var háttað. Vitnið kvað Jóhann Jóhannsson hafa annast söluna, en ákærða einnig hafa haft þar hönd í bagga.

Enginn þeirra stjórnarmanna Transit hf., er yfirheyrðir voru fyrir dóminum og getið var varðandi ákærulið I, höfðu nokkur afskipti af rekstri Transit hf., svo sem rakið var, né sölu fyrirtækisins á sumarhúsum.

Ákærði kom fyrir dóminn 19. nóvember sl. Ákærði kvað hafa orðið ljóst haustið 1989, að erfiðlega myndi ganga að standa við þá kaupsamninga, sem gerðir höfðu verið um sumarhús, og hefði sölu sumarhúsanna verið hætt um það leyti. Ákærði kveður ekki hafa verið orðið ljóst, hver fjárhagsstaða fyrirtækisins var 21. september 1989, er kaupsamningur var gerður við Braga Magnússon, og þá ekki ljóst, að fyrirtækið myndi ekki geta staðið í skilum, þótt ljóst hefði verið orðið, að fjárhagur fyrirtækisins hefði verið farinn að þrengjast. Ákærði kvað þá fjármuni, sem hann tók við vegna sölu þeirra þriggja sumarhúsa, er í ákæru greinir, hafa verið notaða til að smíða sumarhús, en ekki sérstaklega hús þeirra aðila, er gerðu þá þrjá samninga. Ákærði kvað ekki hafa verið haldið aðgreindum fjármunum hverrar sumarhúsasölu fyrir sig, heldur hefði öllum fjármunum verið blandað saman. Ákærði kvað sölu sumarhúsanna hafa farið hratt af stað og erfitt verið að halda utan um fjármálin. Ákærði kvað ástæðu þess, að ekki hefði tekist að standa við kaupsamningana, er í ákæru greinir, þrátt fyrir greiðslu kaupenda á kaupverðinu, hafa verið þá, að fyrirtækið hefði ekki fengið þá fyrirgreiðslu, er það vænti. Ákærði kvað sumarhúsin hafa verið seld með tapi, vegna þess að rekstrarkostnaður vegna framleiðslunnar

hefði farið langt fram úr áætlun. Ákærði kvað Transit hf. hafa tekið við húsunum í því ástandi, er kallast geti fokhelt, en stundum hefði vantað á, að húsunum fylgdi það, er fylgja átti, og Transit hf. því þurft að leggja út í meiri kostnað vegna smíðinnar en áætlað var við einstök hús. Ákærði kvað hafa verið erfitt að halda aðgreindum fjármunum vegna hverrar einstakrar sölu sumarhúss til að auðvelda yfirlit um kostnað, vegna þess að fyrirtækið hefði á þessum tíma verið að setja á stofn verksmiðju, er smíða átti sumarhús, svo að fjármunir, sem inn komu vegna sumarhúsanna, hefðu ekki verið sérgreindir. Ákærði kvað hafa verið mjög erfitt að sjá á bókhaldi fyrirtækisins, hvort það ætti fé til að efna kaupsamningana, er gerðir höfðu verið, og hefði ástæðan verið sú að sögn ákærða, að á tímabili hefðu verið í smíðum sjö sumarhús og kostnaður vegna hvers einstaks verið mjög mismunandi og ekki sérgreint yfirlit um hvert hús, svo sem að framan er rakið. Ákærði kvað enga ársreikninga hafa verið gerða fyrir árin 1988 og 1989.

Niðurstöður.

Ákæruliður I.

Ákærði hefur borið, að hann muni ekki, hvernig var staðið að því, er Transit hf. komst í reikningsviðskipti hjá BYKO hf. Dómurinn telur hins vegar sannað með framburði vitnisins Gríms Stefáns Runólfssonar og með vísan til gagna málsins að öðru leyti, að ákærði hafi fengið BYKO til að stofna til lánsviðskiptanna við Transit hf. í apríl 1989. Skilja má ákæruna svo, að ákærði hafi sviksamlega stofnað til lánsviðskiptanna og tekið út vörur frá því í apríl 1989. Dómurinn telur engin svik hafa verið viðhöfð, er stofnað var til lánsviðskiptanna, og ákærði beri ekki persónulega ábyrgð á greiðslu úttekta, er fram fóru fyrir 7. júlí 1989, en þá undirritaði ákærði fyrri ábyrgðaryfirlýsinguna, en með undirritun hennar gekk ákærði persónulega í ábyrgð fyrir allt að 4 milljónum. Ákærði ber ekki heldur refsiábyrgð vegna úttekta, er fram fóru fyrir þann tíma.

Hinn 3. ágúst 1988 var gert árangurslaust lögtak hjá ákærða, og lýsti hann þá yfir, að hann væri eignalaus. Bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 18. ágúst, 17 dögum eftir, að ákærði undirritaði ábyrgðaryfirlýsingu og tókst á hendur persónulega ábyrgð á allt að sex milljón króna úttekt Transit hf. hjá BYKO hf. Ákærði skilaði ekki skattframtölum vegna tekna árin 1988 og 1989, en við dómsyfirheyrslu 5. febrúar sl. taldi hann sig hafa haft nálægt eina milljón í launatekjur hvort ár. Samkvæmt skattframtali 1991 voru launatekjur ákærða árið 1990 rúmlega 641 þúsund krónur. Ákærði hefur borið, að hann hafi greint starfsmanni BYKO frá því símleiðis, er hann undirritaði síðari ábyrgðaryfirlýsingu, að hann ætti ekki aðrar eignir en eignarhluta

sinn í Transit hf. Engir starfsmanna BYKO, er yfirheyrðir hafa verið, kannast við þetta. Vitnið Árni Árnason greindi frá því, að ekki hefði verið komið í verulegt óefni hjá Transit hf. fyrr en í nóvember 1989, og þá fyrst hefði verið könnuð eignastaða ákærða og komið í ljós, að hann var eignalaus. Ákærði hefur hvað eftir annað lýst því, að hann muni ekki, við hverja hann samdi hjá BYKO, en enginn þeirra hafi velt því fyrir sér, hvort ákærði gæti greitt skuldirnar. Áður bar ákærði, að eignastaða sín hefði ekki skipt BYKO máli. Ákærði kvaðst hafa vonast til, að Transit hf. gæti greitt skuldirnar, og í raun ekki hugsað út í það, hvernig hann gæti greitt skuldirnar, er hann hafði gengið í ábyrgð fyrir.

Ákærði vissi, hvað fólst í því að takast á hendur persónulega ábyrgð, svo sem hann gerði, og fullyrðing ákærða þess efnis, að eignastaða sín hafi ekki skipt BYKO máli, er mjög ótrúleg og fær ekki stuðning í gögnum málsins. Ákærði man ekki, við hvern eða hverja hann samdi hjá BYKO, er ábyrgðaryfirlýsingunum var skilað. Gögn málsins og rannsókn fyrir dóminum leiða það í ljós, að BYKO kannaði ekki eignastöðu ákærða fyrr en haustið 1989, er Transit hf. var komið í þrot. Transit hf. hélt áfram vöruúttektum hjá BYKO út október 1989, í um tvo og hálfan mánuð, eftir að bú ákærða var tekið til gjaldþrotaskipta.

Svo sem rakið var, voru launatekjur ákærða á þeim tíma, er í ákæru greinir, ekki þannig, að hann gæti með þeim staðið undir þeim fjárskuldbindingum, er hann tókst á hendur með undirritun ábyrgðaryfirlýsinganna, er í ákæru greinir. Þá bera gögn málsins með sér, að eignastaða ákærða var bágborin á þessum tíma og bú ákærða tekið til gjaldþrotaskipta skömmu síðar, svo sem rakið var. Þá átti ákærða, sem var framkvæmdastjóri og aðalstjórnandi Transit hf. og einn af eigendum, að vera ljós fjárhagsstaða fyrirtækisins og þar með að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð, er því fylgdi að undirrita ábyrgðaryfirlýsingar, og getur ákærði ekki skotið sér á bak við það, að hann hafi vonað, að Transit hf. gæti greitt og að ekki reyndi á ábyrgð ákærða. Dómurinn telur með vísan til alls ofanritaðs sannað, að ákærði hafi leynt því, að hann var eignalaus, er hann undirritaði ábyrgðaryfirlýsingarnar, er í ákæru greinir. Á þennan hátt hagnýtti ákærði sér ranga eða óljósa hugmynd BYKO, og varðar sú háttsemi við 248. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir.

Frá því að ákærði undirritaði fyrri ábyrgðaryfirlýsinguna 7. júlí 1989 og allt til þess tíma, er viðskiptin lögðust af, voru teknar út vörur fyrir 9.725.408 kr., en skuldastaðan í lok tímabilsins var 5.303.801 kr.

Ákæruliður II, 1-3.

Ekki er sannað, að ákærði hafi beinlínis séð um gerð þeirra þriggja kaupsamninga, er hér um ræðir, svo sem ákært er út af, og er ekki beinlínis

ákært fyrir sviksamlega stofnun samninga, og er hann því sýknaður af þeim þætti þessa ákæruliðar. Ákærði annaðist hins vegar allar fjárreiður fyrirtækisins, og allt fé, er inn kom vegna þessara þriggja kaupsamninga, fór um hendur ákærða. Ákærði hefur viðurkennt, að ekkert af þessu fé hafi farið til að efna kaupsamningana. Ákærði dró sér alla þessa fjármuni og notaði féð til að rétta af annan hallarekstur fyrirtækisins og þannig til annarra hluta en að efna kaupsamningana. Þessi háttsemi ákærða varðar við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur frá árinu 1983 gengist undir þrjár dómsáttir fyrir umferðarlagabrot.

Svo sem rakið hefur verið, eru eftirstöðvar úttektar hjá BYKO rúmar 5,3 milljónir, og er ákærði sakfelldur fyrir fjársvik í tengslum við þau viðskipti. Auk þessa er ákærði sakfelldur fyrir fjárdrátt upp á tæpar 6,4 milljónir. Brot ákærða eru stórfelld, og bakaði ákærði BYKO og einstaklingum mikið fjárhagslegt tjón með brotum sínum. Refsing ákærða þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi tólf mánuði. Ákærði hefur ekki fyrr gerst brotlegur við almenn hegningarlög, og þykir eftir atvikum rétt að fresta fullnustu níu mánaða af refsivistinni skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Lögð hefur verið fram skaðabótakrafa fyrir hönd Braga Magnússonar, Arahólum 6, Reykjavík. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða Braga 2.254.000 kr. auk dráttarvaxta frá 26. október 1989 til greiðsludags.

Ákærði vísaði kröfunni á bug og kvaðst ekki taka á sig persónulega ábyrgð vegna hennar, en taldi eðlilegt, að kröfunni hefði verið lýst í þrotabú Transit hf.

Meginreglan um hlutafélög er sú, að enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978. Svo sem lýst hefur verið, var ákærði einn eigenda, framkvæmdastjóri og aðalstjórnandi Transit hf. og annaðist allan rekstur fyrirtækisins, og komu aðrir stjórnarmenn þar hvergi nærri. Ekki voru haldnir stjórnarfundir, og tók ákærði allar ákvarðanir fyrir félagið, jafnt um fjármál sem önnur málefni. Ekki voru gerðir ársreikningar fyrir Transit hf. fyrir árin 1988 og 1989. Þá tók ákærði persónulega ábyrgð á greiðslu milljóna króna af skuldum félagsins, svo sem rakið var. Þegar litið er til alls þessa og málavaxta að öðru leyti, telur dómurinn, að starfræksla Transit hf. hafi verið með þeim hætti á þeim tíma, er í ákæru greinir, að um einkenni hlutafélags hafi ekki verið að ræða og hagsmunir ákærða og Transit hf. varla sundurgreindir. Vegna alls þessa svo og vegna þess, að ákærði

bakaði Braga Magnússyni tjón með refsiverðri háttsemi sinni, er lýst var að framan, telur dómurinn vera um að ræða sjálfstæðan bótagrundvöll á hendur ákærða. Bragi Magnússon greiddi ýmist í reiðufé, með víxlum eða með skuldabréfi, að fjárhæð 1.069.000 kr., samtals 2.254.000 kr., allt svo sem lýst er í ákæru. Ákærði seldi víxlana og skuldabréfið og dró sér allt féð og notaði svo sem lýst er að framan. Svo sem rakið var, telur dómurinn vera sjálfstæðan bótagrundvöll á hendur ákærða, og er hann dæmdur til að greiða Braga Magnússyni, Arahólum 6, Reykjavík, 2.254.000 kr. auk dráttarvaxta frá 26. október 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði 9/10 hluta sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þar með talinn hluta 120.000 króna málsvarnarlauna til Jóhannesar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Sigurðsson, sæti fangelsi tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsivistinni skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins að telja og sá hluti refsivistarinnar falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Braga Magnússyni, Arahólum 6, Reykjavík, 2.254.000 kr. auk dráttarvaxta frá 26. október 1989 til greiðsludags.

Ákærði greiði 9/10 hluta sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þ. m. t. 9/10 hluta 120.000 króna málsvarnarlauna til Jóhannesar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns.

Miðvikudaginn 21. apríl 1993.

Nr. 150/1993. **Umboðssala Jóhönnu Tryggvadóttur Bjarnason**

gegn

viðskiptaráðherra, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Stefna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1993, sem móttekin var í réttinum 16. apríl sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. mars sl. um frávísun málsins. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fallast verður á það með héraðsdómara, að svo mjög hafi skort á glögga og skýra framsetningu krafna, málsástæðna og lagaraka í stefnu til héraðsdóms, að stefnan hafi ekki getað orðið grunnur áframhaldandi meðferðar málsins fyrir héraðsdómi. Ber þegar af þeim ástæðum að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma sóknaraðila til greiðslu kærumálskostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jóhanna Tryggvadóttir Bjarnason f.h. einkafirma síns, Umboðssölu Jóhönnu Tryggvadóttur Bjarnason, greiði varnaraðila, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. mars 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. mars sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Jóhönnu Tryggvadóttur Bjarnason, kt. 290125-4059,

Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, f. h. einkafirma síns, Umboðssölu Jóhönnu Tryggvadóttur Bjarnason, gegn viðskiptaráðherra, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra, öllum f. h. ríkissjóðs, með stefnu, þingfestri 19. febrúar 1991, og framhaldsstefnu, þingfestri 27. febrúar 1992.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta, USD 2.070.000, auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þingfestingardegi til greiðsludags. Þá er krafist miskabóta, USD 4.140.000, auk dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Í stefnu kemur fram, að tilgreind skaðabótakrafa sé vegna tjóns umboðssölunnar, þegar hún hefði orðið að hætta við að framfylgja saltfisksölusamningi við Grikkland 10. mars 1981 vegna synjunar viðskiptaráðherra á útflutningsleyfi. Hafi samningurinn verið að magni 10.000 til 20.000 tonna blautsaltfiskspöntun á því verði, er samþykkt hafi verið, eftir að reynslusending hafi verið send og samþykkt. Skaðabótakrafan er miðuð við 9% umboðslaun af heildarsöluverðmæti eins árs samnings frá 10. mars 1981 til 10. mars 1982, 10.000 tonn, meðalverð USD 2.300 hvert tonn, alls USD 2.070.000. Krafist er miskabóta fyrir vísvitandi blekkingar og fyrirslátt varðandi útflutningsleyfi og fyrir missi hagsmuna í frekari útflutningi til Grikklands. Miskabótakrafan er miðuð við umboðslaun fyrir árin 1982 og 1983, samtals USD 4.140.000.

Stefnandi styður kröfur sínar almennum reglum kröfu- og skaðabótaréttar.

Dómkröfur stefnanda í framhaldssök eru þessar:

1. að staðfestur verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur réttur stefnanda til að flytja út saltfisk frá Íslandi til Grikklands að fullnægðum glöggum, lögákveðnum, efnislegum skilyrðum um kaup, framleiðslu og sölu saltfisks,

2. að staðfest verði með dómi bæjarþings Reykjavíkur, að beiting ákvæða 13. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála til að synja um leyfi til útflutnings saltfisks brjóti gegn ákvæðum 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, og sé synjun um útflutningsleyfi reist á því ógild,

3. að stefnda, ríkissjóði, sé skylt að greiða stefnanda 10.000.000 kr. í skaðabætur vegna tapaðrar viðskiptaaðstöðu til útflutnings saltfisks til Grikklands árið 1984.

Loks er í framhaldsstefnu krafist þess, að stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda málskostnað eftir mati réttarins vegna krafna í framhaldsstefnu og stefnu, sem þingfest var 19. febrúar 1991.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi. Til vara er þess krafist, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara er krafist stórfelldrar lækkunar á dómkröfum. Í öllum

tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögn og til greiðsludags.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 25. nóvember sl. um frávísunarkröfu stefndu. Það var endurflutt og tekið til úrskurðar að nýju 2. mars sl.

— — —

III.

Mál þetta var þingfest fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 19. febrúar 1991. Samkvæmt 165. gr. laga nr. 91/1991 skal það metið eftir ákvæðum laga nr. 85/1936, hvort málatilbúnaður stefnanda fullnægi tilteknum réttarfarsskilyrðum. Dómkröfur stefnanda í aðalstefnu eru tvíþættar og tilgreindar í Bandaríkjadollurum. Annars vegar eru tilgreindar skaðabætur, USD 2.070.000, og hins vegar miskabætur, USD 4.140.000. Í báðum tilvikum eru þó kröfur miðaðar við fjárhagslegt tjón vegna missis umboðslauna. Er því ekki greint á milli fjártjóns og miska. Þá er tilgreining málsástæðna í stefnunni óskýr og ekki aðgreind frá kröfugerðinni sjálfri og tilvísun í lagarök almenns eðlis og ófullnægjandi. Málatilbúnaður stefnanda að þessu leyti er andstæður c-, d- og e-lið 88. gr. laga nr. 85/1936 um glögga og skýra framsetningu grundvallaratriða í stefnu. Þá hefur stefnandi ekki lagt fram greinargerð í samræmi við 1. mgr. 105. gr. laga nr.85/1936. Svonefnd „greinargerð" á dskj. nr. 24 er skýrsla stefnanda, dags. 27. júní 1990, og fjallar aðallega um viðskipti við Portúgal.

Samkvæmt kröfulið 1 í framhaldsstefnu er krafist staðfestingar dóms á rétti stefnanda til að flytja út saltfisk frá Íslandi til Grikklands að fullnægðum þar greindum skilyrðum. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, sbr. 1. gr. laga 4/1988 um útflutningsleyfi o. fl., var það algjörlega háð mati hlutaðeigandi ráðherra, hvort útflutningsleyfi væri veitt eða ekki. Er því fallist á þau sjónarmið stefndu, að það heyri ekki undir dómstóla að taka ákvörðun um útflutningsleyfi, sem að lögum eru þannig háð frjálsu mati stjórnvalda. Kröfuliðir 2 og 3 í framhaldsstefnu eru þess eðlis, að unnt hefði verið að koma þeim að í öndverðu. Er því ekki fullnægt skilyrðum 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936, að því er þá kröfuliði varðar. Þá er í framhaldsstefnu án nánari tilgreiningar vísað í lög nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, einnig til alþjóðlegra skuldbindinga, sem Íslendingar hafa tekist á hendur, svo sem aðild að GATT-samningi, fríverslunarsamningi EFTA-ríkja og tvíhliða samningi við Evrópubandalagið, án þess að í nokkru sé að því vikið, hvaða þýðingu það hafi fyrir málsókn stefnanda. Tilvísun þessi til lagaraka er ófullnægjandi og andstæð 88. gr., 1. mgr., e-lið, laga nr. 85/1936, og er ekki nægilega úr því bætt í greinargerð fram-

haldssakar. Þá eru lögð fram í málinu af hálfu beggja aðila ýmis gögn, sem varða útflutning saltfisks til Portúgals, sem ekki verður séð, að eigi heima í máli þessu. Þá hefur stefnandi lagt fram nokkur skjöl á ensku, án þess að íslensk þýðing fylgi, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 85/1936 og nú 3. mgr. 10. gr. laga nr. 91/1991. Framlagning fjölmargra skjala af hálfu stefnanda í þinghaldi 25. nóvember sl., m. a. ljósrita úr verslunarskýrslum Hagstofu Íslands um útfluttar fiskafurðir 1980 til 1991, er og aðfinnsluverð. Þá er rökstuðningi fyrir kröfugerð stefnanda ábótavant og málið í veigamiklum atriðum vanreifað af hálfu stefnanda, svo sem, að ekki er lagður fram í málinu saltfiskssamningur sá, sem málsókn stefnanda er grundvölluð á. Telja verður samkvæmt framansögðu, að málatilbúnaður stefnanda sé í svo verulegum atriðum andstæður grundvallarreglum einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað og svo vanreifaður, að ekki verði hjá því komist að vísa málinu í heild frá dómi.

Samkvæmt 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 skal stefnanda gert að greiða málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 50.000 kr. Málskostnaðarfjárhæðin ber dráttarvexti frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar þessa og til greiðsludags.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Jóhanna Tryggvadóttir Bjarnason f. h. einkafirma síns, Umboðssölu Jóhönnu Tryggvadóttur Bjarnason, greiði stefndu, viðskiptaráðherra, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra, öllum f. h. ríkissjóðs, 50.000 kr. í málskostnað. Málskostnaðarfjárhæðin ber dráttarvexti frá 15. degi eftir uppsögu úrskurðar þessa og til greiðsludags.

Mánudaginn 26. apríl 1993.

Nr. 141/1993. **Ákæruvaldið**

gegn

K.

Kærumál. Frávísunarúrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til Hæstaréttar með kæru 26. mars 1993, sem barst réttinum 5. apríl sl. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjaness frá 24. mars sl. Ákæruvaldið krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að ríkissaksóknari líti ekki svo á, að ósk sín til dómsmálaráðuneytis um niðurfellingu saksóknar sé enn til meðferðar í ráðuneytinu. Niðurstaða héraðsdómara um frávísun málsins er byggð á vanreifun á þessu atriði, en héraðsdómara var rétt að leita eftir skýrri yfirlýsingu ákæruvaldsins hér um, áður en hann vísaði málinu frá dómi. Ber þegar af þessari ástæðu að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar.

Samkvæmt 46. gr. laga nr. 19/1991 reynir á sönnunargildi krufningarskýrslu við efnisúrlausn málsins.

Ákvörðun um málskostnað bíður endanlegs dóms í málinu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. mars 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 24. mars, er á dómþingi í Héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni

héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. S-18/1992: Ákæruvaldið gegn K, er tekið var til úrskurðar um formhlið að loknum munnlegum málflutningi 22. mars 1993.

I.

Fyrir héraðsdómi Reykjaness er til meðferðar mál ákæruvaldsins gegn K. Ákæra var gefin út 1. júlí 1992 og málinu úthlutað til núverandi dómara 1. september 1992, og fékk hann það í hendur fáum dögum síðar. Málið var þingfest á dómþingi 2. október 1992, þar sem ákærða var sjálf mætt og henni birt ákæran og skipaður verjandi, Vilhjálmur Þórhallsson hrl. Málinu var frestað til aðalflutnings, sem fram skyldi fara dagana 11.-14. nóvember sama ár. Að ósk verjanda, sem síðar verður lýst, og með samþykki sækjanda var hinu boðaða þinghaldi frestað til 26.-27. nóvember og þá enn af sömu ástæðum ótiltekið. Þinghald til aðalflutnings var síðan ákveðið 8. mars 1993. Á dómþingi þann dag bar verjandi fram kröfu þá um úrskurð um formhlið málsins, sem nú er til úrlausnar, og var málinu frestað til 22. mars 1993 til munnlegs málflutnings og úrskurðar um formhlið.

II.

Í þessum þætti málsins eru gerðar svofelldar dómkröfur af hálfu ákærðu:

„Þess er krafist, að málinu verði vísað frá dómi. Verði málinu ekki vísað frá í heild sinni, er þess krafist, að krufningarskýrslur Jóhanns Heiðars Jóhannssonar læknis, dags. 7. 1. og 10. 2. 1992, komist ekki að sem sönnunargögn í málinu. Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði til handa ákærðu."

Af hálfu ákæruvalds er mótmælt frávísunarkröfu verjanda og þess krafist, að henni verði hrundið með úrskurði dómara.

— — —

VI.

Álit dómsins.

Hafna verður þeirri röksemd verjanda, sé hún skilin rýmsta skilningi, að það samrýmist ekki réttum málatilbúnaði, að ríkissaksóknari leggi til niðurfellingu saksóknar samtímis ákæru. Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 19/1991 er hægt að afturkalla ákæru á hvaða stigi máls sem er, allt þar til dómur gengur. Nefnt ákvæði tekur af öll tvímæli um það.

Þannig getur sækjandi til að mynda fallið frá ákæru að hluta eða með öllu, ef hann telur ný gögn valda því, að það, sem fram er komið í málinu, sé ekki lengur nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 112. gr. laga nr. 19/1991.

Sé hann í vafa um heimild sína til að falla frá saksókn, en telji þó ástæðu til þess, þá hlýtur hann, á hvaða stigi máls sem er, allt þar til dómur gengur, í æðra dómi, ef því er að skipta, að geta neytt úrræðis þess, sem greinir í 3. tölulið 113. gr. laga nr. 19/1991, og óskað eftir, að dómsmálaráðherra geri tillögu til forseta Íslands um niðurfall saksóknar samkvæmt ákvæðum 29. gr. stjórnarskrár, hafið síðan dómsmálið, ef forseti ákveður niðurfall saksóknar. Sóknaraðili í opinberu máli hefur ríkt forræði á sakarefni.

Að hinu leytinu má fallast á það með verjanda, að meðan sækjandi lýsir yfir, að hann haldi fast við ósk sína um niðurfellingu saksóknar, og viðurkennir, að hún hafi ekki fengið endanlega, efnislega úrlausn, vanti til framlagningar í málinu mikilvægt gagn, ákvörðun um það, hvort saksókn verði felld niður. Málið sé vanreifað, að því er skjallega gagnaöflun varðar. Að svo komnu og meðan dómkröfur sóknaraðila séu bundnar þeim fyrirvara, að synjað verði um niðurfellingu saksóknar, sé ekki unnt að kveða upp efnisdóm í málinu. Skilyrt kröfugerð á sóknarhlið sé ódómhæf.

Þá eigi ákærða rétt á, að ósk ríkissaksóknara um niðurfellingu saksóknar fái rétta og lögmælta meðferð ráðherra, en afdrif þeirrar tillögu varði hana mjög miklu. Togstreita æðstu handhafa framkvæmdarvalds um formsatriði megi ekki ráða örlögum hennar.

Í 3. tölulið 201. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er kveðið svo á, að fyrirmæli 113. greinar þeirra taki til mála, þótt brot hafi verið framið fyrir gildistöku þeirra, sem var skv. 193. gr. laganna 1. júlí 1992. Þess er að geta, að ákvæði 1. mgr. 24. gr. eldri laga nr. 74/1974, sbr. 2. gr. laga nr. 107/1976, voru efnislega á sama veg og núgildandi ákvæði 3. tl. 113. gr. laga nr. 19/1991 að því leyti, sem hér skiptir máli.

Í 3. tölulið 113. gr. hinna nýju oml. er að finna svohljóðandi ákvæði: „Ef ríkissaksóknari telur ástæðu til að falla frá saksókn, en telur vafa leika á heimild sinni til þess, getur hann óskað eftir, að dómsmálaráðherra geri tillögu til forseta Íslands um niðurfall saksóknar samkvæmt ákvæðum 29. gr. stjórnarskrár."

Í upphafsákvæði 29. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er mælt svo fyrir: „Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til."

Ofangreint ákvæði 3. tl. 113. gr. laga nr. 19/1991, sem hvílir á grunni 29. gr. stjórnarskrár, er undantekning frá þeirri aðalreglu, sem lögfest er í upphafsákvæði 111. gr. laga nr. 19/1991, að „ sérhver refsiverður verknaður skal sæta ákæru".

Eigi þarf að fjölyrða um þá grunnreglu um meðferð dómsvalds, sem orðuð er svo í upphafsákvæði 61. gr. stjórnarskrárinnar: „Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum."

Því liggur ljóst fyrir:

1. Ríkissaksóknara er skylt að ákæra fyrir sérhvern refsiverðan verknað, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.
2. Dómari getur ekki sýknað af ákæru fyrir refsiverðan verknað, ef ákæruvaldinu hefur tekist að sanna hann.
3. Aðeins forseti lýðveldisins hefur það vald að ákveða, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla. En þar sem hann samkvæmt 11. og 14. gr. stjórnarskrár er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum, er það dómsmálaráðherra, sem fer með þetta sérstaka vald, sem er utan valdmarka bæði ríkissaksóknara og dómstóla, að firra sakhæfan brotamann refsidómi, þótt sök hans sé fullsönnuð.

Löggjöfin reisir við því skorður, að dómsmálaráðherra geti misbeitt þessu valdi, fyrst og fremst þannig, að ráðherra þarf beinan atbeina ríkissaksóknara, ósk ríkissaksóknara verður að koma til, einnig þannig, að ráðherrann þarf að formi til staðfestingu forseta.

Sú staðreynd, að dómsmálaráðherra er þannig einum falið þetta tiltekna, sérstaka og sértæka vald, styður eindregið þá málsástæðu verjanda, að sakamál þetta, þar sem fyrir liggur ósk ríkissaksóknara til ráðherra um niðurfellingu saksóknar, sé ekki dómhæft, fyrr en efnisleg úrlausn ráðherra liggur fyrir. Það álitaefni, hvort ríkissaksóknari getur yfirleitt dregið slíka ósk til baka, þar sem um ívilnandi ákvörðun handhafa framkvæmdarvalds er að tefla, er ekki til úrlausnar hér.

Af hálfu ríkissaksóknara er því lýst yfir og stutt gögnum, að ósk hans um niðurfellingu saksóknar hafi aldrei verið dregin til baka, þvert á móti ítrekuð. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi efnisleg úrlausn um hana ekki fengist.

Sækjandi sýnist þannig líta svo á, að ósk sín um, að ráðherra geri tillögu um niðurfellinu saksóknar, liggi ennþá fyrir hjá ráðherra til efnislegrar umfjöllunar. Eftir því getur ráðherra, hvenær sem er, án frekari atbeina ríkissaksóknara, annaðhvort hafnað ósk hans eða orðið við henni, allt þar til dómur gengur, í æðra dómi, ef því er að skipta.

Samkvæmt þessu verður að telja, að kröfur ákæruvalds á hendur ákærðu í máli þessu séu nú hafðar uppi með þeim fyrirvara, að þær verði dregnar til baka, ef dómsmálaráðherra geri samkvæmt ósk ríkissaksóknara tillögu til forseta um niðurfall saksóknar, sem forseti staðfesti. Á grundvelli svo skilyrtrar kröfugerðar sækjanda er mál þetta ekki dómhæft.

Samkvæmt framansögðu er mál þetta stórlega vanreifað af hálfu sóknaraðila, að því er gagnaöflun varðar, og dómkröfur hans skilyrtar og því ódómhæfar. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Að svo komnu eru eigi efni til að fjalla um þá dómkröfu verjanda, að krufningarskýrslur komist ekki að sem sönnunargögn í málinu.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda þykja hæfilega ákveðin 85.000 kr. og

eiga að greiðast úr ríkissjóði. Við ákvörðun fjárhæðarinnar er haft í huga, að úrskurður þessi er endanleg úrlausn máls þessa á héraðsdómsstigi, svo og, að verjandi hefur oftlega þurft að búa sig undir aðalflutning málsins, en þinghöldum verið frestað vegna dráttar á framlagningu sækjanda á úrlausn um margnefnda ósk hans um niðurfellingu saksóknar.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., 85.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 29. apríl 1993.

Nr. 147/1993. **Elín Jónsdóttir,**
Anna Benediktsdóttir,
Brynjar Ármannsson,
Anna Dóra Ármannsdóttir og
Díana Ármannsdóttir
gegn
Guðmundi Jónssyni.

Kærumál. Skipti. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. mars 1993, sem barst réttinum 14. apríl sl. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og staðfest verði, að dánarbú Jóns Jóhannesar Ármannssonar og Guðlaugar Margrétar Guðmundsdóttur eigi kröfu á hendur varnaraðila, Guðmundi Jónssyni, að fjárhæð 1.252.800 krónur, er varnaraðila verði gert að greiða dánarbúinu með dráttarvöxtum frá 1. október 1992 til greiðsludags. Jafnframt krefjast sóknaraðilar staðfestingar á því, að borðstofusett úr eik, stofuborð, sex stólar og skápur, sé eign dánarbúsins. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst sýknu af kröfum sóknaraðila og að sóknaraðilar verði ásamt lögmanni sínum, Tómasi Gunnarssyni, dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Jafnframt verði sóknaraðilum ásamt lögmanninum ákveðin réttarfarssekt vegna brota gegn a-, d- og e-lið 1. mgr. 135. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Loks krefst varnaraðili þess, að tiltekin ummæli í greinargerðum sóknaraðila í héraði og fyrir Hæstarétti verði dæmd dauð og ómerk.

Í máli þessu eru hafðar uppi kröfur á hendur einum af erfingjum dánarbús. Með slík ágreiningsefni verður eigi farið fyrir héraðsdómi samkvæmt 122. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Heimild er hins vegar í 1. mgr. 124. gr. laganna, til að skiptastjóri fái leyst úr slíkum ágreiningi fyrir héraðsdómi. Mál þetta var eigi

lagt fyrir héraðsdóm með þeim hætti, sem boðið er í 1. mgr. 124. gr. Ber því að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eigi eru efni til að sinna kröfu varnaraðila um réttarfarssektir á hendur sóknaraðilum og lögmanni þeirra.

Ummæli þau, sem varnaraðili krefst ómerkingar á, eru fullyrðingar um staðreyndir, er sóknaraðilar byggja á kröfur sínar. Réttmæti þessara fullyrðinga kemur til úrlausnar, ef úr ágreiningi aðila verður leyst efnislega.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 22. febrúar 1993.

Sóknaraðilar, Elín Jónsdóttir, kt. 041129-4849, Móaflöt 8, Garðabæ, Anna Benediktsdóttir, kt. 190439-4379, Hraunbæ 124, Reykjavík, Brynjar Ármannsson, kt. 230565-3099, Vallarási 3, Reykjavík, Anna Dóra Ármannsdóttir, kt. 240763-4949, Hraunbæ 124, Reykjavík, og Díana Ármannsdóttir, kt. 040260-3159, Hraunbæ 48, Reykjavík, gera eftirfarandi kröfur í máli þessu:

„að staðfest verði með dómi (sic) héraðsdómsins, að dánarbú Jóns J. Ármannssonar, kt. 231199-1448, og Guðlaugar M. Guðmundsdóttur, kt. 140800-2369, eigi fjárkröfu hjá varnaraðila, að fjárhæð 1.329.368 kr., miðað við 1. október 1992, og jafnframt, að varnaraðila sé skylt að greiða þá fjárhæð til búsins með venjulegum vanskilavöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. október 1992 til greiðsludags, — einnig, að staðfest verði með dómi (sic) héraðsdómsins, að borðstofusett úr eik, þ. e. stofuborð, sex stólar og borðstofuskápur, sem var í eigu búsins, sé ennþá eign þess.

Loks er krafist, að staðfest verði, að varnaraðila sé skylt að greiða sóknaraðilum málskostnað vegna rekstrar máls þessa samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða mati réttarins, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti sam-

kvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi frá uppkvaðningu dóms til greiðsludags auk virðisaukaskatts".

Varnaraðili, Guðmundur Jónsson, kt. 270432-3879, Búlandi 28, Reykjavík, gerir eftirfarandi kröfur í máli þessu:

„að dómurinn hafni öllum kröfum sóknaraðila".

— — —

Þá krefst varnaraðili þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðila [...].

Sáttatilraunir dómara hafa reynst árangurslausar.

— — —

V.

Í máli þessu er um það deilt, hvort dánarbú Jóns J. Ármannssonar og Guðlaugar Guðmundsdóttur eigi fjárkröfu á hendur varnaraðila á þeim grundvelli, að hann hafi verið fjárvörslumaður hinna látnu. Þá er enn fremur deilt um eignarrétt að borðstofusetti, sem var í eigu hinna látnu, en er nú í vörslum varnaraðila.

Sóknaraðilar reisa málsástæðu sína um, að varnaraðili hafi verið fjárvörslumaður hinna látnu, á því, að fyrir liggi, að hann hafi undirritað skjöl f. h. hinna látnu, er vörðuðu fjárhagsleg málefni þeirra, t. d. skattframtöl, innlagnar- og úttektarseðla úr bankabókum og afsal vegna sölu fasteignar. Þá vísa sóknaraðilar til þess, að varnaraðili hafi séð um greiðslu föðurarfs í nóvember 1983 og að þær greiðslur hafi hann greitt með ávísunum úr eigin tékkhefti. Enn fremur vísa sóknaraðilar til tilkynninga varnaraðila til skiptaréttar Reykjavíkur um eignaleysi dánarbúanna. Af hálfu varnaraðila hefur því ekki verið mótmælt, að hann hafi að beiðni foreldra sinna aðstoðað þau við að sinna þörfum þeirra, m. a., hvað varðaði fjárhagslega hagsmuni.

Fyrir liggur í málinu, að hin látnu voru bæði fjár síns ráðandi og við fulla andlega heilsu allt til dauðadags. Það, að varnaraðili aðstoðaði foreldra sína við að sinna fjárhagslegum þörfum þeirra, getur því að mati réttarins ekki skipað honum í stöðu fjárhaldsmanns þeirra. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila um, að dánarbú Jóns J. Ármannssonar og Guðlaugar M. Guðmundsdóttur eigi fjárkröfu á hendur varnaraðila, enda hefur sóknaraðilum ekki tekist að sýna fram á, að varnaraðili hafi ekki staðið skil á þeim fjármunum, sem hann kann að hafa tekið við fyrir hönd foreldra sinna vegna sölu á eignarhluta föður síns í fasteigninni Bakkastíg 6 C, Reykjavík.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um, að dómurinn staðfesti eignarrétt dánarbúanna að borðstofusetti úr eik, þá er hún á því byggð, að varnaraðila beri sem fjárvörslumanni hinna látnu að upplýsa glögglega og sannan-

lega, við hvaða verði hann keypti húsgögnin og hvernig hann greiddi þau. Á þeirri forsendu, að dómurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu, að varnaraðili hafi ekki verið fjárvörslumaður foreldra sinna, verður ekki fallist á það með sóknaraðilum, að varnaraðili hafi þessum skyldum að gegna. Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu sóknaraðila, að húsgögnin hafa verið í vörslum varnaraðila a. m. k. frá árinu 1975. Sóknaraðilum og varnaraðila ber saman um, að varnaraðili hafi ætlað að kaupa húsgögnin. Verður því að telja, að kaupsamningur hafi komist á milli varnaraðila og foreldra hans. Af hálfu sóknaraðila hefur í málinu ekki verið gerð krafa á hendur varnaraðila um greiðslu kaupverðs húsgagnanna, og því er í úrskurði þessum ekki tekin afstaða til, hvort hann standi í skuld við dánarbúin vegna umræddra kaupa.

Samkvæmt úrslitum málsins þykir rétt, að sóknaraðilar greiði varnaraðila 250.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Úrskurð þennan kvað upp Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Elínar Jónsdóttur, Önnu Benediktsdóttur, Brynjars Ármannssonar, Önnu Dóru Ármannsdóttur og Díönu Ármannsdóttur, á hendur varnaraðila, Guðmundi Jónssyni, í máli þessu er hafnað.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila 250.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Fimmtudaginn 29. apríl 1993.

Nr. 63/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðjóni Antonssyni
(Jón Magnússon hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Ökuleyfissvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1993 að ósk ákærða um áfrýjun málsins í heild. Ákæruvaldið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fallast má á röksemdir héraðsdómara fyrir niðurstöðu sinni, og ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Guðjón Antonsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 11. janúar 1993.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. janúar sl., er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með ákæruskjali, út gefnu 11. september 1992, á hendur Guðjóni Antonssyni, kt. 021144-7119, bónda, Skeggjastöðum, Vestur-Landeyjahreppi. Málið sætti aðalmeðferð og munnlegum málflutningi, sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991.

Dómkröfur ákæruvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur fyrir það brot, sem honum er gefið að sök í ákæru, þ. e. fyrir að aka þriðjudaginn

21. apríl 1992 undir áhrifum áfengis bifreiðinni X-1698 um Fíflholtsveg og inn á Landeyjaveg, þar til lögregla stöðvaði aksturinn á Landeyjavegi skammt sunnan við bæinn Strönd. Brot þetta varði við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sé þess krafist, að ákærða verði dæmd refsing fyrir brot þetta og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsóknarlauna í ríkissjóð.

— — —

II.

Málsatvik.

Ákærði neitar sök í málinu. Málsatvikum verður þannig lýst, að þriðjudaginn 21. apríl 1992 ók ákærði bifreiðinni X-1698 um Fíflholtsveg og inn á Landeyjaveg, en þar stöðvaði lögreglan á Hvolsvelli akstur ákærða og færði hann á lögreglustöðina vegna grunar um ölvun við akstur. Við lögregluranns6kn kvaðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, þar sem hann hefði ekki smakkað áfengi fyrr um morguninn, en af sakargögnum má ráða, að lögreglumenn hafi stöðvað aksturinn laust eftir klukkan átta um kvöldið. Hann tjáði löggæslumönnum, að hann hefði verið við áfengisneyslu fram á nótt og því verið svefnlaus og þreyttur. Að beiðni lögreglu og í þágu rannsóknar málsins var læknir fenginn til að draga blóð úr ákærða, og reyndist samkvæmt vottorði frá rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði magn alkóhóls í blóðsýninu vera 2,14‰.

Ákærði kveðst ekki vera sáttur við fyrirliggjandi niðurstöðu um alkóhólmagn. Hann ítrekaði, að kvöldið áður hefði hann fengið sér í glas og hætt víndrykkju um nóttina, og taldi ákærði trúlegt, að klukkan hefði þá verið að ganga tvö. Ekki var ákærði öruggur um, hve mikils magns af áfengi hann hefði neytt, en sagði í því sambandi, að hér hefði verið um axlafulla vodkaflösku að ræða, sem hefði ekki verið alveg tóm eftir neyslu sína og kunningja síns. Um morguninn hafi hann gengið til bústarfa og síðar um daginn þurft að reka erindi í nálægum bæ. Hann hafi ekki snert bifreiðina, fyrr en hann var öruggur um, að hann gæti ekið henni, og þó að hann teldi, að ekki hefði verið rangt eftir sér haft í lögregluskýrslu, þar sem fram kemur og eftir sér haft í framburðarskýrslu, að hann hefði smakkað áfengi um morguninn, þá hafi hann, eftir að skýrslan var gerð, hugsað þetta nánar og komist að þeirri niðurstöðu, að hann hafi ekki neytt áfengis þennan umrædda dag.

Lögreglumennirnir Guðjón Einarsson og Gils Jóhannsson, er önnuðust frumrannsókn málsins, hafa komið fyrir dóminn. Bæði þessi vitni bera, að ákærði hafi verið ölvaður við aksturinn.

Vitnið Guðjón segir, að þeir Gils hafi verið sammála um, að ekki hafi

verið hættulaust, að ákærði æki bifreiðinni í því ástandi, sem hann hafi þá verið í. Ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, það hafi komið fram á mæli hans, og áfengisþefur af honum fundist. Ákærði hafi borið öll einkenni þess að vera undir áhrifum áfengis, bæði í útliti og göngulagi. Vitnið staðfesti, að það hefði verið læknir, sem hefði dregið blóð úr ákærða. Blóðsýnið hefði verið meðhöndlað á venjubundinn hátt, það merkt og tölusett og sett í umslag og geymt í kæli. Vitnið staðfesti skýrslugerð sína í málinu.

Vitnið Gils sagði ákærða hafa verið allölvaðan og borið merki ölvunar. Vitnið staðfesti, að frumskýrslur í málinu væru réttar.

III.

Niðurstaða.

Málsvörn er reist á því, að niðurstaða alkóhólrannsóknar sé röng, þar sem óhugsandi sé, að ákærði hafi verið svo ölvaður sem hún bendir til. Þessi málsvörn stenst ekki.

Hvorki er sannað né hefur verið gert sennilegt, að mistök hafi orðið við töku, meðferð eða rannsókn á blóðsýni úr ákærða, en það sýndi 2,14‰ alkóhól í blóði.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og vætti lögreglumannanna Guðjóns Einarssonar og Gils Jóhannssonar telst sannað, að ákærði hafi að kvöldi þriðjudagsins 21. apríl ekið bifreiðinni X-1698 undir áhrifum áfengis eftir Fíflholtsvegi, eins og nánar greinir í ákæruskjali, en þar telst háttsemi ákærða vera rétt lýst og hún þar færð til réttra refsilagaákvæða. Þótt í ákæru skorti tilgreiningu um, að aksturinn hafi farið fram að kvöldi til, veldur sá ágalli því ekki, að refsingu verði eigi við komið í málinu, sbr. 117. gr. laga 19/1991.

IV.

Refsing.

Ákærði er sakhæfur, en hann er fæddur 2. nóvember 1944, og hefur samkvæmt vottorði frá Sakaskrá ríkisins sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði sætti 1983 refsidómi fyrir ölvunarakstur og var sviptur ökuleyfi eitt ár. Árið 1983 var hann dæmdur fyrir sams konar brot og sviptur leyfinu ævilangt. Honum var veitt ökuleyfi að nýju 1986, en 1989 var hann enn dæmdur fyrir ölvunarakstur og sviptur leyfinu þrjú ár.]

Með hliðsjón af sakaferli ákærða og með vísan til 1. mgr. 100. gr. laga nr. 50/1987 verður refsing ákærða, Guðjóns Antonssonar, ákveðin 30 daga varðhald.

Samkvæmt kröfu ákæruvalds og með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber að svipta ákærða ökuleyfi sínu.

Ákærði verður sviptur ökuleyfi sínu ævilangt, með því að hér er um

að ræða ítrekað brot ákærða, þriðja sinni á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. laganna, en 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. eldri umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. dómsátt frá 30. mars 1982, og dóm frá 27. september 1983, svarar efnislega til 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. núgildandi laga.

Í samræmi við 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 ber ákærða að greiða allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Björnssonar hdl., 35.000 krónur. Samkvæmt 1. mgr. 28. og 2. mgr. 29. gr. laga 19/1991, sbr. XIV. kafla sömu laga, fór lögreglustjórinn á Hvolsvelli með saksókn í máli þessu, og flutti Þórir Haraldsson, fulltrúi hans, málið hér fyrir dóminum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem fékk mál þetta til meðferðar 1. október sl., dæmir mál þetta, en fyrirkalli í málinu varð eigi við komið fyrr en 25. nóvember sl.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Antonsson, sæti varðhaldi 30 daga og er sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Björnssonar hdl., 35.000 krónur.

Fimmtudaginn 29. apríl 1993.

Nr. 371/1990. **Sigurður Antonsson**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Guðjóni Inga Árnasyni
(Jón Magnússon hrl.).

Fasteignakaup. Afsláttur. Lögmenn. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1990, en áður hafði hann fengið út gefna stefnu 25. júní 1990. Í greinargerð fyrir Hæstarétti krafðist hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Við upphaf munnlegs flutnings fyrir réttinum breytti lögmaður áfrýjanda dómkröfum hans í eftirfarandi horf:

„Aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, til vara, að áfrýjandi verði sýknaður af kröfum stefnda, til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að vextir verði ekki dæmdir, og til þrautaþrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, með þeirri breytingu, að dómkrafan beri vexti samkv. 7. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. júlí 1988 til uppsögudags dóms Hæstaréttar, en dráttarvexti samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda hæfilegan málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti."

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Af hans hálfu er nýrri kröfugerð mótmælt.

Ómerkingarkrafa áfrýjanda er byggð á vanreifun stefnu til héraðsdóms. Þar sé krafan byggð á mati dómkvaddra manna, en matið sé gallað og geti ekki verið grundvöllur málsins. Þrautavarakröfurnar eru byggðar á því, að vaxtakrafa stefnda í héraði, sem héraðsdómari féllst á, sé miðuð við rangan upphafstíma og uppfylli ekki lagaskilyrði um vexti í skaðabótamálum.

Þær málsástæður, sem hinar nýju dómkröfur áfrýjanda fyrir Hæstarétti eru byggðar á, eru allar þess eðlis, að hafa mátti þær uppi í héraði. Þá raska þær þeim grundvelli, sem málið var byggt á í héraði og í greinargerðum málsaðila fyrir Hæstarétti. Kröfur þessar og málsástæður uppfylla ekki skilyrði 45. gr. laga 75/1973 um Hæstarétt Íslands og koma þannig ekki til álita umfram það, sem leiða kann af lagaatriðum og öðru því, sem ber að gæta ex officio. Verður að gera athugasemd við málflutning lögmanns áfrýjanda að þessu leyti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Antonsson, greiði stefnda, Guðjóni Inga Árnasyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 26. f. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 5. júní 1989.

Stefnandi er Guðjón Ingi Árnason, Safamýri 75, Reykjavík.

Stefndi er Sigurður Antonsson, Þernunesi 1, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 325.000 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga frá 1. júlí 1988 til greiðsludags og málskostnaðar, þar með talins matskostnaðar, 38.080 kr., er beri dráttarvexti að liðnum tíu dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar, er beri dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga að liðnum tíu dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi með kaupsamningi, dags. 13. mars 1987, keypt af stefnda parhús, þ. e. vestari enda í húsinu nr. 75 við Safamýri í Reykjavík. Agnar Gústafsson hrl. hafi verið með húsið í einkasölu fyrir stefnda, og hafi hann sýnt sér húsið, áður en salan fór fram. Við skoðunina hafi hann haft sér til aðstoðar Magnús Hilmarsson fasteignasala. Húsið hafi staðið autt. Magnús hafi spurt Agnar Gústafsson hrl., hvort húsið væri „forskalað", þ. e. múrhúðað timburhús. Agnar hafi neit-

að því og sagt, að húsið væri úr steini eða steinsteypt eða, eins og hann hafi orðrétt sagt hér fyrir dómi: „Þetta er steinn." Frekari upplýsingar hafi ekki verið gefnar af hálfu seljanda um byggingarefnið.

Verð hússins hafi verið 6.500.000 kr., og hafi stefnandi gert tilboð á því verði og þá miðað við, að húsið væri steypt. Kaupsamningur hafi komist á, og ekkert hafi frekar verið um byggingarefnið talað.

Eftir afhendingu hafi stefnandi fengið menn til þess að saga úr útvegg fyrir eldhússviftu. Þá hafi komið í ljós, að veggurinn var hlaðinn, en ekki steyptur. Stefnandi hafi þá aflað sér nánari upplýsinga um byggingu hússins og um verðmun á steyptum og hlöðnum húsum og komist að raun um, að hann væri nokkur. Hann hafi þá haft samband við Agnar Gústafsson fasteignasala og farið fram á bætur eða afslátt. Stefndi hafi hafnað öllu slíku og talið, að húsið væri betra og verðmeira, af því að það væri hlaðið, en ekki steypt. Þá hafi stefnandi fengið dómkvadda matsmenn til þess að meta, hvort um verðmun væri að ræða á steyptu og hlöðnu húsi. Mat hinna dómkvöddu matsmanna sé, að 5% verðmunur sé á steyptu og hlöðnu húsi. Stefnandi byggi á mati þessu og geri kröfu um 5% afslátt af kaupverðinu, sem geri 325.000 kr.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að húseign sú, er hann hafi keypt af stefnda, hafi verið hlaðin, en ekki steypt, og þar af leiðandi verðminni. Upplýst sé í málinu, að fasteignasalinn, sem komið hafi fram sem umboðsmaður seljanda, hafi sagt við kaupin, að húsið væri steypt, þegar sérstaklega hafi verið spurt um byggingarefni hússins. Einnig sé upplýst, að húsið hafi verið verðlagt sem steinsteypt af seljanda. Verðtilboð stefnanda hafi miðast við þetta, og hann hafi keypt húsið á því verði, sem upp hafi verið sett af seljanda. Í ljós hafi komið, að húsið hafi ekki haft þá eiginleika, sem staðhæft hafi verið af umboðsmanni seljanda. Seljandi hafi ekki gefið réttar upplýsingar um byggingarefnið, og upplýsingar hafi skort af hans hálfu.

Stefnandi bendir á, að hinir dómkvöddu matsmenn, sem báðir séu reyndir fasteignasalar, svo og aðrir fasteignasalar, sem komið hafi sem vitni í málinu, hafi borið, að hlaðin hús séu verðminni á fasteignamarkaðnum hér en steinsteypt og munurinn sé 5%-7%. Þeir hafi og lýst því, að hlaðin hús hafi takmarkaðri kaupendahóp. Þetta sé staðreynd um markaðinn sjálfan, og skýringarnar megi finna í því, að hlaðin hús séu ódýrari í byggingu og þeim sé hætt við leka. Þess vegna fari stefnandi fram á afslátt af kaupverði með vísan til 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922 með lögjöfnun.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi engar upplýsingar gefið um byggingarefni hússins. Hann hafi leitað til vandaðs fasteignasala til þess að selja húsið. Fasteignasalinn hafi ekki komið fram sem

sérstakur umboðsmaður seljanda, og honum hafi borið að gefa réttar upplýsingar um húsið og byggingarefni þess. Hafi þar orðið á mistök, séu þau fasteignasalans, en ekki stefnda.

Upplýst sé, að skoðun stefnanda og aðstoðarmanns hans með fasteignasalanum hafi verið ófullnægjandi og þeir ekki aflað sér upplýsinga og sérfróður maður ekki verið hafður með í ráðum. Í ljós sé leitt, að engin bilun hafi komið fram í húsinu og ekki sé vitað um efni steins þess, sem notaður hafi verið í veggina. Húsið sé því ekki gallað og sé sennilega betra en steinsteypt hús í nágrenninu, sem séu mörg hver gölluð vegna alkalí-skemmda í steypu.

Stefndi segir ekki sannað í málinu, að verð hússins hafi verið of hátt. Verðið hafi eins getað verið fyrir hlaðið hús, enda hafi það miðast við húsið eins og það var, en ekki eitthvað annað. Upplýst sé, að frávik í fasteignasölu séu 5%-10% frá matsverði fasteignasala, og þess vegna sé kröfu stefnanda einnig mótmælt tölulega.

III.

Húseignin Safamýri 75 er reist á árunum 1961-1962. Húsið er parhús, á tveimur hæðum, og snýst mál þetta um vestari hlutann. Járnbent steinsteypa er í undirstöðum og gólfum 1. hæðar og bílskúrsgólfi, en veggir hlaðnir úr gjallarholsteini.

Upplýst er í málinu, að stefndi hafi vitað, að húsið var hlaðið, og að hann hafi ekki skýrt frá því við söluna. Upplýst er, að húsið hafi engin merki borið þess, að veggir væru hlaðnir, og að það hafi litið vel út við skoðun. Einnig er upplýst, að fasteignasali sá, sem annaðist söluna fyrir stefnda og kom því fram sem umboðsmaður hans, hafi fullyrt aðspurður, að húsið væri steinhús.

Telja verður nægilega leitt í ljós af stefnanda hálfu, að verð hússins, bæði af hálfu seljanda og kaupanda, hafi verið við það miðað, að húsið væri steinsteypt.

Fasteignasalar, sem dómkvaddir hafa verið sem matsmenn, hafa í mati sínu borið, að allstór hluti fasteignakaupenda vilji ekki kaupa hús, sem eru hlaðin. Húsin séu þá að mati kaupendanna m. a. talin lekagjarnari og lakar byggð en steypt hús. Álit þeirra sé því, að hlaðin hús seljist yfirleitt á 5-7% lægra verði en steinsteypt hús. Fasteign þessi hefði því átt að vera 5% lægri í verði, vegna þess að húsið er hlaðið, en ekki steinsteypt.

Stefndi hefur ekki hnekkt þessu mati, og verður það því lagt til grundvallar, enda byggt á þeirri eðlilegu reynslu, að almennur verðmunur sá á fasteignum eftir byggingarefni þeirra og kostnaði við byggingu.

Hin selda eign hafði því ekki þá eiginleika, sem við kaupin var af hálfu stefnda talað um, að hún hefði. Með lögjöfnun frá 42. gr. kaupalaga nr.

39/1922 á stefnandi því rétt á afslætti, sem nemi þeirri hlutfallslegu verðrýrnun, sem gallinn nemur og matsmenn hafa metið 5%. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina.

Verður stefnda og gert að greiða stefnanda 130.000 kr. í málskostnað, þar með talinn matskostnaður, með vöxtum eins og krafist er.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Antonsson, greiði stefnanda, Guðjóni Inga Árnasyni, 325.000 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga frá 1. júlí 1988 til greiðsludags og 130.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga, að liðnum tíu dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 29. apríl 1993.

Nr. 23/1991. **Þrotabú Fórnarlambsins hf.**
(Andri Árnason hdl.)
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Sölugjald. Fordæmi. Ríkisskattanefnd. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar af hálfu Hagvirkis hf. með áfrýjunarstefnu 11. janúar 1991. Hinn 24. ágúst 1992 var nafni Hagvirkis hf. breytt í Fórnarlambið hf. Hinn 17. september sama ár var bú Fórnarlambsins hf. tekið til gjaldþrotaskipta. Á skiptafundi í búinu 18. febrúar 1993 var samþykkt að heimila Hagvirki-Kletti hf. sem kröfuhafa í þrotabúinu að halda áfram rekstri máls þessa fyrir Hæstarétti á eigin ábyrgð og kostnað, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Kröfur áfrýjanda eru þær, að felld verði niður álagning sölugjalds á Hagvirki hf., sem ákveðin var með úrskurði ríkisskattanefndar 13. júlí 1989, og að stefnda verði gert að endurgreiða sér aðallega 108.032.302 krónur, en til vara 103.562.302 krónur og til þrautavara 92.595.669 krónur. Þá krefst áfrýjandi þess, verði engin framangreindra krafna tekin til greina, að fellt verði niður álag samkvæmt 1. og 2. tl. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt og að stefnda verði gert að endurgreiða sér 77.032.302 krónur.

Í öllum tilvikum er krafist dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. ágúst 1989 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til

vara krefst hann þess, að kröfufjárhæðir verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu áfrýjanda hafa verið lögð fyrir Hæstarétt nokkur ný gögn.

Í máli þessu er deilt um skyldu áfrýjanda til greiðslu sölugjalds af tiltekinni starfsemi Hagvirkis hf. árin 1983 og 1984, en ekki á árunum 1982 - 1985, eins og í héraðsdómi segir.

Í greinargerð áfrýjanda 13. apríl sl. og við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram sú málsástæða af hans hálfu, að úrskurður ríkisskattanefndar í málinu væri með þeim annmörkum, að lögboðinn rökstuðning vantaði fyrir niðurstöðum hans. Af hálfu stefnda var málsástæðu þessari mótmælt sem of seint fram kominni.

Nefndri málsástæðu var ekki hreyft í héraði, og brestur lagaskilyrði fyrir því samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að hún fái nú komist að í málinu. Á hinn bóginn kemur úrskurður ríkisskattanefndar til endurskoðunar fyrir Hæstarétti ex officio. Sá annmarki er á ýtarlegum úrskurði nefndarinnar, að í honum er að mjög takmörkuðu leyti tekin rökstudd afstaða til gjaldskyldu áfrýjanda og þeirrar höfuðmálsástæðu hans, að hann ætti að vera undanþeginn sölugjaldi af umræddri starfsemi á grundvelli 1. tl. l. mgr. 7. gr. laga nr. 10/1960. Aftur á móti er í úrskurðinum mjög ýtarleg reifun á málsástæðum og rökstuðningi málsaðila um þetta ágreiningsefni, og kveðinn hafði verið upp dómur Hæstaréttar, sem greinir frá hér á eftir. Er því ekki, þrátt fyrir þennan galla á úrskurðinum, sbr. 9. mgr. 100. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga nr. 10/1960, næg ástæða til að fella hann úr gildi.

Í dómi Hæstaréttar 4. júní 1987 í máli nr. 12/1986: Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Kjarnborun sf. og gagnsök er fjallað um skýringu á orðinu vinna í 1. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 10/1960, en í því máli var deilt um skyldu gagnáfrýjanda til að greiða sölugjald af starfsemi, sem fólst meðal annars í því að bora með kjarnaborvél fyrir gluggum og dyrum í húsum. Í forsendum dómsins segir um þetta ágreiningsefni:

„Orðið vinna, sem þar er notað, verður ekki skýrt svo, að það taki til verka, sem unnin eru með jafnstórvirku tæki og kjarnaborvél gagnáfrýjanda..."

Í því máli, sem hér er til meðferðar, var um að ræða verk, sem unnin voru með mjög stórvirkum vinnuvélum. Er að því leyti um sambærilegt álitaefni að ræða í báðum þessum dómsmálum og því óhjákvæmilegt, að niðurstaða um það í þessu máli verði hin sama og í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar.

Í málinu hefur því verið haldið fram af hálfu áfrýjanda, að samkvæmt 4. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver séu framkvæmdir við virkjanir undanþegnar sölugjaldi, þar á meðal vinna hans að slíkum framkvæmdum. Í tilvitnaðri lagagrein eru virkjunar- og rekstraraðilar samkvæmt 1. gr. laganna undanþegnir „tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóðs og sveitarfélaga að því er varðar framkvæmdir ...". Samkvæmt 3. gr. er hins vegar heimilt „að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af efni, vélum og tækjum til virkjana og orkuveitna skv. 1. gr." Þegar þessi ákvæði laganna eru borin saman, verður að telja einsýnt, að undanþáguákvæði 4. gr., þar sem ekki er getið sölugjalds, nái ekki til þess.

Er þá komið að þeirri kröfu áfrýjanda, að álag samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar á grundvelli 1. og 2. tl. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 verði fellt niður.

Í 6. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 er heimild til að fella niður álag á söluskatt, sem lögboðið er í 1. og 2. tl. 2. mgr. greinarinnar, „ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki, hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi". Eigi verður talið, að lagaskilyrði séu til þess, að álag það, sem skattyfirvöld ákváðu með lögmætum hætti á réttilega álagt sölugjald Hagvirkis hf., verði með dómi í máli þessu lækkað eða fellt niður.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara.

Ég er samþykk atkvæði meiri hluta dómenda um allt nema það, sem varðar þá kröfu áfrýjanda, að fellt verði niður álag samkvæmt 1. og 2. tl. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt.

Í greinargerð sinni til ríkisskattanefndar 22. september 1988 rökstuddi áfrýjandi kröfu sína um niðurfellingu álags meðal annars með því, að túlkun skattyfirvalda væri mjög umdeilanleg og réttaróvissa hefði ríkt í þessum efnum á þeim tíma, sem um ræðir í málinu. Í úrskurði ríkisskattanefndar var ekki tekin rökstudd afstaða til þessarar kröfu.

Þegar á árinu 1982 lét áfrýjandi í ljós við skattyfirvöld það álit sitt, að starfsemi sín væri undanþegin sölugjaldi á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 10/1960. Ríkisskattanefnd viðurkenndi þessi sjónarmið áfrýjanda með úrskurði sínum í máli Kjarnborunar hf. 30. desember 1983. Sá úrskurður var felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar 4. júní 1987, eins og lýst er í atkvæði meiri hluta dómenda. Þykir áfrýjandi hafa leitt rök að því, að réttaróvissa hafi ríkt í þessum efnum á framangreindum tíma. Með hliðsjón af þessu þykir mega fallast á að beita 6. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960. Ekki þykja þó efni til að fella álag niður að öllu leyti, en ég tel rétt að lækka álagið að álitum niður í 40.000.000 krónur. Samkvæmt því tel ég, að stefndi beri að endurgreiða 37.032.302 krónur af þeirri fjárhæð, er áfrýjandi greiddi hinn 15. ágúst 1989, með vöxtum frá þeim degi.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 12. f. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 4. janúar 1990.

Stefnandi er Hagvirki hf., Skútahrauni 2, Hafnarfirði.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að úrskurði ríkisskattanefndar, dags. 13. júlí 1989, verði hrundið og felld verði niður álagning áætlaðs viðbótarsölugjalds, sem lagt var á með þeim úrskurði ríkisskattanefndar frá 13. júlí 1989 vegna ársins 1983, 18.500.000 kr., auk álags, 3.699.996 kr., og vegna ársins 1984, 12.500.000 kr., auk álags, 2.499.996 kr., að viðbættum dráttarvöxtum, 70.832.320 kr.

Að stefnda verði gert að endurgreiða stefnanda 108.032.302 kr., með

dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. ágúst 1989 til greiðsludags.

Að stefndi greiði málskostnað að skaðlausu að viðbættum söluskatti eða virðisaukaskatti, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Áföllnum dráttarvöxtum, bæði af væntanlega tildæmdum kröfum og málskostnaði, verði bætt við þann höfuðstól, sem dráttarvextir reiknast af á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnanda. Til vara er krafist stórfelldrar lækkunar stefnukrafna og að málskostnaður verði felldur niður í því tilviki,- jafnframt, að ekki verði dæmdir vextir á tildæmdar fjárhæðir fyrr en frá uppsögu dóms. Verði ekki á það fallist, verði einungis dæmdir almennir innlánsvextir.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá varakröfu, að stefndi yrði dæmdur til þess að endurgreiða sér 70.832.310 kr., þ. e. dráttarvexti af viðbótarsölugjaldi og álagi auk dráttarvaxta og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Stefndi mótmælti varakröfunni sem of seint fram kominni.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að með úrskurði ríkisskattanefndar, dagsettum 13. júlí 1989, hafi sér verið gert að greiða áætlað viðbótarsölugjald fyrir árin 1983 og 1984 auk álags og dráttarvaxta, samtals 108.032.302 kr., eins og sundurliðað sé í dómkröfu. Hinn 15. ágúst 1989 hafi hann greitt þessa fjárhæð með fyrirvara til sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Aðdragandinn að þessum úrskurði ríkisskattanefndar hafi í sem fæstum orðum verið þessi:

Með bréfi skattstjórans í Suðurlandsumdæmi, dagsettu 1. nóvember 1985, lagði hann fyrir stefnanda að skila greinargerð um tilboðsverk, er stefnandi hafði lokið árin 1982, 1983, 1984 og til 31. júlí 1985. Jafnframt skyldi stefnandi reikna út sölugjald af verkunum í samræmi við lög nr. 10/1960. Svar skyldi berast fyrir 30. nóv. 1985.

Á þeim árum, sem tilgreind eru í nefndu bréfi skattstjóra, höfðu megintilboðsverk stefnanda verið virkjanaframkvæmdir fyrir Landsvirkjun við Sultartangastíflu, Vatnsfellsveitu og Kvíslarveitu. Enn fremur hafði stefnandi þá unnið að vegagerð fyrir Vegagerð ríkisins og sveitarfélög og stundað byggingastarfsemi.

Stefnandi fékk söluskattsskírteini í ágúst 1982. Skilaði hann reglulega söluskattsskýrslum vegna starfsemi sinnar. Hann taldi umrædd tilboðsverk við mannvirkjagerð á byggingarstað undanþegin sölugjaldi skv. ákvæðum

söluskattslaga nr. 10/1960, og innheimti hann því ekki söluskatt af þessum útboðsverkum. Stefnandi skýrði skattstjóra frá þessu sjónarmiði sínu. Var það stutt áliti löggiltra endurskoðenda og einnig úrskurðum ríkisskattanefndar og borgardóms Reykjavíkur, sem gengið höfðu um hliðstæð efni. Sökum ágreinings við skattstjóra um þessa túlkun laganna gjaldfærði stefnandi með fyrirvara áætlað sölugjald í ársreikningum sínum umrædd ár. Var það gert til ýtrustu varúðar, á meðan beðið væri endanlegrar niðurstöðu í málinu, en í því fólst engin viðurkenning af hálfu stefnanda á greiðsluskyldu nefnds sölugjalds.

Með bréfi, dagsettu 24. mars 1986, svaraði umboðsmaður stefnanda bréfi skattstjóra frá 1. nóvember 1985, og hafði hann þá fengið viðbótarfrest til að svara. Í svarbréfinu var gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum stefnanda, að umrædd tilboðsverk væru ekki söluskattsskyld, og þau ýtarlega rökstudd með tilvísun til lagaákvæða, lögskýringargagna og dæmum um lagaframkvæmd.

Skattstjóri hafnaði öllum rökum stefnanda, og með bréfi, dags. 9. mars 1987, tilkynnti hann stefnanda, að hann hefði ákvarðað að leggja á hann eftirtalið áætlað viðbótarsölugjald vegna umræddra tilboðsverka, árið 1982 3.425.040 kr., 1983 19.408.560 kr., 1984 13.700.160 kr. og 1985 8.167.440 kr. Þá úrskurðaði skattstjóri enn fremur álag á sölugjaldið. Álagningin var kærð til skattstjóra með bréfi, dags. 19. mars 1987, en henni hafnað af skattstjóra með úrskurði, dags. 24. mars 1987. Álagningin var síðan kærð til ríkisskattanefndar með bréfi, dags. 22. apríl 1987. Úrskurður ríkisskattanefndar féll 13. júlí 1989, eins og að framan getur. Með úrskurði ríkisskattanefndar var fellt niður álagt viðbótarsölugjald stefnanda vegna áranna 1982 og 1985, en viðbótarsölugjald vegna áranna 1983 og 1984 nokkuð lækkað. Töluleg niðurstaða úrskurðar ríkisskattanefndar var sú, að stefnandi skyldi greiða í viðbótarsölugjald vegna ársins 1983 18.500.000 kr. auk álags, 3.699.996 kr., og vegna ársins 1984 12.500.000 kr auk álags, 2.499.996 kr. Eru þessar fjárhæðir auk dráttarvaxta til greiðsludags samtals 108.032.302 kr., hin umstefnda krafa stefnanda.

Á meðan málið hafi verið til meðferðar hjá ríkisskattanefnd, hafi innheimtumaður ríkissjóðs í Rangárvallasýslu hafið innheimtuaðgerðir á viðbótarsölugjaldinu skv. álagningu skattstjóra Suðurlandsumdæmis frá 9. mars 1987 og úrskurði hans frá 24. sama mánaðar. Með bréfi, dags. 19. desember 1988, til bæjarfógetans í Hafnarfirði krafðist innheimtumaðurinn lögtaks hjá stefnanda. Málið hafi verið þingfest í fógetarétti Hafnarfjarðar 28. desember 1988. Þar hafi stefnandi mótmælt framgangi lögtaksgerðarinnar á þeirri forsendu, að lögtakskrafan væri ekki viðurkennd. Hafi orðið að samkomulagi á milli málsaðila, að meðferð lögtaksmálsins yrði frestað fyrir fógetarétti, þar til úrskurður ríkisskattanefndar lægi fyrir.

Þá hafi það gerst, að klukkan sjö að morgni föstudagsins 23. júní 1989 hafi fyrirtæki stefnanda að Skútahrauni 2 í Hafnarfirði fyrirvaralaust verið lokað af lögreglumönnum og innsiglað vegna ætlaðrar skuldar stefnanda á lögtakskröfunni, sem reist var á hinu umrædda og umdeilda viðbótarsölugjaldi. Krafan um lokun fyrirtækis stefnanda kom frá innheimtumanni ríkissjóðs í Rangárvallasýslu, sem fengið hafði skipun fjármálaráðherra um að grípa til þessara aðgerða til að knýja fram greiðslu á kröfunni. Stefnandi mótmælti þessum lögregluaðgerðum sem ólögmætum. Hinn 28. júní 1989 féll fjármálaráðherra frá fyrri ákvörðun sinni um lokun fyrirtækis stefnanda, og voru innsigli rofin samdægurs af lögreglu, og hófst starfsemi fyrirtækisins þá að nýju. Jafnframt því, að lögregluinnsigli voru rofin hjá fyrirtæki stefnanda, lét fjármálaráðherra falla frá hliðstæðum aðgerðum hjá tveimur öðrum fyrirtækjum, öðru í Vestmannaeyjum og hinu á Húsavík, og voru þau opnuð að nýju. Fjármálaráðherra skýrði þessa breytingu á fyrri afstöðu sinni með því, að þessi þrjú fyrirtæki ættu öll óafgreidd kærumál hjá ríkisskattanefnd vegna viðbótarsölugjalds, og skyldi nú beðið úrskurðar hennar, áður en gripið yrði til nýrra innheimtuaðgerða gagnvart þeim. Með þessari breyttu afstöðu, telur stefnandi, að stefndi hafi viðurkennt ólögmæti innheimtuaðgerða sinna, er hann lét fyrirvaralaust loka og innsigla fyrirtæki stefnanda vegna hinnar ætluðu söluskattsskuldar.

Eftir að úrskurður ríkisskattanefndar féll 13. júlí 1989, hafi fjármálaráðherra haldið áfram að hafa í hótunum um það við stefnanda, að fyrirtæki hans yrði lokað og öll starfsemi hans stöðvuð, nema hann greiddi tafarlaust það sölugjald, sem ríkisskattanefnd hafði úrskurðað, ásamt álagi og dráttarvöxtum.

Stefnandi hafi orðið fyrir miklu fjárhagstjóni og glatað viðskiptavild vegna umræddrar lokunar. Stöðugar hótanir um yfirvofandi lokun fyrirtækis stefnanda, yrði hin ætlaða krafa ekki greidd, hafi rýrt traust fyrirtækisins. Stefnandi taldi eðlilegt, að mál þetta yrði útkljáð fyrir dómstólum og þá helst þannig, að stefndi héldi áfram með lögtaksmálið, sem hann hafði áður byrjað fyrir fógetarétti. Á þetta vildi stefndi alls ekki fallast, heldur hélt áfram að beita hótunum sínum um lokun fyrirtækis stefnanda, yrði hin ætlaða krafa ekki tafarlaust greidd. Það var því undir nauðung, sem stefndi greiddi stefnda kröfu hans um hið ætlaða viðbótarsölugjald. Jafnframt áskildi stefnandi sér að leita réttar síns fyrir dómstólum í málinu og krefja stefnda um bætur í sérstöku máli vegna lokunar fyrirtækisins.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi hefur ætíð lýst þeirri skoðun sinni við skattyfirvöld, að hann telji þá vinnu, sem hann hefur unnið við tilboðsverk á umræddum tíma, ekki sölugjaldsskylda. Hér sé um að ræða vinnu við ýmiss konar mann-

virkjagerð, svo sem virkjanaframkvæmdir, vegagerð, húsbyggingar og annað því um líkt, og vinnan hafi öll verið unnin á byggingarstað. Í samræmi við þetta álit sitt hafi hann ekki innheimt sölugjald af þessum tilboðsverkum.

— — —

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að starfsemi stefnanda á þessum árum hafi ótvírætt verið söluskattsskyld skv. 2. gr þágildandi laga nr. 10/1960 um söluskatt. Samkvæmt þeirri grein sé meginregla laganna sú, að af allri sölu á vöru og verðmæti, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu og úttekt til eigin nota skuli greiða söluskatt, nema lögin geri sérstakar takmarkanir þar á. Beri hverjum þeim, sem í atvinnuskyni hefur með höndum söluskattsskylda starfsemi, að innheimta söluskatt.

— — —

III.

Í máli þessu er deilt um skyldu stefnanda til að greiða sölugjald af starfsemi sinni á árunum 1982-1985 við ýmiss konar mannvirkjagerð, svo sem virkjanaframkvæmdir, vegagerð og húsbyggingar, sem öll var unnin á byggingarstað.

Í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, sem hér eiga við, segir í 2. gr., 1. mgr., sbr. 1. gr. laga nr. 23/1980:

„Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu ...skal greiða söluskatt...“

Í upphafi 7. gr. sömu laga segir:

„Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti:

1. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur einvörðungu til þeirrar vinnu, sem unnin er á byggingarstað, en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð...“

Ágreiningur málsaðila er aðallega um það, hvort framangreind starfsemi stefnanda sé undan skatti þegin eftir síðastgreinda ákvæðinu. Í ákvæði þessu eru tilgreindar undanþágur frá hinni almennu reglu 2. gr. laganna um söluskattsskyldu, og lýtur ákvæðið því þröngri lögskýringu. Með vísan til þess svo og til dóms Hæstaréttar 4. júní 1987 í málinu nr. 12/1986 verður orðið vinna, sem notað er í undanþáguákvæðinu, ekki skýrt svo, að það taki til verka, sem unnin eru með svo stórvirkum vélum sem stefnandi notaði við framangreinda starfsemi. Verður krafa stefnanda ekki tekin til greina af þessum sökum.

Stefnandi reisir einnig kröfu sína á því, að í 2. mgr. 2. gr. söluskattslaga

séu þau skilyrði sett fyrir söluskattinum, að verðmæti séu seld eða látin í té í atvinnuskyni, en það hafi hann ekki gert í tilboðsverkum sínum. Á þetta verður ekki fallist. Starfsemi stefnanda er ótvírætt í atvinnuskyni í merkingu 2. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960.

Þá byggir stefnandi á því, að ekki sé unnt að líta á verkkaupann Landsvirkjun, sem bæði framleiðir og selur rafmagn, sem neytanda í skilningi 3. gr. söluskattslaganna. Það myndi leiða til tvísköttunar. Á þessa málsástæðu stefnanda verður ekki fallist. Það er stefnandi, Hagvirki, seljandi þjónustunnar, sem er hinn söluskattsskyldi aðili og greiðandi söluskattsins. Landsvirkjun er ekki sérstaklega undanþegin söluskatti í aðföngum sínum.

Þá bendir stefnandi á, að framleiðslufyrirtæki reikni ekki söluskatt af notkun framleiðslutækja sinna við framleiðslu á eigin vöru, sem seld er með söluskatti. Ekki verður talið, að þarna sé um hliðstæður að ræða við starfsemi stefnanda, enda notar stefnandi vélar sínar og vinnu í þágu þess aðila, sem hann selur þjónustuna. Fallast ber því á með stefnda, að sú vinna og þjónusta sé í eðli sínu þau verðmæti, sem verið sé að selja og skattleggja.

Þá reisir stefnandi kröfu sína á undanþáguákvæðum laga um raforkuver nr. 60/1981 og telur, að á grundvelli þessara laga sé hann undanþeginn söluskatti. Í 4. gr. laganna er tilgreint, hver njóti skattfrelsisins, þ. e. virkjunar- og rekstraraðilar, og falla ekki aðrir aðilar undir ákvæðið en þar eru tilgreindir. Þegar af þessari ástæðu verður krafa stefnanda ekki reist á þessum rökum.

Eigi verður séð, að framkvæmd söluskattslaga í einstökum tilvikum leysi stefnanda undan skattskyldunni, sbr. dóm Hæstaréttar 2. mars 1989 í málinu nr. 234/1987.

Stefnandi reisir enn fremur kröfu sína á því, að stefndi hafi knúið sig til að greiða með ólögmætri valdbeitingu og þvingunaraðgerðum. Krafa stefnanda er um endurgreiðslu á skatti, en ekki skaðabótakrafa. Fallast ber á með stefnda, að skattálagning, sem er lögleg og gjaldanda er lögskylt að greiða, geti ekki orðið endurgreiðsluskyld vegna sjónarmiða um ólögmæta innheimtuaðferð, enda er greiðsla á skatti ekki bótaskylt tjón.

Varakröfu sína styður stefnandi með því að vísa til þeirrar málsmeðferðar, er Suðurverk sf. hafi fengið hjá stefnda. Þar hafi hliðstætt fyrirtæki getað samið við stefnda um að fella niður dráttarvexti og greiða söluskattsskuld sína með skuldabréfi til fimm ára. Gangi dómur í þessu máli á annan veg, sé jafnræðisregla brotin og aðilum mismunað.

Stefnandi hefur fjallað um málsástæður varakröfu sinnar í gögnum málsins, og er hún því ekki of seint fram komin.

Eins og að framan er rakið, bar stefnanda að greiða söluskatt af framangreindri starfsemi sinni. Ekki verður annað séð en álagning og viðurlög þau, er honum var gert að greiða, séu í samræmi við reglur laga nr.

10/1960. Enda þótt stefndi eða innheimtumenn ríkissjóðs hafi í einhverjum tilvikum veitt söluskattsskyldum aðilum eftirgjöf á dráttarvöxtum, getur það eitt og sér ekki veitt stefnanda rétt til lækkunar eða niðurfellingar viðurlaga í þessu máli. Verður varakrafa hans því ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessu verður sú niðurstaða málsins, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað.

Mál þetta dæma borgardómararnir Garðar Gíslason, Allan V. Magnússon og Eggert Óskarsson.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hagvirkis hf., í máli þessu.

Hvor aðila beri sinn málskostnað.

Fimmtudaginn 29. apríl 1993.

Nr. 254/1990. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Gylfa Gunnarssyni persónulega og vegna Fiskverkunar Mána
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1990. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fram er komið, að sölumenn á vegum áfrýjanda fóru á fund stefnda í því skyni að bjóða honum atvinnurekstrartryggingu, sem var ný vátrygging á þeim tíma og átti að fela í sér víðtækari vátryggingarvernd en félagið hafði áður boðið á því sviði. Hvílir því ríkasönnunarskylda á áfrýjanda um þau atriði í vátryggingarsamningi aðila, sem ágreiningur er um og hann vill túlka sér í vil.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir verðmætum, sem stefndi telur hafa skemmst í þeim bruna, sem varð hjá honum 4. desember 1987, en koma ekki fram í skoðunarskýrslu tjónsskoðunarmanns áfrýjanda. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að verðmat véla í framangreindri skoðunarskýrslu taki til ýmissa þessara verðmæta, svo sem aðstöðu fyrir fiskverkunarvélar og raflagna og vatnslagna að þeim. Þessi staðhæfing áfrýjanda er ósönnuð og verður eigi lögð til grundvallar. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms að öðru leyti verður sú niðurstaða því staðfest, að stefndi skuli fá 12.089.436 krónur í bætur vegna lausafjár, en um

þá fjárhæð er ekki tölulegur ágreiningur, og eru 5.024.014 krónur af þeim ógreiddar.

II.

Við útreikning rekstrarstöðvunartjóns stefnda er ágreiningur milli aðila um verðbætur á veltufjárhæðir. Á það verður að fallast með áfrýjanda, að með verðtryggingarákvæðum vátryggingarskilmála, sbr. lið nr. 130.10, séu vátryggingarfjárhæðir sem slíkar verðtryggðar, en ekki áætlað rekstrartap. Það reiknast með ákveðnum hætti samkvæmt vátryggingarskilmálum, sbr. lið nr. 620, og er við þá útreikninga tekið mið af veltu síðustu tólf mánaða fyrir tjónsatburð. Aðilar eru sammála um, að sú velta nemi 4.865.000 krónum á mánuði, og verður hún lögð til grundvallar án verðtryggingar. Við útreikning bóta kemur síðan raunveruleg velta á rekstrarstöðvunartímabili til frádráttar.

Þá eru aðilar ekki á eitt sáttir um áhrif birgðabreytinga í útreikningi veltu. Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, taldi bætur vegna ónýtra birgða ekki koma til álita við útreikning tjóns vegna rekstrarstöðvunar og vísaði til eftirfarandi skilgreiningar á veltuhugtakinu í vátryggingarskilmálum: „Með veltu er átt við sölu skv. reikningum að undanteknum söluskatti, en afsláttur eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum kemur ekki til frádráttar.“ Áfrýjanda hefur ekki tekist að hnekkja þessari niðurstöðu dómsins né öðrum reikniaðferðum hans um þennan þátt, og verður við þær að miða. Útreikningur rekstrarstöðvunartjóns stefnda verður þá eftirfarandi:

Áætluð velta	48.650.000	
— sala skv. reikningi	10.751.000	
vöntun á veltu	37.899.000	
17,9% af því	6.783.921	hámarksbætur
— sparnaður	3.020.000	
	3.763.921	bætur
— innborgun 12/12 1988	2.802.000	
	961.921	ógreiddar bætur

III.

Samkvæmt framansögðu nema ógreiddar bætur til stefnda 5.985.935 krónum, þ.e. 5.024.014 krónum vegna lausafjár og

961.921 krónu vegna rekstrarstöðvunar. Með vísan til kröfugerðar aðila í héraði og hér fyrir dómi þykir rétt, að hin dæmda fjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þingfestingardegi 29. júní 1989 til greiðsludags að frádreginni vaxtainnborgun samkvæmt dómsorði héraðsdóms, 570.474 krónum, sem ekki er ágreiningur um.

Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnda, Gylfa Gunnarssyni persónulega og vegna Fiskverkunar Mána, Neskaupstað, 5.985.935 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. júní 1989 til greiðsludags að frádreginni vaxtainnborgun, 570.474 krónum. Vexti má í fyrsta skipti leggja við höfuðstól 29. júní 1990.

Áfrýjandi skal greiða stefnda 900.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Ég tel, að við ákvörðun bóta fyrir tjón vegna rekstrarstöðvunar beri að taka tillit til breytinga á verðlagi vöru og þjónustu, svo sem gert er í héraðsdómi. Að öðru leyti er ég sammála meiri hluta dómara um ákvörðun þeirra bóta og tel þær eiga að nema 2.120.051 krónu. Ég er samþykkur ákvörðun meiri hluta dómara um bætur fyrir brunatjón svo og vexti og málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Gylfa Gunnarssyni, kt. 270740-2789, Strandgötu 62, Neskaupstað, vegna einkafyrirtækis hans, Fiskverkunar Mána, Neskaupstað, með stefnu, þingfestri 29. júní 1989, á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 13.411.021 kr. í bætur úr brunatryggingu vegna lausafjár til viðbótar þeim 4.104.811 kr., sem

stefndi hefur þegar greitt stefnanda í bætur vegna lausafjár og búnaðar. Gerð er krafa um dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga af 11.837.773 krónum frá þingfestingardegi til greiðsludags. [...].

2. Til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda bætur úr brunatryggingu, að fjárhæð 10.445.798 kr., til viðbótar þeim 4.104.811 kr., sem þegar hafa verið greiddar fyrir tjón á lausafé og búnaði. Gerð er krafa um dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga af 9.220.271 kr. frá þingfestingardegi til greiðsludags. [...].

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda bætur úr rekstrarstöðvunartryggingu, að fjárhæð 4.450.641 kr., til viðbótar þeim 2.802.000 kr., sem stefndi hefur þegar greitt stefnanda í bætur vegna rekstrarstöðvunar. Gerð er krafa um dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga af 3.846.819 kr. frá þingfestingardegi til greiðsludags. [...].

4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 539.320 kr. í bætur vegna kostnaðar við kaup á sérfræðilegri aðstoð auk dráttarvaxta frá 21. mars 1989 til þingfestingardags, að fjárhæð 51.235 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga frá þingfestingardegi til greiðsludags af 539.320 kr. [...].

5. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættu söluskattsálagi og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987, sbr. 175. gr. l. nr. 85/1936, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Frá dómkröfum stefnanda dragist innborgun, að fjárhæð 3.539.474 kr.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar og stefnda aðeins gert að greiða vexti, er séu 1% lægri en víxilvextir Landsbankans, af tildæmdum fjárhæðum frá 8. apríl 1988 af 1. og 2. lið stefnukrafna, en frá 22. desember 1988 skv. 3. lið stefnukrafna og frá 7. mars 1989 skv. 4. lið stefnukrafna.

Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri tildæmdur málskostnaður vexti skv. III. kafla laga um vexti nr. 25/1987, sbr. 175. gr. l. nr. 85/1936, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveður málið vera höfðað til heimtu bóta vegna tjóns, er stefnandi varð fyrir af völdum bruna í fiskverkunarhúsi sínu á Neskaupstað 4. desember 1987. Orsök brunans var bilun í rafbúnaði. Stefnandi hafði keypt vátryggingar hjá stefnda rúmu ári áður. Vátryggingarskírteini hafi verið

gefin út af stefnda 23. desember 1986 fyrir vátryggingartímabilið 30. nóvember 1986 — 31. desember 1987. Brunatrygging og rekstrarstöðvunartrygging hafi verið á meðal þeirra trygginga, er stefnandi keypti, og hafi vátryggingarupphæð hvorrar tryggingar verið ákvörðuð 12.750.000 kr. Meðal annarra trygginga, er stefnandi keypti af stefnda, hafi verið brunatrygging birgða, og hafi vátryggingarskírteini um þá tryggingu verið gefið út 18. febrúar 1987. Vátryggingarupphæð hafi í því verið ákvörðuð 10.000.000 kr. Stefnandi hafi greitt stefnda 375.172 kr. fyrir tryggingar árið 1987, og sé óumdeilt, að vátryggingarnar voru í gildi, er tjónsatburður varð.

Áður en gengið var frá kaupum á þessum vátryggingum, hafi tveir fulltrúar komið til stefnanda og metið hið tryggða. Hafi vátryggingarfjárhæð verið ákvörðuð af þessum fulltrúum í samráði við stefnanda.

Stefnda hafi þegar verið tilkynnt um brunatjónið. Fulltrúar stefnda hafi farið til Neskaupstaðar 7. og 8. desember og metið tjónið. Hafi þeir notið við það aðstoðar Jóhannesar Pálssonar, verkfræðings hjá Hönnun, sem hafi látið þeim í té gögn, sem hann hafði unnið skömmu fyrir brunann vegna fyrirhugaðrar lántöku stefnanda. Niðurstaða þeirra hafi verið, að alls hefðu verið á staðnum verðmæti að fjárhæð 15.629.543 kr. í vélum og búnaði miðað við tjónsdag. Skemmdir hafi numið sem svaraði 80,75%. Forsvarsmenn stefnda hafi haldið því fram, að lausafé hefði verið undirtryggt, og væri því beitt niðurskurði á tjónsbætur. Hinn 27. janúar 1988 hafi verið greiddar bætur, að fjárhæð 4.104.811 kr., vegna véla og búnaðar og 7.392.000 kr. vegna birgða. Bótum þessum hafi verið veitt viðtaka með fyrirvara, þar sem ekki hafði verið gefinn kostur á því, að lögmaður fengi að skoða tölulegar forsendur bótaútreiknings. Með bréfi, dagsettu 25. mars 1988, hafi reikningsaðferðum stefnda við niðurfærslur bóta verið formlega mótmælt, og hafi stefndi verið krafinn um greiðslu á bótum, að fjárhæð 7.984.625 kr. umfram það, sem þegar hafði verið greitt vegna lausafjár. Þeirri kröfu hafi stefndi hafnað í bréfi, dags. 13. apríl 1988.

Stefnandi hafi leitað til verkfræðiskrifstofunnar Hönnunar hf. og beðið um mat á þeim lausafjármunum og umbúðum, sem í húsinu hefðu verið við brunann. Niðurstaða þess mats hafi verið, að í húsinu hefðu verið vélar og búnaður fyrir 13.768.393 kr. Jafnframt hafi komið fram, að talsvert vanti upp á, að tjónsskoðunarmenn stefnda hafi tínt til og metið allt það lausafé, sem var á staðnum og eyðilagðist.

Leitað hafi verið eftir greiðslu upp í væntanlegar bætur vegna rekstrarstöðvunar. Þeirri málaleitan hafi stefndi hafnað, og hafi stefnanda verið tjáð, að ekkert yrði greitt úr þeirri tryggingu, fyrr en rekstur færi í gang að nýju.

Eftir að rekstur hófst, hafi stefnda verið sent kröfubréf, dags. 27. október 1988, þar sem gerð hafi verið krafa um greiðslu bóta, að fjárhæð

11.792.752 kr., úr rekstrarstöðvunartryggingu. Niðurstaða viðræðna við stefnda, er fylgdu í kjölfarið, hafi verið, að stefndi greiddi 12. desember 2.802.000 kr., sem stefndi hafi talið sig ótvírætt eiga að greiða, og hafi hann tilkynnt stefnanda um það í bréfi, dags. 8. desember 1988.

Að fenginni umsögn endurskoðanda um útreikningsaðferðir hafi krafa stefnanda um bætur úr rekstrarstöðvunartryggingu verið lækkuð í 3.847.000 kr. til viðbótar þeim 2.802.000 kr., sem greiddar höfðu verið. Stefndi hafi hafnað öllum frekari bótakröfum.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu aðallega á því, að í gildi hafi verið vátryggingarsamningur milli aðila, þar sem stefndi hafi skuldbundið sig til að greiða bætur fyrir tjón, er stefnandi yrði fyrir, t. d. við bruna. Þessar samningsskyldur hafi stefndi ekki efnt og borið fyrir sig rök, sem stefnandi telji ekki standast.

Ágreiningsefnið sé umfram allt það, hvort um undirtryggingu hafi verið að ræða. Enn fremur sé ágreiningur um reikningsaðferðir, m. a. þær, sem beita eigi við útreikning rekstrarafkomu til grundvallar bótum úr rekstrarstöðvunartryggingu.

Málsástæður stefnanda eru þessar helstar:

1. Að vátryggingarfjárhæð vegna lausafjár sé í fullu samræmi við verðmæti, sem voru á staðnum.

2. Að trygging lausafjár taki til allra þeirra muna, sem gerð sé krafa um bætur fyrir. Engin greining sé til á verðmæti einstakra lausafjármuna í vátryggingarskírteini. Vátryggingin nái þannig í heild til þeirra lausafjármuna allra, sem greindir séu í vátryggingarskilmálum.

3. Að stefnandi hafi greitt á tímabilinu iðgjald af vátryggingu, sem var í fullu samræmi við verðmæti lausafjármuna og birgða á staðnum.

4. Að fulltrúar stefnda hafi, áður en tryggingin var keypt, komið á staðinn og metið hið tryggða. Því geti stefndi ekki borið fyrir sig undirtryggingu. Sundurliðun þessara fulltrúa á verðmæti einstakra muna sé stefnanda óviðkomandi.

5. Að ekki sé eðlilegt að reikna greiddar bætur vegna ónýtra birgða sem veltu við framlegðarútreikning, m. a. þar sem búið sé að reikna birgðirnar inn í framlegð ársins á undan.

6. Að kostnaður vegna sérfræðiaðstoðar við mat á tjóninu og útreikninga sé til kominn vegna ólögmætrar synjunar stefnda á að greiða stefnanda bætur í samræmi við ákvæði vátryggingarsamningsins.

Lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á ákvæðum vátryggingarskilmála stefnda, einkum kafla 510.10 og 510.11, er lúti að lausafé, og kafla 620, um útreikn-

ing bóta úr rekstrarstöðvunartryggingu. Þá styðjist stefnandi við ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, einkum 9. gr., 24. gr. og 37. gr., og við ákvæði vaxtalaga nr. 25/1987, enn fremur við almennu skaðabótaregluna, að því er varðar kröfu um greiðslu kostnaðar vegna sérfræðiaðstoðar. Málskostnaðarkrafan styðst við 177. gr. og 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988.

Kröfugerð stefnanda.

Kröfu skv. tl. 1 í kröfugerð reisir stefnandi á því, að vátryggingarfjárhæðin hafi, uppfærð á tjónsdegi, numið 15.567.680 kr. Á tímabilinu, frá því að tryggingin var tekin og þar til tjónsatburður varð, hafi stefnandi keypt ný tæki fyrir 619.719 kr. Með vísan til ákvæða í tryggingarskilmálum og 40. gr. vsl. sé fallist á, að um sé að ræða undirtryggingu, er nemi 3,83%. Jafnframt sé notast við það hlutfall, er lesa megi úr útreikningum tjónsskoðunarmanna stefnda, þ. e., að skemmdir hafi numið 80,75% af heildarverðmæti. Bætur á tjónsdegi hefðu þannig átt að nema 12.089.436 kr. (þ.e. 80,75% af 15.567.680 kr. og 96.17% af því).

Miðað sé við, að bætur hefði átt að greiða í síðasta lagi 27. janúar 1988. Gerð sé krafa um vexti, er svari til vegins meðaltals af almennum útlánsvöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga frá tjónsdegi til 27. janúar 1988 af allri tjónsfjárhæðinni. Þá dragist frá innborgun, að fjárhæð 4.104.811 kr., en eftirstöðvar beri áfram sömu vexti til 27. febrúar s. á. Þá taki við dráttarvextir skv. 10. gr., sbr. 15. gr. vaxtalaga til greiðsludags. Vextir séu lagðir við höfuðstól árlega, í fyrsta skipti 27. janúar 1989.

Höfuðstóll	kr. 12.089.436	
36,1% ársvextir af 12.089.436 kr. frá 4. des. 1987 til 27. jan. 1988	— 654.642	
Innborgun		kr. 4.104.811
36,3% ársvextir af 7.984.625 kr. frá 27. jan. 1988 til 27. febr. 1988	— 241.534	
40,4% dráttarvextir p. a. frá 27. febr. 1988 til 27. jan. 1989	— 2.956.972	
31,9% dráttarvextir p. a. af 11.837.773 kr. frá 27. jan. 1989 til 29. júní 1989	— 1.573.437	
	kr. 17.516.021	kr. 4.104.811
Mismunur — stefnukrafa		— 13.411.210
	Kr. 17.516.021	kr. 17.516.021

Krafa skv. tl. 2 í kröfugerð sé varakrafa um greiðslu út úr brunatryggingu lausafjár. Hún sé reist á mati Jóhannesar Pálssonar verkfræðings um, að

heildarverðmæti lausafjármuna á staðnum hafi verið 13.768.393 kr. Miðað sé við mat stefnda á því, hvaða munir skemmdust ekki eða einungis að hluta. Aðrir hlutir séu taldir hafa orðið eldsvoðanum að bráð. Miðað sé við, að undirtrygging hafi verið 3,83%.

Sundurliðun þessarar kröfu sé þannig:

Heildarverðmæti		kr. 13.768.393
Óskemmdir munir	kr. 2.750.000	
Munir skemmdir að hluta	— 804.450	
Munir skemmdir að hluta		— 486.000
	kr. 3.554.450	kr. 14.254.393
Mismunur	— 10.699.943	
	Kr. 14.254.393	kr. 14.254.393

Tjón samkvæmt framanrituðu nemi 10.699.943 kr., en að teknu tilliti til undirtryggingar, 3,83%, sé krafan 10.290.135 kr. samkvæmt þessum tölulið.

Heildarkrafa á tjónsdegi	kr. 10.290.135
Vextir, sbr. reikningsaðferð við kröfulið 1 hér að framan	— 4.260.474
Innborgun	— 4.104.811
Krafa samtals	kr. 10.445.798

Krafa samkvæmt tl. 3 í kröfugerð sé um greiðslu bóta úr rekstrarstöðvunartryggingu. Vátryggingarfjárhæðin hafi í upphafi verið 12.750.000 kr., en hafi numið á uppgjörsdegi 18.802.529 kr., uppreiknuð með lánskjaravísitölu. Gerð sé krafa um greiðslu u. þ. b. þriðjungs vátryggingarfjárhæðar, alls 6.648.819 kr., að frádreginni greiðslu 12. desember 1988, 2.802.000 kr., alls 3.846.819 kr. Stuðst sé við útreikningsaðferð stefnda með því fráviki, er leiði af athugasemd Sturlu Jónssonar endurskoðanda á dskj. nr. 22.

Sundurliðun útreiknings:

Ársniðurstaða í des. 1987 er		kr. 4.865
Lánskjaravísitala í des. 1987	1886	
Lánskjaravísitala í des. 1988	2274	

Ársniðurstaða í des. 1988 er	kr. 5.865	
Stöðvun í tíu mánuði x 5.865		kr. 58.650.000
Velta (mism. birgða og söluverðs)		— (3.582.800)
Vöntun á veltu		— 55.077.200
Hámarksbætur 55.077.200 x 17,9%		— 9.858.819
Sparnaður:		
Meðaltal pr. mán. 1987 uppfært	442	
Meðaltal pr. mán. 1988	121	
Sparnaður 442-121x10		— (3.210.000)
Eðlilegar tjónsbætur		— 6.649.000

Við framangreinda kröfu sé bætt vöxtum, er svari til vegins meðaltals af almennum útlánsvöxtum frá 12. desember 1988 til 12. janúar 1989 og dráttarvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags. Samtals séu þessir vextir að fjárhæð 603.822 kr. Krafa skv. þessum kröfulið nemi því 4.450.641 kr. Gerð sé krafa um, að vextir leggist við höfuðstól árlega, í fyrsta sinn 12. desember 1989.

Krafa samkv. 4. tl. í kröfugerð sé vegna kostnaðar stefnanda við sérfræðilega aðstoð. Vegna synjunar stefnda um að greiða tjónsbætur hafi stefnandi orðið að kaupa sérfræðiaðstoð rekstrarverkfræðings við að fara ofan í saumana á öllum útreikningum, auk þess sem sá sami aðili hafi framkvæmt mat á lausafé og búnaði í fiskvinnslunni eftir brunann. Kostnaður vegna þessara starfa hafi numið samtals 539.320 kr., og sé gerð krafa um þá fjárhæð ásamt dráttarvöxtum frá 21. mars 1989 til greiðsludags.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveður málavexti vera þá, að í byrjun apríl 1986 hafi starfsmenn stefnda boðið stefnanda svonefnda atvinnurekstrartryggingu vegna fyrirtækis hans. Hafi skilmálar og tryggingarvernd verið rædd og stefnanda gerð grein fyrir reglum, m. a., að stefnandi yrði sjálfur að verðmeta allar vélar og búnað á nýviði og afurðir á kostnaðarverði. Stefnandi hafi ekki þekkst þetta boð, en 13. desember hafi stefnandi komið á skrifstofur stefnda í Reykjavík og óskað eftir tryggingarsamningi á þeim grundvelli,

er honum hafði verið kynntur, og hafi hann sjálfur skrifað undir tryggingarbeiðni. Allar fjárhæðir hafi verið bornar undir stefnanda málsins, áður en hann undirritaði beiðni sína.

Hafi síðan verið gengið frá tryggingarskírteini, sbr. dskj. nr. 3.

Stefnanda hafi verið gerð nákvæm grein fyrir því, að ef breytingar yrðu á rekstri, yrði hann að tilkynna þær breytingar tafarlaust, en ella yrðu þær á hans ábyrgð, sem gæti orðið honum dýrkeypt.

Hinn 13. janúar hafi stefnandi vátryggt frystar sjávarafurðir sínar og saltfisk, og hafi verið gerður viðauki við atvinnurekstrartrygginguna samkvæmt því, sbr. dskj. nr. 4.

Hinn 4. desember 1987 hafi Fiskverkun Mána á Neskaupstað brunnið. Hafi orðið mikið tjón, og stöðvaðist reksturinn. Hafi tjónsskoðunarmaður stefnda farið til Neskaupstaðar og skoðað tjónið ásamt Sigurði Arnórssyni, endurskoðanda á Neskaupstað, svo og hafi verið við skoðunina matsmenn frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og Jóhannes Pálsson, verkfræðingur frá Hönnun hf. Sé tjónsskoðunarskýrslan á dskj. nr. 9, 10, 11 og 12.

Nývirðismat á búnaði og umbúðum hafi verið 720.000 kr., en vátryggingarfjárhæð hafi verið 3.000.000 kr. Hafi tjón á búnaði og umbúðum verið bætt með 720.000 kr., sbr. dskj. nr. 6, 10 og 12.

Nývirðismat á vélum hafi verið 14.845.543 kr., en vátryggt hafi verið fyrir 7.936.500 kr., og hafi því verið um 53,46% undirtryggingu að ræða, sbr. útreikning á dskj. nr. 11 og 12. Heildartjón hafi numið 6.353.022 kr., og hafi það tjón verið greitt að fullu, annars vegar með 3.384.811 kr., sbr. dskj. nr. 6, en hins vegar með 2.968.611 kr. auk vaxta skv. dskj. nr. 37.

Fram eftir árinu 1988 hafi verið unnið að útreikningum varðandi rekstrarstöðvunartryggingu, og 8. desember 1988 hafi stefndi ritað lögmanni stefnanda bréf, sbr. dskj. nr. 19, og honum gerð grein fyrir þeim bótum, sem stefndi teldi, að stefnandi ætti að fá. Hafi verið miðað við þær forsendur, að umsvif fyrirtækis stefnanda á árinu 1988 hefðu verið svipuð og á árinu 1987, að rekstrarstöðvun fyrirtækisins vegna brunans hefði verið tíu mánuðir og að árstíðabundnar sveiflur í rekstri væru ekki umtalsverðar og þess vegna hægt að nota meðaltal. Um þessar forsendur séu stefnandi og stefndi sammála.

Stefndi hafi talið, að gera ætti rekstrarstöðvunartjón stefnanda þannig upp, sbr. dskj. nr. 8, en þar segi:

„I. *Útreikningur framlegðar skv. ársreikningi fyrir árið 1987.*

		(þús. kr.)
Afurðasala		56.538
Efniskaup		(38.635)
Vinnulaun	15.610	

Millifært til eignar	(5.250)	
Til frádráttar 9/12		(7.770)
		10.133
	Framlegðarstig 10133/56538 =	17,9%

II. *Útreikningur veltu tólf mánuði fyrir tjón:*

Velta ellefu mánuði ársins 1987	56.538
Velta í einn mánuð 1986 22172/12	1.847
	58.385
Meðalvelta 58385/12 =	4.865

III. *Útreikningur hámarksbóta:*

Stöðvun tíu mánuði x 4.856	48.650
Velta 1988 skv. útskrift	(19.253)
Vöntun á veltu	29.397
Hámarksbætur 29.397 x 17,9% =	5.262

IV. *Útreikningur sparnaðar í öðrum framleiðslukostnaði:*

Samkvæmt ársreikningi 1987 án rafmagns og hita	4.032
Samkvæmt útskrift 1988 án rafmagns og hita	1.089
Meðaltal pr. mán. 1987 (11 mán.)	367
Meðaltal pr. mán. 1988 (9 mán.)	121
Sparnaður (367-121) x 10 mán. =	2.460

Rafmagn og hiti er ekki tekið inn í útreikning á sparnaði í öðrum framleiðslukostnaði, þar sem um óeðlilega hækkun er þar að ræða, úr 1.225.000 kr. fyrir 22 mánuði 1987 (sic) í 1.567.000 kr. fyrir 9 mánuði 1988, þótt engin fiskverkun sé til staðar.

V. *Niðurstaða.*

Að slepptri athugasemd um rafmagn og hita er niðurstaðan þessi:

	(þús. kr.)
Hámarksbætur	5.262
75% af spörun framleiðslu-kostnaðar, 2.460.000 kr.	(1.845)
Bætur	3.417
Eða	3.500

Þar sem útreikningur á sparnaði í framleiðslukostnaði, 2.460.000 kr., er byggður á beinum samanburði á ársreikningi 1987 og tölvuútskrift vegna 1988, bjóðum við upp á að draga einungis 75% af umræddri spörun frá hámarksbótum. Vegna þessa boðs okkar nema bæturnar 615.000 kr. umfram bætur samkvæmt túlkun gr. 3.417.000 (sic) í vátryggingarskilmálunum að viðbættri upphækkun úr 3.417.000 kr. í 3.500.000 kr., samtals 698.000 kr. Boð okkar um þessar umframbætur miðast við endanlegt uppgjör og stendur til loka þess árs.

Með bréfi þessu er gerð grein fyrir fjárhæð þeirra vátryggingarbóta, er Fiskverkun Mána á rétt til úr rekstrarstöðvunartryggingu sinni samkvæmt þeim gögnum, er fyrirtækið hefur látið í té. Það, að fyrirtækið ákvað að kaupa sér aðstoð við nauðsynlega gagnaöflun sína, er einkamál þess og veitir fyrirtækinu ekki rétt til greiðslu umfram vátryggingarbætur. Kröfu um sérstaka greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar er því hafnað."

Hinn 12. desember 1988 hafi lögmanni stefnanda verið greiddar 2.802.000 kr., sbr. dskj. nr. 20, og hafi verið tekið á móti greiðslunni með fyrirvara.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi greitt stefnanda þær tjónsbætur, er hann átti rétt á skv. vátryggingarsamningum hans og stefnda og í samræmi við vátryggingarsamningalög. Gert hafi verið upp skv. viðurkenndum vátryggingarvenjum og í samræmi við skilmála. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að stefndi hafi brotið gegn vátryggingarsamningunum, en í þeim séu einstakar vátryggingarfjárhæðir lausafjár sundurliðaðar og nánar skilgreind rekstrarstöðvunartrygging, sbr. það, sem áður sé sagt í málavaxtalýsingu.

Verði ekki fallist á sýknukröfu, sé því haldið fram, að stefnandi eigi aðeins rétt á hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en því haldið fram, að einungis eigi að greiða vexti, er séu 1% lægri en víxilvextir Landsbanka Íslands, sbr. 24. gr. vátryggingarsamningalaga.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og gefið skýrslu, enn fremur vitnin Gylfi Gunnarsson, Jóhannes Pálsson, Sveinn Giovanni Segatta og Stefán Gissurarson.

Tryggingarskírteini það, sem liggur til grundvallar dómkröfum stefnanda, er á dskj. nr. 3. Í vátryggingarskírteininu er svohljóðandi texti: „Félagið vátryggir samkvæmt vátryggingarskírteini þessu og meðfylgjandi vátryggingarskilmálum eftirfarandi:“

Brunatrygging	Lausafé	12.750.000
Innbrotstrygging	Lausafé	12.750.000
Vatnstjónstrygging	Lausafé	12.750.000
Rekstrarstöðvunar-trygging	Bruni, innbrot vatn	12.750.000
Ábyrgðartrygging	Ábyrgð atvinnu-rekanda	15.000.000
Slysatrygging launþega	Launþegar	Skv. kjara-samningi
Slysatrygging 1	Gylfi Gunnarsson	0 Þ/3.000 Þ/12.5 Þ
Slysatrygging 2	Ásdís Hannibals-dóttir	0 Þ/3.000 Þ/7.5 Þ
Kæli- og frystivöru-trygging	Vörur í kæli og frysti	2.500.000

Síld í tunnum er ekki hluti af atvinnurekstrartryggingu þessari af þeirri ástæðu, að hentugra er að tryggja síldina í hvert sinn á haustin. (Þegar er í gildi slík trygging til 1. maí 1987.)

.....“

Aðeins eitt iðgjald er greitt vegna þessarar tryggingar.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu, heldur er því haldið fram af hálfu stefnda, að tjónið hafi verið að fullu bætt.

Dómkrafa stefnanda er tvíþætt. Annars vegar er krafist bóta vegna tjóns á lausafjármunum, en hins vegar fyrir tjón vegna atvinnurekstrarstöðvunar. Verður fyrst fjallað um fyrri þátt, en hann greinist í aðalkröfu og varakröfu.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi sé bundinn af sundurliðun þeirri á verðmæti lausafjár, sem fram kemur á dskj. nr. 37 undir lið 3, tl. 1-19.

Það er óumdeilt í máli þessu, að sölumenn stefnda komu á fund stefnanda, nokkru áður en tryggingin var tekin, og kynntu honum tryggingar-

skilmála. Óupplýst er hins vegar, hvort framangreind sundurliðun á verðmæti lausafjárins var færð inn á umsóknareyðublaðið þá eða síðar við undirskrift stefnanda eða jafnvel eftir að stefnandi skrifaði undir umsóknina. Ekki tókst að upplýsa það atriði við yfirheyrslur fyrir dómi.

Eins og að framan greinir, er einungis vísað til meðfylgjandi vátryggingarskilmála í vátryggingarskírteini, en ekki til tryggingarbeiðni.

Ekki verður á það fallist, að sundurliðun lausafjár á tryggingarbeiðni skipti tryggingunni upp í margar sjálfstæðar tryggingar, sem sumar eru undirtryggðar, en aðrar yfirtryggðar. Frekar verður að líta á slíka upptalningu sem aðferð til þess að finna hæfilega heildartryggingarfjárhæð. Iðgjaldið er óskipt fyrir alla trygginguna, og þessi sundurliðun kemur ekki fram á tryggingarskírteini.

Í vátryggingarskilmálum, gr. 550.10, er skýrt tekið fram, að vátryggingarverðmæti húsmuna, véla og annars rekstrarbúnaðar miðist við nývirði. Þá kemur fram í áðurnefndri tryggingarbeiðni á dskj. nr. 37, að útreikningsgrundvöllur þar til greindra muna sé miðaður við nývirði. Getur stefnandi því ekki borið fyrir sig, að honum hafi ekki verið ljóst, að miða bæri við nývirði.

Aðalkröfu sína reisir stefnandi á því, eins og áður greinir, að verðmæti hins tryggða hafi á tjónsdegi numið vátryggingarfjárhæðinni, og beri honum ákveðið hlutfall af þeirri fjárhæð. Ekki gerir stefnandi grein fyrir því við útreikning aðalkröfu, hverjir hinir vátryggðu munir voru fyrir brunann og hvert raunverulegt verðmæti þeirra var eða hvaða munir eyðilögðust í brunanum, heldur styður hann tjónshlutfallið, 80,75% hins tryggða, við niðurstöðu stefnda, sem fundið er frá allt öðrum forsendum en stefnandi virðist öðrum þræði vilja láta leggja til grundvallar við tjónsmat sitt.

Varakröfu sína styður stefnandi við mat það, sem fram kemur á dskj. nr. 14, en af hálfu stefnda er bótaskylda reist á mati á dskj. nr. 10 og 11. Verður ekki hjá því komist að hafa þessi gögn til hliðsjónar, þegar aðalkrafa stefnanda er skoðuð.

Þegar borin eru saman dskj. nr. 14 annars vegar og dskj. nr. 10 og 11 hins vegar, kemur í ljós, að mun fleiri atriði eru talin upp á dskj. nr. 14, og er því haldið fram af hálfu stefnanda, að allt það, sem umfram er á dskj. nr. 14, hafi eyðilagst í eldinum að fullu. Þá eru vélar Baader 413, Baader 188 og Baader 47 reiknaðar til nývirðis á dskj. nr. 11, en til gangverðs á dskj. nr. 14. Á dskj. nr. 14 kemur fram, að Baader 413 og Baader 47 eru ekki framleiddar lengur. Á dskj. nr. 11 er stuðst við nývirði þeirra véla, sem leysa þær af hólmi. Hefur þeirri viðmiðun verið andmælt af hálfu stefnanda.

Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um kaupverð nýrra véla á þeim tíma, sem stefnandi keypti sínar, svo að framreikna megi verðið til tjóns-

dags, þykir mega leggja til grundvallar verð það, sem stefndi notar á dskj. nr. 11, enda hefur stefnandi ekki sýnt fram á aðra aðferð hentugri til að meta nýviði vélanna.

Á dskj. nr. 11 eru tilgreindar 3 stk. borðvogir, samtals 30.000 kr., sem skemmst hafi í brunanum. Borðvogir þessar er ekki að finna á dskj. nr. 14.

Þau verðmæti, sem talin eru hafa skemmst í brunanum og talin eru upp á dskj. nr. 14, en ekki koma fram á dskj. nr. 10 og 11, eru eftirfarandi:

Prentari f. pólsvogir	kr. 52.000
Aðstaða v. Baader-vélar og uppsetning	— 160.000
Raflögn að fiskverkunarvélum	— 267.000
Vatnslögn að fiskverkunarvélum	— 69.000
Lagnir að og uppsetning á vogum	— 205.000
Plastkör í eigu Mána, 9 og 1 hálfkar	— 109.500
Plastkör í eigu annarra, 7 stk.	— 80.500
Síldartunnur, 108 stk.	— 86.400
Uppsetning á síldarbandi	— 30.000
Raflögn að síldarbandi	— 35.000
Raflögn fyrir búnað úti	— 150.000
Statíf fyrir bindirúllu	— 5.000
Rúllur fyrir bindirúllu, 2 stk.	— 10.000
Stálvaskur, 1 stk.	— 10.000
Söltunargrindur, ryðfr. stál, 1 stk.	— 50.000
Söltunargrindur, tré, 2 stk.	— 50.000
Stólar, borð og búnaður í kaffistofu	— 199.000
Trébretti undir fisk, 21 stk.	— 31.500
Plastbakkar, 18 stk.	— 9.000
Borð og hillur við slípivélar	— 20.000
Gúmmímottur	— 20.000
Vatnsslöngur	— 60.000
Símtæki	— 5.000
Lampar í lofti, 48 stk.	— 144.000
Sorbate f. síld, 5 tunnur	— 98.750

Af hálfu stefnda er því ekki andmælt, að þessi verðmæti hafi verið á brunastað. Þá hefur því ekki verið andmælt, að þau hafi eyðilagst í brunanum. Þá hafa ekki verið færð að því rök, að atvinnurekstrartryggingin eigi ekki að taka til þeirra. Þykir því mega taka þau til greina, eins og þau eru sett fram í dskj. nr. 14, en framangreindar fjárhæðir hafa ekki sætt andmælum.

Þar sem fjárhæðum tjónsins að öðru leyti ber ekki saman á dskj. nr. 14 annars vegar og dskj. nr. 10 og 11 hins vegar, ber að leggja fjárhæðir

á dskj. nr. 10 og 11 til grundvallar, enda hafa ekki verið gerðar við það tjónsmat athugasemdir af hálfu stefnanda. Borðvogir, samtals 30.000 kr., verða þó ekki teknar með, þar sem ekki kemur fram í gögnum stefnanda, að þær hafi skemmst í brunanum, svo sem áður greinir.

Samkvæmt framansögðu nemur heildarverðmæti hins tryggða, sem á staðnum var fyrir brunann, 17.568.393 kr., sé stuðst við nývirðismat stefnda á Baader-vélunum þremur, sem ágreiningur stendur um, en að öðru leyti við þær fjárhæðir, sem fram koma á dskj. nr. 14. Heildartjón stefnanda nam samkvæmt því, sem að framan greinir, 14.499.943 kr., 82,53% af heildarverðmæti, að teknu tilliti til þeirra verðmæta, sem talin eru upp á dskj. nr. 10 og 11 og ekki eru talin hafa skemmst eða aðeins skemmst að hluta. Uppfærð vátryggingarfjárhæð á tjónsdegi nam 15.567.680 kr. Undirtrygging stefnanda er samkvæmt því 11,39%.

Í varakröfu sinni miðar stefnandi við gangverð Baader-vélanna þriggja, og breytist þá framangreint hlutfall þannig, að heildarverðmæti hins tryggða fyrir brunann nemur 13.768.393 kr., en heildartjón verður 10.699.943 kr., 77,71% af heildarverðmæti. Málatilbúnað stefnanda verður þó að skilja á þann veg, að við útreikning aðalkröfu sé miðað við nývirðismat vélanna, enda þótt málatilbúnaður hans sé ekki skýr að þessu leyti.

Stefnandi gerir einungis kröfu um, að sér verði dæmd 80,75% af vátryggingarfjárhæðinni að frádregnum 3,83%, sem hann telur, að eigi að koma til frádráttar vegna viðurkenndrar undirtryggingar. Með því að höfuðstóll kröfunnar á tjónsdegi er lægri en bótaskylt tjón hans er talið nema samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, þykir mega taka þá kröfu hans til greina.

Frá þeirri fjárhæð dragast innborganir, 4.104.811 kr., sem greiddar voru inn á höfuðstól 27. janúar 1988, og 2.960.611 kr., sem greiddar voru inn á höfuðstól eftir þingfestingu málsins. Við vaxtaútreikning er miðað við, að greiðsla hafi farið fram 1. júlí 1989, þar sem dagsetning greiðslunnar liggur ekki fyrir í málinu. Þá dragast frá vöxtum 570.474 kr., sem greiddar voru á sama tíma og framangreind innborgun á höfuðstól.

Ekki er fallist á vaxtafót þann, sem stefnandi miðar við í útreikningum sínum, og þykir mega fallast á vaxtafót stefnda, sem fram kemur í varakröfu hans. Krafa stefnanda um dráttarvexti skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 er tekin til greina frá 18. apríl 1988, sbr. 15. gr. s. l., en þá er liðinn mánuður frá dagsetningu dskj. nr. 14, sem lagt hefur verið til grundvallar bótakröfu stefnanda.

Verður þá vikið að kröfu stefnanda vegna rekstrarstöðvunartjóns.

Aðilar eru sammála um, að 17,9% af veltu séu framlegð til fasts kostnaðar. Ágreiningur er um það, hvað telst vera velta. Í tryggingarskilmálum, dskj. 33, lið 620.20, segir orðrétt:

„Með veltu er átt við sölu skv. reikningum að undanteknum söluskatti, en afsláttur eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum kemur ekki til frádráttar."

Aðilar eru sammála um, að áætluð velta að frádreginni áætlaðri notkun hráefna og vinnulauna, byggð á reynslu desember 1986 til nóvember 1987 (viðmiðunartímabil), sé 4.865 kr. á mánuði. Ágreiningur er um verðtryggingu á þá upphæð til tjónstímabils. Samkvæmt dskj. 33, lið 130, er vátryggingarsamningurinn verðtryggður miðað við vísitölu vöru og þjónustu. Því er eðlilegt að miða við hækkun þeirrar vísitölu frá meðaltali viðmiðunartímabilsins til tjónsdags. Sú hækkun er 13,3%, sem gefur mánaðarlegan mismun veltu og kostnaðar 5.512.000 kr. Væntanleg velta er því 55.120.000 kr.

Í ofangreindri skilgreiningu á veltu er ekkert tillit tekið til birgðabreytinga. Orðalag tryggingarskilmálanna er skýrt að þessu leyti. Verður stefnandi því að sæta því, að birgðabreytingar komi ekki til álita við mat á tjóni hans vegna rekstrarstöðvunar. Sala samkvæmt reikningi og tjónsbætur nema á rekstrarstöðvunartímabilinu 19.253.000 krónum. Tjónsbætur, sem ekki eru sala skv. reikningi, nema 7.392.000 krónum, sbr. dskj. nr. 5. Sala skv. reikningi nemur því 11.861.000 krónum, en 10.751.000 krónum á verðlagi tjónsdags.

Vöntun á veltu nemur því 44.369.000 krónum (55.120.000 - 10.751.000).

Hámarksbætur eru 17,9% af 44.369.000 kr., 7.942.000 krónur.

Sparnaður í öðrum framleiðsluþáttum er mismunur á kostnaði við aðra framleiðsluþætti skv. ársreikningi 1987 (jan.-nóv.), uppfært til tjónsdags, og kostnaði við sömu þætti des. 1987 — sept. 1988, uppfært til tjónsdags. Miðað er við meðaltal vísitölu vöru og þjónustu yfir hvort tímabil og sömu vísitölu á tjónsdegi. Niðurstaða er:

Kr. 367.000 x 225,69 / 200,93 = 412.000.

Kr. 121.000 x 225,69 / 249,00 = 110.000.

Sparnaður = 302.000 x 10 = 3.020.000 kr.

Bætur nema því 7.942.000 kr. ÷ 3.020.000 kr., þ. e. 4.922.000 krónum. Frá þessari fjárhæð dragast innborganir þær, sem stefnandi hefur þegar fengið, 2.802.000 kr., sem greiddar voru 12. desember 1988.

Ekki er um undirtryggingu að ræða, þar sem hæsta hugsanlegt tjón er 5.512.000 kr. x 12 x 17,9% = 11.840.000 krónur.

Stefnandi gerir sérstaka kröfu vegna kaupa á sérfræðilegri aðstoð, 539.320 kr. Krafa sem þessi fellur undir málskostnað. Hefur stefnandi lagt fram reikninga til stuðnings þessari kröfu, sbr. dskj. nr. 24-30. Eru reikningarnir frá Hönnun hf. fyrir verkfræðiþjónustu, dagsettir á tímabilinu janúar 1988 til nóvember 1988.

Fyrir liggur, að skömmu áður en tjónið varð, leitaði stefnandi til Jóhannesar Pálssonar, verkfræðings hjá Hönnun hf., um aðstoð við mat á eigum stefnanda vegna fyrirhugaðrar lántöku. Lá matið því fyrir, þegar tjónið varð. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi þurft á aðkeyptri sérfræðiþjónustu að halda eftir brunann eða í hverju slík þjónusta var fólgin. Framangreindir reikningar bera ekki með sér, í hverju sú vinna var fólgin, sem þar er krafið um greiðslu fyrir. Er kröfuliður þessi því órökstuddur og verður ekki tekinn til greina.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda samtals 7.144.014 kr. með 33% ársvöxtum af 17.011.436 kr. frá 4. desember 1987 til 12. desember s. á., með sömu vöxtum af 14.209.436 kr. frá þeim degi til 27. janúar 1988, með sömu vöxtum af 10.104.625 kr. frá þeim degi til 11. febrúar s. á., með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s. á., með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s. á., með 29% ársvöxtum frá þeim degi til 18. apríl s. á., en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. l. nr. 25/1987, frá þeim degi til 1. júlí 1989, en af 7.144.014 kr. frá þeim degi til greiðsludags að frádreginni vaxtainnborgun, 570.474 kr. Vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. desember 1988.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 825.000 kr., þar með talinn söluskattur, og ber málskostnaður dráttarvexti, eins og greinir í dómsorði.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn ásamt meðdómsmönnunum dr. Pétri Blöndal tryggingastærðfræðingi og Atla Haukssyni endurskoðanda, en uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Gylfa Gunnarssyni, Strandgötu 62, Neskaupstað, vegna Fiskverkunar Mána, Neskaupstað, 7.144.014 kr. með 33% ársvöxtum af 17.011.436 kr. frá 4. desember 1987 til 12. desember s. á., með sömu vöxtum af 14.209.436 kr. frá þeim degi til 27. janúar 1988, með sömu vöxtum af 10.104.625 kr. frá þeim degi til 11. febrúar s. á., með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar s. á., með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s. á., með 29% ársvöxtum frá þeim degi til 18. apríl s. á., en með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 15. gr. l. nr. 25/1987, frá þeim degi til 1. júlí 1989, en af 7.144.014 kr. frá þeim degi til greiðsludags að frádreginni vaxtainnborgun, 570.474 kr. Vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 4. desember 1988. Þá

greiði stefndi stefnanda 825.000 kr. í málskostnað, og ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. apríl 1993.

Nr. 160/1993. **Gunnar Smári Egilsson**
og Karl Th. Birgisson
gegn
Jóhanni Jónasi Ingólfssyni.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. apríl 1993, sem barst réttinum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl sl., þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um, að stefndi leggi fram málskostnaðartryggingu samkvæmt b- lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og héraðsdómara gert „að úrskurða um, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar", samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki skilað greinargerð.

Fallast ber á röksemdir héraðsdómara fyrir niðurstöðu sinni, og verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.
Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 6. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur, fulltrúa dómstjóra, kveðinn upp úrskurður þessi.

Á dómþingi 23. mars sl. þingfesti Jóhann Jónas Ingólfsson mál á hendur Gunnari Smára Egilssyni og Karli Th. Birgissyni og krafist þess, að ætluð ærumeiðandi ummæli í garð stefnanda, er birt hefðu verið í vikublaðinu Pressunni, yrðu dæmd dauð og ómerk. Í stefnunni eru til-

greind þau blöð, sem ætluð ummæli hafa birst í, og eru þau talin í fimm liðum.

Þá krefst stefnandi þess, að ómerkt verði sú heildarmynd, sem Pressan hafi gefið af stefnanda, er fram hafi komið á forsíðum, í fyrirsögnum, myndbirtingum og í greinum í fimm tölublöðum.

Þá er þess krafist, að stefndi Gunnar Smári verði dæmdur til refsingar fyrir ummæli og aðdróttanir, sem rakin eru í þremur liðum í stefnu.

Þess er krafist að auki, að Gunnar Smári verði dæmdur til refsingar fyrir brigsl í garð stefnanda án tilefnis, og eru þau tilgreind í tveimur liðum.

Stefnandi krefst þess, að Karl Thorberg verði dæmdur til refsingar fyrir æðumeiðandi ummæli, sem rakin eru í tveimur liðum.

Þá krefst stefnandi þess enn fremur, að Karl Thorberg verði dæmdur til refsingar fyrir að bregða stefnanda brigslum í Pressunni, og eru tilgreind tvö tilvik.

Stefnandi krefst þess, að stefndu, Gunnar og Karl, verði sæmdir in solidum til að greiða stefnanda miskabætur, að fjárhæð 3.000.000 kr., eða aðra fjárhæð að mati dómsins, en til vara er þess krafist, að hvor hinna stefndu verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur, að fjárhæð 1.500.000 kr. vegna þeirra ummæla, sem rakin eru í stefnu, og vegna meingerðar gagnvart stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 150.000 kr. eða aðra hæfilega fjárhæð að mati dómsins til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms í málinu í blöðum og öðrum fjölmiðlum.

Að lokum er þess krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað honum að skaðlausu og með hliðsjón af virðisaukaskatti á lögmannsþjónustu. Til vara er þess krafist, að málskostnaði verði skipt á stefndu.

Við þingfestingu málsins kröfðust stefndu þess, að stefnanda yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, og vísuðu til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr.91/1991, þ. e. a. s., ef leiða megi líkur að því, að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Stefndu lögðu fram gögn, sem sýndu, að gert hafði verið árangurslaust fjárnám hjá stefnanda.

Í vikublaðinu Pressunni hafa verið tíð greinaskrif um stefnanda ásamt myndbirtingum. Stefnandi telur, að hann hafi í þessum greinum sætt ærumeiðingu af hálfu stefndu. Í 133. gr. laga nr. 91/1991 er gert ráð fyrir, að stefndi geti krafist málskostnaðartryggingar, sé ljóst, að stefnandi sé af erlendu bergi brotinn eða ófær um greiðslu málskostnaðar, svo sem rakið er í a- og b-lið 1. mgr. nefndrar greinar. Í greinargerð með 133. gr., 1. mgr., kemur fram, að í b-lið sé um nýmæli að ræða gagnvart ógjaldfærum mönnum til þess að koma í veg fyrir það, að stefndi þyrfti að taka til varna

gegn tilefnislausri eða tilgangslítilli málsókn og verða fyrir útgjöldum af vörnum sínum, þótt fyrir fram væri sýnt, að vonlaust væri, að stefnandi gæti greitt honum þann málskostnað, sem hann yrði fyrirsjáanlega dæmdur til. Stefndu hafa að vísu sýnt fram á ógjaldfærni stefnanda, en við lestur greinargerðarinnar með 1. mgr. 133. gr. verður ekki séð, að það hafi verið hugsun löggjafans að aftra mönnum, sem telja, að á hlut sinn hafi verið gengið með einum eða öðrum hætti, frá því að geta varið hagsmuni sína með því að ætla þeim að leggja fram málskostnaðartryggingu. Aðstæður stefnanda eru þær, að honum er ókleift að leggja fram málskostnaðartryggingu. Verður að telja það andstætt lögum og mannréttindasáttmálum að fyrirmuna þeim, sem telja sig hafa orðið fyrir ærumeiðandi ummælum, að leita réttar síns, skorti þá fjármuni til að greiða málskostnaðartryggingu, og þykir fráleitt að telja, að það hafi verið ætlun löggjafans, þegar litið er til greinargerðar með b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Verður því eigi fallist á þá kröfu stefndu, að stefnanda verði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefndu, Gunnars Smára Egilssonar og Karls Th. Birgissonar, þess efnis, að stefnandi, Jóhann Jónas Ingólfsson, leggi fram málskostnaðartryggingu, er hafnað.

Föstudaginn 30. apríl 1993.

Nr. 152/1993. **Kaupþing hf.**
gegn
sýslumanninum í Kópavogi.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. mars 1993, er barst réttinum 19. apríl 1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 18. mars 1993 um frávísun málsins frá dóminum verði hrundið og héraðsdómara falið að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Hann gerir og kröfu um kærumálskostnað.

Sóknaraðili hefur útlistað málsástæður og lagarök í greinargerð sinni til Hæstaréttar, og eru ekki efni til að taka aðalkröfu varnaraðila til greina.

Fallast má á það með sóknaraðila, að skilja megi stefnu í héraði á þann veg, að málinu væri beint gegn embætti uppboðshaldara í Kópavogi. Orðalag stefnunnar að þessu leyti var þó ekki svo glöggt sem skyldi, og hefur málið farið úr böndum vegna þessa og annarra atriða, sem um ræðir í hinum kærða úrskurði. Hefur sóknaraðili ekki skýrt það nægilega, á hverju kröfur hans eru byggðar, og því ekki lagt nauðsynlegan grundvöll að málshöfðun sinni. Ber að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Í kæru og greinargerð sóknaraðila til Hæstaréttar, sem lögmaður hans, Kjartan Ragnars, hefur ritað, er að finna ýmis óviðurkvæmileg ummæli í garð héraðsdómara, þar sem dómarinn er meðal annars sakaður um að rangfæra málatilbúnað sóknaraðila eða snúa út úr honum í úrskurði sínum. Ummæli þessi eru ósamboðin virðingu dómstólsins og lögmanninum sjálfum, og ber að átelja þau.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kaupþing hf., greiði varnaraðila, sýslumanninum í Kópavogi, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 18. mars 1993.

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar um frávísunarkröfu stefnda að loknum munnlegum málflutningi 4. mars 1993, var höfðað með stefnu, birtri 1. nóvember 1991. Dómkröfum og aðild er svo lýst í stefnu:

„Kaupþing hf., kt.560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík, gerir kunnugt, að félagið þurfi vegna Hávöxtunarfélagsins hf., kt. 611284-0479, Kringlunni 5, Reykjavík, að höfða mál fyrir bæjarþingi Kópavogs gegn bæjarfógetanum í Kópavogi og uppboðshaldara, kt. 490169-4159, Auðbrekku 10, Kópavogi, Ásgeiri Péturssyni, kt. 210322-2999, Sólheimum 9, Reykjavík, til heimtu uppboðsandvirðis og andvirðis veðskuldabréfa. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 5.460.861 kr. auk dráttarvaxta samkv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 13. sept. 1991 til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar samkv. taxta LMFÍ úr hendi stefnda, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkv. III. kafla laga nr. 25/1987 fimmtán dögum eftir dómsuppsögu. Dráttarvextir bætist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrsta sinni 13. september 1992."

— — —

Í þessum þætti málsins er það formhlið þess, sem er til úrlausnar. Varnaraðili, sem nú er sýslumannsembættið í Kópavogi, krefst þess, að málinu verði vísað frá dómi og varnaraðila dæmdur málskostnaður, en sóknaraðili, Kaupþing hf., krefst þess, að frávísunarkröfu varnaraðila verði hrundið og sóknaraðila dæmdur málskostnaður.

— — —

Í þessum þætti málsins er það formhlið þess, sem er til úrlausnar. Varnaraðili, sem nú er sýslumannsembættið í Kópavogi, krefst þess, að málinu verði vísað frá dómi og varnaraðila tildæmdur málskostnaður, en sóknaraðili, Kaupþing hf., krefst þess, að frávísunarkröfu varnaraðila verði hrundið og sóknaraðila tildæmdur málskostnaður.

— — —

Álit réttarins.

Fallast má á það með stefnda, að finna megi þess dæmi, að grundvöllur málsóknar þessarar og málatilbúnaður stefnanda sé ekki svo traustur sem

skyldi. Verður nú athugað í ljósi þeirra málsástæðna, er frávísunarkrefjandi hefur fært fram, og skoðun á málinu í heild, hvort fyrir liggur ein einstök ástæða eða margar samverkandi, sem leiði til þess, að málinu verði að vísa frá dómi.

1. Mál þetta er samkvæmt orðanna hljóðan í stefnu höfðað á hendur bæjarfógetanum í Kópavogi og uppboðshaldara, Ásgeiri Péturssyni. Þetta sama orðalag er notað bæði í lýsingu aðildar í upphafi stefnu og fyrirkalli í niðurlagi hennar. Hvorki í stefnu né greinargerð er glögglega skýrt, hvort téðum embættismanni er stefnt persónulega eða fyrir hönd umræddrar stofnunar eða hvort verið er að stefna þessum aðilum báðum. Slík ónákvæmni er bagaleg, til þess fallin, að báðir aðilar taki til varna og viðbótarkostnaður falli á vegna sjálfsagðrar frávísunarkröfu. Slík ónákvæmni er brýnt brot á upphafsákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir efnislega, að í stefnu skuli tilgreina aðila svo glöggt sem verða má, sjá og 28. kafla 1. nr 91/1991, einkum 165. gr., stafliði g og h.

Við munnlegan málflutning um formhlið leitaðist stefnandi við að bæta úr þessum ágalla og óskaði sérstakrar bókunar um, að málsókninni sé í sóknarskjölum einvörðungu beint gegn umræddri ríkisstofnun.

Orðalag stefnu er þó með ólíkindum óglöggt. Það atvik, að kennitölur beggja eru tilgreindar, bendir frekar til, að báðum sé stefnt, en tekur ekki af tvímæli, því að samkvæmt 88. gr. laga nr 85/1936 ber að tilgreina kennitölur bæði aðila og fyrirsvarsmanna aðila. Einnig bendir það til, að báðum sé stefnt, að í stefnu er öðrum þræði notað orðalag, sem heyrir til sviði skaðabótaréttar, rætt um „ábyrgð upphaldshaldara á mistökum við útgáfu uppboðsafsals" og vísað til rangra forsendna og „mistaka uppboðshaldara". Til hins gagnstæða bendir, að þess er ekki sérstaklega krafist í stefnu, að stefndu verðir dæmdir in solidum eða annar fyrir báða og báðir fyrir annan.

Það er álit dómarans í máli þessu, að skilja verði stefnu svo, að báðum hafi verið stefnt, embættismanninum persónulega og stofnun hans. Umræddur embættismaður gat ekki látið hjá líða að taka til varna bæði persónulega og fyrir hönd ríkissjóðs, er hann fékk stefnuna í hendur. Þess síðarnefnda var að sönnu ekki sérstaklega getið í stefnu, en að því verður síðar vikið.

Í dómsmáli, sem höfðað er gegn tveimur aðilum, er ekkert því til fyrirstöðu að falla á síðari stigum frá kröfum á hendur öðrum þeirra. Það varðar einvörðungu því, að sá, er úr málinu fer, á rétt á, að málskostnaðarkrafa hans komi til úrlausnar.

Telja verður, að bæjarfógetaembættinu í Kópavogi, sem nú nefnist sýslumannsembættið, hafi verið nægilega stefnt.

Þrátt fyrir hin skýru ákvæði í upphafi 88. gr. 1. nr. 85/1936 þykir það

of ströng formtúlkun að vísa máli þessu frá dómi einvörðungu vegna framangreinds ágalla á stefnu. Þessi ágalli skiptir þó máli um úrlausn frávísunarkröfu. Það hefði dregið úr þýðingu þessa ágalla á stefnunni, ef stefnandi hefði gert skýra grein fyrir aðildinni í greinargerð sinni, áður en málinu var frestað til greinargerðar af hálfu stefnda. Það gerði hann of seint við munnlegan málflutning um formhlið.

2. Ekki verður á það fallist með stefnda, að við málsókn þessa hafi verið óhjákvæmilegt réttarfarsskilyrði að stefna fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs jafnframt bæjarfógetaembættinu í Kópavogi.

Í þessu sambandi skiptir það eigi máli, þó að í fjárlögum sé engin heimild til slíkra greiðslna, sem krafist er í máli þessu, og eigi unnt að færa þær yfir á embættiskostnað, því að honum er fyrir fram ráðstafað til nauðþurfta embættisins. Þessum innri málum í ríkiskerfinu er samkvæmt reynslu ráðið til lykta með fjáraukalögum eða öðrum þóknanlegum ráðstöfunum hinna háu ráðuneyta hverju sinni.

Bæjarfógetinn, nú sýslumaðurinn, í Kópavogi fer með fjárhagslegt forsvar hlutaðeigandi stofnunar innan þess ramma og undir því eftirliti, sem lög og stjórnsýsluvenjur marka. Lög, dómvenja eða aðrar réttarheimildir standa því eigi í vegi, að honum sé einum stefnt fyrir hönd umræddrar ríkisstofnunar, og efnisrök og fordæmi taka af tvímæli um, að slíkur málatilbúnaður er heimill.

3. Stefndi bendir á, að dómkrafan í máli þessu sé í eðli sínu skaðabótakrafa og að henni sé í stefnu einna helst lýst sem slíkri. Án þess að draga þær röksemdir í efa skal tekið fram, að vel má túlka stefnu og önnur sóknarskjöl svo, að þar sé öðrum þræði lagður sá réttargrundvöllur, sem lögmaður stefnanda kvaðst byggja á og útlistaði við munnlegan flutning um formhlið og stuttlega er lýst í III. kafla fyrr í úrskurði þessum. Hvort hald er í þeim málsástæðum og lagarökum, er efnisástæða, en ekki forms. Þrátt fyrir ákvæði d- og e-liðar 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936, sem standa á grunni meginreglnanna um sakhraða og skýran og afdráttarlausan málflutning og styðjast við andmælaregluna, þykir hér ekki vera um slíka vanreifun að ræða, að leiða eigi ein sér til frávísunar.

Á hinn bóginn er á það að líta, að hver sá, er stefnu las, hlaut að líta svo á, að bótagrundvöllur væri aðalmálsástæða, enda næsta lítil grein gerð fyrir núverandi málsástæðum, þótt þær rúmist í sjálfu sér á þeim velli, sem haslaður var í stefnu. Þessi vanreifun hefur því með öðru þýðingu um úrslit máls þessa.

4. Þar sem málsókn þessi snýst ekki lengur samkvæmt málflutningsyfirlýsingum stefnanda um meint mistök dómara, hvorki að því er aðild varðar né réttargrundvöll fjárkröfu, verður því ekki að svo komnu vísað frá dómi vegna fyrirmæla í 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936. Hafa ber í huga í þessu

sambandi niðurlagsákvæði 2. mgr. 108. gr. og 1. málaliðar 3. mgr. 108. gr. laga nr 85/1936 um möguleika á frávísun á síðari stigum.

5. Í stefnu og greinargerð í máli þessu er farið fljótt yfir sögu um reikningsgrundvöll og sundurliðun fjárkrafna. Með þessum sóknarskjölum voru lögð fram reikningsyfirlit á mörgum fylgiskjölum án aðgengilegrar úrvinnslu.

Efnisatriði er það, en ekki forms, hvort eða að hve miklu leyti beri að taka stefnukröfu til greina. Varnir stefnda á efnishlið lúta, svo sem stefnandi mátti vænta, m. a. að því, hver sú fjárhæð sé, sem uppboðskaupandi hefur greitt stefnanda upp í uppboðskröfu, svo og, hvenær uppboðskaupandi innti sumar þeirra greiðslna af hendi til umboðsmanna stefnanda. Þess má vænta, að stefnandi geri gleggri grein fyrir fjárkröfu sinni, eftir því sem meðferð máls þessa, þ. á m. vitnaleiðslum, vindur fram og umrædd ágreiningsefni skýrast.

Að þessu athuguðu verður máli þessu ekki vísað frá dómi á þessu stigi einvörðungu vegna tölulegrar vanreifunar fjárkrafna. Hinn óvandaði málatilbúnaður stefnanda um sundurliðun stefnukröfu og tölulega úrvinnslu á frumstigi máls skiptir þó með öðru máli um úrlausn frávísunarkröfu.

6. Það úrlausnarefni, hvort stefnanda hafi verið heimilt að framreikna höfuðstól upphaflegrar fjárhæðar og mynda nýjan vaxtaberandi höfuðstól, miðaðan við 13. september 1991, er efnisatriði, en ekki forms.

Þó ber að líta til þess, að úr því að stefnandi fór þessa leið, varð hann að gera skýra grein fyrir því þegar í sóknarskjölum með hnitmiðuðum hætti og í samþjöppuðu formi, hvernig hinn nýi höfuðstóll væri fundinn. Það gerði stefnandi í máli þessu ekki. Hefur því þessi málsástæða stefnda áhrif, er meta skal, hvort málið sé í heild svo vanreifað, að til frávísunar eigi að leiða.

7. Á þau rök fyrir frávísunarkröfu, að stefnandi reki málið nú sem óskilgreint innheimtumál, verður ekki beinlínis fallist. Málsástæður og lagarök, sem stefnandi færði fram við málflutning um formhlið til styrktar fjárkröfu sinni að skaðabótagrundvelli slepptum, eru út af fyrir sig dómhæf. Á þau mun reyna gagnvart sýknukröfunni, ef málið gengur til efnisdóms.

Áður er að því vikið, að það hefur með öðru áhrif á úrlausn um frávísunarkröfu, hversu seint komu fram útlistanir stefnanda á þeim réttargrundvelli, sem hann rekur málið nú á.

Samkvæmt framansögðu finnst enginn sá formgalli á málatilbúnaði stefnanda, sem einn sér leiði til frávísunar. Það liggur þó fyrir og orkar eigi tvímælis, að lýsing varnaraðildar í stefnu er svo óskýr, að í bága fer við a- og b-lið 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Lýsing á reikningsgrundvelli dómkröfu er svo snubbótt, að ekki samrýmist c-lið sama ákvæðis. Meginmálsástæðu er svo vanlýst, að brot er á d-lið sama ákvæðis. Útlistun á

henni er svo seint fram komin, að í bága fer við 3. mgr. 110. gr. sömu laga.

Með vísan til allra þessara lagaákvæða, sbr. 165. gr. og einnig 100. og 101. gr. 1. nr. 91/1991, og þegar málatilbúnaður sóknaraðila í heild er virtur með hliðsjón af því sakarefni, er málið snýst um, verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan, sem vegna ákvæðis 4. tl. 112. gr. 1. nr. 91/1991 verður ekki komist hjá að nefna úrskurð.

Þegar málið var tekið til úrskurðar 4. þ. m., tók lögmaður stefnanda fram, að hann væri á förum til útlanda og yrði erlendis í hálfan mánuð, og beiddist þess með tilliti til kærufrests, að uppkvaðningu yrði frestað, þar til hann kæmi heim. Á þá beiðni féllst dómari, og er sú ástæðan til þess, að úrskurður gengur ekki fyrr en hálfum mánuði eftir dómtöku.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 30. apríl 1993.

Nr. 135/1993. **Kjalarneshreppur**
gegn
Bjarna Bærings Bjarnasyni.

Kærumál. Nauðungarsala. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1993, sem barst réttinum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars um frávísun beiðni sóknaraðila um úrlausn vegna ágreinings um gildi nauðungarsölu á jörðinni Dalsmynni á Kjalarnesi. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Um kæruheimild er vísað til 79. gr. og 85. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 og til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar svo og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt 6. mgr. 96. gr. laga nr. 90/1991 áttu aðgerðir máls þessa eftir 1. júlí 1992 að fara að þeim lögum. Líta verður svo á, að sýslumaðurinn í Reykjavík hafi í samræmi við 3. mgr. 39. gr. laganna ákveðið að taka boði varnaraðila í eignina með skeyti 22. september 1992, en sýslumaðurinn var þá orðinn uppboðshaldari. Sóknaraðili var ekki gerðarbeiðandi að uppboðssölunni, og ekki liggur fyrir samþykki gerðarbeiðenda við málshöfðun hans. Hann fær því ekki þegar samkvæmt 4. mgr. 22. gr. laga um nauðungarsölu notið málshöfðunarhagræðis XIII. kafla laganna. Sóknaraðili hafði samkvæmt 80. gr. laganna fjögurra vikna frest frá lokum sjálfrar nauðungarsölunnar til að lýsa kröfum sínum fyrir héraðsdómara. Sá frestur var, hvernig sem á er litið, löngu liðinn, þegar sóknaraðili lagði fram beiðni sína. Verður því fallist á þá úrlausn héraðsdómara að vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Hvor aðili skal bera sinn kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Sóknaraðili átti forkaupsrétt að jörðinni Dalsmynni samkvæmt 30., sbr. 31. gr. jarðalaga nr. 65/1976, þegar hún var boðin upp í uppboðsrétti Kjósarsýslu 24. júní 1992. Þurfti sóknaraðili ekki að lýsa því yfir á uppboðsþinginu, hvort hann vildi neyta forkaupsréttarins, þótt fyrirsvarsmaður hans væri þar viðstaddur, heldur var honum nægilegt að koma tilkynningu um það á framfæri við uppboðshaldara innan 5 sólarhringa frá slitum uppboðsins. Á staða hans að þessu leyti að ráðast af ákvæðum 31. gr. jarðalaga, eins og þau voru fyrir þá breytingu, sem á þeim hefur verið gerð með 7. tl. 91. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungaruppboð, sbr. síðari málslið 6. mgr. 96. gr. síðarnefndu laganna.

Í máli þessu óskar sóknaraðili að leggja það fyrir héraðsdóm á grundvelli réttarfarsákvæða í lögum nr. 90/1991, hvort hann hafi haldið forkaupsrétti sínum til haga eftir uppboðsþingið með þeim hætti, að hann gæti gengið inn í boð varnaraðila í jörðina. Þetta úrlausnarefni varðar ekki meðferð uppboðsins fram til þess, að þinginu var slitið, og sóknaraðili reisir engan rétt á því, að henni hafi verið ábótavant. Er krafa hans um að neyta forkaupsréttar öllu heldur við það miðuð, að söluaðgerðir á uppboðinu hafi verið lögmætar. Þá kröfu bar hann upphaflega fram við uppboðshaldara í Kjósarsýslu, eins og um getur í hinum kærða úrskurði. Var krafan síðan ítrekuð með bréfi 24. júlí 1992 til sýslumannsins í Reykjavík. Hafði sýslumaður þá ekki tekið ákvörðun um það, hvort boð varnaraðila í jörðina yrði samþykkt. Hins vegar lá fyrir bréf til sýslumanns 8. júlí 1992 frá lögmanni varnaraðila, þar sem um það var beðið og krafist útlagningar á jörðinni. Kvað lögmaðurinn varnaraðila vera kunnugt, að sóknaraðili hefði ákveðið að neyta forkaupsréttar, en sú ákvörðun væri of seint fram komin.

Við sölu jarðarinnar hafði sóknaraðili stöðu rétthafa samkvæmt 3. tl. 2. gr. laga nr. 90/1991, sbr. áður 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949. Er beiðni hans um úrlausn héraðsdóms á fyrrgreindu málefni miðuð

við þá hagsmuni. Við þær aðstæður, sem fyrr var lýst, gat málskotsréttur hans ekki talist háður því, að fara mætti með málið samkvæmt XIV. kafla laga nr. 90/1991, þ. e. sem ágreining um gildi nauðungarsölu, sbr. 1. og 2. mgr. 80. gr. laganna. Meðal annars verður ekki séð, að sóknaraðili hafi þurft að krefjast sérstakrar viðurkenningar á gildi nauðungarsölunnar til að koma fram rétti sínum, sbr. 2. mgr. 83. gr laganna, og krafa um ógildingu á sölu til varnaraðila var ekki komin til álita, þegar hann leitaði til sýslumanns. Var sýslumanni rétt að líta svo á, að um væri að ræða afmarkað ágreiningsefni, sem risið hefði við nauðungarsöluna, sbr. 1. mgr. 73. gr. laganna. Mætti fara með það samkvæmt XIII. kafla laganna í samræmi við þá grein eftir fyrirmælum í öðrum ákvæðum þeirra.

Telja verður, að þau fyrirmæli sé að finna í 22. gr., sem hefur að geyma hina almennu heimild til að bera einstök ágreiningsefni varðandi nauðungarsölu undir dóm. Ákvæðum hennar er ekki aðeins ætlað gildi fram til þess, að beinum söluaðgerðum verði lokið, heldur eiga þau einnig við um aðgerðir á síðari stigum, uns salan er að fullu til lykta leidd. Er þetta áréttað í 6. mgr. 22. gr. Að vísu er svo á kveðið í 4. mgr. 22. gr., að málskot eigi almennt að vera háð aðild einhvers gerðarbeiðanda eða samþykki þeirra, en samkvæmt eðli málsins og efni laganna fær sú regla ekki staðist, þegar komið er að athöfnum eftir lok söluaðgerða. Er óhjákvæmilegt að skýra ákvæði 22. gr. á þá leið, að þá geti einnig reynt á frumkvæði annarra, sem lögvarða hagsmuni eiga. Ber ótvírætt að telja sóknaraðila í þeim hópi.

Samkvæmt þessu bar sýslumanni að leita úrlausnar héraðsdóms í máli sóknaraðila, þegar það var fyrst borið upp við hann, eða í síðasta lagi eftir 22. september 1992, þegar sóknaraðila var tilkynnt um þá ákvörðun sýslumanns að samþykkja boð varnaraðila. Sóknaraðili bað þá um það innan þess vikufrests, sem við átti samkvæmt 2. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991, að málið yrði lagt fyrir héraðsdóm. Þeirri beiðni sinnti sýslumaður ekki, og verður ekki séð af gögnum málsins, að ákvæðis 3. mgr. 73. gr. hafi verið gætt hennar vegna. Á sóknaraðili ekki að þurfa að gjalda þessa tómlætis, þar sem hann margreyndi að fylgja beiðninni eftir.

Með skírskotun til þessa verður að fallast á þá kröfu sóknaraðia,

að mál hans verði borið undir Héraðsdóm Reykjavíkur á grundvelli XIII. kafla laga nr. 90/1991, og ber að leggja fyrir héraðsdómara að taka það til efnismeðferðar með viðeigandi hætti. Kærumálskostnaður á að falla niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars. 1993.

I.

Hinn 20. nóvember 1992 barst Héraðsdómi Reykjavíkur beiðni Ragnars H. Hall hrl. fyrir hönd Kjalarneshrepps, sem dagsett er 18. nóvember sama ár, um úrlausn ágreiningsefnis um nauðungarsölu á jörðinni Dalsmynni í Kjalarneshreppi, sbr. og bréf lögmannsins til dómsins, dagsett 21. desember 1992.

II.

Jörðin Dalsmynni á Kjalarnesi var seld á nauðungaruppboði í uppboðsrétti Kjósarsýslu 24. júní 1992 á grundvelli þágildandi laga um nauðungaruppboð. Hæstbjóðandi varð Bjarni Bærings Bjarnason, sem bauð 5.100.000 krónur í eignina. Uppboðshaldari tók ekki afstöðu til boða í eignina á uppboðsþinginu, en tók sér allt að fjórtán daga frest til athugunar á fram komnum boðum. Uppboðsþingið sótti meðal annarra oddviti Kjalarneshrepps, sem mun vera ólöglærður.

Af hálfu Kjalarneshrepps er því haldið fram, að uppboðshaldari hafi tjáð oddvitanum, að hann yrði innan fimmtán daga frá uppboði að tilkynna uppboðshaldara, ef hreppurinn hygðist neyta forkaupsréttar síns að jörðinni. Samkvæmt 31. gr. jarðalaga nr. 65/1976 sé frestur þessi hins vegar aðeins fimm dagar. Í framhaldi af þessu hafi sveitarstjóri Kjalarneshrepps ritað uppboðshaldara bréf, þar sem því hafi verið lýst yfir af hálfu hreppsins, að hann neytti forkaupsréttar síns að jörðinni. Bréf þetta hafi borist uppboðshaldara, áður en fimmtán dagar voru liðnir frá uppboðinu, 24. júní 1992

Við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði 1. júlí 1992 fluttist meðferð á umræddri nauðungarsölu til embættis sýslumannsins í Reykjavík. Með skeyti, dagsettu 22. september 1992, samþykkti sýslumaðurinn í Reykjavík boð Bjarna Bærings Bjarnasonar í eignina.

Í beiðni Kjalarneshrepps kemdur fram, að lögmaður hreppsins hafi 18. nóvember síðastliðinn rætt við deildarstjóra nauðungarsöludeildar sýslumannsembættisins í Reykjavík í síma, og hafi þar komið fram, að embættið liti svo á, að yfirlýsing Kjalarneshrepps um beitingu forkaupsréttar væri of seint fram komin, og því ætti hæstbjóðandi í eignina að efna uppboðsskilmálana.

III.

Af hálfu Kjalarneshrepps er í máli þessu krafist úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur um rétt hreppsins til að ganga inn í boð það, sem sýslumaðurinn í Reykjavík hefur samþykkt í eignina. Til stuðnings kröfu sinni vísar hreppurinn til 1. og 2. mgr. 73. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 og 6. mgr. 96. gr. sömu laga

Hinn 23. desember 1992 barst réttinum bréf lögmanns Kjalarneshrepps, sem dagsett er 21. desember s. á., þar sem tilkynnt er um útgáfu embættis sýslumannsins í Reykjavík á afsali fyrir jörðinni Dalsmynni á Kjalarnesi 15. þess mánaðar til Bjarna Bærings Bjarnasonar. Þar er því fram haldið, að útgáfa afsalsins brjóti gegn ákvæði 1. mgr. 56. gr. 1. nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Í bréfinu segir síðan: „Umbjóðandi minn hefur því falið mér að leita úrlausnar um það atriði og krefjast ógildingar þess. Ber að líta á þetta bréf sem tilkynningu um, að slík krafa verði höfð uppi ásamt öðrum þeim kröfum varðandi umrædda nauðungarsölu, sem boðaðar voru með hinu fyrra bréfi mínu."

IV.

Hinn 21. janúar 1993 höfðu réttinum ekki borist staðfest eftirrit fram lagðra gagna við nauðungarsöluna eða endurrit úr gerðabók sýslumanns, sbr. 2. mgr. 81. gr. 1. nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. og 5. mgr. 73. gr. þeirra. Með bréfi, dagsettu þann dag, skoraði dómari málsins á lögmann Kjalarneshrepps að senda réttinum málsgögn þessi; að öðrum kosti yrði málinu vísað frá dómi án kröfu. Hinn 1. febrúar síðastliðinn barst réttinum staðfest endurrit úr uppboðsbók Kjósarsýslu frá 24. júní 1992, staðfest ljósrit ýmissa bréfa, sem sýslumanninum í Kjósarsýslu og í Reykjavík hafa borist vegna umræddrar nauðungarsölu, samrit tilkynningar og yfirlýsing sýslumannsins í Reykjavík í tilefni af máli þessu ásamt ódagsettu og óundirrituðu minnisblaði frá Bjarna Bærings Bjarnasyni. Í bréfi lögmanns Kjalarneshrepps segir, að ekkert muni hafa verið bókað í gerðabók sýslumannsembættisins við meðferð á máli þessu, og því fylgi ekkert endurrit úr gerðabókinni með gögnum málsins.

Í endurriti úr uppboðsbók Kjósarsýslu frá 24. júní 1992 kemur fram, að alls voru 42 skjöl lögð fram við nauðungarsöluna á jörðinni Dalsmynni á Kjalarnesi. Endurrit skjala þessara hafa ekki borist Héraðsdómi Reykjavíkur.

V.

Samkvæmt endurriti úr uppboðsbók Kjósarsýslu fór þriðja og síðasta nauðungaruppboð á jörðinni Dalsmynni á Kjalarnesi fram 24. júní 1992 í gildistíð eldri laga. Samkvæmt 6. mgr. 96. gr. núgildandi laga um nauð-

ungarsölu nr. 90/1991 skal ráða málefnum, er lúta að atriðum varðandi söluna, eftir að endanlegt uppboð hefur farið fram, til lykta eftir fyrirmælum nýju laganna.

XIII. og XIV. kafli laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu geyma fyrirmæli um meðferð mála, sem rísa við nauðungarsölu fyrir dómstólum. Í XIII. kafla er að finna reglur um, hvernig leyst verði úr afmörkuðum ágreiningsefnum jafnharðan, meðan á aðgerðum stendur við nauðungarsölu, en XIV. kafli geymir reglur um rekstur máls um gildi nauðungarsölu, þegar söluaðgerðum sem slíkum er lokið.

Í 1. mgr. 80. gr. fyrrnefndra laga segir, að þegar uppboði hefur verið lokið skv. V. eða XI. kafla, tilboði hefur verið tekið í eign skv. VI. kafla eða andvirði réttinda hefur verið greitt sýslumanni eftir ráðstöfun skv. 2. eða 3. mgr. 71. gr., geti hver sá, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, leitað úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölunnar. V. kafli laganna fjallar um nauðungarsölu á uppboði. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laganna er uppboði skv. V. kafla lokið, þegar hamar fellur skv. 3. mgr. 33. gr., eftir að sýslumaður hefur lýst þrívegis eftir hærri boðum, án þess að nokkurt hafi komið fram, sbr. og 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 37. gr. laganna.

Uppboð það, sem hér um ræðir, fór fram í gildistíð laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. þeirra laga lauk sölutilraunum uppboðshaldara á uppboðsþingi, þá er þrisvar hafði verið skorað á menn að gera yfirboð, en enginn gefið sig fram. Til marks um lok sölutilrauna skyldi uppboðshaldari láta hamar sinn falla.

Þar sem endanlegt uppboð hafði farið fram á jörðinni Dalsmynni á Kjalarnesi, er beiðni sú, er hér um ræðir, barst réttinum, gilda samkvæmt framansögðu ákvæði XIV. kafla 1. nr. 90/1991 um úrlausnina, en ekki ákvæði XIII. kafla laganna, sem Kjalarneshreppur reisir kröfu sína á. Í áðurnefndu bréfi lögmanns Kjalarneshrepps, dagsettu 21. desember 1992, telur lögmaðurinn útgáfu afsals fyrir jörðinni til hæstbjóðanda reyndar brjóta í bága við 1. mgr. 56. gr.. 1. nr. 90/1991. Í tilvitnuðu ákvæði segir, að ekki skuli gefa út afsal fyrir eigninni, fyrr en frestur til að bera gildi nauðungarsölunnar undir héraðsdóm skv. 1. mgr. 80. gr. er liðinn eða lyktir máls, sem borið hefur verið undir dóm innan þess frests, eru fengnar. Samkvæmt þessu reisir Kjalarneshreppur kröfu sína einnig á ákvæðum XIV. kafla laganna.

Eins og áður segir, barst réttinum ofangreind beiðni Kjalarneshrepps 20. nóvember 1992. Í 1. mgr. 80. gr. 1. nr 90/1991 kemur fram, að krafa um úrlausn héraðsdómara um gildi nauðungarsölu skuli berast héraðsdómara innan fjögurra vikna, frá því að uppboði lauk, ef sala eignarinnar hefur farið fram á uppboði. Svo sem fram hefur komið, fór þriðja og síðasta nauðungaruppboð á jörðinni Dalsmynni fram 24. júní 1992. Beiðni Kjalar-

neshrepps um úrlausn ágreinings um gildi nauðungarsölunnar er því samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laganna of seint fram komin.

Þegar frestur samkvæmt 1. mgr. 80. gr. er liðinn, verður úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu því aðeins leitað, að það sé samþykkt af hendi allra aðila að henni, sem hafa haft uppi kröfur fyrir sýslumanni og úrlausnin gæti varðað, svo og kaupanda að eigninni, ef um hann er að ræða, sbr. 2. mgr. 80. gr. Yfirlýsingar þessara aðila um samþykki fyrir rekstri máls þessa hafa ekki borist réttinum.

Í 2. mgr. 81. gr. laganna segir, að með tilkynningu til héraðsdómara um, að úrlausnar hans um gildi nauðungarsölu verði leitað, skuli m. a. fylgja yfirlýsingar um samþykki við rekstri málsins skv. 2. mgr. 80. gr., ef við á. Í athugasemdum með 81. gr. laganna er vakin sérstök athygli á því, að 2. mgr. 81. gr. heimili engar undantekningar frá því, að slíkar yfirlýsingar fylgi tilkynningu þegar í byrjun. Samkvæmt framansögðu er ljóst, að skilyrðum 2. mgr. 80. gr og 2. mgr. 81. gr. laganna er ekki fullnægt í máli þessu. Þá ber og að leggja fram staðfest eftirrit gagna, sem fram hafa verið lögð við nauðungarsöluna, sbr. 2. mgr. 81. gr., en þau hafa ekki borist réttinum þrátt fyrir áskoranir þar um, en ákvæði 2. mgr. 81. gr. laganna er einnig ófrávíkjanlegt að þessu leyti.

Að öllu þessu framansögðu þykir skilyrðum laga nr. 90/1991 til að leita úrlausnar dómsins ekki fullnægt. Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi án kröfu, sbr. 1. mgr. 82. gr. laganna.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Beiðni Kjalarneshrepps um úrlausn héraðsdómara vegna ágreinings um gildi nauðungarsölu á jörðinni Dalsmynni á Kjalarnesi er vísað frá dómi án kröfu.

Mánudaginn 3. maí 1993.

Nr. 70/1993. **Hlutafélagið Verk**

gegn

Húsfélögunum Kleppsvegi 136-140.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hlutafélagið Verk, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 10.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Einnig greiði áfrýjandi stefndu, Húsfélögunum Kleppsvegi 136-140, sem sótt hafa dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 6.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 109/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hickmat Moustapha Baroudi
(Örn Clausen hrl.).

Frelsissvipting. Nauðgun. Brottvísun úr landi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1993 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds, sem krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Jafnframt verði ákærða gert að verða af landi brott eftir úttekt refsingar, sbr. 13. gr. laga nr. 45/1965 um eftirlit með útlendingum.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar, er lög leyfa.

I.

Ákærði kom á vinnustað Þ að ... skömmu eftir kl. 13 hinn 12. janúar sl. Samkvæmt frásögn Þ vildi ákærði fara heim til hennar, skipaði henni að koma með sér og ógnaði henni með hnífi. Að sögn hennar hélt hann hnífnum við síðu hennar á leiðinni út úr húsinu. Þegar að bifreið þeirri kom, er ákærði hafði umráð yfir, hafi hann þurft að sleppa taki á henni til að ná bíllyklum. Hafi hún þá notað tækifærið og hlaupið frá honum. Snjór hafi verið yfir og hún runnið á sleipum skóm og fallið. Hún kveðst hafa kallað á hjálp. Ákærði hafi náð henni, eftir að hún féll, og dregið hana að bílnum. Hafi hún reynt að sparka frá sér, en þá segir hún hann hafa borið hnífinn að hálsi sér og sagt, að hann beitti honum hiklaust, ef hún streittist frekar á móti. Hann hafi sett hana inn í bílinn, en hún hafi um hríð legið hálf inni í honum með fætur fyrir utan og reynt að komast út. Eftir að ákærði hafi oftsinnis ógnað henni með hnífnum, hafi hún þó „druslast" inn í bílinn. Ákærði hafi síðan komið á eftir og ekið af staðnum.

Ákærði kveðst hafa komið á vinnustað Þ greint sinn til að fá lykil að íbúð hennar í því skyni að sækja þangað muni. Hún hafi sagst vilja koma með, og hafi þau farið út að bílaleigubifreið, sem hann var með fyrir utan húsið, og hafi þau verið að deila allan tímann. Hún hafi síðan tekið á rás og líklega haldið, að hann ætlaði að leggja á hana hendur. Hafi hún verið komin 5-6 metra frá sér er hann tók að hlaupa á eftir henni. Hafi hún litið um öxl og farið að hrópa, er hún sá hann elta sig, en þá runnið til í snjónum. Hafi hann tekið utan um hana og lyft henni upp. Hið eina, sem hafi komist að hjá sér, hafi verið að koma henni í burtu, svo að hann lenti ekki í frekari vandræðum. Hafi hann aðstoðað Þ við að komast inn í bifreiðina, og hafi það gengið erfiðlega, því að hún hafi þá dottið aftur. Hafi hann viljað koma sér á brott sem fyrst.

Vitnin Birgir Helgason og Þór Ostensen sáu til ákærða og Þ greint sinn úr glugga á vinnustað sínum að .... Segjast þeir báðir hafa heyrt konuna hrópa og séð ákærða draga hana að bíl, sem var beint fyrir neðan glugga þann, er þeir horfðu út um. Hafi hún streist á móti, og fannst þeim báðum þetta mjög óeðlilegar aðfarir. Ákærði hafi síðan ýtt konunni inn í bílinn og síðast lyft fótunum inn í hann. Hvorugt vitnið gat fullyrt, að ákærði hefði verið með hníf í höndum. Annað vitnanna tilkynnti lögreglu um atburð þennan og gaf upp númer bifreiðarinnar. Hóf lögregla þá að skyggnast um eftir henni.

Telja verður sannað með framburði Þ og framangreindra tveggja vitna svo og með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, að hann hafi greint sinn með ofbeldi þröngvað Þ til að koma með sér af vinnustað hennar og neytt hana inn í bifreið þá, sem hann síðan ók af staðnum. Eins og sönnunargögnum er háttað, þykir þó ekki fyllilega sannað, að ákærði hafi ógnað Þ með hnífi. Með atferli sínu svipti ákærði Þ frelsi, þannig, að varðar við 1. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærða og Þ ber saman um, að hann hafi ekið að heimili hennar í Grafarvogi. Þ segir, að hann hafi ógnað sér með hnífi á leiðinni úr bifreiðinni og inn í íbúð hennar. Nokkru eftir að þau voru þangað komin, hafi hann skipað sér að afklæðast, en hún neitað. Hann hafi þá ráðist að sér og byrjað að klæða hana úr. Hafi hann

dregið sig inn í stofu, þaðan sem hún sat í hnipri við vegg nálægt eldhúsi. Hún hafi mátt sín lítils í átökum, sem þarna urðu milli þeirra, og brátt séð, að hún yrði að gefast upp til að sleppa ósköddud. Hafi hann þá náð fram vilja sínum og haft við hana samfarir. Eftir það hafi hún klætt sig. Ákærði hafi verið hræddur og beðið sig að segja ekki frá því, sem gerst hafði. Hafi hann síðan ekið sér á vinnustað hennar og haldið þaðan á brott. Telur vitnið, að hún hafi verið komin aftur á vinnustað sinn kl. 14.50. Skömmu síðar hafi móðir sín hringt til sín og hún sagt henni, hvað gerst hafði. Móðir sín hafi þá haft samband við systur Þ, sem kom til hennar og tilkynnti lögreglu um atburðinn.

Ákærði hefur neitað því að hafa ógnað Þ til að fá hana inn í íbúð hennar. Eftir nokkra dvöl í íbúðinni hafi hún sagt, að hún vildi, að þau hefðu samfarir í þeim tilgangi að reyna að geta barn, sem þeim hafði ekki tekist, er þau voru í sambúð. Hann kveðst hafa neitað þessu í fyrstu, þar sem fram hefði komið í samtali þeirra, að hún hefði verið með öðrum manni. Hann hafi þó látið undan og þau haft samfarir saman. Hann hafi síðan ekið henni á vinnustað.

Vitnið J, systir Þ, kom til hennar, eftir að móðir þeirra hafði sagt henni frá samtalinu við Þ. Kvað hún Þ hafa verið gjörsamlega niðurbrotna og hágrátandi.

Samkvæmt vottorði Arnars Haukssonar kvensjúkdómalæknis um skoðun á Þ kl. 19.30 þennan dag var hún „grátbólgin, dauðþreytt og döpur, en skýr og samvinnuþýð. Það eru engir ytri áverkar".

Við mat á sönnunargildi framburðar ákærða og Þ um það, er gerðist í íbúð hennar greint sinn, er óhjákvæmilegt að líta til aðdraganda að ferð þeirra þangað, er ákærði þröngvaði henni inn í bifreið og ók með hana á brott. Þegar til þess er litið svo og þess, sem fram hefur komið um andlegt ástand Þ eftir atburði þessa, þykir ekki varhugavert að leggja framburð hennar til grundvallar um það, sem gerðist. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákærði hafi þröngvað Þ með ofbeldi til holdlegs samræðis, og varðar þetta atferli hans við 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

III.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi tvö ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 13. janúar til 3. febrúar 1993. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um brottvísun ákærða úr landi eftir úttekt refsingar og um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Rétt hefði verið að kalla fyrir dóm til að bera um ástand kæranda lögreglumenn þá, er fyrst ræddu við hana. Í hinum áfrýjaða dómi er og málsatvikalýsingu ábótavant, sbr. 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði, Hickmat Moustapha Baroudi, sæti fangelsi tvö ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða 13. janúar til 3. febrúar 1993.

Staðfest eru ákvæði hins áfrýjaða dóms um brottvísun ákærða úr landi, er hann hefur þolað refsingu, og um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. mars 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 4. mars, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. S-59/1993: Ákæruvaldið gegn Hickmat Moustapha Baroudi, í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið 23. febrúar sl., hefur ríkissaksóknari höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæru, út gefinni 27. janúar og birtri 9. febrúar sl., á hendur Hickmat Moustapha Baroudi, breskum ríkisborgara, Grensásvegi 12, Reykjavík, fæddum 3. nóvember 1960, fyrir að hafa þriðjudaginn 12. janúar sl. veist að X, f. ..., fyrrverandi sambýliskonu sinni, á vinnustað hennar að F, Reykjavík, með hníf í hendi og með líkamlegu ofbeldi og hótunum um að beita hnífnum þröngvað henni nauðugri

með sér í bifreið að heimili hennar að K, Reykjavík, og þar á sama hátt þröngvað henni til holdlegs samræðis.

Er þetta af ákæruvaldsins hálfu talið varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, og jafnframt við 226. gr., en til vara við 225. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að verða af landi burt, er hann hefur þolað refsingu, sbr. 13. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965. Af hálfu ákærða er þess krafist, að hann verði sýknaður, en til vara, að vægasta refsing verði dæmd og að gæsluvarðhald komi til frádráttar.

Ákærði hefur gefið skýrslu fyrir dóminum og kærandi borið vitni. Auk framburðar þeirra hefur komið fram vætti systur kæranda og móður, sem fyrstar höfðu tal af henni eftir atburðina, tveggja manna, sem urðu vitni að því, þegar ákærði og kærandi fóru frá F, og eitt vitni, sem ber, að ákærði hafi játað fyrir sér. Önnur vitni hafa borið um samband þeirra.

Fullsannað er með vætti kæranda og tveggja vitna og að nokkru leyti með framburði ákærða sjálfs, að stúlkan reyndi að komast undan ákærða, þegar hann hugðist neyða hana með sér upp í bifreið í F, að hann veitti henni eftirför, tók hana upp, eftir að hún hafði hrasað á flóttanum, dró hana að bílnum, setti hana inn í bílinn með valdi og ók henni burt gegn vilja hennar. Ákærða og kæranda ber saman um, að hún hafi kallað á hjálp, og hún hljóðaði í sífellu, meðan á viðskiptum þeirra stóð, að sögn vitnanna. Annað vitnið gerði lögreglunni tafarlaust viðvart um atvikið í síma. Um það, sem síðan gerðist, eru ákærði og kærandi ein til frásagnar. Þau segja hvort hafa löðrungað annað í bílnum. Þeim ber saman um, að þau hafi farið að heimili kæranda og haft þar samfarir. Ákærði heldur því fram, að samfarirnar hafi orðið að vilja og frumkvæði kæranda, en hún kveðst hafa látið undan ákærða, sem hótaði henni lífláti. Eitt vitni hefur borið, að ákærði hafi viðurkennt í samtali við sig að hafa ógnað kæranda með hnífi, tekið hana með valdi og nauðgað henni, en ákærði kveðst hafa sagt vitninu, að hann hefði verið sakaður um ódæðið. Eftir samfarirnar ók ákærði kæranda aftur á vinnustað hennar. Þar talaði hún við móður sína og systur í síma og sagði sér hafa verið nauðgað. Systir hennar kom til hennar og hitti hana fyrir hágrátandi og í mjög miklu uppnámi, en allt var í óreiðu á skrifstofunni og hún lokuð, þegar að var komið. Vitnið hafði þegar samband við lögreglu í samráði við kæranda. Hún kom í læknisskoðun kl. 19.30 12. janúar sl., grátbólgin, dauðþreytt og döpur, en áverkalaus, sagði ákærða hafa nauðgað sér þá um daginn um kl. 14.00 og skilað sér á skrifstofuna kl. um 15.00. Rannsókn staðfesti nýlegar samfarir.

Þegar aðdragandi og eftirleikur atburðanna að K er virtur, þykir engin

skynsamleg ástæða til að efa frásögn kæranda um, að samfarirnar hafi orðið að óvilja hennar vegna hótana ákærða um miklar ófarir.

Fram er komið, að fyrir jól var hnífur í skrifborðsskúffu ákærða að Grensásvegi 12, sem samrýmist lýsingu kæranda á hníf þeim, sem hún segir ákærða hafa ógnað sér með, en hann fannst þar ekki, þegar lögregla leitaði á skrifstofu ákærða, þar sem hann hefur hafst við, síðan hann fluttist frá kæranda. Ákærði hefur synjað fyrir að hafa hótað kæranda með hnífnum, og hann neitaði því fyrir lögreglu að hafa haft hann í fórum sínum. Hér fyrir dómi kannaðist hann við, að hnífur hefði verið á skrifstofunni, en gat ekki gert grein fyrir, hvað af honum hefði orðið. Kærandi kveður hnífinn hafa legið á bílgólfinu á leiðinni að K, en ákærða hafa ógnað sér með honum til að fá sig til að koma með sér inn, þegar þangað var komið. Vitnið, sem ber, að ákærði hafi viðurkennt fyrir sér að hafa ógnað kæranda með hnífi, hélt fast við framburð sinn við samprófun. Þegar þessar frásagnir eru virtar og önnur atvik, þykir ekki skynsamleg ástæða til að rengja vætti kæranda um, að ákærði hafi komið á skrifstofu hennar, þar sem hún var ein að störfum, kl. rúmlega 13.00 nefndan dag, hótað henni að beita hníf gegn henni og þannig þröngvað henni til að koma með sér og notað hnífinn að öðru leyti til að fá kæranda til að láta að vilja sínum, eins og áður greinir.

Með því að þvinga kæranda til að koma með sér með hótun um líkamlegt ofbeldi hefur ákærði brotið gegn refsifyrirmælum 225. gr. alm. hegningarlaga, og með því að þröngva henni til holdlegs samræðis hefur hann brotið gegn 194. gr. s. l. og því gert það, sem honum er gefið að sök. Verður refsing hans ákveðin með hliðsjón af 70. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er fæddur í Accra í Ghana. Foreldrar hans, sem játa íslamstrú, stunda þar verslun. Barn að aldri hóf ákærði nám í Lundúnum og gekk þar síðast í verslunarskóla. Eftir námslok hefur hann aðallega lagt stund á verslunarstörf. Fyrir um þremur og hálfu ári kynntist hann kæranda, en þá starfaði hann í verslunarfyrirtæki, þar sem hann hafði mannaforráð og komst vel af. Tókust með þeim ástir. Hann fluttist hingað til lands 4. desember 1989, og hér hafa þau búið saman síðan. Fljótlega hóf hann hér viðskipti, m. a. innflutning og skipulagningu hljómleikahalds, en hefur tapað á þeim fé og safnað skuldum. Kærandi átti frumkvæði að skilnaðinum og gerði það að frágangssök, að hún yrði að ala önn fyrir ákærða, sem hafði ekki atvinnu og safnaði skuldum, en jafnframt taldi hún hann gera óhóflegar kröfur um ástalíf og sakar hann um ítrekað ofbeldi gagnvart sér undir lokin, þegar hún lét ekki undan ástleitni hans. Hún kærði hann fyrir einelti og líflátshótanir 25. október sl., og var hann þá um nótt í haldi. Þá lofaði hann að ónáða stúlkuna ekki frekar, en neitaði sakargiftum.

Hann er algerlega mótfallinn skilnaðinum og virðist ekki geta horfst í augu við það, að þau séu skilin að skiptum og að hann fái ekki framar notið þeirrar blíðu, sem honum veittist svo fúslega fyrrum. Þrátt fyrir skilnaðinn og ágang ákærða hefur vinátta þeirra haldist, ákærði m. a. verið kæranda hjálplegur við að setja í stand og flytjast í nýja íbúð og við barnagæslu. Þegar ákærði vann óhæfuverkið, hafði stúlkan nýlega skýrt honum frá því, að hún hefði eignast annan elskhuga, og ákærði tekið þeim tíðindum mjög illa. Ákærði hefur lagt mikla áherslu á að sýna fram á, að ástarsamband hafi haldist á laun allt til áramóta og að ekki hafi komið í ljós, að stúlkan væri sér afhuga, fyrr en hann kom heim úr stuttri utanferð í byrjun janúar í fullvissu um, að samband þeirra héldist enn, þau hafi verið að reyna að eignast saman barn til hins síðasta. Kærandi telur, að ákærði hafi nauðgað sér, til að hún yrði barnshafandi og þannig bundin honum. Hann virðist a. m. k. öðrum þræði vilja sýna fram á stöðugt samband þeirra til að varpa sök á kæranda fyrir trúnaðarbrot við sig og að hann hafi með einhverjum hætti átt rétt á blíðu hennar í þeirri trú, að það geti leyst hann undan refsingu eða mildað hana. Ljóst er, að brot ákærða var framið í ákafa afbrýðiskasti. Hann virðist hafa verið á valdi andstæðra hvata, ástar á stúlkunni, eins konar þráhyggju og haturs og árásarhvatar, vegna þess að hún hafði hafnað honum. Hömluleysi hans má rekja til þess öðrum þræði, að hann er alinn upp við annars konar viðhorf til kvenna en hér tíðkast, og einnig til ríkra skapsmuna og sterkra og óstýrilátra tilfinninga.

Kærandi kveður ákærða hafa lagt sig í einelti, eftir að hann slapp úr gæsluvarðhaldi, og enn hótað sér lífláti, ef hún tæki ekki kæruna aftur. Lögregla hefur haft afskipti af ákærða af þessum ástæðum.

Ákærði hefur ekki fyrr sætt refsingum. Hann býður af sér góðan þokka. Vitnin bera honum vel söguna fram til þess, að dró að sambúðarslitum. Samkvæmt því, sem fram er komið, virðist ákærði vera reglumaður. Hann hefur reynst barni, sem kærandi átti fyrir, sem faðir. Af því, sem hér hefur verið rakið, þykir brot ákærða ekki verða rakið til afbrotahneigðar og ekki annað ætlandi en hann hverfi til hátta löghlýðinna borgara, þegar hann hefur jafnað sig eftir þau geðbrigði, sem leiddu hann til afbrotsins. Ekkert af því, sem hér hefur verið sagt, er fallið til að leysa ákærða undan refsingu, og brot hans er svo alvarlegt, að ekki þykir fært að fresta henni. Ekki þykja vera skilyrði til að neyta úrræðis 75. gr. hegningarlaga til að færa refsingu niður úr lágmarki. Hins vegar þykir með hliðsjón af 7. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaga mega stilla refsingu í hóf og ákveða hana fangelsi í 18 mánuði. Samkvæmt 76. gr. á gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt, að koma að öllu leyti í stað refsingar, eftir því sem til hrekkur. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ákærði hefur dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi til 1. maí nk. Hann er í farbanni samkvæmt ákvörð-

un dómsins til dómsuppkvaðningar. Samkvæmt ofanskráðum niðurstöðum verður ekki hjá því komist að fallast á kröfu ákæruvaldsins um brottvísun.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Hickmat Moustapha Baroudi, sæti fangelsi í 18 mánuði, greiði sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurbjörns Magnússonar hdl., 100.000 kr., og verði af landi brott, er hann hefur þolað refsingu. Gæsluvarðhald frá 13. janúar til 3. febrúar 1993 komi til frádráttar refsivistartíma að fullri dagatölu.

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 136/1990. **Þóra Bjarnadóttir**
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
heilbrigðisráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.).

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. mars 1990 og krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.006.765 krónur, með vöxtum og dráttarvöxtum frá 31. janúar 1986 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en 30. apríl sl. veitti dómsmálaráðherra áfrýjanda gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en til vara, að fjárkröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Eftir uppsögu héraðsdóms fóru fram ýtarlegar yfirheyrslur í málinu. Komu fyrir dóm fimm læknar og hjúkrunarfræðingur. Eigi þykja efni til að rekja framburð þessara vitna.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Af hálfu áfrýjanda hafa engin gögn komið fram um kostnað hennar af rekstri málsins fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það athugast, að atvikum máls þessa er svo háttað, að héraðsdómara var rétt að kveðja til sérfróða meðdómendur, sbr. 1. mgr.

37. A. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 125.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Þóru Bjarnadóttur, kt. 281125-2659, Hvassaleiti 36, Reykjavík, gegn heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, þingfestri 7. febrúar 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða 1.015.810 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða málskostnað að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilfelli látinn falla niður.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 4. október sl., en er endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 7. desember sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hún hafi verið lögð inn á Landspítalann 30. janúar 1986 til lyfjameðferðar og rannsókna, en stefnandi hafi árum saman verið illa haldinn af skjálfta og vöðvabólgum, og hafi skjálftinn verið verstur í höfði, en einnig merkjanlegur í bol og útlimum. Daginn eftir innlögn, 31. janúar 1986, hafi hún verið færð til röntgenmyndatöku á spítalanum. Að sögn stefnanda hafi þannig verið staðið að myndatökunni, að hún hafi verið látin stíga upp á pall eða koll, en mynda átti brjóst og háls, og henni sagt að teygja sig fram og gapa. Sé ekki að orðlengja það, að stefnandi falli niður og hafi upphandleggur sinn brotnað við axlarlið, auk þess sem hún hafi skorist talsvert á höfði. Stefnandi hafi næst vitað af sér þegar verið var að stumra yfir sér, og kveðst hún hafa

komist upp á „ambulance" með aðstoð tveggja stúlkna og nærstadds læknis. Hafi meiðsl sín verið mynduð og læknir af bæklunardeild búið um brotið. Hafi handleggurinn verið settur í fatla og festur þétt að líkamanum með þeim ummælum, að þann útbúnað yrði hún að hafa í 4 vikur.

Að þeim tíma liðnum hafi umbúðir verið teknar, og hafi stefnandi þá farið í þjálfun á Landspítala. Þá hafi komið í ljós, að allir liðir, þ. e. úlnliður, olnbogi og axlarliður, hafi verið læstir, en brotið virðist hafa gróið vel. Með strangri þjálfun hafi tekist að koma úlnlið á hreyfingu og svo olnbogalið, en axlarliðinn hafi hún ekki fengið góðan þrátt fyrir miklar æfingar. Muni vera um að ræða samgróninga í axlarlið og herðablaði.

Stefán Bogason læknir hafi talið örorku stefnanda hæfilega metna 100% frá slysdegi í sex mánuði, eftir það 50% í tólf mánuði og að lokum varanlega örorku 12%.

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hafi reiknað örorkutjón stefnanda 20. nóvember 1987, og hafi það reynst vera 713.959 kr.

Stefnandi hafi enn stirðleika og óþægindi í vinstri öxl, og telji Stefán Bogason læknir í vottorði sínu líklegt, að svo verði til frambúðar.

Stefnandi rökstyður svo mál sitt, að vinnubrögð og aðstæður við röngenmyndatökuna 31. janúar 1986 hafi verið með öllu óverjandi, og vísar einkum til þess, að starfsmönnum stefndu hafi mátt vera ljóst, að sjúklingur á sama aldri og sama líkamlega ástandi og stefnandi þyldi ekki þær verklagsaðferðir, sem viðhafðar hafi verið umrætt sinn. Jafnframt heldur stefnandi því fram, að skýringar á stirðleika sínum í vinstri öxl megi rekja til frágangs og eftirlitsleysis af hálfu starfsmanna stefndu. Samkvæmt því telur stefnandi, að stefndu beri húsbóndaábyrgð á gáleysislegum og óforsvaranlegum vinnubrögðum starfsmanna sinna.

II.

Af hálfu stefndu er málavöxtum lýst svo, að stefnandi hafi verið lagður inn á taugalækningadeild Landspítalans 30. janúar 1986. Meðal annarra eðlilegra rannsókna í tilviki stefnanda hafi verið röntgenmyndataka af lungum og hálsliðum, og hafi sú myndataka farið fram á röntgendeildinni 31. janúar 1986. Þegar búið var að taka lungnamyndir og eina mynd af hálslið, hafi liðið yfir stefnanda, að því er talið sé, og hún dottið í gólfið. Hafi stefnandi fengið skurð á enni og brot á upphandlegg. Vakthafandi læknir á bæklunardeild hafi gert að brotinu og sett handlegginn í fatla, sem hún hafði í fjórar vikur. Allan þann tíma, allt til 31. mars 1986, hafi stefnandi dvalist á sjúkrahúsi, þó að öllum rannsóknum hafi verið löngu lokið.

Aðalkröfu sína um sýknu styðja stefndu því, að um óhappatilvik hafi verið að ræða, sem stefndu beri enga ábyrgð á. Ekki geti verið um að ræða

sök hjá læknum eða starfsfólki röntgendeildar, þegar líði yfir sjúkling og hann falli í gólfið. Það, að sjúklingur hljóti brot af, sé ekki annað en hreint óhapp.

Því sé eindregið vísað á bug, að starfsmenn stefndu hafi sýnt af sér óvarkárni eða aðgæsluleysi við myndatökuna og haft í frammi gáleysislegar starfsaðferðir við hana. Þessar fullyrðingar séu í engu rökstuddar í málsskjölum stefnanda. Öll venjuleg og eðlileg aðgát hafi verið viðhöfð. Á árinu 1985 hafi 545 rannsóknir verið gerðar með sama hætti og engin mistök eða óhöpp orðið.

Því sé allsendis vísað á bug, að stirðleika í öxl megi rekja til frágangs og eftirlitsleysis af hálfu starfsmanna stefndu. Þvert á móti skuli bent á, að stefnandi hafi hlotið hina bestu aðhlynningu, sem völ er á, bæði hvað varði frágang brotsins og eftirlit. Sá, sem bjó um brotið, hafi verið sérstaklega kallaður til af bæklunardeildinni. Stefnandi hafi síðan legið á taugadeildinni tæpar átta vikur, þó að öllum rannsóknum hafi verið lokið, og hafi því verið í stöðugu eftirliti og umsjá hjúkrunarfólks, meðan brotið greri. Betri umönnun sé varla hægt að hugsa sér.

Að lokum er því haldið fram, að ekki sé um að ræða neina örorku hjá stefnanda vegna handleggsbrots þess, er hún hafi hlotið 31. janúar 1986. Á það sé bent, að öll líkindi bendi til þess, að hún hafi fyrir þann tíma hlotið þá örorku, sem hún sé nú haldin. Er um þetta vísað til fram lagðs bréfs Sverris Bergmanns læknis, en hafa beri í huga, að hann sé sá læknir, sem þekki langbest til heilsufars stefnanda.

Varakröfu sína um lækkun styðja stefndu þeim rökum, að bætur fyrir fjártjón eigi ekki rétt á sér í þessu tilfelli, þar sem slysið hafi ekki ráðið úrslitum um hæfi stefnanda að afla sér tekna. Fyrir slysið hafi aflahæfi og starfsorka stefnanda verið mjög skert og slysið engin áhrif haft á það. Miskabótakrafan sé ekki í neinu samræmi við dómvenju. Auk þess verði ekki betur séð en mokkur miski sé innifalinn í örorkumatinu. Þá beri að lækka bæturnar vegna skattahagræðis. Engin efni séu til þess, að stefndu greiði kostnað við útvegun dómskjala, því að slíkt heyri til ákvörðunar málskostnaðar.

Stefnandi hefur gefið aðilaskýrslu í máli þessu.

Dómari og lögmenn aðila fóru á vettvang á röntgendeild Landspítalans og kynntu sér þar aðstæður og aðbúnað við myndatökur.

III.

Bótaábyrgð á hendur stefndu styður stefnandi reglum skaðabótaréttar um húsbóndaábyrgð, með því að starfsmenn stefndu hafi sýnt af sér óvarkárni og aðgæsluleysi við greinda röntgenmyndatöku, og í annan stað

megi rekja stirðnun liða, sem hrjáir stefnanda, til frágangs og ófullnægjandi eftirlits með bata hennar.

Stefnandi, sem gefið hefur skýrslu fyrir dómi í málinu, hefur skýrt svo frá, að við myndatökuna tiltekið sinn hafi hún staðið uppi á palli og verið sagt að standa beinni. Tekin hafi verið brjóstmynd, og hafi það gengið fljótt og vel. Síðan hafi sér verið sagt að standa beinni og gapa og teygja hökuna niður. Hafi þau fyrirmæli verið endurtekin nokkrum sinnum, og kvaðst hún hafa verið í þessum stellingum þó nokkuð lengi, að því er henni fannst. Kvaðst hún svo hafa fundið fyrir óþægindum aftan í hálsinum og einhvers konar ógleðitilfinningu. Stefnandi tók fram, að sér hefði ekki sortnað fyrir augum, og ekki hefði hún fundið til svima. Um aðdraganda slyssins man stefnandi ekkert frekar.

Í bréfi Ásmundar Brekkans yfirlæknis, forstöðumanns röntgendeildar Landspítalans, til Davíðs Á. Gunnarssonar, forstjóra ríkisspítalanna, dags. 25. ág. 1986, segir svo um slys stefnanda við röntgenrannsókn 31. janúar 1986: „Eftirfarandi upplýsingar eru ritaðar inn á röntgen-sjúkál Þóru 310186, undirritaðar H. L. (Henrik Linnet læknir, sérfræðingur í röntgengreiningu): „Kl. 10.20 átti ég leið inn í stofu 7, og var þá verið að taka dens(?) af þessum sjúklingi. Rétt í þann mund hnígur sjúklingur niður, fellur í gólfið á vinstri öxl, og ennið skellur í grindina á TV-settinu. Var ég höndum seinni að ná til konunnar, rétt náði til hennar á gólfinu. Fékk hún stóran skurð á enni og innkýlt brot í vinstri öxl (collum chirurgicum). Búið var að taka lungnamynd, áður en þetta skeði, og eina AP af hálsliðum. H. L. “.“

Í bréfi þessu segir enn fremur: „Þessar upplýsingar og nánari eftirgrennslan gefa til kynna, að rannsóknin á hálsliðum hafi farið fram á algjörlega „lege artis“ og hefðbundinn hátt og öll venjuleg aðgát viðhöfð. Á þessari deild voru á árinu 1985 gerðar 545 svona rannsóknir og allar með sömu aðferð. Óhöpp eða mistök urðu engin, og óhöpp af því tagi, sem lýst er, eru, sem betur fer, mjög sjaldgæf.“

Í bréfi Stefáns Haraldssonar, dr. med., yfirlæknis bæklunarskurðdeildar Landspítalans, til Sigurðar Helgasonar, skrifstofustjóra ríkisspítalanna, dags. 11. september 1986, segir svo um málefni stefnanda: „Einu afskipti bæklunarskurðdeildar af þessum sjúklingi eru þau, að Stefán Dalberg aðstoðarlæknir var til kallaður 31. 1. 1986, og bjó hann á viðeigandi hátt um hinn brotna handlegg sjúklings með mjúkum umbúðum, en hér var um fast brot að ræða í góðri stellingu. Sjúkl. lá á deild 11 E, og hafa því læknar þeirrar deildar séð um framhaldsmeðferð sjúklingsins.“

Í vottorði Stefáns Dalbergs sðstoðarlæknis, dags. 6. apríl 1987, segir svo: „Undirritaður, sem var á vakt á bæklunarskurðdeild, var kallaður til vegna brotsins af Þórði Sverrissyni, aðstoðarlækni á taugadeild. Setti ég vinstri handlegg í fatla og teygjanlegt net um handlegg og bol, eins og venja er

við svona brot. Umbúðir leyfa innan ákveðinna marka hreyfingu í öxl, olnboga, úlnlið og fingrum. Ég ráðlagði hreyfingar í umbúðum, eins og þær leyfðu. Umbúðirnar átti að taka að fjórum vikum liðnum að venju. Þetta er eina skiptið, sem ég hafði afskipti af þessum sjúklingi. Læknar taugadeildar (11 E) sáu síðan um eftirlit og eftirmeðferð."

Í bréfi Sverris Bergmanns læknis til forstjóra ríkisspítala, Davíðs Á. Gunnarssonar, dags. 30. apríl 1987, sem varðar mál stefnanda og samþykkt var, að lagt yrði fram í málinu, er gerð grein fyrir sjúkrameðferð stefnanda á taugalækningadeild Landspítalans. Þar segir svo m. a.:„Það er alkunna, lærðum sem leikum, að til þess að beinbrot gróí, verður að hindra hreyfingu á brotstaðnum. Þetta er gert með því að hindra hreyfingu um liði þá, sem næstir eru brotinu hvorum megin. Stundum nægir þó að festa einn lið, og í tilvikum eins og þeim, sem um er að ræða, beinbrot á collum chirurgicum, er hægt að komast af með sérstakan fetil, og sú meðferð var viðhöfð á Þóru. Nokkur hreyfing er möguleg um úlnlið, olnboga og reyndar öxl, en þó langminnst þar. Hreyfingar þessar eru hins vegar takmarkaðar og liðirnir nokkuð fastir í ákveðinni stöðu, og hljóta því liðir þessir að stirðna eins og allir liðir, sem festir eru brota vegna um lengri eða skemmri tíma, og í þessu tilviki þurfti þessi takmarkaða hreyfing að vera í fjórar vikur. Undan þessu verður ekki komist. Þóra var strax hvött til þess að reyna að hreyfa fingur og úlnlið, síðar olnboga og loks öxl. Þetta gekk erfiðlega í fyrstu að vonum vegna verkja, en þessi takmarkaða hreyfing fór að koma á venjulegum tíma, og um miðjan febrúar, röskum hálfum mánuði eftir, að Þóra brotnaði, gerðum við ráðstafanir til þess, að hún gæti fengið æfingar, einkum heita bakstra, til að mýkja vöðva og vöðvafestu, og jafnframt leiðbeiningar og hvatningu til þess að hreyfa sig eins og umbúðir leyfðu. Brotið var endurröntgenmyndað á venjulegum tilsettum tíma að ráði orthopeds. Það hafði gróið í þokkalega góðri stöðu. Umbúðir voru fjarlægðar, og þá þegar var hafist handa um virkari æfingar, fyrst hjá okkur á Landspítala og síðar á Reykjalundi. Vert er að taka það fram, að Þóra var allan tímann á Landspítalanum, 30. 1. 1986-31. 3. 1986. Hún var aldrei send heim, þótt öllum rannsóknum væri löngu lokið og hún hefði raunverulega getað verið fyrst í takmörkuðum æfingum og síðan virkari æfingum á æfingastöð utan sjúkrahúss. Mér er öldungis ógerlegt að sjá, hvernig meðferð á þessu beinbroti má teljast hafa verið ábótavant. Þóra var alla tíð á spítalanum, hafði daglegt eftirlit og hvatningu, fékk snemma leiðbeiningar um þjálfun og hitameðferð og síðar virkar æfingar, allt í fullu samræmi við það, sem unnt er í brotum sem þessum, og þessi meðferð verður að teljast langt umfram það, sem flestir mega hafa, sem verða að láta brot af þessu tagi gróa heima hjá sér án daglegs eftirlits, umönnunar, leiðbeininga og hægfara og virkrar þjálfunar, fyrr en umbúðir

hafa verið fjarlægðar. Ég fylgdist sjálfur með þessu dag frá degi eins og með öðru því fólki, sem liggur hér í minni umsjá, og Þóra sjálf, sem talar við geðlækni, Magnús Skúlason, upp úr miðjum febrúar, talar um, að hún sé að lagast mjög andlega eftir dvölina á taugalækningadeild, enda sé gott andrúmsloft á deildinni.

Vert er að taka fram, að Þóra var ýtarlega rannsökuð hér, og voru allar niðurstöður þeirra rannsókna eðlilegar í því, sem máli skiptir. Ég varð aldrei var við annað en Þóra léti hið besta yfir sér á taugalækningadeildinni og væri ánægð með góða umönnun hjúkrunarfólks og lækna, sem hvöttu hana og uppörvuðu í hvívetna og þá m. a. hvað hreyfingu viðkemur."

Í bréfi þessu segir enn fremur: „Því miður er það svo, að stirðleiki getur haldist um liði, eftir að þurft hefur að takmarka hreyfingu í þeim vegna brota í afliggjandi beinum. Verður þetta, því miður, ekki alltaf hindrað, þótt umönnun sé við bestu aðstæður og í engu ábótavant, eins og var í tilviki Þóru Bjarnadóttur. Þetta á ekki hvað síst við um axlarliði, sem geta frosið til langs tíma af minna tilefni en broti og þeirri hreyfingartakmörkun, sem því fylgir. Þá stirðna þeir liðir auðvitað frekar, þar sem fyrir eru festumein í kring vegna vöðvagigtar af völdum spennu og álags og að auki skjálfta í tilviki Þóru."

Læknaráð Landspítalans hefur ályktað um mál stefnanda. Í bréfi læknaráðs til forstjóra ríkisspítalanna, dags. 20. maí 1987, þar sem m. a. er vísað til framangreindra umsagna læknanna Ásmundar Brekkans, Stefáns Dalbergs og Sverris Bergmanns, kemur fram, að stjórn læknaráðs telur, að ekki verði annað séð en meðferð á upphandleggsbroti Þóru Bjarnadóttur hafi verið reglum samkvæmt (lege artis). Um slysið sjálft er tekið fram, að aðstæður við myndatökuna hafi verið hinar sömu og venjulega, og hafi ekki, svo að vitað sé, orðið að óhöppum fyrr. Það komi ekki heldur fram, að ástand téðs sjúklings, er hann kom í myndatöku, hafi gefið tilefni til að gæta sérstakrar varúðar.

Í bréfi Sverris Bergmanns til Guðríðar Þorsteinsdóttur, starfsmannastjóra ríkisspítalanna, dags. 17. febrúar 1989, segir svo um aðstæður á röntgendeild Landspítalans: „Ég hef kynnt mér aðstæður á rtg-deild sjálfur með þeim Ásmundi Brekkan og Jóni L. Sigurðssyni yfirlæknum. Við lungnamyndatöku er hægt að standa við vegg, sitja eða liggja, eftir því, hvert ástand viðkomanda er, og svo virðist sem ekkert hafi gerst athugavert í lungnamyndinni. Þegar teknar eru myndir af hálsliðum, er staðið uppi á litlum palli, sem ég reyndar mældi ekki, en sýndist vera vart meira en 2-3 cm á hæð, en getur hins vegar þurft að hækka eitthvað frá gólfi eftir hæð sjúklings sjálfs. Pallurinn er hluti af heildar-statívi", og eru á því góðar höldur, svo að sjúklingnum á ekki að vera hætta búin, og í ljósi

margra ára reynslu er erfitt að átta sig á því, að nokkur sérstök hætta sé samfara þessu.“

Í bréfi þessu segir enn fremur svo: „ Ég hef talið líklegast, að liðið hafi yfir Þóru Bjarnadóttur, en hitt er auðvitað jafnlíklegt, að hún hafi fengið svonefnt „dropattack“, sem leggst á konur á hennar aldri og kemur yfir, þær, þótt við bestu skilyrði sé. Slíkum köstum fylgja oft meiðsli og jafnvel brot. Enginn getur séð þau fyrir fremur en yfirlið. „Dropattacks“ verða auk þess ekkert rakin til sérstakra ytri aðstæðna, þótt það megi hins vegar stundum um yfirlið, þótt ekki sé þeim sérstöku aðstæðun til að dreifa á rtg-deild Lsp., þar sem lungna- og hálsliðamyndir eru teknar.“

Í ljósi þess, sem fram er komið um aðstæður og verklagsaðferðir við röntgenmyndatökur á röntgendeild Landspítalans, og þar sem stefnandi hefur ekki sýnt fram á með málatilbúnaði sínum, að óvarlega eða óeðlilega hafi verið að röntgenmyndatöku af henni staðið tiltekið sinn, þykja engin efni vera til að fella bótaábyrgð á stefndu vegna slyss stefnanda, er hún féll í gólfið.

Þegar virtar eru framangreindar læknisfræðilegar umsagnir um meiðsli og eftirmeðferð stefnanda svo og skýrsla hennar sjálfrar fyrir dómi, er ekki unnt að finna því stað, að stirðleika í vinstri öxl stefnanda megi rekja til frágangs og eftirlitsleysis af hálfu þeirra, sem um læknismeðferð hennar sáu. Hefur og engum stoðum verið rennt undir þær fullyrðingar. Bótaábyrgð verður því ekki heldur felld á stefndu á þeim grundvelli.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður verður felldur niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Þóru Bjarnadóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 440/1992. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Trausta Róbert Guðmundssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Sifskaparbrot. Kynferðisbrot. Frelsissvipting. Húsbrot. Þjófnaður, tilraun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1992 að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað. Skipaður verjandi ákærða krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar refsingar. Þá er þess krafist, að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Mál þetta var tekið fyrir á dómþingi Hæstaréttar 10. mars sl. Dómendur og sakflytjendur sáu þá mynd af því, er héraðsdómari tók skýrslu af barninu Í. Með ákvörðun réttarins var frekari meðferð málsins frestað, uns teknar hefðu verið fyrir héraðsdómi skýrslur af lögreglumönnunum Gísla Kristni Skúlasyni og Jóni Sigurði Ólasyni. Þeir komu fyrir dóm 24. mars, og hefur það, sem þá var bókað, verið lagt fyrir Hæstarétt auk nokkurra annarra nýrra gagna.

Ákæra í máli þessu er í tveimur hlutum, en varðar þó að öllu atburði, sem urðu á um það bil klukkustund aðfaranótt 10. október 1992. Atvikum er lýst í héraðsdómi og að nokkru leyti hér á eftir.

Í fyrsta lagi er ákært fyrir húsbrot og tilraun til þjófnaðar í ... í Reykjavík. Í ákæru er þetta talið varða við 231. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Héraðsdómari hefur vísað kröfu um sakfellingu eftir 231. gr. frá dómi á þeim grundvelli, að krafa húsráðanda í ..., G, hafi komið fram 19.

nóvember sl., en ákæran sé dagsett 10. nóvember. Verði að skilja 242. gr. hegningarlaga þannig, að refsikrafan hafi komið fram of seint. Á þetta verður ekki fallist, sbr. hrd. 10. apríl 1992 í máli nr. 259/1991.

Upplýst er í máli þessu með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur sönnunargögn, að hann fór inn í húsið ... um ólæstar dyr og hafði á brott með sér stúlkuna Í. Hann sagði sjálfur fyrir dómi, að hann hefði farið inn til að hvíla sig, en síðan hefði hann farið að leita að peningum.

Verknaðarlýsing í ákæru svarar til 231. gr. hegningarlaga, enda fellur mótstöðulaus för um ólæstar dyr inn í íbúðarhús undir ákvæðið.

Ekki er varhugavert að treysta á skýrslu ákærða um, að hann hafi farið inn í húsið að leita sér hvíldar, en síðan hafi hann tekið til að leita að peningum. Ásetningur til þjófnaðar skapaðist því ekki fyrr en eftir, að ákærði hafði framið húsbrot. Verður hann því sakfelldur fyrir brot á báðum lagaákvæðunum, sem eru nefnd í þessum hluta ákæru.

Í öðru lagi er ákært fyrir sifskaparbrot og kynferðisbrot, eins og segir í ákæru, svo og frelsissviptingu, þó að það orð sé ekki að finna í ákærunni, en þar er vísað í 193. gr., 1. mgr. 226. gr., 1. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. og 15. gr. laga nr. 40/1992 um breytingu á þeim, svo og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966, samanber nú 64. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.

Ákærði tók telpuna Í úr rúmi hennar, þar sem hún svaf ein í herbergi að ... og bar hana í Fossvogskirkjugarð og um garðinn og loks yfir girðingu, þar sem hann lét hana frá sér, þegar lögreglumenn voru í nánd. Er þetta ljóst af málsgögnum. Hefur ákærði brotið 193. og 226. gr. almennra hegningarlaga. Tæmir fyrrnefnda ákvæðið ekki sök gagnvart 226. gr., sbr. hrd. 19. mars 1993 í máli nr. 101/1993.

Héraðsdómari mat sönnunargögn svo, að sannað væri, að ákærði hefði sýnt barninu kynferðislega áreitni.

Þegar Jón Sigurður Ólason lögreglumaður kom fyrir dóm 24. mars sl., var bókað, að hann hefði verið staddur mjög neðarlega í kirkjugarðinum og leitað telpunnar eftir ábendingu Gísla Kristins

Skúlasonar lögreglumanns. Hafi Gísli Kristinn „bent í austurátt, og kveðst vitnið hafa hlaupið í þá átt og kallað upp nafn stúlkunar. Hún hafi strax svarað hátt og skýrt og vitnið þá hlaupið til hennar. Hafi hún þá verið fyrir neðan girðingu, utan kirkjugarðsins. Segir vitnið, að þegar hann kom að henni, hafi hún verið uppistandandi og hálfkjökrandi, í nærbol einum fata, blaut og köld. Kveðst vitnið hafa fært hana í jakka sinn, tekið hana upp og kallað eftir aðstoð í talstöð, en því næst gengið með hana í átt að kirkjugarðinum. Vitnið kveðst einskis hafa spurt stúlkuna, en hún hafi tjáð sig og hann leyft henni að tala. Hafi hún sagt, að maðurinn hafi sagst vera pabbi hennar. Tekur vitnið fram, að það, sem stúlkan sagði, hafi verið samhengislaust og í sundurlausum setningum. Hún hafi sagt, að maðurinn hafi sýnt á sér typpið og beðið sig að koma við það, en hún hafi svarað, að það mætti ekki. Þá hafi hún einnig sagt, að maðurinn hafi slegið sig „alltaf í hausinn", og hann hafi hætt, þegar hann sá ljósin í kirkjugarðinum. Kveðst vitnið telja, að með þessu sé hann búinn að tæma allt það, sem stúlkan sagði við sig".

Gísli Kristinn Skúlason staðfesti fyrir dómi efni skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu.

Ekki er varhugavert að treysta þeirri niðurstöðu sönnunarmats héraðsdómara, að ákærði hafi haft í frammi kynferðislega áreitni við telpuna.

Samkvæmt þessu hefur ákærði gerst sekur um brot á 2. málslið 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, eins og henni var breytt með 10. gr. laga nr 40/1992. Jafnframt verður fallist á, að 209. gr. hegningarlaganna, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, komi þá ekki til álita. Í 202. gr. er sérákvæði um kynferðislega áreitni, sem beinist að börnum, og eru þá ekki efni til að beita jafnframt ákvæði í lögum nr. 53/1966.

Í héraðsdómi er vikið að sakaferli ákærða og getið um reynslulausn, sem honum var veitt á 257 daga fangelsi. Ákærði hefur verið í varðhaldi frá 10. október 1992 vegna þess brots, sem hér er fjallað um.

Brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga getur varðað fangelsi allt að einu ári og brot gegn 244. gr. fangelsi allt að sex árum. Brot gegn 193. gr. laganna getur varðað fangelsi ævilangt. Brot gegn 226.

gr. geta varðað fjögurra ára fangelsi. Brot ákærða gegn 2. málslið 1. mgr. 202. gr., sbr. lögin frá 1992, getur varðað fjögurra ára fangelsi. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að taka tillit til skilorðsrofanna sem getið var. Þá ber og að taka tillit til þess, að ákærði fór heimildarlaust inn í íbúðarhús á næturþeli. Hann tók sjö ára stúlku úr rúmi hennar fáklædda og bar hana í næturmyrkri, líklega meira en 800 metra, um svæði, þar sem ekki var von mannaferða, og sýndi henni kynferðislega áreitni. Móðir stúlkunnar og nágranni urðu mannaferða vör, og lögregla brást skjótt við, svo að barnið fannst, sennilega um 35 mínútum eftir, að ákærði tók það með sér. Var barnið þá klæðlítið á bersvæði, og hafði ákærði rétt áður sleppt því og reynt að komast undan.

Við ákvörðun refsingar verður að gera ráð fyrir því, að stúlkubarnið hafi verið í alvarlegri hættu statt.

Meðal málsskjala er skýrsla Gísla Á. Þorsteinssonar, læknis og sérfræðings í geðlækningum, frá 30. júní 1987. Í lokaorðum skýrslunnar segir meðal annars:

„Niðurstaða þessarar geðheilbrigðisrannsóknar er í stuttu máli á þá leið, að Trausti er hvorki haldinn meiri háttar geðsjúkdómi né heldur áberandi taugaveiklunareinkennum. Hann er hvorki vitsmunalega þroskaheftur né greindarskertur, skv. sálfræðiprófum er eðlisgreind hans í lágu meðallagi. Hins vegar hefur greindin nýst honum illa vegna stopullar skólagöngu og ekki síður vegna verulega afbrigðilegs og vanþroska persónuleika. Trausti Róbert er haldinn persónuleikatruflunum, sem eru þess eðlis, að honum veitist erfitt að sýna öðrum nægilega tillitssemi og fara eftir reglum samfélagsins. Hann á erfitt með að draga lærdóm af fyrri reynslu og gerir því sömu skyssurnar aftur og aftur þrátt fyrir geigvænlegar afleiðingar fyrir hann sjálfan, sem hann gerir sér vitsmunalega grein fyrir. Trausti Róbert á sér einnig langa sögu um misnotkun áfengis og annarra vímuefna, s. s. hass, örvandi og róandi lyfja ...“

Í málinu hefur einnig verið lögð fram skýrsla dr. Hannesar Péturssonar yfirlæknis frá 27. október 1992, þar sem segir meðal annars:

„Álit undirritaðs byggir m. a. á niðurstöðu þeirrar geðheilbrigðisrannsóknar, er fór fram árið 1987. Í viðtali hefur ekkert komið fram, sem gæti bent til breytinga á geðheilsu á síðustu fimm árum.

Ljóst virðist, að Trausti Róbert hefur verið undir umtalsverðum áfengis- og fíkniefnaáhrifum, þegar atburður sá átti sér stað, er mál þetta fjallar um, en hann kveðst hafa sæmilegt minni fyrir atburðarásinni fram til þess, er hann var handtekinn, þó að hann eigi erfiðara með að skýra ástæður verknaðarins. Við geðskoðun hafa ekki greinst nein merki um formlegan geðsjúkdóm (psychosis), meiri háttar taugaveiklun, greindarskort eða aðra þá þætti, er kynnu að hafa í för með sér skerðingu á sakhæfi ...".

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, mældist vínandi í blóði ákærða 1,12‰. Ekki verður séð, að með rannsókn hafi verið leitað að öðrum efnum, sem ákærði kveðst hafa neytt, áður en hann fór að ....

Þegar ofanskráð er virt, ber á grundvelli fyrrgreindra refsiákvæða og samkvæmt 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga svo og 17. gr., 60. gr. og 255. gr. sömu laga að ákveða refsingu ákærða fangelsi fjögur ár. Gæsluvarðhaldstími kemur til frádráttar samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði. Hinn skipaði verjandi byggði kröfu sína um, að kostnaður yrði greiddur úr ríkissjóði, á því, að ákærði væri eignalaus og hefði ekki tekjur, svo að hann gæti ekki greitt kostnað við málið. Vísaði hann til Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954 (A-deild), en þar segir í 6. gr., 3. mgr. c, meðal annars: „Hafi hann ekki efni á að greiða lögfræðilega aðstoð, skal hann fá hana ókeypis, ef réttarsjónarmið krefjast þess." Ekki verður nú fullyrt, hvort ákærða reynist unnt að greiða kostnað þann, sem hér um ræðir. Ekki verður heldur talið, að réttarsjónarmið krefjist þess, að vikið sé í máli þessu frá reglu þeirri, sem nú er í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ekki voru vitni við sumar yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu, svo sem rétt var eftir 2. mgr. 72. gr. laga nr. 19/1991.

Dómsorð:

Ákærði, Trausti Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi fjögur ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 10. október 1992.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar og Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttardómara.

Við erum samþykkir ákvæði í atkvæði meiri hluta dómara, er lýtur að sakfellingu fyrir brot á 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og tilvísun í 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 70. gr. og tilvísun í 60. gr. og 255. gr. sömu laga.

Með þessum athugasemdum teljum við, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Við erum samþykkir ákvörðun meiri hluta dómara um greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 25. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-171/1992: Ákæruvaldið gegn Trausta Róbert Guðmundssyni, sem dómtekið var 19. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. nóvember 1992, á hendur ákærða, Trausta Róbert Guðmundssyni, kt. 280471-291, Heiðarbraut 29 D í Keflavík, „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 10. október 1992 um klukkan 3.00:

I.

Fyrir húsbrot með því að fara í heimildarleysi inn um ólæstar bakdyr á húsi nr. ....., og er hann varð þess áskynja, að hann var staddur í íbúðarhúsi og íbúar í svefni, farið um húsið í leit að fjárverðmætum í þjófnaðarskyni.

Telst þetta varða við 231. gr. og 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir sifskapar- og kynferðisbrot með því að hafa á ferð sinni um ofangreint hús farið inn í svefnherbergi telpunnar Í, fæddrar ..... 1985, strokið

telpunni, er þar svaf í bol einum fata, um læri og fótleggi, og er hún vaknaði og kallaði á móður sína, tekið fyrir vit hennar, tekið hana nauðuga upp úr rúminu og hlaupið með hana út úr húsinu og út í Fossvogskirkjugarð og þar farið höndum um kynfæri hennar og sýnt henni getnaðarlim sinn.

Telst þetta varða við 193. gr., 1. mgr. 226. gr., 1. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. og 15. gr. laga nr. 40/1992 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Þegar mál þetta var höfðað, lá ekki fyrir refsikrafa af hálfu húsráðenda í ..... á hendur ákærða fyrir húsbrot. Kom slík krafa fyrst fram við aðalmeðferð málsins. Skilja verður 242. gr. hegningarlaganna svo, að óheimilt sé að höfða opinbert mál á hendur manni fyrir húsbrot, nema refsikrafa liggi þá fyrir. Ber af þeirri ástæðu að vísa frá dómi ákæru fyrir brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga.

Málavextir.

Klukkan 3.10 laugardagsnóttina 10. f. m. var hringt í lögregluna í Reykjavík úr ..... og tilkynnt, að maður hefði brotist þar inn og numið á brott sjö ára stúlku. Höfðu húsráðendur, þau A, móðir stúlkunnar, og B vaknað við óp í barni og orðið vör við umgang í húsinu og það, að einhver fór út. Höfðu þau svo orðið þess vör, að Í var horfin, en hún hafði sofið í herbergi sínu á efri hæð hússins.

Lögreglumenn hófu þegar leit eftir ábendingu nágranna, sem séð hafði til manns á leið út í Fossvogskirkjugarð. Klukkan 3.44 heyrði lögreglumaður barnsrödd þar í garðinum og sá til ákærða, sem hélt á barninu. Lagði hann frá sér barnið og hljóp inn í runna, en var handtekinn þar skömmu síðar. Var stúlkan í nærbol einum fata og orðin bæði blaut og köld. Var stúlkunni skilað heim til sín. Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar var 7 stiga hiti kl. 3 þessa nótt og úðaregn.

Móðir stúlkunnar klæddi hana í þurr föt og fór með hana á slysadeild Borgarspítalans til skoðunar. Í sjúkraskrá hefur verið fært eftirfarandi um þessa skoðun:

„Hraustleg og eðlilega þroskuð stúlka, í góðu almennu ástandi, kemur eðlilega fyrir, í góðu jafnvægi, skýr og skilmerkileg. Við skoðun sést töluvert stór kúla aftanvert á hvirfli, miðlægt, greinilegur roði yfir hægra kinnbeini, ekki bólga, mar eða sár, klór á báðum kinnum og áberandi roði án mars eða sára yfir lumbalhrygg. Við skoðun á ytri kynfærum er ekkert óeðlilegt að sjá."

Ákærða var tekið blóð til rannsóknar kl. 4.50 um morguninn, og reyndist það hafa að geyma 1,12‰ af vínanda.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis og vímuefna þessa nótt, eftir að hann hafði verið á ölkrám í miðbænum. Hann hafi farið í leigubíl á stöð BSÍ og haldið þaðan gangandi upp Öskjuhlíð og yfir í Hlíðahverfi andspænis Fossvogskirkjugarði. Hann hafi komið að húsabaki að ..... og farið þar inn um ólæstar þvottahússdyr til þess að hvíla sig. Þegar hann hafi orðið þess áskynja, að þetta væri íbúðarhús, hafi hann farið að leita að peningum. Hann hafi gengið um húsið og gáð fyrst í stofurnar, en svo inn í svefnherbergin og séð, að þar svaf fólk. Síðast hafi hann komið inn í herbergi, þar sem einhver hafi verið sofandi í rúmi. Mannveran hafi risið upp við dogg og kallað á mömmu sína, og kveðst hann þá hafa skynjað, að þetta var barn. Hann hafi þá gengið að stúlkunni og tekið fyrir munn henni og hlustað eftir því, hvort nokkur hefði heyrt, þegar hún kallaði. Hann hafi svo ákveðið að taka barnið með sér og skilja það svo eftir einhvers staðar og forða sér á brott. Hann hafi tekið stúlkuna upp og haldið fyrir munn henni og sagt henni að vera róleg. Hafi hann borið hana niður stigann og út um þvottahússdyrnar. Hafi hann ætlað að skilja stúlkuna eftir við sorptunnur, sem þarna eru skammt frá, en hún hafi ekki viljað vera þar berfætt, eins og hún hafi verið, og kalt í veðri. Hann hafi þá farið úr jakkanum og brugðið utan um stúlkuna, borið hana í fangi sér út í kirkjugarðinn og ætlað að skilja hana þar eftir til þess að fá ráðrúm til þess að koma sér undan. Hann hafi lyft henni yfir girðingu og klifrað yfir á eftir. Hann hafi gengið um með hana í garðinum, en skömmu síðar hafi hann séð, að lögreglan var komin með ljós efst í garðinn. Hann hafi þá gengið niður garðinn, niður undir fjöru, en svo snúið við og ætlað út á stíg, sem er neðst í garðinum. Hafi hann þá mætt lögreglumönnum og sett stúlkuna niður og reynt að fela sig, en verið handtekinn. Ákærði neitar að hafa barið stúlkuna, en kveðst hafa tekið harkalega á henni, þegar hann bar hana út. Þá hefur hann frá upphafi staðfastlega neitað að hafa áreitt hana kynferðislega.

Jón Sigurður Ólason lögregluþjónn tók stúlkuna að sér, þegar ákærði hafði látið hana lausa í kirkjugarðinum. Hefur hann skýrt frá því, að hún hafi verið blaut og köld og kjökrað í fyrstu, en róast mjög fljótt. Hafi hún sagt frá því að fyrra bragði, að maðurinn hefði barið hana í höfuðið og sýnt henni typpið á sér. Hafi hún sagt við hann, að þetta mætti hann ekki. Vitnið hefur ekki komið fyrir dóm vegna fjarveru í útlöndum, en ekki þykir varhugavert að treysta skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglu, sbr. 3. mgr. 48. gr. oml.

Gísli Kristinn Skúlason lögregluþjónn var einn þeirra, sem leituðu að barninu og ákærða í kirkjugarðinum. Fylgdi hann mæðgunum A og Í á slysadeild Borgarspítalans. Hefur hann skýrt frá því, að þar hafi Í sagt frá því, að maðurinn hefði sýnt henni typpið á sér og beðið hana að snerta það.

Hefði hún sagt, að það væri dónalegt og mætti ekki. Þá hefði hún einnig sagt, að maðurinn hefði komið við og potað í „pjölluna" hennar, en hún sagt, að þetta mætti hann ekki, og beðið hann að hætta. Hann hefði þó ekki hætt. Vitni þetta hefur ekki heldur komið fyrir dóm af sömu ástæðu og Jón Sigurður. Ekki þykir varhugavert að treysta skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglu.

A, móðir stúlkunnar, hefur skýrt frá því, að stúlkan hafi verið í uppnámi, þegar komið var með hana heim úr kirkjugarðinum. Hafi hún sagt, að þegar hún hefði vaknað, hefði maðurinn verið að káfa á henni, og hefði hún látið hendurnar fyrir „pjölluna" til þess að reyna að hindra káfið í honum. Þá hefði hún sagt, að maðurinn hefði haldið fyrir munn henni og sýnt henni typpið á sér. Hefði stúlkan verið mjög miður sín, þegar hún sagði frá þessu.

Stúlkan kom sjálf fyrir dóm undir aðalmeðferð málsins. Var skýrsla hennar tekin upp á myndband í skrifstofu dómarans að viðstöddum sakflytjendum og móðurinni. Er skýrsla hennar greinargóð og í samræmi við það, sem komið hefur fram hjá vitnum, og einnig í samræmi við frásögn ákærða að öðru leyti en því, sem lýtur að hinu kynferðislega athæfi. Kveður hún ákærða hafa káfað á kvið hennar og lærum, þar sem hún lá í rúmi sínu. Þá hafi hann sýnt henni á sér typpið í kirkjugarðinum og beðið hana að snerta það. Eins hafi hann beðið um að fá að prófa að koma við kynfærin á henni og káfað í nárann á henni og á lærum hennar.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða telst vera sannað, að hann fór um húsið ..... í leit að verðmætum til þess að stela. Hefur hann með því orðið sekur um brot gegn 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Með játningu ákærða, skýrslu barnsins Í og annarra vitna, sem styðjast við önnur sakargögn, telst einnig vera sannað, að hann tók Í nauðuga úr herbergi hennar þar í húsinu og hljóp með hana út í Fossvogskirkjugarð og hélt á henni á ferð sinni um garðinn. Hefur hann með þessu orðið sekur við 193. gr. almennra hegningarlaga, sem þykir hér tæma sök gagnvart 1. mgr. 226. gr. laganna.

Ákærði hefur staðfastlega og frá upphafi neitað að hafa leitað kynferðislega á barnið. Á hitt er að líta, að hann hefur ekki gefið trúlega skýringu á því, hvers vegna hann nam barnið á brott og fór með það út í kirkjugarðinn. Þá er og á það að líta, að barnið skýrði þegar í upphafi og ótilkvatt ókunnugum lögreglumanni frá kynferðislegu athæfi ákærða við hana og hefur haldið fast við skýrslur sínar í málinu. Er frásögn hennar af atburðinum greinargóð, trúverðug og í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu. Þykir ekki vera varhugavert að treysta henni um þetta

sakarefni þrátt fyrir neitun ákærða. Þykir hann vera sannur orðinn að því að strjúka henni á lostugan hátt um læri í herbergi hennar og fara höndum um kynfæri hennar í kirkjugarðinum og sýna henni þar getnaðarlim sinn. Athæfi ákærða að þessu leyti verður að meta í heild sinni og í samhengi við brottnám barnsins. Þykir það varða við 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 40/1992. Koma þá ekki til álita ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Viðurlög.

Ákærði hefur, frá því að hann varð sextán ára, hlotið ellefu refsivistardóma, mestmegnis fyrir hegningarlagabrot. Þar af eru sjö þungir og óskilorðsbundnir fangelsisdómar frá því um mitt ár 1988. Ákærða var í vor veitt skilorðsbundin reynslulausn af 257 fangelsisdögum. Hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar, og ber að dæma hana upp og gera ákærða refsingu í einu lagi. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár. Frá refsingu ákærða ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 10. október sl., samtals 46 daga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hrl., 70.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Trausti Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi í 5 ár. Frá refsingunni dregst 46 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 321/1990. **H**

(Andri Árnason hdl.)
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík
f.h. borgarsjóðs
(Magnús Óskarsson hrl.).

Skaðabótamál. Líkamstjón. Sjúkrahús.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1990. Endanlegar dómkröfur hans fyrir Hæstarétti eru svofelldar:

„Aðalkrafa, að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda 5.320.626 kr. ásamt 9% ársvöxtum frá 15. janúar 1987 til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þ. d. til 21. febrúar 1987, með 11% ársvöxtum frá þ. d. til 14. apríl 1987, en með drv. skv. III. kafla l. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. apríl 1988, og myndi þar með nýjan höfuðstól dráttarvaxtaútreiknings.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. mati Hæstaréttar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og að við það verði tekið tillit til þess, að áfrýjandi er ekki virðisaukaskattsskyld.

Fyrsta varakrafa, að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda sömu fjárhæð og með sömu vöxtum og í aðalkröfu, þó þannig, að frá 14. apríl 1987 er krafist hæstu almennra innlánsvaxta hvers tíma skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands til 1. nóvember 1987, en með drv. skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags auk málskostnaðar svo sem krafist er í aðalkröfu. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. nóvember 1988.

Önnur varakrafa, að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda aðra lægri fjárhæð að mati réttarins, aðallega með vöxtum svo sem kraf-

ist er í aðalkröfu, en til vara vöxtum skv. mati réttarins, sbr. 15. gr., sbr. 7. gr. l. nr. 25/1987 um vexti, auk málskostnaðar svo sem krafist er í aðalkröfu."

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi slasaðist, er hún reyndi að strjúka af geðdeild Borgarspítalans með því að þröngva sér út um glugga á línherbergi, sem er á annarri hæð A-álmu spítalans. Fram er komið, að hún vanmat hæðina frá glugganum og niður á jörð.

Geðdeild Borgarspítalans og aðbúnaði þar er lýst í læknisvottorði á þessa leið:

„...

Taka ber sérstaklega fram, að geðdeild Borgarspítalans er ekki, fremur en aðrar geðdeildir landsins, þannig útbúin, að hún teljist mannheld. Hún er ekki útbúin á neinn hátt sem öryggisgæsludeild, enda ekki ætlað slíkt hlutverk. Hins vegar er leitast við að mæta lágmarksöryggiskröfum með tilliti til hegðunarafbrigða, er fram geta komið hjá geðsjúku fólki. Deildin er á 2. hæð A-álmu Borgarspítalans. Aðalinngangur hennar er um vængjadyr fram í aðalskála. Í hurðarvængjunum er plexigler, en á þeim einföld læsing. Dyrnar eru oftast læstar og ávallt gæsla við þær að innan. Gluggar eru þannig úr garði gerðir, að ekki er unnt að falla út um þá af slysni. Rimlar eru hvergi fyrir gluggum nema á einum salernisglugga. Um annan öryggisútbúnað er ekki að ræða, og er deildin því í engu frábrugðin því, sem gerist á geðdeildum ríkisspítalanna og geðdeild F.S.A.

Almennt gildir það um sjúklinga deildarinnar, að þeim er heimilt að ganga um deildina og út af henni eins og á öðrum deildum spítalans.

Sé talið nauðsynlegt að viðhafa sérstaka aðgát við umönnun sjúklings, er hún framkvæmd þannig, að sjúklingi er óheimilt að víkja út af deildinni.

Ef hins vegar er talið, að sjúklingur sé sjálfum sér eða öðrum hættulegur, er einum starfsmanni deildarinnar falið að fylgjast með sjúklingnum, og í einstökum undantekningartilfellum hefur reynst nauðsynlegt að fá til þessa starfs óeinkennisklædda lögreglumenn.

Á þeim tíma, er H slasaðist, var mönnun deildarinnar með eðlilegum hætti.

Línherbergi það, er sjúklingur fór um, er að jafnaði ekki læst, enda hafa sjúklingar þar aðgang að sjúkrafatnaði.“

Aðilar hafa byggt málflutning sinn fyrir Hæstarétti á þessari lýsingu. Áfrýjandi heldur því fram, að gæslu hennar hafi verið ábótavant miðað við, hversu veik hún var, og að þess hafi ekki verið gætt að hafa á þann öryggisbúnað, sem var á glugga línherbergisins. Vitnar áfrýjandi til greina 6.3.3. og 6.3.4. í byggingarreglugerð nr. 292/1979 máli sínu til stuðnings. Er því haldið fram, að þetta hafi freistað áfrýjanda til að reyna útgöngu um gluggann.

Læknir áfrýjanda hafði fyrirskipað, að með henni skyldi höfð „sérstök aðgát“. Samkvæmt framburði læknis áfrýjanda og yfirlæknis deildarinnar felst í því, að komið skyldi í veg fyrir, að hún færi út af deildinni. Fram er komið, að skömmu fyrir slysið hafði henni verið bægt frá útgöngudyrum deildarinnar. Áfrýjandi hefur hvorki sýnt fram á, að fyrirmæli læknisins hafi verið í ósamræmi við ástand hennar né að gæsla hennar hafi verið með öðrum hætti en til var ætlast.

Í héraðsdómi er lýst því áliti, að auðveldlega hafi mátt losa um öryggispinna gluggans, svo að hann opnaðist nægilega, til þess að komast mætti út um hann, væri ásetningur fyrir hendi. Hefur því áliti ekki verið hnekkt fyrir Hæstarétti. Ekki er fram komið, að starfsfólk deildarinnar hafi mátt ætla, að áfrýjandi reyndi að fara út um gluggann. Verður að telja, eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á aðgæsluleysi starfsfólksins eða einhvern galla á búnaði deildarinnar á þann veg, að baki spítalanum skaðabótaskyldu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af H, fæddri 1962, ..., með stefnu, birtri 31. maí 1989, á hendur borgarsjóði Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 7.500.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa verið haldinn geðsjúkdómi, og 13. janúar 1987 hafi hún verið lögð inn á geðdeild Borgarspítalans. Við komu á deildina hafi hugsanagangur verið slitróttur, og hafi stefnandi verið haldinn ofsóknarhugmyndum og mikilli hræðslu. Hafi hún ekki viljað vistast á deildinni, en þó gert það fyrir fortölur starfsfólks deildarinnar og foreldra og með lyfjagjöf.

Að kvöldi 14. janúar 1987, sé talið, að stefnandi hafi sofnað, en vaknað aftur um miðja nótt. Talið sé, að undir morgun hafi stefnandi í óráði og undir áhrifum lyfja ráfað inn í línherbergi, en á því hafi verið opnanlegur gluggi. Hafi hún í óráði sett sig út um gluggann og fallið niður á gangstétt, þar sem hún fyrir tilviljun hafi fundist á tímabilinu 6.00 til 6.30 af vaktmanni, sem hafi verið á gangi inni á spítalanum, þegar hann sá mannveru milli bíla á bifreiðastæði austan við spítalann. Hafi þetta verið stefnandi. Hafi hún þá verið fótbrotin gegnum hælbein og brotnir hryggjarliðir og úr lagi gengnir.

Af þessum áverkum, sem stefnandi fékk í fallinu, hafi hún hlotið örorku, sem metin hafi verið 100% í þrjá mánuði, 65% í aðra þrjá mánuði og varanlega örorku 35%.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi hafi verið lagður inn á geðdeild Borgarspítalans mjög illa haldinn af geðveiki. Í óráði sínu hafi hún alls ekki viljað vistast á deildinni, en gert það fyrir fortölur móður sinnar og starfsfólks deildarinnar, enda komin á deildina til þess að fá vernd og öruggt skjól og lækningu. Hafi hún á þessum tíma verið haldin hræðslu við ímyndaða „mafíu" og því þurft á gæslu að halda, meðan svo stóð. Geðdeildin á Borgarspítalanum sé lokuð deild, svo sem vera beri á slíkri stofnun, og beri starfsfólki að sjá svo um, að sjúklingar fari sér ekki að voða.

Þá sé gerð krafa um, að húsið sjálft eða húsnæðið sé mannhelt, svo að geðsjúklingar, sem þar hafi verið vistaðir, geti ekki í óráði fleygt sér út um glugga eða farið sér að voða á annan hátt.

Svo hafi ekki verið um hnútana búið, er stefnandi var vistaður þarna,

og hafi hún virst geta gengið um húsnæðið eftirlitslaust og komist inn í línherbergi, þar sem gluggaumbúnaður var bilaður eða ekki í forsvaranlegu standi, og því hafi stefnandi komist út.

Starfsmenn á geðdeild hafi ekki orðið varir við hvarf stefnanda, heldur hafi vaktmaður fundið hana slasaða fyrir neðan gluggann á línherberginu, og sé ekki vitað með vissu, hve lengi hún hefur legið þar á köldum janúarmorgni. Megi því teljast mikil mildi, að stefnanda kól ekki í hel á spítalastéttinni.

Geðsjúkdómur stefnanda hafi nú rjátlast af henni, og hún vinni nú í söluskála í ....., en sé illa haldin af bæklun sinni, sem hún hlaut við fallið út um glugga á geðdeild Borgarspítalans.

Eftirtektarvert sé, að skýrsla Rannsóknarlögreglu ríkisins á dskj. nr. 3 sé gerð fyrir beiðni föður stefnanda eftir rúmlega tvo sólarhringa, frá því að tjónsatburðurinn gerðist. Spítalayfirvöld hafi ekki farið fram á neina rannsókn sjálf eða gert neina sjálfstæða rannsókn á atburðinum.

Vottorð geðlæknisins á dskj. nr. 5 sé ekki gefið fyrr en 40 dögum eftir tjónsatburðinn, og lýsi þetta vottorð aðdraganda atburðarins. Á dskj. nr. 7 sé vottorð læknis slysadeildarinnar um áverka, er stefnandi hlaut við atburðinn.

Í vitnaskýrslu Reynis Karlssonar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á dskj. nr. 6 megi sjá, að það var nánast fyrir tilviljun, að hann varð var við stefnanda, þar sem hann sá hana á milli bíla á bifreiðastæðinu. Var hún þá orðin bláleit af kulda, svo ekki dugði neitt að tala við hana.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

— — —

Lagarök stefnanda.

Stefnandi vísar til meginreglu skaðabótaréttarins, culpa-reglunnar, þar sem tjón stefnanda sé sennileg afleiðing saknæmrar og ólögmætrar hegðunar starfsmanna stefnda, og sé þá átt við trassaskap þeirra, hirðu- og kæruleysi við læknismeðferð, gæslu og eftirlit með mikið veikum sjúklingi svo og vanrækslu við að hafa öryggislæsingar á gluggum í lagi.

Um ábyrgð borgarsjóðs á starfsmönnum Borgarspítalans vísast til reglunnar um húsbóndaábyrgð á tjóni, er starfsmaður hans veldur með hirðuleysi og undir sakarregluna fellur.

Vísað er til læknalaga nr. 53/1988, m. a. 7. gr. og 9. gr., og til byggingarreglugerðar frá 1979, m. a. 6.3.3., um hverfiglugga.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveður stefnanda byggja mál þetta á þeim misskilningi, að til séu sjúkrahús hér á landi, rammgirt og lokuð sem fangelsi, þar sem ábyrgð

sé tekin á því, að enginn fari sér að voða, ekki einu sinni þeir, sem það einsetja sér. Þetta sé víðsfjarri raunveruleikanum. Engar slíkar mannheldar deildir sé að finna á íslenskum sjúkrahúsum, enda samræmist það ekki nútímalæknismeðferð.

Geðdeild Borgarspítalans sé ekki fremur en aðrar geðdeildir þannig gerð, að hún teljist mannheld. Hún sé ekki útbúin á neinn hátt sem öryggisgæsludeild, enda ekki ætlað slíkt hlutverk. Þar sé hins vegar leitast við að svara kröfum um öryggi með tilliti til hegðunarafbrigða, er fram geti komið hjá geðsjúku fólki, sbr. umsögn Ingvars Kristjánssonar geðlæknis á dskj. nr. 19.

Ekkert sé fram komið um það, að meðferð sú, er stefnandi fékk á geðdeild Borgarspítalans, hafi verið frábrugðin því, sem almennt gerist í slíkum tilfellum, eða að henni hafi verið ábótavant í tilteknum atriðum. Sú umönnun og gæsla, er stefnandi naut, hafi verið studd læknisfræðilegu mati á sjúkdómsástandi hennar fyrir slysið. Það mat hafi ekki verið vefengt, og því verði ekki hnekkt nema með læknisfræðilegu áliti, sem hvergi er að finna í gögnum málsins.

Sem fyrr segi, sé geðdeild Borgarspítalans ekki þannig útbúin, að ókleift sé að brjótast út af henni, ef menn vilji. Öll almenn öryggisatriði séu þar hins vegar og hafi verið, er stefnandi slasaðist, í fullkomnu lagi og í samræmi við reglur. Eigi það m. a. við um glugga þann, er stefnandi braust út um. Hafi þannig verið frá honum gengið, að ekki hafi verið unnt að falla út um hann í ógáti eða af slysni, en hins vegar hafi verið unnt að gera það af ásetningi, eins og stefnandi hljóti að hafa sýnt. Felist í því engin vanræksla af hálfu starfsmanna stefnda, þótt stefnandi hafi með einhverjum hætti komið fram þeim vilja sínum að fara út um gluggann.

Á geðdeild Borgarspítalans liggi að jafnaði um 30-35 sjúklingar, misjafnlega mikið veikir. Geðsjúkdómar séu öðrum sjúkdómum fremur óútreiknanlegir og geti tekið óvænta stefnu. Til þess séu sjúkrahús að lækna fólk. Geðdeild Borgarspítalans gæti ekki sinnt þessum tilgangi sínum, ef hún meðhöndlaði alla sjúklinga sem fanga og héldi uppi vörslu, er gerði ráð fyrir, að allir gætu tekið upp á því að skaða sig viljandi. Starfslið geðdeildarinnar hafi hjúkrað stefnanda eins vel og það gat í samræmi við sjúkdómsgreiningu og viðurkenndar starfsreglur. Sé óhugsandi, að hjá þessu fólki sé að finna sök, er leiði til skaðabótaskyldu samkvæmt íslenskum rétti. Stefnandi byggi á því og engu öðru, að um slíka sök sé að ræða. Það standist ekki, og því beri að sýkna stefnda.

Kröfugerð stefnanda er mótmælt sem allt of hárri og órökstuddri í ýmsum greinum.

Við munnlegan málflutning skýrði lögmaður stefnda mótmæli sín við fjárhæð kröfugerðar stefnanda þannig, að krafan væri allt of há og ekki

í tengslum við raunverulegan grundvöll, auk þess sem ekki sé nægilegt tillit tekið til andlegra veikinda stefnanda.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi kom fyrir dóm til skýrslugjafar svo og læknarnir Ingvar Kristjánsson, geðlæknir á Borgarspítalanum, og Hannes Pétursson, yfirlæknir geðdeildar Borgarspítalans.

Málsatvik eru í sjálfu sér óumdeild, en ágreiningur er um það, hvort gluggi sá, sem stefnandi fór út um, hafi verið með öryggislæsingu, þegar slysið varð.

Dómarinn fór á vettvang ásamt lögmönnum aðila og skoðaði umræddan glugga. Eftir slysið hefur verið sett á gluggann læsing, svo að hann var lokaður og læstur með lykli. Eftir nokkurn tíma tókst að finna lykil að glugganum, og var hann þá opnaður. Kom þá í ljós, að öryggispinni, sem er vinstra megin í gluggakarmi ofan miðju og á að koma í veg fyrir, að glugginn opnist meira en nokkra sentímetra, verkaði ekki. Eftir að öryggispinninn hafði verið stilltur, verkaði læsingin eins og til var ætlast.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi, að umrædda nótt hefði hún verið á stjái á ganginum, og hefði hún þá verið gripin óskaplegri hræðslu við fólk, sem henni fannst vera alls staðar á eftir sér. Hún hafi átt þá hugsun eina að koma sér út sem fyrst. Undir morgun hafi dyr út af deildinni verið opnaðar og einhver komið inn með Morgunblaðið. Hafi hún þá reynt að sæta lagi og komast út, en vaktmaður hafi stuggað við sér og læst. Hún hafi síðan heyrt glugga í línherbergi skella til og frá og hlaupið inn í línherbergið. Þar hafi umræddur gluggi verið opinn, og kvað stefnandi aðspurð, að öryggislæsing hefði ekki verið á, hún hefði ekkert þurft að eiga við hana. Aðspurð kvaðst hún ekki vita, hvernig eigi að losa um öryggispinna á slíkum gluggum. Stefnandi kvaðst hafa klifrað upp á syllu og troðið sér út um gluggann. Hún kvaðst hafa vanmetið hæðina niður og orðið undrandi, þegar hún kom síðar á staðinn með lögmanni sínum og sá, hversu hátt fallið var.

Með hliðsjón af framburði stefnanda, sem ekki var mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda, svo og af atvikum öllum og ástandi gluggans við vettvangsskoðun má telja líklegt, að glugginn hafi ekki verið fastur í öryggislæsingu, þegar stefnandi kom að honum.

Samkvæmt byggingarreglugerð nr. 292/1979, lið 6.3.3., skulu hverfigluggar í svefnherbergisdeildum íbúðarhúsa ekki vera minna en einn metra frá gólfi og fast op ekki meira en 120 mm. Öryggiskeðja eða krókur skal að jafnaði vera fyrir ofan gluggann. Og í lið 6.3.4. segir m. a., að í íbúðarhúsum, sem eru meira en ein hæð, skuli komið fyrir öryggiskeðju eða

öðrum jafngóðum búnaði á þeim opnanlegum gluggum, sem börnum gæti annars stafað hætta af. Þá segir í lið 6.10.1.1., að um m. a. sjúkrahús skuli miða við þær reglur, er gilda um íbúðarhús, eftir því sem þær geta átt við að mati byggingarnefndar.

Ofangreindar reglur miða að því, að börn eða óvitar geti ekki skaðað sig með því að falla af slysni eða fyrir óvitaskap út um glugga. Ekki verður þó annað séð af reglugerðinni en gluggarnir megi vera þannig úr garði gerðir, að fullorðnir geti losað um öryggiskeðjuna eða krókinn. Virðast ekki gilda aðrar reglur um það fyrir sjúkrahús.

Gluggi sá, sem stefnandi fór út um, var þannig búinn, að hefði öryggispinni verið í lagi, mátti tiltölulega auðveldlega losa um hann, væri ásetningur fyrir hendi, svo að glugginn opnaðist upp á gátt.

Það liggur fyrir, að stefnandi átti einungis eina hugsun, þegar hún kom að glugganum, þ. e. að koma sér út um hann. Þykir því ekki skipta meginmáli, hvort glugginn var fastur í öryggispinna eða ekki, þar sem ásetningur stefnanda var sá að fara út um gluggann.

Á dskj. nr. 19, sem er bréf Ingvars Kristjánssonar geðlæknis til framkvæmdastjóra Borgarspítalans, kemur fram m. a., að stefnandi hafi greinilega verið haldinn ofsóknarhugmyndum, þegar hún var lögð inn á deildina 13. janúar 1987. Ekki voru talin hjá henni merki um sjálfsvígs- eða ofbeldishugmyndir. Að morgni næsta dags var ákveðið að viðhafa sérstaka aðgát við umönnun sjúklings.

Hannes Pétursson yfirlæknir skýrði svo frá fyrir dómi aðspurður, að í tilviki stefnanda hefði með orðunum „sérstakri aðgát við umönnun sjúklings" verið átt við það að gæta þess að hafa útidyr lokaðar. Aðspurður kvaðst læknirinn ekki treysta sér til að fullyrða um öryggisútbúnað gluggans.

Ingvar Kristjánsson geðlæknir gaf svipaða skýringu á orðunum „sérstök aðgát við umönnun sjúklings" í tilfelli stefnanda.

Í framburði beggja lækna kom þó fram, að almennt eru útidyr ýmist læstar eða varðmaður við þær. „Sérstök aðgát" við umönnun stefnanda virðist því ekki fela í sér aðgát umfram það, sem almennt gerist á deildinni.

Samkvæmt gögnum málsins svo og framburði læknanna tveggja, sem skýrslu gáfu fyrir dómi, er ljóst, að geðdeild Borgarspítalans telst ekki vera lokuð deild í þeim skilningi, að hún sé mannheld, enda þótt eftirlit með sjúklingum, sem á deildinni dveljast, sé meira en á almennum deildum sjúkrahúsa hér á landi. Það kom þó fram hjá læknunum, að í ákveðnum tilvikum, þegar þörf er talin á, er höfð föst gát á sjúklingi, þ. e., að sjúklingur er undir stöðugu eftirliti starfsmanns deildarinnar.

Í tilviki stefnanda var af læknum ekki talin ástæða til að hafa slíkan gæslumann með henni. Ekki liggur fyrir, að ástand stefnanda hafi verið

þannig, þegar sú ákvörðun var tekin, að það gæfi tilefni til slíkrar gæslu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að umönnun stefnanda að öðru leyti, lyfjagjöf og önnur meðhöndlun, hafi eftir atvikum verið röng, þegar ákvörðun um hana var tekin.

Það liggur jafnframt fyrir, að stefnandi var ekki í sjálfsvígshugleiðingum og ásetningur hennar ekki að skaða sjálfa sig.

Verður því samkvæmt framansögðu ekki á það fallist, að kenna megi slysið trassaskap starfsmanna Borgarspítalans, hirðu- eða kæruleysi við læknismeðferð, gæslu- eða eftirlitsleysi með stefnanda ellegar vanrækslu við að hafa öryggislæsingu á umræddum glugga.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, borgarsjóður Reykjavíkur, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, H, ...

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 110/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sveinbirni Hrafnssyni
(Jón Oddsson hrl.).

Ákæra. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1993, en ákærði hafði óskað áfrýjunar um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Ákærði krefst þess aðallega, að ákæru málsins verði vísað frá héraðsdómi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness verði ómerkt og hinn áfrýjaði dómur úr gildi felldur. Til vara krefst ákærði sýknu af öllum kröfum ákæruvalds og til þrautavara vægustu refsingar, er lög heimila, og verði hún höfð skilorðsbundin.

Í ákæru í máli þessu kemur hvorki fram, hvar né hvenær brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, voru framin. Er það í brýnni andstöðu við c-lið 1. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verknaðarlýsing ákæru er afar óljós. Þar er ákært fyrir „að selja allt að 180 lítra af áfengi á kr. 1.500 ... og allt að 100 lítra á kr. 1.600 ...“ Ekki kemur fram, við hvað tilgreining söluverðs er miðuð eða um hvers konar áfengi var að ræða, og aðeins er kveðið á um hámark áfengismagnsins, en ekki lágmark þess. Var ákæran alls ekki tæk til efnismeðferðar, og mátti héraðsdómari ekki gefa út fyrirkall samkvæmt 120. gr. laga nr. 19/1991, heldur bar honum að vísa málinu ex officio frá dómi, sbr. 3. mgr. 119. gr. sömu laga. Samkvæmt framansögðu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 12. febrúar 1993.

Ár 1993, föstudaginn 12. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Auðbrekku 10, Kópavogi, af Benedikt Bogasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í máli nr. S-17/1983: Ákæruvaldið gegn Sveinbirni Hrafnssyni, sem tekið var til dóms 4. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, út gefnu 21. janúar 1993, af sýslumanninum í Kópavogi gegn ákærða, Sveinbirni Hrafnssyni trésmið, kt. 190364-2839, Víðihvammi 10, Kópavogi, „fyrir að selja allt að 180 lítra af áfengi á 1.500 kr. til Alberts Jónssonar og allt að 100 lítra á allt að 1.600 kr. til annarra. Áfengið keypti ákærði af ókunnum manni á 1.000 kr. hvern lítra.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978 um breyting á þeim.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku á þremur lítrum áfengis, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins, skv. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940".

Ákærði hefur skýlaust játað að hafa framið þann verknað, er í ákæru greinir. Tekin voru sýni af áfengi því, sem lögreglan í Kópavogi lagði hald á, og send til rannsóknar. Í niðurstöðum Rannsóknastofu í lyfjafræði kemur fram, að magn etanóls í áfenginu sé 35-36% og það af þeirri gerð, sem yfirleitt nefnist „landi". Er því sannað, að ákærði hefur framið það brot, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsilaga í ákæru.

Við ákvörðun viðurlaga ber að hafa hliðsjón af 2. mgr. 34. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978. Þykir refsing ákærða, sem hefur ekki áður sætt refsiviðurlögum, svo að kunnugt sé, hæfilega ákveðin 360.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi fjögurra mánaða varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Þá ber að fallast á þá kröfu ákæruvaldsins, að ákærða verði gert að

þola upptöku á þremur lítrum af áfengi, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins, með vísan til 8. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinbjörn Hrafnsson, greiði sekt, 360.000 kr., til ríkissjóðs, og komi fjögurra mánaða varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði sæti upptöku á þremur lítrum af áfengi, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins,

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 64/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Gunnari Péturssyni
(Kristján Stefánsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Þjófnaður, tilraun. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1993 að ósk ákærða, en einnig af ákæruvaldsins hálfu til þyngingar á refsingu. Fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ákærði krefst sýknu af ákæru um ölvunarakstur í I. kafla ákæru, en að öðru leyti vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Í I. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni V-154 án ökuréttinda og undir áhrifum áfengis frá Framnesvegi að Sólheimum 27 í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 19. apríl 1992. Eins og lýst er í héraðsdómi, viðurkenndi ákærði við yfirheyrslu hjá lögreglu eftir hádegi sama dag að hafa verið undir áhrifum áfengis og fíkniefna, þegar hann ók bifreiðinni, en hann hefur aldrei öðlast ökuréttindi. Í skýrslu lögreglunnar er „hugsanleg neysla á fíkniefnum" talin meðal þess, sem málið varði, en þar kemur fram, að ekki hafi verið að finna neinn áfengisþef af þeim, sem voru handteknir, þar á meðal ákærða. Þegar ákærði kom fyrir dóm 9. desember 1992, sagðist hann ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni. Hann kvaðst hafa verið vakandi þrjá til fjóra sólarhringa samfleytt vegna fíkniefnaneyslu, en kveðst ekki hafa verið í vímu, er hann ók bifreiðinni.

Ákærði var ekki færður til blóðrannsóknar, og ekkert liggur fyrir um magn áfengis eða vímuefna í blóði hans. Lögreglumennirnir, sem handtóku ákærða, og varðstjórinn, sem tók á móti honum á lögreglustöðinni, hafa engar skýrslur gefið í málinu um ástand ákærða, hvorki hjá lögreglu né fyrir dómi. Er ekki nægilega í ljós

leitt, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók umræddri bifreið, og ber að sýkna hann af ákæru fyrir það brot.

Brot ákærða að öðru leyti voru framin af ófyrirleitni, og jafnframt veitti hann lögreglumönnum harða mótspyrnu, er hann var staðinn að verki. Þegar sakaferill ákærða er hafður í huga og með hliðsjón af ákvæðum 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Pétursson, sæti fangelsi fjóra mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. desember 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 15. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-195/1992: Ákæruvaldið gegn Gunnari Péturssyni, sem tekið var til dóms 9. desember sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 24. nóvember sl., á hendur ákærða, Gunnari Péturssyni, Öldugötu 41, Hafnarfirði, fæddum 13. desember 1970, fæðingarnúmer 313, fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 19. apríl 1992:

I.

„Fyrir að aka bifreiðinni V-154 án ökuréttinda og undir áhrifum áfengis frá Framnesvegi að Sólheimum 27.

Telst þetta varða við 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

II.

Fyrir að reyna að stela útvarpstæki úr mælaborði bifreiðarinnar IV-300 við Sólheima 27 ásamt Karli Jökli Karlssyni, kt. 280671-4449, en lögreglumenn komu að þeim á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 19. apríl sl. kl. 5.45 var lögregla kvödd að Sólheimum 27 vegna mannaferða við bifreiðar, er þar voru. Er lögreglumenn komu á vettvang, sáu þeir þrjá menn í bifreiðinni V-154, en í bifreiðinni IV-300 voru ákærði og Karl Jökull, og lögðu þeir á flótta, en voru fljótlega handsamaðir. Við skoðun á bifreiðinni IV-300 kom í ljós, að reynt hafði verið að stela úr henni útvarpstæki.

Ákærði var færður í fangageymslur lögreglunnar, og í handtökuskýrslu er ástandi hans svo lýst, að hann hafi verið með áfengisáhrifum, en allsgáður af annarri vímu. Ákærði var ekki færður til blóðrannsóknar.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu laust eftir hádegi sama dag, og viðurkenndi hann þá að hafa ekið bifreiðinni V-154 undir áhrifum áfengis og fíkniefna að Sólheimum 27 í þeim tilgangi að stela útvarpi úr bifreið. Kvaðst ákærði hafa verið búinn að drekka vodka eða landa fyrr um nóttina, og jafnframt kvaðst hann hafa verið búinn að reykja hass og „sniffa" amfetamín skömmu fyrir handtökuna. Þá kvaðst ákærði hafa sprautað sig með svokölluðum „ blómafemma", er ákærði sagði fyrir dómi, að væri ein tegund amfetamíns.

Ákærði kvaðst aldrei hafa hlotið ökuréttindi.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 9. desember sl., og kvað hann ákæruna rétta að öðru leyti en því, að hann kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni V-154. Kvaðst ákærði hafa verið lengi vakandi, þrjá til fjóra sólarhringa samfleytt, vegna fíkniefnaneyslu, en þó kvaðst hann ekki hafa verið í vímu, er hann ók bifreiðinni.

Niðurstaða.

Ákærði hefur fyrir dómi viljað hverfa frá játningu sinni um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis. Þegar virtur er framburður ákærða hjá lögreglu, sem fær stoð í lýsingu á ástandi hans í handtökuskýrslu, svo og framburður hans fyrir dómi um fíkniefnaneyslu hans undanfarna sólarhringa, þykja ekki fram komin haldbær gögn, er hnekkja eigi játningu hans. Telst því fyllilega sannað, að ákærði hafi ekið umræddri bifreið undir áhrifum áfengis. Aðrar sakargiftir á hendur ákærða eru sannaðar með játningu hans og öðrum gögnum málsins.

Brot ákærða eru rétt færð til refsiákvæða í ákæruskjali.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1987 hlotið tíu dóma fyrir brot gegn 106., 110., 155., 218., 244., 257. og 259. gr. almennra hegningarlaga og umferðarlögum, aðallega 48. gr. Nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú rétt tæpum fimm árum. Auk þessa sættist ákærði á dómsátt árið 1987 fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot og 19. júní sl. fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Hinn 18. mars sl. var ákærða veitt reynslulausn skilorðsbundið í tvö ár á 253 daga eftirstöðvum refsinga. Ákærði rauf skilorð reynslulausnarinnar, og tók Fangelsismálastofnun ríkisins þá ákvörðun, að hann skyldi afplána framangreindar eftirstöðvar, og hóf hann afplánun 24. apríl sl., og lýkur afplánun eftirstöðvanna 2. janúar nk. Kemur því ofangreind reynslulausn ekki til álita í þessu máli.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa hliðsjón af ákvæðum 72., 77., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 25.000 krónur.

Guðjón Magnússon fulltrúi flutti málið af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Pétursson, sæti fangelsi fjóra mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin sáksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 25.000 krónur.

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 187/1991. **Bjarni Jónasson**
(sjálfur)
gegn
Arnmundi Þorbjörnssyni
(Jón Hjaltason hrl.)
og gagnsök.

Meiðyrðamál. Ómerking ummæla. Fyrning sakar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1991. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. júní 1991, en áfrýjunarstefna var birt honum 21. maí sama ár. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Mál þetta hefur aðaláfrýjandi höfðað vegna ummæla í garð hans í blaðagrein, sem gagnáfrýjandi ritaði undir nafni í bæjarblaðið Fréttir í Vestmannaeyjum, er út kom 2. febrúar 1988. Grein þessi varðaði starf aðaláfrýjanda hjá Vernduðum vinnustað í Vestmannaeyjum, Kertaverksmiðjunni Heimaey, en aðaláfrýjandi var þar ráðinn framkvæmdastjóri full fjögur ár, frá byrjun febrúar 1984 til loka janúar 1988. Gagnáfrýjandi átti sæti í stjórn stofnunarinnar á þessum tíma. Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi átelur, hefur hann tiltekið í 17 töluliðum í I. kafla héraðsstefnu, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, þar sem málavöxtum er einnig lýst.

Staðfesta ber það álit héraðsdómara, að málið sé of seint höfðað sem refsimál, sbr. 1. málslið 1. mgr. 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og sök vegna hinna átöldu ummæla er fyrnd á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 81. gr. sömu laga. Auk þess sem refsing á hendur gagnáfrýjanda kemur ekki til álita af þessum sökum er ekki unnt

að beita hann þeim viðurlögum, sem um er mælt í 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, að standa straum af kostnaði við birtingu dóms í málinu, sbr. ákvæði 6. mgr. 82. gr. laganna. Af þeim ákvæðum verður sú ályktun dregin á hinn bóginn, að aðaláfrýjandi geti komið fram dómkröfum um ómerkingu á ummælum samkvæmt 1. mgr. 241. gr. og um bætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laganna.

Gagnáfrýjandi kveður blaðagrein sína ritaða til svars við grein þeirri, er aðaláfrýjandi birti í vikublaðinu Dagskrá í Vestmannaeyjum 29. janúar 1988. Sú grein fjallaði að meginefni um vörumerki það, sem aðaláfrýjandi hannaði fyrir stofnunina, en lýsti einnig gagnrýni á stjórn hennar. Fallast verður á það með aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi seilst lengra í svarinu en efni voru gefin til. Á þetta einkum við um orð hans í upphafi og niðurlagi blaðagreinarinnar, þar sem vegið er að starfsheiðri og hæfileikum aðaláfrýjanda með meiðandi hætti.

Meðal þeirra átelur aðaláfrýjandi eftirfarandi ummæli, er varða ráðningu hans í starf framkvæmdastjóra: Í lið I.1: „... en þegar menn fengu að vita, hvað ríkið vildi greiða í laun, hættu allir við nema Bjarni ...“ Í lið I.15: „Já, það var mikið lánleysi, að við skyldum sitja uppi með einn umsækjanda og áttum ekki annarra kosta völ.“ Þessi ummæli verður að telja tilhæfulaus að því leyti, sem þau beinast gegn aðaláfrýjanda, þar sem nægilega er upplýst, að þrír eða fjórir aðrir umsækjendur hafi enn haft áhuga á starfinu, þegar ráðningin var ákveðin. Í þeim felst refsiverð aðdróttun samkvæmt 235. gr., sbr. 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin eru óviðurkvæmileg, og ber að dæma þau dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laganna eftir kröfu aðaláfrýjanda.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um ómerkingu átalinna ummæla í lið I.17 í kröfugerð aðaláfrýjanda.

Önnur átalin ummæli mega teljast innan marka þess, sem hafa mátti uppi að ósekju í svari til aðaláfrýjanda á opinberum vettvangi, eins og niðurstaða hins áfrýjaða dóms bendir til.

Samkvæmt því, sem hér var rakið, á aðaláfrýjandi rétt til miskabóta á grundvelli 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og ber að virða þær á sömu forsendum og gert var í hinum áfrýjaða dómi.

Þykja þær hæfilega ákveðnar 40.000 krónur, er gagnáfrýjanda ber að greiða aðaláfrýjanda með vöxtum frá 6. febrúar 1990, eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem á er kveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Arnmundur Þorbjörnsson, á að vera sýkn af refsikröfu aðaláfrýjanda, Bjarna Jónassonar, í máli þessu og kröfu hans um greiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms í málinu.

Ummæli þau, sem fyrr eru greind samkvæmt tilfærslu í liðum 1, 15 og 17 í I. kafla stefnu í héraði, eiga að vera dauð og ómerk.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 40.000 krónur í miskabætur með hæstu almennum innlánsvöxtum af þeirri fjárhæð frá 6. febrúar 1990 til uppsögudags dóms þessa auk vaxtavaxta, sem leggja má við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. febrúar 1991, en frá dómsuppsögudegi greiði hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 80.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 4. febrúar 1991.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., er höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 5. febrúar 1990, af Bjarna Jónassyni, kt. 041037-4909, Brekkugötu 1, Vestmannaeyjum, á hendur Arnmundi Þorbjörnssyni, kt. 180422-2779, Brimhólabraut 6, Vestmannaeyjum.

Stefnandi, Bjarni Jónasson, gerði við munnlegan málflutning eftirfarandi dómkröfur:

Að stefndi, Arnmundur, yrði dæmdur til refsingar.

Átalin ummæli stefnda, sem stefnandi tilgreindi sérstaklega í stefnu undir

liðnum I, sbr. einnig dskj. 36, og fara hér á eftir, yrðu dæmd dauð og ómerk:

1.„...en þegar menn fengu að vita, hvað ríkið vildi greiða í laun, hættu allir við nema Bjarni....".

2.„...enda stóðu í umsókn hans engar kaupkröfur, enginn vandi að semja um kaupið".

3.„Ég get sagt frá því núna, að það var engin sérstök hrifning hjá sumum, þegar við samþykktum ráðningu Bjarna."

4.„...sem stjórnin notaði við bréfaskipti við danska fyrirtækið Scankey".

5.„Þá varð Bjarni vondur og sagði".

6.„Svo segir Bjarni, að stjórnin hafi átt að láta skrásetja merkið..."

7.„Hann verður strax hinn versti og hendir ýmsum stóryrðum í mig..."

8.„ „Það eru fúskarar," sagði Bjarni þá."

9.„Ég held, að fleirum í stjórn VVV hafi fundist eins og mér, að þetta væru vinnubrögð, sem ekki væri hægt að hrópa húrra fyrir."

10.„Finnst fólki þetta vera vinnubrögð til fyrirmyndar?"

11.„Áfram hélt þetta mál að þvælast fyrir okkur á fundum..."

12.„Þetta voru margir litir, svo að varla hefur Sonja búist við, að þetta væri allt á lager."

13.„ En það er annað verra, sem er í bréfinu frá Sonju og Bjarni nefnir ekki og er alvarlegt mál."

14.„Hún kvartar um það, að hluti af sendingunni, sem hún fékk síðast, hafi verið gallaður eða ekki staðist eins og það hefði átt að gera."

15.„Já, það var mikið lánleysi, að við skyldum sitja uppi með einn umsækjanda og áttum ekki annarra kosta völ."

16.„Þú ert búinn að segja hér á mínum vinnustað, svo að margir heyrðu, að þú skyldir sjá til þess, að ég þyrfti að mæta hjá ríkissaksóknara...."

17.„Þar hef ég aldrei komið, svo að það verður nýtt fyrir mig, en *þú kannast við þennan stað.*"

Að stefnda, Arnmundi Þorbjörnssyni, verði gert að greiða stefnanda fjárhæð, 70.000 kr., til að standa straum af birtingu dóms, atriðisorða hans og forsendu, í opinberu blaði, einu eða fleirum.

Að stefndi, Arnmundur, verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur, 150.000 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 2. febrúar 1988 til greiðsludags.

Að stefndi, Arnmundur Þorbjörnsson, verði loks dæmdur til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að mati dómsins auk dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Að hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að

greiða stefnda málskostnað að skaðlausu auk dráttarvaxta af málskostnaði skv. vaxtalögum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sættir hafa verið reyndar, en reynst jafnan árangurslausar.

Stefnandi, Bjarni Jónasson, sem er ólöglærður, flutti mál sitt sjálfur. Af hálfu dómarans var gætt leiðbeiningarskyldu.

II.

Málsatvik.

Í rúmlega þrjú ár var stefnandi framkvæmdastjóri Verndaðs vinnustaðar, Vestmannaeyjum, sem rekur Kertaverksmiðjuna Heimaey í húsinu nr. 46 við Faxastíg hér í bæ. Seinni hluta árs 1987 sagði stjórn VVV stefnanda upp störfum með umsömdum þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. nóvember 1987. Stefnandi hætti því störfum hjá VVV 31. janúar 1988. Á fyrri hluta starfstíma stefnanda mun danska ráðgjafarfyrirtækið Scankey hafa verið ráðgefandi aðili um kaup á tækjum og kertaframleiðslu. Hið danska ráðgjafarfyrirtæki mun hafa lagt áherslu á, að nauðsynlegt væri fyrir Kertaverksmiðjuna Heimaey að hafa vörumerki til að kynna, markaðssetja og selja vöru sína og æskilegt væri, að slíkt vörumerki minnti á Heimaeyjargosið. Áður en stefnandi hóf störf hjá VVV, höfðu tveir meðlimir framkvæmdastjórnar VVV hannað vörumerki til auðkenningar á framleiðslu fyrirhugaðrar verksmiðju, og fékkst merkið samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar síðari hluta árs 1983.

Verndaður vinnustaður, Vestmannaeyjum, hóf framleiðslu á kertum, nokkru eftir að stefnandi tók þar til starfa. Fljótlega mun stefnandi hafa bent stjórn VVV á, að það vörumerki, sem framkvæmdastjórnin hafði á sínum tíma samþykkt, uppfyllti ekki áskilin skilyrði. Fékk stefnandi á árinu 1984 heimild stjórnar til að vinna áfram að vörumerki. Stefnandi gerði nú sjálfur vörumerki, sem hann málaði á gafla verksmiðjuhússins. Stjórn VVV komst að samkomulagi við stefnanda um greiðslu á reikningi, sem stefnandi gaf út í þessu sambandi, og er vörumerki stefnanda nú notað sem auðkenni á framleiðsluvöru Kertaverksmiðjunnar Heimaeyjar.

Nokkrum dögum áður en stefnandi hætti störfum sem framkvæmdastjóri VVV, ritaði hann grein, sem birtist 29. janúar í bæjarblaðinu Dagskrá. Fyrirsögn greinarinnar var: Heimaey án vörumerkis. Í greininni vék stefnandi að því, að stjórn VVV hefði ekki gengið lögformlega frá skráningu á vörumerki því, sem framleiðsluvara kertaverksmiðjunnar væri auðkennd með, en hann væri höfundur að merkinu. Stefnandi lýsti því síðan yfir í greininni, að þar sem hann teldi líkur á, að ef kertaverksmiðjan notaði merkið áfram, yrði sú notkun í öðru samhengi en hann hefði ætlast til og því hugsanlega höfundarheiðri hans til hnekkis, þá hefði hann ákveðið að heimila ekki frekari notkun merkisins. Í undirkafla, sem bar yfirskriftina

Greinargerð, gerði stefnandi í umræddri blaðagrein grein fyrir aðdraganda að því, að hann hefði ráðist í að gera vörumerkið, en hann hefði fljótt gert sér ljóst, að einn liður í því að ná árangri á markaði, sem væri yfirfullur að áliti stefnanda, væri að kynna stofnunina undir góðu merki. Oftlega kvaðst hann hafa gert stjórninni grein fyrir því, hve nauðsynlegt hann teldi vörumerkið vera. Orðrétt sagði stefnandi síðan í áðurnefndri blaðagrein:„ Fátt var um úrræði hjá hinni lánlausu stjórn sem endranær." Stefnandi kvaðst síðan hafa á elleftu stundu gripið til þess úrræðis að teikna merki, sem síðan hefði verið notast við með viðunandi árangri.

Í blaðagreininni gat stefnandi þess síðan, að stjórnin hefði ekki hirt um að gera við sig samning um framsal höfundarréttar að merkinu, eins og stefnandi orðaði það, eða skrásetja merkið. Stefnandi vék síðan að því, að hann teldi mega greina merki hnignunar hjá kertaverksmiðjunni, enda hefði öryrkjum verið sagt að vera heima fram á árið, sem væri nýbyrjað, en ekki væri hægt að sinna árvissri páskapöntun til Svíþjóðar, þar sem stjórnin hefði sagt fólkinu að vera heima. Í lok blaðagreinarinnar getur stefnandi þess, að um leið og hann hyrfi frá kertaverksmiðjunni, hyrfi með sér umgetið vörumerki.

Hinn 2. febrúar 1988 birtist í bæjarblaðinu Fréttum svargrein frá Arnmundi Þorbjörnssyni. Stefndi, Arnmundur, sem gefið hefur munnlega aðilaskýrslu fyrir réttinum, kvaðst hafa skrifað greinina, þar sem sér hefði fundist, að stjórnin þyrfti að svara grein Bjarna, enda hefði sér fundist á hana hallað í greininni. Hann kvaðst hafa ritað greinina að eigin frumkvæði, en ekki hefðu verið gerðar athugasemdir af hálfu annarra stjórnarmanna, eftir að greinin birtist. Hann sagði, að þegar stjórnin hefði samþykkt ráðningu Bjarna, hefði hann og fleiri stjórnarmenn haft uppi nokkrar efasemdir, og því hafi ekki verið greidd atkvæði um ráðningu hans. Það hafi verið þetta, sem hann hafi átt við, er hann ritaði í grein sinni:„Ég get sagt frá því núna, að það var engin sérstök hrifning hjá sumum, þegar við samþykktum ráðningu Bjarna", en tók fram, að eftir að Bjarni hefði verið ráðinn, hefði hann reynt að styðja við bakið á honum. Hann sagði, að þar sem hann minntist á ríkissaksóknara í grein sinni og m. a. talaði um, að Bjarni kannaðist við þann stað, hefði hann haft í huga orð Bjarna sjálfs um, að hann væri í máli við tiltekna stofnun hér í bæ. Það, að hann minntist á ríkissaksóknara í þessu sambandi, stafaði af vanþekkingu sinni á réttarkerfinu. Hann hefði átt við bæjarþing, þar sem hann talaði um ríkissaksóknara.

Vitnið Sigurður Óskarsson, sem allt frá stofnun kertaverksmiðjunnar og fram til ársloka 1989 sat í stjórn VVV, ýmist sem aðal- eða varamaður, kvaðst telja grein stefnda í bæjarblaðinu Fréttum vera rétta, en tók fram, að það minntist þess ekki, að nokkur ágreiningur hefði verið um ráðningu

stefnanda, eins og fram kæmi í greininni, en ekki vildi vitnið samt fortaka fyrir, að svo hefði getað verið. Vitnið sagði, að þetta væri hið eina, sem það hefði út á grein stefnda á setja, og kvaðst vitnið telja, að að öðru leyti væri greinin rétt. Vitnið, Sigurður, kvaðst sjálft hafa á sínum tíma verið mjög hlynnt ráðningu stefnanda, en vitnið tók fram, að það hefði einnig verið samþykkt því, að stefnandi yrði látinn hætta. Vitnið kvaðst hafa litið svo á, að eftir að stjórn VVV hefði verið búin að kaupa merkið af stefnanda, hefði það verið eign VVV; að öðrum kosti hefðu að mati vitnisins ekki þurft að fara fram nein kaup.

Stefnanda var gerður kostur á að gefa við aðalmeðferð munnlega aðilaskýrslu fyrir dóminum, en hann kaus ekki að nýta sér þann rétt.

III.

Málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi telur, að grein Arnmundar sé ærumeiðandi fyrir sig og greinin sé í heild sinni ósvífin, móðgandi og sett fram og birt á ótilhlýðilegan hátt og af illfýsi. Greinin sé rætin og staðreyndir affluttar. Aftur á móti örli hvergi á illfýsi í grein þeirri, er hann sjálfur ritaði og birtist í Dagskrá, þótt segja mætti, að vottaði fyrir stríðni á einstaka stað.

Stefndi telur aftur á móti, að ásakanir stefnanda séu algjörlega úr lausu lofti gripnar. Í málatilbúnaði stefnanda sé hvergi vikið að því, hver sé kveikjan að grein þeirri, sem stefnandi hafi ritað. Stefndi segir, að grein sín í Fréttum sé svargrein til að koma að leiðréttingu við grein stefnanda, en stefnandi hafi þar ómaklega vegið að stjórn VVV. Stefndi kveður stefnanda ekki hafa vandað stjórninni kveðjurnar í blaðagrein sinni og vitnar sérstaklega til orðanna: „Fátt var um úrræði hjá hinni lánlausu stjórn." Stefndi segir, að varla sé það mikið, þótt stjórnin hafi viljað koma með leiðréttingu á þessu. Stefndi telur nauðsynlegt í þessu sambandi að lesa báðar greinarnar saman, dskj. 3 og dskj. 32, og í heild, og sjáist þá, að stefnandi hafi gefið stefnda fullt tilefni til varnargreinar, en stefndi hafi þá verið stjórnarmaður í VVV.

Um hin einstöku ummæli í blaðagrein stefnda segja málsaðilar þetta:

Um I,1.

Stefnandi telur ummæli þessi meiðandi og móðgandi og að í þeim felist aðdróttun, sem borin sé út gegn betri vitund. Fyrirliggjandi gögn renni alls ekki stoðum undir fullyrðingar stefnanda. Ummælin telur stefnandi varða við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr 19/1940.

Stefndi telur aftur á móti, að hér sé um sönn ummæli að ræða, en stjórnin hafi ekki þekkt deili á þeim tveimur umsækjendum öðrum, sem auk stefnanda voru eftir, er kaupið hafði verið kynnt. Ummælin séu á engan hátt meiðandi fyrir stefnanda.

Um I, 2.

Stefnandi telur ummæli þessi meiðandi og móðgandi og að í þeim felist aðdróttun, sem borin sé út gegn betri vitund. Ummælin telur stefnandi varða við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi telur aftur á móti, að hér sé um sönn ummæli að ræða og í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn, en ummælin séu á engan hátt meiðandi fyrir stefnanda.

Um I, 3.

Stefnandi telur, að í ummælum þessum felist órökstuddar dylgjur og að þau séu meiðandi og móðgandi fyrir sig og hin meiðandi ummæli séu borin út gegn betri vitund. Ummælin telur stefnandi varða við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi telur hins vegar, að hér sé um sanna frásögn að ræða, án þess að nokkuð sé meiðandi fyrir stefnanda í því sambandi.

Um I, 4.

Stefnandi kveður stefnda hér staðhæfa gegn betri vitund, m. a. með hliðsjón af framburði stefnda í svonefndu vörumerkjamáli (máli nr. 9/1989, höfðuðu af stefnanda fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja), og telur stefnandi, að staðhæfing gegn betri vitund varði við 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að áliti stefnda er hér ekkert athugavert við tilgreind ummæli, enda ljóst, að á umræddu tímabili hafi vörumerki það, sem stefnandi vísi til í ummælunum, verið til hjá kertaverksmiðjunni.

Um I, 5.

Stefnandi kveður hér vera um aðdróttun gegn betri vitund að ræða, sem hafi ærumeitt sig, móðgað og verið virðingu sinni til hnekkis. Ummælin kveður stefnandi varða við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir, að hér sé um sönn ummæli að ræða og ekki í neinu hallað á stefnanda.

Um I, 6.

Stefnandi kveður í ummælum þessum felast ærumeiðandi og móðgandi aðdróttun, sem sé virðingu sinni til hnekkis og staðhæfð gegn betri vitund og varði því að áliti stefnanda við 234. gr., 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi kveðst einfaldlega hafa hér verið að svara orðum stefnanda í greininni í Dagskrá. Ummælin séu því bein afleiðing af því, sem stefnandi sjálfur hafi sagt, og í engu hallað réttu máli, enda hafi það verið skoðun stefnda, að stefnandi hafi átt að sjá um að skrásetja vörumerkið, á meðan hann var framkvæmdastjóri kertaverksmiðjunnar.

Um I, 7.

Stefnandi kveður í ummælum þessum felast ærumeiðandi og móðgandi aðdróttun, sem sé virðingu sinni til hnekkis, enda hér látið að því liggja, að stefnandi sé haldinn skapgerðarbrestum. Í ummælum felist staðhæfing gegn betri vitund. Að áliti stefnanda varða ummæli þessi við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi bendir á, að hér verði að lesa alla málsgreinina í heild sinni og að stefnandi hafi alls ekki mótmælt því, að þetta hafi gerst á sama hátt og stefndi einmitt lýsi.

UM I, 8.

Stefnandi kveður stefnda hér hafa uppi óþörf ummæli og að í þeim felist staðhæfing gegn betri vitund og varði því að áliti stefnanda við 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir aftur á móti, að hér hafi hann verið að greina frá áliti stefnanda sjálfs og hvergi sé farið lengra en telja verði eðlileg viðbrögð manns, sem sé að svara fyrir sig.

Um I, 9.

Stefnandi segir, að í ummælunum felist móðgun, sem borin sé út gegn betri vitund og varði við 234., 235., og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi kveður aftur á móti hér einungis vera um sanna frásögn af atburðum að ræða, án þess að nokkuð sé meiðandi fyrir stefnanda í tilvitnuðum ummælum. Stefndi segir það vera staðreynd, að framvísun stefnanda á reikningi upp á 120.000 krónur fyrir merkið hafi komið flatt upp á alla í stjórninni. Hér eigi það einnig við, að ekki hafi verið gengið lengra en telja megi eðlileg viðbrögð menns, sem sé að svara fyrir sig.

Um I, 10.

Stefnandi kveður í ummælum þessum felast móðgun, þau séu meiðandi fyrir sig og séu enn fremur borin út gegn betri vitund, og telur stefnandi þau varða við 234. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi kveður hér vera að ræða um eðlileg viðbrögð manns, sem sé að svara fyrir sig, og hvergi gengið lengra en telja megi eðlilegt í því sambandi.

Um I, 11.

Stefnandi kveður þá staðhæfingu, sem í tilgreindum ummælum felist, ekki eiga við rök að styðjast og varði því við 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að áliti stefnanda.

Stefndi kveður hér um algjöran misskilning að ræða, því að hér sé einfaldlega verið að tala um stjórnarmennina sjálfa.

Um I, 12.

Stefnandi kveður það sama gilda hér og sagt hafi verið um ummæli, tilgreind í I, 11, því að sú staðhæfing, sem í tilgreindum ummælum felist,

eigi ekki við rök að styðjast og varði því að áliti stefnanda við 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi kveður hér vera um að ræða hugleiðingar sjálfs sín og alls ekki sé vikið einu orði að stefnanda í tilgreindum ummælum.

Um I, 13.

Stefnandi segir, að í þessu sambandi verði á það að líta, að kvörtun Sonju hafi verið minni háttar og hún hvorki krafið um skaðabætur né aðra ógallaða vöru. Stefnandi kveður ummælin vera ærumeiðandi fyrir sig og að í þeim felist móðgandi aðdróttanir, sem séu virðingu sinni til hnekkis, og einnig sé um að ræða staðhæfingu gegn betri vitund, og varði því ummælin að áliti stefnanda við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir, að ekkert sé meiðandi í þessum ummælum, en þau séu hins vegar í fullu samræmi við það, sem fram komi í dskj. 21. Ummælin séu sönn og réttmæt og sögð að gefnu tilefni stefnanda í grein hans í blaðinu Dagskrá.

Um I, 14.

Stefnandi vísar hér til þess, sem hann hafi sagt um I, 13, og telur, að tilgreind ummæli séu refsiverð samkvæmt 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi vísar til þess, sem hann hafi sagt um ummæli í I,13.

Um I, 15.

Stefnandi segir, að samhengið skipti hér ekki máli, heldur sé hér farið með ósatt mál. Ummælin séu refsiverð samkvæmt 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir aftur á móti, að tilgreind orð séu af stefnanda slitin úr samhengi við upphafsmálsgreinina, sem vísi til orða stefnanda í greininni í Dagskrá um hina lánlausu stjórn. Tilefni ummælanna sé því bersýnilega gefið af stefnanda og geti í þessu sambandi ekki talist móðgandi, heldur sögð að gefnu tilefni.

Um I, 16.

Stefnandi segir, að hér hljóti stefndi að hafa ruglast, en hvað sem því líði, séu tilvitnuð ummæli og sú staðhæfing, sem í þeim felist, virðingu sinni til hnekkis og sögð og borin út gegn betri vitund, og að áliti stefnanda varða þau við 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir hins vegar, að tilgreind orð séu hér, einnig af stefnanda, slitin úr sambandi meginmáls, en þau séu hins vegar sönn frásögn stefnda af framkomu stefnanda á vinnustað stefnda og í engu farið lengra en stefnandi hafi gefið tilefni til.

Um I, 17.

Stefnandi segir, að tilvitnuð ummæli séu meiðandi fyrir sig, því að með ummælunum sé beinlínis dróttað að sér opinberlega, að hann sé kunnugur

hjá ríkissaksóknara og þar með sakamaður. Þetta sé að sjálfsögðu ósatt, enda sýni sakavottorð, dskj. 23. það glögglega, að svo sé ekki. Að drótta slíkum sakaráburði að manni gegn betri vitund sé í senn ærumeiðandi og móðgandi og virðingu þess, sem fyrir verður, til hnekkis. Að áliti stefnanda varðar þetta við 234. gr., 235. gr., 236. gr. og 238. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi segir aftur á móti, að hið sama eigi hér einnig við og getið var um í I, 15, og að tilgreind orð í þessum tölulið séu slitin úr sambandi meginmáls. Aftur á móti sé það á misskilningi byggt, að þótt menn mæti hjá ríkissaksóknara, þurfi það endilega að vera meiðandi. Svo sé alls ekki. Stefndi hafi hér einungis verið að vísa til þess, sem stefnandi hafi sjálfur sagt, en stefnandi hafi á umræddu tímabili ekki leynt einn eða neinn því, að hann stæði í málaferlum.

Að því er varðar kröfu um ómerkingu ummæla, vísar stefnandi til 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 og til 2. mgr. 241. gr. laga 19/1940 varðandi kröfu um kostnað við birtingu dóms, atriðisorða hans og forsendu, í opinberu blaði, einu eða fleirum. Um kröfu um miskabætur vísar stefnandi til 1. mgr. 264. gr. laga 19/1940 og kveðst höfða málið samkvæmt heimild í 1. mgr., 3. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en að öðru leyti á grundvelli laga nr 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Um málatilbúnað að öðru leyti vísar stefnandi til Hrd. 1977, 380.

Stefndi segir, að engin stoð sé fyrir því hjá stefnanda að heimfæra tilvitnuð ummæli til refsiákvæða, enda séu þau ekki refsiverð og ekki heldur ámælisverð, því að þau feli í reynd ekki í sér neinar ærumeiðingar um stefnanda. Að áliti stefnda beri einnig á það að líta, að þótt í varnargrein stefnda hefðu verið viðhöfð einhver þau ummæli, sem stefnandi hefði getað tekið sem meiðandi fyrir sig, þá sé hér allt satt, sem stefndi segi, en það leiði til sýknu. Vísar stefndi til kaflans um sannindi ummæla í doktorsritgerð Gunnars Thoroddsen: Fjölmæli, bls. 202-203. Þá bendir stefndi á, að „retortio"-sjónarmið leiði til þess, að sýkna beri, en meginröksemd stefnda fyrir sýknu er studd því, að sök í málinu sé fyrnd samkvæmt 1. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem ekki liggi þyngri refsing við ætluðum brotum en eins árs fangelsi eða refsing sú, sem til er unnið, fari ekki fram úr sektum.

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. málslið 1. mgr. 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður sá, sem höfða vill einkarefsimál, að gera það, áður en sex mánuðir eru liðnir, frá því að hann fékk vitneskju um hinn seka. Grein stefnda, sem stefnandi rekur hin ætluðu refsiverðu ummæli til, birtist 2. febrúar

1988 í 15. árg., 8. tbl., blaðsins Frétta. Gegn stefnda höfðar stefnandi mál sitt hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 5. febrúar 1990. Heimild stefnanda til að höfða einkamál til refsingar út af ætluðum meiðyrðum stefnda var því löngu liðin, er stefnandi höfðar mál sitt, enda rúm tvö ár liðin, frá því að framangreind ummæli birtust opinberlega í blaðinu Fréttum og þar til stefnda var birt stefna í máli þessu. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af refsikröfu stefnanda í máli þessu. Af þessu leiðir, að sú málsástæða stefnda, að sök sé fyrnd samkvæmt 1. mgr. 1. tl. 81. gr. laga 19/1940, kemur einungis lítillega til álita.

Þótt málsóknarréttur samkvæmt 29. gr. almennra hegningarlaga sé því fyrndur, þykir það ekki hafa nein áhrif á rétt stefnanda til að krefjast ómerkingar á tilvitnuðum ummælum stefnda í nefndri blaðagrein. Enn fremur þykir heimilt, sbr. 2. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974, að fjalla efnislega um miskabótakröfu stefnanda. Niðurstaða kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar af birtingu dóms samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 ræðst einkum af því, hvort í hinum tilgreindu ummælum felist ærumeiðandi aðdróttun að stefnanda, en einnig af því, hvort stefnandi sakir athafnaleysis hefur misst rétt sinn til að fá slíka kröfu dæmda. Með hliðsjón af þessu verður því fjallað efnislega um hver einstök tilgreind ummæli.

Ummæli í I, 1, 2, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14 og 16 varða eigi við hegningarlög. Afstaða til annarra tilgreindra ummæla verður tekin m. a. með hliðsjón af því, hvort stefnandi gaf stefnda með grein sinni í Dagskrá tilefni til andsvara og rétt til að viðhafa tilgreind ummæli í svargrein sinni.

Ummæli í I, 3 hafa í rekstri málsins verið skýrð af stefnda, og gengur stefndi í þeim í engu lengra en stefnandi hafði gert, er hann gagnrýndi stjórn VVV í grein sinni í Dagskrá.

Ummæli I, 15 orka vissulega verulega tvímælis, enda ljóst, að um fleiri umsækjendur var að ræða en stefnda. Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi með grein sinni í Dagskrá gefið stefnda og öðrum stjórnarmönnum fullt tilefni til að útskýra opinberlega, við hvaða lánleysi stjórnin taldi sig búa. Ummælin verða því eigi talin ærumeiðandi.

Ummæli í I, 17 hafa ekki verið réttlætt af stefnda, en með þeim gefur stefndi í skyn, að stefnandi sé þekktur hjá ríkissaksóknara. Ummælin og sú staðhæfing, sem í þeim er fólgin, eru tilhæfulaus, órökstudd og óviðurkvæmileg svigurmæli, sem varða við 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ekki þykir nægilega sannað, að stefndi hafi í þessu sambandi haft í huga, að stefnandi, sem hefur hreint sakavottorð, hlaut á árinu 1964 dóm fyrir óverulegt brot á lögum um bann við botnvörpuveiðum, en stefnanda var árið eftir veitt uppgjöf sakar af forseta Íslands, og féllu þá strax niður

öll áhrif sakfellingardómsins. Hin átöldu ummæli verða því ekki einnig heimfærð undir 2. mgr. 238. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fyrning málsóknarréttar og hugsanleg fyrning sakar hefur engin áhrif á það, að ómerkja ber ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sök samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga fyrnist samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. laga nr. 19/1940 á tveimur árum. Er stefnandi höfðaði mál sitt hér fyrir réttinum með stefnu, birtri 5. febrúar 1990, var fullur fyrningarfrestur liðinn. Sök var því fyrnd samkvæmt téðri lagagrein, en hin átöldu ummæli viðhafði stefndi í blaðinu Fréttum 2. febrúar 1988, eins og að framan greinir.

Með stefnu, birtri í byrjun desember 1988, höfðaði stefnandi mál hér fyrir réttinum á hendur tólf þar nafngreindum einstaklingum, en þeirra á meðal var stefndi. Með dómi, upp kveðnum 21. apríl 1989, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar 8. júní 1989, vísaði dómarinn máli þessu frá dómi. Með því að ummæli stefnda í tilvitnaðri blaðagrein, sem stefnandi krefst í máli því, sem hér er til úrlausnar, að verði átalin, eru önnur og fleiri en um gat í málinu, sem stefnandi höfðaði í lok árs 1988, er ekki unnt að líta svo á, að stefnandi hafi, er fyrningarfrestur er nú í máli þessu metinn, rofið fyrningu, er hann höfðaði fyrra málið. Stefnubirting í meiðyrðamálinu frá því í desember 1988 breytir því á engan hátt þeirri niðurstöðu, sem um getur í næstu málsgrein hér að framan, að sök samkvæmt 235. gr. laga nr. 19/1940 sé fyrnd. Stefnandi á því ekki rétt á að fá dæmdan kostnað vegna birtingar á hinum óviðurkvæmilegu ummælum, enda verður að telja það vera skilyrði fyrir beitingu 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, að um ófyrnda sök sé að ræða.

Með því að fallast má á það með stefnanda, að ummæli þau, sem um getur í I, 17, á viðkvæmum tímamótum í lífi stefnanda, hafi verið til þess fallin að rýra hann í áliti, þykir mega dæma stefnda að kröfu stefnanda til að greiða stefnanda miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykja bæturnar, þegar öll atvik málsins eru virt, hæfilega ákveðnar 10.000 krónur og bera hæstu innlánsvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. febr. 1990 til greiðsludags.

Málskostnaður skal niður falla.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

Dómsorð:

Stefndi, Arnmundur Þorbjörnsson, kt. 180422-2779, skal vera sýkn af refsikröfu stefnanda, Bjarna Jónassonar, kt. 041037-4909, í máli þessu.

Ummæli, sem tilgreind eru í lið I, 17, eru dæmd dauð og ómerk, og greiði stefndi, Arnmundur Þorbjörnsson, stefnanda, Bjarna Jónas-

syni, 10.000 krónur í miskabætur með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 6. febrúar 1990 til greiðsludags.

Stefndi er sýknaður af kröfu stefnanda um greiðslu kostnaðar vegna birtingar dómsins.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 400/1991. **Rækjunes hf.**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Þórði Kristjánssyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Sjómenn. Vinnusamningur. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1991. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var Jóhannes Þórðarson, fyrirrennari stefnda í starfi yfirvélstjóra á m/b Andra, SH-21, ráðinn ótímabundið og hafði verið á bátnum í eitt og hálft til tvö ár. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að Jóhannes hafi verið að fara alfarinn úr skiprúminu, þegar hann óskaði að setja stefnda í sinn stað. Er réttilega byggt á því í héraðsdómi, að ákvæði 1. mgr. 16. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 hafi átt þar við. Ber að staðfesta dóminn með vísan til forsendna hans.

Mál þetta var þingfest 19. desember 1986. Greinargerð stefnda í héraði var lögð fram 27. febrúar 1987. Síðan var ekkert aðhafst í málinu, svo að séð verði, þar til 6. september 1991, í fjögur og hálft ár, að öðru leyti en því, að dómara var falið það til meðferðar í nóvember 1990. Ber að víta harðlega hinn óhæfilega drátt, sem varð á meðferð málsins.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rækjunes hf., greiði stefnda, Þórði Kristjánssyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 16. september 1991.

Stefnandi er Þórður Kristjánsson, Hraunbæ 66, Reykjavík.

Stefndi er Rækjunes hf., Reitavegi 10-12, Stykkishólmi.

Mál þetta var þingfest 19. desember 1986. Dómara var úthlutað málinu í nóvember 1990. Fyrirhuguðum aðalflutningi 18. desember 1990 og 21. júní 1991 var frestað að ósk lögmanna aðila. Málið var dómtekið 6. september að loknum aðalflutningi.

Dómkröfur stefnanda eru þær endanlegar, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 157.133,39 kr. auk 45% dráttarvaxta á ári frá 21. nóv. 1985 til 1. mars 1986, 33% dráttarvaxta á ári frá þeim degi til 1. apríl 1986, 27% dráttarvaxta á ári frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% dráttarvaxta á ári frá þeim degi til 1. júní 1987 og síðan með dráttarvöxtum á ári skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar eftir gjaldskrá lögmanna auk 24,5% vsk. á málflutningsþóknun samkvæmt lögum nr. 50/1988. Lögmaður stefnanda hefur lagt fram málskostnaðarreikning.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til þess að greiða sannanlegt tjón stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins og í samræmi við gjaldskrá lögmanna, hver svo sem niðurstaða málsins verður. Lögmaður stefnda hefur lagt fram málskostnaðarreikning.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo, að hann, „Þórður Kristjánsson, var 13. júní 1985 ráðinn og skráður 1. vélstjóri á m/b Andra, SH-21, sem er eign stefnda. Enginn fyrirvari var gerður um það við ráðninguna, að hún skyldi vera tímabundin, né var slíkt rætt milli aðila.

Hinn 21. ágúst 1985 var stefnanda síðan fyrirvaralaust sagt upp störfum án nokkurrar ástæðu".

Stefnandi hafi þá þegar krafist fullra launa í uppsagnarfresti skv. sjómannalögum, en því hafi stefndi eindregið hafnað.

Bótakröfu sína reiknar stefnandi á eftirfarandi hátt:

Kauptrygging 21. ágúst til 30. sept. 1985	kr.	58.371,30
Föst laun vegna sama tíma	—	1.187,16
Kauptrygging 1. okt. til 31. okt. 1985	—	48.269,00
Föst laun vegna sama tíma	—	982,00
Kauptrygging 1. nóv. til 20. nóv. 1985	—	33.144,66
Föst laun vegna sama tíma	—	674,00
Orlof 10,17%	—	14.505,27
Samtals	kr.	157.133,39

Málavöxtum lýsir stefndi þannig í greinargerð, að „ ..... stefnandi hafi aldrei verið ráðinn af hálfu fyrirtækisins, heldur hafi atburðir verið með þeim hætti, að 14. júní 1985 hafi Jóhannes Þórðarson, sem þá gegndi stöðu 1. vélstjóra, sagt starfi sínu lausu og útvegað í sinn stað stefnanda þessa máls, Þórð Kristjánsson. Þetta hafi Jóhannes tilkynnt Gísla Jónssyni skipstjóra. Stefndi lét það átölulaust, þar sem skammt var eftir vertíðar, að stefnandi leysti Jóhannes Þórðarson af, uns viðunandi lausn fyndist á ráðningu 1. vélstjóra. Lét stefndi það jafnframt átölulaust, að stefnandi yrði ráðinn út rækjuvertíðina, til 21. ágúst 1985, enda hugsanlega stefnt í algjört óefni um útgerð skipsins og stefnandi eingöngu ráðinn tímabundið og í algjöru neyðartilfelli".

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður stefnda þá breytingu á málavaxtalýsingu, að Jóhannes Þórðarson, fyrrv. 1. vélstjóri, hefði sett stefnanda um borð sem 1. vélstjóra í sinn stað án samráðs við nokkurn mann, á meðan hann fór í leyfi. Lögmaður stefnanda mótmælti þessari breytingu.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að sér hafi borið réttur til þriggja mánaða uppsagnarfrests, með vísan til kjarasamnings og 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, því að engar ástæður hafi réttlætt fyrirvaralausa brottvikningu úr starfi. Þá styður stefnandi mál sitt því, að sér beri full laun á uppsagnartímanum skv. 25. og 27. gr. laga nr. 35/1985 og að hann þurfi ekki að sæta frádrætti launa, er hann kunni að hafa unnið sér inn hjá öðrum á uppsagnartímanum. Það sé í samræmi við túlkun dómstóla á viðkomandi ákvæðum sjómannalaga.

„Málsástæður stefnda eru þær, að hann hafi látið óátalið að ráða stefnanda tímabundið til að bæta úr brýnni þörf við afleysingu Jóhannesar Þórðarsonar, 1. vélstjóra. Hafi ráðningin verið neyðarvörn stefnda til að stöðva ekki útgerð skipsins, þar sem Jóhannes Þórðarson virðist ekki hafa getað útvegað annan starfsmann en Þórð Kristjánsson. Hafi aldrei komið til álita að ráða stefnanda þessa máls nema í neyðartilviki tímabundið, þar sem fyrri reynsla af starfsmanninum gaf ekki tilefni til að ráða hann til frekari starfa."

Þá rökstyður stefndi mál sitt því, að ráðning stefnanda hafi verið tímabundin, svo sem heimilað sé í kjarasamningi, gr. 1.20.2. Ráðningarsamningi hafi átt að ljúka 31.7. 1985, en síðan hafi ráðningarsamningur verið framlengdur til 21.8. 1985. Þá vísar stefndi til 1. og 2. mgr. 16. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 máli sínu til stuðnings.

Stefndi mótmælir kröfugerð stefnanda, bæði kröfufjárhæð og vaxtakröfu.

Fyrir dóm hafa komið til skýrslugjafar Sigurjón Helgason, framkvæmdastjóri Rækjuness hf., Íris Jóhannsdóttir, skrifstofumaður hjá Rækjunesi hf., Ragnar Berg Gíslason sjómaður, Jóhannes Þórðarson sjómaður og stefnandi, Þórður Kristjánsson sendibílstjóri. Við munnlegan flutning vöktu lögmenn aðila athygli á tengslum þeirra, er skýrslu gáfu, þeim, að Jóhannes væri frændi stefnanda málsins, að Gísli skipstjóri væri faðir Ragnars Bergs, sem væri tengdasonur Sigurjóns, sem væri eiginmaður Írisar.

Reifun og niðurstaða.

Álit dómsins og lögmanna aðila, svo sem kom fram við forflutning málsins, er, að ágreiningsefnið sé, hvort stefnandi hafi verið ráðinn tímabundinni eða ótímabundinni ráðningu til vélgæslustarfa á m/b Andra, SH-21.

Í greinargerð byggir stefndi á því, að Jóhannes Þórðarson hafi sagt starfi sínu lausu og sett stefnanda í sinn stað við vélgæslustörf um borð í bátnum. Kemur það einnig fram í bréfi Rækjuness hf. til lögmanns síns, dags. 2. október 1985, og í greinargerð Gísla Jónssonar skipstjóra, dags. 10. október 1985. Við aðalmeðferð málsins virtist stefndi hins vegar halda því fram gegn andmælum stefnanda, að stefnandi hefði aðeins leyst Jóhannes af, meðan hann fór í leyfi. Gögn málsins og skýrslur eru ósamhljóða um þetta atriði, en við úrlausn málsins er lagt til grundvallar, að Jóhannes hafi nýtt sér heimild 1. mgr. 16. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sagt starfi sínu lausu og sett stefnanda um borð í Andra í sinn stað, án þess að stefndi eða nokkur af hans hálfu hafi mótmælt því.

Samkvæmt 11. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 og 6. gr. sjómannalaga nr. 35 / 19. júní 1985 skal ráðningarsamningur við skipverja vera skriflegur. Enginn skriflegur samningur var gerður við stefnanda um ráðningarkjör, og ber útgerð bátsins hallann af því.

Fram lagðir launaseðlar vegna starfa stefnanda um borð í m/b Andra fyrir tímabil 14. júlí til 25. júlí 1985 og 12. ágúst til 31. ágúst 1985 bera með sér, að það var Rækjunes hf., sem greiddi stefnanda laun fyrir vélstjórastörf um borð.

Fram lagðir launaseðlar, launatöflur og ljósrit úr lögskráningarbók bera með sér, að stefnandi var yfirvélstjóri á m/b Andra, sbr. 1. gr. laga nr. 113/1984. Sú villa, sem víða kemur fram í gögnum málsins, að stefnandi hafi verið 1. vélstjóri á bátnum, hefur því ekki efnisleg áhrif á niðurstöðu málsins.

Lögmaður stefnda hefur við munnlegan flutning málsins lagt áherslu á, að ekki hafi komið til greina að ráða stefnanda ótímabundinni ráðningu vegna slæmrar reynslu af vélgæslustörfum hans um borð í m/b Andra á árinu 1984. Þeirri vist lauk með því, að stefnanda var fyrirvaralaust sagt

upp störfum. Hefur stefnandi staðfest fyrir dómi, að ráðningarslit hafi borið að með þeim hætti. Gísli Berg Jónsson hefur borið fyrir dómi, að hann hafi ekki séð um mannaráðningar á bátinn, það hafi útgerðarmaður gert. Þá hafa Sigurjón Helgason, framkvæmdastjóri Rækjuness hf., og Íris Jóhannesdóttir(?), skrifstofumaður hjá Rækjunesi hf., bæði borið fyrir dómi, að þau hafi verið óánægð með, að stefnandi hefði tekið við starfi Jóhannesar sem vélstjóri bátsins, en að af hálfu útgerðarinnar hafi ekkert verið aðhafst í málinu, því að stutt hafi verið til loka rækjuvertíðar.

Samkvæmt skipshafnarskrá lögskráningarstjóra er vistmánuður stefnanda sagður byrja 9. júní 1985, en í athugasemdadálki segir: „ath. frá 13/6 vélstjóri". Jóhannes Þórðarson hefur borið fyrir rétti, að hann hafi verið ráðinn ótímabundið og hafi verið á bátnum í eitt og hálft til tvö ár, er hann setti stefnanda í sinn stað. Er því ómótmælt af stefnda. Stefnandi er lögskráður með nákvæmlega sama hætti og forveri hans í starfi, þ. e. til „rækjuv." í „óákv." tíma. Verður því ekki dregin ályktun af færslu lögskráningarstjóra í skipshafnarskrá um það, hvort ráðning stefnanda var tímabundin eða ekki.

Varakrafa stefnda er ekki tekin til greina. Regla 25. gr. sjómannalaga um meðalhófsbætur vegna ólögmætrar uppsagnar úr starfi gildir um vélstjóra. Á stefnandi því rétt á óskertum launum í uppsagnarfresti og þarf ekki að sæta frádrætti vegna launa annars staðar.

Af áðurgreindum ástæðum er niðurstaða dómsins sú, að stefnda hafi ekki tekist að sýna fram á, að stefnandi hafi verið ráðinn tímabundinni ráðningu. Verður stefndi því dæmdur til þess að greiða stefnanda 157.133,39 kr. í bætur vegna ólögmætrar uppsagnar úr starfi skv. 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga með dráttarvöxtum til greiðsludags og málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Eftir atvikum telst málskostnaður hæfilega ákveðinn með vsk. 130.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Daði Jóhannesson fulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Rækjunes hf., greiði stefnanda, Þórði Kristjánssyni, 157.133,39 kr. auk 45% dráttarvaxta á ári frá 21. nóv. 1985 til 1. mars 1986, 33% dráttarvaxta á ári frá þeim degi til 1. apríl 1986, 27% dráttarvaxta á ári frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% dráttarvaxta á ári frá þeim degi til 1. júní 1987 og síðan með dráttarvöxtum á ári skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 130.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. vsk., allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1993.

Nr. 171/1993. **Valgerður Sigurbergsdóttir og Konráð Vilhjálmsson**
gegn
framleiðsluráð landbúnaðarins landbúnaðarráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og Jónasi Vilhjálmssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. apríl 1993, sem barst réttinum 28. sama mánaðar. Þau gera þær dómkröfur, að frávísunarúrskurði Héraðsdóms Norðurlands vestra frá 24. mars sl. verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið og að þeim verði dæmdur kærumálskostnaður. Til vara krefjast þau þess, að kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður svo og málskostnaður í héraði og að krafa framleiðsluráðs landbúnaðarins um ómerkingu ummæla verði ekki tekin til greina.

Varnaraðilar framleiðsluráð landbúnaðarins og landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila. Ekki hefur borist greinargerð frá varnaraðila Jónasi Vilhjálmssyni og engar kröfur gerðar af hans hálfu.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, var málatilbúnaði sóknaraðila í héraði mjög ábótavant. Við þingfestingu málsins í héraði 26. mars 1992 komu fram breyttar dómkröfur frá því, sem var í stefnu. Er kröfugerð þeirra óskýr og ruglingsleg og málsástæður ekki hnitmiðaðar. Er þetta í brýnni andstöðu við c- og d-lið 1. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. g-lið 165. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar höfðuðu framhaldssök, sem þingfest var 25. júní 1992. Skilyrðum 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936 um höfðun framhaldssakar

var ekki fullnægt. Þegar af þessum ástæðum ber að vísa málinu frá héraðsdómi. Þá er og staðfest ákvörðun héraðsdómara varðandi ómerkingu ummæla sóknaraðila í greinargerð þeirra í héraði.

Málskot þetta er að ófyrirsynju, og ber sóknaraðilum, sbr. 131. gr. laga nr. 91/1991, að greiða varnaraðilum málskostnað, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Valgerður Sigurbergsdóttir og Konráð Vilhjálmsson, greiði varnaraðilum framleiðsluráði landbúnaðarins 35.000 krónur í kærumálskostnað og landbúnaðar- og fjármálaráðuneytum 35.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála öðrum dómendum um ástæður þess, að vísa beri máli sóknaraðila frá héraðsdómi. Á hinn bóginn er á það að líta, að málinu er beint gegn opinberum aðilum, sem löggjafinn hafði falið víðtækt vald til að sýsla um atvinnuhagsmuni sóknaraðila. Mótun dómkrafna og málsástæðna varðandi þá hagsmuni er mikið vandaverk, eins og sóknaraðilar hafa viðurkennt. Í ljósi þessa er ekki ástæða til að dæma varnaraðilum kærumálskostnað, enda þurftu þau ekki annars við hér fyrir dómi en ítreka þau sjónarmið, sem þegar var lýst þeirra megin.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands 24. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu allra aðalstefndu 24. febrúar sl., hafa Valgerður Sigurbergsdóttir og Konráð Vilhjálmsson, Ytri-Brekkum II, Akrahreppi, Skagafirði, höfðað fyrir aukadómþingi Skagafjarðarsýslu með stefnu, þingfestri 26. febrúar 1992, á hendur Gísla Karlssyni fyrir hönd framleiðsluráðs landbúnaðarins, kt. 560169-3479, Bændahöllinni við Hagatorg, Reykjavík, Jóhannesi Torfasyni fyrir hönd framleiðnisjóðs landbúnaðarins, kt. 590986-1789, Laugavegi 120, Reykjavík, landbúnaðar-

ráðherra fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins, fjármálaráðherra fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, Jónasi Vilhjálmssyni, Ytri-Brekkum I, Akrahreppi, Skagafirði, stefndist aðallega og til vara, til réttargæslu stefndist Agli Bjarnasyni fyrir hönd Búnaðarsambands Skagafjarðar og Halldóri Þ. Jónssyni sýslumanni fyrir hönd þess stjórnsýsluhafa, sem sá um skipti jarðarinnar Ytri-Brekkna, Akrahreppi, Skagafirði. Réttargæslustefndu hafa ekki gert kröfur í máli þessu.

Dómkröfur stefnenda.

Í stefnu gera stefnendur eftirfarandi dómkröfur:

1.0. Viðurkenningarkrafa.

Að viðurkennt verði með dómi, að úrskurðir yfirbúmarksnefndar framleiðsluráðs landbúnaðarins frá 25. júní 1985 og 15. maí 1986 um búmark stefnenda hafi verið ólögmætir með öllu og að stefnendum hafi borið sams konar búmark og kom í hlut stefnda Jónasar Vilhjálmssonar, Ytri-Brekkum I, þegar honum var úthlutað 520 ærgildum í mjólk og 40 ærgildum í sauðfé. Stefnendum hafi aldrei borið lægra búmark en 440 ærgildi í mjólk eða sauðfé, og hafi búmarkið átt að gilda frá 15. maí 1986.

2.0. Skaðabótakrafa vegna missis búmarks og fullvirðisréttar.

2.1. Þess er krafist, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands vegna aðgerða framleiðsluráðs landbúnaðarins verði dæmdur til að greiða stefnendum í skaðabætur 3.555.508 kr. ásamt dráttarvöxtum [...].

2.2. Til vara er þess krafist, að framleiðnisjóður landbúnaðarins verði dæmdur til að greiða þá skaðabótakröfu, sem tilgreind er undir 2.1.

2.3. Til þrautavara er þess krafist, að Jónas Vilhjálmsson, Ytri-Brekkum I, Akrahreppi, Skagafirði, verði dæmdur til að greiða stefnendum þá skaðabótakröfu, sem tilgreind er undir kröfulið 2.1., til helminga með þeim vaxtafæti, sem þar er tilgreindur.

3.0. Skaðabótakrafa vegna byggingar fjóss og fjárhúsa.

Þess er krafist, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna framleiðsluráðs landbúnaðarins verði gert að greiða stefnendum skaðabætur vegna byggingar fjóss og fjárhúsa að Ytri-Brekkum II, 4.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum frá 1. 12. 1989 til greiðsludags, og leggist vaxtavextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1990.

4.0. Miskabótakrafa.

Í öllum ofangreindum tilvikum er þess krafist, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna framleiðsluráðs landbúnaðarins og Jónas Vilhjálmsson verði dæmdir in solidum til að greiða stefnendum miskabætur, 2.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 1. 12. 1990 til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1991.

5.0. Málskostnaðarkrafa.

Í öllum ofangreindum tilvikum er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað [...].

Í greinargerð stefnenda breyttust kröfur þeirra þannig, að gerðar eru sömu kröfur og í stefnu að öðru leyti en því, að framleiðsluráði landbúnaðarins, landbúnaðarráðherra, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Jónasi Vilhjálmssyni er stefnt in solidum til greiðslu umkrafinna skaðabóta og miskabóta í málinu. Fallið er frá varakröfu á hendur framleiðnisjóði landbúnaðarins. Jónasi Vilhjálmssyni er einnig stefnt til vara til greiðslu skaðabóta og miskabóta.

Við þingfestingu málsins 26. mars 1992 lögðu stefnendur fram dskj. nr. 48, er varðar dómkröfur í máli þessu.

Þar verða breytingar á kröfugerð stefnenda, og hljóða kröfur þeirra þannig:

1.0. Viðurkenningarkrafa.

Þess er krafist, að stefndu verði að þola, að viðurkennt verði með dómi, að úrskurðir yfirbúmarksnefndar framleiðsluráðs landbúnaðarins frá 25. júní 1985 og 15. maí 1986 um búmark stefnenda hafi verið ólögmætir með öllu.

2.0. Skaðabótakrafa vegna missis búmarks og fullvirðisréttar.

Þess er krafist, að allir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum í skaðabætur 3.555.508 kr. ásamt dráttarvöxtum af 677.210 kr. frá 1. 12. 1987 til 1. 12. 1988, en af 1.464.033 kr. frá þeim degi til 1. 12. 1989, en af 2.458.744 kr. frá þeim degi til 1. 12. 1990, en af 3.555.508 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Gerð er krafa um, að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti.

3.0. Skaðabótakrafa vegna bygginga.

Þess er krafist, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnendum skaðabætur vegna byggingar fjóss og fjárhúsa að Ytri-Brekkum II, 4.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 1. 12. 1989 til greiðsludags og að vaxtavextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1990.

4.0. Miskabótakrafa.

Þess er krafist, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum 2.000.000 kr. í miskabætur ásamt dráttarvöxtum frá 1. 12. 1990 til greiðsludags og að vaxtavextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1991.

5.0. Varakrafa.

Ef ofangreind skaðabótakrafa vegna missis búmarks og fullvirðisréttar verður ekki tekin til greina, er þess krafist, að stefndi Jónas Vilhjálmsson verði dæmdur til að greiða stefnendum þá skaðabótakröfu, sem tilgreind er undir 2.0., til helminga með þeim vaxtafæti, sem þar er tilgreindur.

6.0.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar, eins og segir í stefnu.

Stefnendur settu enn fram kröfur í framhaldsstefnu, sem þingfest var 25. júní 1992.

Í framhaldsstefnu kemur fram, að í henni séu endanlegar dómkröfur stefnenda, og komi þær í stað dómkrafna í stefnu. Kröfur skv. framhaldsstefnu eru þessar:

1.0. Viðurkenningarkrafa.

Þess er krafist, að allir stefndu verði að þola, að viðurkennt verði með dómi, að úrskurðir búmarksnefndar og yfirbúmarksnefndar framleiðsluráðs landbúnaðarins frá 25. júní 1985 og 15. maí 1986 hafi verið ólögmætir með öllu.

2.0. Skaðabótakrafa vegna missis búmarks og fullvirðisréttar.

Þess er krafist, að allir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum í skaðabætur 3.555.508 kr. ásamt dráttarvöxtum af 677.210 kr. frá 1. 12. 1987 til 1. 12. 1988, en af 1.464.033 kr. frá þeim degi til 1. 12. 1989, en af 2.458.744 kr. frá þeim degi til 1. 12. 1990, en af 3.555.508 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Gerð er krafa um, að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti.

3.0. Skaðabótakrafa vegna bygginga.

Þess er krafist, að allir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum skaðabætur vegna byggingar fjóss og fjárhúsa að Ytri-Brekkum II, 4.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum frá 1. 12. 1989 til greiðsludags og að vaxtavextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1991.

4.0 Miskabótakrafa.

Þess er krafist, að allir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum 2.000.000 kr. í miskabætur ásamt dráttarvöxtum frá 1. 12. 1990 til greiðsludags og að vaxtavextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, fyrst 1. 12. 1991.

5.0. Varakrafa.

Ef ofangreind skaðabótakrafa vegna missis búmarks og fullvirðisréttar (2.0.) verður ekki tekin til greina, er þess krafist, að stefndi Jónas Vilhjálmsson verði dæmdur til að greiða stefnendum þá skaðabótakröfu, sem tilgreind er undir lið 2.0. hér að ofan, til helminga með þeim vaxtafæti, sem þar er tilgreindur.

6.0.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar, eins og segir í stefnu.

Dómkröfur stefndu landbúnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins í aðal- og framhaldssök eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá

dómi og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda in solidum að mati réttarins.

Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra in solidum að mati réttarins.

Til þrautavara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda in solidum að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda framleiðsluráðs landbúnaðarins eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi í heild sinni eða einstökum liðum, eftir því sem dómurinn telji efni til.

Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda.

Til þrautavara er þess krafist, að fjárkröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar.

Að því er allar fjárkröfur varðar, er þess krafist, að ábyrgð stefndu verði aðeins dæmd pro rata, ef hún er talin vera fyrir hendi og fjárkröfur stefnenda sæta ekki frávísun.

Þá er þess krafist, að svohljóðandi ummæli, sem fram eru sett á bls. 13 í greinargerð lögmanns stefnenda á dskj. nr. 2, verði dæmd ómerk:

„Stefnendur telja, að framkoma ofangreindra stjórnvalda við þau hafi verið með þeim hætti, að þau hafi hlotið varanlega andúð á opinberu kerfi, sem sé í sjálfu sér mjög bagalegt, þar sem mikilvægt sé í þjóðfélagi okkar, að hægt sé að treysta opinberum aðilum og að þegnarnir þurfi ekki að vera sífellt á verði gagnvart þessum stjórnvöldum, líkt og um sé að ræða „gestapó"-lögreglu eða eitthvað ennþá ógnarlegra."

Einnig er þess krafist, að eftirfarandi ummæli í næstneðstu málsgrein á bls. 12 í greinargerð lögmanns stefnenda á dskj. nr. 2 verði dæmd ómerk:

„Ljóst sé, að braskað hafi verið með réttindi stefnenda, og hafi í því efni stjórn viðkomandi búnaðarsambands og framleiðsluráð landbúnaðarins átt hlut að máli."

Loks er krafist málskostnaðar óskipt úr hendi stefnenda [...].

Dómkröfur stefnda framleiðsluráðs landbúnaðarins í framhaldssök eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnenda í framhaldssök. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi framhaldsstefnenda ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun. Jafnframt eru fyrri kröfur ítrekaðar, einkum frávísunarkröfur.

Dómkröfur stefnda Jónasar Vilhjálmssonar eru þessar, bæði í frumsök og framhaldssök:

Aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi.

Til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda.

Til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar stórlega.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum að mati réttarins.

Þá er þess krafist, að eftirfarandi ummæli, sem sett eru fram um stefnda á bls. 6 í stefnu, verði dæmd ómerk:

„Skaðabótakröfu sína á hendur stefnda Jónasi reisa stefnendur á því, að stefndi Jónas hafi beitt þau svikum og valdið þeim tjóni."

— — —

Niðurstaða.

Mál þetta, sem þingfest var á aukadómþingi Skagafjarðarsýslu 26. febrúar 1992, fluttist með vísan til 164. gr. laga nr. 91/1991 til Héraðsdóms Norðurlands vestra.

Þegar virða skal, hvort vísa beri máli þessu frá dómi, skal hafa hliðsjón af g-lið 165. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnendur kveðast í stefnu þurfa að höfða mál á hendur framleiðsluráði landbúnaðarins, landbúnaðarráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og framleiðnisjóði landbúnaðarins. Þá er Jónasi Vilhjálmssyni stefnt til vara, aðallega og til vara. Loks er Halldóri Þ. Jónssyni og Agli Bjarnasyni stefnt til réttargæslu, en þó verður ekki annað ráðið af stefnu en öllum stefndu sé stefnt til að þola viðurkenningu og greiðslu dómkrafna. Stefnendur hafa á síðari stigum fallið frá kröfum á hendur réttargæslustefndu.

Í stefnu eru kröfur sundurliðaðar í fimm meginþætti. Þar er þess m. a. krafist, að fjármálaráðherra verði vegna aðgerða framleiðsluráðs landbúnaðarins gert að greiða stefnendum skaðabætur. Til vara er þess krafist, að framleiðnisjóður landbúnaðarins verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, en til þrautavara, að Jónasi Vilhjálmssyni verði gert að greiða skaðabótakröfuna til helminga. Kröfu um skaðabætur vegna bygginga er beint að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna framleiðsluráðs landbúnaðarins. Miskabótakröfu er í öllum ofangreindum tilvikum beint gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna framleiðsluráðs landbúnaðarins og Jónasi Vilhjálmssyni in solidum.

Í greinargerð stefnenda segir, að sömu kröfur séu gerðar og greinir í stefnu nema að því leyti, að framleiðsluráði landbúnaðaðins, landbúnaðarráðherra, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Jónasi Vilhjálmssyni sé stefnt til að greiða umkrafðar dómkröfur in solidum. Í greinargerð falla stefnendur frá varakröfu á hendur framleiðnisjóði landbúnaðarins og Jónasi Vilhjálmssyni, en honum einnig stefnt til vara.

Af dómskjali nr. 48 verður ekki annað ráðið en þess sé krafist, að stefndu verði að þola að verða in solidum dæmdir til að greiða allar dómkröfur málsins og jafnframt að þola viðurkenningarkröfu (1.0. í stefnu).

Þegar þetta er virt, verður annað ekki ráðið en aukin kröfugerð sé höfð

uppi í greinargerð á hendur framleiðsluráði landbúnaðarins, landbúnaðarráðherra og Jónasi Vilhjálmssyni. En dskj. nr. 48 verður ekki skilið á annan máta en krafist sé, að öllum stefndu sé in solidum gert að þola sama dóm í málinu. Þessi málatilbúnaður, sem er bæði óskýr og reikull, er ekki í samræmi við c-lið 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936.

Í stefnu vísa stefnendur til ýmissa lagaákvæða, þar á meðal helstu meginreglna stjórnarfarsréttar, skaðabótaréttar og 13. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu án þess að tilgreina sérstaklega, hvernig þau varði sakarefnið. Úr þessum vanköntum er ekki bætt í greinargerð nema að óverulegum hluta, og er þetta í andstöðu við e-lið 1. tl. 88. gr. laga nr. 85/1936. Þá var ekki heimilt án samþykkis stefndu að bæta úr þessum göllum með framhaldsstefnu. Þá er rétt að fallast á með stefndu, að í framhaldsstefnu sé skriflegur málflutningur um frávísunarkröfur stefndu. Með vísan til framanritaðs verður þegar af þessum ástæðum ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi.

Stefndu framleiðsluráð landbúnaðarins og Jónas Vilhjálmsson hafa sett fram kröfur um, að áður tilvitnuð ummæli stefnenda í greinargerð þeirra verði í úrskurði þessum dæmd ómerk. Telja verður, að héraðsdómara sé heimilt með hliðsjón af 135. og 136. gr. laga nr. 91/1991 að ómerkja ummæli, sem fram eru sett í máli, án þess að réttarfarssekt sé dæmd vegna þeirra, enda varði þau ekki efni máls. Eftirfarandi ummæli stefnenda: „..... og að hægt sé að treysta opinberum aðilum og að þegnarnir þurfi ekki sífellt að vera á verði gagnvart þessum stjórnvöldum, líkt og um sé að ræða „gestapó"-lögreglu eða eitthvað ennþá ógnarlegra", eru bæði móðgandi og meiðandi. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja þau. Önnur ummæli, sem krafist er ómerkingar á, varða efnishlið máls, og stefnendur reisa kröfur sínar m. a. á þessum fullyrðingum, og verður því ekki unnt að taka kröfu um ómerkingu þeirra til greina í úrskurði um formhlið máls.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma stefnendur til að greiða stefndu málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 50.000 kr. til landabúnaðar- og fjármálaráðherra, 50.000 kr. auk virðisaukaskatts til framleiðsluráðs landbúnaðarins og 50.000 kr. auk virðisaukaskatts til Jónasar Vilhjálmssonar.

Það er aðfinnsluvert, að eintökum stefnu og greinargerðar, sem liggja frammi í dóminum, hefur verið breytt með handritun, án þess að ljóst sé, frá hverjum sú breyting stafar.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Ofangreind ummæli eru dæmd dauð og ómerk.

Stefnendur greiði 50.000 kr. í málskostnað til landbúnaðar- og fjármálaráðherra, 50.000 kr. auk virðisaukaskatts til framleiðsluráðs landbúnaðarins og 50.000 kr. auk virðisaukaskatts til Jónasar Vilhjálmssonar.

Föstudaginn 7. maí 1993.

Nr. 367/1992. **Ólafur Finnur Böðvarsson**

gegn

Önnu Margréti Sigurðardóttur.

Frávísun frá Hæstarétti

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1992. Áfrýjað er dómi aukadómþings Kjósarsýslu, sem upp var kveðinn 16. júní 1992. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. nóvember 1992, og fékk áfrýjandi þá frest til mars 1993. Málinu var síðan að hans ósk frestað til 3. maí sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti til reglulegs þingdags 2. júní nk. til framlagningar dómsgerða, ágrips og greinargerðar.

Af hálfu stefndu hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómi Reykjaness hefur áfrýjandi ekki óskað eftir dómsgerðum í málinu.

Áfrýjandi hefur enga skýringu á því gefið, af hverju frestur sá, sem hann hefur haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, hefur ekki nýst honum. Við svo búið þykir ekki fært að veita áfrýjanda frekari frest í málinu gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Ólafur Finnur Böðvarsson, greiði stefndu, Önnu Margréti Sigurðardóttur, 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 57/1991. **Menntamálaráðherra**
og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)
og bæjarsjóður Akureyrar
(Hreinn Pálsson hdl.)
gegn
Sverri Auðuni Meldal
(Árni Pálsson hrl.)
og gagnsök.

Skaðabótamál. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur menntamálaráðherra og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs áfrýjuðu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1991. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Aðaláfrýjandi bæjarsjóður Akureyrar áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. mars 1991. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. mars 1991. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða sér 2.275.200 krónur með ársvöxtum, eins og hér greinir: 20% frá 12. febrúar 1988 til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. s.m., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 20. s.m., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til

1. febrúar s.á., 8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% frá þeim degi til 13. s.m., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar óskipt úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um skoðun, sem fram fór á þess vegum á hinni rafknúnu borðsög, sem gagnáfrýjandi var að sýsla við, er hann slasaðist. Í skýrslunni er því lýst, sem áfátt taldist öryggisbúnaði sagarinnar, en þess ekki getið, að hlíf vantaði yfir sagarblaðið. Í framburði skólastjóra Glerárskóla, sem rakinn er í héraðsdómi, kemur hins vegar fram, að slík hlíf hafði áður verið til staðar, en búið var að fjarlægja hana, er gagnáfrýjandi hóf smíðakennslu við skólann.

Í bréfi Vinnueftirlits ríkisins 6. maí sl. til lögmanns gagnáfrýjanda, sem lagt var fram við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti, kemur fram, að stofnunin „gerir kröfu um, að blaðhlíf, kleyfir, eftirreka og stuðningsklossi séu til staðar og notist eins og við á við vinnu við borðsagir/ristisagir. ...“

II.

Samkvæmt þessu var öryggisbúnaði umræddrar vélsagar stórlega ábótavant og augljóst, að veruleg hætta stafaði af notkun hennar við svo búið. Verður slysið að nokkru til þess rakið. Ber að því leyti með vísan til röksemda héraðsdómara, sbr. Hrd. 1992, bls. 312, að leggja á aðaláfrýjendur óskipt fébótaábyrgð á slysinu.

Sú háttsemi gagnáfrýjanda að fara með hendur yfir óvarið sagarblaðið, meðan sögin var í gangi, var mjög óvarleg. Átti honum sem reyndum trésmið að vera ljós brýn nauðsyn þess að rjúfa áður rafstraum til sagarinnar og bíða þess, að sagarblaðið stöðvaðist. Er því einnig við hann um slysið að sakast.

Þegar framanskráð er virt, þykir hæfilegt að leggja á aðaláfrýjendur fébótaábyrgð á slysinu að hálfu.

III.

Gagnáfrýjandi sundurliðar fjárhæð bótakröfu sinnar þannig:

1. Tjón vegna varanlegrar 10% örorku	kr.	1.825.200
2. Miski	—	450.000
	Kr.	2.275.200

Um 1. Örorkumati og örorkuútreikningi, sem kröfuliður þessi byggist á, eru gerð ýtarleg skil í héraðsdómi. Í örorkumatinu segir, að gagnáfrýjandi eigi bágt með ýmis störf, sem útheimti nákvæmt grip eða gripstyrk milli þumalfingurs og vísifingurs hægri handar. Hann eigi í erfiðleikum með að handfjatla litla hluti og þoli illa að vera úti í kulda. Örorkuútreikningurinn, sem er frá 22. febrúar 1990, er byggður á hefðbundnum forsendum. Með hliðsjón af þessum gögnum og að teknu tilliti til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi þykir tjón samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið 1.300.000 krónur.

Um 2. Við mat á tjóni samkvæmt þessum kröfulið ber að hafa hliðsjón af því, að vaxtatímabil er rúm fimm ár og að í vöxtum á mestum hluta þess er verðbótaþáttur, en tjónið er aftur á móti metið eftir verðlagsforsendum eins og þær eru nú. Að þessu athuguðu og þegar virt eru meiðsli gagnáfrýjanda og afleiðingar þeirra, telst tjón vegna miska nema 100.000 krónum.

Samkvæmt þessu nemur tjón gagnáfrýjanda af völdum umræddss slyss samtals 1.400.000 krónum. Ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða honum óskipt helming þeirrar fjárhæðar, 700.000 krónur, með vöxtum eins og krafist er, en vaxtakröfu hefur ekki verið mótmælt.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs og bæjarsjóður Akureyrar, greiði gagnáfrýjanda, Sverri Auðuni Meldal, óskipt 700.000 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 20% frá 12. febrúar 1988 til 1. mars s.á., 19% frá þeim degi til 11. júní s.á., 23% frá þeim degi til 21. s.m., 24% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 26% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 20. s.m., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 21. janúar 1989, 6% frá þeim degi til 1. febrúar s.á.,

8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 10% frá þeim degi til 13. s.m., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. desember 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. fyrra mánaðar að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, hefur Árni Pálsson hdl. höfðað með stefnu, út gefinni 7. mars 1990 og þingfestri 8. s. m., fyrir hönd Sverris Auðuns Meldal, kt. 020657-5619, Skarðshlíð 11, A, Akureyri, á hendur bæjarsjóði Akureyrar, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs in solidum til greiðslu skaðabóta vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verðir dæmdir in solidum til að greiða 2.275.200 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi bæjarsjóður Akureyrar krefst þess að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnufjárhæðin verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndu menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gera þær dómkröfur aðallega að var sýknaðir af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins, til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður í því tilviki.

Málsatvik eru þau, að stefnandi hóf störf sem leiðbeinandi í smíðum við Glerárskóla á Akureyri í októbermánuði 1987, og slasaðist hann á hægri hendi við vinnu sína þar 12. febrúar 1988.

Hlaut stefnandi af þessu meiðsl skv. vottorði dr. med. Halldórs Baldurssonar læknis, aðallega á fingurgómum hægri vísifingurs og hægri þumalfingurs. Sködduðust bein í báðum þessum fingrum, auk þess sem millikjúkuliðurinn efri á vísifingri tættist í sundur. Samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis hlaut stefnandi örorku sem hér segir: í sjö vikur 100%, í 8 vikur 50% og varanleg örorka 10%.

Jón Erlingur Þorlaksson tryggingastærðfræðingur reiknaði út fjárhagslegt tjón stefnanda á grundvelli örorkumatsins, og er kröfugerð stefnanda reist á því.

Sundurliðast krafan þannig:

Tjón vegna varanlegrar örorku 1.825.200 kr. og miskabætur 450.000 krónur.

Ekki er gerð krafa vegna tímabundinnar örorku, þar sem stefnandi hélt launum sínum hjá ríkissjóði, á meðan hann var frá vinnu.

Stefnandi gaf skýrslu um slysið hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri 17. febrúar 1988. Stefnandi segir, að slysið hafi orðið á vinnustað sínum í smíðastofu Gleráskóla á Akureyri, og skýrði síðan svo frá:

Hann kveðst vera lærður húsasmiður og kveðst hefja störf sem leiðbeinandi í smíðum við Glerárskóla hér á Akureyri í byrjum október sl. Það hafi verið síðastliðinn föstudag um kl. 11.50, að hann var að vinna við rafknúða borðsög. Segir hann, að umrædd vél sé orðin gömul og nánast ónýt. Hann segir, að vegna slits í aðhaldinu hafi hann þurft að þvinga það niður hverju sinni. Hafi hann verið að saga niður viðarkubb og þurft að breyta aðhaldinu og þar með taka þvinguna af. Hann kveðst hafa teygt sig yfir í þvinguna, og við það nái sagarblaðið í höndina, og hafi hann hlotið skurð á þumalfingri og vísifingri hægri handar. Hafi vísfingur farið verr og skurðurinn náð inn í lið. Hann hafi ávallt unnið þetta verk eins og hann hafi skýrt frá. Hann sagði, að ef hann stöðvaði vélina á milli þess, sem hann breytti stillingu hverju sinni á aðhaldinu, gengi verkið ekkert. Hann sagði, að ekki væri mönnum bjóðandi að vinna við umræddda borðsög, og kvaðst hafa kvartað undan þessu við skólastjórann. Hann kveðst vita, að undanfarin ár hafi skólastjóri og fyrri leiðbeinendur kvartað undan þessari vél við forráðamenn Akureyrarbæjar, en ekkert hafi verið lagfært í þessum efnum, og á staðinn hafi komið aðili frá Vinnueftirliti ríkisins og ljósmyndað vélina, og við athugun hafi hann bannað frekari vinnu við vélina, þar sem ýmsu væri ábótavant við hana frá öryggissjónarmiði.

Á dskj. nr. 4 er umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið. Segir þar, að 16. 2. 1988 kl. 13.05 hafi Vilberg Alexandersson tilkynnt um vinnuslys, sem varð föstudaginn 12. 2. 1988 kl. 11. 50 í smíðastofu Glerárskóla á Akureyri. Fór vinnueftirlitsmaður, Helgi Haraldsson, kl. 14.00 á staðinn til rannsóknar. Aðstæður voru að sögn óbreyttar. Hinn slasaði hafði verið fluttur til læknis, en lögreglu ekki verið tilkynnt um slysið. Tildrög slyssins voru þau að sögn slasaða, að hann var að saga í hjólsög, borðsög, og þurfti að stilla landið. Til þess þurfti að losa þvingu, sem hélt öðrum enda landsins, þar sem festingar voru slitnar og ónothæfar. Við það að teygja sig yfir sögina til að losa þvinguna lenti slasaði í blaði sagarinnar og meiddist við það á þumalfingri og vísifingri hægri handar. Aðstæður á slysstað voru þannig.: Bjart, gólf ekki hál og hrein.

Við athugun tækja og búnaðar kom eftirtalið í ljós:

Vélin, sem er af gerðinni Rockwell-Delta, framleiðslunúmer 34-643 FI 8694, var án afsogs, hlíf vantaði yfir reimdrif, og festingar landsins voru ónothæfar öðrum megin, svo að til þess að festa fjærri enda landsins þurfti að teygja sig yfir sögina og herða þvingu.

Orsök slyssins má rekja til vanbúinnar vélar og þess, að vélin var höfð í gangi, á meðan landið var stillt.

Skyldur aðila skv. lögum nr. 46/1980 voru skýrðar fyrir verkstjóra / forstöðumanni og eftirfarandi fyrirmæli gefin.:

Setja skal hlíf yfir reimdrif, lagfæra land og útbúa spónsog á vélina.

Myndir voru teknar á vettvangi.

Á dskj. nr. 4, sem er skýrsla um vinnuslys, samin 11. 3. 1988 af stefnanda og Vilberg Alexanderssyni, skólastjóra Glerárskóla, lýsir stefnandi tildrögum slyssins þannig:

Til þess að hægt væri að saga rétt í þessari sög, varð ég að þvinga aðhaldið fast á endanum fjær mér. Slysið vildi til þannig: Ég var að teygja mig í þvinguna til þess að losa um aðhaldið fjær mér, en sagarblaðið náði að grípa í þumal- og vísifingur hægri handar; aðhaldið var í um 1,5 cm fjarlægð frá sagarblaði.

Á dskj. nr. 5 er áverkavottorð dr. med. Halldórs Baldurssonar, yfirlæknis slysa- og bæklunardeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, dags. 10. 6. 1988:

„12. 2. 1988 kom á slysadeild FSA maður, sem kvaðst heita Sverrir Meldal, kennitala 020657-5619. Hann skýrði svo frá, að hann hefði við vinnu sína sem smíðakennari í Glerárskóla farið með hægri hönd í hjólsagarblað.

Hann hafði sagað inn í fingurgómana á hægra vísifingri og hægra þumalfingri. Beinið var nokkuð skaddað í báðum þessum fingrum og húð nokkuð tætt. Í aðalatriðum var hér um að ræða þverskurð í þumalfingursgómnum og lóðréttan skurð í vísifingursgómnum.

Aðaláverkin var þó litlafingurs megin á vísifingrinum við efri millikjúkuliðinn, þar sem hann hafði sagað inn í liðinn og tætt hann sundur.

Sverrir var tekinn til skurðaðgerðar 12. 2. 1988, sárin hreinsuð og saumuð eftir föngum. Efri millikjúkuliðurinn á hægra vísifingri var festur með tveimur stálvírum eða pinnum, svo að sárin fengju betri frið til að gróa. Sárið á þumalfingri greri á um það bil þremur vikum, en á vísifingri tók það um það bil tvo mánuði. Annar stálpinninn var fjarlægður úr vísifingrinum 23. 3. 1988, en sá seinni 29. 3. 1988.

Við síðustu skoðun, 6. 6. 1988, voru fremur væg eymsli í örinu á hægra þumalfingri, en aðalóþægindin voru stirðleiki og sársauki við hreyfingar í hægra vísifingri. Hreyfing er þar verulega skert í efri millikjúkuliðnum.

Sverrir var frá vinnu vegna þessa áverka 12. 2. - 5. 4. 1988.

Ekkert mælir gegn því, að áverkar þeir á tveimur fingrum, sem hér hefur verið lýst, hafi orsakast á þann hátt, sem sjúklingur hefur skýrt frá og haft er eftir honum hér að ofan, það er að segja, að hann hafi rekið hægri hönd í blað hjólsagar í gangi. Áverkinn á vísifingrinum verður að teljast

mjög alvarlegur. Liður er skaddaður, og hefur ekki náðst upp fullur hreyfiferill. Hugsanlegt er, að hreyfing verði varanlega skemmd, og gæti jafnvel komið til þess, að síðar þyrfti að gera staurliðsaðgerð í efrimillikjúkuliðnum í hægra vísifingri."

Í málinu liggur fyrir örorkumat Björns Önundarsonar læknis, dags. 2. 11. 1988, og segir þar meðal annars:

„Slasaði kom til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum 2. nóvember 1988. Honum segist frá atburðum og afleiðingu slyss þessa líkt og að framan er fram komið. Slasaði segir, að vísifingur hægri handar (er örvhendur) nýtist sér nú lítið, hvað gripið á milli þumalfingurs og vísifingurs varðar. Þannig getur slasaði ekki beygt nema í um hundrað og tuttugu gráður í miðlið, og framliður er í beygju í um hundrað og sjötíu gráðum. Slasaði segir, að dofi sé í gómi þumalfingurs hægri handar. Þá segir slasaði, að vísifingur hægri handar sé mjög viðkvæmur, ef hann reki hann í eitthvað. Leggur þá verk upp eftir fingrinum alveg upp í grunnlið. Slasaði kveðst hafa nokkurt kuldaóþol í vísifingri hægri handar, en einnig í þumalfingursgómnum. Gripið er að sögn slasaða, eins og áður greinir, ónákvæmt og kraftlítið á millum þumalfingurs og vísifingurs hægri handar. Slasaði segir, að þetta komi sér ákaflega illa, bæði í starfi sínu sem smíðakennara en einnig í frístundagamni sínu, sem er pianóleikur. Stundum finnst slasaða sem vísifingur hægri handar þvælist meira fyrir en hvað hann gerir gagn.

Ályktun::

— — —

Þó að ekki sé lengra um liðið, síðan áðurnefnt slys varð, þykir nú ekki ástæða til að draga örorkumat öllu lengur, þar sem ekki verður séð, að um frekari bata á afleiðingu slyss þessa verði hér eftir að ræða. Tímabundin og varanleg örorka þykir hæfilega metin sem hér segir.:

Í sjö vikur	100%.
Í átta vikur	50%.
Varanleg örorka	10%."

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón stefnanda 22. 2. 1990, og eru útreikningar hans þannig.:

„Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Sverris voru vinnutekjur hans árin 1985-1987 eins og að neðan greinir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

— — —

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 247.700
Vegna varanlegrar örorku	— 1.825.200
	Samtals kr. 2.072.900

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 22/2 1990 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra launa í veikindum eða skatta."

Fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa lokið námi í húsasmíði árið 1978 eða 1979, og hafi Konráð Árnason verið meistari sinn, og hafi hann sveinspróf í húsasmíði og unnið hjá meistara sínum eitthvað yfir tíu ár og fengist við alls konar smíðavinnu og aldrei lent í neinu slysi við vinnu með vélar. Hafi hann kvartað strax við skólastjóra og yfirkennara Glerárskóla, er hann sá sögina, og honum sagt, að búið væri að sækja um í sex ár að fá nýja sög, en ekkert gengið. Að sínu mati hefði kostað meira að gera við sögina en kaupa nýja. Hann sagði, að erfitt hefði verið að vinna við sögina vegna þess, hve hættuleg hún var, og hann þurft að vera í ýmsum stellingum til þess að geta unnið. Hann kveðst því aldrei hafa látið nemendur nota sögina, enda þótt skylt hafi verið að kenna nemendum níunda bekkjar að nota verkfæri. Hann kvaðst vera örvhendur, en það skipti ekki máli, hvernig hann hafi staðið að verki við sögina. Honum var sýnd mynd á dskj. nr. 4, og sagði hann hana sýna sögina og merkti inn á myndina með ×, hvar hann stóð við hana og teygði sig yfir sagarblaðið að þvingunni. Hann kvaðst geta unnið við smíðar eftir slysið. Það hefði verið sín vinnuregla að drepa aldrei á söginni, þegar hann þurfti að festa landið og teygja sig yfir sagarblaðið, vegna þess að annars hefði verkið ekkert gengið, og engin bremsa hefði verið á mótornum. Hann kveðst hafa látið af störfum sem leiðbeinandi Glerárskóla nú í vor og starfa síðan í fullu starfi sem húsasmiður og vinna sjálfstætt. Hafi hann kvartað hvað eftir annað við skólastjórann og Pál Bergsson yfirkennara um ástand sagarinnar og sýnt þeim bæklinga um sagir og verkfæri, en alltaf hefði verið sama svarið, að erfiðlega gengi að fá peninga til tækjakaupa, sem þeir virtust hafa reynt, en ekki fengið. Hann sagði, að ljósmyndir á dskj. nr. 4 sýndu nákvæmlega, hvernig vélin var stillt, er slysið varð. Hafi slysið orðið í smíðatíma og hann aldrei kvartað um ástand sagarinnar við skólafulltrúa.

Fyrir dóminn kom sem vitni Birkir Björnsson, húsasmiður og leiðbeinandi í handmennt við Hrafnagilsskóla, kt. 161061-4259, Hrafnagilsskóla. Hann kvaðst hafa verið leiðbeinandi skólaárið á undan stefnanda í handmennt við Glerárskóla, og þá hefði engin öryggistæki verið á söginni. Honum voru sýndar myndir á dskj. nr. 4, og sagði hann sögina hafa verið nákvæmlega eins og þegar hann starfaði við skólann. Hann kveðst hafa kvartað oft út af ástandi sagarinnar, bæði við skólastjóra og samkennara, og hafi skólastjóri sagt, að hann gæti ákaflega lítið gert, en vitnið gæti

fengið bæklinga um sagir. Skólastjóri hafi sent til skólanefndar með ósk um kaup, en sagt, að þetta væri alltaf það fyrsta, sem skólanefnd skæri niður. Hann kveðst hafa útvegað bæklinga um vélar og afhent skólastjóra, en síðan hafi hann ekki vitað, hvað gerðist. Hann segir, að sögin hafi getað verið hættuleg að vinna við hana, það er að segja, ef aðhaldið var ekki fest í hvert einasta skipti, sem unnið var með henni. Vitnið segir, að á undan sér hafi starfað sem leiðbeinandi Matthías Gestsson. Hann kveðst aldrei hafa kvartað við skólafulltrúa um ástand sagarinnar. Hann segist alltaf hafa drepið á söginni, þegar hann þurfti að festa landið, -aðhaldið,- eða stilla það.

Fyrir dóminn kom sem vitni Vilberg Alexandersson skólastjóri, kt. 300937-4389, Háuhlíð 7, Akureyri.

Vitnið sagði, að stefnandi hefði kvartað við sig undan söginni og í þá veru, að hún væri ekki nógu góð, en ekki það, að hún væri vanbúin öryggistækjum, og forverar hans kvartað undan því sama.

Vitnið upplýsti, að áður en stefnandi hóf störf, hefði verið búið að rífa af vélinni öryggistæki. Vitninu var sýnd mynd af söginni á dskj. nr. 4, og sagði vitnið, að af henni hefði verið tekin hlíf yfir sagarblaðinu, en man ekki, hvort hlíf hafi verið yfir reiminni. Hann sagði, að sér hefði verið kunnugt um, að aðhaldið hefði verið bilað og hann reynt að fá nýtt í Reykjavík, en ekki tekist, en man ekki, hver vakti athygli hans á því, að það var bilað. Hann upplýsti, að sögin hefði verið keypt ný árið 1973. Hann vissi ekki, hver fjarlægði öryggistæki af söginni, en það hefðu sennilega verið forverar stefnanda, Matthías Gestsson eða Birkir Björnsson. Vitnið sagði, að er ný sög var keypt, hefði stefnandi fjarlægt hlíf yfir sagarblaðinu án sinnar vitundar og vilja, en vitnið séð til þess, að hún hefði verið sett á að nýju. Vitnið staðfesti, að ný hjólsög hefði verið á óskalista skólans yfir ný tæki í um það bil tvö ár, en ekki fengist vegna peningaleysis, og 24. mars 1988 hefði verið keypt ný, sambyggð trésmíðavél og þeirri gömlu komið í geymslu. Hann staðfesti efni bréfs, dags. 14. maí 1990, til skólafulltrúans á Akureyri, þar sem fram kemur, að stefnandi hafi hafið kennslu í Glerárskóla í byrjun október 1987 og kennt við skólann síðan og kenni smíðar. Veturinn 1987-1988 hafi stefnandi fengið greiddar tíu stundir á mánuði frá október til maí vegna smíðakennslunnar, og sé það fyrir umsjón með kennslutækjum, innkaup með efni og fleira. Hann kvað það vera eilífðarbaráttu að afla fjár til tækjakaupa og viðhalds skólahúsnæðis bæði úti og inni, og sé þar við stjórnkerfi Akureyrarbæjar að eiga, skólanefnd, bæjarstjórn og bæjarráð. Á sínum tíma, er sögin var keypt, hefði ríkissjóður greitt helming stofnverðs. Hann upplýsti, að ríkissjóður greiddi laun kennara og leiðbeinenda, en bæjarsjóður smíðakennurum svonefnda brýnslupeninga, tíu klst. á mánuði, fyrir umsjón með kennslutækjum, en

ríkissjóður endurgreiði síðan bæjarsjóði þessi laun. Hann kveðst sækja fundi skólanefndar Akureyrar, þegar þeir séu boðaðir, og telur, að skólastjórar séu almennt boðaðir á flesta fundi nefndarinnar, og fái hann greidda þóknun fyrir fundarsetuna. Hann upplýsti, að stefnandi hefði hafið störf, er skólastarf var byrjað haustið 1987, og þar sem hann hefði ekki kennsluréttindi, hefði vitnið sem skólastjóri getað einn sótt um undanþágu til undanþágunefndar til þess að ráða leiðbeinanda, svo að ráðning stefnanda hefði getað farið fram, án þess að skólanefnd hefði fjallað um hana.

Málsástæður og lagarök aðila.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að sögin, sem hann varð að vinna við, hafi verið vanbúin og beinlínis hættuleg. Sögin, eins og hún var, þegar slysið varð, fullnægði ekki reglum Vinnueftirlits ríkisins, en það setur lágmarkskröfur, sem vélar sem þessar þurfa að fullnægja.

Stefnandi og forverar hans hafi kvartað vegna sagarinnar við forstöðumenn Glerárskóla, en þeir aðhöfðust ekkert, og því hafi stefnandi verið nauðbeygður til að nota sögina til að geta sinnt starfi sínu. Vegna þessa telur stefnandi bótaábyrgð stefndu ótvíræða. Hann reisir kröfur sínar á reglum skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð, þar sem hann var starfsmaður beggja stefndu, auk þess sem stefnda bæjarsjóði bar skylda til að sjá um, að sögin væri í því ástandi, sem eðlilegt mátti telja.

Til lagaraka vísar stefnandi einkum til 17. og 79. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, laga nr 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, einkum 4. og 7. kafla, 12. kafla laga nr. 85/1936 og vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

Stefndi bæjarsjóður Akureyrar reisir sýknukröfu sína einkum á því, að stefnandi hafi sýnt vítavert kæruleysi, er hann varð fyrir slysinu. Stefnandi hafi skýrt svo frá, að ef hann hefði stöðvað vélina í hvert sinn, sem hann þurfti að breyta stillingu, hefði verkið ekkert gengið. Hér beri að hafa í huga, að ekki var um ákvæðisvinnu á verkstæði að ræða, heldur kennslu í skóla, og sýnist engin nauður reka til að vinna svo hratt, að ekki gefist tími til að stilla verkfæri með öruggum hætti. Aðstæður allar á slysstað hafi verið í besta lagi, en sögin orðin nokkuð gömul og þurfti sérstakrar aðgæslu við notkun. Þótt svo væri og svokallað land slitið og þvinga notuð til festingar, hafi slíkt út af fyrir sig ekki verið hættulegt, nema vangæsla væri við notkun. Stefnanda sem fagmanni með þekkingu á trésmíðavélum hlaut að vera ljóst, hversu hættulegt var að hafa sögina í gangi og teygja sig yfir sagarblaðið til að færa landið. Stefnandi hafi verið opinber starfsmaður og þegið laun úr ríkissjóði. Hann hafi lotið stjórn skólastjóra, sem var ríkisstarfsmaður, og leitað þá væntanlega til hans um endurnýjun tækja eða annað, sem kom vinnu hans við. Hvort tveggja það, að stefnandi var

sjálfur sá, er sá um vélina og enn fremur heyrði undir skólastjóra, geri það að verkum, að bæjarsjóður geti ekki borið sök á atburðinum. Ósannað sé, að ekki hefði verið gert við landið á söginni, hefði þess verið farið á leit, en þvingan virðist hafa verið látin duga, þar til ný vél fengist. Engar sérstakar kvartanir hafi verið bornar fram við bæjarsjóð vegna vélarinnar, og gat hann því ekki vitað um ástand hennar, en hins vegar sé upplýst, að í um það bil tvö ár hafi ný sög verið á óskalista skólans yfir ný tæki, en eitthvað annað þá væntanlega látið ganga fyrir.

Verði ekki fallist á sýknukröfu, er þess krafist eigi að síður, að kröfur verði lækkaðar verulega vegna eigin sakar stefnanda, og bent á, að er ný sög hafi verið keypt, hafi fyrsta verk stefnanda verið að taka af henni öryggishlíf samkvæmt upplýsingum skólastjórans. Af þessu megi sjá, að stefnandi virði ekki þær öryggiskröfur, sem gerðar eru, og setji sig og aðra í hættu með slíku framferði.

Kröfu sinni til stuðnings vísar stefndi til grunnskólalaga nr. 63/1974, einkum 79. gr., þó að það skipti í sjálfu sér ekki máli í þessu sambandi, eins og rakið hefur verið.

Málsástæður og lagarök stefndu menntamála- og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs fyrir sýknukröfu eru þau, að í fyrsta lagi hafi stefnandi sjálfur átt alla sök á tjóninu og verði því að bera það sjálfur. Hann sé menntaður húsasmiður, og honum hafi verið fullkunnugt um ástand vélarinnar. Hann hafi ekki sýnt þá gætni að stöðva vélina, þegar hann þurfti að breyta landinu og færa þvingurnar, heldur gerði hann það, á meðan vélin var í gangi. Auk þess sé það óverjandi að hafa slík vinnubrögð í frammi í kennslustund. Tjón stefnanda verði einungis rakið til stórfellds gáleysis af hans hálfu, og eigi hann að bera alla ábyrgð á slysinu sjálfur.

Ef tjón stefnanda verði á einhvern hátt rakið til vanbúnaðar vélarinnar, er því haldið fram, að slíkt sé algerlega á ábyrgð meðstefnda bæjarsjóðs Akureyrar. Skólanefnd hafi á hendi stjórn og eftirlit með kennslutækjum. Í 1. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla sé kveðið á um, að í sérhverju skólahverfi skuli vera skólanefnd, sem fari með málefni grunnskóla, eftir því sem lög og reglugerðir kveði nánar á um. Skólanefnd sé kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn, og fer hún í umboði sveitarstjórnar með málefni grunnskóla, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 185/1976, og skv. 5. málsgrein 19. gr. grunnskólalaganna skal skólanefnd líta eftir, að skóli hafi öll nauðsynleg kennslutæki og aðbúnað, og bera ábyrgð á viðhaldi og að aukning sé eftir þörfum. Jafnframt sé sveitarfélagi skylt að annast viðhald kennslutækja, sbr. 28. gr. sömu laga. Grunnskólalögin geta ekki einungis um það, hverjum sé skylt að annast eftirlit á kennslutækjum og á hvers ábyrgð það sé, heldur tiltaka þau einnig, hver greiði kostnaðinn, en skv. 79. gr. sé allur viðhaldskostnaður greiddur úr sveitarsjóði. Ljóst sé því skv. tilvitnuðum

lagagreinum, að viðhald kennslutækja og rekstrarkostnaður þeirra sé algerlega á ábyrgð meðstefnda bæjarsjóðs. Skólastjóri beri sem ríkisstarfsmaður enga ábyrgð þar á. Eftirlit með kennslutækjum sé ekki í verkahring hans sem ríkisstarfsmanns, enda fái hann ekki greitt fyrir það hjá ríkissjóði.

Til vara er gerð krafa um verulega lækkun á kröfu stefnanda og að málskostnaður falli niður í því tilfelli.

Kröfugerð stefnanda í heild er mótmælt sem allt of hárri og órökstuddri, og virða beri til lækkunar, að ólíklegt sé, að hin læknisfræðilega örorka hafi skert aflahæfi stefnanda í þeim mæli, sem hlutfallstala örorkumatslæknis gerir ráð fyrir. Miskabótakrafa stefnanda sé í ósamræmi við dómvenjur; miski sé eflaust innifalinn í örorkumati læknisins. Miski sé sérkrafinn í málinu og því í raun tvíkrafinn. Þá beri að lækka bætur vegna skattfrelsis bótanna og draga frá þann hluta, sem ganga mun til opinberra gjalda, og virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bótanna. Þá beri að draga frá bótunum greiðslu frá ríkissjóði á grundvelli kjarasamningaákvæða og lækka bæturnar verulega vegna eigin sakar stefnanda, sem meta verði stórfellda.

Álit dómsins.

Svo sem hér að framan er rakið, krefst stefnandi bóta vegna varanlegrar örorku, 1.825.200 kr., og í miskabætur 450.000 kr. Með tilliti til eingreiðslu bóta svo og skattfrelsis þykja dómara bætur vegna varanlegrar örorku hæfilega metnar 1.500.000 kr. og í miskabætur 300.000 kr. Að því er bótaskyldu stefndu varðar, fellst dómari á, að þeir séu bótaskyldir in solidum þrátt fyrir ákvæði 79. gr., 17. og 19. gr. og 28. gr. grunnskólalaga, er leggja á sveitarfélög skyldu um endurnýjun og viðhald skólahúsa, skólahússgagna og kennslutækja, þar sem skv. 1. gr. grunnskólalaga er sú skylda lögð á stefndu að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 - 16 ára, eins og nánar greinir í lögunum.

Í erindisbréfi skólastjóra nr. 197 frá 24. maí 1976, 6. gr., segir, að skólastjóra beri í samráði við skólanefnd að sjá um, að fullnægt sé kröfum í lögum og reglugerðum, að því er varðar allan nauðsynlegan aðbúnað skóla, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, innanstokksmuni, kennslutæki og söfn. Einnig segir, að skólastjóri hafi umráðarétt yfir öllum innanstokksmunum skólans, áhöldum og söfnum og haldi eða láti halda skrá um þau. Hann geti þó ekki ráðstafað þeim á sitt eindæmi nema í þágu skólastarfsins. Einnig beri honum að fylgjast með því, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum, og gera tillögur um það til skólanefndar. Samkvæmt þessu má það ljóst vera, að réttindi og skyldur stefndu eru svo samtvinnuð, að þau verða ekki greind í sundur, að því er skaðabótaábyrgð varðar. Sannað þykir, að sög þeirri, sem stefnandi vann við, er slysið varð, var að mörgu

leyti áfátt, eins og rakið hefur verið. Hins vegar ber að líta til þess, að stefnandi er fagmaður og honum mátti vera næsta ljós sú hætta, er honum stafaði af verkfærinu. Forveri hans, Birkir Björnsson, stöðvaði ætíð sögina, þegar hann þurfti að stilla eða lagfæra aðhaldið.

Ástæða sú, sem stefnandi tilgreinir fyrir þessari vinnureglu, kann að vera rétt að einhverju leyti, en hins vegar segir hann, að vinnuregla sín hafi verið sú að drepa aldrei á vélinni. Slík háttsemi er lítt forsvaranleg með tilliti til þess, að hann hafði kvartað undan ástandi sagarinnar að eigin sögn og gert sér ljósa hættuna, sem stafaði af því að vinna við hana. Með þetta í huga þykir dómara rétt, að stefnandi beri tjón sitt að tveimur þriðju hlutum, en stefndu bæti honum það in solidum að einum þriðja hluta. Bætur til stefnanda vegna varanlegrar örorku verða því 500.000 kr. og vegna miska 100.000 kr., alls 600.000 kr., auk vaxta, eins og krafist er í stefnu, þó þannig, að dráttarvextir leggjast á höfuðstól frá 13/3 1989. Þá ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað in solidum, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari, og hefur dómsuppsaga í máli þessu dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans vegna dómstarfa í sakamálum.

Dómsorð:

Stefndu, bæjarsjóður Akureyrar, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sverri Auðuni Meldal, in solidum 600.000 kr. með 20% ársvöxtum frá 12/2 1988 til 1/3 s. á., með 19% ársvöxtum frá þ. d. til 10/6 s. á., 23% ársvöxtum frá þ. d. til 1/8 s. á., 26% ársvöxtum frá þ. d. til 21/8 s. á., 22% ársvöxtum frá þ. d. til 1/9 s. á., 12% ársvöxtum frá þ. d. til 11/10 s. á., 9% ársvöxtum frá þ. d. til 21/10 s. á., 6% ársvöxtum frá þ. d. til 1/12 s. á., 4% ársvöxtum frá þ. d. til 21/1 1989, 6% ársvöxtum frá þ. d. til 1/2 s. á., 8% ársvöxtum frá þ. d. til 1/3 s. á., 10% ársvöxtum frá þ. d. til 13/3 s. á., en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 13/3 1989.

Stefndu greiði in solidum stefnanda málskostnað, 200.000 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og leggjast tildæmdir dráttarvextir á málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 43/1991. **Anton Ásgrímur Kristinsson**
(Andri Árnason hrl.)
gegn
Ögurvík hf. og
Tryggingu hf. til réttargæslu
(Stefán Pálsson hrl.).

Skaðabótamál. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1991. Krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða sér 4.193.849 krónur ásamt ársvöxtum sem hér segir: 45% af 4.087.280 krónum frá slysdegi 13. febrúar 1986 til 1. mars sama ár, 33% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, með 27% frá þeim degi til 1. mars 1987, með 30% frá þeim degi til 14. apríl sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til 12. mars 1988, en af 4.193.849 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. mars 1987. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu réttargæslustefnda hafa ekki verið gerðar kröfur í málinu, og engar kröfur eru gerðar á hendur honum.

Tvö ný skjöl hafa verið lögð fram í Hæstarétti, þ.e. nýr útreikningur örorkutjóns áfrýjanda og umsögn Iðntæknistofnunar, sem síðar getur.

I.

Slys það, er mál þetta snýst um, varð 13. febrúar 1986 um borð í bv. Vigra, RE-71, er áfrýjandi var að smyrja tessa á skálkum á hurð á þilfari skipsins. Við verkið notaði hann smurningsdælu með um það bil 35 cm langri slöngu. Eru frásögn áfrýjanda af slysinu

gerð skil í hinum áfrýjaða dómi. Þar kemur og fram, að áfrýjandi, sem var 1. vélstjóri á skipinu, hafði oft áður notað þessa smurningsdælu án þess að verða þess var, að slöngunni væri að einhverju leyti áfátt.

Jón Bjarnason, sem var yfirvélstjóri á bv. Vigra, sagði fyrir dómi, að hann teldi, að slanga dælunnar hefði átt að þola þann þrýsting, sem fylgdi átaki eins manns. Hann kvaðst hafa séð slönguna eftir slysið, og hafi hún verið þverkubbuð við stútinn dælu megin, að því er hann minnti. Hafi slangan verið þar í sundur, rifa á henni hálfri, nóg til þess, að hún hafi hlaupið eða hrokkið til, þegar hún brast. Jón kvaðst ekki hafa skoðað smurkopp þann, sem áfrýjandi var að smyrja í, er slangan gaf sig. Þá sagði hann, að slöngunni hefði verið fleygt, þegar til hafnar kom, og ný verið sett við dæluna.

Í umsögn Iðntæknistofnunar 8. júlí 1992, sem áfrýjandi óskaði eftir og undirrituð er af Aðalsteini Arnbjörnssyni verkfræðingi, segir svo, eftir að greint hefur verið frá því, að farið hafi verið yfir staðla og umsagnir frá framleiðanda einnar tegundar af koppafeitisdælum:

„Okkar mat er eftirfarandi:

1. Sé búnaður í lagi og slanga óskemmd, teljum við ekki hættu á, að slangan geti sprungið eða rifnað, jafnvel þótt kröftugu handafli sé beitt.

2. Slangan getur hins vegar losnað frá dælu, hafi henni ekki verið komið nægilega örugglega fyrir, óhreinindi hafi verið í gengjum eða slangan ekki skrúfuð á fullu upp í dæluna.

3. Hafi sjálf slangan sprungið, hefur hún væntanlega verið gölluð frá framleiðanda eða skemmd af einhverjum orsökum, áður en dæling hófst. Ekki er þó hægt að útiloka, að notuð hafi verið slanga frá framleiðanda, sem ekki þolir tilætlaðan þrýsting og ekki hefur verið ætlast til, að notuð sé á koppafeitisdælu af þessari gerð. Engin staðfesting liggur fyrir, hvaða gerðir af búnaði voru notaðar, þegar óhappið átti sér stað.“

II.

Leitt er í ljós, að slysið, sem áfrýjandi varð fyrir, átti rætur að rekja til þess, að slanga á handknúinni smurningsþrýstidælu fór í sundur. Hins vegar er á huldu, hvað því olli. Er óvíst, hvort ráða mátti af útliti slöngunnar, að varasamt væri að nota hana. Áfrýj-

anda hefði þá borið að gera ráðstafanir til, að skipt yrði um slöngu, en honum var ljóst, að tiltækar voru í skipinu ónotaðar slöngur á dæluna. Óvissa um nefnd atriði er afleiðing þess, að slöngunni var hent eftir slysið, án þess að nokkur rannsókn færi fram á henni áður. Yfirmönnum skipsins bar að sjá til þess, að slöngunni væri haldið til haga og að viðhlítandi rannsókn færi fram til að leiða í ljós orsök þess, að hún fór í sundur.

Með skírskotun til þessa er fullnægt lagaskilyrðum til þess, að stefnda verði gerð fébótaábyrgð á slysinu.

Áfrýjandi var 1. vélstjóri á skipinu og hafði að eigin sögn oft notað umrædda dælu. Hann átti vegna menntunar sinnar og starfsreynslu að kunna full skil á dælunni og hvers þurfti að gæta við notkun hennar. Þá mátti honum vera ljóst mikilvægi þess, að slangan yrði varðveitt. Verður hann því að bera nokkurn halla af þeirri óvissu, sem er um orsakir slyssins.

Þegar framanskráð er virt, þykir rétt, að stefndi bæti áfrýjanda tjón hans af völdum slyssins að 2/3, en sjálfur beri hann 1/3 hluta þess.

III.

Áfrýjandi fór til dr. med. Ólafs Grétars Guðmundssonar, sérfræðings í augnlækningum, 15. febrúar 1986. Í vottorði læknisins 24. maí 1988 segir meðal annars svo:

„Sjón við fyrstu komu reyndist á hægra auga vera 6/24 án glers, en 6/9 - gegnum nálarauga. Á vinstra auga var sjón alveg eðlil. eða 6/5 án glers. Skoðun leiddi í ljós dreifðan roða á slímhimnu hægra auga og hornhimna var dál. skýjuð. Í forhólfi augans var blóðstorka og rifa í ljósop ofan til nefmegin. Augasteinn virtist að mestu tær, en við augnspeglun var innsýn óskýr, það sáust þó engin merki um áverka á sjónhimnu, og bæði sjóntaugar, doppa og guli díll voru eðlil. Augnþrýstingur var eðlil., 10 mm á báðum augum.

Sjúkl. var í fyrstu meðhöndlaður með bólgueyðandi lyfjum og einnig lyfjameðferð til að koma í veg fyrir endurblæðingu inn í augað. Sjúkl. var síðan í eftirliti og meðferð hjá undirrituðum meira og minna samfellt þangað til í byrjun júní 1986. Sjón á hægra auga lagaðist smátt og smátt, og um miðjan mars 1986 var hún orðin

næstum eðlil. Í byrjun júní sama ár var sjónin e. t. v. farin að óskýrast aftur, og við skoðun 12. jan. 1987, eftir að sjúkl. hafði orðið var við vaxandi sjóndepru, kom í ljós, að sjúkl. var kominn með allþétt ský á augastein hægra auga, vafalaust af völdum höggsins, er hann hlaut 13. febrúar 1986. Af þessum sökum var gerð aðgerð á auganu þann 4. sept. 1987. Augasteinn var fjarlægður. Sú aðgerð gekk eðlilega, nema sjúkl. fékk dál. augnalokssig eftir aðgerðina, sem þó lagaðist að fullu á nokkrum mánuðum. Eftir aðgerðina fékk sjúkl. mjúka aphaki-snertilinsu fyrir vinstra auga og fékk fljótlega um það bil 65-70% sjón með linsunni einni saman. Í desember 1987 kom í ljós, að nokkur þétting var í svokölluðu afturhylki augasteins, sem skilið hafði verið eftir við aðgerðina, eins og venja er. Það þurfti því að gera viðbótaraðgerð til að fjarlægja þessa himnu. Var það gert í staðdeyfingu þann 19. febrúar 1988 og gekk vel og án fylgikvilla. Eftir aðgerðina fékk sjúkl. mun betri sjón eða 6/5 6/5 + með besta gleri.

Að mati undirritaðs hefur sjúkl. nú hlotið fullkomlega endurhæfingu og hefur fulla sjón á hægra auga með hjálp snertilinsu. Hins vegar hefur sjúkl. haft af þessu slysi mjög mikil óþægindi, verulega truflun á starfi sínu og lífi, vinnutap, og segja má, að hann verði aldrei samur maður aftur, t.d. hefur hann algjörlega tapað hæfileikanum til að stilla sjónina nærri sér á hægra auga vegna missis augasteins, og mun það ekki koma aftur, jafnvel þótt síðar yrði settur gerviaugasteinn í augað. Til þess að sjá skýrt frá sér mun hann ætíð þurfa ytri eða innri linsu og til að geta lesið viðbótargleraugu. Eftir um það bil 20 komur á læknastofu mína og tvær skurðaðgerðir er sjúkl. nú laus við öll lyf, og tel ég, að læknismeðferð sé að fullu lokið, ef ekki koma nein ný sjúkdómseinkenni fram eða nýjar leiðir opnast til meðferðar."

Björn Önundarson tryggingayfirlæknir mat örorku áfrýjanda, og í mati hans 21. júní 1988 segir svo í niðurstöðukafla:

„Slasaði mun á komandi tíð eiga bágt með alla fínvinnu. Þá mun hann og eiga bágt með vinnu í mikilli birtu, og einnig býr hann við skerta fjærsjón. Þessi sjónskerðing veldur slasaða þannig verulegum óþægindum, einkum ef tekið er tillit til þess, að sem vélstjóri þarf hann oft að stunda námkvæmnisstörf."

Örorku áfrýjanda metur tryggingayfirlæknir þannig:

Í sex mánuði 100%
Í tvo mánuði 50%
Varanleg örorka 15%

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur þrívegis reiknað út örorkutjón áfrýjanda, 8. september 1988, 8. janúar 1990 og 30. apríl 1993. Byggir áfrýjandi kröfugerð sína fyrir Hæstarétti á síðasta útreikningnum. Er að ósk áfrýjanda stuðst við tvenns konar tekjugrundvöll. Annars vegar eru umreiknaðar vinnutekjur áfrýjanda árið 1985 með tilliti til almennra kauptaxtabreytinga svo og með hliðsjón af upplýsingum Kjararannsóknarnefndar um launaþróun. Hins vegar eru áætlaðar vinnutekjur 1. vélstjóra á togara. Miðað við þessar forsendur nema árstekjur eftir 1992 2.624.118 krónum (umreiknaðar vinnutekjur) eða 2.716.117 krónum (áætlaðar tekjur 1. vélstjóra). Reiknað er með almennum sparisjóðsvöxtum frá slysdegi til útreikningsdags 30. apríl 1993, annars vegar vöxtum og vaxtavöxtum og hins vegar einföldum vöxtum, en eftir útreikningsdag er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar. Miðað við síðari kostinn nemur örorkutjón áfrýjanda reiknað á ofangreindan hátt:

Vegna tímabundinnar örorku miðað við umreiknaðar vinnutekjur áfrýjanda 1985 611.595 krónum, en 634.880 krónum miðað við áætlaðar vinnutekjur 1. vélstjóra.

Vegna varanlegrar örorku 4.838.242 krónum miðað við fyrri kostinn, en 5.009.760 krónum miðað við síðari kostinn.

Viðbót vegna tapaðra lífeyrisréttinda er áætluð miðað við fyrri kostinn 316.666 krónur, en hinn síðari 338.678 krónur. Vegna hækkunar í stöðu yfirvélstjóra 1. janúar 1996 er áætlað tekjutap 579.090 krónur og viðbót vegna tapaðra lífeyrissjóðsréttinda vegna stöðuhækkunar 34.745 krónur.

Áfrýjandi sundurliðar endanlega kröfugerð sína þannig:

,,1. Vegna tímabundis orkutaps	kr.	634.880
— greitt frá atv-rekanda	—	589.482
	kr.	45.398
2. Varanleg örorka		
i) miðað við 1. vélstj.	kr.	5.009.760
ii) hækkun í stöðu	—	579.090
	kr.	5.588.850

— greitt frá TR	kr	- 271.860
	kr.	5.316.990
— 35% v/eingr.- og skatthagræðis	kr.	1.860.946
	—	3.456.043
— greitt af slysatr. samningsb.	—	- 237.584
	kr.	3.263.857
3. Miskabætur	—	450.000
4. Töpuð lífeyrisréttindi	—	373.423
	kr.	4.087.280
5. Bætur v/mism. staðgengilslauna	—	106.569
	Kr.	4.193.849“

Um 1. lið.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið meðal annars með vísan til þess, að áfrýjandi hafi haldið starfi sínu hjá stefnda og fengið full laun. Þykir verða að fallast á rök stefnda um þennan lið og sýkna hann af þessari kröfu.

Um 2. lið.

Stefndi mótmælir þessum kröfulið sem of háum. Sérstaklega er mótmælt hækkun vegna færslu í stöðu yfirvélstjóra 10 árum eftir slys, enda sé nú upplýst, að stefndi hafi hætt sjómennsku og stundi búskap. Þá eigi að beita hærri frádrætti vegna hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsi.

Fallast ber á að miða bætur við laun 1. vélstjóra, enda var áfrýjandi nýbyrjaður í starfi sem vélstjóri, er slysið varð. Ekki þykir hins vegar grundvöllur til að taka til greina kröfu um hækkun vegna hugsanlegrar færslu í stöðu yfirvélstjóra. Með hliðsjón af þessu og dómvenju um skattfrelsi örorkubóta, hagræði af greiðslu þeirra í einu lagi og að teknu tilliti til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þykir örorkutjón áfrýjanda hæfilega metið 2.750.000 krónur. Af þeirri fjárhæð bæti stefndi 2/3 hluta, 1.833.333 krónur, en frá því ber að draga bætur úr samningsbundinni slysatryggingu, 237.584 krónur. Nemur því bótaskylt tjón 1.595.749 krónum.

Um 3. lið.

Með vísan til þess, sem fram er komið um meiðsli áfrýjanda og afleiðingar þeirra, þykir tjón vegna miska hæfilega metið 150.000

krónur. Af þeirri fjárhæð ber stefnda að greiða 2/3 hluta, 100.000 krónur.

Um 4. lið.

Með hliðsjón af því, að áfrýjandi hefur hætt störfum sem vélstjóri og tekið upp óskyld störf, án þess að upplýst sé, að það sé beinlínis vegna slyssins, þykir ekki grundvöllur til að taka þennan kröfulið til greina.

Um 5. lið.

Ekki þykja efni til að taka þennan lið til greina með vísan til þess, sem áður er fram komið um 1. lið.

IV.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda samtals 1.695.749 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Stefndi greiði áfrýjanda 550.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun málskostnaðar er tekinn með útlagður kostnaður hans við gagnaöflun, 81.068 krónur samkvæmt yfirliti, sem ekki sætti sérstökum andmælum af hálfu stefnda. Ekki er tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Ögurvík hf., greiði áfrýjanda, Antoni Ásgrími Kristinssyni, 1.695.749 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. febrúar 1986 til 30. apríl 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 550.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Antoni Ásgrími Kristinssyni, kt. 100860-7599, Stafnaseli 4, Reykjavík, gegn Ögurvík h/f, kt. 430171-0469, Týsgötu 1, Reykjavík, og Tryggingu h/f, kt. 660269-3399, Laugavegi 178, Reykjavík, til réttargæslu með stefnu, þingfestri 8. júní 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 8.000.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda, Ögurvíkur h/f, eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómara. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð að mati dómsins og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt og þess krafist, ef skaðabætur verði á annað borð dæmdar, að ársvextir verði ákveðnir hinir sömu og vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá 13. febrúar 1986 til 8. janúar 1990, en með vöxtum af skaðabótum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til þess dags, þegar einn mánuður verður liðinn frá birtingu endanlegs dóms, og dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Mótmælt er kröfum stefnanda um vaxtavexti.

Þá er mótmælt kröfum stefnanda varðandi útlagðan kostnað vegna gagnaöflunar, samtals að fjárhæð 36.662 kr., og vöxtum af þeirri fjárhæð, sem telja skuli til málskostnaðar.

Engar kröfur eru gerðar f. h. réttargæslustefnda og engum kröfum að honum beint.

Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 31. maí sl., en endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 25. október sl.

I.

Stefnandi var vélstjóri á bv. Vigra, RE-71, sem er í eigu stefnda, Ögurvíkur h/f. Samkvæmt lýsingu hans eru málsatvik þau, að á heimleið frá Bremerhaven 13. febrúar 1986 hafi hann verið að vinna við að smyrja í fóðringar fyrir hurðarsnerla á vatnsheldum hurðum á skipinu. Hafi þetta verið gert að beiðni yfirvélstjóra, og notaði stefnandi til þess handþrýstidælu, sem hafi verið með u. þ. b. 35 mm langri slöngu og stút, sem falla átti upp á smurkoppa þá, sem smyrja átti í.

Stefnandi hafði smurt í nokkrar fóðringar, þegar tjónsatburðurinn gerðist, þannig, að slangan, sem var á handþrýstidælunni, hefði sprungið, og um leið hefði stúturinn á handþrýstidælunni skroppið af smurkoppnum og sveiflast með töluverðu afli í hægra auga stefnanda.

Í aðilaskýrslu stefnanda er tekið fram, að smurkoppar þessir eigi það til að stíflast lítillega, þannig, að oft nægi að þrýsta aðeins fastar með handþrýstidælunni til að losa stífluna og smyrja í smurkoppinn og um leið í fóðringuna. Til vara hafi hann verið með nokkra aukasmurkoppa með sér til þess að skipta um þá, sem hafi verið alveg stíflaðir, og hafi hann verið

búinn að skipta um nokkra smurkoppa. Tiltekið sinn hafi hann verið að smyrja kopp, sem reynst hafi lítillega stíflaður. Hafi hann reynt að losa stífluna með því að þrýsta aðeins fastar, en þá hafi það viljað til, að slangan sprakk með fyrrgreindum afleiðingum.

Þegar eftir slysið hafi verið gert að auga stefnanda og það hreinsað, og síðan var hann látinn hafa hægt um sig, uns hann tveimur dögum síðar, 15. febrúar 1986, hafi komist til skoðunar hjá augnlækni. Afleiðingar slyss þessa urðu þær, að stefnandi missti augastein í hinu slasaða auga, sem var hægra augað, og þótt hann sjái nokkuð með því að nota snertilinsu, séu sjónhæfileikar hans mjög skertir. Örorka stefnanda af slysi þessu hafi verið metin 15% til frambúðar.

Stefnandi heldur því fram, að slangan á smurdælu þeirri, sem sér hafi verið fengin í hendur, hafi verið gölluð, hvort sem það hafi verið af elli eða öðrum ástæðum, og þess vegna hafi hún rifnað, þegar stefnandi var að vinna með dælu þessari, og með þeim afleiðingum, sem fyrr er lýst.

Stefnandi vísar til meginreglu skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð og sakarreglunnar, þar sem tjón stefnanda sé sennileg afleiðing saknæmrar og ólögmætrar hegðunar starfsmanna stefnda að fá stefnanda í hendur tæki, sem ekki hafi verið í lagi. Gera verði kröfur til þess, að verkfæri, sem eigi beri glöggt með sér, að þau séu orðin gölluð, séu endurnýjuð á vissum fresti, líkt og hlutir í flugvélum. Mjög algengt sé og góð vinnuregla og nauðsynleg, að verkfæri séu endurnýjuð, áður en til þess komi, að þau bili. Að hafa ekki gert svo verði metið eiganda skipsins til sakar samkvæmt reglunni um húsbóndaábyrgð. Við munnlegan flutning málsins byggði stefnandi einnig á því, að stefndi bæri sem vinnuveitandi hlutlæga ábyrgð á því, að verkfæri, sem stefnandi notaði, hafi verið gallað eða bilað.

Í samræmi við örorkutjónsútreikning, dags. 8. janúar 1990, hefur stefnandi gert svofellda grein fyrir tjóni sínu:

Vegna tímabundins orkutaps		kr. 634.880
— greiðslu atvinnurekanda		— 589.482
		kr. 45.396
Varanlegt orkutap	kr. 4.091.624	
— bætur frá Tryggst.	— 271.860	
	kr. 3.819.764	
— 35% vegna skattleysis og eingreiðslu	kr. 1.336.917	kr. 2.482.847
		kr. 2.528.243

— greitt af samningsb. slysa-

tryggingu			kr. 237.584
			kr. 2.290.655
Miski			— 450.000
Töpuð lífeyrisréttindi			— 283.590
			kr. 3.024.245
Bætur m. v. hækkun í stöðu			kr. 445.578
Töpuð lífeyrisréttindi af sama			— 26.735
Bætur v. mismunar staðgengilsl.			— 106.569
			kr. 3.603.127
Útlagður kostnaður:			
Örorkutjónsútreikn. G. Hansen	kr.	22.042	
Síðari örorkutjónsútreikn. G. Hansen	—	16.347	
Spítalakostn. og linsa	—	7.690	kr. 46.075
			Kr. 3.649.202

Af hálfu stefnanda er tekið fram, að stefnukrafa málsins sé sett fram, svo sem að framan greini, til þess að vernda hagsmuni stefnanda. Sé þá haft í huga, að langur tími geti liðið, uns málið verði dæmt í Hæstarétti, fari svo, að til áfrýjunar komi.

II.

Stefndi heldur því fram, að ekki sé vitað, að smurdælunni hafi að einhverju leyti verið áfátt, áður en stefnandi hóf að nota hana tiltekið sinn. Ekki sé heldur vitað, af hvaða orsökum slangan hafi rifnað. Verði helst ráðið, að óhappatilviljun hafi valdið slysinu, sem engum verði kennt um. Verði hins vegar einhverjum kennt um, sé einvörðungu við stefnanda sjálfan að sakast fyrir óvarleg vinnubrögð með því að hafa þrýst af of miklu afli á smurdæluna, þegar hann hafi orðið þess var, að smurkoppurinn væri stíflaður. Þar sem hann hafði aukasmurkoppa í fórum sínum, hefði enn fremur verið sjálfsögð varúðarráðstöfun að skipta um koppinn, áður en hann beitti auknu handafli.

Stefndi mótmælir þeim röksemdum stefnanda, að fébótaábyrgð verði á hann lögð, þar sem þess hefði ekki verið gætt, að stefnandi fengi í hendur smurdælu, sem væri í lagi. Ekki hafi verið sýnt fram á, að forsvarsmenn stefnda hafi haft nokkra ástæðu til að skipta um smurdæluna eða slönguna í henni. Þannig sé m. a. ósannað, að slangan hafi verið komin svo til ára sinna, að af þeim ástæðum hafi verið þörf á endurnýjun. Að því beri einnig að hyggja, að þótt slanga á smurdælunni hafi rifnað, þá séu hverfandi litlar líkur til, að slík bilun geti leitt af sér skaða. Í tilviki stefnanda verði því

að telja, að það hafi verið viðbrögð hans sjálfs og handahreyfingar, sem ollu því, að slangan slóst í auga hans. Fyrirsvarsmenn stefnda, hvort sem þeir unnu um borð í skipinu eða í landi, hafi ekki með nokkru móti getað séð það fyrir, að stefnandi gæti skaðast af notkun dælunnar. Jafnvel þótt bilun í slöngunni verði rakin til elli hennar eða galla, geti tjón stefnanda aldrei talist vávæn afleiðing af því.

Þá hafi það verið í verkahring stefnanda sem 1. vélstjóra að gæta þess að því marki, sem unnt væri, að þau áhöld, sem unnið var með í vélarrúmi, væru í lagi og ekki til þess fallin að valda hættu. Verði því að telja, að þær ávirðingar, sem hann ætlar, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi gerst sekir um, séu ávirðingar, sem hann sjálfur hafi þá umfram allt gerst sekur um. Fyrst hann hafi ekki tekið smurdæluna úr umferð eða skipt um slöngu á henni, áður en til bilunar kom, séu engin efni til að sakast við aðra um það.

Af framangreindu sé ljóst, að ósannað sé með öllu, að líkamstjón stefnanda verði rakið til sakar starfsmanna stefnda, sem hann beri bótaábyrgð á. Þá verði bótaábyrgð stefnda ekki heldur leidd af neinum réttarreglum um strangari eða hlutlæga bótaábyrgð, og var málsástæðum stefnanda í þá veru, sem settar voru fram við munnlegan málflutning, mótmælt sem of seint fram komnum.

Varakröfu sína styður stefndi því, að stefnukröfurnar beri að lækka verulega vegna eigin sakar stefnanda, en einnig því, að kröfurnar séu tölulega allt of háar og órökstuddar.

Stefndi reisir varakröfuna á sömu lagasjónarmiðum og aðalkröfu og telur, að ekki fari á milli mála, að stefnandi sé að verulegu leyti meðábyrgur fyrir því tjóni, sem hann hlaut í slysinu. Komi því einungis til álita að dæma stefnda til ábyrgðar að litlum hluta.

Samkvæmt fram lögðu örorkumati sé varanleg örorka stefnanda metin 15%. Á það beri að leggja ríka áherslu, að hér sé um hreint læknisfræðilegt mat að ræða og alls enginn mælikvarði á skert aflahæfi stefnanda af völdum slyssins. Í þessu sambandi ber m. a. að gæta þess, eins og fram komi í læknisvottorði dr. med. Ólafs Grétars Guðmundssonar, að stefnandi hafi fulla sjón á hægra auga með hjálp snertilinsu. Virðist örorkan einkum stafa af óþægindum við nákvæmnisstörf. Hæpið sé, að slík óþægindi hafi í för með sér skerta starfsorku. Þannig hafi stefnandi haldið fyrra starfi sínu, og sé vafamál, að tekjur hans hafi nokkuð skerst fram til þessa.

Að því marki, sem starfsgeta stefnanda kunni að hafa skerst í slysinu, beri að lækka kröfur um örorkubætur verulega vegna skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis. Ótvírætt sé, að af þeim launum, sem stefnandi kunni að hafa orðið af vegna slyssins, hefði hann orðið að greiða 37,74% í tekjuskatt. Þar sem markmið skaðabótanna sé að gera tjónþola fjárhagslega jafnsettan eftir slys og hann var fyrir slys, en ekki betur settan, beri að

lækka örorkubæturnar um a. m. k. 37,74% auk lækkunar vegna eingreiðsluhagræðis samkvæmt dómvenju.

Mótmælt er hækkun bóta fyrir vinnutekjutap, sem miðað sé við hugsanlega stöðuhækkun tíu árum eftir slys. Ósannað sé með öllu, að stefnandi fái slíka stöðuhækkun, og allt eins kunni hann að hverfa frá störfum á sjó og til starfa í landi. Engin rök séu fyrir því, að þessi kröfuliður komi til álita. Enn fremur er mótmælt kröfum vegna tapaðra lífeyrisréttinda. Þar sem mjög óljóst sé, að stefnandi verði í raun fyrir nokkru launatapi vegna slyssins, sé fráleitt að ætla, að lífeyrisréttindi hans hafi að einhverju leyti skerst. Slík krafa styðjist við engin dómafordæmi, svo að vitað sé.

Kröfu um miskabætur er mótmælt sem allt of hárri, órökstuddri og í engu samræmi við dómaframkvæmd. Við ákvörðun miskabóta ber að hafa í huga, að grundvöllur hinnar varanlegu örorku er aðallega atriði, sem virða ber sem miska og hafa engin áhrif á tekjuöflunarhæfni stefnanda framvegis. Megi því segja, að miskabótakrafa hans sé að mestum hluta innifalin í kröfunni um bætur fyrir varanlega örorku.

Mótmælt er sérstakri kröfu stefnanda vegna vinnutekjutaps tímabilið 15. 2.-15.3. 1988, er hann var frá vinnu vegna aðgerðar á hinu skaddaða auga. Tekið hafi verið tillit til þess vinnutekjutaps í útreiknuðum bótum fyrir tímabundna örorku.

Frá tildæmdum bótum beri að draga bætur, sem stefnandi hafi fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð 271.860 kr., bætur úr slysatryggingu sjómanna, að fjárhæð 172.080 kr., svo og laun, sem stefndi hafi greitt stefnanda í slysaforföllum.

Varðandi vaxtakröfur vísast til dómvenju svo og 7. og 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Frá slysdegi til uppsögudags endanlegs dóms beri að reikna með sömu vöxtum og reiknað sé með í örorkutjónsútreikningi, þ. e. einföldum vöxtum af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands.

Málskostnaðarkröfur séu reistar á 177. og 178. gr. eml. nr. 85/1936. Kröfur varðandi útlagðan kostnað séu reistar á 1. mgr. 175. gr. eml. og langri dómvenju. Þá beri að lækka þennan kröfulið um 14.620 kr., þar sem kostnaður vegna örorkumats hafi þegar verið greiddur úr slysatryggingu sjómanna.

III.

Stefnandi, Anton Ásgrímur Kristinsson, hefur gefið skýrslu fyrir dómi í þessu máli svo og vitnið Jón Bjarnason yfirvélstjóri.

Í skýrslu sinni fyrir dómi skýrði stefnandi frá tildrögum slyssins. Hann kvað yfirvélstjóra hafa beðið sig að liðka upp á hurðaskálkur í vatnsheldum hurðum um borð. Kvaðst stefnandi hafa verið búinn að smyrja í nokkrar hurðir á millidekki og verið kominn upp á dekk og var þar að smyrja í

hurð við verkstæði. Hann hafi verið að smyrja í um augnhæð, þegar hann hafi fengið högg í augað og fundið „rosalegan" sársauka, hafi legið hálflamaður svolitla stund, en síðan staðið upp og leitað aðstoðar. Stefnandi, sem hafði oft áður notað þessa smurningsdælu, hafði ekki orðið þess var, að dælunni væri á einhvern hátt áfátt, og fannst honum dælan verka eðlilega fram að því, að slysið varð. Stefnandi taldi, að slangan á dælunni hefði sprungið og við það losnað af smurkoppnum og sveiflast í auga sér. Stefnandi kvaðst ekki hafa skoðað slönguna eftir slysið, en vitnið Jón Bjarnason, yfirvélstjóri á Vigra, sagði fyrir dómi, að sig minnti, að barkinn hefði verið þverkubbaður uppi við stútinn dælu megin, rifa á honum hálfum, nóg til þess, að barkinn hefði hlaupið eða hrokkið til, þegar hann brast. Vitnið sagði, að barka þessum hefði ekki verið haldið til haga, líklega fleygt, þegar skipt var um barka.

Í fram lögðum útdrætti úr leiðarbók b/v Vigra, RE- 71, frá 13. febrúar 1986 segir svo um atburð þennan:

„Verið á siglingu.

Um morguninn, þegar 1. vélstjóri, Anton Kristinsson, var að liðka tessa á hurðinni á verkstæði, sprakk slangan á smursprautunni, og slóst hún í hægra auga honum, og fór smurningur í augað. Var augað deyft og hreinsað eftir bestu getu og síðan leppur settur fyrir það. Var Anton látinn hafa hægt um sig."

Í fram lögðum útdrætti úr véladagbók b/v Vigra, RE- 71, frá 13. febrúar 1986 segir svo um atburð þennan:

„Verið á heimsiglingu.

Anton fær koppafeiti af miklu afli í hægra auga, þegar slanga á sprautu rifnar. Augað þrifið og bundið um það."

Samkvæmt framansögðu verður að telja nægilega í ljós leitt, að slysið hafi orðið vegna þess, að barkinn á smurningsdælunni rifnaði, er stefnandi var að smyrja með henni tiltekið sinn. Samkvæmt áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna á slíkur barki, sem er í eðlilegu ásigkomulagi, ekki að geta rifnað við venjulega notkun smurningsdælunnar. Slíkt á ekki að geta gerst, nema barkinn sé mjög slitinn orðinn eða gallaður og óeðlilega miklu afli beitt við notkun dælunnar. Ekki liggur fyrir, að barki þessi hafi verið slitinn eða gallaður með öðrum hætti, enda var honum ekki haldið til haga. Um ástand barkans að þessu leyti verður því ekkert fullyrt, en ólíklegt verður þó að telja, að hann hafi verið í eðlilegu ásigkomulagi, og ber stefndi sönnunarbyrði um hið gagnstæða, eins og hér hagar til.

Í skriflegri aðilaskýrslu stefnanda kemur fram, að hann hafi verið með aukasmurkoppa með sér til þess að skipta um þá, sem væru stíflaðir. Smurkoppurinn, sem hann var að smyrja í, þegar slysið varð, hafi reynst vera

stíflaður, og hafi hann þá reynt að losa stífluna með því að þrýsta aðeins fastar, en þá hafi slangan rifnað og slysið orðið.

Samkvæmt áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna hefði stefnandi við þessar aðstæður átt að skrúfa smurkoppinn úr og ganga úr skugga um, að smurrásin til legunnar væri opin, og setja síðan nýjan kopp í staðinn.

Þegar framangreint er virt, verður að telja, að slys stefnanda hafi orðið vegna þess, að barkinn á smurningsdælunni, sem hann notaði við verkið, hafi ekki verið í lagi, samfara því, að hann hafi beitt of miklu afli til að þrýsta feitinni í smurningsrásina tiltekið sinn.

Við mat á því, hvort bótaábyrgð verði lögð á stefnda vegna slyss þessa, ber að líta til þeirrar vinnureglu, sem hinir sérfróðu meðdómsmenn telja gilda um viðhald slíkra handverkfæra, að skipt er um barka, þegar þeir fara sjáanlega að bila. Ekkert liggur fyrir um það, að svo hafi verið í því tilviki, sem hér um ræðir, enda hefði stefnandi þá sjálfur átt að verða þess var, sem hafði oft notað þessa dælu áður og einnig í þessari ferð skipsins. Að þessu virtu verður ekki talið, að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna slyssins samkvæmt reglum skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð. Þá verður ekki heldur talið, að stefndi beri bótaábyrgð samkvæmt hlutlægri ábyrgðarreglu, svo sem stefnandi byggði á við munnlegan flutning málsins. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Eggert Óskarsson borgardómari ásamt meðdómsmönnunum Lárusi Björnssyni og Ragnari Bjarnasyni vélfræðingum.

Dómsorð:

Stefndi, Ögurvík h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Antons Ásgríms Kristinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 119/1993. **Birna Þórðardóttir**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
þrotabúi Vesturgötu hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Kærumál. Skipti. Skaðabætur. Fasteign. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. mars 1993, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Hann krefst þess, að úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 19. febrúar 1993 verði hrundið og breytt á þá lund, að eftirfarandi kröfur sínar verði teknar til greina:

„1. Að viðurkennd verði sem almenn krafa í þrotabú Vesturgötu hf. skaðabótakrafa sóknaraðila, að fjárhæð 5.367.800 kr. að höfuðstól.

2. Að viðurkenndir verði sem almenn krafa vextir af höfuðstól 5.367.800 kr., sem reiknist 11% ársvextir frá 13. nóvember 1989 til 1. janúar 1990, 9% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1990, 7% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1990, 5% ársvextir frá þeim degi til 8. desember 1990, en dráttarvextir samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr., laga nr. 25/1987, frá þeim degi til 16. september 1991 og að vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 13. desember 1990, og vextir þannig reiknaðir af samanlögðum höfuðstól og vöxtum til 16. september 1991, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

3. Að viðurkenndir verði sem eftirstæð krafa vextir frá 16. september 1991 og þeir höfuðstólsfærðir eftir reglum 12. gr. l. nr. 25/1987 til greiðsludags."

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Kærumál þetta var flutt munnlega fyrir Hæstarétti, sbr. 3. mgr. 149. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing lögmanns Sigurðar Grímssonar, dagsett 20. apríl 1993, að honum hafi verið kunnugt um þingfestingu þessa máls og umbjóðandi hans hafi ákveðið að hafa ekki afskipti af því. Þá kom fram við flutning málsins hér fyrir dómi, að mál sóknaraðila gegn Sigurði Grímssyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., sem þingfest var í héraði 28. janúar 1992, hefur verið fellt niður.

I.

Sóknaraðili styður skaðabótaskyldu varnaraðila meðal annars því, að fyrirsvarsmenn Vesturgötu hf. hafi ekki gengið svo tryggilega frá aðkomu og dyraumbúnaði veitingastaðarins, Geirsbúðar, sem almennt megi ætlast til af veitingamönnum, í ljósi þeirrar hættu, sem skapast geti á vínveitingahúsum vegna umgengni viðskiptavina.

Samkvæmt gögnum málsins var dyraumbúnaði svo fyrir komið, að tveir eins vængir mynduðu hurðina. Hvor vængur er með þremur römmum, og eru 82 x 30 cm stórar rúður í efsta og stærsta ramma hvors vængs. Í rúðunum var 6 mm einfalt gler. Slysið varð með þeim hætti, að gestur veitingastaðarins sló í gegnum glerið á öðrum vængnum. Dyraverðir höfðu nýlega látið hann út fyrir, og leitaði hann inngöngu að nýju. Er ósannað, að hann hafi ætlað sér að brjóta glerið í hurðinni, þegar hann sló í rúðuna. Þröng vill myndast við dyr vínveitingahúsa, og nokkur hætta er á, að menn leiti þar ákaft inngöngu og knýi dyra. Þá getur það hent, að dyraverðir verði að vísa gestum á dyr, og getur þá komið til handalögmála. Dyraumbúnaður vínveitingahúsa þarf því að vera traustur. Verður að fallast á það með sóknaraðila, að glerið í vængjum hurðarinnar hafi ekki verið svo traustur búnaður sem gera verður kröfu til, þegar litið er til reksturs veitingastaðarins. Verður að leggja það til grundvallar dómi í máli þessu, að þessi vanbúnaður hafi verið meðorsök að tjóni sóknaraðila. Sóknaraðili átti engan þátt í tjóni sínu. Ber varnaraðili fulla ábyrgð á slysinu gagnvart henni.

II.

Áverka þeim, er sóknaraðili hlaut, var fyrst lýst í bréfi Einars Stefánssonar yfirlæknis frá 5. september 1990, og segir þar: „Birna

Þórðardóttir varð fyrir slysi á auga þann 13. nóvember 1989, glerbrot hafa skorið af vinstra augað. Samdægurs var hún lögð inn á Landakotsspítala og stór skurður á vinstra auga saumaður. Þann 21. nóv. var síðan gerð glerhlaupsaðgerð, blæðing í auganu fjarlægð. Birna var síðan í reglubundnu eftirliti og lyfjameðferð vegna augnþrýstings og hafði á þessum tíma verulega verki í auganu. Þetta hafðist smám saman, og sjónin fór batnandi. Strax eftir slysið var sjónin aðeins ljós á auganu, en hefur farið batnandi stig af stigi, og við síðustu skoðun þann 27. júní 1990 er sjónskerpan 6/12 á þessu auga. Hægra auga hefur fulla sjónskerðu, 6/6 með nærsýnisgleri. Til þess að ná sjónskerpunni upp í 6/12 á vinstra auganu þarf Birna að vera með snertilinsu og sennilega gleraugu þess utan. Hún er sennilega með fullt sjónsvið, enda þótt það hafi ekki verið mælt nákvæmlega. Hvarf lithimnan úr auganu við slysið, sem gerir það að verkum, að erfiðara er fyrir Birnu að aðlagast björtu ljósi, og hún getur ekki stillt þetta auga til lestrar, enda er augasteinn ekki til staðar. Kemur hún til með að þurfa að nota lestrargleraugu vegna vinstra augans. Birna er á augndropum vegna hækkaðs augnþrýstings, og er viðbúið, að hún noti þá dropa um einhverja framtíð, og auk þess mun hún þurfa að skipta um snertilinsur reglulega, og mun verða nokkur kostnaður vegna þess. Hún mun að sjálfsögðu þurfa eftirlit með vinstra auga til frambúðar, og langtíma fylgikvillar eru hugsanlegir, þótt engir séu fyrirsjáanlegir."

Einar Stefánsson yfirlæknir gaf nýtt vottorð 27. janúar 1992. Segir þar meðal annars á þessa leið:

„... reyndist við komu vera með stóran skurð á vi. auga, ferska blæðingu úr auganu, og var augað fullt af blóði. Hún gekkst undir tvær skurðaðgerðir, meðan hún dvaldist á sjúkrahúsinu. ... Fyrstu vikurnar eftir slysið var þrýstingur í auganu hár, og hafði Birna af því umtalsverða verki í auganu. Allmörgum mánuðum eftir slysið fékk Birna snertilinsu í vi. auga og fékk þar með sjónskerpu upp á 6/7 á vi. auga, en sjónskerpan á hæ. auga er 6/6 með -1 gleraugnalinsu. ... Þar sem augasteinninn tapaðist við slysið, getur Birna ekki nærstillt og þarf því að nota lesgleraugu til lestrar með vi. auganu. Hún hefur gláku á vi. auga, sem tvímælalaust má rekja til slyssins, og mun hún þurfa meðferðar við æðilengi vegna þessa. Enda þótt sjónskerpan sé þokkalega góð nú, má vera ljóst,

að sjóninni stafar nokkur hætta af glákunni. Væntanlega er hægt að halda glákunni í skefjum með augndropum, sem notaðir eru oft á dag, en alls ekki er hægt að útiloka, að til frekari skurðaðgerða þurfi að koma í framtíðinni til þess að hafa stjórn á glákunni."

Björn Önundarson tryggingayfirlæknir hefur metið örorku sóknaraðila á grundvelli vottorðsins 5. september 1990. Er matsgerð hans dagsett 24. október 1990, og segir þar meðal annars:

„... Það er niðurstaða undirritaðs, í samráði við augnlækni, að skaði slösuðu sé slíkur, að líkja megi við, að hún hafi misst auga. Þetta auga mun ætíð valda slösuðu vanda og verður til lítils gagns í starfi. ..."

Þá hefur hann með bréfi 21. desember 1992 lýst því, að gögn, er síðar hafi verið lögð fram, breyti ekki fyrra mati sínu. Metur hann örorku sóknaraðila vera varanlega 20%.

Í kröfu sóknaraðila felst annars vegar krafa um bætur vegna varanlegrar örorku og tapaðra lífeyrisréttinda, 3.867.800 krónur, hins vegar krafa um miskabætur, að fjárhæð 1.500.000 krónur. Bótafjárhæð vegna varanlegrar örorku byggir hann á útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 8. nóvember 1990. Segir þar: „... Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Birnu voru vinnutekjur hennar árin 1987-1989, eins og að neðan greinir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga:

	Tekjur	*Umreiknaðar tekjur*
Árið 1987	kr. 843.224	1.270.000
— 1988	— 1.122.500	1.424.500
— 1989	— 1.499.462	1.671.800
Meðaltal		1.455.400

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tekjutap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna, og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	*Tekjutap*
Árið 1989, frá slysdegi	kr. 191.200	155.300
Árið 1990	— 1.453.600	377.600
Síðan árlega	— 1.455.400	291.100

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 296.000
Vegna varanlegrar örorku	— 3.648.900
Samtals	kr. 3.944.900

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps vegna varanlegrar örorku. Það verður í þessu tilfelli kr. 218.900 ...“

Við útreikning höfuðstólsverðmætis notar tryggingastærðfræðingurinn einfalda vexti af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands til útreikningsdags. Þegar tekið hefur verið tillit til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi þykir tjón sóknaraðila vegna varanlegrar örorku hæfilega ákveðið 2.600.000 krónur. Tjón vegna miska er hæfilega ákveðið 200.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu verður krafa sóknaraðila viðurkennd sem almenn krafa í þrotabúið, að fjárhæð 2.800.000 krónur. Ber þá jafnframt að viðurkenna sem almenna kröfu vexti af þessari fjárhæð, svo sem krafist er, til upphafsdags skipta 16. september 1991 og vexti frá þeim degi til greiðsludags sem eftirstæða kröfu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Hefur þá eigi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Krafa sóknaraðila, Birnu Þórðardóttur, er viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Vesturgötu hf., að fjárhæð 2.800.000 krónur, með 11% ársvöxtum frá 13. nóvember 1989 til 1. janúar 1990, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1990, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1990, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 8. desember 1990, en dráttarvöxtum frá þeim degi til 16. september 1991. Vextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. desember 1990.

Krafa um dráttarvexti af þessari fjárhæð frá 16. september 1991 til greiðsludags er viðurkennd sem eftirstæð krafa.

Þrotabú Vesturgötu hf. greiði sóknaraðila 750.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Gunnars M. Guðmundssonar og Péturs Kr. Hafstein.

Enda þótt unnt hefði verið að koma í veg fyrir umrætt slys með gluggalausri útihurð veitingahússins og sjá hefði mátt fyrir, að fólki innan dyra kynni að vera búin einhver slysahætta vegna rúðubrots við áþekkar aðstæður og sköpuðust í umræddu tilviki, getur það ekki að lögum orðið grundvöllur bótaskyldu þess aðila, sem ábyrgð bar á veitingarekstri í húsinu. Svo rík krafa verður ekki gerð til þeirra, sem reka vínveitingahús, að umbúnaður útidyra sé að því leyti rammger í öryggisskyni umfram til dæmis glugga á veitingasölum, að tryggt sé, að gestir geti ekki orðið fyrir slysum vegna skaðaverka af völdum manna utan dyra.

Með skírskotun til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. febrúar 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar miðvikudaginn 27. janúar sl., var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með þingfestingu þess 28. september sl. Sóknaraðili máls þessa er Birna Þórðardóttir, kt. 260249-4529, Hverfisgötu 90 A, Reykjavík. Varnaraðili málsins er þrotabú Vesturgötu hf., kt. 560987-1109, Lágmúla 7, 108, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru eftirgreindar:

1. Að viðurkennd verði sem almenn krafa í þrotabú Vesturgötu hf. skaðabótakrafa sóknaraðila, að fjárhæð 5.367.800 kr. að höfuðstól.

2. Að viðurkenndir verði sem almenn krafa vextir af höfuðstól, 5.367.800 kr., sem reiknist 11% ársvextir frá 13. nóvember 1989 til 1. janúar 1990, 9% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1990, 7% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1990, 5% ársvextir frá þeim degi til 8. desember 1990, en dráttarvextir samkvæmt 10. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til 16. september 1991 og að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 13. desember 1990, og vextir þannig reiknaðir af samanlögðum höfuðstól og vöxtum til 16. september 1991, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

3. Að viðurkenndir verði sem eftirstæð krafa vextir frá 16. september 1991 og þeir höfuðstólsfærðir eftir reglum 12. gr. l. nr. 25/1987 til greiðsludags.

4. Sóknaraðili krefst málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands að viðbættri fjárhæð, sem svarar til virðisaukaskatts.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðila, þ. e., að staðfest verði með dómi réttarins, að stefnandi málsins eigi engar skaðabótakröfur á hendur þrotabúi Vesturgötu hf., hvorki forgangs- né almennar kröfur.

Til vara gerir varnaraðili kröfu til þess, ef dómari málsins kynni að líta svo á, að varnaraðili beri skaðabótaábyrgð að einhverju leyti á tjóni stefnanda, að sök verði skipt á þá leið, að aðeins lítið brot ábyrgðarinnar verði fellt á varnaraðila.

Varnaraðili gerir kröfu til þess, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Hinn 21. ágúst 1992 barst dóminum krafa Helga Jóhannessonar, skiptastjóra þrotabús Vesturgötu hf., kt. 560987-1109, dags. 20. ágúst 1992, um úrlausn ágreinings, sem risið hefur við gjaldþrotaskiptin, en búið var tekið til gjaldþrotaskipta 16. september 1991, og kröfulýsingarfrestur rann út 9. desember 1991.

Skiptastjóri lýsti ágreiningsefninu nánar svo, að Birna Þórðardóttir, kt. 260249-4529, Hverfisgötu 90 A, Reykjavík, hafi lýst kröfu í búið vegna slyss, sem hún varð fyrir í veitingahúsinu Geirsbúð, en Vesturgata hf. hafi verið eigandi rekstrarins. Krafa Birnu sé reist á almennum bótareglum og vísað til þess, að dyraumbúnaður veitingahússins hafi verið með þeim hætti, að veitingahúsið hafi borið ábyrgð á tjóni Birnu.

Kröfu Birnu hafi verið hafnað að svo stöddu af skiptaráðanda, m. a. vegna þess, að upphafleg kröfugerð hafi verið reist á áætlun. Síðar hafi krafan verið lækkuð í 5.663.000 kr. að höfuðstól og lögð fram afrit af bæjarþingsstefnu og greinargerð, þar sem fram hafi komið, að Sjóvá-Almennum tryggingum hf., tryggingafélagi Vesturgötu hf., sé stefnt auk tjónvalds til að þola dóm vegna ofangreindrar fjárhæðar auk vaxta og kostnaðar. Þinghald skiptaréttar Reykjavíkur 15. maí 1992 hafi sótt lögmenn Birnu og Sjóvár-Almennra trygginga hf. og lögmaður tryggingafélagsins mótmælt samþykkt kröfunnar, en lögmaður Birnu gert kröfu um samþykkt hennar.

Skiptastjóri taldi með vísan til 120. gr., sbr. 171. gr. laga nr. 21/1991, nauðsynlegt að fá úrlausn Héraðsdóms Reykjavíkur um þann ágreining,

sem snúi að samþykkt kröfu Birnu Þórðardóttur á hendur þrotabúi Vesturgötu hf.

3.0.

Um aðdraganda málsins og málavexti segir sóknaraðili eftirgreint:

Af réttarskjölum megi sjá, að dómsmál hafi verið þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur 28. janúar 1992 af hálfu sóknaraðila gegn Sigurði Grímssyni og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., og sé málið nr. E-795/1992.

Ástæður þess, að tryggingafélaginu hafi verið stefnt í því máli, séu þær, að Vesturgata hf. hafi keypt svonefnda atvinnurekstrartryggingu hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Sóknaraðili hafi ekki beint kröfum að Vesturgötu hf., áður en það fyrirtæki varð gjaldþrota, svo að ekki hafi legið fyrir, hvort fyrirtækið samþykkti eða hafnaði ábyrgð á tjóni sóknaraðila.

Eðlilegt hafi þótt að stefna til bæjarþings kröfu sóknaraðila og stefna þá bæði tjónvaldi, Sigurði Grímssyni, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., en félagið hafi þá neitað allri bótaskyldu. Í greinargerð félagsins hafi m. a. verið krafist sýknu á grundvelli aðildarskorts með tilvísun til 95. gr. laga nr. 20/1954 og dómafordæma og staðhæft, að sóknaraðili hafi ekki öðlast rétt hins vátryggða á hendur tryggingafélaginu, þar sem hvorugur aðili hafi viðurkennt bótaskyldu og bótafjárhæð og hinum vátryggða hafi ekki verið stefnt til greiðslu bóta. Samkvæmt réttarfarslögum hafi sóknaraðili ekki getað stefnt þrotabúinu til bæjarþings, heldur orðið að lýsa kröfum til skiptaréttar, sbr. 33.-35. gr. laga nr. 3/1978, sbr. og 54. gr. og 238. gr. laga nr. 85/1936.

Jafnhliða bæjarþingsstefnu hafi kröfunni verið beint til þrotabús Vesturgötu hf., en kröfu sóknaraðila í þrotabúið hafi verið hafnað. Sjóvá-Almennum tryggingum hf. hafi verið gert viðvart um kröfur sóknaraðila, og samkomulag hafi orðið um að reka mál um ágreininginn eftir reglum laga nr. 21/1991.

Málavextir í þrengra samhengi séu á þá leið, að aðfaranótt 13. nóvember 1989 hafi sóknaraðili verið staddur í veitingastaðnum Geirsbúð, Vesturgötu 6, hér í borg, en eigandi rekstrarins hafi verið Vesturgata hf. Þegar loka hafi átt staðnum um kl. 1.00 eftir miðnætti, hafi stefnandi verið á útleið sem og aðrir gestir, sem þá hafi verið í húsinu. Skyndilega hafi rúða verið brotin í útidyrum hússins, glerbrot kastast inn og dreifst um allnokkurt svæði. Svo illa hafi viljað til, að sóknaraðili hafi fengið glerflís í vinstra auga, stór skurður hafi komið á augað og augasteinn og lithimna horfið úr auganu. Þessu hafi fylgt miklar blæðingar, og hafi sóknaraðili þurft að gangast undir tvær veigamiklar augnaðgerðir vegna þessa. Afleiðingar séu þær, að sóknaraðili rétt greini mun ljóss og myrkurs með vinstra auga

og samkvæmt örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis hafi sóknaraðili hlotið 20% varanlega örorku vegna þessa atviks.

Samkvæmt lögregluskýrslum, sem teknar hafi verið í tilefni slyss sóknaraðila, megi lesa, að Sigurður Grímsson kvikmyndagerðarmaður hafi verið valdur að rúðubroti því, sem olli skaða sóknaraðila. Sigurður muni hafa verið mjög ölvaður og átt í útistöðum við dyraverði staðarins, en þeir fjarlægt hann með valdi af veitingastaðnum, og muni töluverð illindi hafa fylgt. Sigurður lýsi atburðum á þann veg, að undir lokun veitingastaðarins hafi dyravörður gengið að sér og beðið sig að hverfa af staðnum. Hann hafi óskað eftir því að fá að ljúka úr glasi sínu, en hafi þá skyndilega verið tekinn haustaki. Því hafi fylgt stimpingar og töluvert uppnám, en að lokum hafi sér verið fleygt á dyr. Sigurður mun hafa reiðst og ráðist að útihurð staðarins, en ekki sé nein sérstök vitræn skýring á því, hvers vegna hann slái í glerrúðu hurðarinnar og brjóti hana.

Af vitnaskýrslum megi ráða, að dyraverðir hafi gerst offarar í störfum sínum, en vitni telji, að sýnileg tilefni til afskipta dyravarða hafi verið lítil sem engin og þau lýsi óþarfaaðför og þjösnaskap. Dyraverðir lýsi annarri sögu í vitnisburði sínum, en þó megi ráða af framburði eins dyravarðanna, að ekki hafi verið brugðist rétt við að öllu leyti.

Hvernig svo sem á þau atriði sé litið, sé ljóst, að dyraverðir hafi ekki gætt Sigurðar Grímssonar, eftir að honum hafi verið komið út, þrátt fyrir það að hann hafi verið bæði æstur og reiður og hefði uppi tilburði til að komast aftur inn á veitingastaðinn. Slíkt hafi þó verið nauðsynlegt, þar sem dyraumbúnaður hafi verið mjög veigalítill og gler í útihurð, m. a. einungis 6 mm einfalt gler, og dyraumbúnaður töluvert veigaminni en á öðrum sambærilegum veitingahúsum.

Það sé hluti málavaxta, að ákæruvaldið hafi séð ástæðu til að höfða refsimál gegn Sigurði Grímssyni, og hafi hann verið dæmdur í sakadómi Reykjavíkur 7. september 1990 í 45 daga varðhald fyrir brot á 219. gr. alm. hgl., en dómurinn sé skilorðsbundinn. Hinn 22. mars 1991 hafi Hæstiréttur staðfest þessa niðurstöðu.

Við yfirheyrslur hafi forráðamenn Vesturgötu hf. upplýst, að reksturinn væri tryggður hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., og hafi raunar sjálfir álitið, að slys sóknaraðila félli undir þá tryggingu. Tryggingafélagið hafi neitað því, að um bótaskylt tjón væri að ræða, og hafi lagst gegn því, að krafa sóknaraðila yrði viðurkennd og tekin á kröfuskrá þrotabúsins, og jafnframt hafi félagið sjálft tekið til varna f. h. þrotabúsins.

4.0.

Sóknaraðili heldur því fram, að Vesturgata hf., eigandi rekstrar Geirsbúðar, beri bótaábyrgð á tjóni sínu og eðlilegt, að krafa hans verði sam-

þykkt í samræmi við kröfugerð. Byggt sé á almennum bótareglum og því haldið fram, að Vesturgata hf. hafi ekki gengið nægilega tryggilega frá aðkomu og dyraumbúnaði veitingastaðarins, og þá sérstaklega, að umbúnaður og gler í útihurð hafi ekki verið nægilega traust og ekki með þeim hætti, sem ætlast megi til af góðum og gegnum veitingamönnum. Sé sérstaklega vísað til fram lagðra ljósmynda í þessu sambandi. Af þeim megi ráða, hvernig almennt sé staðið að umbúnaði útidyra vínveitingahúsa, enda ljóst, að tryggilega verði að ganga frá aðkomu húsanna í ljósi átroðnings og framkomu viðskiptavina, oft alldrukkinna.

Það sé einnig málsástæða, að Vesturgata hf. beri ábyrgð á starfsmönnum sínum, sem beiti röngum og óþörfum aðferðum við að fjarlægja drukkinn viðskiptavin veitingastaðarins án þess að gæta öryggis annarra viðskiptavina, en dyraverðir láti hjá líða að fylgjast með hegðun ásts og drukkins manns, sem þeir hafi fjarlægt, er hann ráðist að útihurð og brjóti rúðugler með framangreindum afleiðingum. Dyraverðir séu þannig meðvaldir að tjóni sóknaraðila, og vinnuveitandi þeirra beri á þeim bótaábyrgð.

— — —

5.0.

Málsástæður og lagarök varnaraðila eru eftirgreind:

Um þá málsástæðu sóknaraðila, að varnaraðili beri húsbóndaábyrgð á dyravörðum hússins, sem með óþarfa-fruntaskap hafi reitt Sigurð Grímsson til reiði og séu því meðábyrgir á því tjóni, sem hann olli, þegar hann braut rúðuna í útidyrum ölstofunnar, sé rétt að benda á, að í skjölum málsins komi það skýrt fram, að ekki sé vávæni milli átaka við dyravörðinn og rúðubrots Sigurðar Grímssonar. Rúðan brotni ekki vegna átaka þeirra. Upplýst sé með framburði vitna, að búið hafi verið að láta manninn út og loka dyrum, þegar hann hafi ráðist með barsmíð að dyrunum og slegið með krepptum hnefa á rúðu í vængjahurðinni, þann hlutann, sem ekki hafi verið opnanlegur. Sigurður segi sjálfur við lögregluyfirheyrslur 15. nóvember 1989 eftirgreint:

— — —

Það liggi þannig ljóst fyrir, að ekkert orsakasamband sé á milli átaka Sigurðar við dyravörðinn og óhappaverksins. Það líði greinilega góð stund, frá því að Sigurður sé látinn út og dyrum lokað, þar til hann ráðist að hurðinni með barsmíð.

Þá sé því ákveðið haldið fram, að dyravörður hafi ekki gert annað en skyldu sína og alls ekki farið út fyrir leyfilegar aðgerðir, sem undir störf hans falli.

Um þá málsástæðu sóknaraðila, að hönnun útidyra ölstofunnar (Geirsbúðar) hafi verið ábótavant, skuli bent á eftirfarandi:

Öll tilskilin leyfi hafi legið fyrir frá þar til bærum yfirvöldum um, að húsið fullnægði þeim skilyrðum, sem sett séu fyrir rekstri ölstofu.

Stefnandi byggi eingöngu á því, að óforsvaranlegur frágangur hafi verið á útidyrahurð ölstofunnar. Því til sönnunar leggi hann fram fjölmargar myndir af veitingastöðum hér í borginni. Í greinargerð hans komi fram, að nauðsynlegt sé að hafa rúðulausar eða mjög rúðulitlar hurðir, og eigi myndir hans að færa sönnur á það. Á það skuli bent, að þykkt rúðunnar hafi verið 6 mm, sem sé mun þykkara en venjulegar gluggarúður.

— — —

6.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Sóknaraðili heldur því fram, að Vesturgata hf. beri ábyrgð á starfsmönnum sínum, sem hafi ekki sýnt nægilega aðgát og ekki beitt réttum aðferðum við að fjarlægja drukkinn viðskiptavin veitingastaðarins og látið hjá líða að fylgjast með hegðun hans, eftir að þeir fjarlægðu hann, svo að fyllsta öryggis væri gætt gagnvart öðrum gestum.

Svo sem fram kemur í atvikalýsingu málsins, varð slysið ekki, meðan átök voru innan dyra. Sigurður Grímsson var staddur utan dyra, og dyrnar voru lokaðar. Ekki verður talið, að starfsmönnum hússins hafi borið skylda til að gæta Sigurðar utan dyra. Þegar þetta sé virt, verði að telja, að ekki séu nægileg tengsl milli átaka hans við starfsmenn hússins annars vegar og athafna hans utan dyra og afleiðinga þeirra hins vegar til að fella bótaábyrgð á rekstraraðila hússins eða starfsmenn hans.

Sóknaraðili hefur einnig uppi þá málsástæðu, að Vesturgata hf. hafi ekki gengið nægilega tryggilega frá aðkomu og dyraumbúnaði veitingastaðarins. Dyraumbúnaður og þá sérstaklega gler í útihurð hafi ekki verið með þeim hætti, sem ætlast megi til af góðum og gegnum veitingamönnum, einungis hafi verið haft einfalt gler í útihurð. Slíkur frágangur sé ekki forsvaranlegur í ljósi þeirrar hættu, sem skapist á vínveitingahúsum vegna umgengni drukkinna viðskiptavina.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að umrædd aðkoma og dyraumbúnaður veitingahússins brjóti í bága við gildandi opinberar reglur um búnað og rekstur veitingastaða. Alkunna er, að gler er víða í húsakynnum og borðbúnaði veitingahúsa, og er ekki unnt að fallast á með sóknaraðila, að gler í útihurð sé út af fyrir sig vanbúnaður. Verður almennt að ætla viðskiptavinum veitingahúsa, að þeir sýni nægilega aðgát í umgengni við gler og glervöru.

Enn fremur hefur eigi verið leitt í ljós, að frágangur á aðkomu og dyraumbúnaði veitingastaðarins hafi verið óvenjulegri eða varhugaverðari en almennt gerist í veitingahúsastarfsemi eða hafi verið óhæfilegur miðað við þær kröfur, sem gerðar hafa verið til rekstraraðila veitingahúsa hérlendis

hingað til. Þykir því ósannað, að tjónið verði rakið til óforsvaranlegs frágangs á aðkomu og dyraumbúnaði veitingahússins, og verður hann því ekki virtur rekstraraðilum til sakar.

Þá verður ekki talið, að um hlutlæga ábyrgð Vesturgötu hf. sé að ræða.

Af framangreindum ástæðum verður ekki fallist á kröfur sóknaraðila. Kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila verður því hafnað. Eftir atvikum og með tilvísun til 1. málsliðar 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila, Birnu Þórðardóttur, á hendur varnaraðila, þrotabúi Vesturgötu hf., er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 470/1989. **Ármann Óskarsson**
(Gústaf Þór Tryggvason hdl.)
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Brunabótafélagi Íslands
(Ingvar Sveinbjörnsson hdl.)
(Hákon Árnason hrl.).

Brunabætur. Vátrygging

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1989. Dómkröfur hans eru, að stefnda verði gert að greiða sér vátryggingabætur, að fjárhæð 2.919.000 krónur, með dráttarvöxtum frá 30. desember 1986 til greiðsludags, allt að frádregnum 694.000 krónum hinn 29. mars 1988, 868.222 og 121.755 krónum hinn 10. nóvember 1988. Til vara er gerð krafa um vátryggingabætur, að fjárhæð 2.501.000 krónur, með sömu dráttarvöxtum og frádráttarliðum og í aðalkröfu. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara, að stefnufjárhæð verði stórlega lækkuð og málskostnaður fyrir báðum dómstigum falli þá niður.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, fékk áfrýjandi bræðurna Sigurbjörn Þór Sigurðsson trésmið og Þorstein Sigurðsson rafvirkja til þess að áætla viðgerðarkostnað eftir eldsvoða í húsi sínu að Vallargötu 18 í Sandgerði. Þeir skiluðu kostnaðaráætlunum í janúar og febrúar 1987, sem nema samtals 1.300.283 krónum, og er áætlun Þorsteins í formi tilboðs í raflögn hússins. Hið stefnda félag kaus af sinni hálfu Magnús Jónsson tæknifræðing sem virðingarmann við ákvörðun brunabóta vegna tjónsins samkvæmt 87. gr. reglu-

gerðar nr. 101/1932 um Brunabótafélag Íslands. Áfrýjandi kaus hins vegar ekki virðingarmann, og ekki er í ljós leitt, að félagið hafi skorað á hann að kjósa slíkan mann, eins og ráð er fyrir gert í 87. gr. reglugerðarinnar. Virðingarmaður félagsins hóf þó matsstörf á eigin spýtur og fékk í hendur ofangreindar kostnaðaráætlanir. Fyrir héraðsdómi lýsti virðingarmaðurinn því, að sér hefði verið vísað á Sigurbjörn Þór sem fulltrúa áfrýjanda, en hann hefði ekki talið sig hafa umboð til þess að ganga frá matsgerð. Virðingarmaðurinn studdist við kostnaðaráætlanir bræðranna, en lækkaði fjárhæðir í mati sínu vegna ástands hússins og aldurs.

Í reglugerð hins stefnda félags er skýrlega kveðið á um, hvernig virðing til að ákveða upphæð brunabóta skuli framkvæmd. Í skilmálum félagsins eru einnig ákvæði um framkvæmd þessa. Samkvæmt þessum heimildum bar félaginu að skora á áfrýjanda að tilnefna matsmann af sinni hálfu. Gerði áfrýjandi það ekki þrátt fyrir áskorun, voru félaginu áskilin þau úrræði að tilnefna sjálft báða virðingarmennina, og fór hæfi þeirra þá eftir 26. gr. reglugerðarinnar, eða fá matsmann dómkvaddan af sýslumanni, eins og í skilmálum greinir. Félagið gerði hvorugt, heldur lét við það sitja að tilnefna einungis virðingarmann af sinni hálfu.

Hinu stefnda félagi var rétt vegna stöðu sinnar að hafa frumkvæði í þessum efnum og hlutast til um, að lögmælt virðingargjörð færi fram. Þetta var ekki gert, og liggur virðingargjörð á brunatjóninu samkvæmt reglum félagsins ekki fyrir. Undirritun bróður áfrýjanda undir matsgerð Magnúsar Jónssonar tæknifræðings breytir hér engu, þar sem hann var ekki tilnefndur virðingarmaður samkvæmt reglum félagsins. Var því ekki heldur um að ræða, að áfrýjandi gæti skotið virðingu tjónsins til yfirmats.

Við þessar aðstæður þykir verða að líta til kostnaðaráætlana þeirra Sigurbjörns Þórs Sigurðssonar og Þorsteins Sigurðssonar, sem áfrýjandi lýsti fyrir héraðsdómi, að hann hefði sætt sig við, en niðurstöðutölur þeirra voru, eins og áður sagði, samtals 1.300.283 krónur. Kemur þá ekki til álita sú krafa áfrýjanda, að bætur fyrir brunatjónið verði miðaðar við vátryggingarfjárhæð eignarinnar samkvæmt brunabótamati. Þegar á allt er litið, verður að telja rétt að leggja fyrrgreindar áætlanir til grundvallar ákvörðun brunabóta í máli þessu. Samkvæmt þessu og þegar litið er til sönn-

unarstöðu aðila, þykja ekki næg efni til að skerða fjárhæð þeirra um 15% þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands, sbr. sömu mgr. in fine. Félagið hefur þegar greitt áfrýjanda samtals 989.977 krónur hinn 10. nóvember 1988 (þ.e. 868.222 + 121.755). Ekki verður fallist á með hinu stefnda félagi, að áfrýjandi hafi fyrirgert rétti sínum til frekari bóta vegna tómlætis eða nauðungarsölu eignarinnar. Nemur óbætt tjón áfrýjanda því 310.306 krónum. Ber að dæma félagið til að greiða fjárhæð þessa ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Miðað við atvik málsins telst upphafstími vaxta frá þingfestingardegi 1. desember 1988.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndi, Brunabótafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Ármanni Óskarssyni, 310.306 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags, er leggja má við höfuðstól í fyrsta sinn 1. desember 1989.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. október sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 1. desember 1988, af Ármanni Óskarssyni sjómanni með lögheimili að Vallargötu 18, Sandgerði, en dvalarstað að Kvisthaga 4, Reykjavík, kt. 181147-3779, á hendur Brunabótafélagi Íslands, Laugavegi 103, Reykjavík, kt. 480169-4179, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 2.919.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaðar].

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi skv. gjaldskrá LMFÍ ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að aðfaranótt 30. 12. 1986 hafi kviknað í fasteign sinni, nr. 18 við Vallargötu í Sandgerði, sem sé „forskalað" einbýlishús, hæð og ris á steyptum kjallara. Húsið hafi verið mann-

laust, þar sem stefnandi hafi verið austur á fjörðum vegna starfa. Eignin hafi skemmst mjög mikið, hafi efri hæð brunnið að mestu, auk mikilla vatnsskemmda. Hafi eignin skemmst það mikið við brunann, að álitið hafi verið, að ekki myndi svara kostnaði að gera við hana. Í janúar/febrúar 1987 hafi fyrirtækin Trébær sf. og Rafþjónusta Þorsteins talið viðgerðarkostnað myndu nema um 1.300.000 kr. Eignin hafi verið tryggð lögboðinni brunatryggingu hjá stefnda. Stefnandi hafi óskað eftir uppgjöri á tjóni sínu án árangurs og því falið lögmanni hagsmunagæslu í málinu miðsumars 1987.

Stefnandi kveður virðingu á tjóninu ekki hafa farið fram, eins og lög og reglur geri ráð fyrir. Umboðsmaður stefnda hafi boðið stefnanda fyrri hluta sumars 1987 250.000 kr. sem fullnaðarbætur og hækkað boðið nokkru síðar gegn því, að stefnandi afsalaði sér umráðum yfir eigninni.

Haustið 1987 hafi lögmaður stefnanda óskað munnlega eftir virðingu á tjóni stefnanda við yfirmenn stefnda, án þess að tjón hans fengist virt, en hinn 16. 11. s. á. hafi rústir hússins verið metnar til brunabótamats. Hinn 29. mars 1988 hafi lögmaður stefnanda fengið endurrit staðfestingar á brunatryggingu, þar sem rústir hafi verið metnar á 694.000 kr. Í maí 1988 hafi Ásgeir Ágústsson, deildarstjóri stefnda, afhent lögmanni stefnanda svokallaða matsgjörð, dags. 14. 4. 1987, undirritaða Magnús Jónsson, Guðjón Óskarsson, þar sem tjónið sé hæfilega metið á 890.427 kr., auk þess sem talið sé, að húsið verði ekki endurbyggt. Stefnandi telur, að sér hafi verið ókunnugt um tilvist þessarar matsgjörðar, enda hafi hún verið framkvæmd án sinnar vitundar. Kveðst stefnandi ekki hafa tilnefnt nokkurn til að vera viðstaddan virðingu á brunatjóni, enda hafi hann ekki verið til þess hvattur.

Hinn 9. 6. 1988 hafi stefndi framvísað yfirlýsingu, dags. 7. júní 1988, þar sem Sigurbjörn Þór Sigurðsson trésmiður staðhæfi, að hann ásamt Þorsteini Sigurðssyni rafvirkjameistara hafi verið fulltrúi stefnanda við mat á brunatjóni ásamt fulltrúa stefnda. Hafi matsgjörð verið undirrituð 14. 4. 1987. Hafi beiðni til þeirra komið frá Einari Stefánssyni.

Stefnandi kveður ofangreinda „matsmenn" hafa skilað af sér öðrum virðingargerðum í janúar/febrúar, sem hafi verið til muna hærri, auk þess sem engu mati hafi verið framvísað, sem beri undirritun þeirra. Kveðst stefnandi oftsinnis hafa mótmælt þessu mati, m. a. bréflega 16. 9. 1988, auk þess sem hann hafi þá krafist þess, að brunatjónið yrði tafarlaust virt með formlegum hætti. Þessum kröfum hafi verið fylgt eftir munnlega af lögmanni stefnanda, og hinn 24. 10. 1988 hafi stefnanda verið tilkynnt, að mál hans væri til skoðunar hjá stefnda og til afgreiðslu á næstu dögum.

Hinn 10. nóvember 1988 hafi lögmaður stefnanda fengið sent einhliða ákvarðað uppgjör, þar sem stuðst sé við matsgjörð, dags. 14. 4. 1987, auk

þess sem bætur séu lækkaðar um 15% með vísan til 16. gr., 2. mgr., laga nr. 9/1955. Hafi þessu uppgjöri verið mótmælt bréflega 11. 11. 1988 og stefnda tilkynnt, að greiðsla væri tekin sem innborgun. Mótmælir stefnandi þeirri staðhæfingu stefnda, að mat hafi farið fram með formlegum eða lögmætum hætti, og gerir því kröfur til þess, að tjónið verði gert upp á grundvelli þágildandi brunabótamats, sem skv. yfirlýsingu stefnda hafi numið á tjónsdegi 2,919.000 krónum. Krafist sé ýtrustu vaxta á þá fjárhæð frá tjónsdegi til greiðsludags. Til lækkunar stefnukröfum komi 694.000 kr. frá 29. 3. 1988, sem sé mat á Vallargötu 18 á þeim degi, sbr. skírteini stefnda nr. F 259 106, og 868.221,60 kr., sem greitt hafi verið 10. nóvember 1988.

Þá er því sérstaklega mótmælt, að bótagreiðsla verði lækkuð, með hliðsjón af 16. gr., 2. mgr., laga nr. 9/1955, þar sem brunarústir séu virtar til fjár og þar með ekki gert ráð fyrir öðru en húsið verði endurbyggt.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á ákvæðum laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur nr. 59/1954, lögum um Brunabótafélag Íslands nr. 9/1955 og samningalögum nr. 7/1936 og ákvæði vátryggingarlaga nr. 20/1954. Kveður hann aðila vera sammála um að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Af hálfu stefnda eru málsatvik talin vera þau, að 30. desember 1986 hafi orðið bruni í húsi stefnanda að Vallargötu 18, Sandgerði. Hafi slökkviliðið ráðið niðurlögum eldsins. Hús þetta hafi verið „forskalað" einbýlishús, hæð og ris á steyptum kjallara. Hafi húsið staðið autt og vanhirt og í mikilli niðurníðslu, þegar bruninn varð. Skemmdir hafi orðið miklar á risi að völdum elds og vatns, en húsið verið vel viðgerðarhæft. Lögreglurannsókn á brunaorsökum hafi lokið í lok apríl 1987. Hafi hún leitt grun að því, að óviðkomandi hafi farið inn í húsið og verið valdir að brunanum. Eftir brunann hafi stefnandi ekki hirt frekar um húsið en áður. Húsið hafi verið brunatryggt hjá stefnda, Brunabótafélagi Íslands.

Vátryggingarupphæð hússins hafi numið á tjónsdegi, 30. des. 1986, 2.501.000 kr., en raunvirði þess hafi verið mun lægra sökum undanfarandi vanhirðu og viðhaldsleysis hússins. Stefndi telur, að skv. lögum og brunatryggingarskilmálum hafi borið að bæta tjónið eftir mati virðingarmanna hvors frá sínum aðila. Kveðst stefndi hafa falið virðingarmanni sínum, Magnúsi Jónssyni verkfræðingi, að sjá til þess, að tjónsmat færi fram. Hafi Magnúsi verið vísað á Einar Stefánsson, Heiðargili 10, Keflavík, sem umboðsmann stefnanda, en Einar hafi beðið Sigurbjörn Þór Sigurðsson trésmið, Keflavík, að vera virðingarmann af hálfu stefnanda.

Virðingarmennirnir Magnús Jónsson og Sigurbjörn Þór Sigurðsson hafi hafið matsstörf í janúar 1987. Hafi þeir notið aðstoðar Þorsteins Sigurðssonar rafvirkjameistara, Keflavík, við mat á raflögnum. Meðan á mats-

störfum stóð, hafi Magnús Jónsson virðingarmaður rætt nokkrum sinnum við stefnanda um matið og verðmæti húss stefnanda. Komið hafi fram, að stefnandi hafi viljað, að stefndi leysti til sín húsið með vátryggingarupphæð þess. Hafi honum verið bent á, að lög og brunatryggingarskilmálar gerðu ekki ráð fyrir brunabótum á öðrum grundvelli en mati. Niðurstöður matsmanna um tjónsbætur, 890.427 kr., hafi legið fyrir í febrúar 1987. Hafi stefnanda þá verið tilkynnt um þær og honum jafnframt bent á, að hann gæti óskað yfirmats, ef hann yndi ekki við matsfjárhæð. Undir matsgerðina hafi þó eigi verið ritað fyrr en 14. apríl 1987, og hafi bróðir stefnanda, Guðjón Óskarsson, ritað undir matið og veitt því viðtöku af hans hálfu að fengnu umboði.

Matsgerð hafi eigi verið sundurliðuð, en matsfjárhæð hafi verið miðuð við kostnað við að koma húseigninni í sambærilegt horf og hún var í fyrir brunann að frádreginni verðrýrnun vegna aldurs, sbr. 37. gr. vátryggingarsamningalaga nr. 20/1954.

Stefnandi hafi eigi óskað yfirmats né tekið við tjónsbótum á grundvelli matsgerðarinnar. Með bréfi 14. ágúst 1987 hafi lögmaður stefnanda óskað eftir gögnum frá stefnda varðandi tjónið, en matsgjörðinni hafi fyrst verið mótmælt með bréfi 26. maí 1988.

Mótmælin hafi verið áréttuð með bréfi 16. september 1988 og krafist kosningar virðingarmanna, en eigi yfirmats, og jafnframt hafi verið tilkynnt, að yrði tilmælum eigi sinnt, myndi stefnandi óska einhliða eftir mati. Af því hafi eigi orðið.

Stefndi hafi síðan sent stefnanda bótauppgjör á grundvelli matsins frá 14. apríl 1987 með bréfi 10. nóvember 1988. Stefnandi hafi eigi viljað una því og hafi því höfðað mál þetta til heimtu tjónsbóta, sem hann miði við vátryggingarupphæð hússins skv. skírteini 16. nóvember 1987 að frádreginni vátryggingarupphæð þess 29. mars 1988 og tjónsbótum skv. matsgerð frá 14. apríl 1987.

Stefndi kveður sýknukröfu sína vera reista á því, að stefnandi eigi enga lögvarða kröfu á hendur stefnda, þar sem stefndi hafi bætt brunatjón stefnanda í samræmi við lög og vátryggingarskilmála. Í annan stað sé grundvöllur kröfugerðar stefnanda rangur og eigi sér hvorki heimild í lögum né vátryggingarsamningi.

Um bætur fyrir brunatjón fasteigna hjá stefnda fari skv. skilmálum stefnda, reglugerð nr. 101/1932 fyrir Brunabótafélag Íslands, einkum gr. 74-110, og 37. gr. vátryggingarsamningalaga. Nefnd reglugerð hafi verið sett með heimild í þágildandi lögum um stefnda nr. 26/1932, en núgildandi heimild sé í 22. gr. laga nr. 9/1955 um stefnda, en ný reglugerð hafi eigi verið sett.

Samkvæmt köflum reglugerðarinnar um ákvörðun brunabóta um skoð-

unar- og virðingargerðir út af brunatjóni, yfirmat og fleira og kafla vátryggingarskilmálanna um virðingu brunatjóns verði brunatjón eigi bætt á neinum öðrum grundvelli en matsgerð um tjónið hverju sinni.

Matsgerð sé endanleg um ákvörðun bóta, sbr. niðurlagsákvæði kafla skilmálanna um virðingu brunatjóns og yfirmat, sbr. og 87. og 90. gr. reglugerðar nr. 101/1932. Verði stefndi því ekki krafinn um brunabætur fyrir dómstólum eða annars staðar á öðrum grundvelli en matsgerð. Það geri stefnandi eigi, og verði að sýkna stefnda þegar af þeirri ástæðu.

Stefnanda hafi borið að óska yfirmats innan tveggja vikna frá frummati eða frá því að honum var um matið kunnugt, eða efna til nýs mats, hafi hann ekki viljað sætta sig við fyrirliggjandi mat, sbr. bréf hans 26. 5. 1988 og 16. 9. 1988. Hafi hann hvorugt gert, þrátt fyrir það að stefndi studdist við frummatið frá 14. apríl 1987. Sé stefnandi því nú bundinn við það mat. Stefndi hafi innt brunabætur af hendi á grundvelli þessa mats, og sé ósannað, að brunatjón stefnanda, svo sem það beri að meta skv. vátryggingarskilmálum og reglugerð, nemi öðru og meira en nefnd matsgerð segi til um. Beri einnig að sýkna stefnda af þeirri ástæðu. Kröfugerð á grundvelli vátryggingarfjárhæða í skírteinum sé löglaus og út í hött, enda sé stefnda aldrei skylt að bæta annað og meira en rauntjónið, sbr. vátryggingarskilmálana, 37. og 39. gr. vátryggingarsamningalaga og 78.-83. gr. reglugerðar nr. 101/1932.

Stefndi andmælir sérstaklega sem röngum þeim fullyrðingum í sóknarskjölum, að matsgjörð hafi farið fram án vitundar stefnanda og umboðs eða að matsgjörð hafi verið andmælt við stefnda, áður en lögmaður hans kom andmælum á framfæri 26. 5. 1988 og 16. 9. 1988.

Upphafstíma vaxta og vaxtaprósentu telur stefndi einnig verða að andmæla og sömuleiðis vöxtum af málskostnaði.

Niðurstaða.

Fyrir dóminn hafa komið stefnandi málsins, Ármann Óskarsson, Magnús Jónsson, tæknifræðingur og tilnefndur matsmaður af hálfu stefnda, Brunabótafélags Íslands, Jón Halldór Norðfjörð, eiginmaður og aðstoðarmaður umboðsmanns stefnda í Sandgerði, Sigurbjörn Þór Sigurðsson smiður, Þorsteinn Sigurðsson rafvirki, Einar Stefánsson tækniteiknari, frændi stefnanda, og Guðjón Óskarsson sjómaður, bróðir stefnanda.

Stefnandi kveðst krefja stefnda um skaðabætur. Eins og mál þetta er vaxið, verður að ætla, að stefnandi eigi við brunatjónsbætur, en skaðabótagrundvelli er hér ekki til að dreifa. Húseign stefnanda var í brunatryggingu hjá stefnda, og svarar hann því til lögboðinna bóta vegna brunans. Stefnandi reisir málsókn sína á því, að mat á brunatjóninu hafi ekki farið fram með formlegum og/eða lögmætum hætti, og beri stefnda því að greiða sér

bætur miðað við vátryggingarfjárhæð á tjónsdegi að frádreginni vátryggingarupphæð hússins eftir tjón og þeirri fjárhæð, sem þegar er greidd. Réttur stefnanda er að fá rauntjón bætt, svo að hann verði eins settur og hann var fyrir tjónið, sbr. 37. gr. laga 20/1954 og 84. gr. rgl. nr. 101/1932. Vátryggingarupphæð hússins var hinn 30. 12. 1986 2.501.000 kr. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að vátryggingarverðmæti þess á þeim degi, þ. e., þegar bruninn varð, hafi verið talsvert lægra.

Vitnin Magnús Jónsson og Jón H. Norðfjörð bera, að ástand hússins hafi verið bágborið og það hafi verið vanhirt, er bruninn varð. Stefnandi var við störf úti á landi, og samkvæmt lögregluskýrslu var húsið mannlaust og engin húsgögn í því. Eldsupptök eru óupplýst. Stefnandi kvaðst fyrir dómi hafa falið bróður sínum, Guðjóni Óskarssyni, umsjá hússins í fjarveru sinni, en aðspurt fyrir dómi kvaðst vitnið Guðjón ekkert hafa haft með húsið að gera og aldrei komið þar. Vitnið Sigurbjörn Þór Sigurðsson kvað húsið ekki hafa verið löglega byggt, og þyrfti að kosta meira til uppbyggingar þess, t. d. í þaksperrum og einangrun, til þess að fá það tekið út. Þykir þetta styrkja þá fullyrðingu stefnda, að verðmæti hússins hafi verið undir vátryggingarfjárhæð á tjónsdegi. Ekkert hefur komið fram af hálfu stefnanda, er dregur úr þeim líkum.

Stefnandi fékk Sigurbjörn Þór Sigurðsson og Þorstein Sigurðsson til að gera kostnaðaráætlun um viðgerð. Upplýst er, að í virðingu þeirra er miðað við nýtt og bætt, en ekki ástand hússins fyrir tjón.

Samkvæmt lögum og vátryggingarskilmálum er tjónið ákvarðað með mati, og tilnefni hvor aðili sinn fulltrúa. Aðilum ber ekki saman um, hvort stefndi hafi skorað á stefnanda að tilnefna fulltrúa og hvort hann hafi haft fulltrúa við það. Á stefnanda hvíldi þrátt fyrir það lögum samkvæmt skylda til að upplýsa og aðstoða stefnda vegna tjónsins. Telja verður, að honum hafi mátt vera þetta ljóst sem og það, að honum væri ætlað að tilnefna matsmann, sbr. 22. gr. laga nr. 20/1954 og 85. gr. rgl. nr. 101/1932. Upplýst er, að stefnandi var í sambandi við stefnda vegna tjónsins, og svo sem áður greinir, réð hann í janúar 1987 sérfróða menn, Sigurbjörn Þór Sigurðsson og Þorstein Sigurðsson, til að ákveða kostnað við endurbyggingu hins skemmda. Einnig verður að telja upplýst, að tilnefndur matsmaður af hálfu stefnda, vitnið Magnús Jónsson, hafi stuðst við niðurstöðu þeirra við matið. Lögð er fram í málinu yfirlýsing, dags. 7. júní 1988, undirrituð af vitninu Sigurbirni og staðfest rétt af vitninu Einari Stefánssyni, svohljóðandi: „Ég undirritaður, Sigurbjörn Þór Sigurðsson trésmiður, Keflavík, staðfesti hér með, að ég og Þorsteinn Sigurðsson rafvirkjameistari, Keflavík, vorum fulltrúar Ármanns Óskarssonar, eiganda hússins Vallargötu 18, Sandgerði, við mat á brunatjóni, sem varð á húsinu 30. desember 1986. Matsgjörðin, sem við framkvæmdum ásamt fulltrúa frá Brunabótafélagi

Íslands, var undirrituð 14. apríl 1987. Beiðni um, að við Þorsteinn yrðum fulltrúar Ármanns við matsgjörðina, kom frá umbjóðanda hans, Einari Stefánssyni, Heiðargili 10, Keflavík." Er vitnin Sigurbjörn og Einar komu fyrir dóm, könnuðust þeir við undirskrift sína á skjalinu, en neituðu því, að það væri efnislega rétt. Töldu þeir sig aðeins hafa sinnt persónulegum erindum stefnanda til að fá virðingu á kostnaði við endurbyggingu hússins, en ekki staðið að mati á tjóninu ásamt Brunabótafélagi Íslands. Upplýst er, að yfirlýsingin er samin af fulltrúa stefnda, Jóni Norðfjörð, sem er eiginmaður og aðstoðarmaður umboðsmanns Brunabótafélags Íslands í Sandgerði, og komið á framfæri til undirritunar af honum. Ekki kom fram fullnægjandi skýring á því, hvers vegna þeir hefðu undirritað yfirlýsinguna, þar sem þeir töldu efni hennar rangt.

Samkvæmt málflutningsyfirlýsingu lögmanns stefnanda er ekki vefengt, að mati brunatjónsins, er stefndi átti frumkvæði að, hafi verið lokið í febrúar 1987, en það er undirritað 14. apríl s. á. Auk fulltrúa stefnda er það undirritað af Guðjóni Óskarssyni, bróður stefnanda. Lagt hefur verið fram umboð stefnanda til Guðjóns, sem var í vörslu stefnda. Umboðið er ódagsett og hljóðar svo: „Ég undirritaður, Ármann Óskarsson, nnr. 0442-0365, gef hér með Guðjóni Óskarssyni, nnr. 2926-2209, fullt og ótakmarkað umboð til að veita viðtöku og skrifa undir skjöl þar að lútandi" (sic). Fyrir réttinum hafa stefnandi og Guðjón borið, að umboðið hafi aðeins átt að taka til móttöku bótafjár og Guðjón því ekki haft umboð til að undirrita matsgerðina. Guðjón hefur kannast við undirritun sína á matsgerðinni, en kannast ekki við hana að öðru leyti; hann kvaðst þó hafa hitt Magnús Jónsson tvisvar. Engin skýring er fram komin á því, hvers vegna hann undirritaði matsgjörðina, þar sem hann nú telur sig ekki hafa haft umboð til þess og ekki þekkingu til að framkvæma hana. Stefnandi kvað við aðilaskýrslu Guðjón hafa haft umboð til að taka við greiðslu á grundvelli dómskjala 4 og 5, sem eru kostnaðaráætlanir Sigurbjörns Sigurðssonar og Þorsteins Sigurðssonar, en ekki til annars. Samkvæmt texta umboðsins verður ekki fallist á svo þrönga túlkun þess, enda engin sönnun komin fram, er styðji þessa fullyrðingu. Telja verður, að undirritun Guðjóns Óskarssonar fullgildi matsgjörðina sem slíka, jafnvel þótt ekki sé fram komin ótvíræð sönnun fyrir því, að stefndi hafi með formlegum hætti skorað á stefnanda að tilnefna fulltrúa til matsins eða hann hafi haft við það hæfan fulltrúa. Verður því að líta svo á, að 14. apríl 1987 hafi byrjað að líða frestur sá, er stefnandi hafði til þess að fara fram á yfirmat, en það lét hann ógert. Stefnandi hefur eigi óskað dómkvaðningar matsmanna til að staðreyna tjón sitt, og hann hefur eigi látið gera við skemmdirnar. Verður því að telja, að stefnda sé rétt að leggja matsgjörð frá 14. apríl 1987 til grundvallar við uppgjör tjónsins.

Það er meginregla, að brunabætur séu greiddar vegna uppbyggingar hins skemmda, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 9/1955. Upplýst er, að endurbygging hefur ekki farið fram. Greiðsluuppgjör sitt innir stefndi af hendi án skilyrða um endurbyggingu, og var honum því heimilt að draga frá 15%, sbr. 2. mgr. 16. gr. sömu laga. Stefnandi hefur ekki sannað, að tjón hans hafi verið meira en nemur þeirri bótafjarhæð, er hann þegar hefur fengið greidda, og skal stefndi því vera sýkn af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Brunabótafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ármanns Óskarssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 239/1990. **Karl Sigmar Karlsson,**
Bjarg sf. og
þrotabú Hafnarbergs hf.
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Jóni Kristjáni Guðmundssyni vegna
Fiskbúðarinnar Sævers
(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.).

Lausafjárkaup. Samningar. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1990. Málinu var áður áfrýjað með stefnu 3. maí 1990 í máli nr. 181/1990, er féll niður á fyrirhuguðum þingfestingardegi 1. júní sama ár. Dómkröfur áfrýjenda eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af kröfum stefnda í málinu. Þeir krefjast og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir að dómur var upp kveðinn í héraði, hefur bú áfrýjandans Hafnarbergs hf. verið tekið til gjaldþrotaskipta, og hefur þrotabú hlutafélagsins tekið við aðild þess að málinu.

Hér fyrir dómi hafa áfrýjendur sérstaklega haldið því fram, að samkomulag milli málsaðila um 30 krónur sem verð pr. kg af ýsu annars vegar og þorski hins vegar hafi ekki legið fyrir við upphaf viðskiptanna, eins og stefndi byggir á, heldur hafi þetta verð komið til umræðu síðar og ekki orðið bindandi fyrir þá. Þessi staðhæfing áfrýjenda fær ekki nægja stoð í gögnum málsins. Jafnframt liggur fyrir, að umrætt verð var sem næst hið sama og gildandi lágmarksverð á fyrsta flokks fiski af þessum tegundum samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Staðhæfingar áfrýjenda um gæði fisksins, sem afhentur var, njóta ekki stuðnings í neinum gögnum frá óháðum aðilum. Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem á er kveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Karl Sigmar Karlsson, Bjarg sf. og þrotabú Hafnarbergs hf., greiði stefnda, Jóni Kristjáni Guðmundssyni vegna Fiskbúðarinnar Sævers, óskipt 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 27. febrúar 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 12. nóvember 1988, af Rúnari Mogensen héraðsdómslögmanni f. h. Fiskbúðarinnar Sævers, Háaleitisbraut 58-60, Reykjavík, gegn Karli Sigmari Karlssyni, Básahrauni 11, Þorlákshöfn, persónulega og f. h. Bjargs sf., Hafnarskeiði 17, Þorlákshöfn, og Guðfinni Karlssyni, Lýsubergi 6, Þorlákshöfn, stjórnarformanni Hafnarbergs hf., f. h. félagsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 755.011 krónur ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Mál þetta, sem var höfðað sem áskorunarmál, var þingfest 30. nóvember 1988. Var þá sótt þing af hálfu stefndu og þeim veittur frestur til greinargerðar. Í þinghaldi 18. janúar 1989 skiluðu stefndu greinargerð sinni, og var málinu þá í samræmi við 1. mgr. 230. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988, vikið til almennrar meðferðar.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði alsýknaðir af dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að á vetrarvertíð árið 1987 hafi málsaðilar gert með sér samkomulag þess efnis, að þeir skiptu á þorski og

ýsu, og skyldi sama verð greitt fyrir hvert kíló af fiski, 30 krónur. Á grundvelli þessa samkomulags hafi stefnandi selt stefnda Bjargi sf. 48.570 kíló af þorski. Miðað við ofangreint samkomulag málsaðila sé verðmæti þessa magns af þorski samtals 1.457.100 krónur. Stefndi Bjarg sf. hafi á sama tíma selt stefnanda fisk fyrir 702.089 krónur. Í samkomulagi aðila hafi verið við það miðað, að mismunur, hvorum megin sem hann yrði, skyldi greiddur í peningum. Stefndu hafi hins vegar ekki fengist til að greiða mismun ofangreindra fjárhæða, 755.011 krónur, sem sé stefnufjárhæð málsins. Í stefnu er tekið fram, að stefndu Karl Sigmar Karlsson og Hafnarberg hf. séu skráðir sameigendur Bjargs sf.

Um lagarök vísar stefnandi til kaupalaga nr. 39/1922.

III.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að í framangreindu samkomulagi málsaðila um jöfn skipti á þorski og ýsu hafi verið við það miðað, að um algjörlega sambærilegan fisk yrði að ræða að aldri og gæðum. Fljótlega eftir að skipti þessi hófust, hafi komið í ljós, að þorskur sá, sem barst frá stefnanda, hafi verið mjög lakur að gæðum og gamall. Hafi þá strax verið haft samband við stefnanda og honum tjáð, að ekki kæmi til greina, að greitt yrði fyrir eitt kíló af þorski með einu kílói af ýsu. Hámark væri að greiða tvö kíló af þorski með einu kílói af ýsu, með öðrum orðum, að ýsan væri helmingi verðmeiri en þorskurinn. Eftir þetta hafi stefnandi haldið áfram að senda fisk, og hafi stefndu talið, að samkomulag gæti orðið um þennan verðmun í skiptum aðila. Þegar hins vegar hafi komið í ljós, að stefnandi hugðist halda til streitu kílói á móti kílói, hafi stefndu hætt að senda honum ýsu og neitað að taka við frekari þorski. Stefndu hafi talið sig vera búna að fullborga þann þorsk, sem þeir höfðu fengið frá stefnanda, og því neitað frekari greiðslum.

IV.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslur í máli þessu Kristján Guðmundsson fisksali, en Fiskbúðin Sæver er einkafirma hans, stefndi Karl Sigmar Karlsson, Ásberg Lárenzínusson verkstjóri og Jóhannes Guðmundur Brynleifsson vörubifreiðastjóri.

Í málinu er óumdeilt, að Bjarg sf. hafi tekið við 48.570 kílóum af þorski frá stefnanda á tímabilinu 20. febrúar til 4. apríl 1987. Þá er upplýst, að samkvæmt samkomulagi stefnanda og Bjargs sf. skyldi hvert kíló af fiski metið á 30 krónur í viðskiptum þeirra. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samkomulag aðila hafi að þessu leyti verið bundið þeim fyrirvara, að um sambærilegan fisk að gæðum yrði að ræða. Hvað sem því líður, verður að telja, svo sem sönnunarreglum er háttað og með hliðsjón af stöðu

vitnanna Ásbergs Lárenzínussonar og Jóhannesar Guðmundar Brynleifssonar gagnvart stefndu, að stefndu hafi ekki tekist að hnekkja þeirri staðhæfingu stefnanda, að við endanlegt uppgjör á umræddum viðskiptum beri eingöngu að leggja framangreint einingarverð til grundvallar. Verður því að fallast á það með stefndanda, að verðmæti ofangreinds magns af þorski við sölu til stefnda Bjargs sf. teljist vera 1.457.100 krónur. Samkvæmt þessari niðurstöðu teljast stefndu hafa greitt 702.089,00 krónur upp í endanlega kröfu stefnanda, en hluti þeirrar fjárhæðar var greiddur í peningum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða dómkröfur stefnanda teknar til greina. Vaxtakrafa stefnanda brýtur ekki gegn ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987 og hefur ekki sætt andmælum. Verða vextir því eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 135.000 krónur. Að kröfu stefnanda og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, skal málskostnaðarfjárhæð bera dráttarvexti samkvæmt 10. gr. vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan, en dómarinn fékk málið til meðferðar 16. september sl.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarg sf., Karl Sigmar Karlsson og Hafnarberg hf., greiði in solidum stefnanda, Fiskbúðinni Sæveri, 755.011 krónur ásamt 30% ársvöxtum frá 20. júní 1987 til 1. júlí s. á., 36% ársvöxtun frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 40,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s. á., 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 49,2% áravöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s. á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s. á., 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s. á., 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s. á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 12. s. m., en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum stefnanda 135.000 krónur í málskostnað, er skal frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags bera dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. maí 1993.

Nr. 168/1993. **Ingibjörg Ingólfsdóttir**
gegn
Jóni Sveinssyni.

Kærumál. Nauðungarsala. Geymslugreiðsla. Skuldabréf, gjaldfelling.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. mars 1993. Hún krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og staðfest ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 19. nóvember 1992 um að fella niður meðferð á beiðni varnaraðila um nauðungarsölu á eignarhluta sóknaraðila í Laugavegi 27 í Reykjavík. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Fallast má á athugasemdir héraðsdómara um eðli geymslugreiðslu. Hér koma þó fleiri atriði til skoðunar. Greiðslustaðar er ekki getið á veðskuldabréfum þeim, sem varnaraðili byggir á uppboðsheimild sína. Ekki er í ljós leitt, að sóknaraðila hafi borist greiðslutilkynning vegna gjalddaga í nóvember 1991. Hún taldi, að geymslugreiðsla sín hefði verið tilkynnt. Varnaraðili tilkynnti ekki um gjaldfellingu bréfanna fyrr en eftir, að honum var kunnugt um, hvar greiðsluna var að finna. Aðila greinir á um, hvort hún hafi verið fullnægjandi, þegar hún var sett í geymslu, en um það voru ekki leiddar sönnur fyrir sýslumanni. Verður, eins og hér stendur á, að telja, að sóknaraðili hafi með geymslugreiðslunni sýnt nægilega fram á vilja sinn og getu til greiðslu afborgunar og áfallinna vaxta, og hafi því gjaldfelling bréfanna ekki verið heimil. Skilyrði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu til uppboðsmeðferðar vegna allrar skuldarinnar var því ekki uppfyllt. Verður að svo vöxnu að staðfesta ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að hætta meðferð á beiðni varnaraðila um nauðungarsölu á fasteign sóknaraðila.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað kröfu varnaraðila um nauðungarsölu á hluta fasteignarinnar Laugavegar 27 í Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem lagt var í úrskurð 17. febrúar 1993, var þingfest 1. febrúar sl. til úrlausnar um ágreining varðandi nauðungarsölu á Laugavegi 27, Reykjavík.

Sóknaraðili er Jón Kr. Sveinsson, kt. 241111-3429, Grundarlandi 12, Reykjavík.

Varnaraðili er Ingibjörg Ingólfsdóttir, kt. 301041-2689, Laugavegi 27, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að héraðsdómari úrskurði, að nauðungarsala á Laugavegi 27, Reykjavík, skuli ná fram að ganga. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila auk virðisaukaskatts á málskostnað. Einnig krefst sóknaraðili þess, að málskostnaður beri dráttarvexti 15 dögum eftir uppkvaðningu úrskurðarins til greiðsludags.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að staðfest verði sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík, dags. 19. nóvember 1992, þar sem felld er niður nauðungarsala á 50% eignarhluta varnaraðila í Laugavegi 27, Reykjavík.

Til vara krefst varnaraðili þess, verði ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík felld úr gildi, að kveðið verði þá á um, að aðgerðir frestist, verði úrskurði héraðsdóms skotið til Hæstaréttar. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi sóknaraðila auk dráttarvaxta og virðisaukaskatts lögum samkvæmt.

II.

Málavextir eru þeir, að varnaraðili keypti 50% eignarhluta í húsinu nr. 27 við Laugaveg á árinu 1989 af sóknaraðila og fjórum börnum hans. Hluti kaupverðs var greiddur með afhendingu skuldabréfa með veði í hinu selda. Þrjú skuldabréf voru gefin út til sóknaraðila í tengslum við kaup þessi. Gjalddagi ofangreinra þriggja skuldabréfa var 15. nóvember ár hvert, og

var fyrsti gjalddagi þeirra 15. nóvember 1989. Tvö bréfanna eru að nafnverði 700.000 kr, en hið þriðja að nafnverði 686.700 kr.

Skuldabréf þessi voru til innheimtu í útibúi Íslandsbanka hf. í Bankastræti í Reykjavík. Þar innti varnaraðili af hendi fyrstu tvær afborganir af bréfum þessum, þ. e. á árinu 1989 og á árinu 1990. Þriðja afborgunin, þ. e. á gjalddaga 15. nóvember 1991, var hins vegar greidd inn á geymslureikning í Búnaðarbanka Íslands að Laugavegi 3, Reykjavík. Varnaraðili kveðst hafa tilkynnt syni sóknaraðila um geymslugreiðsluna, en sóknaraðili kveðst fyrst hafa fengið vitneskju um hana í síðustu viku marsmánaðar 1992, og síðar hafi hann fengið símbréf 1. apríl 1992, sbr. dómskjal nr. 18, þar sem upplýsingar um geymslugreiðsluna hafi komið fram. Sóknaraðili gaf varnaraðila kost á að koma ofangreindum skuldabréfum í skil með greiðslu á dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags, en því hafnaði varnaraðili. Sóknaraðili gjaldfelldi því skuldabréfin og krafðist nauðungarsölu á 50% fasteignarinnar að Laugavegi 27 til fullnustu kröfu sinni. Varnaraðili bauð sóknaraðila að gera upp bréfin miðað við 6. maí 1992, en þeirri kröfu hafnaði sóknaraðili og fór, eins og að ofan greinir, fram á nauðungarsölu á fasteigninni. Við uppboð hjá sýslumanni 19. nóvember sl. var nauðungarsölu mótmælt, og var krafa varnaraðila tekin til greina og framgangur uppboðsins stöðvaður. Af hálfu sóknaraðila var þá farið fram á, að ákvörðun sýslumanns yrði borin undir sýslumann, og var það mál þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. febrúar 1993.

III.

Málsástæður sóknaraðila eru þær, að um skilyrði til geymslugreiðslu hafi ekki verið að ræða, þegar hún hafi verið innt af hendi. Ofangreind skuldabréf hafi allt frá upphafi verið nafnbréf. Samkvæmt þeim réttarreglum, sem um slík bréf gilda, verði greiðandi að hafa frumkvæði að greiðslunni, og sé annars greiðslustaðar ekki getið, sé réttur greiðslustaður á heimili eiganda bréfsins.

Sóknaraðili kveður bréfunum hafa verið strax komið í innheimtu í banka, og þar hafi varnaraðili greitt fyrstu afborganir af bréfunum. Þrátt fyrir tilkynningar frá bankanum um það, hvar bréfin hafi verið til greiðslu í nóvember 1991, og ítrekuð greiðslutilmæli hafi varnaraðili ekki sinnt því í neinu. Varnaraðili hafi ekkert reynt til þess að koma afborgunum til skila á þeim stað, sem fyrstu tvær afborganir höfðu verið inntar af hendi, né heldur að koma afborgunum til skila á heimili eiganda bréfanna eða að hafa samband við hann.

Þeirri fullyrðingu varnaraðila, að henni hafi ekki verið kunnugt um heimili sóknaraðila, mótmælir sóknaraðili sem rangri. Varnaraðili hafi haft afrit af skuldabréfunum undir höndum, þegar geymslugreiðslan hafi verið

innt af hendi, sbr. m. a. yfirlýsingar forsvarsmanna miðbæjarútibús Búnaðarbanka Íslands, dags. 23. 11. 1992, en þar hafi geymslugreiðslan verið innt af hendi 22. nóvember 1991. Á skuldabréfunum komi fram heimilisfang sóknaraðila, en þar hafi hann átt heimili um langt árabil, sbr. vottorð Hagstofu Íslands, dags. 5. 2. 1992. Varnaraðila hafi því verið í lófa lagið að koma greiðslunni til sóknaraðila, jafnvel þótt henni hafi ekki borist greiðsluseðlar og ítrekanir frá Íslandsbanka hf., sem telja verði ótrúverðugt, enda hafi upplýsingar um heimili sóknaraðila legið fyrir hjá Hagstofu Íslands.

Verði hins vegar komist að þeirri niðurstöðu, að skilyrði til geymslugreiðslu hafi engin verið 22. 11. 1992, styður sóknaraðili mál sitt því, að geymslugreiðslan hafi ekki verið fullnægjandi. Þannig hafi sú greiðsla, sem innt var af hendi, verið án dráttarvaxta frá gjalddaga fram að greiðsludegi. Þetta hafi enda verið viðurkennt, sbr. bréf lögmanns varnaraðila, dags. 14. 5. 1992.

Verði komist að þeirri niðurstöðu, að sá munur, sem var á greiðslu varnaraðila á geymslugreiðslureikninginn og réttum efndum á afborgun skv. skuldabréfunum, þ. e. dráttarvöxtum frá 15. 11. 1991 til 22. 11. 1991, réttlæti ekki gjaldfellingu skuldabréfanna og að geymslugreiðslan hafi verið heimil, bendir sóknaraðili á, að varnaraðili hafi ekki sinnt lagaskyldu sinni um tilkynningu, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1978.

Þeirri fullyrðingu varnaraðila, að hann hafi tilkynnt Sveini E. Jónssyni, syni sóknaraðila, um geymslugreiðsluna, mótmælir sóknaraðili sem rangri og ósannaðri. Jafnvel þótt það teljist sannað, að varnaraðili hafi tilkynnt Sveini um geymslugreiðsluna, sé því mótmælt af hálfu sóknaraðila, að það sé næg tilkynning. Sveinn hafi ekki haft neitt umboð sóknaraðila til þess að taka á móti slíkri tilkynningu að lögum né samkvæmt veittu umboði sóknaraðila. Sveinn sé ekki með sama heimili og sóknaraðili og hafi ekki haft um áratugaskeið.

Eins heldur sóknaraðili því fram, að ekkert sé komið fram um það, hvenær Sveini hafi verið tilkynnt um geymslugreiðsluna, en sú lagaskylda hvíli á varnaraðila að koma slíkri tilkynningu til sóknaraðila án ástæðulauss dráttar. Því hafi varnaraðili ekki getað beðið þess, að spurst yrði fyrir um greiðsluna. Sú tilkynning, sem lögmaður sóknaraðila hafi fengið munnlega í lok mars og í símbréfi 1. apríl 1992 eftir fyrirspurn um afborganir af bréfunum, sé augljóslega of seint fram komin.

Um lagarök vísar sóknaraðili til réttarreglna um skyldu manna til þess að standa við fjárskuldbindingar sínar, réttarreglna um viðskiptabréf, vaxtalaga nr. 25/1987 og laga nr. 9/1978 um geymslufé.

Varnaraðili styður málatilbúnað sinn þeim rökum, að með geymslugreiðslu sinni 22. nóvember 1991 hafi hún til hlítar fullnægt greiðsluskyldu

sinni. Skilyrði til geymslugreiðslu hafi verið leyfileg, þar sem greiðsluseðlar vegna umræddra bréfa hafi ekki borist sér. Það, að greiðsluseðill eða tilkynning um greiðslu eða greiðslustað berist ekki greiðanda, sé atvik, sem sé á ábyrgð kröfuhafa, sbr. 1. gr. laga nr. 9/1978 um geymslufé.

Þegar slík atvik beri að höndum, veiti lögin skuldara það réttarhagræði að losna undan skyldu sinni með geymslugreiðslu.

Varnaraðili hafi áður þurft að grípa til geymslugreiðslu vegna skuldbindinga sinna samkvæmt áðurnefndum kaupsamningi, án þess að það hafi sætt aðfinnslum. Varnaraðili mótmælir ódagsettri yfirlýsingu Íslandsbanka á dskj. nr. 21 sem rangri og ósannaðri. Yfirlýsingin beri það hvorki með sér, hver sé greiðandi né kröfuhafi, né heldur, um hvaða skuldir sé þar að ræða.

Sóknaraðili virðist telja, að það, að tilkynning berist ekki um geymslugreiðslu, heimili honum að hafna greiðslunni. Varnaraðili mótmælir því, að tilkynningu hafi ekki verið komið á framfæri við sóknaraðila. Hún hafi fáeinum dögum eftir greiðsluna látið son sóknaraðila vita um greiðsluna vegna fyrirspurna hans. Þeirri staðhæfingu hafi aldrei verið mótmælt. Hvergi í lögum sé áskilið, á hvern hátt beri að tilkynna greiðslur. Varnaraðili telji sig því hafa fullnægt þeirri skyldu sinni

Jafnvel þótt ekki verði fallist á þessa málsástæðu varnaraðila, leiði það ekki til þess, að unnt sé að hafna geymslugreiðslunni sem löglegri fullnægju á greiðsluskyldu. Samkvæmt 3. mgr. (sic) laga nr. 9/1978 komi fram, að sé tilkynningarskyldu ekki fullnægt, kunni það að leiða til bótaskyldu. Það hafi hins vegar ekki nein áhrif á, að greiðandi hafi fullnægt greiðsluskyldu sinni. Þeirri mótbáru sóknaraðila, að hin „depónerða" fjárhæð hafi verið of lág, mótmælir varnaraðili sem rangri og ósannaðri. Umrædd greiðsla hafi verið reiknuð út af starfsmanni bankans og verið samkvæmt forsendum skuldabréfanna. Þá hafi sóknaraðili hvorki fyrr né síðar lagt fram sundurliðaða útreikninga á afborgunum né upplýst, hvað hann telji vera réttar efndir.

Af þessu telji varnaraðili ljóst, að hún hafi greitt með lögfullum hætti kröfur samkvæmt veðskuldabréfunum á réttum tíma. Sóknaraðila hafi því verið með öllu óheimilt að gjaldfella bréfin, eftir að honum varð kunnugt um, hvar greiðslurnar væri að finna. Gjaldfelling hans á bréfunum og eftirfarandi krafa um nauðungarsölu hafi því verið með öllu ólögmætar. Skilyrðum 6. gr., 1. mgr., laga nr. 90/1991 um, að peningakrafa skuli vera gjaldfallin, til að unnt sé að krefjast uppboðs, hafi ekki verið fullnægt. Þá komi skýrt fram í 5. tl. 2. mgr. 15. gr. sömu laga, að nauðungarsölubeiðni er eo ipso fallin niður, þegar framvísað er sönnun fyrir greiðslu.

IV.

Niðurstaða.

Aðilar málsins gáfu skýrslur fyrir réttinum svo og vitnin Ómar Jóhannsson og Gísli Sigurgeirsson.

Mál þetta snýst um það, hvort heimilt hafi verið að gjaldfella þrjú veðskuldabréf í eigu sóknaraðila og í kjölfar þess krefjast þess, að veðið, 50% Laugavegar 27, væri selt á uppboði til fullnustu kröfum sóknaraðila, en varnaraðili hafi 22. nóvember 1991 geymslugreitt afborganir af skuldabréfum þessum, sem greiða átti 15. nóvember 1991. Verður því að fjalla um það allega, hvort skilyrðum til geymslugreiðslu hafi verið til að dreifa hjá varnaraðila. Varnaraðili geymslugreiddi þriðju afborgun samkvæmt skuldabréfum þessum 22. nóvember 1991 í Búnaðarbanka Íslands, en fyrstu tvær afborganir af skuldabréfunum voru greiddar, þar sem bréfin voru til innheimtu, í Íslandsbanka við Bankastræti. Umrædd skuldabréf eru öll nafnbréf og bera öll með sér heimilisfang kröfuhafa.

Samkvæmt lögum um geymslugreiðslu nr. 9/1978 getur sá, sem inna á af hendi peningagreiðslu, en fær ekki greitt kröfuhafa vegna aðstæðna eða atvika, sem kröfueigandi ber ábyrgð á, fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í ríkisviðskiptabanka eða annarri þeirri innlánsstofnun, sem heimild hefur lögum samkvæmt til þess að taka við geymslufé. Þannig getur skuldari innt greiðslu sína af hendi og staðið við skuldbindingar sínar, þótt kröfuhafi vilji ekki eða geti ekki tekið við greiðslunni, og einnig getur skuldari innt þannig greiðslur sínar af hendi, þegar vafi leikur á, hver sé réttur kröfuhafi, án þess að skuldara verði gefin sök á þeirri óvissu. Einnig hefur verið talið, að heimild sé til geymslugreiðslu í þeim tilvikum, þegar kröfuhafi lætur hjá líða að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, sem skuldunautur getur sett sem skilyrði fyrir greiðslu af sinni hálfu.

Í máli þessu er óumdeilt, að varnaraðili vissi, hver kröfuhafi var, enda báru veðskuldabréfin það öll með sér og varnaraðili hafði tvisvar áður greitt af þessum skuldabréfum í banka þeim, þar sem þau voru til innheimtu.

Varnaraðili heldur því fram, að hún hafi ekki fengið greiðsluseðil frá Íslandsbanka, þar sem hún var krafin greiðslu á ofangreindum skuldabréfum, og hafi hún því talið, að sér væri heimilt að geymslugreiða afborganir af bréfunum. Hún kveður skilyrði 1. gr. laga um geymslufé hafa verið fullnægt, þar sem það, að varnaraðili hafi ekki fengið sendan greiðsluseðil, sé atvik, sem sé á ábyrgð kröfuhafa.

Líta verður til þess, að varnaraðili hafði tvisvar áður greitt af nefndum skuldabréfum á þeim stað, þar sem bréfin voru til innheimtu. Gat henni því ekki verið ókunnugt um greiðslustað bréfanna, en auk þess báru bréfin með sér, hver kröfueigandi var. Varnaraðila var því alltaf heimilt að snúa

sér til kröfueiganda með greiðslu, ef vafi hefði verið á, hver greiðslustaður var, en meginregla um nafnbréf er, að skuldara ber að koma greiðslu til kröfuhafa. Ekkert hefur komið fram um það í málinu, að kröfueigandi hafi ekki viljað eða ekki getað tekið við greiðslu frá skuldara.

Með vísan til ofangreinds er ekki unnt að fallast á með varnaraðila, að um skilyrði til geymslugreiðslu hafi verið að ræða í máli þessu. Sóknaraðila var því heimilt að gjaldfella ofangreind skuldabréf og krefjast nauðungarsölu á hinni veðsettu eign í kjölfar þess.

Í ljósi þessarar niðurstöðu ber að ómerkja þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 19. nóvember 1992 að stöðva frekari framgang nauðungarsölu á Laugavegi 27, en tekin er til greina sú varakrafa varnaraðila, að kæra úrskurðar þessa fresti aðgerðum á grundvelli hans, sbr. 79. gr., 3. mgr., laga nr. 90/1991.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af því.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 19. nóvember 1992 þess efnis að stöðva frekari framgang nauðungarsölu á hluta Laugavegar 27 er ómerkt. Kæra úrskurðar þessa frestar aðgerðum á grundvelli hans. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 188/1993. **Benjamín Magnússon**
gegn
Kaupgarði hf.

Kærumál. Vextir. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. maí 1993, sem barst Hæstarétti 12. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að aðför fari fram fyrir 819.870 krónum hjá varnaraðila auk áfallandi vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags, kostnaðar af framkvæmd gerðarinnar og eftirfarandi fullnustugerða, ef til þeirra kemur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, er aðfararheimild sóknaraðila dómur Hæstaréttar Íslands frá 10. desember 1992 í málinu nr. 18/1989. Ágreiningur aðila snýst um það, hvaða vexti krafa sóknaraðila skuli bera frá 14. apríl 1987 til 10. desember 1992. Í dómsorði Hæstaréttar er vaxtafótur frá 6. október 1985 til 14. apríl 1987 rakinn, en eftir það og til dómsuppsögudags er vísað til hæstu almennra innlánsvaxta hvers tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Ljóst er, þegar litið er til forsendna í dómi Hæstaréttar, að í máli þessu var ekki ætlunin að breyta um vaxtafót 14. apríl 1987, heldur miða áfram við hæstu vexti af almennum sparisjóðsbókum. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Benjamín Magnússon, skal greiða varnaraðila, Kaupgarði hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 28. apríl 1993.

I.

Mál þetta, sem varðar ágreining við aðfarargerð, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. apríl 1993.

Sóknaraðili, Benjamín Magnússon, kt. 180844-4149, Hamraborg 14, Kópavogi, gerir þá kröfu, að gerð verði aðför hjá varnaraðila fyrir 819.870 kr. auk áfallandi vaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags og alls kostnaðar af framkvæmd gerðarinnar og eftirfarandi fullnustugerða, ef til þeirra kemur. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í samræmi við gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðurinn beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Varnaraðili, Kaupgarður hf., kt. 641073-0169, Engihjalla 8, Kópavogi, krefst þess að verða alsýknaður af öllum kröfum sóknaraðila og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða fram lögðum málskostnaðarreikningi með inniföldum áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, — enn fremur, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Með aðfararbeiðni, dags. 4. janúar 1993, gerði sóknaraðili þá kröfu, að sýslumaðurinn í Kópavogi gerði fjárnám hjá varnaraðila til tryggingar kröfu, sem hann sundurliðaði þannig:

Höfuðstóll	kr.	1.294.172
Vextir skv. dómi	—	1.925.137
Drv. til 4. 1. 1993	—	48.826
Málskostnaður	—	480.000
Drv. á málsk. til 4. 1. 1993	—	2.680
Aðfararbeiðni m. vsk.	—	25.369
	kr.	3.776.184
Aðfarargjald í ríkissjóð	—	10.000
Samtals	kr.	3.786.184

Að því er aðfararheimild varðar, studdi sóknaraðili mál sitt dómi Hæstaréttar Íslands frá 10. mars 1992 í málinu nr. 18/1989: Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason gegn Benjamín Magnússyni og gagnsök. Dómsorð og forsendur vaxtakröfu sóknaraðila, sem ágreiningur aðila lýtur að, eru svohljóðandi:

— — —

Aðfararbeiðni sóknaraðila var tekin fyrir hjá sýslumanninum í Kópavogi 3. mars 1993. Við gerðina mótmælti lögmaður varnaraðila, að gert yrði fjárnám fyrir hærri fjárhæð en 2.743.773 kr., sem hann sundurliðaði þannig:

Höfuðstóll		kr. 1.294.172
Vextir til 3. mars 1993		— 1.141.839
Málskostnaður		— 480.000
Drv. á málsk. til 3. mars 1993		— 14.934
Aðfararbeiðni		— 2.828
		kr. 2.933.773
Aðfarargjald í ríkissjóð		— 10.000
Greitt 19. febr. 1993		— 200.000
	Samtals	kr. 2.743.773

Mótmæli sín reisi varnaraðili á því, að vaxtakrafa sóknaraðila væri miðuð við vexti af bundnum innlánsreikningum. Samkvæmt dómi Hæstaréttar væri ekki heimilt að reikna hærri vexti frá 14. apríl 1987 til 10. desember 1992 en næmi vöxtum af almennum óbundnum sparisjóðsbókum. Með vísan til 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/1989 um aðför ákvað sýslumaður, að fjárnám næði fram að ganga að teknu tilliti til mótmæla varnaraðila. Þessari ákvörðun undi sóknaraðili ekki, og lýsti lögmaður hans yfir, að sóknaraðili nýtti sér rétt sinn til að bera hana undir héraðsdóm, sbr. 3. mgr. 27. gr. nefndra laga.

Með bréfi, dags. 8. mars 1993, krafðist lögmaður sóknaraðila úrlausnar héraðsdómara um greinda ákvörðun sýslumannsins í Kópavogi, og var málið þingfest 22. mars sl.

Í máli þessu er ágreiningur milli aðila um vaxtafót. Vaxtafjárhæðir og -útreikningar eru ágreiningslausir. Af hálfu sóknaraðila hefur komið fram, að kröfugerð hans miðist við lækkun á þóknun fyrir aðfararbeiðni úr 25.369 kr. í 2.828 kr. og greiðslu varnaraðila, 200.000 kr., upp í kröfuna 19. febrúar 1993.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að samkvæmt dómsorði hæstaréttardómsins sé honum heimilt að velja hæstu innlánsvexti, sem almenningi hafi staðið til boða hjá bönkum frá 14. apríl 1987 til 10. desember 1992. Á þessu tímabili hafi hæstu innlánsvextir verið á svokölluðum óverðtryggðum skiptikjarareikningum og uppsagnarreikningum, þar sem innstæða verði að vera óhreyfð um einhvern tíma, oftast sex mánuði. Vaxtaútreikningur sóknaraðila miðist við þann vaxtafót þessara reikninga, sem er

hærri í hvert sinn. Við munnlegan flutning málsins kom fram hjá lögmanni sóknaraðila, að miðað væri við vegið meðaltal vaxta á greindum reikningum.

Sóknaraðili reisir kröfu sína einnig á því, að ef vaxtakrafa hans ætti að taka mið af vöxtum á almennum sparisjóðsbókum, hefði dómsorðið kveðið á um vexti af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, en þannig séu þeir tilgreindir með orðalagi 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Sóknaraðili styður mál sitt enn fremur því, að almennir sparisjóðsvextir séu lægstu vextir, sem unnt er að fá á almenn innlán hjá bönkum samkvæmt tilkynningu Seðlabanka Íslands utan vextir á tékkareikninga. Ljóst sé, að orðin „hæstu innlánsvextir" geti ekki átt við lægsta vaxtafótinn.

Sóknaraðili telur, að leggja beri dómsorðið eitt sér til grundvallar kröfugerð við aðför. Óljós ákvæði í forsendum dóms hafi ekki þýðingu við túlkun á dómsorðinu.

Kröfu sína reisir varnaraðili á því, að með dómi Hæstaréttar hafi sér verið gert að greiða sóknaraðila 1.294.172 kr. með hæstu almennu innlánsvöxtum frá 6. október 1985 til uppsögu dóms í Hæstarétti. Í dómsorði sé vaxtafótur frá 6. október 1985 til 14. apríl 1987 rakinn, en frá þeim degi til 10. desember 1992 sé vísað til hæstu almennu innlánsvaxta hvers tíma samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Engin ástæða sé til að ætla, að orðin „hæstu almennu innlánsvextir" þýði eitthvað annað í forsendum dóms Hæstaréttar en í dómsorðinu sjálfu, og ekkert bendi til, að Hæstiréttur hafi breytt um vexti 14. apríl 1987 og að frá þeim degi eigi að miða við aðra vexti en rétturinn rekur sjálfur, þ. e. hæstu vexti af almennum óbundnum sparisjóðsbókum. Þrátt fyrir þetta reikni sóknaraðili kröfu sína miðað við sérkjarareikninga banka og sparisjóða. Þeim útreikningi sé mótmælt, enda eigi hann ekki stoð í dómi Hæstaréttar.

IV.

Úrlausnarefni máls þessa er ágreiningur aðila við fjárnám um, hvaða vaxtahæð krafa sóknaraðila beri frá 6. október 1985 til 10. desember 1992 samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands frá 10. desember 1992 í málinu nr. 18/1989: Kaupgarður hf. og Ólafur Torfason gegn Benjamín Magnússyni og gagnsök.

Mál þetta er rekið samkvæmt 14. kafla aðfararlaga nr. 89/1990 og verður ráðið til lykta með úrskurði, en ekki dómi, eins og gert er ráð fyrir í kröfugerð aðila. Kröfugerð varnaraðila er ekki svo ljós sem skyldi, en hann krefst sýknu af kröfum sóknaraðila. Sú krafa verður ekki skilin á annan hátt en þann, að hann krefjist þess, að kröfu sóknaraðila verði hafnað og að umdeild ákvörðun sýslumanns standi óhögguð.

Með umræddum dómi Hæstaréttar var varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila 1.294.172 kr. Í forsendum dómsins kemur fram, að krafan beri hæstu almenna innlánsvexti frá 6. október 1985 til uppsögu dóms í Hæstarétti. Umræddir vextir eru nánar greindir í dómsorði á þann hátt, að vaxtafótur til 14. apríl 1987 er tiltekinn, en frá þeim degi er vísað til auglýsingar Seðlabanka Íslands, hvað varðar vaxtahæð. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, er heimilt, sé gjalddagi kröfu eftir gildistöku vaxtalaga, að dæma dráttarvexti til greiðsludags, án þess að vaxtahæð sé tiltekin í stefnu. Í vaxtalögum er ekki sambærileg heimild, hvað varðar aðrar vaxtakröfur, en dómvenja er fyrir að dæma ótiltekið hæstu almennu innlánsvexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að honum sé heimilt að miða vaxtakröfu sína fyrir greint tímabil við sérkjarareikninga banka og sparisjóða. Styðjast útreikningar hans við vegið meðaltal vaxta svokallaðra óverðtryggðra skiptikjarareikninga og uppsagnarreikninga. Á þetta verður ekki fallist með sóknaraðila, enda greindir innlánsreikningar m. a. háðir kvöð um uppsögn og því ekki sambærilegir við fjárkröfu í dómsmáli. Þykir ekki vafi leika á, að samkvæmt dómi Hæstaréttar er sóknaraðila ekki rétt að reikna sér hærri vexti en nemur hæstu vöxtum af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands. Því ber að staðfesta ákvörðun sýslumannsins í Kópavogi frá 3. mars 1993 um fjárnám fyrir vöxtum frá 6. október 1985 til 10. desember 1992.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 kr. í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Benedikt Bogason fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins í Kópavogi frá 3. mars 1993 um fjárnám til tryggingar vaxtakröfu sóknaraðila vegna tímabilsins 6. október 1985 til 10. desember 1992 skal standa óhögguð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 kr. í málskostnað, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 369/1991. **Oddbjörg Sigfúsdóttir**
(Magnús Thoroddsen hrl.)
gegn
Guðmundi Emil Sæmundssyni
(Atli Gíslason hrl.).

Skuldamál. Gjafagerningur. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1991. Dómkröfur hennar eru um sýknu af öllum kröfum stefnda og að hann verði dæmdur til að greiða henni málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Vitnamál fór fram eftir uppsögu héraðsdóms hinn 29. janúar 1992. Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjandi byggir allsendis á því, að stefndi hafi afhent sér skuldabréfið til eignar strax eftir fundinn með bankastjóranum föstudaginn 16. febrúar 1990. Bendir hún á því til sönnunar, að stefndi hafi verið í fæði og þjónustu hjá sér allan fyrri helming ársins 1990, frá því að hann kom austur í ársbyrjun, auk þess sem hann hafi haft afnot af síma og bifreið. Enginn fái slíkt ókeypis, og hafi stefndi sönnunarbyrði fyrir því, að svo hafi átt að vera.

Í ljós er leitt, að stefndi fór til Reykjavíkur á Volvo-bifreiðinni S-597, sem skrásett var á nafn áfrýjanda, hinn 24. júní 1990. Hinn 21. ágúst sama ár leitaði áfrýjandi til lögreglunnar í Reykjavík og kærði stefnda fyrir skilasvik vegna bifreiðarinnar og bað um aðstoð lögreglunnar til þess að hafa upp á henni. Nokkrum dögum fyrr, 14. ágúst, hafði Bjarni G. Björgvinsson héraðsdómslögmaður lagt andvirði skuldabréfsins með dráttarvöxtum, samtals 434.823 krónur, inn á tékkareikning áfrýjanda í Búnaðarbankanum á Egilsstöðum.

Til þess að umrædd málsrök áfrýjanda hefðu líkur með sér, þyrfti

að líta svo á, að stefndi hafi afhent henni skuldabréfið 16. febrúar 1990 sem nokkurs konar fyrirframgreiðslu fyrir fæðið og þjónustuna, sem hann ætti í vændum. Enginn hefur borið fyrir dómi, að um slíkt hafi þá verið rætt milli aðila. Áfrýjandi bar reyndar fyrir dómi, að hún teldi ástæður stefnda fyrir gjöfinni hafa verið þær, að hún hafi ætlað að kaupa í sínu nafni íbúð, Bláa húsið í Fellabæ, sem hann hafi ætlað að búa í. Kæra áfrýjanda til lögreglu í ágúst 1990 vegna bifreiðarinnar S-597 og andstæðar yfirlýsingar lögmanna aðila við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti um eignarhald á bifreiðinni gefa til kynna, að í ágúst hafi mál þeirra verið með öllu ófrágengin, þar á meðal varðandi fæðið og þjónustuna. Þegar á allt er litið, verður því ekki talið, að nægar líkur séu fram komnar um, að stefndi hafi afhent áfrýjanda skuldabréfið til eignar, eins og hún heldur fram. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir öllum atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Norður-Múlasýslu 27. júní 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 20. júní 1991, er höfðað fyrir þinginu með stefnu birtri 31. janúar 1991 og þingfestri 27. febrúar 1991. Greinargerð stefndu var lögð fram 20. mars 1991.

Stefnandi er Guðmundur Sæmundsson, Heiðarbrún 65, Hveragerði, kt. 300452-3619.

Stefnda er Oddbjörg Sigfúsdóttir, kt. 031044-5539, Hamrafelli 3, Fellabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að stefnda greiði sér 434.823 kr. með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 14. ágúst 1990 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. ágúst 1991. Þá er einnig krafist málskostnaðar í samræmi við gjaldskrá LMFÍ og fram lagðan málskostnaðarreikning og að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. lögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og 24,5% virðisaukaskatt.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

Að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ og að hann beri vexti fimmtán dögum eftir dómsuppsögu og virðisaukaskatt lögum samkvæmt.

Sátta reyndist ekki auðið.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hann hafi verið eigandi að handhafaskuldabréfi, út gefnu af Guðmundi Emil Hjaltasyni, Reykjavík, 14. 9. 1989. Skuldabréf þetta var að nafnverði 272.511 kr. og var gefið út til greiðslu eftirstöðva söluverðs fasteignarinnar að Jóruseli 15, Reykjavík, og tryggt með 9. veðrétti í fasteigninni, en fasteign þessa hafði stefnandi selt.

Stefnandi kveðst hafa falið Alþýðubanka Íslands hf. að innheimta skuldabréfið fyrir sig. Greiðslufall hafi orðið, og hafi hann þá óskað eftir því, að sér yrði sent bréfið í pósti. Hafi Alþýðubankinn orðið við þeirri ósk, eftir að stefnandi hafi greitt áfallinn bankakostnað. Bankinn hafi sent bréfið í ábyrgðarpósti 12. febrúar 1990 í bréfi, stíluðu á stefnanda, póstbox 52, 700 Egilsstöðum. Hafi ábyrgðarbréfið verið stílað á póstboxið að fyrirmælum stefnanda, enda bjó hann þá á sameiginlegu heimili stefndu og Bjarna Ó. Pálssonar og var í vinnu hjá Bjarna.

Það hafi síðan verið 15. febrúar 1990, að stefnda fór á pósthúsið á Egilsstöðum, kvittaði þar fyrir og tók á móti ábyrgðarbréfi þessu. Stefnda hafi opnað umslagið, og daginn eftir, 16. febrúar 1990, hafi hún farið með skuldabréfið á skrifstofu Bjarna Björgvinssonar hdl. á Egilsstöðum og óskað eftir aðstoð við innheimtu þess. Lögmaðurinn hafi gefið stefndu kvittum fyrir móttöku bréfsins.

Eins og áður segir, var skuldabréfið veðtryggt í fasteigninni Jóruseli 15, Reykjavík, og þegar fasteignin hafi verið seld á uppboði, hafi lögmaðurinn lýst kröfum í uppboðsandvirðið. Uppboðshaldari hafi síðan greitt andvirði bréfsins til lögmannsins, og skilaði hann því til stefndu, þar sem hún hafi ekki á nokkurn hátt gert honum grein fyrir því, að hún ætti ekki bréfið.

Stefnda hafi því móttekið ábyrgðarbréf til stefnanda, farið með skuldabréfið í innheimtu og móttekið til eigin nota andvirði þess, allt án nokkurs umboðs eða heimildar frá stefnanda.

Stefnandi hafi, þegar honum varð þetta ljóst, talað við stefndu, en hún hafi neitað að skila andvirði bréfsins. Hann hafi þá leitað til lögmanns um aðstoð. Lögmaður hans hafi sent innheimtubréf 16. október 1990, en því var svarað að hálfu lögmanns stefndu, þar sem segir meðal annars efnislega, að stefnda telji sig hafa verið eiganda skuldabréfsins og neiti að afhenda andvirði þess.

Stefnandi hefur mótmælt því, að hann hafi nokkurn tíma gefið stefndu skuldabréfið, og telur, að stefnda beri alla sönnunarbyrði fyrir því, að stefnandi hafi afsalað eða framselt umrætt skuldabréf til hennar.

Stefnandi hefur einnig mótmælt því, að Bjarni Pálsson geti borið vitni um orðaskipti aðila máls þessa, þar sem hann sé eða hafi verið sambýlismaður stefndu.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi gert athugasemdir, strax og honum varð ljóst, að stefnda hafði dregið sér andvirði skuldabréfsins til að nota það í eigin þágu. Með því að móttaka andvirði skuldabréfsins og hagnýta sér það í eigin þágu hafi stefnda vísvitandi og með ólögmætum hætti valdið stefnanda tjóni, sem hún beri fulla skaðabótaábyrgð á.

Stefnandi hefur haldið því fram, að skuldabréf þetta og andvirði þess nú sé eign sín og að málsókn þessi miði að því, að hann endurheimti réttmæta eign sína og verði eins settur og ef hann hefði fengið andvirði bréfsins greitt.

Um fjárkröfur sínar hefur stefnandi vísað til reglna skaðabótaréttar og þá sérstaklaga til almennu skaðabótareglunnar. Auk þess er vísað til lagareglna um ólögmæta töku fjármuna og auðgun. Er málsókninni ætlað að knýja stefndu til að láta af ólögmætri háttsemi og gera stefnanda eins settan og verið hefði, ef stefnda hefði ekki tekið sér fjármuni, sem stefnandi var réttur eigandi að.

Stefnda kveður málavexti vera þá, að hún hafi nálgast ábyrgðarbréf á nafni stefnanda í pósthólf Bjarna Ó. Pálssonar á pósthúsinu á Egilsstöðum. Það hafi hins vegar ekki verið í fyrsta skipti og ekki án vitundar stefnanda, því að hún hafi haft það hlutverk m. a. að ná í póst fyrir Bjarna Ó. Pálsson hf., en hjá því fyrirtæki starfaði stefnandi. Hafi stefnandi gefið Pósti og síma fyrirmæli um að senda póst hans þangað.

Eftir að stefnda hafi náð í bréf þetta, hafi hún afhent það til stefnanda, en hann hugðist nota það til að kaupa svokallað „Bláa hús", sem er í Fellabæ.

Í því skyni hafi aðilar máls þessa farið 16. febrúar 1990 saman til bankastjóra Búnaðarbankans á Egilsstöðum, Sigurjóns Jónassonar. Hafi hann verið beðinn að skoða, hvort bankinn gæti ekki keypt bréfið. Á þessum tíma hafi bréfið verið í vanskilum frá 15. september 1989, og meðal annars þess vegna hafi bankinn ekki haft áhuga á að kaupa bréfið, en bankastjórinn benti aðilum málsins á að setja það í innheimtu.

Stefnandi hafi talið þýðingarlaust að setja bréfið í innheimtu, þar sem húsið, sem veðsett væri, væri yfirveðsett og bréfið því haldlítill pappír. Stefnda hafi hins vegar talið ráðlegt að innheimta bréfið. Það hafi verið þá, sem stefnandi hafi sagt, að hún mætti reyna það og eiga bréfið, ef eitthvað kæmi út úr því. Að þessu samtali hafi verið vitni, Bjarni Pálsson,

samstarfsmaður stefnanda. Hefur stefnda sagt, að hún hafi litið svo á, að með því að gefa sér skuldabréfið hafi stefnandi verið að greiða sér fyrir það, að hann bjó á heimili hennar í sex mánuði og þáði þar fæði, auk þess sem hún þvoði af honum þvott, og fékk einnig bifreið hennar til eigin nota.

Við flutning málsins lýsti lögmaður stefndu yfir því, að hann félli frá því að gera hugsanlega kröfu stefndu um greiðslu fyrir húsnæði, fæði og not stefnanda af bifreið stefndu að málsástæðu. Þess sé einungis getið í greinargerð um lýsingar á málsvöxtum. Málsástæður stefndu eru þær, að hún sem handhafi umrædds skuldabréfs hafi verið eigandi þess og andvirðisins, er á sínum tíma fékkst greitt frá uppboðsrétti Reykjavíkur. Handhöfn hennar að bréfinu sé eðlilegt framhald þess, að stefnandi gaf henni bréfið og sagði, að hún mætti reyna að gera úr því fé og eiga.

Á því er byggt, að sönnunarbyrðin fyrir því, að stefnda sé ekki eigandi bréfsins og andvirðis þess, hvíli á stefnanda, þar sem stefnda muni sanna það, að hún og stefnandi fóru saman með bréfið til bankastjóra Búnaðarbankans á Egilsstöðum. Stefnda heldur því fram, að eftir þau tímamörk hafi bréfið komist í sína vörslu með fullri vitneskju stefnanda. Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnda til almennra reglna kröfuréttar, til reglna um handhöfn handhafabréfa og til meginreglna eignarréttar.

Álit réttarins.

Ómótmælt er í máli þessu, að skuldabréf það, sem um er deilt, fékk stefnandi sem greiðslu á eftirstöðvum kaupverðs fasteignarinnar að Jóruseli 15, Reykjavík, sem hann hafi selt. Skuldabréfið fékk hann sent í ábyrgðarbréfi frá Alþýðubanka Íslands h/f í pósthólf Bjarna Ó, Pálssonar nr. 52 á pósthúsinu á Egilsstöðum.

Stefnda í máli þessu sótti umrætt ábyrgðarbréf og kvittaði fyrir móttöku þess 15. febrúar 1990 og segist sjálf áður hafa afhent stefnanda tilkynningu um ábyrgðarbréfið, og hafi stefnandi beðið sig að sækja bréfið á pósthúsið. Stefnandi segist hins vegar aldrei hafa fengið tilkynningu um ábyrgðarbréfið, og ekki hafi hann heldur beðið stefndu að sækja bréfið. Stefnandi segir, að hann hafi gefið Bjarna Ó. Pálssyni leyfi til að sækja póst sinn í pósthólfið, en ekki stefndu, en þó hafi hann haft grun um, að stefnda muni stundum hafa sótt póstinn í umrætt pósthólf. Hann hafi þó ekki vitað þetta fyrir víst.

Daginn eftir fóru stefnandi og stefnda á fund með bankastjóra Búnaðarbankans á Egilsstöðum, Sigurjóni Jónassyni, og höfðu þau meðferðis umrætt skuldabréf. Hefur stefnandi viðurkennt að hafa fengið skuldabréfið í sínar hendur, áður en eða um leið og þau fóru á þennan fund. Á þessum fundi með bankastjóranum var rætt um fyrirhuguð fasteignakaup stefn-

anda í Fellabæ og bankastjórinn spurður, hvort bankinn vildi kaupa skuldabréfið. Bankastjórinn vildi ekki kaupa bréfið, en mun hafa ráðlagt að setja bréfið í innheimtu hjá lögfræðingi.

Í vitnisburði Sigurjóns bankastjóra fyrir réttinum kemur fram, að enginn vafi hafi verið í hans huga á því, að stefnandi hafi verið sá, sem átti skuldabréfið, og fram hafi komið hjá stefnanda, að hann héldi, að skuldabréfið væri í raun gott, þ. e., að veðið ætti að fullnægja greiðslu á því. Sigurjón segir, að fram hafi komið hjá stefnanda, að hann væri ekki í aðstöðu til að kaupa hús og hafa það á sínu nafni, en til stæði, að hann keypti hús, en stefnda yrði skráður eigandi þess. Vitnið segir enn fremur, að stefnandi hafi ekki verið búinn að gefa húskaup upp á bátinn, þó að bankinn hafi ekki viljað kaupa skuldabréfið.

Stefnda hefur haldið því fram, að þar sem stefnandi hafi verið að reyna að selja skuldabréfið, hafi hann að sjálfsögðu sagt bankastjóranum, að það væri gott og tryggt.

Eftir fundinn með bankastjóranum, segir stefnda, að hún og stefnandi hafi farið að Hamrafelli 3, þar sem stefnandi bjó ásamt Bjarna Ó. Pálssyni, og þau tvö ásamt nefndum Bjarna rætt saman. Hafi stefnandi þar sagt, að hann teldi ekkert hægt að fá út úr þessu skuldabréfi og að stefnda mætti eiga bréfið, ef hún héldi, að hún gæti gert sér einhvern pening úr því. Bjarni Ó. Pálsson staðfestir þessa frásögn stefndu, en það veikir hins vegar vitnisburð hans, að hann er nú sambýlismaður stefndu og var góður vinur hennar, þegar þessir atburðir gerðust. Vitnið Arnfinnur Jónsson verkamaður og samstarfsmaður stefnanda á þessum tíma hefur borið fyrir réttinum, að hann hafi talið, að stefnda og Bjarni Ó. Pálsson hafi verið saman fyrri hluta ársins 1990, þ. e. á þeim tíma, er umræddir atburðir urðu.

Stefnandi þvertekur hins vegar fyrir að hafa nokkurn tíma sagt, að stefnda mætti eiga skuldabréfið. Hins vegar segist hann hafa beðið Bjarna Ó. Pálsson að setja það í innheimtu fyrir sig. Vitnið Bjarni Ó. Pálsson kannast hins vegar ekki við, að stefnandi hafi beðið sig að fara með skuldabréfið í innheimtu.

Síðar þennan sama dag, þ. e. 16. febrúar 1990, fór stefnda með skuldabréfið til Bjarna Björgvinssonar hdl. á Egilsstöðum og setti það í innheimtu, eins og það væri sín eign. Innheimtan gekk vel hjá lögmanninum, og lýsti hann kröfu í uppboðsandvirði hinnar veðsettu eignar og fékk greitt að fullu 13. ágúst 1990, og 14. ágúst 1990 lagði lögmaðurinn andvirði skuldabréfsins ásamt dráttarvöxtum til 3. júlí 1990 inn á reikning stefndu. Ekki tilkynnti stefnda stefnanda, að hún hefði fengið andvirði bréfsins greitt, enda hefur hún haldið því fram, að hún hafi talið sig vera eiganda bréfsins og auk þess ekki vitað um dvalarstað stefnanda.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi reynt að komast að því,

hver afdrif bréfsins hafi orðið, og hafi hann í því skyni hringt til Bjarna Ó. Pálssonar. Í annað skiptið mun dóttir stefndu hafa svarað, en hann fékk samband við Bjarna sjálfan í hitt skiptið. Þessi símtöl staðfestu bæði stefnda og Bjarna Ó. Pálsson fyrir réttinum, og telur stefnda, að símtöl þessi hafi farið fram, áður en hún fékk greitt andvirði skuldabréfsins.

Eins og áður segir, er því ómótmælt, að stefnandi máls þessa mun hafa átt hið umrædda skuldabréf, þegar það var sent til Egilsstaða. Einnig þykir mega líta svo á, að þegar stefnandi og stefnda komu á fund bankastjóra Búnaðarbankans á Egilsstöðum, hafi bréfið ennþá verið í eigu stefnanda.

Stefnda heldur því síðan fram, að stefnandi hafi gefið sér skuldabréfið strax eftir fundinn með bankastjóranum, og þetta staðfestir vitnisburður Bjarna Ó. Pálssonar, sambýlismanns stefndu. Stefnandi hefur algerlega mótmælt því, að slíkt gjafaafsal hafi átt sér stað.

Gegn mótmælum stefnanda og með tilliti til vitnisburðar Sigurjóns bankastjóra, sem staðfestir, að stefnandi hafi sagt sér, að bréfið væri gott og veðið nægileg trygging, og þrátt fyrir vitnisburð sambýlismanns stefndu þykir það ekki hafa verið gert sennilegt, að stefnandi hafi gefið stefndu skuldabréfið. Þykir réttinum eðlilegt, að stefnda beri sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að sér hafi verið gefið skuldabréfið. Þessi sönnun þykir ekki hafa tekist hjá stefndu, og verður því að líta svo á, að stefnandi hafi áfram verið réttur eigandi skuldabréfsins og sé það ennþá.

Tómlæti stefnanda þykir ekki hafa valdið honum réttarspjöllum.

Samkvæmt þessu ber stefndu að greiða stefnanda 434.823 kr. með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 14. ágúst 1990 til greiðsludags. Dráttarvexti skal leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. ágúst 1991. Stefnda greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 180.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Dóm þennan kvað upp Helgi Jensson, fulltrúi sýslumannsins í Norður-Múlasýslu.

Dómsorð:

Stefnda greiði stefnanda 434.823 kr. með dráttarvöxtum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 14. ágúst 1990 til greiðsludags, og skulu þeir lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 14. ágúst 1991. Stefnda greiði stefnanda 180.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur, og beri málskostnaður dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Allt þetta skal stefnda greiða innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 167/1993. **Þrotabú Ólafs Laufdals Jónssonar**
gegn
þrotabúi Veitingahússins Ármúla 5 h/f.

Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður. Skilyrt krafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. apríl 1993, sem barst Hæstarétti 27. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl, sem barst sóknaraðila 5. apríl, að viðurkennd sé krafa varnaraðila nr. 37 á kröfuskrá sóknaraðila. Krafan er viðurkennd í hinum kærða úrskurði sem almenn krafa, að fjárhæð 7.479.980 krónur. Hafnað er aftur á móti skuldajafnaðarkröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila að sömu fjárhæð.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá leið, að krafa hans til skuldajafnaðar verði samþykkt. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing Búnaðarbanka Íslands 16. apríl 1993 um kröfulýsingu, sem varðar varnaraðila. Þar segir:

„Með kröfulýsingu, dags. 3. 6. 1991, lýsti Búnaðarbanki Íslands kröfu í ofangreint þrotabú vegna skuldabréfs nr. 10111, að upphaflegri fjárhæð kr. 10.000.000,00. Að baki skuldabréfi þessu er til tryggingar tryggingarbréf nr. 6675, að hst. kr. 10.000.000,00, sem tryggt er með 1. veðrétti í fasteigninni Haukanesi 10, Garðabæ. Með kaupsamningi, dags. 28. 2., keypti Höður Guðlaugsson, kt. 130348-7269, ofangreinda fasteign, og skv. kaupsamningnum tók hann m. a. að sér ofangreinda skuld skv. skuldabréfi nr. 10111. Hinn 16. 4. 1993 fór Höður þess formlega á leit við bankann, að gerð yrði nafnbreyting (skuldskeyting) á ofangreindu skuldabréfi, þannig, að hann yrði nýr greiðandi að láninu.

Búnaðarbanki Íslands hefur samþykkt Höð Guðlaugsson sem nýjan skuldara vegna ofangreinds láns nr. 10111.

Þar sem Veitingahúsið Ármúli 5 h/f er ekki lengur skuldari að framangreindri skuld skv. skuldabréfi nr. 10111, afturkallar Búnaðarbanki Íslands hér með ofangreinda kröfulýsingu úr þrotabúi Veitingahússins Ármúla 5 h/f, kt. 620775-0109, Reykjavík."

Í máli þessu er ekki deilt um kröfu varnaraðila, sem er nr. 37 á kröfuskrá sóknaraðila, enda hefur hún verið viðurkennd sem almenn krafa í búið. Þá er ekki deilt um fjárhæðir. Ágreiningur er hins vegar um, hvort sóknaraðila er heimilt að nota kröfu samkvæmt skuldabréfi, út gefnu 6. mars 1991 af Ólafi Laufdal Jónssyni og eiginkonu hans fyrir hönd Veitingahússins Ármúla 5 hf., fimm vikum fyrir gjaldþrot félagsins til Búnaðarbanka Íslands til skuldajafnaðar gegn kröfu félagsins á hendur honum, sem stofnaðist í árslok 1989. Samkvæmt því, sem að framan greinir í yfirlýsingu bankans, hefur hann fallið frá þessari kröfu á hendur varnaraðila og samþykkt yfirtöku Haðar Guðlaugssonar á skuldinni samkvæmt tryggingarbréfi því, sem Ólafur Laufdal Jónsson gaf út með 1. veðrétti í fasteign sinni að Haukanesi 10, Garðabæ, en hana keypti Höður af Ólafi. Tryggingin samkvæmt bréfinu er því orðin virk, og verður að meta það svo, að Ólafur hafi greitt skuldina.

Skuldabréf það, er Veitingahúsið Ármúli 5 h/f gaf út 6. mars 1991, notaði það til greiðslu yfirdráttarskuldar við Búnaðarbankann, og var það áritað um, að tryggingarbréfið í Haukanesi 10 stæði því til tryggingar. Krafa sú, sem Búnaðarbankinn lýsti á grundvelli þessa bréfs í bú veitingahússins, hafði verið viðurkennd í búið sem almenn krafa. Óljóst var, þegar fallið var frá kröfunni, hvað myndi greiðast af henni úr þrotabúinu. Samkvæmt 101. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. getur sóknaraðili notað kröfu sína til skuldajafnaðar gegn kröfu varnaraðila að því marki, sem greiðst hefði upp í kröfu Búnaðarbankans, og ber því að breyta niðurstöðu héraðsdóms að þessu marki.

Eins og kröfugerð í máli þessu er farið, ber að staðfesta hinn kærða úrskurð varðandi kröfu nr. 37 á kröfuskrá sóknaraðila.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, að því er varðar kröfu nr. 37 á kröfuskrá sóknaraðila, þrotabús Ólafs Laufdals Jónssonar, að fjárhæð 7.479.980 krónur.

Viðurkenndur er réttur sóknaraðila til að skuldajafna gegn kröfu þessari þeirri fjárhæð, sem komið hefði til úthlutunar úr búi varnaraðila, þrotabúi Veitingahússins Ármúla 5 h/f., á móti kröfu Búnaðarbanka Íslands samkvæmt skuldabréfi nr. 10111, upphaflega að fjárhæð 10.000.000 króna, út gefnu 6. mars 1991.

Hvor aðila skal bera sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. apríl 1993.

Sóknaraðili er þrotabú Ólafs Laufdals Jónssonar, kt. 100844-7969, en varnaraðili er þrotabú Veitingahússins Ármúla 5 hf., kt. 620775-0109.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að viðurkennd verði sem almenn krafa í bú varnaraðila krafa, að fjárhæð 7.479.980 kr., og að þeirri kröfu verði skuldajafnað við samþykkta kröfu varnaraðila nr. 37 í þrotabú sóknaraðila, að fjárhæð 7.479.980 kr. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti.

Varnaraðili krefst þess, að krafa hans nr. 37 í þrotabú sóknaraðila, að fjárhæð 7.479.980 kr., verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú sóknaraðila og að synjað verði um kröfu sóknaraðila í bú varnaraðila svo og kröfu hans um skuldajöfnuð. Málskostnaðar er krafist skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Með bréfi varnaraðila, dags. 30. nóvember 1992, var krafist úrlausnar héraðsdóms um ágreining aðila, og var málið þingfest 8. desember 1992. Í þinghaldi 9. mars sl. gerði varnaraðili þá kröfu, að fyrirhugaðri aðalmeðferð yrði frestað, þar til opinber rannsókn hefði farið fram á ýmsum ráðstöfunum sóknaraðila fyrir og eftir gjaldþrot. Með úrskurði 19. mars sl. var beiðni varnaraðila um frest synjað. Mál þetta var tekið til úrskurðar í gær að loknum munnlegum málflutningi.

I.

Atvik máls þessa eru þau, að með úrskurði skiptaráðandans í Garðakaupstað, upp kveðnum 9. september 1991, var bú Ólafs Laufdals Jóns-

sonar tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni þrotamanns. Skiptum í búinu var lokið 16. desember 1991, þar sem engar eignir fundust. Í lok desember 1991 komu fram eignir í búinu, og í kjölfar þess voru skipti endurupptekin.

Hinn 10. apríl 1991 óskaði stjórn Veitingahússins Ármúla 5 hf. eftir gjaldþrotaskiptum á búi félagsins í skiptarétti Reykjavíkur, og var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta samdægurs. Aðaleigandi og stjórnarformaður félagsins var Ólafur Laufdal Jónsson.

Kröfulýsingarfresti í bú sóknaraðila lauk 11. desember 1991. Varnaraðili lýsti kröfu í bú sóknaraðila, að fjárhæð 7.479.980 kr., og er krafan reist á skuldabréfi, að fjárhæð 7.290.303 kr., út gefnu af Ólafi Laufdal Jónssyni til handhafa 31. desember 1989. Skiptastjóri sóknaraðila hafnaði kröfu varnaraðila fyrst í stað, en með bréfi, dags. 12. júní 1992, var krafa varnaraðila samþykkt sem almenn krafa í bú sóknaraðila. Krafa varnaraðila er nr. 37 á kröfuskrá í þrotabú sóknaraðila.

Sóknaraðili segir síðan hafa komið í ljós við athugun á málefnum búsins, að sóknaraðili eigi kröfu á hendur varnaraðila, er nemi hærri fjárhæð en samþykktri kröfu varnaraðila nr. 37 á kröfuskrá sóknaraðila. Á þeim degi, er varnaraðili hafi verið úrskurðaður gjaldþrota, 10. apríl 1991, hafi krafa sóknaraðila numið 10.132.222 kr. (höfuðstóll 10.000.000 kr. + samningsvextir 132.222 kr.). Hins vegar sé í máli þessu með vísan til 3. tl. 118. gr. laga nr. 21/1991 aðeins gerð krafa um viðurkenningu á kröfu sóknaraðila, er nemi sömu fjárhæð og samþykktri kröfu varnaraðila nr. 37 á kröfuskrá í bú sóknaraðila.

Tilurð og efni kröfu sinnar lýsir sóknaraðili á eftirfarandi hátt: Hinn 31. janúar 1989 gaf Ólafur Laufdal út tryggingarbréf til Búnaðarbanka Íslands. Var húseign Ólafs, Haukanes 10, Garðakaupstað, sett að veði með 1. veðrétti. Tryggingarbréfið var að fjárhæð 10.000.000 kr. til tryggingar skuldum Ólafs, Hljóðvarps hf., Hótel Íslands og Veitingahússins Ármúla 5 hf. við Búnaðarbanka Íslands. Tryggingarbréfið var til tryggingar öllum fjárskuldbindingum ofangreindra aðila við bankann, hvort sem þær væru í formi víxla, skuldabréfa, yfirdráttar á hlaupareikningi, ábyrgða o. s. frv., auk vaxta og kostnaðar.

Hinn 28. febrúar 1991 seldi Ólafur Laufdal Jónsson fasteign sína, Haukanes 10 í Garðakaupstað. Kaupverðið var greitt að mestu með yfirtöku áhvílandi lána, þ. á m. með yfirtöku ofangreinds tryggingarbréfs.

Fram hefur komið í málinu, að bak við tryggingarbréfið stóð skuld Veitingahússins Ármúla 5 hf. við Búnaðarbankann, en sú skuld stofnaðist vegna yfirdráttar á tékkareikningi Veitingahússins Ármúla 5 hf. í bankanum. Hinn 28. febrúar 1991 var yfirdrátturinn 14.787.551,52 kr., og til skuldbreytingar á þeirri skuld við bankann gaf Veitingahúsið Ármúli 5 hf. út skuldabréf 6. mars 1991 til Búnaðarbanka Íslands, að fjárhæð

10.000.000 kr. Skuldabréf þetta er áritað um, að framangreint tryggingarbréf sé sett að handveði til tryggingar skuld skv. skuldabréfinu.

Vegna þessarar skuldar Veitingahússins Ármúla 5 hf. lýsti Búnaðarbanki Íslands kröfu, að fjárhæð 9.750.000 kr., í bú varnaraðila 25. júní 1991. Kemur fram í kröfulýsingu bankans, að tryggingarbréfið á 1. veðrétti í Haukanesi 10 standi að baki kröfu bankans. Krafa Búnaðarbankans var samþykkt sem almenn krafa í bú varnaraðila, sömu fjárhæðar og henni var lýst.

II.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að Búnaðarbanki Íslands hafi fengið fullnustu kröfu sinnar á hendur varnaraðila, sem sé nr. 13 á kröfuskrá í þrotabú varnaraðila. Krafa samkvæmt tryggingarbréfi Búnaðarbanka Íslands sé tryggð á 1. veðrétti og fáist örugglega greidd af verðmæti fasteignarinnar, en fasteignarmat hennar sé 32.643.000 kr.

Með þessu móti, að lána veð fyrir skuldum Veitingahússins Ármúla 5 hf., hafi Ólafur, gagnstætt því, sem til var ætlast, í raun greitt skuld varnaraðila við Búnaðarbanka Íslands, er hann seldi Haukanes 10 28. febrúar 1991. Kaupandi eignarinnar hafi tekið að sér skuld varnaraðila við bankann. Sóknaraðili hafi því orðið fyrir tjóni vegna veðsetningarinnar, en varnaraðili aftur á móti hagnast, þar sem skuld Veitingahússins Ármúla 5 hf. hafi í raun verið greidd af Ólafi Laufdal. Tjón hans nemi 10.000.000 kr., en þá fjárhæð hefði Ólafur Laufdal fengið greidda af kaupanda eignarinnar, ef ekki hefði komið til veðheimild fyrir skuld Veitingahússins Ármúla 5 hf. við Búnaðarbanka Íslands.

Sóknaraðili kveður kröfu sína vera endurgreiðslukröfu á hendur varnaraðila vegna veðheimildar, er hann veitti varnaraðila í fasteign sinni. Endurgreiðslukrafan hafi stofnast 31. janúar 1989, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 189. gr. laga nr. 21/1991.

Sóknaraðili reisir kröfu um skuldajöfnuð á 32. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 189. gr. laga nr. 21/1991.

Að öðru leyti vísar sóknaraðili til 35.-39. gr., sbr. 40. gr. laga nr. 6/1978, svo og til 2. tl. 30. gr. sömu laga.

Varnaraðili reisir kröfu sína um, að synja beri kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á því, að sóknaraðili eigi almenna kröfu, framkröfu eða endurgreiðslukröfu á móti kröfu varnaraðila, á eftirfarandi málsástæðum:

Það sé meginregla í íslenskum rétti, þegar veð sé sett til tryggingar fyrir skuld þriðja manns, að veðsalinn eignist framkröfu á skuldarann, ef veðhafi gangi að veðinu til fullnustu veðkröfu sinnar eða ef veðskuldari greiði veðkröfuna til þess að komast hjá því, að fullnustu verði leitað.

Ef Búnaðarbankinn hefði gengið að veðinu, meðan það var í eigu Ólafs

Laufdals, fyrir kröfum sínum á varnaraðila, sem veðtryggðar voru með tryggingarbréfinu, eða Ólafur greitt þessar skuldir, hefði hann þar með eignast framkröfu á varnaraðila.

Skiptastjóri sóknaraðila reisi fram- eða endurgreiðslukröfu sína á því, að skuldabréf, er gefið var út 6. 3. 1991 og tryggt var með 1. veðrétti í Haukanesi 10 skv. tryggingarbréfi, útg. 31. 1. 1989, hafi verið greiðsla á yfirdráttarskuld varnaraðila, Veitingahússins Ármúla 5 hf. Hafi endurgreiðslukrafan stofnast, er Haukanes 10 var selt 28. 2. 1991, m. a. með yfirtöku skuldarinnar á 1. veðrétti eignarinnar.

Umrætt skuldabréf sé gefið út af varnaraðila sem skuldara, en ekki Ólafi Laufdal. Hvorki Ólafur né kaupandi Haukaness 10 hafi greitt margnefnt skuldabréf. Verði því ekki séð, að með útgáfu þess og afhendingu til bankans hafi verið um að ræða greiðslu af hálfu sóknaraðila á hinum veðtryggðu skuldum varnaraðila. Umrætt skuldabréf beri ekki með sér neina greiðsluskuldbindingu af hendi Ólafs sjálfs né kaupanda eignarinnar. Verði því með engu móti séð, hvernig skuldabréf þetta verði talið hafa verið greiðsla af hálfu sóknaraðila á veðtryggðum skuldum varnaraðila eða að sóknaraðili hafi sérstaklega vegna útgáfu skuldabréfsins öðlast fram- eða endurgreiðslukröfu á varnaraðila.

Með útgáfu tryggingarbréfsins 31. 1. 1989 hafi veðsalinn og sóknaraðili þessa máls eignast skilyrtar endurgreiðslukröfur á þá skuldara Búnaðarbankans, sem veðsetningin var til hagsbóta fyrir, þ. á m. varnaraðila þessa máls. Þar sem hinar veðtryggðu kröfur hafi ekki enn verið greiddar, hafi skilyrðið ekki enn verið uppfyllt, og beri því að synja kröfu sóknaraðila um fram- eða endurgreiðslukröfu sér til handa.

Varnaraðili reisir kröfu sína um, að synja beri sóknaraðila um skuldajöfnunarrétt honum til handa, á þeirri málsástæðu, að sóknaraðili hafi gefið út margnefnt tryggingarbréf 31. 1. 1989 með 1. veðrétti í fasteign sinni, Haukanesi 10, til hagsbóta fyrir varnaraðila. Er varnaraðili hafi gefið út skuldabréf 6. 3. 1991 vegna skuldbreytingar á yfirdráttarskuldum varnaraðila við Búnaðarbanka Íslands, hafi sóknaraðila mátt vera ljóst, að varnaraðili hafi ekki átt fyrir skuldum og ekki getað greitt þær ábyrgðarskuldbindingar, er á honum hvíldu, en Ólafur Laufdal Jónsson hafi verið aðaleigandi og stjórnarformaður varnaraðila.

III.

Ekki er vefengt í málinu, að hin lýsta krafa varnaraðila í bú sóknaraðila sé gild og tölulega rétt, og hefur hún verið samþykkt sem almenn krafa í þrotabúið.

Hinn 6. mars 1991 greiddi Veitingahúsið Ármúli 5 hf. hluta af yfirdráttarskuld sinni í Búnaðarbankanum, þeirri, sem veðið samkvæmt trygg-

ingarbréfinu átti að tryggja, með skuldabréfi, að fjárhæð 10.000.000 kr. Skuldabréfið var jafnframt áritað um, að margnefnt tryggingarbréf í Haukanesi 10 stæði til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Gagnkrafa sú, er höfð er uppi til skuldajafnaðar af hálfu sóknaraðila, er reist á því, að Ólafur Laufdal hafi greitt 10.000.000 kr. inn á kröfu Búnaðarbankans á hendur Veitingahúsinu Ármúla 5 hf. vegna veðheimildar sinnar, og eigi því þrotabú hans framkröfu á hendur varnaraðila. Skuldabréfið beri því að skoða sem greiðslu af hendi Ólafs Laufdals sjálfs á yfirdráttarskuld Veitingahússins Ármúla 5 hf.

Ekki þykir unnt að fallast á þessa málsástæðu sóknaraðila. Umrætt skuldabréf er gefið út af hlutafélaginu sem skuldara, en ekki Ólafi Laufdal persónulega. Verður því ekki unnt að fallast á með sóknaraðila, að með útgáfu bréfsins og afhendingu til bankans hafi verið um að ræða greiðslu af Ólafs hendi á hinum veðtryggðu skuldum hlutafélagsins. Tryggingarbréf það, sem bankanum var sett að handveði, átti bankinn auk þess sjálfur.

Hins vegar verður að telja, að með útgáfu tryggingarbréfsins 31. janúar 1989 hafi veðsalinn, Ólafur Laufdal Jónsson, eignast skilyrtar endurgreiðslukröfur á þá skuldara Búnaðarbankans, sem veðsetningin var til hagsbóta. Skilyrðin hafa ekki enn verið uppfyllt, og eiga því við ákvæði 33. gr., sbr. 124. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt framansögðu verður því talið, að sóknaraðili eigi ekki framkröfu á hendur varnaraðila, og koma þá ekki til álita kröfur sóknaraðila um skuldajöfnuð.

Niðurstaða málsins verður því sú, að krafa varnaraðila nr. 37 í þrotabú sóknaraðila, að fjárhæð 7.479.980 kr., verður viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú sóknaraðila, en synjað verður um kröfu sóknaraðila í bú varnaraðila svo og kröfu hans um skuldajöfnuð.

Eftir þessari niðurstöðu verður sóknaraðili úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar, að fjárhæð 200.000 kr., og er þá tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Viðurkennd er krafa varnaraðila, þrotabús Veitingahússins Ármúla 5 hf., nr. 37 á kröfuskrá í þrotabú sóknaraðila, Ólafs Laufdals Jónssonar. Krafan er viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 7.479.980 kr.

Kröfu sóknaraðila, að fjárhæð 7.479.980 kr., í þrotabú varnaraðila er synjað svo og kröfu hans um skuldajöfnuð.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 200.000 kr. í málskostnað.

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 179/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Guðmundssyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Vegalög. Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1992 að ósk ákæruvalds hálfu til þyngingar á refsingu. Fyrir Hæstarétti krefst ákæruvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða að öðru leyti en því, að háttsemi ákærða, sem lýst er í ákæruskjali, telst ekki falla undir 3. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ber að sýkna ákærða fyrir brot á því ákvæði.

Hinn 8. október 1990 var ákærði dæmdur í sekt fyrir umferðarlagabrot. Brot það, sem hér er fjallað um, var framið 20. maí 1990, og ber að tiltaka refsingu ákærða með vísan til 78. gr. laga nr. 19/1940. Telst refsingin hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Kristján Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Garðabæjar 13. mars 1992.

Mál þetta var dómtekið 27. febrúar sl. Það var höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, út gefinni 14. október 1991, á hendur Kristjáni Guðmundssyni húsverði, kt. 140427-3149, Melási 2, Garðabæ, „fyrir að hafa sunnudaginn 20. maí 1990 meinað Ernu Sigþórsdóttur, eiganda jarðarinnar Þverárkots í Kjalarneshreppi í Kjósarsýslu, að aka brott frá jörðinni eftir vegi, sem liggur frá jörðinni að Þingvallavegi um land jarðarinnar Hrafnhóla, eignar ákærða, með því að læsa með keðju einu hliði á veginum að jörðinni og leggja dráttarvél í það, og varð Erna að aka frá jörðinni eftir ógreiðfærum troðningi meðfram Leirvogsá til að komast brott.

Telst þetta varða við 3. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956 og 1. mgr. 79. gr., sbr. 85. gr. vegalaga nr. 6/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði krefst sýknu í máli þessu og að málskostnaður verði felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, auk virðisaukaskatts.

Atvik máls.

Ákærði er eigandi jarðarinnar Hrafnhóla í Kjalarneshreppi og hefur að eigin sögn verið það frá árinu 1977, en skv. fram lögðu veðbókarvottorði frá 20. júní 1976. Næsta jörð vestan Hrafnhóla er Þverárkot. Skilur Þverá lönd jarðanna og fellur í Leirvogsá. Eigendur Þverárkots eru hjónin Erna Sigþórsdóttir leigubílstjóri og Sveinn Sigurjónsson múrarameistari, til heimilis á Seltjarnarnesi, og börn þeirra þrjú. Hafa þau átt jörðina í tæp þrjú ár. Jörðin er í eyði, en að sögn Ernu og Sveins hafa þau dvalist þar að sumarlagi.

Sunnudaginn 20. maí 1990 fóru þau hjónin Erna og Sveinn upp í Þverárkot. Með þeim í för voru tveir menn, Ólafur Halldórsson bensínafgreiðslumaður, búsettur í Garðabæ, og Kristinn Steingrímsson, öryrki og ellilífeyrisþegi, fyrrverandi bóndi, búsettur í Reykjavík. Fóru þau á tveimur bílum. Var tilgangur fararinnar að skoða beitarland fyrir hesta, því að til tals hafði komið, að eigendur Þverárkots leigðu þeim Ólafi og Kristni beitarland fyrir tvo eða þrjá hesta. Voru Erna og Sveinn á Bronco-jeppa, en Ólafur og Kristinn á fólksbíl, er Ólafur átti. Óku þau, sem leið liggur, um Þingvallaveg, beygðu af honum við Seljabrekku og fóru yfir brú á Leirvogsá milli Skeggjastaða og Hrafnhóla. Jörð var að mestu auð, en skaflar í lautum og drögum. Við bæinn Hrafnhóla skiptir vegarslóðum. Liggur annar um eyrar niður með Leirvogsá sunnan túngirðingar, sem stendur á allháum bakka. Sá vegarslóði var ófær vegna snjóa. Hinn vegar-

slóðinn liggur innan túngirðingar í Hrafnhólalandi, og óku þau fjórmenningarnir hann. Var hann greiðfær. Á þeim vegi eru þrjú hlið. Tvö þau austustu voru opin, og eru þau rétt hjá bænum Hrafnhólum. Þriðja hliðið, sem er á girðingu vestan túns, nær Þverá, var lokað með girðingarneti. Fóru þau þar um, opnuðu hlið og lokuðu á eftir sér. Skildu þau síðan fólksbílinn eftir austan Þverár og fóru á jeppanum yfir að Þverárkoti. Dvaldist þeim þar um stund við að skoða beitarlandið. Að því loknu ætluðu þau að fara sömu leið til baka, en þegar þau komu að austasta hliðinu rétt við Hrafnhólabæ, hafði því hliði verið læst með keðju og hengilás og dráttarvél lagt á veginn fyrir hliðið.

Fjórmenningarnir brugðust þannig við lokun vegarins, að Kristinn Steingrímsson fór fyrir þeirra hönd heim á bæinn til að reyna að ná tali af jarðareiganda, ákærða. Að sögn Kristins hitti hann fyrir mann á hlaðinu, sem vísaði honum á ákærða inni í bænum. Kristinn knúði þar dyra „röskleg tvisvar sinnum", en enginn kom til dyra. Kveðst vitnið Kristinn þá hafa tekið í hurðarhúninn, en dyr voru læstar. Sneri hann þá frá.

Varð þeim fjórmenningum nú til ráðs að reyna að komast vegarslóða, sem liggur til vesturs niður með Leirvogsá um Norður-Gröf og Velli og þaðan á Vesturlandsveg. Gekk þeim sú ferð erfiðlega, en þó slysalaust. Var leiðin einkum þungfær fyrir fólksbílinn. Bæði var mikið vatn í ám og lækjum, og svo voru skaflar á vegarslóðanum.

Ekki varð af því, að þeir Ólafur og Kristinn tækju á leigu beitarlandið. Nefna vitnin Sveinn og Ólafur til þá ástæðu eina, að erfitt hafi verið að komast að Þverárkoti og frá því, en vitnið Kristinn segir, að auk þessa hafi sér þótt hestagirðingin í Þverárkoti of stór, þar sem hann hafi verið með styggan hest.

Mánudaginn 21. maí 1990 kærði Erna Sigþórsdóttir fyrir lögreglu lokun vegarins gegnum Hrafnhólatún daginn áður. Kvaðst hún kæra þann, sem það gerði, til refsingar.

Forsaga málsins.

Hinn 9. mars 1980 ritar Þorfinnur Þorfinnsson, Vallarbraut 10, Seltjarnarnesi, hreppsnefnd Kjalarneshrepps bréf. Kveðst hann í því vera eigandi landspildu í Hrafnhólalandi upp með Þverá, sem fyrrverandi eigandi Hrafnhóla, Sigurður Loftsson, hafi selt sér. Segir svo í bréfinu: „Til þess að komast þangað upp eftir mátti fara meðfram Leirvogsá eða þá veg, sem var meðfram túni eða í túni Hrafnhóla og var öllum opinn áður fyrr, en neðri vegurinn með ánni er yfirleitt lokaður vegna snjóa á veturna, en girti vegurinn er nú, eftir að eigendaskipti urðu á jörðinni, jafnan lokaður með sverum keðjum, og telur eigandi sig í fullum rétti þar..." Óskar Þorfinnur eftir því við hreppsnefnd að fá að vita hið rétta í þessu máli.

Með bréfi, dagsettu 31. mars 1980, leggur hreppsnefnd erindi Þorfinns fyrir sýslumann Kjósarsýslu, Einar Ingimundarson. Segir í því bréfi m. a.: „Til skýringar skal þess getið, að vegur þessi liggur frá Hrafnhólum að Þverholti um túnið í Hrafnhólum og var lagður, er Stefán Þorlaksson átti Hrafnhóla. Eftir að Stefán hætti búskap og seldi Sigurði Loftssyni jörðina, en hann bjó þar í fjölda ára, var þessi vegur opinn öllum, að vísu með hliðum, er hægt var að opna. Sigurður Loftsson var búinn að fá samþykki sveitarstjórnar til að láta skipuleggja um 20 sumarbústaði, og eru þegar nokkrir byggðir, og höfðu þeir rétt til umferðar um veg þennan. Þá er og skátaskáli þar, sem mikið er notaður að vetri til. Því telur sveitarstjórn, að núverandi eigandi, Kristján Guðmundsson, Melási 2, Garðabæ, geti ekki læst umræddum vegi, þar sem ekki er um annan veg að ræða að vetri til."

Sýslumaður sendi vegamálastjóra ljósrit framangreindra tveggja bréfa með bréfi, dags. 21. apríl 1980.„Óskað er sérstaklega álits yðar um, hvort hér sé um þjóðveg, sýsluveg, hreppsveg eða einkaveg að ræða," segir í bréfi sýslumanns.

Í svarbréfi frá Vegagerð ríkisins til sýslumanns, sem dagsett er 14. maí 1980 og undirritað af Gunnari Gunnarssyni deildarstjóra, kemur fram, að Kjalarnesvegur innri frá Norður-Gröf að Hrafnhólum hefur ekki verið í tölu opinberra vega síðan 1968. Síðan segir í bréfi Vegagerðarinnar:„Svo sem fram kemur í fylgiskjölum með bréfi yðar, eru tveir vegslóðar um land Hrafnhóla frá brúnni á Leirvogsá að Þveráreyrum, annar meðfram Leirvogsá, en hinn í túni Hrafnhóla. Vegslóðinn um túnið var lagður um 1955, m. a. t. þ. a. auðvelda efnistöku úr Þveráreyrum, og var raunar styrktur árið 1974 í sama tilgangi." Síðan er í bréfinu tekin upp orðrétt 1. mgr. 79. gr. umferðarlaga nr. 6/1977, og segir síðan: „Ljóst er af tilvitnuðu lagaákvæði, að óheimilt er að loka umferðarleið um land Hrafnhóla. Hins vegar má um það deila, hvort leiðin meðfram Leirvogsá sé þess eðlis, að skilyrðum 79. gr. sé þar með fullnægt, eða hvort leiðin um tún Hrafnhóla skuli standa opin sem umferðarleið. Er ekki, a. m. k. að svo stöddu, tekin til þess afstaða, sbr. 1. mgr. 79. gr. vegalaga i. f. og 2. mgr. sömu gr. sömu laga."

Sýslumaður kynnti hreppsnefnd Kjalarneshrepps álit vegamálastjóra með bréfi, dagsettu 2. júní 1980. Í því bréfi segir:„Sveitarstjórn, þ. e. hreppsnefnd, virðist hafa ákvörðunarvald um það, hvort loka megi eða læsa hliði á vegi þeim, sem hér ræðir um,....., en ákvörðun sveitarstjórnar má leggja undir úrskurð vegamálastjóra,..." Í framhaldi af þessu samþykkti hreppsnefnd Kjalarneshrepps á fundi sínum 19. júní 1980, að „óheimilt sé að læsa hliði um Hrafnhólatún, og að senda viðkomandi erindi hér um ásamt afriti af málsskjölum". Þorfinni Þorfinnssyni var kynnt þessi samþykkt með bréfi hreppsnefndar, dags. 12. ágúst 1980, og ákærða, Kristjáni Guðmundssyni, með bréfi 18. sama mánaðar.

Gunnar Gunnarsson framkvæmdastjóri hefur f. h. Vegagerðar ríkisins staðfest með bréfi, dags. 20. febrúar sl., til dómara þessa máls, „að allar aðstæður varðandi umferðarleið milli Norður-Grafar og Hrafnhóla í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, eru með sama hætti og voru, er bréf, dags. 21. 4. 1980, frá Vegagerð ríkisins til sýslumannsins í Kjósarsýslu var ritað".

Jón Ólafsson, oddviti Kjalarneshrepps, hefur staðfest hér fyrir dómi, að samþykkt hreppsnefndar frá 19. júní 1980 standi óbreytt.

Skýrslur fyrir dómi.

Í skýrslu sinni kannaðist ákærði við atvik þau, sem mál þetta er sprottið af. Hann mundi, að hjónin Erna Sigþórsdóttir og Sveinn Sigurjónsson hefðu komið upp að Þverárkoti vorið 1990. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með því, hvaða leið þau fóru, enda taldi hann, að sér hefði ekki komið það við. Ekki kvaðst hann muna, hvort leiðin meðfram Leirvogsá hefði þá verið fær, en hann gerði ráð fyrir því, að svo hefði ekki verið. Hann hefði vitað af fólki, sem þarna var á ferðinni, að það hefði farið til baka vegarslóðann niður með Leirvogsá.

Ákærði sagði, að hann hefði verið að gefa útigangi, hestum, þegar Erna og Sveinn með samferðamönnum komu þarna upp eftir. Þess vegna hefðu hlið á túnveginum verið ólæst. Hann hefði alveg, frá því að hann eignaðist jörðina, læst hliðum á þessum vegi. Hann hefði þó eingöngu læst austasta hliðinu, þ. e. hliðinu sunnan við bæinn. Ekki kannaðist hann við að hafa þennan dag, þ. e. 20. maí 1990, læst hliði á túngirðingu rétt við bæinn, þ. e. miðhliðinu. Kvaðst hann hafa lagt dráttarvél við austasta hliðið, sunnan bæjar, sem hann væri vanur að læsa. Hann hefði látið hana standa þar í halla, til þess að hægt væri að láta hana renna í gang.

Aðspurður sagði ákærði, að hann héldi, að hann hefði verið farinn burt frá Hrafnhólum, þegar Erna og Sveinn og tveir menn með þeim komu til baka frá Þverárkoti og að læstu hliði. Hann hefði verið farinn burt á undan þeim. Hann hefði ekki orðið var við þau á bakaleiðinni.

Ákærði kannaðist við bréf hreppsnefndar Kjalarneshrepps, dagsett 18. ágúst 1980, þar sem honum var kynnt sú samþykkt nefndarinnar frá 19. júní sama ár, að eiganda Hrafnhóla væri óheimilt að læsa hliði á vegi um tún jarðarinnar. Hann var að því spurður, hvort honum hefði verið ljóst, að hann hefði átt þess kost að skjóta þessu máli undir úrskurð vegamálastjóra. Hann kvaðst ekkert hafa verið að hugsa um það. Bætti hann því við til skýringar, að hann hefði haft til ráðgjafar í þessu máli Pál S. Pálsson hæstaréttarlögmann, og hefði hann ekki talið þörf á málskoti til vegamálastjóra.

Undir ákærða var borinn hluti af bókun af vettvangsgöngu dómara með votti 6. febrúar sl., þar sem segir: „Dómari og vottur gengu túnveginn í

átt að bænum. Stórgripaheld girðing er norðan vegarins meðfram honum, og eru þar víðir túnvellir. Skák af túninu er þó sunnan megin (ár megin) vegarins, og er ekki girt með vegi þeim megin." Ákærði gerði ekki athugasemd við þessa lýsingu.

Dómari gaf ákærða kost á því að tjá sig að eigin vild um þau sjónarmið, sem honum þættu mestu skipta í máli þessu. Í þeim hluta skýrslu hans kom m. a. eftirfarandi fram:

Hann benti á, að leiðin meðfram Leirvogsá, sunnan túns, væri mjög gömul; hún hefði verið farin a. m. k. alla þessa öld. Það væri þannig út í hött, að fjöldi [manna] ætti rétt á að fara þennan vegarspotta, sem verið væri að þræta um. Ákærði vitnaði til samnings um efnistöku, sem gerður var 1955. Sagði hann í því sambandi, að í afsölum jarðareiganda „gegnum tíðina" kæmi aldrei fram réttur eins né neins til að fara gegnum túnið. Ekki væri heldur til neinn stafkrókur fyrir því, að [sumar]bústaðaeigendur hefðu slíkan rétt. Undir sumum kringumstæðum væri hægt að fara gegnum túnið, þegar hin leiðin væri ófær, og sumarbústaðaeigendur hefðu verið að hamast í að fá þennan rétt. Ákærði kvaðst telja, að það heyrði frekjunni til.

Ákærði varpaði fram þeirri spurningu, hver ætti að standa straum af þeim kostnaði, sem hlytist af tjóni, sem jarðareigandi yrði fyrir, ef þeim, sem þarna eiga leið um, yrði heimilt að fara gegnum túnið. Tók hann fram, að þrátt fyrir það að hann hefði læst hliði sunnan bæjar, sem fyrst er komið að á leiðinni frá Skeggjastöðum, hefði hann orðið fyrir tugþúsunda tjóni, þar sem „neðri hliðin" hefðu verið skilin eftir opin og hross farið út og lent niðri í Mosfellssveit og eins niðri á Kjalarnesi. Þetta hefði oftsinnis hent þau fimmtán ár, sem hann hefði átt jörðina.

Aðspurður um það, hvenær sumarbústaðirnir í Hrafnhólalandi hefðu verið byggðir, svaraði ákærði, að þeir hefðu verið reistir, áður en hann eignaðist jörðina, ekki þó allir. Taldi hann, að þeir myndu hafa verið byggðir í leyfisleysi og án skipulags.

Fyrir dóminn hafa komið sem vitni Erna Sigþórsdóttir, Sveinn Sigurjónsson, Ólafur Halldórsson og Kristinn Steingrímsson, enn fremur Jón Ólafsson, oddviti Kjalarneshrepps.

Fyrrnefndu vitnin fjögur bera svo um lokun túnvegarins 20. maí 1990 samkvæmt hljóðritun á endursögn dómara:

Vitnið Erna: „.... þegar þau komu að hliðinu á túngirðingunni heim undir bæinn, hafi verið búið að læsa því hliði með keðju, og einnig hafi traktor verið lagt í hliðið, á veginn við hliðið".

Vitnið Sveinn:„ Þegar þau hafi ætlað að fara til baka, hafi þau komið að læstu hliði næst bænum Hrafnhólum. Því hafi verið læst með keðju og hengilás og verið búið að leggja dráttarvél þvert á veginn við hliðið."

Vitnið Ólafur:„ Þegar þau hafi ætlað að fara til baka, hafi verið búið að loka einu hliðinu með því að leggja dráttarvél á veginn fyrir hliðið."

Vitnið Kristinn: „ ...þau hafi ætlað aða fara sömu leið til baka. Þegar þau komu að hliði, sem sé á girðingu næst bænum, hafi verið búið að loka því hliði með því að leggja dráttarvél þvert í hliðið. Það hafi ekki verið hægt að komast fram hjá henni."

Öll þessi fjögur vitni báru, hvert með sínum hætti, að jörð hefði verið að miklu leyti auð, en snjóskaflar í lautum og drögum. Vitnin Erna og Sveinn báru, að vegurinn meðfram Leirvogsá sunnan túns hafði verið ófær vegna snjóa, en vitnin Ólafur og Kristinn minntust þess ekki að hafa tekið eftir öðrum vegi gegnum Hrafnhólaland en túnveginum, sem þau fóru.

Vitnið Jón Ólafsson bar, að það hefði eitt sinn komið að Hrafnhólum seint í maí, og þá hefði vegarslóðinn með ánni sunnan túns verið ófær vegna snjóa. Vitnið sagði, að fram að því, að vegurinn var lagður um túnið á Hrafnhólum, hefði ekki verið um neinn annan veg að ræða en áreyrarnar sunnan túns. Enn fremur bar vitnið, að eftir að túnvegurinn var lagður, myndi ábúandi Þverárkots hafa notað þann veg. Vitnið minnti, að Þverárkot hefði verið í ábúð á árunum 1955 til 1960, en kvaðst ekki vera visst um tímamörkin.

Vitnin Erna, Sveinn, Ólafur og Kristinn báru mjög á einn veg um það, að ferðin til baka eftir vegarslóða frá Þverárkoti hefði verið erfið vegna snjóa og vatnavaxta. Um þennan veg sagði vitnið Jón Ólafsson, að þetta væri sumarfær vegur og ekki nauðsynlegur neinum, sem þarna býr, og engum, sem þarna eiga sumarbústaði. Hann væri mikið notaður af veiðimönnum í Leirvogsá.

Niðurstöður.

Við tilvitnun í vegalög í ákæru er þetta að athuga: Með 72. gr. laga nr. 87/1989 varð 79. gr. vegalaga nr. 6/1977 að 73. grein, og 85. gr. vegalaga nr. 6/1977, sbr. 11. gr. laga nr. 75/1982, varð að 79. gr. Lög nr. 87/1989 hafa í engu breytt þeim lagagreinum, sem vitnað er til, og kemur þessi ónákvæmni ekki í veg fyrir, að kveðið verði á um sekt eða sýknu skv. þeim.

73. gr. vegalaga nr. 6/1977, sbr. 72. gr. laga nr. 87/1989, er þannig:

„Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar samkv. 1. mgr. má leggja undir úrskurð vegamálastjóra."

Dómari álítur vafalaust, að fyrri málsgrein lagagreinarinnar taki til þess vegar gegnum tún eða innan túngirðinga Hrafnhóla, sem hér er um fjallað.

Leitt er í ljós með skýrslu ákærða og framburði vitna, að sunnudaginn 20. maí 1990 lokaði ákærði þessum vegi þannig, að ekki varð um hann komist á bifreiðum. Hindraði hann þannig Ernu Sigþórsdóttur og Svein Sigurjónsson, eigendur jarðarinnar Þverárkots, ásamt tveimur samferðamönnum þeirra í að komast brott frá Þverárkoti eftir þeim eina vegi, sem greiðfær var. Í skýrslu sinni hér fyrir dómi hefur ákærði reyndar upplýst, að hann hafi alla tíð, síðan hann eignaðist jörðina 1977, hindrað umferð um veg þennan með því að læsa hliði á girðingu yfir veginn. Breytti hann í engu þessari háttsemi sinni, þótt honum væri í ágúst 1980 gerð kunnug sú samþykkt hreppsnefndar Kjalarneshrepps frá 19. júní sama ár, að bannað væri að læsa hliði á veginum. Ekki hirti hann heldur um að skjóta samþykkt sveitarstjórnar undir úrskurð vegamálastjóra, sem hann átti kost á skv. 2. mgr. 73. (áður 79.) gr. vegalaga. Hafa ber í huga í þessu sambandi, að þessi háttsemi ákærða hefði engan sakað, ef vegfarendur hefðu átt kost á öðrum jafngóðum vegi um land Hrafnhóla. En víst er af framburði vitna og öðrum gögnum máls, að vegurinn meðfram Leirvogsá sunnan túns er oft ófær að vetrarlagi og fram á vor.

Ákærði hefur borið það fyrir sig, að hann hafi orðið fyrir skaða af því, að hestar, sem hann hefur haft innan túngirðingar, hafi sloppið úr haldi, vegna þess að vegfarendur hafi ekki lokað hliðum á eftir sér. Þetta er ósannað. Er og á það að líta, að meðfram túnveginum að norðan er stórgripaheld girðing, og er meginhluti Hrafnhólatúna þeim megin vegar, en aðeins mjög lítill hluti sunnan megin vegar. Hefur ákærði ekki gert sennilegt, að hann hafi haft af því umtalsverða hagsmuni að hindra umferð um veginn.

Niðurstaða af framanrituðu er sú, að ákærði hafi gerst sekur um brot á 73. gr., sbr. 79. gr. vegalaga nr. 6/1977, sbr. 72. gr. laga nr 87/1989, sbr. 11. gr. laga nr. 75/1982.

Í máli þessu er einnig ákært fyrir brot á 3. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956. Málsgreinin er þannig:

„Hver, sem aftrar öðrum manni að neyta réttar síns til umráða yfir hlut, sem hann hefur í vörslum sínum, eða til þess að halda honum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.“ Samkvæmt 4. mgr. sömu lagagreinar skal mál því aðeins höfða út af brotum á 3. mgr., að sá krefjist, sem misgert var við. Upphaf þessa máls var það, að Erna Sigþórsdóttir kærði til lögreglu 21. maí 1990 lokun ákærða á túnveginum um Hrafnhólaland.

Á það ber að fallast með ákæruvaldinu, að ákærði hafi einnig gerst brotlegur við 3. mgr. 259. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, með því að hindra umferð Ernu Sigþórsdóttur og samferðamanna hennar um túnveginn á Hrafnhólum 20. maí 1990. Var háttsemi hans almennt til þess

fallin að torvelda eigendum Þverárkots að hafa not af eign sinni, og einnig er sannað af framburði vitna, að lokun vegarins átti þátt í því, að þeir Ólafur Halldórsson og Kristinn Steingrímsson ákváðu að taka ekki beitarland fyrir hesta á leigu af eigendum Þverárkots. Ber að túlka lagagreinina svo, að hún taki ekki einungis til þess, að mönnum sé aftrað frá því að neyta réttar síns til umráða yfir lausafé, heldur einnig yfir fasteignum.

Ákærði er sakhæfur. Á árabilinu 1948-1972 hefur hann átta sinnum gengist undir dómsátt vegna brota á umferðarlögum. Hinn 8. október 1990 var hann í sakadómi Garðabæjar dæmdur til að greiða 7.500 króna sekt fyrir umferðarlagabrot.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 20.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi sjö daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hrl., og þykja þau hæfilega ákveðin 25.000. kr. auk virðisaukaskatts.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Guðmundsson, greiði 20.000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi sjö daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 25.000 kr., auk virðisaukaskatts.

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 131/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Vilhelm Úlfari Vilhelmssyni og
Þorsteini Óskari Erlingssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Fuglaveiðar. Fuglafriðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1993 til þyngingar á refsingu, en ákærðu óskuðu áfrýjunar málsins eingöngu til endurskoðunar um ákvörðun viðurlaga.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing sú, sem þar er ákveðin, vera hæfileg, bæði að því er varðar lengd refsingar og fjárhæð sektar. Með hliðsjón af sakaferli ákærða Þorsteins Óskars, en hann hefur aðeins einu sinni hlotið sekt fyrir brot gegn áfengislögum, þykir mega fresta fullnustu tveggja mánaða af refsingu hans, og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins in solidum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærðu, Vilhelm Úlfar Vilhelmsson og Þorsteinn Óskar Erlingsson, sæti hvor um sig fangelsi þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu tveggja mánaða af refsingu ákærða Þorsteins Óskars, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði hvor um sig 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella hvor um sig fangelsi í 40 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 1993.

Ár 1993, föstudaginn 29. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 32/1993: Ákæruvaldið gegn Vilhelm Úlfari Vilhelmssyni og Þorsteini Óskari Erlingssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. þ. m., á hendur ákærðu, Vilhelm Úlfari Vilhelmssyni, Efstasundi 61, Reykjavík, fæddum 4. desember 1966, fæðingarnúmer 554, og Þorsteini Óskari Erlingssyni, Reynimel 59, Reykjavík, fæddum 17. mars 1970, fæðingarnúmer 384.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind brot á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966:

I.

Að hafa í júní 1992 tekið tvo ófleyga fálkaunga úr hreiðri í Axarnúpi í Norður-Þingeyjarsýslu. Ákærðu fóru með ungana með skipinu Norrænu frá Seyðisfirði 18. júní til Danmerkur í því skyni að selja þá, en voru handteknir af lögreglu í Herning, Danmörku, 20. júní.

Telst þetta varða við 8. gr. og 1. mgr. 32. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 47. gr. B laga nr. 75/1982.

II.

Að hafa seint í júní eða júlí 1992 tekið tvo ófleyga smyrilsunga úr hreiðri skammt ofan við Borgarnes. Ákærðu höfðu ungana í kjallaraíbúð ákærða Þorsteins Óskars að Reynimel 59, Reykjavík, þar sem rannsóknarlögreglumenn fundu þá 8. ágúst 1992.

Telst þetta varða við 8. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 33/1966, sbr. 47. gr. B laga nr. 75/1982

III.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar".

Með skýlausum játningum beggja ákærðu, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í ákæru. Aflífa þurfti annan fálkaungann, þar sem hann var fótbrotinn á hægra fæti. Var það gert í Danmörku. Hinn unginn var sendur aftur til Íslands. Náttúrufræðistofnun mælti með því að aflífa annan smyrilsungann, en stélfjaðrir í hægra helmingi stéls og flugfjaðrir hægri vængs voru mikið skaddaðar og báru þess merki að hafa sviðnað. Mælt var með því af stofnuninni, að hinum yrði sleppt út í náttúruna.

Brot ákærðu eru rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Ákærði Vilhelm Úlfar var dæmdur 12. október 1989 í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið til þriggja ára, fyrir brot á 249. gr. almennra hegningarlaga. Þá var hann dæmdur í sektargreiðslur fyrir ölvunarakstur á árunum 1984 og 1986, í eitt skipti hvort ár, og sætti þá jafnframt sviptingu ökuleyfis. Loks hefur ákærði Vilhelm Úlfar gengist fimm sinnum undir sektargreiðslur með dómsátt á árunum 1985 til 1991, fjórum sinnum fyrir brot á umferðarlögum og einu sinni fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærði Þorsteinn Óskar gekkst með dómsátt á árinu 1991 undir að greiða sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Öðrum refsingum en að framan greinir hafa ákærðu ekki sætt, svo að kunnugt sé.

Skilorðstími samkvæmt dómi ákærða Vilhelms Úlfars er liðinn, en réttarrannsókn hófst ekki í máli þessu innan skilorðstíma, svo sem áskilið er í 1. mgr. 59. gr. almennra hegningarlaga. Verða ákærða því ákvörðuð viðurlög í þessu máli án þess að fella refsinguna samkvæmt áðurgreindum dómi inn í refsingu hans nú, enda þótt brot ákærða í máli þessu hafi verið framin á skilorðstímanum.

Ákærðu verða ákvörðuð viðurlög í máli þessu með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir það verka refsingum ákærðu til þyngingar, að þeir frömdu fyrri brot sín gegn viðkvæmri náttúru landsins í þeim tilgangi að hagnast verulega á þeim og gerðu sér sérstaka ferð til landsins frá Danmörku í þessu skyni. Þá verður ekki annað séð en fuglarnir hafi sætt illri meðferð ákærðu, á meðan þeir höfðu þá í vörslum sínum. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi og 200.000 króna sekt, en sektargreiðslur ákveðast með hliðsjón af 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, og greiðist þær ekki innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, skulu ákærðu sæta í þeirra stað hvor um sig fangelsi í 40 daga.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt,

þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærðu, Vilhelm Úlfar Vilhelmsson og Þorsteinn Óskar Erlingsson, sæti hvor um sig fangelsi í þrjá mánuði.

Þá greiði ákærðu hvor um sig 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella hvor um sig fangelsi í 40 daga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þar með taldar 20.000 krónur í þóknun til skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 15/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Þórhalli Ölver Gunnlaugssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.),

Skjalafals. Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Gunnar G. Schram prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, greindi ákærða og vitnið Eggert Bjarna Ólafsson héraðsdómslögmann á um, hvort ákærði hefði haft heimild til þess að undirrita og framvísa tilkynningu til Bifreiðaskoðunar Íslands í nafni Skuldaskila hf. um eigendaskipti á bifreiðinni HN-358. Fallast ber á með héraðsdómara, að ósannað sé, að ákærði hafi haft þessa heimild, og er atferli hans að þessu leyti réttilega fellt undir 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Upplýst er í málinu, að eignarhald Skuldaskila hf. á umræddri bifreið var til komið vegna skuldar ákærða við fyrirtækið eða umræddan lögmann, er nam verulegum hluta af verðmæti bifreiðarinnar, ásamt skuld við Húsasmiðjuna hf. Með umskráningu og sölu bifreiðarinnar, sem var í vörslu hans, útrýmdi ákærði þeirri tryggingu, sem eignarhaldið átti að veita, án þess að annað kæmi þá í staðinn. Fram er komið, að samist hafi síðar um uppgjör á umgetinni skuld við Húsasmiðjuna, en ekkert liggur fyrir um greiðslu á hinni skuldinni. Hvað sem því líður, verður á það að fallast, að ákærði hafi tileinkað sér andvirði bifreiðarinnar með þeim hætti, að hann hafi einnig orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þórhallur Ölver Gunnlaugsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 1992.

Ár 1992, mánudaginn 9. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 107/1992: Ákæruvaldið gegn Þórhalli Gunnlaugssyni, sem tekið var til dóms 19. f. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. september sl., á hendur ákærða, Þórhalli Gunnlaugssyni, Suðurhólum 18 í Reykjavík, fæddum 21. apríl 1958, fæðingarnúmer 352.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot, framin í Reykjavík á árinu 1992:

I. Skjalafals.

Þriðjudaginn 19. maí gengið frá eigendaskiptum á bifreiðinni HN-358, Mercedes-Benz 280 SE, árgerð 1980, með framvísun falsaðrar tilkynningar til ökutækjaskrár og greiðslu, 2.300 kr., inn á póstgíróreikning nr. 531006, en á tilkynninguna hafði ákærði heimildarlaust ritað sem seljandi í nafni fyrirtækisins Skuldaskila hf., honum óviðkomandi, en jafnframt sem kaupandi í nafni fyrirtækis ákærða, Vatnsberans hf. Ákærði hafði áður selt sömu bifreið f. h. Vatnsberans hf. Skuldaskilum hf. fyrir 800.000 kr. samkvæmt afsali og sölutilkynningu, hvoru tveggja dagsettu 10. mars 1992.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Fjárdráttur.

Næsta dag, 20. maí, án heimildar Skuldaskila hf. selt bifreiðina, sem enn var í vörslum ákærða, f. h. Vatnsberans hf. Jóni Heiðari Guðmundssyni, Ofanleiti 29, Reykjavík, samkvæmt tilkynningu um eigendaskipti,

dagsettri þann dag, og fengið f. h. Vatnsberans hf. fyrir hana aðra bifreið, XJ-285, Ford E-150, Econoline Cargo, árgerð 1985, samkvæmt sölutilkynningu, dagsettri sama dag, og mun ákærði hafa greitt í milli 400.000 kr. í peningum með tékka og þannig dregið sér andvirði bifreiðarinnar HN-358.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar."

Málavextir.

Með bréfi Smára Hilmarssonar héraðsdómslögmanns, dagsettu 5. júní sl., barst Rannsóknarlögreglu ríkisins kæra á hendur ákærða, Þórhalli Gunnlaugssyni, forráðamanni Vatnsberans hf., „vegna fölsunar og nytjastuldar", eins og það er orðað í bréfinu. Kveðst lögmaðurinn leggja kæruna fram f. h. Húsasmiðjunnar hf., Súðarvogi 3-5, Reykjavík, og Skuldaskila hf. vegna fölsunar á tilkynningu um eigendaskipti ökutækis og afsals bifreiðarinnar HN-358.

Samkvæmt kærunni eru Skuldaskil hf. innheimtufyrirtæki, að mestu í eigu Eggerts B. Ólafssonar héraðsdómslögmanns, Ingólfsstræti 3, Reykjavík, og innheimtuaðili fyrir Húsasmiðjuna hf.

Í kærunni kemur fram, að Eggert hafi lánað Vatnsberanum hf. peninga, að fjárhæð 437.000 krónur, og til tryggingar skuldinni hafi verið gefið út skuldabréf með veði í Ford Econoline-bifreiðinni FM-897, en ekki greiðst þrátt fyrir loforð þess efnis. Hafi bréfið verið gefið út 14. ágúst 1991 og átt að greiðast 14. október 1991.

Þá segir í kærunni, að ákærði hafi 11. mars sl. haft samband við Skuldaskil hf. og sagt, að bifreiðin FM-897 hefði eyðilagst í árekstri. Var Eggert erlendis á þessum tíma, en ákærða var mikið í mun að fá veðinu aflétt, svo að hann gæti fengið tryggingarféð vegna bifreiðarinnar. Var þá haft samband við Eggert, og neitaði hann algerlega að aflétta veðinu nema gegn tryggingu, þar sem hann átti rétt á að fá skuldabréfið að fullu greitt frá tryggingafélaginu.

Áður en þessi staða kom upp, hafði Smári f. h. Húsasmiðjunnar hf. hótað að gera löghald í bifreiðinni HN-358, Mercedes-Benz, árgerð 1980, fyrir vanskilaskuldum Vatnsberans hf. við Húsasmiðjuna hf., en Smári starfaði í félagi við Eggert fyrir Húsasmiðjuna hf. En heildarskuld Vatnsberans hf. við Húsasmiðjuna hf. nam 701.594 krónum, þegar kæran var rituð.

Í kærubréfinu segir, að orðið hafi að samkomulagi milli Smára og Eggerts annars vegar og ákærða hins vegar, að ákærði afsalaði Skuldaskilum hf. bifreiðinni HN-358 til greiðslu á skuldum Vatnsberans hf. við Eggert og Húsasmiðjuna hf. Átti að selja bifreiðina til greiðslu á skuldum

þessum, og hefði ákærði samþykkt þetta. Var afsalið gert 10. mars sl.

Um 20. apríl sl. hafði ákærði samband við Eggert og tjáði honum, að hann æskti þess að fá að skipta bifreiðinni HN-358 í aðra bifreið af gerðinni Ford Econoline. Því neitaði Eggert og krafðist þess að fá bifreiðina HN-358 afhenta til þess að geta komið henni í verð. Sagði ákærði þá, að það kæmi aldrei til, að hann afhenti bifreiðina, frekar yrði hún eyðilögð.

Þegar gera skyldi alvöru úr því að sækja bifreiðina til ákærða 3. júní sl., komst Smári að því, að búið var að skrá bifreiðina á nafn Jóns Heiðars Guðmundssonar, Ofanleiti 29, Reykjavík, og sama dag hafði verið skráð á Vatnsberann hf. Ford Econoline-bifreiðin XJ-285, árgerð 1985. Samkvæmt tilkynningu til ökutækjaskrár hafði þetta verið gert 20. maí sl., en daginn áður hafði ákærði undirritað sams konar tilkynningu um eigendaskipti bifreiðarinnar HN-358, bæði vegna Skuldaskila hf. og Vatnsberans hf.

Í kærunni segir, að augljóst sé, að ákærði hafi falsað afsal og tilkynningu um eigendaskipti bifreiðarinnar HN-358 í nafni Skuldaskila hf., sem hann hafi enga heimild haft til.

Samkvæmt vottorði frá Hlutafélagaskrá er ákærði í stjórn útflutningsfyrirtækisins Vatnsberans hf. og bæði í framkvæmdastjórn og með prókúruumboð fyrir fyrirtækið.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins.

Ákærði segir ákæruna alranga og hann saklaus af því, sem honum er þar gefið að sök.

Ákærði kannast ekki við að hafa framið refsiverða háttsemi með því að ganga frá eigendaskiptum á bifreiðinni HN-358.

Ákærði kveðst hafa gengið frá eigendaskiptum framangreindrar bifreiðar 19. maí sl. með framvísun tilkynningar til ökutækjaskrár og með því að greiða 2.300 krónur inn á póstgíróreikning nr. 531006, en á tilkynninguna hafði ákærði ritað sem seljandi í nafni fyrirtækisins Skuldaskila hf., en jafnframt sem kaupandi í nafni fyrirtækisins Vatnsberans hf., en ákærði er prókúruhafi þess fyrirtækis. Ákærði hafði áður afhent Skuldaskilum hf. afsal fyrir sömu bifreið og sölutilkynningu, hvort tveggja dagsett 10. mars 1992. Voru þessi skjöl afhent Skuldaskilum hf. sem trygging fyrir vangreiddri skuld við Eggert B. Ólafsson. Ákærði fullyrðir, að hann hafi haft munnlegt umboð frá Eggert B. Ólafssyni, forráðamanni Skuldaskila, til þess að ganga frá áðurgreindri tilkynningu í nafni Skuldaskila hf. Ákærði kveðst hafa stuttu áður átt tvö símtöl við Eggert sama dag, hið fyrra á skrifstofu hans, en hið síðara, þar sem Eggert var staddur á hótelinu á Egilsstöðum. Ákærði kveðst hafa tjáð Eggert nauðsyn þess að koma bif-

reiðinni aftur yfir á nafn Vatnsberans hf. Í fyrra samtalinu sagði Eggert, að hann þyrfti að athuga málið, og bað um, að ákærði hringdi aftur til sín. Þegar ákærði gerði það, var Eggert lagður af stað til Egilsstaða, og þar náði ákærði sambandi við hann, eins og áður er fram komið. Í þessu samtali sagði Eggert, að hann gæti ekkert gert í málinu, fyrr en hann kæmi til baka, og yrði hann a. m. k. viku til tíu daga í burtu. Sagði ákærði Eggert þá, að þetta gæti ekki gengið, þar sem hann myndi þá missa af kaupum á bifreið, sem hann hygðist kaupa. Segist ákærði hafa sagt Eggert, að hann yrði þá sjálfur að ganga frá sölutilkynningu. Þessu svaraði Eggert á þann veg, að þetta skyldi ákærði gera. Taldi ákærði sig því hafa fulla heimild til þess að gera það, sem lýst er í 1. kafla ákæru. Ákærði vill taka það fram, að allir samningar milli Vatnsberans og Skuldaskila hafi ætíð verið munnlegir, en ekki skriflegir.

Ákærði stóð í þeirri trú, þegar Eggert fékk gögnin um að yfirfæra bifreiðina á Skuldaskil, að þau væru aðeins útbúin sem trygging og ættu aldrei að fara til ökutækjaskrár. Ákærði heldur því fram, að þegar hann 19. maí sl. yfirfærði bifreiðina að nýju til Vatnsberans, hafi hann verið búinn að gera upp skuldir sínar við Eggert.

Ákærði fullyrðir, að hann hafi skilið Eggert svo, að hann hefði sjálfur heimild hans til að undirrita þau skjöl, sem þurfti til að yfirfæra bifreiðina til Vatnsberans.

Ákærði staðfestir, að hann hafi næsta dag selt bifreiðina HN-358, sem þá var í vörslum ákærða, f. h. Vatnsberans hf. Jóni Heiðari Guðmundssyni, og var tilkynning um eigendaskipti dagsett sama dag. Í þessum viðskiptum fékk ákærði f. h. Vatnsberans bifreiðina XJ-285, og var það samkvæmt sölutilkynningu, sem einnig var dagsett sama dag. Þá greiddi ákærði í milli 400.000 krónur með tékka. Ákærði fullyrðir, að hann hafi haft heimild til þessara viðskipta, þar sem hann hafði ekkert brotið af sér með þeim ráðstöfunum, sem lýst er í 1. kafla ákæru. Hafi hann þannig ekki dregið sér andvirði bifreiðarinnar HN-358.

Ákærði segir, að ekkert skriflegt sé til um uppgjör sitt á skuldinni við vitnið Eggert, sem ákærði heldur fram, að hafi verið við vitnið sjálft, en ekki Skuldaskil. Ákærði kveðst hafa látið vitnið Eggert hafa skuldabréf í uppgjörinu, en engin skilagrein hafi hafi komið frá Eggert.

Vitnið Eggert Bjarni Ólafsson héraðsdómslögmaður, Hverafold 34, Reykjavík, kveðst vera stjórnarformaður Skuldaskila hf. og rita firmað. Vitnið fullyrðir, að það hafi aldrei gefið ákærða heimild til að rita nafn sitt f. h. Skuldaskila hf. á tilkynningu til ökutækjaskrár sem seljandi bifreiðarinnar HN-358, og heldur því fram, að þegar ákærði ritaði nafn sitt á tilkynninguna til ökutækjaskrár, hafi hann skuldað sér um 500.000 krónur.

Vitnið man ekki eftir þeim símtölum, sem ákærði vitnar í. Vitnið vill þó ekki fortaka, að þau kunni að hafa farið fram, annað í Reykjavík og hitt frá Egilsstöðum. Vitnið staðhæfir þó, að það standist ekki, sem ákærði heldur fram um leyfi vitnisins til að ganga frá áðurnefndum eigendaskiptum að bifreiðinni HN-358.

Vegna framburðar ákærða um það, að gögnin um bifreiðina frá 10. mars sl. hafi ekki átt að fara til ökutækjaskrár, segir vitnið, að það hafi ætíð stefnt að því að hafa tryggingu fyrir láni því, sem það hafði veitt ákærða, og sú trygging hefði engin verið, ef eigendaskiptin hefðu ekki verið tilkynnt.

Vitnið ítrekar, að ákærði hafi ekki verið búinn á þessum tíma að gera upp við sig skuld sína við það. Skuldin hefur ekki enn verið gerð upp.

Ákærði og vitnið halda hvor um sig fast við það, sem þeir hafa borið, og vilja ekki breyta framburði sínum í einu eða öðru.

Vitnið segir, að skuld sú, sem það hefur rætt um, sé við Skuldaskil og óviðkomandi Húsasmiðjunni. Þá segir vitnið, að afsalið á bifreiðinni HN-358 í mars sl. hafi auk tryggingar við vitnið og Skuldaskil átt að hluta að vera einnig til tryggingar skuld við Húsasmiðjuna, þar sem bifreiðin var talin meira virði en nam skuldinni við vitnið.

Vitnið segist einu sinni hafa um mánaðartíma lánað Vatnsberanum fé án tryggingar. Var þetta, áður en umrædd bifreið kom inn í málið. Þá segir vitnið til að koma í veg fyrir misskilning, að þegar talað sé um lán vitnisins til Vatnsberans, sé átt við lánveitingar Skuldaskila, en ekki vitnisins persónulega.

Vitnið Smári Hilmarsson héraðsdómslögmaður, Gautlandi 7, Reykjavík, hefur staðfest að hafa ritað kærubréfið og að efni þess sé rétt. Þá segir vitnið, að þegar það tali í kærunni um lánveitingu Eggerts til Vatnsberans, eigi það við lánveitingu Skuldaskila.

Vitnið staðfestir, að búið sé að gera upp skuldina við Húsasmiðjuna með útgáfu veðskuldabréfs og að yfirfærsla bifreiðarinnar HN-358 í mars sl. á Skuldaskil hafi verið hugsuð sem trygging, bæði vegna skulda Vatnsberans við fyrirtækið og Húsasmiðjuna hf. Ekkert skriflegt var gert í þessu sambandi um það, að eignayfirfærslan í ökutækjaskrá væri einnig vegna skulda við Húsasmiðjuna hf.

Vitnið Jón Heiðar Guðmundsson, Ofanleiti 29, Reykjavík, staðfestir, að það hafi 20. maí sl. selt Vatnsberanum hf. bifreiðina XJ-285 og fengið fyrir hana 400.000 krónur í tékka og bifreiðina HN-358.

Vitnið hafði haft bifreiðina XJ-285 til sölumeðferðar hjá Höfðahöllinni, og þangað hafði ákærði komið og sýnt bifreiðinni áhuga, en hún var til sýnis hjá Höfðahöllinni. Vitnið hafði aldrei áður séð né heyrt ákærða nefndan, fyrr en þeir áttu framangreind viðskipti.

Vitnið hefur ekki orðið fyrir neinum teljandi vandræðum vegna viðskiptanna við ákærða og er búið að selja bifreiðina HN-358.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gengið frá eigendaskiptum bifreiðarinnar HN-358 19. maí sl. með því að framvísa tilkynningu þeirri, sem frá greinir í fyrri kafla ákæru, með nafnritun sinni sem seljandi í nafni Skuldaskila hf. Ákærði hefur einnig viðurkennt að hafa selt bifreiðina næsta dag og að viðskiptin hafi farið fram á þann veg, sem lýst er í síðari kafla ákæru. Er þetta hvort tveggja í samræmi við það, sem fram er komið í málinu um þessi atriði.

Ákærða og vitnið Eggert Bjarna greinir á um, hvort ákærði hafi haft heimild til þess að undirrita og framvísa tilkynningunni til ökutækjaskrár í nafni Skuldaskila hf. í því skyni að færa bifreiðina á nafn Vatnsberans hf. Ákærði fullyrðir, að hann hafi sótt þessa heimild munnlega til vitnisins Eggerts Bjarna, en það neitar þessu með öllu.

Þar sem ákærði hefur ekki getað sannað heimild sína til áðurgreindrar nafnritunar, er ósannað, að hún hafi nokkur verið. Er því sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í fyrri kafla ákæru, en það leiðir til þess, að einnig er sannað, að ákærði er sekur um það, sem síðari kafli ákæru fjallar um. Eru brot ákærða rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá ársbyrjun 1976 og fram í febrúar sl. hlotið sjö refsidóma og níu sinnum gengist með dómsátt undir að greiða sektir. Dómsáttirnar eru flestar fyrir brot á umferðarlögum og áfengislögum, þ. á m. fyrir ölvun við akstur, og hefur ákærði þá stundum einnig sætt sviptingu ökuleyfis. Í eitt skipti gekkst ákærði undir að greiða sekt fyrir brot á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni.

Tveir dómanna, sem ákærði hefur hlotið, eru sektardómar fyrir ölvun við akstur, og var ákærði í annað skiptið sviptur ökuleyfi ævilangt.

Refsivistardómar ákærða eru þessir:

1979 30/1 Fangelsi 6 mánuði, skilorðsbundið 3 ár, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 247. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

1984 17/9 Fangelsi 4 mánuði fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 248. gr. og 248 gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

1986 3/10 Fangelsi 6 mánuði, hegningarauki, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

1987 26/2 Fangelsi 8 mánuði, hegningarauki, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

1991 5/11 Fangelsi 2 mánuði fyrir brot á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1986.

Ákærði hlaut 1. maí sl. skilorðsbundna reynslulausn í eitt ár á 30 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar samkvæmt síðastgreinda dóminum.

Með háttsemi þeirri, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, hefur hann rofið skilorð reynslulausnarinnar. Ber samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem nú er dæmt um, svo og með hliðsjón af þeirri 30 daga óloknu refsivist, sem að framan getur, sbr. 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 40.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Þórhallur Gunnlaugsson, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 25.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 40.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 43/1990. **Margrét Ólafsdóttir,**
Bjarney Ólafsdóttir,
Eyjólfur Ólafsson,
Ingibjörg Júlíusdóttir,
Guðfinna Ólafsdóttir,
Guðmundur Viggó Ólafsson,
Pétur Ólafsson,
Guðmundur Ólafsson,
Klara Ólafsdóttir,
Guðbergur Ólafsson,
Áslaug Ólafsdóttir,
Guðrún Ingibjörg Ólafsdóttir og
Hrefna Ólafsdóttir
(Bjarni Ásgeirsson hdl.)
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Ólafi Baldurssyni
(Kristinn Sigurjónsson hrl.) **og**
Margréti Þórarinsdóttur
(Páll A. Pálsson hrl.).

Landskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1990. Þau krefjast þess, að héraðsdóminum verði hrundið og yfirlandskiptagerð frá 1. júlí 1987 um skipti á hluta óskipts lands jarðanna Stóra-Knarrarness I, Stóra-Knarrarness II og Minna-Knarrarness í Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, verði felld úr gildi. Þá krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Ólafur Baldursson, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda, Margrét Þórarinsdóttir, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri ekki

gjafvarnarmál, en stefnda fékk leyfi dómsmálaráðuneytisins til gjafvarnar fyrir Hæstarétti 24. ágúst 1990. Þá krefst skipaður talsmaður hennar, að sér verði ákveðin hæfileg gjafvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber áfrýjendum in solidum að greiða stefnda, Ólafi Baldurssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Með sama hætti ber þeim að greiða málskostnað í ríkissjóð vegna Margrétar Þórarinsdóttur. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Margrét Ólafsdóttir, Bjarney Ólafsdóttir, Eyjólfur Ólafsson, Ingibjörg Júlíusdóttir, Guðfinna Ólafsdóttir, Guðmundur Viggó Ólafsson, Pétur Ólafsson, Guðmundur Ólafsson, Klara Ólafsdóttir, Guðbergur Ólafsson, Áslaug Ólafsdóttir, Guðrún Ingibjörg Ólafsdóttir og Hrefna Ólafsdóttir, greiði in solidum stefnda, Ólafi Baldurssyni, og í ríkissjóð 80.000 krónur til hvors aðila í málskostnað fyrir Hæstarétti. Talsmannslaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns fyrir Hæstarétti ákveðast 80.000 krónur og greiðast úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 1. nóvember 1989.

1. Mál þetta, sem var dómtekið 29. f. m., hafa eigendur jarðarinnar Stóra-Knarrarness I (einnig nefnd Vesturbær), Vatnleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu: Margrét Ólafsdóttir, Bræðraborgarstíg 9, Reykjavík, Bjarney Ólafsdóttir, Safamýri 47, Reykjavík, Eyjólfur Ólafsson, Sæviðarsundi 29, Reykjavík, Ingibjörg Júlíusdóttir, Hrauntungu 89, Kópavogi, Guðfinna Ólafsdóttir, Rauðagerði 52, Reykjavík, Guðmundur Viggó Ólafsson, Kóngsbakka 18, Reykjavík, R. Pétur Ólafsson, Stóra-Knarrarnesi, Vatnsleysustrandarhreppi, Guðmundur Ólafsson, Bræðraparti, Vatnsleysustrandarhreppi, Klara Ólafsdóttir, Hringbraut 50, Keflavík, Guðbergur

Ólafsson, Áslaug Ólafsdóttir, Hrauntúni 14, Keflavík, Guðrún Ingibjörg Ólafsdóttir, Ljósheimum 12, Reykjavík, og Hrefna Ólafsdóttir, Austurgötu 11, Keflavík, höfðað gegn Ólafi Baldurssyni, Grettisgötu 61, Reykjavík, eiganda jarðarinnar Stóra-Knarrarness II (einnig nefnd Austurbær), og Margréti Þórarinsdóttur, Minna-Knarrarnesi, Vatnleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, eiganda þeirrar jarðar. Stefna var birt 7. desember 1988.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að yfirlandskipti frá 1. júlí 1987 um skipti á hluta óskipts lands jarðanna Stóra- Knarrarness I, Stóra-Knarrarness II og Minna-Knarrarness í Vatnleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, verði felld úr gildi, jafnframt, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnendum hæfilegan málskostnað, sem beri vexti lögum samkvæmt að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppsögu,

Stefndi, Ólafur Baldursson, gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfu stefnenda og sér tildæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu, Margrétar Þórarinsdóttur, eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnenda in solidum, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með bréfi dómsmálaráðuneytis 8. mars 1989 var stefndu, Margreti Þórarinsdóttur, veitt gjafvörn fyrir undirrétti. Jafnframt var Páll Arnór Pálsson hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir gjafvarnarhafa.

2. Í greinargerð stefnenda er málavöxtum svo lýst: „Með bréfi, dags. 20. júlí 1984, fóru eigendur jarðarinnar Stóra-Knarrarness I fram á skipti á heimalöndum Stóra-Knarrarness I og II og Minna-Knarrarness. Hóf landskiptanefnd störf í ársbyrjun 1985. Á landskiptafundi 19. janúar 1985 varð samkomulag um, að landskiptin tækju ekki til sameignarlands ofan hinnar nýju Reykjanesbrautar, en öðru óskiptu landi yrði skipt. Samkomulag náðist ekki um landskiptin, og ákvarðaði landskiptanefnd landskiptagerð 29. apríl 1986. Voru þá strax bókuð mótmæli eigenda Stóra-Knarrarness I, þar sem bent var á, að Minna-Knarrarnesi hefði verið úthlutað stærra landi neðan túngarðs en svaraði til jarðarhundraðatiltölu og að landið neðan gamla Keflavíkurvegar væri verðmætasta landið af því landi, sem hefði verið skipt. Af þessu landi fengi Minna-Knarrarnes stærra land en svaraði til jarðarhundraðatiltölu, en ágreiningslaust var, að Stóra-Knarrarnes hefði verið 20 5/6 hundruð, sem síðan hefði skipst að jöfnu milli austurparts og vesturparts, en Minna-Knarrarnes 12 1/2 hundrað. Þar sem eigendur Stóra-Knarrarness I vildu ekki una framangreindum landskiptum, fóru þau með bréfi, dags. 11. september 1986, fram á yfirmat. Var þar farið fram á, að þau fengju stærra hlutfall af því landi, sem útskipt var neðan gamla Keflavíkurvegarins. Máli sínu til stuðnings bentu þau á, að eins og túngarðurinn hefði verið markaður af landskiptanefnd, hefði

Minna-Knarrarnes stærra land neðan bæjanna en svaraði jarðarhundraðshluta. Var jafnframt farið fram á, að yfirlandskiptanefnd mældi upp land Knarrarnessbæjanna neðan túngarðsins þessu til staðfestingar. Var tekið fram í kröfugerð eigenda Stóra-Knarrarness I, að þótt ekki væri farið fram á, að túngarðinum yrði breytt, væri ljóst, að við skipti á óskiptu landi yrði að taka tillit til þess þeim í hag, að Minna-Knarrarnes hefði hlutfallslega meira land en því bæri neðan túngarðs, eins og hann var markaður af landskiptanefnd,

Yfirlandskiptagjörð var lokið 1. júlí 1987. Var nokkur breyting gerð frá fyrri landskiptagerð, en að mati eigenda Stóra-Knarrarness I tók nefndin hvorki nægjanlegt tillit til þess, hversu mun verðmætara land það er, sem fellur til Minna-Knarrarness, né þess, að eins og yfirlandskiptanefnd staðsetti túngarð milli Minna-Knarrarness og óskipts lands, lenti hlutfallslega mun stærra land innan túngarðs hjá Minna-Knarrarnesi en svarar til jarðarhundraðshluta, og hefði átt að taka tillit til þess við skiptingu á óskiptu landi. Með hliðsjón af framangreindu er því leitað aðstoðar dómstóla til að ómerkja farmangreinda yfirlandskiptagerð frá 1. júlí 1987. Jafnframt hefur verið höfðað landamerkjamál til að kveða á um staðsetningu framangreinds túngarðs."

Fyrir málsástæðum og lagarökum gera stefnendur svofellda grein: Þeir vísa til dóms Hæstaréttar frá 26. september 1955 um það, að þeir geti leitað úrlausnar fyrir dómstólum á því, hvort löglega hafi verið staðið að framangreindri landskiptagerð. Við landskiptin hafi hvorki verið tekið nægjanlegt tillit til þess, hversu mun verðmætara land það sé, sem féll til Minna-Knarrarness, sérstaklega með hliðsjón af hugsanlegri sölu sumarbústaðalóða, né þess, að hlutfallslega hafi mun stærra land lent innan túngarðs hjá Minna-Knarrarnesi en svarar til jarðarhundraðs. Það hafi verið forsenda þess að mótmæla ekki sérstaklega staðsetningu túngarðsins, að tillit yrði tekið til þess við landskiptin. Þá telja stefnendur, að formaður landskiptanefndar hafi haft óeðlileg afskipti af störfum yfirlandskiptanefndar, þar sem hann hafi rangfært bréflega við yfirlandskiptanefnd málflutning þeirra fyrir landskiptanefndinni.

Af hálfu stefnda, Ólafs Baldurssonar, er því haldið fram, að yfirlandskipti hafi farið fram lögformlega. Bent er á, að lögmaður stefnenda hafi lýst yfir 4. nóvember 1986 á matsfundi yfirmatsmanna, að hann mótmælti því ekki, að gömlu túnmörkin væru rétt ákvörðuð. Þar sem málsóknin sé þarflaus og þýðingarlaus, beri að hafa hliðsjón af 177. gr. laga nr. 85/1936 við ákvörðun málskostnaðar.

Af hálfu stefndu, Margrétar, er um málavexti tekið fram, að stefnendur hafi greitt kostnað yfirlandskiptanefndar, en við innheimtu á hluta Margrétar hafi hún tekið fram, að hún liti svo á, að með greiðslu á reikningi

yfirlandskiptanefndar væri skiptum lokið og þau væru endanleg. Einu ári og tveimur mánuðum síðar hafi sér verið tilkynnt, að eigendur Stóra-Knarrarness I væru að ígrunda möguleika á að rifta landskiptagerðinni.

Málsástæður í meginatriðum.

1) Stefnendur hafi með tómlæti fyrirgert rétti sínum.

2) Þær málsástæður, sem stefnendur hafi uppi í málinu til ógildingar yfirlandskiptagerðinni, varði atvik og yfirlýsingar, sem fram hafi verið komnar, áður en yfirlandskiptanefnd hafi tekið málið endanlega til úrskurðar, þ. e. a. s., að yfirlandskiptanefnd hafi lagt röng landamerki til grundvallar og að formaður undirlandskiptanefndar hafi haft óeðlileg afskipti af störfum yfirlandskiptanefndar með bréflegum yfirlýsingum. Hvað fyrra atriðið varði, sé á það bent, að lögmaður stefnenda hafi látið bóka á fundi með yfirlandskiptanefnd, að enginn ágreiningur væri um landamerkin, þ. e. umbjóðendur hans héldu því ekki lengur fram, að núverandi merki milli túns Minna-Knarrarness og annarra lendna jarðanna væru röng. Með málflutningsyfirlýsingu þessari hafi stefnendur fyrirgert rétti til að hafa uppi aðrar kröfur í bótamáli þessu. Varðandi síðari málsástæðuna sé viðurkennt af stefnendum, að þeim hafi borist umrætt bréf formannsins. Hafi þau því haft ærinn tíma til að mótmæla og gagnrýna efni þess fyrir yfirlandskiptanefnd.

3) Landskiptalög nr. 46/1941 geri ráð fyrir, að allur ágreiningur um landskipti sé leystur af landskiptanefnd og síðar yfirlandskiptanefnd, ef einhver aðili telji á sig hallað. Því aðeins sé hægt að leita til dómstóla, að aðili geti sýnt fram á, að ekki hafi verið löglega að landskiptum farið. Það sé af og frá, að stefnendur hafi nokkuð slíkt fram að færa.

3. Skýrslur fyrir dómi hafa gefið stefnendurnir Margrét og Bjarney Ólafsdætur og vitnin Haukur Jörundsson, fyrrverandi skrifstofustjóri, Valtýr Sigurðsson borgarfógeti, Pétur Hjálmsson fulltrúi og Bragi Guðmundsson verkfræðingur.

Niðurstaða landskiptanefndar 29. apríl 1986 var þannig:

„Mörk milli parta þeirra, er nú er útskipt, verða:

a) Milli Stóra-Knarrarness II (austurpartsins) og Stóra-Knarrarness I (vesturpartsins): Úr austanverðu túngarðshliði á heimreiðinni í punkt á nýju Reykjanesbrautinni 141 m frá Breiðagerðismerkjum á línu, dreginni hornrétt á þau merki.

b) Milli Stóra-Knarrarness I og Minna-Knarrarness: Úr túngarðinum gamla við girðingarhorn (punkt 11 m austan heimreiðar á línu, dregna hornrétt á heimreiðina), síðan ræður girðingin (bein lína eftir gamla túngarðinum 62 m í suðaustur), síðan bein lína að gamla Keflavíkurveginum í

punkt 174 m frá merkjum Knarrarness og Áslákssstaða á línu, er hugsast dregin hornrétt á þau merki, síðan bein lína í punkt á nýju Reykjanesbrautinni 170 m frá Áslákssstaðamerkjum á línu, er hugsast dregin hornrétt á þau merki.

Heiðin ofan Reykjanesbrautar nýju verður áfram óskipt land, er eigendur Knarrarnesbæja eiga saman eftir jarðarhundraðatiltölu."

Við uppkvaðningu úrskurðar landskiptanefndar óskaði Haukur Jörundsson bókað vegna eigenda Stóra-Knarrarness I: a) Að hann bendi á, að Minna-Knarrarnes hafi stærra land neðan túngarðs en svarar jarðarhundraðatiltölu. b) Að land neðan gamla Keflavíkurvegar sé verðmætasta landið af því landi, er nú er skipt. Af þessu landi fái Minna-Knarrarnes stærra land en svarar til jarðarhundraðatiltölu. c) Að hann geri þá kröfu, að landskiptanefnd taki ákvörðun sína til endurskoðunar, þannig, að mörk milli Minna-Knarrarness og Stóra-Knarrarness I á bilinu milli túngarðs og gamla Keflavíkurvegar verði dregin með heimreiðinni að Minna-Knarrarnesi, enn fremur, að óskiptu landi neðan gamla Keflavíkurvegar verði skipt sérstaklega eftir jarðarhundraðatiltölu.

Formaður landskiptanefndar reit 27. janúar 1987 formanni yfirlandskipanefndar bréf, og voru afrit þess send Jóhanni Pétri Sveinssyni lögfræðingi, Hauki Jörundssyni, Ólafi Baldurssyni og Margréti Þórarinsdóttur. Þar sem um er að ræða aðra meginmálsástæðu stefnenda, þykir óhjákvæmilegt, að efni bréfsins verði tilgreint í heild sinni:

„Meðfylgjandi sendist endurrit úr landskiptabók Gullbringusýslu af því, er bókað var um landskipti Knarrarnesbæja. Þar kemur fram, að Pétur Hjálmsson afhenti á fundi 7. apríl 1986 fyrsta uppdráttinn, en sá uppdráttur var gerður og afhentur aðilum til þess að leggja grundvöll skiptanna, þ. e. fastsetja gömlu túnmörkin, mörk áður útskipts lands. Þá fyrst, er ágreiningslaust væri, hver þau hefðu verið, taldi nefndin unnt að koma með tillögur um skiptin.

Svo sem fram kom í bókunum, var undanfari þessa uppdráttar sá, að gengið var á mörk útskiptra jarðarhluta gagnvart óskiptu landi 19. janúar 1985 (sjá bls. 2 í endurriti). Umboðsmenn eigenda Stóra-Knarrarness I við þá vettvangsgöngu voru systkinin Pétur, Bjarney og Margrét. Aftur var gengið á sömu mörk 2. febrúar 1985, og var þá Haukur Jörundsson umboðsmaður sömu jarðareigenda.

Þegar uppdráttur var lagður fram á framangreindum fundi 7. apríl 1986, eru mætt Haukur, Margrét og Bjarney. Engin mótmæli hafa verið bókuð.

Nýr uppdráttur er lagður fram 21. apríl.

Mætt Haukur, Bjarney og Margrét. Engin mótmæli við því, að gömlu túnmörkin séu rétt ákvörðuð.

Loks er hinn endanlegi uppdráttur, dags. 28. 4. 1986, lagður fram á fundi

nefndarinnar 29. apríl 1986. Enn sömu túnmörk. Haukur Jörundsson lætur bóka mótmæli í þremur liðum, en minnist ekki á, að hann telji túngarðinn rangt markaðan á uppdráttinn. Er líklegt, að hann, úr því að hann krafðist sérstaklega bókana og las þær meira að segja fyrir frá orði til orðs, hefði sleppt þessu grundvallaratriði, ef hann taldi þá einhvern minnsta vafa á því, að gamli túngarðurinn væri rétt staðsettur?

Ég vil geta þess, að ég lít ekki á Hauk Jörundsson sem ólöglærðan mann á því sviði, sem hér um ræðir. Hann er þaulvanur landskiptum, hefur m. a. oft verið oddamaður í landskiptanefndum. Hann var um skeið einn af valdamestu embættismönnum landsins, er um landbúnaðarmál fjalla, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Hann kenndi íslenskum bændaefnum landbúnaðarfræði um langt skeið og stýrði í allmörg ár Bændaskólanum á Hólum. Hann hefur mikla og fullkomna menntun í landbúnaðarfræðum, nam m. a. í mörg ár við erlenda búnaðarháskóla. Hann var afburða-stærðfræðingur, en hæfileiki rökhugsunar er jafnt skilyrði fyrir árangri á sviði lögfræði og stærðfræði. Í þessu sambandi má á það minna, að faðir hans, Jörundur í Skálholti, fékkst um áratugaskeið við að setja lög á alþingi og að bróðir hans, Gaukur, er nú prófessor í eignarrétti við Háskóla Íslands. Mér þykir það nokkuð langsótt, ef eigendur Knarrarness I bera því nú við, að þessi umboðsmaður þeirra hafi ekki haft vit og kunnáttu til þess að gæta hagsmuna umbj. sinna með því að bera fram mótmæli þar um, ef hann teldi sjálfan grundvöll landskiptanna rangt lagðan.

Af bókun 29. apríl 1986 sýnist mér raunar mega ráða, að mótmæli hans hafi frekar verið of en van. Hann bendir á, að Minna-Knarrarnes hafi stærra land neðan túngarðs en svarar jarðarhundraðatiltölu. Þarna er hann að láta bóka um atriði, sem koma landskiptum ekkert við, því að í landamerkjabréfinu frá 1886 segir: „Einungis frá þeim enda Merkjagarðs, er til heiðar snýr, er heiðin óskipt land, er eigendur Knarrarnesbæja eiga saman eftir jarðarhundraðatiltölu.“ Áður útskipt land kom því málinu ekkert við. Um það hafði enginn ágreiningur verið, svo sem sjá má af bókunum.

Þessi a-liður bókunar Hauks sýnir þó eitt athyglisvert: Hann talar um „land neðan túngarðs“. Hefði hann tekið svo til orða, ef ekki hefði legið ágreiningslaust fyrir, hvar túngarðurinn var og að hann væri rétt markaður á uppdráttinn?

B-liður bókunar Hauks er ósköp venjuleg mótmæli við landskipti. Hann er ósammála landskiptanefndinni um mat hennar á landgæðum og vill halda opinni leið til að krefjast þess, að yfirnefnd meti sama atriði.

C-liður er athyglisverður að því leyti, að þar talar hann enn um gamla túngarðinn (væntanlega eins og hann er sýndur á uppdrættinum) sem stað-

reynd. Hann er að krefjast endurskoðunar á línum *ofan* túngarðs, en ekki á túngarðslínunni.

Með þessum formála vil ég hér með staðfesta, að það er í mínum huga og, að því er ég fæ séð, einnig í skjölum málsins, *öldungis ný málsástæða,* ef túnmörkin eru nú vefengd.

Því hef ég gerst svo langorður um framangreint atriði, að það, hvort yfirskiptanefnd breytir niðurstöðu undirnefndar, hefur þá meginþýðingu skv. 6. gr. landskiptalaga, að ef engin breyting er gerð á skiptum, þá greiðir sá, er yfirskipta beiðist, kostnað af þeim, ella skiptist hann á landeigendur að tiltölu við eignarhlutföll.

Mér virðist það hljóta að vera íhugunarefni, hvernig með kostnað eigi að fara, sé skiptum breytt vegna nýrrar málsástæðu, sem alls ekki var borin fram við undirskipti.

Enn fremur sýnist umrædd túngarðsdeila kunna að vera þess eðlis, að hana ætti að útkljá fyrir landamerkjadómi og landskiptin síðan, ef margnefndri túngarðslínu yrði breytt, að endurupptakast fyrir landskiptanefnd."

Á fundi yfirlandskiptamanna 19. maí 1987 var bókað: „Jóhann Pétur Sveinsson skýrir kröfugerð sína og kveður því ekki mótmælt, að gömlu túnmörkin séu rétt ákvörðuð og að ekki sé krafist endurskoðunar á túngarðslínunni, eins og hún er mörkuð á kort nr. 5." (Innskot dómara: Eins og lagt var til grundvallar af landskiptanefnd og síðar yfirlandskiptanefnd).

Yfirlandskiptanefnd var skipuð Valtý Sigurðssyni héraðsdómara sem formanni, Braga Guðmundssyni landmælingaverkfræðingi, Árna Jónssyni landnámsstjóra, Stefáni Má Stefánssyni prófessor og Hilmari Péturssyni fasteignasala. Skiptagerð þeirra er að meginhluta svohljóðandi:

„Endanlegar kröfugerðir eigenda jarðanna eru þessar:

Af hálfu matsbeiðenda er aðalkrafan sú, „að mörkin milli Stóra-Knarrarness I og Minna-Knarrarness frá túngarði að elsta Keflavíkurvegi (eldri Keflavíkurvegur) verði færð vestar, þ. e. þannig, að þau liggi með heimreiðinni að Minna- Knarrarnesi að gamla Keflavíkurveginum, en þaðan eftir mati yfirlandskiptanefndar til eldri Keflavíkurvegar. Á þeim stað verði mörkin dregin til heiðar, þannig, að Minna-Knarrarnes fái þar meira land sem nemur því landi, sem tekið er neðan eldri Keflavíkurvegar."

Til vara er þess krafist, að framangreind mörk verði færð vestar eftir mati yfirlandskiptanefndar.

Ágreiningslaust er, að Stóra-Knarrarnes hafi verið 20 5/6 hundruð, sem síðan hafi skipst að jöfnu milli austur- og vesturparts, þ. e. Stóra-Knarrarness I og Stóra-Knarrarness II, en Minna-Knarrarnes 12 1/2 hundrað.

Eftir jarðarhundraðatiltölu fengu Stóra-Knarrarnesbæirnir 31,25% af hinu óskipta landi hvor, en Minna-Knarrarnes 37,5%.

Að mati eigenda Stóra-Knarrarness I hefur Minna-Knarrarnes fengið stærra land neðan túngarðs en svarar til jarðarhundraðatiltölu. Telja þeir, að landið neðan eldri Keflavíkurvegar að túngarði sé verðmætasti hluti hins óskipta lands, m. a. með tilliti til hugsanlegrar sumarbústaðabyggðar. Þá er einnig á það bent, að af því landi, sem landskiptanefnd ætlaði Stóra-Knarrarnesi I, sé hlutfallslega mest af vegum, og hafi ekki verið tekið tillit til þess af landskiptanefnd.

Af hálfu eigenda Minna-Knarrarness og Stóra-Knarrarness II hefur verið krafist staðfestingar á landskiptagerðinni frá 29. apríl 1986. Eigandi Stóra-Knarrarness II hefur lýst yfir, að hann óski ekki eftir leiðréttingu á sínum hluta, enda þótt mörk Stóra-Knarrarness I yrðu færð vestar, svo sem krafa eigenda þeirrar jarðar er, og muni hann því ekki taka þátt í kostnaði af störfum yfirlandskiptanefndarinnar.

Niðurstaða.

Við yfirlandskiptin er farið eftir uppdrætti Péturs Hjálmssonar, dags. 28. 4. 1986, þar sem mörkuð er lína milli skipts og óskipts lands.

Af hálfu yfirlandskiptanefndar er fallist á þá málsástæðu eigenda Stóra-Knarrarness I, að það land, sem er á milli eldri Keflavíkurvegar og túngarðs, þ. e. landið, sem nær liggur sjó, sé verðmætara en það land, sem liggur fjær. Þá er það viðurkennt, að til Minna-Knarrarness hafi fallið meira af því landi en til Stóra-Knarrarness I, ef tekið er mið af eignarhlutföllum, enn fremur, að vegir í landi, sem kemur í hlut Minna-Knarrarness, séu hlutfallslega minni. Ber að taka tillit til þessa við skiptin.

Eigendur Stóra-Knarrarness I gera þá kröfu, að mörkin verði færð þannig vestar, að þau liggi með heimreiðinni að Minna-Knarrarnesi. Þar með félli ræktað land, 0,47 ha að stærð, til Stóra-Knarrarness I. Land þetta hefur verið ræktað af Minna-Knarrarnesi og er í framhaldi af túni þeirrar jarðar.

Vegna samhengis og landfræðilegra aðstæðna telur yfirlandskiptanefnd, að landið eigi að vera óbreytt undir Minna-Knarrarnesi. Hins vegar er tekið tillit til þess við skiptingu á öðru óskiptu landi og einkum því, sem liggur nær gamla Keflavíkurveginum. Ber því að færa til mörkin milli jarðanna ofan gamla Keflavíkurvegar vestur að Áslaksstöðum um 15 metra til jöfnunar. Að öðru leyti ber að staðfesta landskiptagerðina frá 29. apríl 1986.

Með hliðsjón af framansögðu ákveður yfirlandskiptanefnd mörk milli Stóra-Knarrarness I og Minna-Knarrarness sem hér greinir:

Úr túngarðinum gamla við girðingarhorn 11 metra austan heimreiðar að Minna-Knarrarnesi eftir línu, dreginni eftir gamla túngarðinum 62 metra í suðaustur, þaðan eftir beinni línu í punkt við gamla Keflavíkurveginn,

sem er 174 metrar, í línu, sem dregin er hornrétt á línu milli Klappar í Hellnavör og Digruvörðu, síðan eftir gamla Keflavíkurveginum í punkt, sem er 159 metra, í línu, sem dregin er hornrétt á línuna frá Klöpp í Digruvörðu, frá þeim punkti í beina línu í punkt á nýju Reykjanesbrautinni 170 metra frá Áslaksstaðamerkjum."

4. Ekki er rétt, að höfðað hafi verið landamerkjamál til að kveða á um staðsetningu túngarðs.

Jarðir þær, sem um ræðir í málinu, liggja samsíða við sjávarströnd frá norðvestri til suðausturs í þessari röð: Minna-Knarrarnes, Stóra-Knarrarnes I, Stóra-Knarrarnes II. Úrlausnir landskiptanefndar og yfirlandskiptanefndar fela í sér mörkun lína, sem í aðalatriðum verður lýst þannig, að þær séu dregnar að mestu samhliða upp af heimalöndum hverrar jarðar frá túngarði í norðri, þvert yfir eldri Keflavíkurveg að Reykjnesbraut í suðri.

Pétur Hjálmsson var landskiptanefnd til aðstoðar við mælingar og útsetningar á kort, sem hann gerði eftir loftmynd í mælikvörðum 1:2000 og 1:5000. Kom m. a. í hlut hans að marka til fulls legu gamals túngarðs, sem er horfinn á tveimur köflum, annars vegar fyrir landi Minna-Knarrarness, hins vegar fyrir landi Stóra-Knarrarness I. Af hálfu stefnenda eru brigður bornar á réttmæti fyrrgreindrar afmörkunar. Samkvæmt mælingu sérfróðra meðdómenda munar 0,79 ha til stækkunar heimalands Minna-Knarrarness, sé afmörkun Péturs lögð til grundvallar, eins og landskiptanefnd (matsmenn) og yfirlandskiptanefnd (yfirmatsmenn) gerðu, borið saman við þá línu, sem stefnendur telja vera hina réttu.

Meðdómendur hafa reiknað út stærð annarra landsvæða sem hér greinir:

1) Heildarstærð lands neðan eldra Keflavíkurvegar er 26,62 ha.

2) Land neðan eldra Keflavíkurvegar, sem kom til skipta, er 19,02 ha að vegarstæði frátöldu. Það skiptist þannig á milli jarðanna, eftir að yfirlandskiptanefnd hafði fært markalínu milli Minna-Knarrarness og Stóra-Knarrarness I til vesturs og með því stækkað síðarnefnda jörð um 0,85 ha á kostnað hinnar fyrrnefndu (innan sviga stærðir, sem jafngilda hundraðstölum samkvæmt jarðarhundraðatiltölu): Minna-Knarrarnes 7,34 ha (7,13 ha), Stóra-Knarrarnes I 6,42 ha (5,94 ha), Stóra-Knarrarnes II 5,26 ha (5,94 ha).

3) Land ofan eldra Keflavíkurvegar að Reykjanesbraut, sem kom til skipta, er 105,8 ha. Það skiptist þannig milli jarðanna, eftir að yfirlandskiptanefnd hafði fært markalínu milli Minna-Knarrarness og Stóra-Knarrarness I til vesturs og með því stækkað síðarnefnda jörð um 2,33 ha á þessu svæði á kostnað hinnar fyrrnefndu (innan sviga stærðir, sem jafngilda hundraðstölum samkvæmt jarðarhundraðatiltölu): Minna-Knarrarnes

35,67 ha (39,67 ha), Stóra-Knarrarnes I 35,13 ha (33,06 ha), Stóra-Knarrarnes II 35 ha (33,06 ha).

Dómurinn getur þess, að stækkaðar loftmyndir, sem notaðar hafa verið til grundvallar kortateiknun við landskiptin, séu ekki fyllilega nákvæmar til slíkra nota. Ekki er þó ástæða til að ógilda skiptin af þeim sökum, enda eru kort, gerð á þennan hátt, oft notuð við landskipti. Miðað við mældar lengdir á svæðinu má telja, að skekkjur í lengdum séu ekki meiri en 2-2,5%. Athygli vekur, að stefnendur hafa leitast við að rökstyðja með matsgerð fullyrðingu um mismikið verðmæti lands. Slíkt mat, grundvallað m. a. á hugmyndum um sumarbústaðabyggð, var tæpast á færi yfirlandskiptamanna, þótt niðurstaða þeirra taki mið af líkindum í því efni.

Stefnendur eru bundnir af yfirlýsingu lögmanns þeirra við landskiptin á fundi yfirlandskiptanefndar 19. maí 1987, en hún var forsenda þess, að nefndin lyki störfum þeim, sem henni höfðu verið falin, í stað þess að vísa ágreiningi um landamerki til sýslumanns, sbr. 8. gr. laga nr. 41/1919.

Dómurinn telur, að yfirlandskiptanefnd hafi farið að lögum við matsstörfin, einnig, að nefndin hafi við úrlausn sína gætt lögmætra sjónarmiða, sbr. fyrirmæli landskiptalaga nr. 46/1941, einkum: 1. mgr. 3. gr., um, að við skiptin skuli ekki aðeins farið eftir flatarmáli lands, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað (sbr. jarðarhundrað, sem tekur eigi síður til gæða lands en stærðar þess), 1. mgr. 10. gr. um, að skipta skuli landi þannig, að land hverrar jarðar eða jarðarparts verði sem mest í samhengi og sé sem skipulegast, og 2. mgr. 10. gr. um, að skipta skuli með beinum línum, eins fáum og verða má, svo að horn verði sem fæst. Um matsatriði verður ekki dæmt.

Fallist er á, að líta má á bréf formanns landskiptanefndar sem óeðlileg afskipti af störfum yfirlandskiptanefndar. Á hitt ber að líta, að niðurstaða síðari nefndarinnar gengur öndvert á niðurstöðu hinnar fyrri í veigamiklu atriði. Fráleitt er, að úrlausnaraðili geri með slíkum skrifum úrlausnaraðila á æðra stigi vanhæfan, svo að varði ógildi úrlausnar.

Niðurstaða dómsins er sú, að sýkna beri stefndu af kröfum stefnenda. Dæma ber stefnendur til að greiða óskipt stefnda, Ólafi Baldurssyni, 90.000 kr. í málskostnað. Stefnendur greiði óskipt í ríkissjóð 90.000 kr. í málskostnað. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, Margrétar Þórarinsdóttur, 90,000 kr. að meðtöldu sölugjaldi, greiðist úr ríkissjóði.

Dóm þennan kveða upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og meðdómendurnir Haukur Pétursson landmælingaverkfræðingur og Magnús Guðmannsson bæjarverkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Baldursson og Margrét Þórarinsdóttir, eru sýknuð af kröfum stefnenda í máli þessu.

Stefnendur greiði óskipt stefnda, Ólafi Baldurssyni, 90.000 kr. í málskostnað. Stefnendur greiði óskipt í ríkissjóð 90.000 kr. í málskostnað. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, Margrétar Þórarinsdóttur, 90.000 kr. að meðtöldu sölugjaldi, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 87/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Benjamín Vilhelmssyni
(Tryggvi Gunnarsson hrl.).

Náttúruverndarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1993. Hann krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar, enn fremur, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði svo og til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins.

Af hálfu ákærða er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjunarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði. Til vara er þess krafist, að refsing ákærða verði látin falla niður, en til þrautavara, að ákærða verði aðeins gerð vægasta refsing, sem lög leyfa.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákæruvalds, að fallist væri á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hefði ekki farið með bifreið sína inn á friðlýst svæði samkvæmt auglýsingu nr. 194/1978 um friðlýsingu Öskju í Ódáðahrauni. Af hálfu ákæruvalds er hins vegar lögð áhersla á, að akstur ákærða, sem sannanlega hafi verið utan stikaðs vegar, varði við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 13. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 og 1. mgr. 12. gr., sbr. 1. mgr. 41. gr. reglugerðar um náttúrvernd nr. 205/1973.

Í ljós er leitt, að ákærði hafi ekið bifreið sinni um 100 metra eftir slóð, sem liggur frá Gæsavatnaleið eftir hlíðinni inn að Nautagili, og að slóð þessi hafi verið ekin nokkrum sinnum allt frá árinu 1965, en þá mun langferðabifreið hafa komið þangað með geimfara í æfingaferð.

Í frumvarpi til laga um náttúrvernd, sem lagt var fyrir Alþingi árið 1969, var í 1. mgr. 13. gr. sett almenn varúðarskylda við spjöllum á náttúru landsins, og var ákvæðið lögfest óbreytt í

lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd. Í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins var Náttúruverndarráði veitt heimild til þess að banna óþarfan akstur ökutækja utan vega og merktra bílaslóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotist. Í athugasemdum með frumvarpinu var þetta skýrt þannig, að heppilegast væri að heimila Náttúruverndarráði að leggja bann við óþarfaakstri á tilteknum stöðum eða í tilteknum tegundum umhverfis eða á tilteknum árstímum. Í meðförum Alþingis varð heimild þessi að skyldu. Náttúruverndarráð hefur ekki bannað akstur á stað þeim, sem mál þetta fjallar um.

Ákærða var nauðsyn að leita náttstaðar utan hins stikaða vegar á ferð sinni eftir Gæsavatnaleið. Akstri sínum utan vegarins hagaði hann af varfærni, eftir því sem ráðið verður af gögnum málsins, og er ósannað, að hann hafi valdið teljandi náttúruspjöllum. Þegar af þessum ástæðum kemur ekki til álita, að ákærða verði gerð refsing á grundvelli 1. mgr. 13. gr. laga nr. 47/1971 einnar saman. Með akstrinum braut ákærði ekki gegn neinu banni, er Náttúruverndarráð hefði sett samkvæmt 2. mgr. þessarar lagagreinar, og kemur refsing á grunvelli hennar ekki heldur til greina. Hið almenna ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 205/1973 um bann við óþarfaakstri utan vega eða merktra vegarslóða stafar ekki frá Náttúruverndarráði og kemur ekki í stað banns af því tagi, sem um ræðir í 2. mgr. 13. gr. laganna. Verður sakfelling á hendur ákærða ekki byggð á þessu ákvæði reglugerðarinnar fremur en á lögunum sjálfum.

Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 21. janúar 1993.

Ár 1993, fimmtudaginn 21. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannes-

syni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-89/1992: Ákæruvaldið gegn Benjamín Vilhelmssyni, sem dómtekið var 11. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 6. nóvember 1992, gegn Benjamín Vilhelmssyni, Marbakkabraut 20, Kópavogi, kt. 211060-5819, fyrir brot gegn lögum um náttúruvernd með því að aka að kvöldi fimmtudagsins 1. ágúst 1991 bifreiðinni U-177 nokkurn spöl utan stikaðs vegar við Nautagil í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 13. gr., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 og 1. mgr. 12. gr., sbr. 1. mgr. 41. gr. reglugerðar um náttúruvernd nr. 205/1973, sbr. auglýsingu um friðlýsingu Öskju í Ódáðahrauni nr. 194/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Verjandi ákærða, Helgi Birgisson hdl., hefur gert kröfu um, að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvalds og sér dæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði, en verði sakfellt í málinu, er ekki gerð krafa til málsvarnarlauna.

Málavextir.

Með bréfi Náttúruverndarráðs, dags. 5. nóvember 1991, til lögreglunnar í Kópavogi er ákærði kærður fyrir akstur utan vegar og gistingu í bíl við Nautagil við veg F-98 á Gæsavatnaleið, og er í bréfinu vitnað til kæru Þorsteins Narfasonar landvarðar, dags. 1. ágúst 1991, sem fylgdi bréfinu.

Ákærði hafði að kvöldi fimmtudagsins 31. júlí 1991 verið að ferðast um hálendið á bifreið sinni, U-177, Toyota Landcruiser, og voru þau þrjú í bifreiðinni, þ. e. ákærði, kona hans og sjö ára dóttir. Þau höfðu farið að Öskju, og var ferðinni svo heitið um Gæsavatnaleið áleiðis að Sprengisandsleið. Á tímabilinu frá kl. 21.00 til 22.00 hafði ákærði hætt akstri eftir veginum og ekið bifreiðinni út fyrir veginn að svonefndu Nautagili um 100 metra leið og stöðvaði þar bifreiðina. Þótti honum orðið of framorðið til að halda ferðinni áfram, miðað við, að hann var ekki í samfloti með neinum öðrum, en yfir vatnsföll að fara, og gerði hann ráð fyrir, að vatn í þeim hefði aukist síðari hluta dagsins. Hann hafði því ákveðið að halda þarna kyrru fyrir um nóttina. Þau höfðu strax farið að sofa í bifreiðinni, en ekki tjaldað. Um klukkan 3.00 um nóttina var ákærði vakinn af framangreindum Þorsteini Narfasyni landverði, sem kærði ákærða fyrir akstur utan vegar og einnig fyrir tjöldun (gistingu í bifreið) utan merktra tjaldsvæða. Í kærunni kemur fram, að landvörðurinn telur ákærða vera á friðlýstu svæði, þar sem tjöldun og akstur utan vegar væru óheimil. Þá kemur og fram, að á svæðinu, þar sem bifreiðin hafði verið stöðvuð, hafi verið slóðar þvert og endilangt og við akstur ákærða hafi myndast einn slóði í viðbót, og væru þessir slóðar ekki beint heillandi fyrir augað, en

þarna væri samt ekki mikill gróður og því ekki hægt að tala um gróðurskemmdir í neinum mæli. Ákærði tók fram í skýrslunni, sem hann hafði skrifað undir, að hann hefði ekki framið nein landspjöll, hvorki á jörð né gróðri, og ekkert rusl skilið eftir.

Kærunni áttu að fylgja myndir, sem landvörðurinn tók af aðstæðum, en þær hafa ekki verið lagðar fram í málinu.

Ákærði kvaðst, er hann ók frá hinum stikaða vegi, hafa ekið eftir gamalli slóð og svo ekið um eina víllengd út úr slóðinni að náttstað. Hann kvað hafa verið þurrt og hlýtt og ekki komið dropi úr lofti marga daga á undan og jarðvegur verið þurr og ekki markað í hann eftir bifreið sína, en um sé að ræða mel, sem ekkert hafi séð á, og landvörðurinn hafi ekið bifreið sinni eftir sama slóða og svo upp úr honum og út fyrir hann.

Vegna rannsóknar á framangreindri kæru fóru tveir lögreglumenn frá Húsavík 29. júlí 1992 að kanna landspjöll við svonefnt Nautagil í Dyngjufjöllum, og kemur m. a. fram í skýrslu Daníels Guðjónssonar varðstjóra, að Nautagil er ekki merkt á korti, en Sigurður Þórarinsson er talinn hafa nefnt gilið Nautagil, þegar bandarískir geimfarar voru við æfingar á þessu svæði fyrir fyrstu tunglferðina, og munu þeir þá hafa haft búðir við gilið. Nafnið er dregið af seinni hluta enska orðsins „astronaut". Fyrir daga skála Ferðafélags Akureyrar í Drekagili mun hafa verið algengt, að gist væri við gilið, sem er í austanverðum Dyngjufjöllum í um þriggja km fjarlægð frá Drekagili. Með skýrslunni fylgdi ljósrit af korti af Dyngjufjöllum í mælikvarðanum 1:50.000, og er Nautagil þar merkt inn á. Í skýrslunni kemur fram, að lítil á rennur meðfram fjallsrótum til suðurs og fær vatn úr giljum og skorningum í fjöllunum. Með árbökkunum er lítils háttar gróður, þar sem mest ber á kyrkingslegum runnum, eyrarrós og lítils háttar grasi. Milli árinnar og fjallvegar F 98, Gæsavatnaleiðar, er sléttur melur, u. þ. b. 150 til 200 metrar. Melurinn er þakinn ljósum Öskjuvikri, blönduðum dökkum foksandi. Melurinn er í meðallagi gljúpur, og miðað við slóðir næst fjallveginum, sem til hafa orðið við mætingu ökutækja, myndast um tveggja til fjögurra cm djúp slóð við akstur ökutækja á melnum. Greinileg jeppaslóð af fjallveginum um melinn var þarna sjáanleg, en líklegt, að hún væri frá þessu sumri, þ. e. 1992. Aðrar slóðir, sem líklega voru frá sumrinu 1991, voru varla greinanlegar, enda yfirlag þarna það laust, að slóðir mást að líkindum út að mestu á einu ári. Engar skemmdir eru sjáanlegar á gróðri meðfram ánni. Ljóst virðist því vera, að ákærði hafi ekki valdið varanlegum landspjöllum með akstri sínum í umrætt sinn, þ. e. 1. ágúst 1991, en hins vegar væri líklegt, að slóð sú, sem hann hafi skilið eftir sig, hafi verið greinileg það, sem eftir var sumars.

Ákærði, kona hans, Marta Ólína Jónsdóttir, Marbakkabraut 20, Kópavogi, kt. 250248-4079, og kærandinn, Þorsteinn Narfason, Engjaseli 33,

Reykjavík, kt. 200366-5069, hafa öll borið um atvik hér fyrir dómi, og auk þess, sem að framan er getið, kom þetta fram:

Ákærði kvað þau hafa verið að aka þarna um hálendið um daginn og verið ein á ferð. Hann hefði þá ekið að húsi landvarða í Drekagili í Öskju til að fá upplýsingar um, hvernig færðin væri yfir árnar. Hann kvað landvörðinn lítið hafa vitað um það. Hann hefði rætt við konu landvarðarins og talið borist að landvernd, sem þau hefðu rætt almennt, þ. á m. utanvegaakstur og að bannað væri að tjalda utan tjaldsvæða. Sér hefðu þó ekki verið afhentar neinar leiðbeiningar. Hann kvaðst, er hann hefði haldið ferðinni áfram, hafa mætt bifreið, sem hefði farið yfir árnar á eldri Gæsavatnaleiðinni, sem hann ætlaði að fara, og ökumaður hennar ráðlagt sér að fara ekki leiðina þá um kvöldið. Hann hefði svo séð slóða, sem lá að gömlum tjaldsvæðum. Slóðinn hefði ekki verið sérstaklega merktur, en hann verið ekinn í mörg ár, og kvaðst hann ekki hafa myndað sérstakan slóða með akstri sínum eftir gamla slóðanum. Hann kvað enga hættu hafa verið á landspjöllum af akstri sínum. Hann hefði farið slóðina í stað þess að fara yfir melinn, og hefði hann ekki með akstri sínum markað sérstaka slóð í jarðveginn. Hann kvað ekki hafa séð á einu né neinu, eftir að þau höfðu verið þarna við gilið, þau hafi ferðast mikið um hálendið og gert sér sérstaklega far um snyrtilega umgengni. Hann kvað landvörðinn aðallega hafa sakað sig um að tjalda, þar sem það mátti ekki, en um 500 metra frá hefðu verið 3-5 bifreiðar, þar sem fólk hefði tjaldað, og hefði hann og vakið það og rekið upp. Ákærði kvaðst ekki telja, að hann hefði verið innan friðlýsts svæðis.

Eiginkona ákærða, Marta Ólína, bar sem vitni mjög á sama veg og ákærði um atvik. Hún kvað þau hafa ekið eftir gömlum vegslóða að gömlu tjaldsvæði og engin sérför verið eftir bifreið þeirra. Þetta hefði virst aflögð, gömul slóð, engin spjöll hlotist af akstrinum, slóðin verið um sandfláka og mel. Hún kvað þau hafa mætt bifreið og ökumaður hennar tjáð þeim, að ekki væri vit í því að fara áfram einbíla að kvöldi leiðina, sem var fram undan hjá þeim. Hún áréttaði, að þau gengju alltaf vel um náttúruna.

Vitnið Þorsteinn Narfason kvað ákærða hafa verið ráðið frá að fara Gæsavatnaleið þennan dag, og var hann í húsi landvarðar í Drekagili. Það kvaðst aðallega hafa kært ákærða fyrir utanvegaakstur. Það kvað margar slóðir hafa verið að Nautagili og þær verið í sveig frá veginum, og taldi það, að ákærði hefði myndað sérslóð með akstri sínum. Það kvað það hafa tíðkast, að bifreiðum væri ekið þarna utan vegar. Það hefði ekki kært áður aðra ökumenn fyrir utanvegaakstur þarna þetta sumar, en taldi, að slóðirnar hefðu myndast þetta sumar, og minnti, að sérslóð hefði verið eftir bifreið ákærða. Vitnið kannaðist ekki við, að þarna við Nautagil væru gömul tjaldsvæði né að þangað væri slóð, sem gjarnan hefði verið ekin.

Það kvað ekki hafa myndast djúp hjólför, og slóðir hefðu máðst út, en oft á sumri sé sandrok og skafi. Það kvaðst hafa talið, að Nautagil væri friðlýst svæði, og a. m. k. væri þetta í Skútustaðahreppi, sem hefði verið friðlýstur. Það lýsti þannig spjöllunum, sem af akstri hlytist, að jarðvegur þjappaðist í hjólförum, laust efni, ljós vikur, fyki í þau, og þá yrði í skjóli hjólfaranna gróðurmyndun á annars gróðurlausu svæði. Þó væri þetta slæmt upp á eftirbreytni, því að fólk færi þá að þessu svæði til að tjalda.

Vitnið sýndi í réttinum tvær ljósmyndir, sem það hafði tekið á eigin vél af bifreið ákærða við Nautagil, og kvað þær skýrari eða betri en myndir þær, sem það hefði tekið á myndavél Náttúruverndarráðs og áttu að fylgja málinu. Af myndunum er ljóst, að ákærði hefur lagt bifreiðinni þar, sem vitnið heldur fram, en á þeim sjást engin merki um náttúruspjöll af hálfu ákærða.

Niðurstöður.

Ljóst er af framangreindu, að ákærði ekur bifreiðinni U-177 utan stikaðs vegar, svo sem lýst er í ákæru, og hefur það gerst fimmtudagskvöldið 31. júlí 1991, en ekki 1. ágúst, eins og getur í ákæru.

Ákærði hefur hins vegar mótmælt því að hafa með þessu gerst brotlegur við þau refsiákvæði, sem greind eru í ákæru. Er af hans hálfu lögð áhersla á, að hann hafi þarna ekki verið á friðlýstu svæði skv. auglýsingu nr. 194/1978, sér sé ekki í ákæru gefið að sök að valda náttúruspjöllum, og skv. 11. gr. sé almenningi heimil för og dvöl á landsvæðum utan landareigna lögbýla í lögmætum tilgangi, en með þeim takmörkunum, sem leiði af reglum þeim, sem fram komi í 2. mgr. 13. gr. sömu laga. Þá er bent á, að 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar nr. 205/1973 gangi lengra en 13. gr. laganna, bannið um akstur utan vegar sé þar of víðtækt, og vísað til greinargerðar náttúruverndarlaga um 13. gr. laganna varðandi það, hvað kalla ber óþarfaakstur utan vega og merktra slóða, og jafnvel þó að 12. gr. reglugerðarinnar verði talin eiga við, sé ekki sýnt fram á, að ákærði hafi valdið náttúruspjöllum með akstri sínum.

Í auglýsingunni um friðlýsingu Öskju í Ódáðahrauni segir, að mörk hins friðlýsta svæðis fylgi hábrúnum öskjunnar allt í kring og að akstur innan hins friðlýsta svæðis nema um rudda slóða og bílastæði við Vikraborgir sé bannaður.

Þegar mynd af korti því, sem fram kemur í auglýsingunni, og ljósrit af korti því, sem fylgdi skýrslu lögreglunnar á Húsavík, eru skoðuð, virðist augljóst, að hábrún öskjunnar á móts við Nautagil er í 1200-1400 metra hæð, en Nautagil er við rætur öskjunnar að austan í um 700 metra hæð yfir sjó, og verður því í málinu að telja ósannað, að landsvæðið við Nauta-

gil sé innan hins friðlýsta svæðis, og því verði ákærði ekki talinn hafa brotið gegn reglum auglýsingarinnar.

Ekki verður heldur séð, að akstur og dvöl ákærða á framangreindu svæði hafi verið honum óheimil skv. 19. gr. reglugerðar nr. 136/1978, sbr. lög nr. 36/1974. Skv. lögum þessum og reglugerð er Skútustaðahreppur friðlýstur, en svæði þetta er í Skútustaðahreppi. Skv. 19. gr. reglugerðarinnar er almenningi þó frjáls för um hið friðlýsta svæði, eftir því sem lög leyfa, og ferðamönnum heimil dvöl utan byggðar, en gert er þó ráð fyrir, að takmarka megi þetta frelsi, og vísað til 14. gr. reglugerðarinnar þar um, en slíkar takmarkanir beri að auglýsa sérstaklega. Ekki verður séð, að auglýsingar um þetta efni hafi verið birtar.

Fallast verður á það, að í greinargerð með lögum nr. 47/1974 um náttúruvernd sé skýrt, hvað sé talinn óþarfur akstur utan vega og merktra vegarslóða, og verður ekki talið, að akstur ákærða að náttstað falli undir fyrrgreinda skilgreiningu, en þar er talað um, að menn geri sér leik að því að þreyta akstur í bröttum brekkum til þess eins að reyna hæfni farartækjanna, og blasi afleiðingar þessarar dægradvalar víða við í byggð sem óbyggð, og nefnt sem dæmi, að fallegar gróðurbrekkur og gíghólar hafi verið rist í sundur af hjólbörðum ökutækjanna og vatn og vindar svo tekið við og fullkomnað eyðilegginguna. Í greinargerðinni er gert ráð fyrir, að Náttúruverndarráði sé heimilt að leggja bann við slíkum óþarfaakstri á tilteknum stöðum, í tilteknum tegundum umhverfis eða á tilteknum árstímum (t. d. bann við akstri um gróðurvinjar á öræfum eða bann við akstri að vori til, meðan frost er að fara úr jörðu).

Í 2. mgr. 13. gr. laganna um náttúruvernd er svo tekið fram, að ráðinu sé skylt að banna allan óþarfaakstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geti af hlotist. Þetta hefur ráðið gert í mörgum tilfellum og gefið út auglýsingar um ákvarðanir sínar, sem birtar hafa verið með venjulegum hætti í Stjórnartíðindum. Ekki verður séð, að auglýsing frá ráðinu um bann við akstri á svæðinu við Nautagil hafi verið birt.

Ætla verður, að löggjafinn hafi lagt það í vald Náttúruverndarráðs að meta, hvar af gróðurfarslegum og friðunarástæðum beri að banna akstur utan vega og merktra slóða, en að öðru leyti sé mönnum heimill akstur í óbyggðum utan vega og merktra slóða að því tilskildu, að þeir beri ábyrgð á þeim náttúruspjöllum, sem þeir valdi, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna.

Þegar þetta er haft í huga, verður að telja, að bann það við akstri utan vega og merktra slóða, sem fram kemur í 12. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 205/1973, sé víðtækara en lögin heimila, en þar greint almennt bann við akstri virðist einkum styðjast við 2. mgr. 13. gr. laganna um náttúruvernd.

Þegar virtur er framangreindur framburður og skýrsla lögreglunnar í Þingeyjarsýslu, er ljóst, að ákærði hefur ekki með akstri sínum valdið

varanlegum landspjöllum, og vafasamt er, hvort akstur hans eftir slóða, sem kann að hafa verið fyrir, hafi valdið teljandi náttúruspjöllum, en gegn mótmælum ákærða eru ónóg gögn um það efni.

Ákærði er ekki sérstaklega sakaður um í ákæru að valda náttúruspjöllum, heldur óleyfilegan akstur á þar greindum stað, en með því að bresta þykir lagastoð um bann við akstri ákærða á framangreindum stað, ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Dæma ber, að allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Helga Birgissonar hdl., sem ákvarðast 40.000 kr. auk virðisaukaskatts, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Benjamín Vilhelmsson, skal sýkn af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda hans, Helga Birgissonar hdl., 40.000 kr. auk virðisaukaskatts, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 67/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Steini Ármanni Stefánssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Bifreiðar. Almannahætta. Líkamsmeiðingar. Opinbert réttarfar. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar síðastliðinn að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Þá krefst ríkissaksóknari þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um upptöku og að ákærði verði dæmdur til að greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað.

Hinn skipaði verjandi ákærða hefur krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, sem fram koma í ákæru, og þess, að sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði greiddur úr ríkissjóði.

I.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, er sannað í máli þessu,

— að ákærði flutti til landsins að minnsta kosti 1.201 g af kókaíni um Keflavíkurflugvöll 4. febrúar 1992,

— að hann ók bifreið tiltekna leið frá Laugardal í Reykjavík og í Mosfellssveit með miklum hraða, allt upp í 160 km/klst., um miðnætti aðfaranótt 18. ágúst 1992,

— að hann ók þar á lögreglubifreið með þeim afleiðingum, að tveir lögreglumenn slösuðust, annar þeirra mjög alvarlega,

— að hann lagði með skærum til lögreglumanns að minnsta kosti einu sinni á árekstrarstað, eftir að hann var kominn út úr bifreið sinni.

Deilt er um, hvort ýmis atriði, sem varða þessa atburði, séu sönnuð. Þá er deilt um heimfærslu til refsiákvæða. Sýknukrafa sú, sem verjandi ákærða hefur sett fram, byggist þó aðallega á því, að ólöglegar aðferðir hafi verið notaðar við rannsókn málsins og við réttarhöld í héraði.

II.

Í ákæru er ákærða gefið að sök meðal annars „að hafa þann 4. febrúar 1992 flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 1.201 g af kókaíni, sem ákærði ætlaði til sölu hér á landi og hafði í vörslum sínum þar til laust eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 18. ágúst 1992, er lögregla lagði hald á efnið í bifreiðinni VJ-891 á Vesturlandsvegi við Úlfarsfell ...

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 64, 1974."

Í 173 gr. a í almennum hegningarlögum segir:

„Hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr."

Varsla og meðferð kókaíns er bönnuð á Íslandi samkvæmt 2. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. gr. reglugerðar nr. 16/1986 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, svo og lyfjalista, er fylgir reglugerðinni.

Skýrsla ákærða um aðdraganda þess, að hann kom hingað til lands 4. febrúar 1992, og um komu hans til Keflavíkurflugvallar er með ævintýrablæ. Hún bendir til, að nokkurt ráðleysi hafi einkennt athafnir hans. Heldur hann því fram, að hann hafi hinn 4. febrúar ekki haft þann ásetning að selja efnið. Hann segir, að í símtali við mann í Kólumbíu stuttu eftir komuna til Íslands hafi hann verið krafinn um 40.000 Bandaríkjadali fyrir það. Er ljóst, að eftir þetta hafði hann ásetning til að selja það, hver sem ásetningur hans var 4. febrúar. Hann hafði kókaínið í vörslum sínum allt til 18. ágúst. Hefur hann því brotið 173. gr. a í almennum hegn-

ingarlögum með því að hafa efnið í vörslum sínum í því skyni að afhenda það gegn verulegu gjaldi.

III.

Akstri ákærða er lýst í héraðsdómi. Fallast verður á, að hann hafi brotið gegn 168. gr. almennra hegningarlaga með því að raska öryggi bifreiða og umferðaröryggi almennt á leið þeirri, sem hann ók. Ákvæðið í 4. mgr. 220. gr. laganna varðar sérstaklega hættu fyrir líf eða heilsu annarra, og verður því beitt jafnhliða 168. gr. Hefur ákærði einnig brotið þetta ákvæði. Þá hefur hann, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, brotið 219. gr. laganna. Jafnframt verður beitt ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987, sem í ákæru greinir, þ.e. 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr., allt sbr. 100. gr., og 3. gr. auglýsingar nr. 250/1987, enda felast í þeim nánari reglur um umferð, þar á meðal heimilan ökuhraða.

IV.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að telja ákærða hafa brotið gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Um rannsókn málsins og meðferð í héraði er þessa að geta:

Björn Halldórsson lögreglufulltrúi annaðist rannsókn á gerðum ákærða, allt frá því að grunur vaknaði um brot í lok júlí 1992 og þar til 27. ágúst, en með bréfi ríkissaksóknara daginn áður var Rannsóknarlögreglu ríkisins falin rannsóknin. Björn hafði samstarf við Jóhann Jónas Ingólfsson, sem á þessum tíma hafði verið ákærður fyrir fíkniefnabrot, en frá þessum manni bárust Birni fyrst upplýsingar um hugsanlegt brot ákærða, sem ekki hafði verið grunaður um fíkniefnabrot. Björn hafði ekki allt til 18. ágúst, svo að séð verði, samband við yfirmenn lögreglunnar í Reykjavík aðra en Sturlu Þórðarson aðallögfræðing, sem virðist hafa afhent eða látið afhenda Birni nokkurt fé til að nota í þágu rannsóknarinnar. Sturla kom ekki fyrir dóm, og óvíst er, hvort honum var gerð grein fyrir fyrirkomulagi þessarar rannsóknar. Jóhann Jónas gaf fyrst upplýsingar, en kom síðan fram að ósk Björns gagnvart ákærða sem væntanlegur kaupandi kókaínsins. Verður ekki um það efast,

að vegna aðgerða hans í samráði við Björn Halldórsson tók ákæröi ákvörðun um að selja Jóhanni Jónasi allt það magn af kókaíni, sem vitað er um, að hann hafi þá haft í vörslum sínum, setti það á einn stað og þá á þann hátt, að það komst í hendur lögreglunnar.

Rannsóknaraðgerðir þær, sem Björn Halldórsson stóð fyrir, voru í því skyni að upplýsa innflutning og dreifingu, sem ráðin var, sem fyrr segir, stuttu eftir 4. febrúar 1992, á miklu magni af kókaíni, sem er mjög hættulegt ávana- og fíkniefni. Tilraunir lögreglunnar til að hefta innflutning og dreifingu slíkra efna eru erfiðleikum háðar, og atvik voru með þeim hætti, að ekki var líklegt, að auðvelt yrði að leggja hald á það efni, sem grunur var á, að ákæröi hefði í vörslum sínum. Þegar að því kom, að Jóhann Jónas fékk ákæröa til athafna fyrir hvatningu Björns Halldórssonar, var sterkur grunur kominn upp um, að ákæröi hefði framið ávana- og fíkniefnabrot. Ekki verður talið, að Jóhann Jónas hafi lokkað ákæröa til brots, sem hann hafði ekki ásetning ella til að fremja, eða breytt eðli þess. Jóhann Jónas hefur gefið bæði lögregluskýrslu og dómskýrslu í málinu, og varð kunnugt um þátt hans í því stuttu eftir atburðina aðfaranótt 18. ágúst. Þau atriði, sem hér hafa verið talin, eru innan þeirra marka, sem rannsóknaraðferðir lögreglu við svo sérstakar aðstæður verða að vera. Um slíkar rannsóknir eru ekki lagareglur á Íslandi og verður því að meta þær eftir almennum réttaröryggisreglum. Þess er aftur á móti að geta, að ekki virðast hafa verið næg samráð milli yfirmanna lögreglunnar í Reykjavík um rannsóknina. Er slíks jafnan þörf, til að öruggt eftirlit sé með þessari rannsóknaraðferð, og þess var sérstök þörf í þessu máli, þar sem Jóhann Jónas Ingólfsson hafði verið ákæröur, sem fyrr greinir.

Björn Halldórsson hafði komið hlerunarbúnaði fyrir í bifreið, sem hann lét Jóhann Jónas Ingólfsson fá, og var það gert í því skyni að hlusta á og taka upp á segulband samtal Jóhanns Jónasar og ákæröa. Tókst þessi fyrirætlun. Var þetta gert með vitund og samþykki Jóhanns Jónasar og því heimilt eftir 1. tl. 87. gr., sbr. 86. gr., laga nr. 19/1991.

Þó að sá ágalli varðandi samráð um lögreglurannsóknina, sem fyrr var lýst, hafi verið á þeirri rannsókn, leiðir það ekki til þess, að ákæröa verði dæmd sýkna eða refsilækkun.

Við málsmeðferð fyrir héraðsdómi fóru fram ýtarlegar yfir-

heyrslur, og var nægilegt að styðjast við þær yfirheyrslur við samningu héraðsdóms, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991. Það athugast, að lokun þinghalds 29. október 1992 varð ekki byggð á c-lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991.

VI.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um brot ákærða, svo og með vísan til þess, sem segir í héraðsdómi um heilsu hans, reynslulausn og atriði, sem gæta ber við refsiákvörðun, verður héraðsdómur staðfestur um refsingu, upptöku og sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti 150.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Steinn Ármann Stefánsson, greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 1992.

Ár 1992, föstudaginn 4. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-105/1992: Ákæruvaldið gegn Steini Ármanni Stefánssyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 18. september sl., á hendur Steini Ármanni Stefánssyni, fæddum 7. október 1966, til heimilis að Spóahólum 14, Reykjavík, „fyrir stórfellt brot á löggjöf um ávana- og fíkniefni, umferðarlagabrot og líkamsmeiðingar.

I.

Fyrir að hafa 4. febrúar 1992 flutt hingað til lands frá Kaupmannahöfn 1.201 g af kókaíni, sem ákærði ætlaði til sölu hér á landi, og hafði efnið í vörslum sínum þar til laust eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 18.

ágúst 1992, er lögregla lagði hald á efnið í bifreiðinni VJ-891 á Vesturlandsvegi við Úlfarsfell, sbr. II. kafla ákæru.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

II.

1. Fyrir að hafa frá því laust fyrir miðnætti, sem í I. kafla greinir, er ákærði varð þess var, að honum var veitt eftirför á Sundlaugavegi í Reykjavík, ekið áðurgreindri bifreið þaðan á ofsahraða um Laugarás og Langholtsveg með allt að 135 km hraða og Suðurlandsbraut gegn einstefnu inn á Miklubraut, Ártúnsbrekku og yfir Höfðabakka gegn rauðu umferðarljósi og áfram Vesturlandsveg út úr borginni með allt að 160 km hraða og með þeim akstri margsinnis á þeirri leið raskað umferðaröryggi og stofnað lífi og heilsu vegfarenda í augljósa hættu. Á þessum ökuhraða ók ákærði bifreiðinni viðstöðulaust aftan á lögreglubifreið 305 við Úlfarsfell, sem þar var með blikandi viðvörunarljós og ekið í sömu átt og bifreið ákærða og var ætlað að hindra för hans. Akstur ákærða á lögreglubifreiðina var svo harkalegur, að öðrum lögreglumannanna, sem í henni voru, Jóhannesi Guðjónssyni, var naumlega bjargað meðvitundarlausum út úr lögreglubifreiðinni, skömmu áður en bifreiðin varð alelda, og hlaut hann við árekstur innar lífshættuleg og varanleg líkamsmeiðsli, þ. á m. útbreidda heila- og höfuðáverka, áverka á brjóstkassa, blæðingar í brjósthol og mar á lungnavef, og var hann meðvitundarlaus í öndunarvél í rúma viku. Ökumaður lögreglubifreiðarinnar, Benedikt Lund, hlaut áverka á hálsi, og á báðum bifreiðunum urðu stórfelldar skemmdir.

Framangreind brot ákærða teljast varða við 168. gr., 219. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 3. gr. auglýsingar nr. 250/1987.

2. Þá er ákærða gefið að sök að hafa, þegar lögreglumenn hugðust handtaka ákærða, lagt tvívegis til eins þeirra, Lárusar Kjartanssonar, með skærum, og kom annað lagið vinstra megin í brjósthæð, og stöðvaðist oddurinn í minnisbók í brjóstvasa, en hitt lagið kom í vinstri öxl og í gegnum herðaslá og ytra byrði jakka hans.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til þess samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkni-

efna nr. 16/1986 að sæta upptöku á 1.201 g af kókaíni, sem í I. kafla getur".

Málið var dómtekið eftir munnlegan flutning 18. nóvember sl. Kröfur ákæruvalds koma fram í ákæruskjali, en verjandi ákærða gerði þær dómkröfur, að ákærði yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu. Þá var gerð krafa um málsvarnarlaun að mati dómsins.

Verða nú rakin málsatvik í stórum dráttum, áður en vikið verður að hverjum ákærulið fyrir sig, og framburður vitna og ákærða rakinn. Við málsatvikalýsinguna er stuðst bæði við það, er fram kom við dómsmeðferð málsins, og frumrannsókn hjá lögreglu.

Ákærði hélt af landi brott í september 1991 og þá áleiðis til Bandaríkjanna. Dvaldist ákærði þar nokkra daga, en hélt síðan ferð sinni áfram flugleiðis frá Miami og til Bogotá í Kólumbíu. Ákærði komst í samband við fólk í Kólumbíu fyrir milligöngu skyldmennis síns, sem giftur er kólumbískri konu. Ákærði dvaldist í Kólumbíu frá því upp úr miðjum september 1991 og fram að mánaðamótum janúar/febrúar sl. Nokkrum vikum fyrir fyrirhugaða brottför ákærða frá Kólumbíu kvað ákærði mann hafa komið að máli við sig. Kvaðst ákærði hafa kannast við manninn í sjón, en ekki vita á honum frekari deili. Hefði maður þessi beðið sig fyrir tösku til Kaupmannahafnar, og átti ákærði að fá 5.000 dollara fyrir flutninginn og afhenda töskuna manni í Kaupmannahöfn eftir nánari fyrirmælum. Ákærði kvaðst hafa tekið að sér flutninginn, og hefði maðurinn lofað sér því, að í töskunni væri ekki heróín, en ákærði kvað sér hafa dottið í hug, að í töskunni kynnu að vera demantar, falsaðir peningaseðlar eða kókaín. Ákærði kvaðst hafa fengið hluta af þóknun sinni greiddan fyrir fram, en þá komið í ljós, að greiðslan var í fölsuðum dollaraseðlum, sem ákærði kvaðst hafa skolað niður í salerni flugvélarinnar á leiðinni frá Kólumbíu til Madridar, en þar hafði ákærði viðkomu á leið sinni til Kaupmannahafnar. Ákærði kvaðst síðan aldrei hafa hitt í Kaupmannahöfn þann mann, er fyrir fram var ákveðið, að myndi setja sig í samband við ákærða, sem þá gisti á fyrir fram ákveðnu hóteli þar í borg. Í Kaupmannahöfn kvaðst ákærði hafa verið orðinn peningalítill og vantað 20-30 krónur danskar til að geta greitt þar fyrir máltíð. Þetta hefði endað með því, að ákærði var handtekinn í Kaupmannahöfn. Eftir það var hringt hingað til lands, og sendu foreldrar ákærða honum peninga til Kaupmannahafnar, svo að ákærði gæti gert þar upp reikninga sína, og sömuleiðis var keyptur fyrir ákærða flugfarseðill til Íslands. Ákærði kvað lögregluna hafa skilið við sig, þar sem ákærði hélt með rútu áleiðis á Kastrupflugvöll á leið hingað til lands. Ákærði kvaðst hafa haft símanúmer í Kólumbíu til að hringja í og hafa greint viðmælanda sínum þar frá því, hvernig komið væri, og þá fengið þau fyrirmæli að skilja töskuna ekki eftir, heldur taka hana með

sér. Ákærði kvaðst þá hafa tekið leigubifreið frá flughöfninni og á járnbrautarstöðina í miðri Kaupmannahöfn og sótt þangað töskuna, sem ákærði hafði geymt þar í læstu hólfi. Töskuna flutti ákærði síðan til Íslands 4. febrúar sl.

Eftir komu til landsins kvaðst ákærði enn hafa hringt í sambandsaðila sinn í Kólumbíu og mælst til þess, að maður yrði sendur til Íslands að sækja töskuna. Ákærði kvað viðmælanda sinn hafa greint sér frá því, að í töskunni væru 1200 g af hreinu kókaíni og ákærði yrði að sjá um að koma 40.000 Bandaríkjadollurum til Kólumbíu fyrir innihald töskunnar.

Síðar verður lýst nánar samskiptum ákærða og Jóhanns Jónasar Ingólfssonar um meðferð fíkniefnanna. Hinn 17. ágúst sl. var síðan reynt að handtaka ákærða við sundlaugarnar í Laugardal. Handtakan tókst ekki, og ók ákærði af vettvangi og kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að það var lögreglan, sem kom þar að. Ákærða var síðan veitt eftirför út úr borginni og áleiðis upp í Mosfellsbæ, þar sem harður árekstur varð á Vesturlandsvegi, svo sem lýst verður nánar síðar, en við áreksturinn slösuðust tveir lögreglumenn og annar mjög alvarlega.

Á vettvangi á Vesturlandsvegi veittist ákærði að lögreglumanni með skærum og lagði til hans í tvígang, áður en ákærði var færður í handjárn, en ákærði kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að um lögreglumann væri að ræða.

I.

Ákærði kom fyrir dóminn 29. október sl. Ákærði kvað þá aldrei hafa staðið til af sinni hálfu að koma hingað til lands með töskuna, er kókaínið reyndist falið í. Ákærði kvaðst hafa verið sendur hingað til lands af Kaupmannahafnarlögreglunni. Þá kvað ákærði það rangt, að hann hefði ætlað efnið til sölu, en það hefði ekki komið til, fyrr en Jóhann Jónas Ingólfsson hefði borið sig eftir því hjá ákærða. Ákærði kvað rétt, að hann hefði haft efnið í vörslum sínum þann tíma, er þar greinir, en kvaðst þess þó fullviss, að efnið hefði ekki verið í bifreiðinni á Vesturlandsvegi, er lögreglan kom þar að. Ákærði taldi efnið hafa verið á lager á vinnustað Jóhanns Jónasar Ingólfssonar.

Áður er lýst dvöl ákærða í Kólumbíu og því, er ákærði tók að sér að flytja töskuna til Kaupmannahafnar, þar sem ókunnur aðili átti að setja sig í samband við ákærða, en af því varð ekki. Ákærði kvaðst þá enn hafa hringt til Kólumbíu og fengið þau fyrirmæli að fara varlega. Ákærði kvaðst hafa tekið ákvörðun um að halda aftur til Kólumbíu eftir flutning töskunnar, þar sem ákærði kvaðst hafa átt að fá 5.000 Bandaríkjadali fyrir flutninginn á töskunni. Áður kvaðst ákærði hafa ákveðið að halda til Íslands, en ekki talið það mjög fýsilegt, þar sem ákærði átti óafplánaðan refsidóm

hér á landi. Ákærði var síðan handtekinn í Kaupmannahöfn, svo sem lýst hefur verið, og er ákærði var staddur á Kastrupflugvelli, kvaðst hann hafa hringt til Kólumbíu og greint frá því, hvernig komið væri. Ákærði kvað manninn hafa beðið sig að skilja töskuna ekki eftir, heldur taka hana með sér. Ákærði kvaðst þá hafa sótt töskuna á járnbrautarstöðina í Kaupmannahöfn, þar sem taskan var geymd í læstu hólfi, og haldið með hana til Íslands 4. febrúar sl. Fljótlega eftir komu til landsins kvaðst ákærði enn hafa hringt í manninn í Kólumbíu og greint frá því, að best væri, að taskan yrði sótt hingað til lands. Viðmælandi ákærða hefði þá greint frá því, að í töskunni væru 1200 g af hreinu kókaíni, og yrði ákærði að sjá um að koma 40.000 Bandaríkjadölum til Kólumbíu fyrir innihald töskunnar. Ákærði kvað viðmælanda sinn í Kólumbíu hafa gefið í skyn, að eitthvað kynni að henda kunningja ákærða í Kólumbíu, ef ákærði greiddi ekki.

Ákærði kvaðst hafa dvalist á heimili móður sinnar nokkra daga eftir komu hingað til lands, en fljótlega hafið afplánun refsivistar. Í refsivistinni kvaðst ákærði hafa kynnst Jóhanni Jónasi Ingólfssyni, er þeir afplánuðu báðir dóma í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Ákærði kvaðst hafa greint Jóhanni Jónasi frá því, að hann hefði dvalist í Kólumbíu, og hefði Jóhann Jónas þá spurt, hvort ákærði gæti útvegað kókaín, en ákærði kvaðst áður hafa heyrt, að Jóhann Jónas tengdist eitthvað fíkniefnamálum. Ákærði kvaðst hafa greint Jóhanni Jónasi frá því, að hann gæti útvegað kókaín í Hollandi. Ákærði kvaðst ekki hafa greint Jóhanni Jónasi frá því fyrr en eftir lok afplánunar sinnar 26. júní sl., að ákærði hefði aðgang að kókaíni hérlendis. Ákærði kvaðst hafa haft samband við Jóhann Jónas, að því er ákærði taldi, fyrst upp úr miðjum júlí sl. Ákærði kvað hafa verið samið um það, að Jóhann Jónas tæki við eða keypti 500 g til 1 kg af efninu. Ákærði kvaðst hafa afhent Jóhanni Jónasi 50 g sýnishorn skömmu fyrir síðustu verslunarmannahelgi. Ákærði lýsti síðan samskiptum sínum og Jóhanns Jónasar og m. a. því, að komið hefði til tals, að Jóhann Jónas útvegaði ákærða íbúð og vinnu. Ákærði kvað ekki hafa komið til þessa og ákærði tekið á leigu herbergi að Grensásvegi 14 hér í borg, og þar hefði verið samið um sölu ákærða á öllu efninu til Jóhanns Jónasar fyrir 6 milljónir króna, og þar af áttu tvær milljónir að greiðast í hollenskri mynt. Þetta hefði gerst föstudagskvöldið fyrir handtöku ákærða, og þá hefði ákærði greint Jóhanni Jónasi frá því, hversu mikið magn kókaíns ákærði hefði undir höndum. Ákærði kvað hafa varðað sig mestu að fá greiðsluna í hollensku myntinni, svo að ákærði gæti staðið í skilum við aðilana í Kólumbíu og um leið létt af þeirri ógnun, er ákærði kvað sér og kunningjafólki sínu í Kólumbíu hafa stafað af þessum aðilum. Ákærði kvaðst ekki hafa leitað til Jóhanns Jónasar um sölu efnisins, heldur hefði Jóhann Jónas leitað til ákærða. Ákærði kvað aldrei hafa komið til greina að

selja efnið nema af því, að hann taldi fullvíst, að efnið yrði flutt til Hollands.

Ákærði kvaðst áður hafa greint Jóhanni Jónasi frá því, að ákærði hefði aðgang að miklu meira magni af kókaíni. Þetta kvaðst ákærði hafa gert í því skyni að vekja áhuga Jóhanns Jónasar. Þegar ákærði var spurður að því, hvort hann hefði þurft að vekja áhuga Jóhanns Jónasar, fyrst það var hann, sem leitaði til ákærða, en ekki öfugt, kvað ákærði svo ekki hafa verið. Ákærði kvaðst hins vegar vera þannig gerður, að hann hefði viljað gera sig mikilvægari í augum Jóhanns Jónasar en efni stóðu til.

Ákærði kvað Jóhann Jónas hafa sótt sig á Grensásveg 14 að kvöldi 17. ágúst sl. og þeir þá ekið víðs vegar um borgina, m. a. að Elliðaám og við Rauðhóla, og kvaðst ákærði þá hafa sýnt Jóhanni Jónasi sýnishorn efnisins, um 200 g, og hefði sá neytt af efninu. Ákærði kvað Jóhann Jónas hafa greint sér frá því, að peningar fyrir efnið væru til reiðu og geymdir á vinnustað Jóhanns Jónasar í Faxafeni. Ákærði kvaðst þá hafa haldið aftur að Grensásvegi 14 og sótt þar afgang efnisins og komið með út í bifreið, sem Jóhann Jónas beið í fyrir utan á meðan, og þá með framangreind 200 g í sínum vörslum. Skömmu síðar hefði verið haldið á vinnustað Jóhanns Jónasar, og þar hefði bifreiðinni verið ekið niður í bílageymslu, og þar inn af sé lager, sem ákærði kvað hafa verið haldið inn á. Þar hefði taskan með kókaíninu verið skorin í sundur og Jóhann Jónas velt vöngum yfir þyngd efnisins. Jóhann Jónas hefði síðan yfirgefið lagerrýmið og haldið upp á efri hæð hússins til að sækja þangað bæði jakka og lykla að sumarbústað að sögn ákærða. Á meðan Jóhann Jónas var í burtu, kvaðst ákærði hafa sett fíkniefnin í hillu inni á lagernum. Er Jóhann Jónas kom aftur af efri hæðinni, hefði hann greint frá því, að hann þyrfti að sækja peninga, þar sem þeir væru geymdir í húsi hér í borginni. Ákærði kvað Jóhann Jónas þá hafa beðið sig að aka bifreiðinni út úr bílageymslunni, þar sem Jóhann Jónas þyrfti að ganga frá, loka og læsa. Ákærði taldi óhugsandi, að Jóhann Jónas hefði getað nálgast efnið og komið því fyrir í bifreiðinni, en ákærði kvaðst áður hafa komið efninu fyrir í hillu inni á lagernum, svo sem lýst var. Ákærði kvað Jóhann Jónas hafa sett bláa íþróttatösku í eigu ákærða í skut bifreiðarinnar, skömmu áður en ákærði ók bifreiðinni út úr bílageymslunni. Ákærði kvaðst síðan hafa séð Jóhann Jónas gefa einhverjum merki, áður en hann tók aftur við stjórn bifreiðarinnar og hélt áleiðis inn í Laugarneshverfi. Ákærði taldi Jóhann Jónas hafa stöðvað bifreiðina á mótum Rauðalækjar og Bugðulækjar og gefið sér fyrirmæli um að hitta sig við sundlaugarnar í Laugardal. Ákærði kvaðst hafa ekið þangað, en ekki litist á það að bíða þar fyrir allra augum og því hafa ætlað að aka að Laugalækjarskóla og bíða þar eftir Jóhanni Jónasi. Ákærði kvað ómerktri bifreið hafa verið ekið í veg fyrir bifreið

sína í þann mund, er hann hugðist aka út af bifreiðastæðinu við sundlaugarnar, og út úr bifreiðinni hefðu stokkið nokkrir menn og ekki sagt á sér nokkur deili. Ákærði kvaðst hafa talið, að um árás væri að ræða, og því hraðað sér af vettvangi.

Vitnið Jóhann Jónas Ingólfsson verslunarmaður, Sævargörðum 10, Seltjarnarnesi, kom fyrir dóminn 2. nóvember sl.

Jóhann Jónas kvaðst hafa kynnst ákærða, meðan þeir afplánuðu báðir refsidóma í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg fyrr á þessu ári. Jóhann Jónas kvað upphaf þess, að ákærði og Jóhann tóku að ræða um fíkniefni, hafa verið það, að ákærði hefði gefið sig á tal við Jóhann og nefnt, að sér fyndist klefafélagi ákærða ræða opinskátt um fíkniefnaafskipti sín. Jóhann kvað hafa komið í ljós, að ákærði var nýlega kominn til landsins frá Kólumbíu, og hefði ákærði í mörgum útgáfum greint Jóhanni frá því, að ákærði hefði undir höndum allt að 10 kg af kókaíni. Jóhann kvaðst hafa lýst áhuga sínum á Kólumbíuferð ákærða, og eftir lýsingar ákærða kvað Jóhann hafa vaknað hjá sér hugsun um, að eitthvað stórt og mikið væri á ferðinni, eins og Jóhann orðaði það. Jóhann tók fram, að kókaín væri hættuleg vara og mikill skaðvaldur, og með þetta í huga kvaðst hann hafa tekið ákvörðun um að reyna að afla frekari upplýsinga hjá ákærða um, hvað væri á ferðinni, allt í því skyni að koma upplýsingum til réttra yfirvalda, ef efni og ástæða væri til að mati Jóhanns.

Jóhann kvað samskiptum sínum og ákærða í hegningarhúsinu hafa lokið þannig, að ákærði hefði spurt sig, hvort hann mætti hafa samband við sig, er ákærði losnaði úr refsivist, og þá í því skyni að ræða málið frekar. Hugsanleg fíkniefnakaup hefðu komið upp síðar.

Jóhann kvað ákærða síðan hafa haft við sig samband skömmu fyrir síðustu verslunarmannahelgi og ákærði þá lýst áhuga sínum á að eiga kókaínviðskipti við Jóhann. Jóhann kvaðst hafa beðið ákærða að hafa samband við sig daginn eftir. Þetta kvöld eða kvöldið eftir kvaðst Jóhann hafa sett sig í samband við Björn Halldórsson lögreglufulltrúa og eftir það hafa lýst áhuga sínum við ákærða að eiga við hann fíkniefnaviðskipti. Jóhann kvaðst hafa að fyrirmælum Björns Halldórssonar lögreglufulltrúa fengið afhent sýnishorn efnis hjá ákærða í tvö skipti, í fyrra skiptið 10-15 g, afhent í lítilli krukku og plastpoka, og í síðara skiptið lítilræði í 100 kr. seðli. Sýnishornin hefðu verið afhent lögreglu. Jóhann kvaðst ásamt Birni Halldórssyni lögreglufulltrúa hafa dregið þá ályktun af magni sýnishornsins og af því, hvernig umbúðirnar voru, að um mun meira efnismagn hefði verið að ræða, og framhaldið tekið mið af þessu. Jóhann kvað Björn Halldórsson hafa stjórnað ferðinni að öllu leyti og Jóhann gert ýmislegt í því skyni að kalla fram öll þau fíkniefni, er ákærði kynni að hafa undir höndum. Jóhann kvað hafa komið að því, að ákærði greindi frá því, að hann hefði

1½ kg af kókaíni undir höndum, og sagðist Jóhann reiðubúinn að greiða fyrir það 6 til 6½ milljón króna. Jóhann kvað hafa komið fram hjá ákærða, að hann þyrfti á fé að halda til að senda til Kólumbíu, og þá kvaðst Jóhann hafa gefið vilyrði fyrir því, að hluti efnisins skyldi greiddur í erlendri mynt, en ekkert hefði verið endanlega frágengið að þessu leyti.

Um hugsanlegan útflutning efnisins kvaðst Jóhann hafa rætt við ákærða þannig, að alltaf hefði staðið til að selja hér á landi það magn, er markaðurinn hér þyldi, en Holland hafi borið á góma í því samhengi, að Jóhann kvaðst hafa boðist til að aðstoða ákærða við að flytja hluta efnisins úr landi, en þetta hefði verið gert til að reyna að lokka fram allt það magn fíkniefna, er ákærði hefði aðgang að.

Jóhann kvað hafa verið ákveðið milli sín og ákærða, að þeir hittust 17. ágúst í því skyni að láta kaupin fara fram, og ákærði þá sagst vera reiðubúinn með 1½ kg af kókaíni, og kvaðst Jóhann hafa lofað að greiða hluta söluandvirðisins þann dag. Jóhann kvað Björn Halldórsson lögreglufulltrúa hafa afhent sér Súbarú-bifreiðina VJ-891, áður en Jóhann hélt til fundar við ákærða að kvöldi 17. ágúst sl. Jóhann kvað Björn hafa greint sér frá því, að í bifreiðinni væri upptökubúnaður, og hefði verið ákveðið að aka á fyrir fram ákveðinn stað í því skyni, að hægt væri að hlýða á samtal ákærða og Jóhanns í bifreiðinni. Er komið var á þennan stað, eftir að ákærði hafði verið sóttur, hefði ákærði dregið upp kókaín, allt að 300-400 g. Jóhann kvað þá ákærða hafa farið víða um borgina þetta kvöld og m. a. að Rauðhólum, þar sem Jóhann kvaðst hafa prófað efnið, og eftir það hefði vakað fyrir sér að reyna að ná fram eins miklu efnismagni og unnt væri, svo að lögreglan gæti handtekið ákærða með efnið undir höndum. Eftir þjark fram og aftur við ákærða um viðskipti þeirra hefði loks verið haldið að Grensásvegi 14 að nýju. Þar hefði ákærði sótt tvær töskur; önnur hefði verið íþróttataska, en hin svört skóla- eða skjalataska. Eftir þetta hefði verið ekið um borgina, þar til kom að því, að ákærði greindi Jóhanni frá því, að allt efnið væri komið í bifreiðina. Jóhann kvað Björn Halldórsson lögreglufulltrúa hafa lagt á það þunga áherslu, að efnið kæmi aldrei í bifreið þá, er Jóhann hefði til umráða. Jóhann kvaðst, er hér var komið, hafa hugsað ráð til, að málið gengi upp, eins og Jóhann orðaði það. Kvaðst Jóhann ekki hafa fundið annað ráð en það, að þeir ákærðu héldu á vinnustað Jóhanns í Faxafeni, þar sem bifreiðinni hefði verið ekið inn í bílageymslu og þeir ákærði síðan haldið inn á lagerpláss. Jóhann kvaðst hafa talið fíkniefnin geymd í íþróttatösku þeirri, er var í afturhluta bifreiðarinnar, og tekið þá tösku með sér inn á lagerinn, en ákærði tekið svörtu skjalatöskuna. Ákærði hefði síðan skorið skjalatöskuna í sundur og fíkniefnin þá komið í ljós, en Jóhann hefði ekki haft hugmynd um, hvort um hafi verið að ræða 1 eða 2 kg. Jóhann kvaðst hafa reynt að slá vigt á

efnið og talið, að efnismagnið hefði getað verið 1½ kg, en vigtun verið mjög ónákvæm. Jóhann kvað efnið, er ákærði kom áður með í bifreiðina, þ. e. 300-400 g af efninu, sömuleiðis hafa verið flutt inn á lagerinn, en efnið hafði á tímabili verið geymt undir mottu farþega megin í bifreiðinni. Jóhann mundi ekki, hvort tveir eða þrír gulleitir plastpokar hefðu komið í ljós, sem innihéldu fíkniefnið.

Er hér var komið sögu, taldi Jóhann málið gengið upp, eins og hann orðaði það, og einkum hugsað um það, hvernig hann gæti sett sig í samband við lögreglu, þegar þeir ákærði voru staddir í kjallaranum í Faxafeni, en Jóhann kvaðst ekki hafa komist í síma, því að ákærði hefði ekki viljað, að Jóhann hyrfi sér úr augsýn.

Jóhann kvaðst hafa gengið úr skugga um það, að kókaínið væri í bifreiðinni, er farið var úr Faxafeni. Jóhann kvað ákærða hafa ekið bifreiðinni út, en Jóhann lokað skutdyrum bifreiðarinnar og áður fullvissað sig um það, að kókaínið var í bifreiðinni. Jóhann kvaðst sjálfur hafa tekið sundur skornu skjalatöskuna undan borði inni á lagernum og sett sundur skornu töskuna í íþróttatöskuna, en ekki treysta sér til þess að fullyrða, hvor þeirra ákærða setti töskuna í bifreiðina, en Jóhann kvaðst á þessari stundu hafa verið mjög „stressaður" og hræddur við ákærða, eins og Jóhann orðaði það, og mikil spenna hefði ríkt í Faxafeninu. Fíkniefnin hefðu sömuleiðis verið í töskunni. Jóhann kvaðst ekki vita til þess, að kókaíninu hefði verið komið fyrir í hillu eða á annan hátt í geymslu á lagernum.

Eftir þetta kvað Jóhann hafa verið ekið um bæinn og að lokum í Lækjahverfi. Þar var ákveðið, að Jóhann tæki aðra bifreið, sem hann hafði áður lánað ákærða. Jóhann sagðist þurfa að sækja peninga til að greiða fyrir fíkniefnin, og hefði verið ákveðið, að þeir ákærði hittust við sundlaugarnar í Laugardal skömmu síðar. Jóhann kvaðst síðan hafa fengið að hringja í húsi við Bugðulæk hjá sér ókunnu fólki og náð sambandi við Björn Halldórsson lögreglufulltrúa og greint honum frá því, hvar ákærði væri staddur og að hann hefði fíkniefnin í bifreiðinni. Jóhann kvaðst síðan hafa beðið hjá fólkinu, þaðan sem hann hringdi, nokkra stund, uns hann kvaðst hafa tekið leigubifreið og haldið í Faxafen.

Er Jóhann Jónas Ingólfsson var spurður að því, af hvaða hvötum hann hefði sett sig í samband við lögreglu, svo sem lýst hefur verið, kvað hann umfram allt hafa vakað fyrir sér að koma í veg fyrir það, að fleiri lentu í hinu sama og hann sjálfur, og vísaði hann þá til reynslu sinnar vegna neyslu áfengis og fíkniefna. Að öðru leyti staðfesti Jóhann sem rétta skýrslu sína hjá lögreglu, þar sem hvötunum er lýst, en þar kemur fram, að í fyrsta lagi hefði Jóhann viljað koma í veg fyrir það, að fíkniefnin færu hér á markað. Jóhann kvaðst vonast eftir því, að framganga sín í máli þessu

hefði „..... jákvæð áhrif á úrslit þess refsimáls, sem nú sé til meðferðar á hendur sér í dómskerfinu".

Vitnið Björn Halldórsson lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn 6. nóvember sl.

Björn kvað Jóhann Jónas Ingólfsson fyrst hafa haft við sig símasamband að kvöldi 30. júlí sl., og kvaðst Björn hafa hitt hann næsta kvöld, en Jóhann hefði greint sér frá því, að maður hefði beðið sig (Jóhann) að selja mikið magn af kókaíni. Björn kvað Jóhann Jónas hafa greint sér frá því, að ákærði hefði undir höndum langt yfir 1 kg af kókaíni og að hann vildi losna við efnið eða a. m. k. hluta þess fyrir verslunarmannahelgina, sem í hönd fór, og að ákærða vantaði peninga.

Björn kvaðst hafa spurt Jóhann Jónas að því, hvers vegna hann setti sig í samband við lögreglu, og hefði Jóhann þá gefið upp þrjár ástæður. Í fyrsta lagi kvaðst Jóhann Jónas vilja vegna fyrri reynslu sinnar af fíkniefnum koma í veg fyrir, að efnið færi hér á markað. Í öðru lagi kvaðst hann hafa vonast eftir því, að framganga sín í máli þessu hefði áhrif á ódæmt refsimál, og í þriðja lagi kvaðst Jóhann sækjast í „spennuna", er fylgdi slíkum málum. Björn kvaðst engu hafa lofað Jóhanni Jónasi nema nafnleynd.

Björn lýsti því síðan, hvernig Jóhann Jónas Ingólfsson hefði gengið að því, eftir að hann hefði ráðfært sig við sambýliskonu sína og kunningja, að vinna sem uppljóstrari fyrir lögregluna og síðar sem virk tálbeita, en Björn kvaðst hafa lagt fyrir Jóhann Jónas að ráðfæra sig við sig við hvert skref. Björn kvaðst einn hafa tekið ákvörðun um að beita Jóhanni Jónasi sem virkri tálbeitu. Björn kvað einkum hafa vakað fyrir sér að leggja hald á kókaínið og koma þannig í veg fyrir, að efnið færi á markað hér á landi.

Björn lýsti því síðan, er Jóhann Jónas útvegaði sýnishorn og að til hefði staðið að útvega ákærða íbúð, sem ekki varð úr, og að ákærða hefði verið lánuð bifreið, allt í þágu rannsóknar málsins að sögn Björns, og útskýrði Björn, hvers vegna þetta var gert.

Björn kvað síðan hafa komið að því, að hann ákvað að beita Jóhanni Jónasi sem virkri tálbeitu, eins og Björn komst að orði. En það hefði verið, eftir að Jóhann Jónas greindi Birni frá því eftir ákærða, að 1½ kg af kókaíni væri falt. Björn kvaðst ekki hafa vitað, að fyrir ákærða vekti að selja efnið, er tekin var ákvörðun um að láta Jóhann Jónas panta efnið, en Björn kvaðst hafa búist við því, að ákærði hygðist selja efnið, fyrst ákærði var að falbjóða það. Björn kvaðst hafa látið fylgjast með ferðum ákærða til að afla upplýsinga úr annarri átt en frá Jóhanni Jónasi einum. Björn kvaðst telja, að við það hefði komið í ljós, að mál ákærða og nafngreinds manns tengdust. Þá kvaðst Björn hafa komið fyrir talstöð í bifreið,

er Jóhann Jónas hafði til umráða, til að heyra ákærða ræða málið millilíðalaust. Segulbandsupptakan liggur frammi meðal gagna málsins.

Björn lýsti því síðan, er Jóhann Jónas lagði inn pöntun hjá ákærða á 1½ kg af kókaíni, sem átti að afhenda að kvöldi 17. ágúst sl. Björn tók fram, að það hefði ekki verið eftir fyrirmælum frá sér, sem Jóhann Jónas pantaði þetta efni, en Björn kvaðst hafa lagt fyrir Jóhann Jónas að panta 1/2 kg. Björn greindi síðan frá eftirliti lögreglu með ákærða 17. ágúst sl. og allt til þess, að reynt var að handtaka ákærða við sundlaugarnar í Laugardal, en áður hafi Björn fengið upplýsingar símleiðis frá Jóhanni Jónasi Ingólfssyni um það, hvar ákærði væri staddur við sundlaugarnar og með efnið í bílnum.

Verður nú rakinn framburður vitna, er sáu inn í bifreið ákærða á Vesturlandsvegi og/eða tóku þar þátt í leit í bifreiðinni.

— — —

II.1.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 29. október sl. og gerði þá athugasemd við þennan ákærulið, að hann hefði ekki ekið bifreið sinni viðstöðulaust aftan á lögreglubifreið nr. 305. Ákærði kvaðst hafa reynt að afstýra árekstri, en ekki tekist, en ákærði kvaðst ekki hafa séð blikandi viðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar fyrr en mjög seint, enda hefðu viðvörunarljósin ekki verið kveikt fyrr en of seint.

Ákærði kvaðst hafa verið staddur á bifreiðinni VJ-891 á leið út af bílastæðinu við sundlaugarnar í Laugardal, er ómerktri bifreið hefði verið ekið í veg fyrir bifreið sína og út úr bifreiðinni stokkið nokkrir óeinkennisklæddir menn, sem hefðu ekki sagt á sér nokkur deili og ekki borið þess merki, að þeir væru lögreglumenn. Ákærði kvaðst hafa talið, að um árás væri að ræða, og því hafa talið viðbrögð sín eðlileg, þ. e. að hraða sér af vettvangi hið snarasta. Ákærði kvaðst hafa veitt því athygli, er hann var staddur í bifreið sinni á Sundlaugavegi, að sér væri veitt eftirför. Ákærði kvaðst síðan ekki hafa orðið var við, að sér væri veitt eftirför, fyrr en hann var staddur á Vesturlandsvegi móts við innakstur í Grafarvogshverfi, nærri hliðarvegi upp að Hafravatni. Ákærði kvaðst hafa veitt þessu athygli, er bifreið hefði verið ekið upp að hlið bifreiðar sinnar og þrívegis verið ekið utan í hana. Bifreið þessi hefði ekki verið merkt á nokkurn hátt þannig, að ákærða væri unnt að sjá, að um lögreglubifreið væri að ræða.

Ákærði kvaðst hafa sett eftirförina í beint samband við meðferð ákærða á fíkniefnum, sbr. ákærulið I. Ákærði kvaðst hafa talið, að um tvo möguleika væri að ræða. Annar væri sá, að einhverjir ókunnir aðilar vildu komast yfir fíkniefnin fyrir ekki neitt hjá ákærða, hinn kosturinn sá, að lögreglan veitti sér eftirför, en ákærði kvaðst, svo sem rakið var, ekki hafa

séð nein merki þess, að lögregla væri þarna á ferð. Ákærði kvaðst hafa verið hræddur um, að menn á vegum Jóhanns „ætluðu að koma mér fyrir", eins og hann komst að orði. Ákærði var spurður, hvort hann hefði hugsað um það, hvort fíkniefnin væru í bifreiðinni, en ákærði hafði áður borið, að efnin væru á vinnustað Jóhanns Jónasar. Kvaðst ákærði hafa hugsað um það, en ekki hafa meira um það að segja.

Ákærði kvað árekstur hafa orðið milli bifreiðar sinnar og lögreglubifreiðar nr. 305, en ákærði kvaðst hafa reynt að draga úr hraða bifreiðar sinnar fyrir áreksturinn. Ákærði kvað viðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar ekki hafa verið kveikt fyrr en örskömmu fyrir áreksturinn og ákærði ekki fyrr en þá gert sér grein fyrir því, að um lögreglubifreið væri að ræða. Ákærði kvaðst ekki hafa séð, hvort ökuljósin aftan á lögreglubifreiðinni voru kveikt eða ekki skömmu fyrir áreksturinn, en ákærði kvaðst ekki hafa séð til þeirra ljósa. Ákærði kvaðst á ökuleiðinni, er lýst hefur verið, hafa reynt að setja á háu ökuljós bifreiðarinnar, en ákærði kvaðst vera þess fullviss, að ökuljósin hefðu verið kveikt alla leiðina frá sundlaugunum og þar til áreksturinn varð.

Ákærði kvaðst hafa neytt kókaíns fyrir aksturinn, sem lýst er í þessum ákærulið. Ákærði kvaðst hins vegar ekki hafa fundið til nokkurra áhrifa af notkun efnisins og telja, að neyslan hefði ekki haft nein áhrif á sig.

Er ákærði var yfirheyrður fyrir dóminum 18. nóvember sl., kvaðst hann fyrst hafa séð lögreglubifreiðina fram undan, er hún var stödd á öfugum vegarhelmingi miðað við aksturs stefnu, en ákærði hefði ekið bifreið sinni á réttri akrein. Ákærði kvaðst nú ekki treysta sér til að fullyrða neitt um það, hvort lögreglubifreiðin hefði verið með blá blikandi viðvörunarljós. Áreksturinn hefði orðið, er lögreglubifreiðinni var ekið af vinstri vegarhelmingi og í veg fyrir bifreið ákærða.

Vitnið Björn Halldórsson lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn 6. nóvember sl.

Björn kvaðst ásamt Einari Þórarinssyni lögreglumanni hafa reynt að handtaka ákærða við sundlaugarnar í Laugardal, áður en atburðir þeir urðu, er í þessum ákærulið greinir. Vísast til ákæruliðar I um aðdraganda handtökutilraunarinnar. Björn kvaðst hafa verið í ómerktri bifreið, sem stöðvuð var fyrir framan bifreið ákærða, er hann hugðist aka út af bifreiðastæðinu við sundlaugarnar. Björn kvaðst strax hafa stokkið út ásamt Einari og kvaðst hafa náð augnsambandi við ákærða. Kvaðst Björn hafa haldið uppi lögregluskilríkjum sínum. Ekki vildi Björn leggja mat á það, hvort ákærði hefði séð skilríkin, en kvaðst hafa haldið skilríkjunum þannig, að ákærði hefði getað séð þau. Björn og Einar voru báðir óeinkennisklæddir. Björn kvað ákærða hafa rekið bílinn í „bakgír", og skömmu síðar hefði eftirförin hafist. Björn kvað Hákon Sigurjónsson hafa veitt ákærða eftirför

og skilið Björn og Einar eftir á bílastæðinu. Björn kvaðst síðan hafa séð bjarma af bláum ljósum bregða fyrir á húsveggjum, eftir því sem ofar dró, en ekki kvaðst Björn hafa verið í aðstöðu til að sjá, hvort viðvörunarljósin kviknuðu inni á bílastæðinu eða er Hákon hefði ekið bifreiðinni út af stæðinu.

Vitnið Einar Matthías Þórarinsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 5. október sl.

Bar Einar efnislega á sama veg og vitnið Björn Halldórsson um það, er þeir tveir reyndu að handtaka ákærða við sundlaugarnar í Laugardal. Einar kvað þá Björn hafa verið óeinkennisklædda og komið að bifreið ákærða á óeinkenndri lögreglubifreið, sem Hákon Sigurjónsson hefði ekið. Einar kvað Björn Halldórsson hafa hlaupið drjúgan spotta á eftir bifreið ákærða. Einar kvað Björn Halldórsson hafa haldið á lofti skilríkjum, en Einar kvaðst ekki hafa tekið upp skilríki sín. Vegna viðbragða ákærða tók Einar fram, að ákærði hefði átt að geta gert sér grein fyrir því, að þarna voru lögreglumenn á ferð.

Vitnið Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 2. nóvember sl.

Greindi hann frá því, er hann ók ómerktri lögreglubifreið að bifreið ákærða, sem þá var á leið út af bifreiðastæðinu við sundlaugarnar í Laugardal, og þeir Björn Halldórsson og Einar Þórarinsson héldu út úr bifreiðinni í því skyni að handtaka ákærða. Er þeir Björn og Einar hlupu að bifreið ákærða, hefði henni verið ekið hratt aftur á bak og yfir gangstétt og út á Sundlaugaveg og síðan í austurátt eftir Sundlaugavegi. Hákon kvaðst þegar hafa veitt ákærða eftirför, og strax á bifreiðastæðinu við sundlaugarnar kvaðst Hákon hafa sett blá blikandi viðvörunarljós í framrúðu bifreiðarinnar.

Hákon staðfesti að hafa veitt ákærða eftirför óslitið þá leið, er lýst er í þessum ákærulið, og því ekið næstu bifreið á eftir ákærða, allt þar til komið var í Ártúnsbrekku, er bifreið lögreglumannanna Lárusar Kjartanssonar og Ólafs Guðmundssonar hefði farið fram úr, og sú bifreið verið næsta bifreið á eftir ákærða, allt þar til áreksturinn varð. Hákon staðfesti, að ákærði hefði ekið gegn einstefnu, svo sem ákært er út af, og gegn rauðu umferðarljósi yfir Höfðabakka. Hákon kvað hraðamæli lögreglubifreiðarinnar hafa sýnt 135 km/klst., er ekið var eftir Langholtsvegi og í Ártúnsbrekku, og á Vesturlandsvegi hefði hraðinn verið aukinn og hraðamælir lögreglubifreiðarinnar sýnt 160 km/klst., og hefði þó heldur dregið í sundur með bifreiðunum. Á Langholtsvegi kvað Hákon lögreglubifreið með blá blikandi viðvörunarljós hafa verið ekið á móti ákærða, og hefði þeirri bifreið verið snúið við, er ákærði ók þar fram hjá.

Hákon kvað litla umferð hafa verið á Langholtsvegi, en nokkur umferð

verið á Vesturlandsvegi og í Ártúnsbrekku og sú umferð einkum komið á móti ákærða. Hákon kvaðst ekki hafa orðið var við gangandi vegfarendur á þessari leið.

Hákon kvað ákærða hafa ekið bifreið sinni tvisvar utan í bifreið lögreglumannanna Ólafs Guðmundssonar og Lárusar Kjartanssonar, er bifreiðarnar voru staddar nærri Korpu, en lögreglubifreiðinni var þá ekið upp að hlið bifreiðar ákærða. Hákon kvað ökumæli lögreglubifreiðar þeirrar, er hann ók, skömmu áður hafa sýnt 160 km/klst. og vegalengd milli bifreiðanna ekki styst. Hákon kvaðst ekki hafa séð betur en bifreið þeirra Ólafs og Lárusar væri með blá blikandi viðvörunarljós allt frá því í Ártúnsbrekku og upp í Mosfellsbæ.

Hákon kvaðst, áður en áreksturinn varð, hafa dregist nokkuð aftur úr og ekki séð til lögreglubifreiðarinnar, er ekið var á.

Vitnið Lárus Kjartansson lögreglumaður kom fyrir dóminn 2. nóvember sl.

Bar hann efnislega á sama veg og Hákon Sigurjónsson um akstur ákærða frá sundlaugunum í Laugardal og lýsti ökuleiðinni svo sem gert er í þessum kafla ákæru. Lárus kvaðst hafa séð glampa frá bláum blikandi ljósum í bifreiðinni, sem Hákon Sigurjónsson ók frá sundlaugunum. Lárus kvaðst hafa sett blá blikandi viðvörunarljós í framrúðu bifreiðar sinnar og Ólafs Guðmundssonar, er bifreiðin var stödd við sundlaugarnar, og ljósin verið logandi samfellt, þar til eftirförinni lauk á Vesturlandsvegi. Lárus kvað bifreið Hákonar Sigurjónssonar hafa verið næstu bifreið á eftir ákærða frá sundlaugunum og í Ártúnsbrekku, er bifreið Lárusar og Ólafs fór fram úr og var eftir það næsta bifreið á eftir ákærða, uns eftirförinni lauk. Á Langholtsvegi hefði lögreglubifreið með blá blikandi ljós komið á móti ákærða, en Lárus kvaðst ekki hafa séð, hvort eða hvernig sá ökumaður reyndi að stöðva ákærða. Lárus bar efnislega á sama veg og vitnið Hákon um það, að bifreið ákærða hefði verið ekið utan í lögreglubifreiðina á Vesturlandsvegi, er bifreiðarnar voru á 140-150 km/klst., og þá hefði lögreglubifreiðin verið með blá blikandi viðvörunarljós í framrúðu eins og alla eftirförina.

Lárus kvað töluverða umferð hafa verið alla leiðina, en hann kvaðst ekki muna eftir gangandi vegfarendum, en Lárus kvað Ólaf Guðmundsson, ökumann bifreiðarinnar, hafa gefið ökumönnum, er á móti komu, viðvörunarmerki.

Lárus kvaðst hafa séð afturljós lögreglubifreiðar og blá blikandi viðvörunarljós á þeirri stundu, er bifreið Lárusar kom úr beygju á móts við Úlfarsfell, og hefði lögreglubifreiðin þá verið nokkur hundruð metrum fyrir framan. Lögreglubifreiðin hefði verið á sömu akrein og bifreið ákærða, en Lárus kvaðst ekki hafa getað séð eða getað gert sér grein fyrir því, hvort

lögreglubifreiðin var kyrrstæð eða á ferð. Lárus kvaðst engin hemlaljós hafa séð á bifreið ákærða, sem hefði verið ekið viðstöðulaust aftan á lögreglubifreiðina og ekki verið reynt að sveigja bifreið ákærða fram hjá lögreglubifreiðinni. Sér hefði virst bifreiðarnar fastar saman fyrst eftir árekturinn og lögreglubifreiðin snúist í hring á götunni og eldglæringar komið undan bifreiðinni, og þá hefði kviknað í henni. Eftir að Ólafur stöðvaði bifreiðina, hélt Lárus þegar að bifreið ákærða í því skyni að handtaka hann, sbr. ákærulið II,2.

Vitnið Ólafur Guðmundsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 5. nóvember sl.

Vitnið bar efnislega á sama veg og vitnið Lárus Kjartansson o. fl. um eftirförina frá sundlaugunum í Laugardal og þá leið alla, er lýst er í þessum kafla ákæru. Ólafur kvað bifreið þá, er hann ók, hafa verið á eftir bifreið Hákonar Sigurjónssonar frá sundlaugunum, en í Ártúnsbrekku hefði Ólafur ekið fram úr Hákoni og eftir það verið í næstu bifreið á eftir ákærða, allt þar til eftirför lauk. Ólafur kvað blá blikandi viðvörunarljós hafa verið sett upp, strax og eftirförin hófst við sundlaugarnar, og hið sama eigi við um bifreið þá, er Hákon Sigurjónsson ók. Ólafur kvað merkta lögreglubifreið með blá blikandi viðvörunarljós hafa komið á móti ákærða á Langholtsvegi, en Ólafur vissi ekki, hvort ákærði sá til þeirrar bifreiðar nema þá í baksýnisspegli.

Ólafur kvað hraðamæli bifreiðar sinnar hafa sýnt u. þ. b. 130 km/klst. á Langholtsvegi og þá verið jafnt bil milli bifreiðar sinnar og Hákonar Sigurjónssonar. Í Ártúnsbrekku hefði hraðinn verið allt að 140 km/klst. Ólafur kvað bifreið ákærða hafa verið ekið með allt að 150 km/klst., er komið var að umferðareyjum á Vesturlandsvegi, þar sem ekið er inn í Grafarvogshverfi. Er komið var fram hjá þessum gatnamótum, kvað Ólafur ákærða hafa snarhægt á ferðinni vegna bifreiðar fram undan, og þá hefði bifreið komið á móti. Eftir að hafa ekið fram úr bifreiðinni og er komið var yfir brúna á Úlfarsá, kvaðst Ólafur hafa ekið lögreglubifreiðinni upp að hlið bifreiðar ákærða, og hefði ökuhraðinn þá verið 150-160 km/klst. Ólafur kvað hafa vakað fyrir sér að fá einhver viðbrögð hjá ákærða og reyna að fá hann til að stöðva bifreiðina. Ákærði hefði þá ekið í tvígang utan í lögreglubifreiðina og Ólafur þá dregið úr ferðinni og haldið sig fyrir aftan og bilið breikkað milli bifreiðanna. Ólafur kvaðst hafa séð til bifreiða, er komu á móti ákærða, og kvaðst Ólafur hafa reynt að vera nærri miðlínu vegar og reynt að vara við og gefa merki þeim ökumönnum, er á móti komu.

Ólafur kvaðst hafa verið staddur á móts við Úlfarsfell, er hann sá til lögreglubifreiðar fram undan, og hefði hún verið með blá blikandi viðvörunarljós. Lögreglubifreiðin hefði verið nokkur hundruð metra fram

undan. Ólafur kvaðst jafnvel telja, að lögreglubifreiðinni hefði verið snúið við á veginum, áður en henni hefði verið ekið í sömu átt og bifreið ákærða. Ólafur kvaðst aldrei hafa séð lögreglubifreiðina fram undan fara yfir á vinstri vegarhelming í því skyni að reyna að stöðva akstur ákærða. Ólafur kvaðst ekki heldur hafa séð, að lögreglubifreiðinni hefði verið ekið aftur yfir til hægri og í veg fyrir bifreið ákærða, sem hefði reynt að komast fram úr lögreglubifreiðinni þeim megin. Ólafur kvað bifreið ákærða síðan hafa verið ekið viðstöðulaust aftan á lögreglubifreiðina, sem hefði snúist á veginum, er bifreiðarnar losnuðu sundur, eftir að hafa verið fastar saman stutta stund, og síðan hefði kviknað í lögreglubifreiðinni. Ólafur kvað enga umferð hafa komið á móti, er áreksturinn varð, og engin hemlaljós séð á bifreið ákærða og ekki séð ákærða reyna að aka fram hjá lögreglubifreiðinni. Er áreksturinn varð, kvaðst Ólafur hafa verið staddur nokkur hundruð metra frá árekstursstaðnum.

Eftir að Ólafur hafði stöðvað bifreið sína, kvaðst hann þegar hafa haldið að lögreglubifreiðinni, og vísast til framburðar Ólafs, er rakinn er við ákærulið I, um það, er Ólafur tók sér fyrir hendur á vettvangi.

Vitnið Stefán Örn Guðjónsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 9. nóvember sl.

Stefán Örn kvaðst hafa unnið við eftirlit með ferðum ákærða 17. ágúst sl. og komið að bifreiðastæðinu við sundlaugarnar um kvöldið og séð þá Björn Halldórsson og Einar Þórarinsson þar. Stefán Örn kvaðst hafa haldið á eftir þeim bifreiðum, er veittu ákærða eftirför, en ekki hefði verið um eiginlega eftirför af sinni hálfu að ræða. Stefán Örn kvaðst hafa fylgt eftir bláum glampa frá viðvörunarljósum lögreglubifreiðanna, sem eftirförina veittu, og komið á Vesturlandsveg, að því er Stefán taldi, nokkrum mínútum eftir áreksturinn og þegar haldið að lögreglubifreiðinni og síðan fylgt bróður sínum, Jóhannesi Guðjónssyni, á sjúkrahús.

Vitnið Benedikt Lund lögregluvarðstjóri kom fyrir dóminn 5. nóvember sl.

Benedikt kvaðst hafa verið á verði í lögreglustöðinni í Mosfellsbæ ásamt Jóhannesi Guðjónssyni að kvöldi 17. ágúst sl., er tilkynning barst frá aðalstöð lögreglu um, að fíkniefnadeild lögreglunnar veitti manni eftirför og stefnt væri í Mosfellsbæ. Benedikt kvað þá Jóhannes þegar hafa haldið út af lögreglustöðinni, og kvaðst Benedikt hafa ætlað að leggja lögreglubifreiðinni á beinum vegarkafla nærri hliðarvegi niður að Blikastöðum. Benedikt kvaðst síðan hafa séð, að hann myndi ekki ná að aka þangað, þar sem bifreið sú, er veitt var eftirför, hefði verið komin það nærri. Benedikt kvaðst þá hafa ákveðið að leggja lögreglubifreiðinni á akrein í akstursstefnu ákærða undir Hamrahlíð, nánar til tekið 200-300 metra frá Skarhólabraut. Benedikt kvað hafa vakað fyrir sér að reyna að ná lögreglu-

bifreiðinni á allt að 120-130 km/klst. og aka þannig á undan ákærða í því skyni að fá hann til að hægja ferðina, en Benedikt kvaðst áður hafa heyrt í fjarskiptum lögreglu, að ákærði æki eins og brjálæðingur, eins og Benedikt komst að orði. Benedikt kvaðst telja, að lögreglubifreiðin hefði sést úr u. þ. b. 500-600 metra fjarlægð, er komið var úr hægri aflíðandi beygju undir Úlfarsfelli og ekið væri í sömu átt og ákærði. Þannig kvaðst Benedikt hafa beðið átekta og ekkert séð, fyrr en hann sá ökuljós bifreiða, er komu úr suðurátt á mikilli ferð, og kvaðst Benedikt þá hafa talið, að bifreið ákærða væri þar á ferð. Benedikt kvað síðar hafa komið í ljós, að bifreið ákærða hefði einungis haft stöðuljós kveikt og Benedikt því ekki komið auga á bifreiðina fyrr en mjög seint, en þá kvaðst Benedikt telja, að bifreið sín hefði verið búin að ná 50-60 km/klst. Benedikt taldi ljós lögreglubifreiðarinnar, er veitti ákærða eftirför, hafa valdið því, að svo seint sást til bifreiðar ákærða, þar sem hún hafi einungis verið með stöðuljós.

Benedikt kvaðst þá á svipstundu hafa ákveðið að víkja fyrir bifreið ákærða og ekið lögreglubifreiðinni út í vegarbrún hægra megin, og hefði lögreglubifreiðin verið u. þ. b. hálf út af akreininni, er áreksturinn varð. Benedikt kvaðst ekki hafa séð, hvort ákærði reyndi að fara fram úr lögreglubifreiðinni hægra megin, er áreksturinn varð.

Áður en áreksturinn varð, kvaðst Benedikt hafa snúið lögreglubifreiðinni við á Vesturlandsvegi og verið búinn að bíða í u. þ. b. hálfa mínútu, er hann sá til ljósa bílanna, er komu úr suðri. Benedikt kvaðst ekki hafa ekið lögreglubifreiðinni lengra til vinstri en út undir miðlínu vegar, en taldi eftir á að hyggja, að hann hefði ekið niðri í hjólförum á hægri akrein.

Benedikt kvað drjúga umferð hafa verið á leið til Reykjavíkur á þessum tíma, en ekki átta sig á því, hvort bifreið hefði komið úr þeirri átt í þann mund, er áreksturinn varð. Benedikt kvað Ólaf Guðmundsson lögreglumann hafa komið að stuttu síðar og hann aðstoðað sig við að færa Jóhannes Guðjónsson lögreglumann út úr bifreiðinni og út í vegarkant, en lögreglubifreiðin hefði orðið alelda örskömmu síðar. Sjúkrabifreið hefði flutt Jóhannes Guðjónsson lögreglumann á brott.

Benedikt kvaðst hafa verið frá vinnu, frá því að áreksturinn varð, þar til hálfum mánuði fyrir dómsyfirheyrslu 5. nóvember sl. Benedikt kvaðst ekki hafa náð sér fullkomlega og nýlega fengið þann úrskurð hjá lækni, að hann þyrfti hugsanlega að gangast undir uppskurð. Benedikt kvaðst ásamt samstarfsmanni sínum, Jóhannesi Guðjónssyni, hafa verið með bílbelti spennt, er áreksturinn varð.

Vitnið Jóhannes Viggósson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 9. nóvember sl.

Jóhannes kvaðst hafa verið staddur á Langholtsvegi að kvöldi 17. ágúst sl. og þá í merktri lögreglubifreið með blá blikandi viðvörunarljós, er bif-

reið ákærða hefði komið á móti á mikilli ferð. Jóhannes kvað tvo ómerkta lögreglubíla með blá blikandi viðvörunarljós hafa veitt ákærða eftirför. Jóhannes kvað tilkynningu áður hafa borist um fjarskipti lögreglunnar um aðstoð vegna eftirfarar.

Vitnið Runólfur Þórhallsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 5. nóvember sl.

Runólfur kom á vettvang á Vesturlandsvegi og gerði vettvangsuppdrátt þann, er fylgir gögnum málsins. Runólfur staðfesti uppdráttinn og kvaðst hafa mælt og teiknað öll hemlaför á vettvangi, en engin hemlaför eru sýnileg á uppdrættinum eftir bifreið ákærða.

Vitnið Andrés Þór Sigurjónsson umsjónarmaður kom fyrir dóminn 9. nóvember sl.

Andrés Þór kvaðst hafa séð út um glugga á heimili sínu í Skálatúnsheimili að kvöldi 17. ágúst sl., er lögreglubifreið hefði verið ekið eftir Vesturlandsvegi í átt að Mosfellsbæ, og hefði bifreiðin verið með blá blikandi ljós. Skömmu síðar hefði þessari sömu bifreið verið bakkað í gagnstæða átt. Bifreiðin hefði síðan numið staðar, að því er Andrés Þór taldi, er ökumaðurinn sá bifreið koma frá Reykjavík. Síðan hefði lögreglubifreiðinni verið ekið áfram, að því er Andrési virtist, á fullu afli og eftir miðlínu Vesturlandsvegar og með blá blikandi ljós um 200-300 metra vegarkafla, áður en árekstur varð. Lögreglubifreiðinni hefði síðan verið ekið til hægri og í veg fyrir bifreið þá, er kom frá Reykjavík, og árekstur orðið, og síðan hefði eldur kviknað í lögreglubifreiðinni. Andrés kvað heimili sitt vera í u. þ. b. 700 metra fjarlægð frá árekstursstaðnum. Andrés kvaðst ekki hafa séð bifreið ákærða reyna að fara vinstra megin fram úr lögreglubifreiðinni. Ekki kvaðst Andrés muna, hvort bifreið sú, er lenti á lögreglubifreiðinni, hefði verið með ökuljós eða stöðuljós, en Andrés kvaðst telja sig myndu hafa séð bifreiðina heiman frá sér, jafnvel þótt hún hefði einungis haft stöðuljós, þar sem góð lýsing sé á Vesturlandsvegi á þessum slóðum. Andrés kvaðst engar bifreiðar hafa séð koma í humátt á eftir bifreið ákærða, hvorki með blá blikandi ljós né aðrar.

Hinn 17. nóvember sl. fengust þær upplýsingar frá Grensásdeild Borgarspítala, að ekki væri unnt að yfirheyra Jóhannes Guðjónsson vegna heilsuhaga hans.

II.2.

Ákærði kom fyrir dóminn 29. október sl. og gerði þá athugasemd við þennan ákærulið, að ákærði hefði ekki vitað, að mennirnir á vettvangi væru lögreglumenn. Ákærði kvaðst hafa heyrt einhvern segja við Lárus Kjartansson: „Dreptu hann, skjóttu hann í hausinn.“ Ákærði kvað viðbrögð sín hafa mótast af því, að hann hefði heyrt mennina hóta að drepa sig.

Ákærði kvaðst telja sig hafa vankast við áreksturinn, en eftir stutta stund farið úr bifreiðinni, og er ákærði gekk meðfram bifreiðinni, hefði yngri maðurinn, sem ákærði kallaði svo, komið á móti sér og sagt: „Hvar er hitt helvítið? Er hann dauður?" Ákærði kvað hinn manninn þá hafa sagt: „Nei, hann er hérna." Þá hefði sá yngri sagt: „Skjóttu hann," — og þessi orð síðan verið endurtekin. Ákærði kvaðst hafa haft í fórum sínum skæri, er notuð höfðu verið til að skera upp töskuna í Faxafeni, er ákærði var þar staddur ásamt Jóhanni Jónasi Ingólfssyni fyrr um kvöldið, svo sem lýst var að framan.

Ákærði kvað mennina, er komu á móti sér á vettvangi, ekki hafa kynnt sig og ekki sagt á sér nokkur deili og ákærði því gripið til skæranna og muna eftir því að hafa lagt til annars mannanna einu sinni, en ekki muna eftir að hafa lagt til hans í tvígang. Þetta kvaðst ákærði hafa gert í varnarskyni. Ákærði kvaðst ekki muna atburði mjög vel, en þó telja, að gasi hafi verið dælt á sig, um leið og átök urðu á staðnum.

Ákærði kvaðst á þessari stundu ekki hafa séð önnur blikandi viðvörunarljós á staðnum en ljósin á lögreglubifreiðinni, er ekið var á. Ákærði kvaðst fyrst hafa gert sér grein fyrir því, að það var lögreglan, sem veitti sér eftirför, er annar mannanna kom að bifreið ákærða, er ákærði steig út úr bíl sínum. Hefði sá maður brostið í grát og greint frá því, að annar mannanna, sem var í lögreglubifreiðinni og hefði slasast, væri bróðir sinn. Maður þessi hefði verið yngri maðurinn, er ákærði lýsti svo og greint var frá hér að framan.

Vitnið Stefán Örn Guðjónsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 9. nóvember sl.

Stefán Örn kom á slysstað á Vesturlandsvegi og kvað Lárus Kjartansson lögreglumann hafa sinnt ákærða á vettvangi, en ekki muna, hverjir fleiri komu þar nærri.

Stefán Örn kvaðst þegar eftir komu á vettvang hafa haldið að lögreglubifreiðinni, er stóð í björtu báli, en Stefán Örn kvaðst hafa vitað af bróður sínum, Jóhannesi Guðjónssyni, á vakt hjá lögreglu í Mosfellsbæ. Stefán Örn kvaðst hafa verið hjá bróður sínum allan tímann, sem hann dvaldist á vettvangi, og síðan fylgt honum í sjúkrabifreið áleiðis á sjúkrahús.

Vitnið Lárus Kjartansson lögreglumaður kom fyrir dóminn 2. nóvember sl.

Um aðdraganda komu Lárusar á vettvang á Vesturlandsvegi vísast til þess, er rakið var að framan af framburði Lárusar vegna ákæruliðanna hér að framan.

Er Lárus, sem veitti ákærða eftirför, kom á vettvang á Vesturlandsvegi,

kvað hann ákærða hafa verið kominn út úr bifreið sinni, og hefði ákærði hlaupið í suðurátt, þ. e. í átt til Reykjavíkur. Lárus kvaðst hafa kallað á eftir ákærða og skipað honum að stansa og þá greint ákærða frá því, að Lárus væri lögreglumaður. Lárus kvað ákærða þá hafa staðnæmst og snúið sér við og sagt Lárusi, að hann hefði byssu undir höndum, og áður hefði ákærði sett aðra höndina undir jakkann og hótað að skjóta Lárus, ef hann kæmi nær ákærða. Lárus kvað ákærða hafa endurtekið þessar hótanir. Síðan hefði Lárus séð ákærða draga hlut innan úr jakka sínum, og kvaðst Lárus þá hafa séð ákærða með einhvers konar eggvopn í höndum. Kvaðst Lárus þá hafa ákveðið að reyna að afvopna ákærða, áður en hann slasaði bæði sjálfan sig og aðra. Ákærði hefði þá lagt til Lárusar, og kvaðst Lárus hafa fundið, er lagið kom í brjósthæð vinstra megin, og fundið þrýsting undan laginu, sem hefði hafnað í vasabók, er Lárus bar á sér. Ákærði hefði síðan lagt til Lárusar öðru sinni, en þá hefði sér tekist að slá þannig til ákærða, að lagið lenti í öxl eða gekk upp með vinstri öxl. Þá kvaðst Lárus hafa gripið til táragass. Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður hefði komið að í sömu mund. Ákærði hefði verið uppistandandi, er Lárus dældi á hann táragasi í því skyni að gera hann óvígan og svo að unnt væri að ráða við ákærða. Loks hefði tekist að fella ákærða og þeir Hákon í sameiningu fært ákærða í handjárn. Áður en þetta hefði tekist, hefði ákærði stungið fingrum í augu Lárusar. Eftir þetta kvaðst Lárus hafa haldið að lögreglubifreiðinni, er brann á staðnum, og athugað aðstæður þar.

Vitnið Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 2. nóvember sl.

Um aðdraganda komu Hákonar á staðinn o. fl. vísast til framburðar hans, er rakinn var við ákæruliðina hér að framan.

Hákon kvaðst þegar hafa farið út úr bifreið sinni, eftir að komið var á vettvang á Vesturlandsvegi. Ákærði hefði þá verið kominn út úr bifreið sinni og, að því er Hákon taldi, á leið af vettvangi. Hákon kvað Lárus Kjartansson lögreglumann í fyrstu hafa gengið á eftir ákærða, en síðan samsíða honum. Hákon kvaðst ekki hafa heyrt, hvað þeim fór á milli, nema það, að hann hefði heyrt ákærða segja: „Ég skýt þig.“ Næst kvaðst Hákon hafa séð ákærða fara inn undir jakka sinn og draga þaðan áhald, sem Hákon kvaðst síðar hafa séð, að var skæri. Þá hefði ákærði í tvígang lagt til Lárusar með skærunum, og kvaðst Hákon hafa orðið hræddur um, að ákærði hefði skaðað Lárus. Hákon kvaðst þessu næst hafa komið Lárusi til aðstoðar og náð taki á öðrum fæti ákærða, en ákærði hefði reynt að leggja til sín. Hákon kvaðst þá hafa orðið að sleppa takinu, en skömmu síðar hefði sér tekist að sparka skærunum úr höndum ákærða, og loks hefði tekist að færa ákærða í handjárn.

Niðurstöður.

I.

Svo sem rakið var að framan, bar ákærði, að aldrei hefði staðið til af sinni hálfu að koma með töskuna, sem kókaínið reyndist falið í, hingað til lands, en ákærði kvaðst hafa verið sendur hingað til lands af Kaupmannahafnarlögreglu. Samkvæmt skýrslum lögreglunnar í Kaupmannahöfn var ákærða ekið á aðaljárnbrautarstöðina í Kaupmannahöfn 4. febrúar sl., eftir að ákærði hafði gert upp skuldir sínar í Kaupmannahöfn, svo sem ákærði hefur sjálfur borið. Þar með lauk afskiptum dönsku lögreglunnar af ákærða. Ákærði hefur lýst því, hvernig hann sótti framangreinda töskú, þar sem hún var geymd á aðaljárnbrautarstöðinni í Kaupmannahöfn, eftir að afskiptum dönsku lögreglunnar lauk. Ákærði hefur og lýst því, hvernig og hvers vegna hann tók ákvörðun um að flytja efnið hingað til lands, og koma afskipti dönsku lögreglunnar því ekkert við í þeim skilningi, að ákærði hafi verið af lögreglunni sendur hingað til lands, eins og ákærði bar. Ákærði tók sjálfur ákvörðun um að flytja töskuna hingað til lands 4. febrúar sl., en í töskunni var 1201 g af kókaíni, og ber ákærði refsiábyrgð samkvæmt því.

Samkvæmt þessu telur dómurinn sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi flutt til landsins 1201 g af kókaíni frá Kaupmannahöfn 4. febrúar sl., svo sem ákært er út af. Ákært er fyrir að hafa flutt kókaínið hingað til lands í söluskyni.

Ákærði hefur fyrir dóminum neitað að hafa ætlað efnið til sölu, og sölutilraunir hafi ekki komið til, fyrr en Jóhann Jónas Ingólfsson bar sig eftir efninu hjá ákærða. Ýtarleg rannsókn hefur farið fram á því, hvort ákærði hafi flutt efnið til landsins í söluskyni, og má í þessu sambandi vísa til framburðar, er rakinn var að framan, um þennan ákærulið, svo og til annarra gagna málsins.

Björn Halldórsson bar fyrir dóminum, að ekki hefðu verið uppi sérstakar grunsemdir hjá lögreglu í garð ákærða, er Jóhnn Jónas Ingólfsson hafði fyrst samband við lögregluna í lok júlí sl. og greindi frá því, að ákærði hefði boðið sér kókaín til sölu. Eftir að Jóhann Jónas kom til sögu, taldi lögreglan tengsl vera milli ákærða og annars nafngreinds aðila, er talinn var hafa haft kókaín undir höndum.

Ákærði hafði kókaínið lengi í vörslum sínum, en ákærði hóf afplánun refsidóms fljótlega eftir komu til landsins. En ákærði fékk reynslulausn 26. júní sl., og það var því ekki fyrr en eftir, að afplánun lauk, sem ákærði fór að huga að því að losa sig við efnið, og hafði þá fljótlega samband við Jóhann Jónas Ingólfsson, svo sem rakið hefur verið.

Dómurinn telur ótrúverðugan framburð ákærða um, að efnið hafi ekki verið flutt hingað til lands í söluskyni, en ákærði hefur einnig borið, að

ekki hafi komið til greina af sinni hálfu, að efnið færi á markað hérlendis. Ekki er sannað, að fyrir ákærða hafi vakað að láta mörgum mönnum efnið í té, svo sem kveðið er á um í 173. gr. a almennra hegningarlaga. Hins vegar er einsýnt, að ákærði gat ekki losað sig við kókaínið öðruvísi, en afhending þess varðaði við 173. gr. a almennra hegningarlaga, nema þá með því að fleygja efninu, en það hefur ekki vakað fyrir ákærða, enda hafði hann tækifæri til þess jafnt í Kaupmannahöfn sem hér á landi. Ákærði gerði það hins vegar ekki, heldur ákvað að flytja efnið hingað til lands 4. febrúar sl., svo sem að framan greinir, og hefur því að mati dómsins þá verið búinn að taka ákvörðun um að afhenda efnið á einhvern hátt. Dómurinn telur, að afhending á svo miklu magni jafnhættulegs fíkniefnis, sem hér um ræðir, varði ávallt við 173. gr. a almennra hegningarlaga, og langlíklegasti afhendingarmáti ákærða var sala, eins og síðar kom í ljós. Þá má benda á framburð ákærða, sem kvaðst hafa talið einhverja aðila hafa ætlað að komast yfir efnið hjá sér fyrir ekki neitt. Dómurinn telur þannig sannað með vísan til gagna málsins, en gegn neitun ákærða, að ákærði hafi flutt efnið til landsins í söluskyni, þótt við innflutninginn hafi ekki verið ákveðið, hvort ákærði seldi efnið sjálfur eða afhenti það öðrum til sölu. Rétt er hins vegar að taka fram, að ákæran lýtur ekki að samskiptum ákærða og Jóhanns Jónasar Ingólfssonar. Hugsanleg og/eða fyrirhuguð fíkniefnasamskipti ákærða og Jóhanns Jónasar skipta því ekki máli hér nema í því sambandi að vera til upplýsingar um það, hvort fyrir ákærða hafi vakað í upphafi að selja efnið hérlendis.

Vegna samskipta ákærða og Jóhanns Jónasar annars vegar og vegna samskipta lögreglu og Jóhanns Jónasar hins vegar er rétt að ítreka, að sakarefnið samkvæmt ákærunni lýtur ekki að samskiptum ákærða og Jóhanns Jónasar. Vegna þessa er rétt að geta þess, að við munnlegan flutning málsins tók ákærandi af skarið að þessu leyti og tók sérstaklega fram, að ákæran lyti ekki að þessum samskiptum. Þess vegna er ekki sérstök ástæða til að leysa úr því, hvort samskipti lögreglu og Jóhanns Jónasar hafi verið aðfinnsluverð. Mat sönnunargagna er frjálst, sbr. meginreglur í VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála, hvort sem lögregla aflaði gagnanna í samvinnu við Jóhann Jónas eða á annan hátt. Dómsmeðferðin varðandi þessi samskipti laut að því að fá fyllri mynd af því, hvort efnið hefði verið flutt til landsins í söluskyni, svo sem ákært er út af.

Ákærði er ákærður fyrir vörslur efnisins frá 4. febrúar sl. þar til laust eftir miðnætti 18. ágúst sl., er lögregla lagði hald á efnið í bifreiðinni VJ-891 á Vesturlandsvegi, svo sem segir í ákæru.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa haft efnið í sínum vörslum, frá því að efnið var flutt til landsins 4. febrúar sl., en kvaðst þess hins vegar fullviss, að efnið hefði ekki verið í bifreiðinni á Vesturlandsvegi, er lögregla

kom þar að. Ákærði kvað efnið hafa verið skilið eftir á vinnustað Jóhanns Jónasar Ingólfssonar í Faxafeni að kvöldi 17. ágúst sl.

Rakinn hefur verið framburður Jóhanns Jónasar Ingólfssonar hér að framan um það, að hann hafi gengið úr skugga um, að kókaínið væri í bifreiðinni, er þeir ákærði fóru frá Faxafeni að kvöldi 17. ágúst sl. Jóhann Jónas mundi hins vegar ekki, hvor þeirra ákærða hefði sett efnið í bílinn.

Þá var rakinn framburður vitnanna Hákonar Birgis Sigurjónssonar, Lárusar Kjartanssonar, Ólafs Guðmundssonar, Jóhannesar Guðmundssonar, Jónasar Sigurðar Magnússonar, Guðmundar Bogasonar, Jóns Svavarssonar og Steingríms Erlendssonar, sem ýmist sáu umbúðirnar, er síðar reyndust geyma kókaínið, eða efnið sjálft í bifreið ákærða á Vesturlandsvegi. Þá voru teknar bæði ljósmyndir og myndband af kókaíninu, bæði í bifreiðinni og er efnið var tekið úr bifreið ákærða á Vesturlandsvegi. Þá kom fram í framburði þessara átta vitna, að við komu þeirra flestra á vettvang á Vesturlandsvegi, hefði fyrsta hugsunin verið sú að veita aðstoð, þar sem lögreglubifreiðin stóð í ljósum logum og lögreglumaður hafði slasast alvarlega. Allt þetta kemur fram bæði á ljósmyndum og á myndbandi, sem tekið var á vettvangi.

Hjá sumum vitnanna kom fram, að ringulreið hefði verið á vettvangi, og hið sama kemur að nokkru leyti fram á myndbandi því, er tekið var á staðnum. Þá kom fram hjá vitnunum, að farangur í skut bifreiðar ákærða hefði kastast til við árekstur inn, og eitt vitnanna, Guðmundur Bogason, sem fann kókaínið, lýsti því svo, að það, sem var í skut bifreiðarinnar, hefði verið saman kuðlað og í einum haug. Hafa verður þessar staðreyndir í huga, er framburður vitnanna er virtur um það, hvar nákvæmlega efnið fannst í skut bifreiðar ákærða og hver hafi verið innbyrðis afstaða hlutanna þar.

Dómurinn telur samkvæmt þessu langlíklegast, að viðbrögð ákærða strax við sundlaugarnar, sbr. ákærulið II.1, hafi mótast af því, að hann hafi verið að reyna að komast hjá handtöku með kókaínið í fórum sínum. Fullyrðing ákærða um, að kókaínið hafi ekki verið í bifreiðinni á Vesturlandsvegi, er því að mati dómsins og samkvæmt ofanrituðu úr lausu lofti gripin. Dómurinn telur því sannað, að ákærði hafi haft efnið í vörslum sínum, er lögreglan lagði hald á það í bifreiðinni VJ-891, svo sem í ákæru greinir.

Rannsóknastofa í lyfjafræði rannsakaði þrjú sýnishorn af efni því, er lagt var hald á í bifreið ákærða á Vesturlandsvegi. Í niðurstöðunni frá 24. ágúst sl. segir, að öll sýnin hafi verið kókaín. Greint var magn kókaínklóríðs í sýnunum, og reyndist það vera 84%, sem svarar til 75% kókaínbasa, 87%, sem svarar til 78% kókaínbasa, og 88%, og svarar það til 79% kókaínbasa.

Dómurinn telur samkvæmt öllu ofanrituðu háttsemi ákærða, sem honum

er gefin að sök í þessum ákærulið, varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, svo sem í ákæru greinir.

II.1.

Verður nú greint frá læknisvottorðum lögreglumannanna, sem voru í lögreglubifreið 305, sem ekið var á.

Svo sem rakið var, reyndist við meðferð málsins ekki unnt að yfirheyra Jóhannes Guðjónsson.

Í læknisvottorði Jóhannesar Guðjónssonar frá 18. september sl. segir svo: „Jóhannes slasaðist í umferðarslysi á Vesturlandsvegi aðfaranótt 18. ágúst 1992, þar sem hann sem lögreglumaður var að sinna skyldustörfum. Við komu á slysadeild er Jóhannes meðvitundarlaus. Hann spennir fótleggi, er með skjálfta í höndum, maður nær engu sambandi við hann. Hann er með tvo skurði, annan u. þ. b. 1½ sm langan og hinn u. þ. b. 3 sm langan, aftan við vinstra eyra, sem blæðir mikið úr. Hann er auk þess mikið marinn á hægri upphandlegg og hefur augljóslega fengið áverka á brjóstkassa. Vissum erfiðleikum var háð að halda uppi blóðþrýstingi fljótlega eftir komu, sjúklingur var settur í öndunarvél og þannig séð fyrir eðlilegri og góðri öndun.

Skyndirannsóknir sýndu í fyrsta lagi útbreiddan heilaáverka, þar sem voru smáblæðingar á víð og dreif í stóraheila með blæðingar örlitlar í heilahólf. Merki um útbreiddan alvarlegan höfuðáverka. Í öðru lagi sáust miklar breytingar í báðum lungum sem merki um mar á lungnavef. Auk þess loftbrjóst og blæðingar í brjósthol, hlutur, sem lagaður var með því að setja inn loftsog í brjósthol í nokkra daga.

Í þriðja lagi vegna blóðþrýstingsfalls var ákveðið að gera skyndiaðgerð á sjúklingi á kviðarholi vegna grunar um blæðingar, en svo reyndist ekki vera.

Í framhaldi af þessu er sjúklingur lagður á gjörgæsludeild, þar sem hann er vistaður í öndunarvél í rúmlega viku. Hann er meðvitundarlaus, hann teygir mjög á neðri útlimum, en hreyfir svolítið hægri hönd, og mikil áhersla er lögð á, að hann stífni ekki upp og stirðni í liðum.

Hann lagaðist smám saman í lungum, og öll sár greru vel.

Gerður var svokallaður barkaskurður til þess að auðvelda hreinsun slíms úr lungum og loftvegum.

Eftir að Jóhannes komst úr öndunarvélinni, hefur hann verið smám saman að vakna upp. Hann hefur andað sjálfur undanfarnar vikur. Hann er að verða ansi (sic) skýr í augum, og hann virðist skilja hluta af því, sem sagt er við hann, en hann getur ekki tjáð sig með tali ennþá.

Varðandi batahorfur er ómögulegt að segja nokkuð ákveðið. Ef sjúkling-

ur nær góðum bata, þá er ábyggilega langur tími þangað til með mikilli endurhæfingu og mikilli þolinmæði."

Í læknisvottorði Jóhannesar Guðjónssonar frá 7. október sl. segir m. a.: „Jóhannes útskrifaðist af heila- og taugaskurðdeild Borgarspítalans á Grensásdeild sama spítala 21. sept. sl.

Þangað var hann fluttur til áframhaldandi endurhæfingar eftir dvölina hér. Hann er nú í umsjá Guðnýjar Daníelsdóttur læknis.

Við útskrift er ástand hans þannig, að hann opnar augun og fylgist með því, sem gerist í kringum hann. Hann tjáir sig ekkert með tali, en svipbrigði eru farin að sjást í andliti, t. d. bros, og hann nikkar höfði til marks um, að hann skilji vissa hluti.

Hann er að hluta lamaður í vinstri líkamshluta og hefur ekki fulla stjórn á hægri útlimum.

Þarna eru liðnar fimm vikur frá slysinu. Einkenni hans gefa þannig merki um alvarlegan höfuðáverka, sem óvíst er nú, að hve miklu leyti gangi til baka. Ljóst er þó, að sjúkrahússvist Jóhannesar kemur til með að verða bæði löng og ströng og felst fyrst og fremst í sjúkraþjálfun og alm. endurhæfingu.

Lokavottorð um áverka Jóhannesar verður vart hægt að gefa út fyrr en að mörgum mánuðum liðnum."

Aron Björnsson, læknir á heila- og taugaskurðlækningadeild Borgarspítala, ritaði bæði læknisvottorðin.

Í læknisvottorði Benedikts Lund frá 18. september segir svo: „Hinn 18. 8. 1992 kl. 1.18 kom á slysadeild Borgarspítalans maður, sem kvaðst heita ofanskráðu nafni. Hann segir, að þá innan við klukkustund áður hafi hann verið í starfi sínu að aka lögreglubifreið, er bifreið, sem önnur lögreglubifreið var í humátt á eftir, kom á eftir honum, og þótt hann væri á ferð, þá ók sá, sem á eftir kom, svo hratt, að hann skall á bifreið Benedikts og virtist ekki hafa hægt á sér, og telur hann, að bifreið sú, sem hann var í, hafi verið á um 50 til 60 km hraða, er bifreiðin skall aftan á hann.

Áreksturinn var svo harður, að báðir bílarnir virtust gjörónýtir, og kviknaði í lögreglubílnum, sem hann ók, strax eftir áreksturinn. Hann var í bílbelti, en fékk verulegt högg á háls við þennan árekstur. Hann segist hafa fengið áverka á hálsinn þremur árum áður í slysi og þá hálsbrotnað. Honum finnst, að brotnað hafi aftasti jaxl í efri gómi vi. megin við áverkann nú, og er aumur í neðri kjálka vi. megin og finnst hann þrútinn þar. Er með verk vinstra megin í hálsi og höfði. Finnst eins og strengur báðum megin í hálsi og niður í bak. Væg eymsli undan öryggisbelti yfir brjósthol vinstra megin, kvartar einnig yfir mari á sköflungi.

Við skoðun kemur í ljós:

Við skoðun á munnholi er smáhorn brotið á öftustu tönn í efri gómi

vinstra megin. Hann er með sár innan á kinn vi. megin. Eymsli vi. megin í neðri kjálka og bólga yfir því svæði. Eðlilegar hálshreyfingar. Eymsli hliðlægt í hálsi og yfir slöðurvöðva báðum megin. Ekki bein eymsli yfir hryggjatindum. Eymsli yfir processus mastoideus vöðvafestingum vi. megin í hálsi. Talið vera hálshnykksáverki, rtg-mynd af kjálka sýnir ekki brot. Fær lyfseðil á bólgueyðandi töflur, Voltaren. Fær að fara úr slysadeild Borgarspítalans með hálskraga og lyfseðil á áðurnefndar töflur.

Kom til skoðunar þann 31. 8. 1992. Hann hefur þá meiri einkenni frá hálsliðum en áður og hefur versnað verulega síðustu viku. Hefur ekki verið tekin rtg-mynd af hálsliðum vegna þessa slyss, en var myndaður fyrir ári út af öðru slysi, og þá sáust breytingar í hálshryggnum. Er nú sendur í rtg-myndatöku af hálsliðum, og kemur í ljós, að hann er með slitbreytingar á milli IV. og V. hálsliðar, sem hafa aukist frá mynd, sem tekin var fyrir ári. Ekki var hægt að sjá ferska áverka við þessa rannsókn. Hann átti tíma í sjúkraþjálfun vegna fyrri áverka, og gert ráð fyrir, að hann taki út þá tíma í sjúkraþjálfun og hafi samband við okkur, þegar hann er búinn með meðferð hjá sjúkraþjálfara. Ákveðið, að hann hafi áfram hálskraga, og fær útskrifaðar bólgueyðandi töflur, sem hann fékk við upphaflega komu."

Haukur Árnason, læknir á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans, ritaði læknisvottorð um Benedikt Lund.

Ákærði hefur borið, að lögreglubifreið 305 hafi ekið í veg fyrir bifreið sína með þeim afleiðingum, að árekstur varð. Vitnið Andrés Þór Sigurjónsson kvað sér hafa virst lögreglubifreiðinni vera ekið áfram eftir miðlínu vegar, áður en árekstur varð. Síðan hafi lögreglubifreiðinni verið ekið til hægri í veg fyrir bifreiðina.

Gengið var á vettvang 10. nóvember og m. a. litið út um gluggann, þar sem vitnið Andrés Þór stóð umrætt kvöld, og teknar ljósmyndir þar, sbr. dómskjal nr. 47. Það er álit dómsins, að ógerlegt sé að sjá með berum augum þaðan, sem vitnið Andrés stóð, hvort bifreið á Vesturlandsvegi, þar sem áreksturinn varð, sé ekið á miðlínu vegar, eða yfirleitt að sjá, á hvorri akrein bifreið þar er. En rétt er að taka fram, að Vesturlandsvegur kemur betur í ljós á þeim tíma, er gengið var á vettvang, en á þeim tíma, er áreksturinn varð 18. ágúst sl. Gengið var á vettvang um bjartan dag, er jörð var snævi þakin og Vesturlandsvegur auður og því eins og svört rás í landslaginu. Þrátt fyrir þetta var ekki unnt að sjá stað bifreiða á slysstað. Atburðurinn varð hins vegar um miðnætti aðfaranótt 18. ágúst sl., er Vesturlandsvegur hefur ekki skorið sig eins úr umhverfinu og hinn 10. nóvember sl.

Svo sem rakið hefur verið, voru engin hemlaför eftir bifreið ákærða á vettvangi. Dómurinn telur sannað með framburði vitnanna Lárusar

Kjartanssonar, Ólafs Guðmundssonar og Benedikts Lund og að öðru leyti með vísan til gagna málsins, að ákærði hafi ekið bifreið sinni viðstöðulaust á ofsahraða, allt að 160 km/klst., aftan á lögreglubifreiðina, svo sem lýst er í þessum ákærulið.

Að öðru leyti telur dómurinn sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, þ. m. t. framburði vitna, að ákærði hafi gerst sekur um aðra háttsemi, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerst sekur um alla þá háttsemi, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Vísað er til ákærunnar að framan um heimfærslu brota ákærða í þessum ákærulið.

Í 168. gr. almennra hegningarlaga segir, að varðað geti allt að sex ára fangelsi, ef maður raskar öryggi járnbrautarvagna, skipa, loftfara, bifreiða eða annarra slíkra farar- eða flutningatækja eða umferðaröryggi á alfaraleiðum, án þess að verknaður varði við 165. gr. Dómurinn telur 219. gr. almennra hegningarlaga taka til brota ákærða, að því er varðar líkamsmeiðslin, og útiloki þar með 165. gr., sem ekki er ákært út af. Þá telur dómurinn jafnframt, að 168. gr. almennra hegningarlaga taki til almannahættubrota ákærða, sem stöfuðu af ofsaakstri hans, en ákærði raskaði öryggi bifreiða og annarra slíkra farar- eða flutningatækja og þar með almennu umferðaröryggi á alfaraleiðum, sbr. 168. gr. almennra hegningarlaga. Með akstrinum stofnaði ákærði óákveðnum hagsmunum ótiltekins fjölda vegfarenda í augljósa hættu, en vitni hafa borið um umferð á akstursleið ákærða. Ekki er við dómvenju að styðjast um beitingu 168. gr., eins og hér stendur á. En samkvæmt orðanna hljóðan getur sá, sem er beinn þátttakandi, t. d. í umferð, með akstri bifreiðar valdið almannahættu jafnt og ekki síður en sá, sem ekki er beinn þátttakandi, en í greinargerð með ákvæðinu er í dæmaskyni vísað til utanaðkomandi aðila, sem valda hættunni. Dómurinn telur lagagreinina alls ekki útiloka þann, sem er beinn þátttakandi og veldur þannig hættu, t. d. með ofsaakstri, og er nær lagi að telja það svo augljóst, að ekki hafi verið talin ástæða til að taka dæmi um það í greinargerð, enda er orðalag greinarinnar í samræmi við þessa skoðun dómsins.

Ákærði hóf strax við sundlaugarnar ofsaakstur og ók um Laugarás og Langholtsveg með allt að 135 km hraða. Dómurinn telur því almannahættu hafa stafað af akstursmáta ákærða alla leið frá sundlaugunum og á slysstað á Vesturlandsvegi. Með því að heimfæra þessa háttsemi undir 168. gr. almennra hegningarlaga telur dómurinn, að ekki eigi jafnframt að beita tilvitnuðum ákvæðum umferðarlaga og auglýsingar nr. 250/1987, þar sem

168. gr. tæmi sök gagnvart þeim ákvæðum sem og gagnvart 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, sem þannig verður ekki beitt jafnframt.

Háttsemi ákærða samkvæmt þessum ákærulið varðar því við 168. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.2.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa lagt einu sinni til manns á Vesturlandsvegi eftir áreksturinn. Með vísan til þess framburðar ákærða og að öðru leyti með vísan til framburðar vitnanna Lárusar Kjartanssonar og Hákonar Birgis Sigurjónssonar telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er hér gefin að sök. Árás ákærða var sérstaklega hættuleg vegna skæranna, sem notuð voru, en skærin, með 13,5 sm blaðlengd, hefðu auðveldlega getað valdið stórfelldu líkams- og heilsutjóni.

Brot ákærða varðar við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, svo sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur gengist undir geðheilbrigðisrannsókn, meðan hann hefur sætt gæsluvarðhaldi. Í skýrslu Högna Óskarssonar geðlæknis, dagsettri 27. október, en Högni hefur staðfest skýrsluna fyrir dóminum, segir m. a. svo í kafla, sem ber heitið: Núverandi afbrot. Styttri aðdragandi: „Svo virðist sem Steinn hafi beitt miklum varúðarráðstöfunum síðustu dagana fyrir atburðinn af ótta við, að með sér væri fylgst. Ekkert kemur fram í frásögn hans né annarra, að hann hafi verið haldinn ranghugmyndum eða ofskynjunum á þessum tíma."

Í kafla, sem heitir Atburðurinn, segir m. a.: „Hins vegar er engin skynsamleg skýring á því, hvers vegna Steinn flúði af hólmi, þegar lögreglan reyndi að handtaka hann við sundlaugarnar. Þá mun hann hafa verið með nokkra skammta af kókaíni á sér, og segir Steinn, að eftir að hann ók af stað, hafi hann gleypt þá í sig, til að þeir fyndust ekki. Skýrir þetta það, hvers vegna svo mikið kókaínmagn mældist í þvagi Steins, eftir að hann hafði verið handtekinn.

Sú hugsun mun hafa verið ríkjandi hjá Steini að forðast handtöku, og ók hann því á ofsahraða sem leið lá út úr Reykjavík. Nokkuð ljóst er, að þegar hann var kominn upp fyrir bæinn, voru kókaínáhrif farin að segja til sín, og virðist dómgreind hans og fjarlægðarskyn hafa truflast verulega við það. Kveðst hann hafa misreiknað sig, þegar hann sá lögreglubílinn fram undan, og í stað þess að aka fram hjá honum ók Steinn á bílinn."

Kafli í geðrannsókninni heitir Sjúkdómsgreining, og er hann á þessa leið:

„295,3, schizophrenia, paranoid.

303, blönduð vímuefnanotkun á tímabilum."

Við dómsyfirheyrslu 10. nóvember sl. leiðrétti Högni síðargreinda númer-

ið og kvað það eiga að vera 305 í stað 303. Þá kvað Högni íslenska heitið á fyrri sjúkdómnum vera geðklofa með ofsóknarívafi.

Í lokakafla rannsóknar geðlæknisins segir m. a.: „Ættingjum Steins ber nokkuð saman um, að síðustu vikur fyrir handtöku hafi ekki borið á geðrofseinkennum hjá honum, þó svo að örfáum dögum fyrir handtöku sem hegðun Steins verður mjög undarleg, þegar hann rakar af sér hárið. Þó kom ekki fram, að hann væri haldinn neinum ranghugmyndum eða ofskynjunum, sem segðu honum fyrir verkum. Steinn kveðst sjálfur alveg hafa verið laus við slíkt.

Hins vegar er það ljóst, að eftir að Steinn var settur í einangrun í Síðumúlafangelsi, hefur andlegt ástand hans versnað mjög hratt, svo að geðrofseinkenni eru mjög ríkjandi í huga hans og atferli. Upplifun hans og túlkun á raunveruleikanum er því orðin mjög annarleg, þegar geðrannsókn er framkvæmd, jafnvel þó að lyfjameðferð hafi verið hafin nokkru áður.

Rétt er að taka fram að lokum, að ekkert bendir til þess, að Steinn hafi verið haldinn alvarlegum geðrofseinkennum dagana áður en hann var handtekinn."

Högni Óskarsson geðlæknir kom fyrir dóminn 10. nóvember sl.

Högni gerði geðheilbrigðisrannsókn á ákærða í desember 1987 vegna líkamsárásar, sem Steinn var ákærður fyrir. Í niðurlagi þeirrar skýrslu sagði um ákærða, að augljóst væri, að Steinn teldist sakhæfur.

Í geðheilbrigðisrannsóknninni, sem vísað var til að framan, er ekki tekið svo skýrt til orða sem í fyrri rannsókn. Högni kvaðst hafa rannsakað ákærða mjög fljótlega, eftir að ákærði var settur í fangelsi, er rannsóknin í desember 1987 fór fram. Nú hafi hann verið beðinn að rannsaka ákærða, mörgum vikum eftir að hann var settur í fangelsi og orðinn mjög veikur, og því mjög erfitt að meta andlegt ástand hans daginn, sem atburðurinn varð, vegna þeirra breytinga, sem hafi orðið á andlegum högum hans. Högni kvað rannsókn sína nú hafa leitt í ljós, m. a. eftir samtöl við aðila úr fjölskyldu ákærða, að ekkert hefði komið fram í frásögn þeirra, sem benti til þess, að ákærði hefði verið haldinn þeim geðrofum, að raunveruleikatengsl hans hafi verið mjög skert á þeim tíma, er atburðir þeir urðu, sem í ákæru greinir. Með geðrofi kveðst Högni eiga við það, að svo mikil truflun hafi orðið á hugsun og skynjun viðkomandi, að raunveruleikatengsl hafi rofnað verulega, þannig, að túlkun viðkomandi á því, sem var að gerast í kringum hann, bæði líðandi og liðnum atburðum, mótaðist miklu meira af túlkunum á hugarskynjun en á því, sem raunverulega er að gerast.

Högni kvaðst hafa unnið að rannsókn ákærða með 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga í huga, en sér væru þessar lagagreinar kunnar. Er Högni var spurður um það, hvort þessar lagagreinar ættu við ákærða, sagði hann nokkuð ljóst, að 15. gr. ætti ekki við. Högni kvað 16. gr. nálgast

ástand ákærða meira, þar sem ákærði væri haldinn sjúkdómi, þó að hann væri sveiflukenndur. Högni kvað erfitt að svara spurningunni um áhrif refsingar og binda svarið við ákærða, en taldi fangelsi í landinu þess almennt vanbúin að vista fanga, sem ættu við einhverja geðsjúkdóma að stríða.

Högni lýsti síðan langvinnum og skammvinnum áhrifum sjúkdóma, sem ákærði er haldinn, og flokkaði þá í grófum dráttum, en ekki er ástæða til að reifa það frekar hér.

Ljóst er af framburði Högna Óskarssonar geðlæknis, sem studdur er öðrum gögnum málsins, m. a. gögnum frá fangelsislækni, að heilsu ákærða hefur hrakað mjög, eftir því sem leið á gæsluvarðhaldið. Vegna þessa voru rýmkaðar heimildir um heimsóknir til ákærða, en ákærði sætir nú svokallaðri lausagæslu.

Svo sem rakið hefur verið, hefur ekkert komið fram, sem bendir til þess, að heilsuhagir ákærða hafi verið þannig, er atburðir þeir urðu, sem í ákæru greinir, að ákærði hafi þá ekki borið fulla ábyrgð á gerðum sínum, og má í þessu sambandi vísa til þess, sem rakið hefur verið hér að framan um andlegt ástand ákærða á þessum tíma. Dómurinn telur ákærða því sakhæfan, þótt ákærði sé haldinn þeim sjúkdómum, sem áður er um getið.

Áður hefur verið vikið að frjálsu mati dómsins jafnt á framburði vitnisins Jóhanns Jónasar Ingólfssonar og öðrum gögnum málsins. Verjandi ákærða taldi Jóhann Jónas hafa stjórnað og leitt öll samskipti þeirra ákærða og að ákærði bæri þannig ekki ábyrgð á því, er gerðist, eftir að farið var frá sundlaugunum í Laugardal, heldur beri lögregla á því ábyrgð, þar sem rannsóknaraðferð sú, er notuð var, hafi hrundið atburðarásinni af stað.

Högni Óskarsson geðlæknir bar fyrir dóminum, að eitt af einkennum sjúkdóms ákærða væri framtaksleysi. Þá sé ákærði háður öðru fólki og að það geti bæði stafað af persónuleika ákærða og á vissan hátt tengst sjúkdómi hans. Þá gat Högni þess, að í tvö horn skipti um það, hvernig ákærði brygðist við gagnvart þeim, er hann treysti. Ýmist kynni ákærði að vera þeim háður, en einnig gæti hann verið óráðþæginn gagnvart þessu sama fólki.

Dómurinn telur ekkert fram komið í málinu, er bendi til þess, að ákærði hafi á þeim tíma, er ákæra tekur til, látið stjórnast af öðrum, heldur beri ákærði fulla ábyrgð sjálfur.

Ekki er við önnur gögn að styðjast en framburð ákærða um upphaf máls þessa. En samkvæmt framburði ákærða tók hann sjálfur ákvörðun um að flytja tösku þá, er kókaínið reyndist falið í, frá Kólumbíu til Madridar og þaðan til Kaupmannahafnar. Síðan ákvað ákærði að flytja töskuna hingað til lands, en ákærða grunaði, að í töskunni væru falin fíkniefni, eins og

ákærði komst að orði. Atburðarásinni lauk í raun ekki fyrr en á Vesturlandsvegi eftir áreksturinn.

Dómurinn telur augljóst, að ákærða hafi þegar verið ljóst við sundlaugarnar í Laugardal, að lögregla var þar á ferð í því skyni að handtaka hann. Svo sem vitnaframburður ber með sér, var ákærða veitt eftirför alla leið í Mosfellsbæ, þangað til áreksturinn varð. Þegar við sundlaugarnar voru sett upp blá blikandi viðvörunarljós á ómerktum lögreglubifreiðum og ekið alla leiðina rétt fyrir aftan ákærða og skömmu fyrir áreksturinn við hlið bifreiðar hans á Vesturlandsvegi. Þá mætti ákærði merktri lögreglubifreið á Langholtsvegi, og var sú bifreið sömuleiðis með viðvörunarljós.

Um skýringar á viðbrögðum ákærða við sundlaugarnar má vísa til þess, er getið var um hér að framan, svo og til geðheilbrigðisrannsóknar Högna Óskarssonar geðlæknis.

Ákærði hefur borið, að kókaínneysla sín að kvöldi 17. ágúst sl. hafi engin áhrif haft á sig. Í niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfjafræði frá 22. september sl., þar sem rannsakað var blóð- og þvagsýni, er tekið var úr ákærða eftir handtöku, segir m. a.: „Í blóðinu var hins vegar kókaín, 1,1 míkróg/ml. Niðurstöðutölur kókaínákvörðunar voru staðfestar með massagreiningu.

Magn kókaíns í blóði var svo mikið, að hlutaðeigandi hefur verið með kókaíneitrun, sem gæti hafa verið alvarlegs eðlis og ekki langt frá því að vera banvæn."

Þessi niðurstaða og framburður Högna Óskarssonar og það, sem rakið var að öðru leyti um þetta hér að framan, þykir skýra viðbrögð ákærða, ofsafengið aksturslag, sem höfðu hinar alvarlegu afleiðingar í för með sér, en framburður ákærða að þessu leyti að engu hafandi. Ákærði ber fulla ábyrgð þrátt fyrir ástandið, sem hann kom sér í með neyslu kókaínsins, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga. Fullyrðing verjanda um, að lögregla beri ábyrgð á því, hvernig fór á Vesturlandsvegi, fær enga stoð í gögnum málsins.

Atlaga ákærða að Lárusi Kjartanssyni lögreglumanni, sbr. ákærulið II.2, var stórhættuleg. Skærin, sem ákærði lagði með til Lárusar, hafa verið rannsökuð ásamt fatnaði, er skærin skemmdu, og vasabókinni, sem annað lagið hafnaði á. Í skýrslu Haralds Árnasonar rannsóknarlögreglumanns, sem hann hefur staðfest fyrir dóminum, segir m. a.: „..... telur undirritaður augljóst, að án fyrirstöðu hefðu umrædd skæri gengið að fullu inn í líkama lögreglumannsins". Það var samkvæmt þessu hrein tilviljun, að ekki hlaust stórslys af tilefnislausri atlögu ákærða að Lárusi Kjartanssyni lögreglumanni.

Við munnlegan flutning málsins lýsti verjandi ákærða fjölmörgum atriðum, sem sýndu að hans mati, hvernig réttaröryggi ákærða hefði verið skert.

Svar við mörgum atriðunum er að finna í því, sem að framan hefur verið rakið, og þá einkum þeim atriðum, er skipta máli vegna þess sakarefnis, sem hér er til úrlausnar. Eitt þessara atriða laut að yfirheyrslu yfir ákærða fyrir luktum dyrum 29. október sl. Sú ákvörðun var tekin með vísan í c-lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991. Ákvörðun um lokað þinghald var órökstudd, en þinghaldinu var lokað í því skyni að koma í veg fyrir, að vitnið Jóhann Jónas Ingólfsson gæti kynnt sér framburð ákærða, áður en næðist að yfirheyra Jóhann fyrir dóminum. Dóminum þótti þannig veruleg hætta á sakarspjöllum, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991, ef þingað væri fyrir opnum dyrum, eins og á stóð í máli þessu. Um það, hvort lokun þinghalds við þessar aðstæður hafi verið heimil og til túlkunar á þessu lagaákvæði, var höfð hliðsjón af greinargerð með þessari grein laganna. En þar segir, að 8. gr. komi í stað 16. gr. eldri laga um sama efni og að greinin feli ekki í sér verulegar efnisbreytingar. Ef c-liður 8. gr., 1. mgr., laga nr. 19/1991 heimilar ekki lokun þinghalds, eins og hér stóð á, hefur við gildistöku laganna orðið mikil efnisbreyting frá eldri lögum, sem heimiluðu lokun þinghalds við þessar aðstæður, sbr. 16. gr. eldri laga, en svo sem segir í greinargerð með 8. gr. laga nr. 19/1991, kemur sú grein í stað 16. gr. eldri laga og átti ekki að fela í sér verulegar efnisbreytingar.

Ákærði hefur því samkvæmt öllu ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákærði hlaut reynslulausn á 80 daga eftirstöðvum refsingar í júní sl. Ákærði hefur með brotum þeim, er hann er nú dæmdur fyrir, rofið skilorð reynslulausnarinnar, og ber að taka hana upp og dæma með, sbr. 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt öllu ofanrituðu verður refsing ákærða hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur frá árinu 1989 hlotið þrjá refsidóma fyrir líkamsárás, þjófnað og fyrir brot gegn valdstjórninni og hlotið samtals sex mánaða fangelsi skilorðsbundið, en átta mánaða fangelsi óskilorðsbundið. Ákærði gekkst tvisvar undir dómsátt á árinu 1987, annars vegar fyrir umferðarlagabrot og hins vegar fyrir áfengislagabrot. Á árinu 1989 gekkst ákærði undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot, og var hann þá sviptur ökuleyfi í tvo mánuði frá 13. október 1988.

Brot ákærða eru stórfelld, innflutningur mikils magns hættulegs fíkniefnis í söluskyni, ofsaakstur ákærða í borginni og loks út fyrir borgina, og á akstursleið sinni raskaði ákærði margsinnis umferðaröryggi og stofnaði lífi og heilsu vegfarenda í augljósa hættu og olli með því almannahættu. Afleiðingar ofsaaksturs ákærða eru mjög alvarlegar, og má í því sambandi vísa til læknisvottorða fyrir lögreglumennina Jóhannes Guðjónsson og Benedikt Lund. Tilefnislaus og ofsafengin árás ákærða á Lárus Kjartansson var stórhættuleg og hefði getað valdið stórfelldu líkamstjóni

og jafnvel bana. Algjör tilviljun réð því, að ekki hlaust tjón af þeirri árás.

Refsing ákærða þykir samkvæmt öllu framanrituðu hæfilega ákvörðuð fangelsi sjö ár.

Til frádráttar refsivistinni og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi óslitið gæsluvarðhald ákærða frá því kl. 21.50 18. ágúst sl.

III.

Þess er krafist í ákæru, að ákærða verði gert að sæta upptöku á 1201 g af kókaíni.

Ákærði kveður upptökukröfuna ekki eiga að beinast gegn sér, heldur gegn Jóhanni Jónasi Ingólfssyni.

Vísað er til þess, er rakið var hér að framan um ákærulið I, og vörslur ákærða á kókaíninu. Með vísan til niðurstöðunnar þar ber að dæma ákærða til að sæta upptöku á 1201 g af kókaíni, sem lagt var hald á í fórum hans við handtöku á Vesturlandsvegi, sbr. ákærulið I, en efnið er nú í vörslum lögreglu, merkt efnaskrá nr. 3257. Vegna upptökunnar vísast til 5. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Ákærða er gert að greiða allan sakarkostnað, sbr. 165. gr. laga nr. 19/1991, þ. m. t. 300.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð og 400.000 kr. í málsvarnarlaun til Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Steinn Ármann Stefánsson, sæti fangelsi í sjö ár, en til frádráttar refsivist komi óslitið gæsluvarðhald ákærða frá kl. 21.50 18. ágúst sl.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á 1201 g af kókaíni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 300.000 kr. í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, og 400.000 kr. í málsvarnarlaun til Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 21. maí 1993.

Nr. 286/1991. **Óskar Mikaelsson**
gegn
Birni Emilssyni og
sýslumanninum í Reykjavík.

Kærumál. Uppboð. Lausafé.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1991. Áfrýjað var nauðungaruppboði, er fram fór 8. júní 1991 í uppboðsrétti Reykjavíkur. Var þar að kröfu varnaraðila seldur tölvubúnaður, er sóknaraðili hafði átt. Málið sætir nú kærumálsmeðferð fyrir Hæstarétti samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Sóknaraðili krefst þess, að uppboðið verði fellt úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar uppboðsins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili heldur því fram í fyrsta lagi, að krafa varnaraðila á hendur sér hafi á uppboðsdegi verið að fullu greidd. Hefur hann lagt fram útreikninga, er hann telur styðja þessa fullyrðingu. Ekki verður talið, að sóknaraðili hafi sýnt fram á, að kröfur varnaraðila hafi, er uppboðið fór fram, verið að fullu greiddar.

Í öðru lagi kveður sóknaraðili, að uppboðsbeiðni sé í engu samræmi við uppboðsheimildir beiðandans. Telur hann þetta eiga að leiða til þess, að uppboðs verði synjað. Uppboðsbeiðni varnaraðila var nægilega skýr. Er þar krafist uppboðs til lúkningar skuld, að höfuðstól 300.000 krónur, auk vaxta og kostnaðar, sem sundurliðaður er. Fjárnámsgerðir þær, sem uppboðsbeiðnin styðst við, eru samanlagt til lúkningar þessari fjárhæð höfuðstóls auk vaxta og kostnaðar. Tilgreining fleiri kostnaðarliða í uppboðsbeiðni en með réttu ættu að greiðast af uppboðsandvirði leiðir ekki ein sér til ómerkingar uppboðs. Auk þessa gagnrýndi sóknaraðili, hvernig greint var í beiðninni frá greiðslum inn á uppboðskröfuna. Um

þetta hefur hann átt kost á að leggja fram útreikninga, eins og fyrr greinir.

Enn kveðst sóknaraðili ekki hafa fengið tilkynningu um uppboðið frá uppboðshaldara. Samkvæmt vottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík var sóknaraðila tilkynnt á tíðkanlegan hátt um fyrirhugað uppboð. Þá kemur fram í gögnum málsins, að sóknaraðili annaðist um, að tekin væru afrit af hugbúnaði og gögnum, er geymd voru í tölvunni. Verður talið, að nægilega sé í ljós leitt, að sóknaraðila hafi verið kunnugt tímanlega um fyrirhugað nauðungaruppboð.

Þá heldur sóknaraðili því fram, að seldur hafi verið án heimildar hugbúnaður, en uppboðsheimildir hafi ekki náð til hans. Til grundvallar uppboði lágu tvær aðfarargerðir, þar sem aðför var gerð í „IBM-tölvukerfi, sem samanstendur af aðalstöð og þrem útstöðvum". Í uppboðsbók var bókuð sala á „Tölvukerfi m. m." Gögn málsins bera ekki með sér, að hugbúnaður hafi verið seldur.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 57/1949 var eigi skylt að skrá í uppboðsbók, hver keypti lausafé á uppboði, ef greitt var við hamarshögg. Ómerking uppboðsins verður því ekki á þessu byggð, svo sem sóknaraðili heldur fram.

Loks byggir sóknaraðili á því, að í fyrrgreindum aðfarargerðum hafi verið lýst yfir lögtaki. Af endurriti gerðanna er þó ljóst, að krafist var fjárnáms, og síðar í bókunum er fjallað um hið fjárnumda. Þá hefur verið lögð fyrir Hæstarétt yfirlýsing sýslumannsins í Hafnarfirði, þar sem segir, að ritvilla sé í endurriti. Í fógetabók sé skráð, að gert hafi verið fjárnám. Ritvilla sem þessi veldur ekki ógildi gerðanna.

Samkvæmt framansögðu verða ekki taldir neinir þeir ágallar á hinni áfrýjuðu uppboðsgerð, að ógildingu valdi. Ber því að staðfesta hana og dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða uppboðsgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Óskar Mikaelsson, greiði varnaraðila, Birni Emilssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mánudaginn 24. maí 1993.

Nr. 200/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Agnari Víði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og c- liður. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Rannsóknarlögregla ríkisins krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Það athugast, að varnaraðili kærði úrskurð héraðsdóms með bréfi 13. maí 1993, en málið var ekki sent Hæstarétti fyrr en með bréfi héraðsdómara 18. maí, sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. maí 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Agnari Víði Bragasyni, kt. 160966-3009, með lögheimili að Brekkulæk 6, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi í 45 daga, til föstudagsins 25. júní 1993 kl. 16.00.

Sl. nótt handtók lögregla kærða, Agnar Víði, vegna grunar um innbrot og þjófnað úr versluninni Þingholti, Grundarstíg 2 A, Reykjavík. Við yfirheyrslur hjá RLR í morgun þverneitaði kærði að eiga aðild að innbrotunum. Nú eru til rannsóknar hjá RLR þrjú kærumál, sem kærði er grunaður um aðild að. Hinn 6. apríl sl. voru embætti ríkissaksóknara send

rannsóknargögn tveggja kærumála á hendur Agnari Víði fyrir innbrotsþjófnað.

Kærða var veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 350 dögum, 12. nóvember sl. Hann hefur nú undanfarna mánuði margsinnis verið talinn uppvís að hegningarlagabrotum, en brotaferill hans er samfelldur allt frá 1983.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir rétt að taka til greina kröfu RLR um, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. júní nk. kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Agnar Víðir Bragason, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til föstudagsins 25. júní 1993 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 404/1992. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Guðmundi Ragnari Ingvasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjársvik. Tékkar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Gunnar G. Schram prófessor.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu, en staðfestingar dæmdum skaðabótum.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara þess, að refsing verði milduð og skilorðsbundin.

Í máli þessu liggja fyrir skýrslur ákærða og starfsmanna Búnaðarbanka Íslands í Garðabæ, sem hann átti skipti við vegna fyrirtækisins X-Ports hf. Hins vegar nýtur nær engra skriflegra gagna um viðskiptin umfram þá tvo tékka á bankareikning fyrirtækisins hjá Hamburgische Landesbank, sem hann seldi Búnaðarbankanum 18. júlí og 1. ágúst 1991 og ákæra í málinu snýst um. Leitað var til hins erlenda banka um upplýsingar varðandi stofnun og notkun þessa tékkareiknings, og synjaði bankinn um þær með skírskotun til bankaleyndar. Á hinn bóginn var ákærði ekki krafinn um framlagningu á yfirlitum eða öðrum gögnum um reikninginn, sem ætla mátti, að fyrirtæki hans hefði á hendi, en fyrirtækið var bókhaldsskylt. Í málinu er því ekki haldið fram, að stofnun eða notkun reikningsins hafi farið í bága við reglur um gjaldeyrismál. Ekki liggur fyrir skýring á því, hvers vegna umræddir tékkar voru ekki sýndir í greiðslubankanum fyrr en tæpum tveimur vikum eftir útgáfu- og söludag þeirra, og ekki er vitað með vissu, hvort framvísun fyrri tékka frá ákærða tók svipaðan tíma.

Upplýst verður að telja, að ákærði hafi stofnað til viðskiptanna við Búnaðarbankann í mars 1991 vegna þess, að fyrirtæki hans hafi

þá ekki átt kost á venjulegum afurðalánum við sölu sína á fiski af mörkuðum hér á landi til kaupanda eða viðtakanda í Þýskalandi. Hafi tilgangurinn verið sá að gera fyrirtækinu kleift að stunda þessa útflutningssölu án þess að binda í henni verulega fjármuni með því að nýta greiðslu frá hinum erlenda aðila, jafnóðum og fiskurinn var sendur, til að standa við greiðslur til fiskseljenda og annarra hér heima, sem inna þurfti af hendi án teljandi greiðslufrests. Hafi það verið regla fremur en undantekning, að tékki væri gefinn út og seldur sama dag og innborgun á reikninginn í Hamborg átti að fara fram frá hinum erlenda fiskkaupanda út af nýsendum fiski. Telja verður enn fremur, að ákærði hafi ekki dulið þennan tilgang fyrir Búnaðarbankanum.

Tékkareikningurinn í Hamborg var einvörðungu notaður í þágu umræddrar fisksölu, eftir því sem ákærði skýrir frá, og sá ákærði einn um þá notkun. Átti honum að vera auðvelt að gera sér grein fyrir, hver staða á reikningnum væri á hverjum tíma, sbr. 4. gr. laga nr. 94/1933 um tékka. Þegar litið er til þess, sem fyrr var rakið um upplýsingar í málinu, verður þó ekki talið nægilega sannað, að ákærða hafi verið ljóst við útgáfu fyrri tékkans 18. júlí 1991, að innstæða á reikningnum væri ekki fullnægjandi. Hafi ákærði ekki beitt þeim blekkingum við sölu á þessum tékka, að sakfelling samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við. Hins vegar ber að sakfella hann fyrir brot gegn 73. gr. laga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, enda verður að skilja höfnun greiðslubankans 31. júlí 1991 á innlausn tékkans á þann veg, að innstæða fyrir tékkanum hafi ekki verið næg.

Varðandi útgáfu og sölu síðari tékkans 1. ágúst 1991 verður á hinn bóginn að telja sannað, að ákærði hafi gert sér grein fyrir, að innstæðu vantaði fyrir honum, eins og síðar var staðfest með synjun greiðslubankans á innlausn. Hafi ákærði notfært sér traust starfsmanna Búnaðarbankans til að koma tékkanum í verð. Eins og sölu tékkans og ráðstöfun andvirðisins var háttað, varðar verknaður ákærða að öllu leyti við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir brot gegn almennum hegningarlögum eða lögum um tékka. Eftir atvikum telst refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi sex mánuði, en rétt þykir að fresta

fullnustu skilorðsbundið á fimm mánuðum af þeirri refsingu, eins og á er kveðið í dómsorði.

Hlutafélagið X-Port í Hafnarfirði var fyrirtæki á vegum ákærða, þar sem hann var framkvæmdastjóri og eiginkona hans stjórnarformaður, en þau bæði skráðir prókúruhafar. Hefur ákærði staðfest, að hann hafi einn annast stjórn á rekstri og fjárreiðum fyrirtækisins. Honum mátti vera ljóst, að fyrirsvarsmenn Búnaðarbankans treystu á framgöngu hans sjálfs í fyrrgreindum viðskiptum. Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu dómsins um skaðabótakröfu bankans á hendur ákærða.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ragnar Ingvason, sæti fangelsi sex mánuði, en fullnustu skal frestað á fimm mánuðum þeirrar refsingar og hún falla niður að þeim hluta að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur til Búnaðarbanka Íslands og um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar hæstaréttardómara.

Ákærði einn gat vitað, hvort innstæða væri í hinum þýska banka fyrir tékkunum, sem hann gaf út í nafni fyrirtækisins X-Ports hf. á tékkareikning þess, sbr. 4. gr. laga nr. 94/1933 um tékka.

Greiðslubankinn hafnaði innlausn 31. júlí og 13. ágúst 1991 og stimplaði tékkana þar um og endursendi Búnaðarbanka Íslands. Ekki er annað leitt í ljós en að höfnun þessi hafi verið vegna þess, að innstæða fyrir tékkunum var ekki næg. Með þessari athugasemd tel ég beri að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 26. júní 1992.

Ár 1992, föstudaginn 26. júní, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 3289/1991: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Ragnari Ingvasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júní sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 27. nóvember 1991, höfðað gegn Guðmundi Ragnari Ingvasyni, Drangagötu 1, Hafnarfirði, fyrir tékkasvik með því að hafa í júlí og ágúst 1991 í nafni fyrirtækis síns, X-Ports hf., gefið út eftirtalda tvo tékka á reikning þess fyrirtækis nr. 661587 í Hamburgische Landesbank, Hamborg, Þýskalandi, án þess að innstæða væri fyrir þeim á reikningnum, og framselt tékkana, sem voru gefnir út til fyrirtækisins, á útgáfudögum þeirra í Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ, og haft þannig af þeim banka fé með því að greiða þar reikninga með gíróseðlum, leggja inn á tékkareikninga fyrirtækisins í bankanum nr. 1539 og Sparisjóði Kópavogs nr. 2335, auk þess sem hann fékk peninga greidda út við framsal síðari tékkans, svo sem rakið verður nánar:

1. Nr. 2816025, að fjárhæð DM 100.000, dagsettur 18. júlí 1991. Ákærði greiddi með tékkanum fimm reikninga í formi gíróseðla, 1.358.086 kr., lagði inn á tékkareikning nr. 1539 1.712.080,10 kr. og tékkareikning nr. 2335 400.000 kr., samtals 3.470.166,10 kr.

2. Nr. 2816027, að fjárhæð DM 90.000, dagsettur 1. ágúst 1991. Ákærði greiddi með tékkanum tvo reikninga í formi gíróseðla, 1.940.441,00 kr., lagði inn á tékkareikning nr. 1539 139.864,50 kr. og tékkareikning nr. 2335 900.000 kr. og fékk útborgaðar í reiðufé 163.227 kr., samtals 3.143.532 kr.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 21. maí 1945, fnr. 409, og hefur sætt refsingum sem hér segir: [Þrjár sektir fyrir umferðarbrot o. fl.].

Málavextir.

Búnaðarbanki Íslands, útibúið í Garðabæ, keypti af ákærða tvo tékka á reikning nr. 661587, sem er reikningur fyrirtækisins X-PORTS hf. í Ham-

burgische Landesbank, Hamborg, Þýskalandi. Þeir fengust ekki greiddir, er þeim var framvísað í þýska bankanum. Annar tékkinn, nr. 2816025, að fjárhæð DM 100.000, er dagsettur 18. júlí 1991. Með þeim tékka greiddi hann Faxamarkaði hf., Reykjavík, samtals 674.329 kr., Fiskmarkaðnum í Þorlákshöfn 517.866 kr., Óskari Jónssyni & Co., Gunnarsbraut 10, Dalvík, 165.891 kr., og loks greiddi hann með C-gíró inn á tékkareikning X-PORTS hf. í Sparisjóði Kópavogs, nr. 1135, tékka nr. 262325, 400.000 kr., og inn á tékkareikning X-PORTS hf. í Búnaðarbanka Íslands, Garðabæ, nr. 1539, lagði ákærði inn 1.712.080,10 kr. Hinn tékkinn, nr. 2616027, sem var að fjárhæð DM 90.000, var dagsettur 1. ágúst 1991. Með þeim tékka greiddi hann Faxamarkaði í Reykjavík 1.262.744 kr., Fiskmarkaðnum í Þorlákshöfn 677.697 kr., og loks greiddi hann með C-gíróseðlum inn á tékkareikning X-PORTS hf. í Sparisjóði Kópavogs, nr. 113526, 900.000 kr. Inn á tékkareikning X-PORTS hf. við Búnaðarbankaútibúið í Garðabæ, nr. 1539, lagði hann 139.864,50 kr. Einnig fékk hann greiddar í reiðufé 163.227 kr.

Þegar Búnaðarbankinn reyndi síðan að innleysa tékkana hjá Hamburgische Landesbank í Hamborg, Þýskalandi, 31. júlí og 13. ágúst 1991, fengust þeir ekki innleystir, án þess þó að stimplað væri á þá um innstæðuleysi. 13. september 1991 kærði Búnaðarbanki Íslands málið til RLR og krafðist jafnframt endurgreiðslu tékkanna beggja.

Í millitíðinni, 26. júlí, gaf ákærði út annan tékka á sama reikning í Hamburgische Landesbank, að fjárhæð DM 115.000, og fékkst hann innleystur í bankanum.

Þar sem tékkar þeir, sem mál þetta snýst um, voru ekki stimplaðir sem innstæðulausir, var farið fram á það við Búnaðarbanka Íslands að fá upplýsingar um stöðu reikningsins, en engar upplýsingar fengust um þau atriði, sem óskað var eftir upplýsingum um, þar sem Hamburgische Landesbank í Hamborg neitaði að veita upplýsingar á grundvelli bankaleyndar.

Ákærði, Guðmundur Ragnar Ingvason, hefur skýrt svo frá, að tékkar þeir, sem mál þetta snýst um, séu allir gefnir út af reikningi X-PORTS og af X-PORT og framseldir af X-PORT. Hann sé prókúruhafi og hafi skrifað undir nafn sitt og það verið gert þr. þr. Málinu hafi verið þannig háttað, að fyrirtækið hafi verið að framleiða og selja fisk og síðan sent reikning á faxi til kaupanda úti í Þýskalandi. Hann hafi síðan daginn eftir átt að tilkynna innlegg hér á reikning þennan, sem X-PORT hefur í þýska bankanum, og senda telefax fyrir innleggi. Ákveðinn hafi verið tímamunur, sem það taki í bókunarkerfinu, bæði frá bankanum úti og hér heima, og þess vegna hafi ákærði fengið telefax til staðfestingar á því, að innleggið væri farið af stað, þó að ekki væri búið að bóka það inn á reikninginn úti. Ákærði sagði, að þá hefði hann ekki vitað betur en innlegg væru á

leiðinni og væru komin til bankans. Þetta hafi verið nánast allt tekjustreymi til X-PORTS hf., því að öll framleiðslan var þarna og allt farið í gegnum þennan reikning, en svo hafi það verið mismunandi, hve oft hann hafi selt tékka, hvort það hafi verið einu sinni í viku, tvisvar eða þrisvar. Ákærði sagðist hafa verið í góðri trú um, að tékkareikningurinn hefði verið í lagi, og hann væri ekki að ávísa innstæðulausum tékkum. Hann kvað reyndar fyrsta tékkann ekki hafa fengist innleystan, en tékki, sem gefinn hafi verið út 18. júlí, að fjárhæð DM 115.000, fengist innleystur. Tékkum þessum hafi verið ráðstafað inn á greiðslu fyrir X-PORT inn á ýmsa banka, bæði með beinum innleggjum inn á tékkareikninga og á C-gíró, sem lagt er inn á tékkareikninga, og allar þessar greiðslur hefðu gengið inn á tékkareikninga, sem eru jafnvel í Búnaðarbankanum sjálfum. Bankanum hefði því verið í lófa lagið að afturkalla allar færslur inn á aðra tékkareikninga og hefði auðveldlega getað bakfært allar greiðslurnar. Ákærði sagði það ekki hafa verið tilgang sinn að svíkja út fé frá Búnaðarbankanum í því skyni að auðga X-PORT hf. Hann kvaðst ekki heldur hafa beitt neins konar blekkingum. Hann hefði farið með tékkana og framvísað tilkynningum um innlegg, þegar hann hefði þau og um þau væri beðið, enda hefðu þessi viðskipti gengið snurðulaust í marga mánuði og engin ástæða verið til að ætla annað en svo yrði áfram. Ef allt hefði verið eðli málsins samkvæmt, hefðu tveir síðustu tékkarnir átt að koma til baka, en ekki þriðji síðasti og vera svo í lagi með annan síðasta, og væri þetta einungis munur á bókunardagsetningu. Ákærði sagði, að ákveðinn fyrirvari hefði verið um endanlegt uppgjör á greiðslum. Þegar kaupandi hefði greitt inn á sendingar, greiddi hann svokallaðar 90% greiðslur. Greitt hefði verið fyrir það, sem búið var að framleiða og afhenda inn í skipafélag, og hafi tekið mislangan tíma að fylla upp frystigám. Þau 10%, sem átti svo að greiða fyrir afganginn, hefðu verið samningsbundin og átti ekki að greiða síðar en á 10. degi, eftir að gámurinn var kominn í hendur kaupanda. En á þessum tíma hefðu verið frystir þarna peningar út af tveimur gámum, en ákærði hefði talið þá peninga vera komna í bankann. Ákærði sagðist hafa fengið telefax frá framleiðandanum og bankanum, þegar lagt var inn, og hann hefði framvísað þeim telefóxum fyrir innleggjunum oft í Búnaðarbankanum, en aðeins, þegar hann var beðinn um það. Ekki hefði verið algilt, að þau bærust alltaf í tíma. Skila hefði þurft afurðum á miðvikudagskvöldi til skipafélagsins, en skipin farið á fimmtudögum. Þegar skipin hefðu verið farin, hefði hann fengið um það kvittun frá skipafélaginu, að varan væri komin í geymslu og í þeirra hendur, ef skipið væri farið, og þá fyrst var hægt að útbúa skjölin til að senda út, þannig að mikil tímapressa hefði verið á því að koma skjölunum út og vera kominn til baka með innlegg. Á fimmtudögum hefði alltaf þurft að gera upp hráefnisskýrslur.

Aðspurður um, hvernig hafi farið um tékkana, segir ákærði þá liggja ófrágengna í Búnaðarbankanum. Hann kvaðst hafa verið búinn að ræða við þá þar í bankanum um frágang mála, en ekki fengið nein endanleg svör. Hann hefði orðið að stöðva framleiðslu í ágústbyrjun til þess að leita lausnar á þessum málum. Ákærði sagði, að reikningnum hefði ekki verið lokað, og sé hann því enn til.

Borinn var undir ákærða framburður vitnisins Gísla Helgasonar hjá RLR um tékkana og það, að Gísli teldi, að ákærði hefði beitt blekkingum við að skipta þessum tveimur tékkum. Þetta taldi ákærði alrangt og tilhæfulaust. Það hefði ekki verið á nokkurn handa máta hagur X-PORTS að beita blekkingum til að hafa fé út úr Búnaðarbanka Íslands. Og um það, að tékkarnir hefðu ekki verið innleystir á þessum tíma, hefði hann ekki vitað betur en peningar væru komnir eða væru á leiðinni. Hann hefði og enga ástæðu haft til þessa. Auk þess hefði þetta ekki getað verið þannig, vegna þess að tékkinn, sem seldur hefði verið á milli þessara tveggja tékka, sem málið snýst um, hefði ekki komið til baka líka, þó að það væri sami banki og sami kaupandi.

Vitnið Gísli Helgason deildarstjóri, til heimilis að Hrísmóum 5, Garðabæ, kt. 060342-6609, skýrði svo frá, að það hefði starfað í gjaldeyrisdeild Búnaðarbankans í Garðabæ og ákærði verið með fyrirtækið X-PORT í viðskiptum við bankann í tengslum við útflutning í nokkra mánuði. Vitnið sagði báða tékkana, sem málið snýst um, hafa verið innstæðulausa við sýningu í þýska bankanum, þar sem bankinn neitaði að innleysa þá og hefði endursent þá sem innstæðulausa. Hefði vitnið ályktað sem svo, að þar sem hinn erlendi banki neitaði að innleysa tékkana, hlytu þeir að vera innstæðulausir, þótt ekki væri stimplað á þá um innstæðuleysi, eins og gert væri hérlendis, en vitninu var ókunnugt um þýskar reglur um þetta. Ákærði hefði venjulega selt þessa tékka vikulega og var með yfirlýsingu frá bankanum um innstæðu á reikningunum. Hann hefði í þetta sinn sent slíkt yfirlit, og samkvæmt því var staðan á reikningunum, þ. e. a. s. í Þýskalandi, í lagi. En slík yfirlit segi í sjálfu sér ekki neitt, því að það geti verið búið að gefa út tékka á þessa innstæðu, án þess að bankinn viti það. Það kvað Búnaðarbankann hafa verið búinn að kaupa af honum þessa tékka í nokkra mánuði, jafnvel vikulega. Hann kvað þetta einungis vera útskrift af reikningnum, hvaða innstæða á reikningnum er þennan og þennan dag, eins og venjuleg útskrift, þ. e. a. s., að bankinn hefði keypt þessa tékka af ákærða og honum verið greitt í íslenskum peningum. Ákærði hefði einungis skipt tékkanum og engin bakfærsla verið möguleg, þar sem þetta hefði ekki gengið inn á tékkareikning, sem hægt væri að bakfæra af. Vitnið vissi ekki nákvæmlega, hvað ákærði hefði greitt, en sjálfsagt hefði hann verið með fullt af reikningum frá fiskmörkuðum og öðrum, því að hann hefði keypt fiskinn á fiskmörkuðum og alltaf þurft að greiða á fimmtudögum. Það taldi

líða svona 10-12 daga, þangað til að þessir tékkar kæmu aftur, ef þeir væru innstæðulausir. Vitnið taldi, að ekki hefði verið unnt að leggja þetta inn á reikninga hjá Búnaðarbankanum, sem síðan hefði verið hægt að bakfæra, þar sem ákærði hefði einungis verið með tékkareikning hjá Búnaðarbankanum. Vitninu var ókunnugt um, hvort aðrar greiðslur hefðu farið í gegnum þennan erlenda reikning. Vitnið taldi ákærða hafa beitt blekkingum, þegar hann skipti þessum tveimur tékkum. Taldi það blekkingarnar vera í því fólgnar, að það hefði trúað því, að innstæða væri til fyrir þessum tékkum, eins og verið hefði fyrir öllum hinum.

Niðurstöður.

Telja verður nægjanlega í ljós leitt, að innstæða hafi ekki reynst nægileg fyrir umræddum tékkum. Ekki skiptir það máli, þó að von hafi verið á innleggi á reikning fyrirtækisins frá Hamburgische Landesbank í Hamborg, Þýskalandi, þar sem næg innstæða á að vera fyrir þeirri fjárhæð, sem ávísað er á. Ákærði gerði ekki heldur nokkurn fyrirvara um það við bankann, að því er séð verður, að innstæða væri ekki næg eða von væri á innborgun. Ákærði hefur lýst því hér fyrir dómi, að viðskiptaaðili sinn erlendis hafi fryst greiðslur vegna gæðagalla. Ekki er fram komið, hve hárri fjárhæð þessi greiðsla hefur numið, en ekki verður talið, að ákærða hafi verið heimilt að ávísa á greiðslu þessa án þess að fá fullvissu fyrir því, að hún hafi verið lögð inn á reikninginn.

Atferli ákærða, að því er varðar ávísun á þann hluta fjárhæðarinnar, sem fer til greiðslu inn á reikninga fyrirtækisins X-PORTS hf. eða greiddir eru út í reiðufé til ákærða, þ. e. 2.112.080,10 kr. af tékka nr. 2816025 og 1.039.864,50 kr. af tékka nr. 2816027, samtals 3.151.954,60 kr., þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hvað varðar ávísun á þann hluta fjárhæðarinnar, er runnið hefur til greiðslu skuldar fyrirtækisins, sem er 1.348.086 kr. af tékka nr. 2816025 og 2.103.668 kr. af tékka nr. 2816027, samtals 3.461.454 kr., þykir sú háttsemi eiga undir 73. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin átta mánaða fangelsi, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu sex mánaða af refsingunni, og falli hún niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Búnaðarbanki Íslands hefur gert kröfu um, að ákærði endurgreiði höfuðstól tékkanna, samtals DM 190.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 7., 11., 12. og 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. ágúst 1991 til greiðsludags.

Ákærði hefur haldið því fram, að bótakrafan sé á hendur X-PORT hf., og gangist X-PORT hf. við henni, X-PORT hf. sé útgefandi og framselj-

andi tékkanna. X-PORT hf. sem slíkt samþykki að skulda þessa skuld við Búnaðarbanka Íslands, en ekki ákærði sjálfur. Hann einn sem einstaklingur sé ekki framseljandi eða útgefandi tékkanna, og samþykki hann því ekki kröfur á hendur sjlfum sér. Hann kvað bótakröfuna beinast að útgefanda, og hann skilji þetta svo, að það væri X-PORT hf. Ákærði hafi keypt alla tékkana af X-PORT hf., og komi þetta fram í öllum gögnum, m. a. á öllum bankastimpluðum kvittunum. Hvergi komi fram, að hann hafi skrifað sem einstaklingur á tékkana. Ákærði kvað tékkana einungis bera með sér, að þeir hefðu ekki verið innleystir, en ekki, að innstæða hefði verið ónóg.

Svo sem rakið hefur verið að framan, er ákærði fundinn sekur um að hafa staðið að útgáfu framangreindra tékka og með innstæðuleysi tékkanna valdið Búnaðarbanka Íslands fjárhagslegu tjóni, sem gera verði hann ábyrgan fyrir í máli þessu, og er honum því gert að greiða fjárhæð krafnanna auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt 15., sbr. 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. ágúst 1991 til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem ákveðast 50.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ragnar Ingvason, sæti fangelsi í átta mánuði, en fresta skal fullnustu sex mánaða af refsingunni, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði Búnaðarbanka Íslands, útibúinu í Garðabæ, DM 190.000 auk vaxta og dráttarvaxta samkv. 15., sbr. 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. ágúst 1991 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 50.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 418/1990. **Sigurður Þorsteinsson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Gísla hf.
(Ólafur Garðarsson hrl.).

Lausafjárkaup. Samningar. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 380.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 1. mars 1988 til greiðsludags, hinum sömu og krafist var fyrir héraðsdómi, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Þegar stefndi sendi áfrýjanda skriflegt tilboð um uppgjör á kaupum þeirra um vélsleða, voru um 16 mánuðir liðnir, frá því að lögmaður áfrýjanda hafði fyrst ritað stefnda, í júlí 1986, og gert kröfu um riftun á kaupunum ásamt endurgreiðslu á kaupverði vélsleðans, 380.000 krónum, með vöxtum frá því um haustið 1985, er kaupin voru gerð. Í svarbréfi í nóvember 1986 hafði stefndi beðist undan kröfunni með vísan til árangurslausrar umræðu við áfrýjanda sjálfan veturinn áður. Eigi að síður hafði samband haldist milli aðila, og stefndi hafði haft sleðann undir höndum frá því um vorið 1987, er áfrýjandi sendi hann til Reykjavíkur. Má ráða af framburði fyrirsvarsmanna stefnda, að þeir hafi haft uppi tilraunir til að selja sleðann frá því um haustið 1987 til að greiða fyrir lausn á málinu, en ekki fundið kaupanda. Um verð, er sett hafi verið á sleðann, eru þó ekki beinar upplýsingar.

Í tilboðinu var áfrýjanda gefinn kostur á að fá nýjan vélsleða á tilgreindu verðlagi í skiptum fyrir hinn gegn greiðslu á mismun vegna útlitsskemmda og slits á gamla sleðanum, eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Í annan stað kvaðst stefndi tilbúinn að

greiða honum nettóverðmætið í peningum, þannig, að málið væri úr sögunni. Var það sama fjárhæð og stefndi hafði krafist árið áður, en fundin með öðrum hætti og án vaxta. Kveðst áfrýjandi hafa skilið þetta þannig, að honum væri ekki nauðsynlegt að veita tilboðinu samþykki með áritun og endursendingu, eins og þar var á kveðið, nema hann veldi fyrri kostinn og gengist undir þær kvaðir, sem fylgja ættu ábyrgðarskilmálum á nýja sleðanum. Með hliðsjón af frágangi og aðdraganda tilboðsins verður að telja, að áfrýjandi hafi haft nokkra ástæðu til að leggja þennan skilning í efni þess.

Um framhald málsins má telja upplýst, að áfrýjandi hafi fljótlega haft samband við stefnda og meðal annars kvartað yfir fyrrnefndri mismunargreiðslu. Eftir nokkurt þóf vegna hennar hafi hann hins vegar lýst yfir, að hann væri reiðubúinn að samþykkja lausn á málinu með peningagreiðslu samkvæmt b-lið tilboðsins. Þetta samþykki áfrýjanda var staðfest í bréfi frá lögmanni hans 4. febrúar 1988. Er ekki ástæða til að rengja þá staðhæfingu í bréfinu, að um væri að ræða ítrekun á fyrri yfirlýsingum lögmannsins um samþykkið. Bréf þetta var ekki sent í ábyrgð, og stefndi kveðst ekki hafa fengið það í hendur. Á hinn bóginn liggur ekki fyrir, að frá honum hafi farið yfirlýsingar um það í kjölfar tilboðsins, að málinu væri lokið. Var það ekki fyrr en 8. ágúst 1988, þegar áfrýjandi og lögmaður hans voru farnir að ganga eftir greiðslu, að framkvæmdastjóri stefnda ritaði áfrýjanda bréf þess efnis. Í því bréfi var ekki vikið beinum orðum að umræddu tilboði, heldur vísaði framkvæmdastjórinn til þeirra breyttu aðstæðna, að hann hefði nú selt fyrirtækið Gísla Jónsson & Co. hf. Gæti hann því ekki lengur hjálpað áfrýjanda, eins og til hefði staðið, en hugmyndin hefði verið að selja gamla vélsleðann á 380.000 krónur og senda síðan áfrýjanda andvirðið. Kvaðst hann í þess stað myndu senda sleðann aftur til Akureyrar í von um, að áfrýjandi gæti selt hann nyrðra.

Ekki er upplýst til hlítar, hvar snjósleði áfrýjanda er nú niður kominn, en stefndi lét flytja hann til Akureyrar haustið 1988 í afgreiðslu flutningafyrirtækisins Dreka hf., án þess að áfrýjandi tæki þá við honum. Telur áfrýjandi, að sleðinn sé í geymslu hjá þriðja aðila á vegum þess fyrirtækis.

Eftir fyrrgreindum atvikum verður að telja sannað, að áfrýjandi

hafi lýst yfir samþykki við síðari kostinum í skriflegu tilboði stefnda eftir skammvinnar viðræður, sem átt hafi sér stað í beinu framhaldi af viðtöku tilboðsins. Hafi stefnda mátt vera ljóst, að áfrýjandi teldi samþykkið fram komið nægilega snemma og með nægilega skýrum hætti. Skiptir ekki máli í því tilliti, hvort fyrrgreint bréf frá lögmanni áfrýjanda komst til skila, eins og sendandi þess ætlaði. Hafi stefnda þannig orðið nauðsynlegt að skýra áfrýjanda frá því án ástæðulausrar tafar, að hann vildi ekki taka samþykkinu, ef afstaða hans var sú, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þar sem þetta gerðist ekki, er rétt að líta svo á, að stefndi hafi orðið bundinn af tilboði sínu, en það var án fyrirvara þess efnis, að honum tækist að selja sleðann. Er ekki leitt í ljós, að áfrýjandi hafi síðar raskað þeirri stöðu með viðtöku á sleðanum.

Samkvæmt þessu verður að miða við, að samkomulag hafi komist á um riftun á kaupum aðila með þeim hætti, sem lýst var í b-lið tilboðsins frá stefnda, og hafi það gerst í síðasta lagi í janúar 1988. Ber að taka til greina þá kröfu áfrýjanda, að stefnda verði gert að greiða honum það andvirði vélsleðans, sem upp var sett, 380.000 krónur, með vöxtum frá 1. mars 1988, eins og á er kveðið í dómsorði. Gegn þeirri greiðslu ber áfrýjanda að afsala til stefnda eignarrétti sínum yfir hinum umdeilda vélsleða í því ástandi, sem hann var, þegar stefndi tók við vörslum á honum haustið 1987. Rétt er að áskilja, að áfrýjandi veiti því atbeina sinn, ef þörf krefur, að stefndi fái endurheimt sleðann.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili ber kostnað sinn af málinu.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli hf., greiði áfrýjanda, Sigurði Þorsteinssyni, 380.000 krónur ásamt hæstu almennum innlánsvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. mars 1988 til uppsögudags dóms þessa auk vaxtavaxta, sem leggja má við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1989, en frá dómsuppsögudegi greiði hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Fari greiðslan fram gegn afhendingu

á eignarafsali frá áfrýjanda til stefnda á vélsleða af gerðinni Ski-Doo Formula Plus, árgerð 1985.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Garðars Gíslasonar hæstaréttardómara.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að beri að staðfesta hann.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sigurði Þorsteinssyni, kt. 211153-2889, Hvannavöllum 2, Akureyri, gegn Gísla hf., kt. 570169-1579, Sundaborg 11, Reykjavík, með stefnu, birtri 8. desember 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 380.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 17. nóvember sl., en var endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 5. apríl sl.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að stefndi hafi selt sér vélsleða í september 1985. Þegar í upphafi hafi komið fram gallar í sleðanum, og hafi þrásinnis verið reynt að bæta úr þeim, án þess að það bæri tilætlaðan árangur. Stöðugt samband hafi verið á milli stefnanda og stefnda, og hafi komið að því, að stefndi gerði stefnanda tilboð um að greiða honum 380.000 kr. og taka sleðann. Tilboð þetta sé dagsett 9. nóvember 1987. Stefnda hafi verið tilkynnt munnlega, að gengið yrði að þessu, og það staðfest í bréfi 4. febrúar 1988. Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir hafi stefndi ekki fengist til að greiða. Tekið er fram, að fyrirtækið Gísli hf. hafi áður heitið Gísli Jónsson og Co. hf., en nafni þess verið breytt í Gísla hf. með tilkynningu til Hlutafélagaskrár 26. júní 1988.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til skriflegs tilboðs stefnda svo og alm. reglna kröfuréttar.

II.

Aðalkröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að stefnandi hafi aldrei samþykkt tilboð stefnda og því hafi samningur ekki komist á. Stefndi hafi sent stefnanda tilboð 9. nóvember 1987 og boðist til að greiða 380.000 kr. fyrir sleðann. Í tilboðinu hafi vandlega verið tekið fram, að ef stefnandi samþykkti þetta tilboð, ætti hann að skrifa undir það og senda afritið til baka. Þetta hafi stefnandi ekki gert, og því hafi tilboðið engin réttaráhrif. Með öðrum orðum bindi tilboðið ekki tilboðsgjafa og sé því fallið niður. Stefndi hafi viljað fá svar strax, því að á haustin og fram í janúar/febrúar sé aðalsölutími vélsleða, og hugðist stefndi því selja sleða stefnanda þegar í stað. Þegar stefndi hafi ekki fengið afritið til baka, hafi hann gengið að því vísu, að stefnandi hafi ekki viljað fallast á tilboðið. Stefndi kannast ekki við að hafa fengið bréf lögmanns stefnanda, dags. 4. febrúar 1988.

Í samningalögum nr. 7/1936 sé tiltekið í 2. og 3. grein, hvaða reglur gildi um samþykkisfrest, þ. e. þann tíma, er tilboðsviðtakandi hafi til að svara tilboðinu. Í því tilboði, er hér liggi frammi, sé greinilegt, að tilboðsgjafi hafi ætlast til að fá afritið endursent án sérstakra tafa. Verði því í samræmi við 3. gr. samningalaga að álykta sem svo, að samþykkið hefði átt að vera komið til tilboðsgjafa að liðnum eðlilegum tíma, sem líklega sé 2-3 vikur í tilviki sem þessu. Hér sé krafist skriflegs svars, og þá sé líklega átt við, að svara eigi við fyrsta tækifæri.

Stefnandi, Sigurður Þorsteinsson, hefur gefið skýrslu fyrir dómi svo og Þorsteinn Baldursson, framkvæmdastjóri stefnda, og Sigurjón Þór Hannesson sölumaður.

III.

Óumdeilt er, að stefnda, Gísla hf., sé réttilega stefnt til varnaraðildar í máli þessu.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á skriflegu tilboði um greiðslu á 380.000 kr. fyrir vélsleða þann, sem hér um ræðir. Tilboð þetta, sem dags. er 9. nóvember 1987, hljóðar svo efnislega:

„Samkvæmt símtali 6. 11. 1987 sendi ég þér þetta bréf, sem er tilboð um kaupmála á vélsleðum, að gefnu tilefni.

a. Ég tek gamla sleðann á 420.000 kr. mínus þann kostnað, sem þarf til að koma honum í fullkomið stand, en það er skemmd á „húddi", tankhlíf og sér töluvert á belti plús það að vera ekinn 2900 km. Þetta er ég búinn að fá metið á 40.000 kr. Þú færð nýjan Formula plus, en verð á honum er 420.000 kr.

b. Ég er tilbúinn að greiða þér þessi 420.000 mínus 40.000 kr., sem eru 380.000, og málið verður þá úr sögunni.

Takir þú fyrra tilboðinu, vil ég taka það fram, að þá fengir þú sleðann

í fullkomnu standi frá okkur að undanskilinni tilkeyrslu og í ábyrgð, en í ábyrgðinni felst það, að engu má breyta í sleðanum á þeim tíma, að öðrum kosti er ábyrgðin fallin úr gildi.

Samþykkir þú þetta, bið ég þig að skrifa undir þetta og senda afritið til baka."

Undir tilboðsbréf þetta skrifar Sigurjón Hannesson vegna Gísla Jónssonar & Co. hf.

Stefnandi reisir kröfur sínar á b-lið framangreinds tilboðs.

Í tilboði þessu felst áskilnaður um skriflegt samþykki, en ekki er þar kveðið á um samþykkisfrest.

Stefnandi sendi ekki skriflegt samþykki vegna tilboðs þessa innan eðlilegra tímamarka samkvæmt ákvæðum 3. gr. samningalaga nr. 7/1936, og ósannað er, að ákvæði 2. mgr., sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna, eigi við. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til atvika málsins verður ekki talið, að stefndi sé bundinn af tilboði þessu gagnvart stefnanda. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Þorsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 88/1991. **Tryggingastofnun ríkisins**
(Viðar Már Matthíasson hrl.)
gegn
Láru V. Júlíusdóttur
(sjálf).

Fæðingarorlof. Ráðningarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1991 og krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda var framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands og félagsmaður í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur á þeim tíma, er hún átti rétt til fæðingarorlofs samkvæmt 2. gr. laga nr. 57/1987 um fæðingarorlof. Ágreiningslaust er, að félagsmenn í því stéttarfélagi nutu ekki óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningi þess við atvinnurekendur, sbr. áskilnað 2. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. 1. gr. laga nr. 59/1987. Stefndu bar því réttur til fæðingarstyrks samkvæmt 1. mgr. nefndrar 16. gr.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að stefnda hafi fullnægt nægilega því skilyrði í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 67/1971 að leggja niður launuð störf, meðan hún var í fæðingarorlofi. Hún átti því einnig rétt á fæðingardagpeningum samkvæmt 26. gr. laga nr. 67/1971.

Það fer ekki í bága við lagaákvæði þessi og haggar því ekki rétti stefndu til umræddra greiðslna frá áfrýjanda, þótt hún hafi í ráðningarsamningi við vinnuveitanda sinn tryggt sér laun í fæðingarorlofi, sem hún átti ekki rétt á samkvæmt kjarasamningi þeim, er ráðningarsamningur hennar byggðist á.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefndu, Láru V. Júlíusdóttur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. nóvember 1990, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 22. febrúar 1990, af Láru V. Júlíusdóttur hdl., kt. 130451-2689, Grensásvegi 16 A, Reykjavík, gegn Eggert G. Þorsteinssyni, kt. 060725-4709, forstjóra, Móaflöt 59, Garðabæ, f. h. Tryggingastofnunar ríkisins, kt. 660269-2669, Laugavegi 114, Reykjavík, til greiðslu fæðingarorlofs, samtals að fjárhæð 232.382 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði alsýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað [...].

Mál þetta var endurupptekið með vísan til 120. gr. laga nr. 85/1936 29. nóvember sl. og dómtekið sama dag að loknum munnlegum málflutningi.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefnandi fæddi barn 1. mars 1989. Hinn 29. maí s. á. sótti stefnandi um fæðingarorlof hjá stefnda, en umsókn þeirri var hafnað hjá lífeyrisdeild stefnda á þeim forsendum, að stefnandi fengi greiddan hluta launa hjá vinnuveitanda sínum, á meðan hún væri í fæðingarorlofi. Stefnandi vísaði málinu til tryggingaráðs 11. júlí s. á., og með úrskurði tryggingaráðs, dags 26. janúar 1990, hafnaði meiri hluti tryggingaráðs umsókn stefnanda um greiðslu fæðingarorlofs, bæði fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga, á þeim forsendum, að ekki væri tímabært að breyta gildandi starfsreglum Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu fæðingarorlofs, sem verið höfðu í gildi um árabil. Tveir tryggingaráðsmenn skiluðu séráliti, og einn skilaði sérstakri bókun, en var samþykkur niðurstöðu meiri hluta ráðsins.

Málsástæður stefnanda eru aðallega þær, að hún hafi samið við vinnuveitanda sinn um, að hún fengi greiddan mismun launa og fæðingarorlofs

og á þann hátt, að hún yrði ekki fyrir neinu tekjutapi, meðan á fæðingarorlofi stæði.

Stefnandi telur sig fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem sett séu í lögum um fæðingarorlof, bæði að því er varðar rétt til fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga. Synjun tryggingaráðs sé studd því, sem nefnt sé „gildandi starfsreglur Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu fæðingarorlofs". Þrátt fyrir þessa tilvitnun tryggingaráðs verði hvorki séð af gögnum málsins, hversu lengi þær starfsreglur hafi gilt, né hve mörgum hafi verið synjað um greiðslur þeirra vegna. Engin bókun sé til um þetta í tryggingaráði og ekkert skriflegt að styðjast við, hvorki frá tryggingaráði né ráðuneyti, og aldrei hafi verið tekið formlega á þessu ágreiningsatriði. Upplýsingum um synjun á fæðingarorlofi hafi ekki verið haldið saman, og ekki hafi verið spurt um launagreiðslur frá atvinnurekanda í umsókn um fæðingarorlof.

Stefnandi kveður ýmislegt benda til þess, að við endurskoðun laga um fæðingarorlof árið 1986 og 1987 hafi nefndarmenn skilið lögin þannig, að þau ættu að tryggja konum rétt til að semja um viðbótargreiðslur frá atvinnurekendum, og vísar um það efni til ummæla formanns nefndarinnar og þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Enn fremur vísar stefnandi til greinargerðar lögfræðings tryggingaráðs, þar sem hann mælir með því, að fæðingarorlofsgreiðslur verði samþykktar í þessu máli.

Stefnandi telur ekki vera ljóst, í hverju gildandi starfsreglur Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu fæðingarorlofs séu fólgnar, því að upplýst sé, að Tryggingastofnun ríkisins greiði bankamönnum athugasemdalaust fæðingarorlof þrátt fyrir viðbótargreiðslu frá atvinnurekanda, og samkvæmt jafnræðisreglum fái slík mismunun einstaklinga gagnvart lögum vart staðist. Stefnandi áréttar þetta með vísan til kjarasamnings ASÍ/VSÍ, þar sem m. a. sé samið um óskertar greiðslur á desemberuppbót og orlofsuppbót til foreldra í fæðingarorlofi, 4., 5. og 6. gr. samninganna, og spyr þá, hvort slíkar greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi komi í veg fyrir rétt þeirra til greiðslna fæðingarorlofs Tryggingastofnunar ríkisins.

Stefnandi kveður, að samkvæmt bókun tryggingaráðs rökstyðji ráðið synjun sína m. a. með því, hvaða sjónarmið hafi verið ríkjandi um, hvernig greiða skuli fæðingarorlof. Stefnandi krefst þess, að einungis sé farið að lögum, þegar réttur sinn til greiðslu fæðingarorlofs er metinn. Stefnandi kveður og, að synjun tryggingaráðs byggist einnig á því, að starfandi sé nefnd, sem sé að semja nýjar reglur um fæðingarorlof. Stefnandi telur, að tryggingaráð geti ekki með neinum hætti vísað ágreiningi um lögvarinn rétt stefnanda til fæðingarorlofs á síðasta ári til nefndar, sem starfar á vegum heilbrigðis- og tryggingaráðherra, né að niðurstaða þessa máls geti haft áhrif á það nefndarstarf. Nefnd þessari sé ætlað að gera tillögur um,

hvernig unnt sé að tryggja það, að konur, hvar sem þær eru í starfi, njóti jafnréttis, að því er varðar fæðingarorlof.

Samkvæmt ákvæðum laga um fæðingarorlof sé atvinnurekanda hvergi bannað að greiða viðbót við þær greiðslur, sem launþegi fær í fæðingarorlofi. Synjun á greiðslum fæðingarorlofs verði að grundvalla með vísun til beinna lagaákvæða, og það sé ein af grundvallarreglum íslensks réttar, að ef íþyngja eigi borgurum, þurfi skýra lagaheimild, og allan vafa í þessu sambandi verði að túlka borgurunum í hag. Réttur til fæðingarorlofs sé slík grundvallarmannréttindi, að ekki megi synja einstaklingum um greiðslu þess með vísan til annars en skýrra lagaákvæða.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til laga um fæðingarorlof nr. 57/1987 og 59/1987, einkum 1., 2., 8. og 9. gr laga nr. 57/1987 og 1. og 2. gr. laga nr. 59/1987.

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Sýknukröfu sína styður stefndi aðallega þeim rökum, að stefnandi fullnægi ekki lagaskilyrði til að njóta greiðslna á fæðingarorlofi frá stefnda, enda sé ekki á nokkurn hátt ljóst, að stefnandi hafi orðið fyrir launaskerðingu né heldur að hún hafi lagt niður launuð störf, meðan á fæðingarorlofi hennar stóð. Stefndi styður enn fremur mál sitt því, að stefnandi hafi við málflutning lýst yfir því, að við ráðningu hafi hún samið við vinnuveitanda sinn um, að hún nyti sömu kjara og opinberir starfsmenn, að því er fæðingarorlof varðar, og það hafi þær verkanir, að stefnandi hljóti þá að hafa notið óskertra launa og beri því ekki réttur til greiðslna fæðingarorlofs úr hendi stefnda.

Stefndi byggir og á því, að úrskurður tryggingaráðs styðjist við réttan skilning á 16. og 26. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og að túlka beri 2. mgr. 1. gr. og a-lið 2. gr. laga nr. 59/1987 svo, að ef umsækjandi fái laun frá vinnuveitanda, sé ekki um neinn rétt að ræða hjá Tryggingastofnun. Túlkun þessi á „óskert laun" og „að leggja niður launuð störf" sé í samræmi við eldri túlkun tryggingaráðs og álit lögfræðinga hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Af lögskýringargögnum verði ekki heldur séð, að ætlunin hafi verið að breyta fyrri túlkun að þessu leyti. Meðal annars bendir stefndi á, að í eldri lögum hafi verið ákvæði (15. mgr. 1. gr. laga nr. 97/1980) um, að lögin myndu ekki skerða þann heildarrétt, sem verkalýðsfélög hefðu samið um, umfram það, sem í lögum nr. 97/1980 greindi. Þeir, er samið höfðu um betri rétt en þann, er í lögum 97/1980 var kveðið á um, gátu sótt greiðslur til Tryggingastofnunar og mismun til launagreiðanda. Stefndi kveður, að slíkt ákvæði sé ekki að finna í núgildandi lögum nr. 59/1987.

Forsendur og niðurstaða.

Aðilar máls þessa deila um það, hvort stefnandi eigi rétt til fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga samkvæmt 16. og 26. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög nr. 57/1987 og 59/1987 um breytingar á lögum um almannatryggingar með síðari breytingum.

Stefnandi heldur því fram, að hún fullnægi öllum skilyrðum ofangreindra laga til að njóta fæðingarorlofsgreiðslna úr hendi stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi fullnægi ekki skilyrðum laganna til að njóta fæðingarorlofsgreiðslna. Annars vegar sé ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir launaskerðingu, hins vegar sé óljóst, að stefnandi hafi lagt niður launuð störf í þann tíma, sem krafa stefnanda tekur til. Í öðru lagi byggir stefndi á því, að úrskurður tryggingaráðs styðjist við réttan skilning á 16. og 26. gr. laga um almannatryggingar.

Ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 59/1987, hljóðar svo: „Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum þann tíma, er óskert laun eru greidd."

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins hefur túlkað 16. og 26. gr. laga um almannatryggingar, samanber 1. gr. og 1. mgr. 2. gr., a-lið, svo, að fái umsækjandi um fæðingarorlof einhver laun frá vinnuveitanda sínum, eigi viðkomandi ekki rétt til greiðslna frá Tryggingastofnun, og er synjun stefnda á greiðslum til stefnanda á því reist. Þó ber að líta til þess, að samkvæmt bókun tveggja tryggingaráðsmanna mun Tryggingastofnun ríkisins hafa greitt bankastarfsmönnum fæðingarorlof þrátt fyrir viðbótargreiðslur frá atvinnurekanda.

Ekki liggja fyrir neinar tölulegar upplýsingar um fjölda synjana á þessum grundvelli né heldur, hversu lengi þessi aðferð hefur verið viðhöfð hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefnandi hefur lýst yfir því fyrir dómi, að hún sé ráðin samkvæmt kjarasamningi Verslunarmannafélags Reykjavíkur, og er það stutt vitnisburði vinnuveitanda hennar, og jafnframt því lagði stefnandi fram við endurupptöku málsins staðfestingu á félsgsaðild sinni að Verslunarmannafélagi Reykjavíkur.

Stefnandi hefur einnig lagt fram svohljóðandi vottorð frá vinnuveitanda sínum:

„Vegna bæjarþingsmáls 3085/1990 vil ég upplýsa tvennt: Um það varð samkomulag, er Lára fór í fæðingarorlof, að ASÍ greiddi henni óskert laun þann tíma, sem hún yrði frá, en fæðingardagpeningar og fæðingarstyrkur frá Tryggingastofnun greiddust síðan ASÍ.

Þann tíma, sem Lára var í fæðingarorlofi, stundaði hún ekki reglubundin störf á skrifstofu ASÍ. Þar sem um ábyrgðarstörf er að ræða, sem erfitt er að fella niður um lengri tíma, sinnti hún ákveðnum þáttum að einhverju leyti, s. s. að sækja fundi, meðal annars í stjórnskipuðum nefndum, sem hún átti sæti í á þeim tíma.

Reykjavík, 25. september 1990.
Ásmunur Stefánsson, forseti ASÍ."

Við endurupptöku málsins var vottorð þetta staðfest af Ásmundi Stefánssyni.

Í máli þessu er það einnig til úrlausnar, hvort stefnandi hafi með viðbótarkjarasamningi við vinnuveitanda sinn samið svo um, að hún nyti óskertra launa í skilningi 16. og 26. gr. laga um almannatryggingar, samanber 1. og 2. gr. laga nr. 59/1987, enda verður ekki annað ráðið af orðalagi framangreindra lagaákvæða, en þar sé einvörðungu átt við félagsmenn í þar til greindum samtökum eða stéttarfélögum.

Í rekstri málsins hefur stefnandi haldið því fram, að hún hafi einungis fengið greiddan mismun fullra launa og fæðingarorlofsgreiðslna. Við endurupptöku máls þessa lagði stefnandi fram launaseðla sína vegna tímabilsins 1. mars 1989 til 1. júlí 1989. Af þeim verður ekki glögglega ráðið, hvort stefnandi naut óskertra launa á umræddum tíma, en stefnandi staðfesti við málflutning, að hún hefði, meðan á fæðingarorlofi sínu stóð, fengið greidd full laun samkvæmt sérstöku samkomulagi við vinnuveitanda sinn, en jafnframt beri sér að endurgreiða honum þann hluta, er nemi fullum fæðingarorlofsgreiðslum, þegar þær berast frá Tryggingastofnun ríkisins. Stefnandi hefur í málflutningi sínum haldið því fram, að túlka beri vottorð þetta svo, að hún njóti ekki óskertra launa í skilningi 16. og 26. gr. laga um almannatryggingar, samanber 1. og 2. gr. laga nr. 59/1987, þ. e., að hún fái í raun aðeins greidda fjárhæð, er samsvari mismun fæðingarorlofs og fullra launa, þar sem sér sé gert að endurgreiða vinnuveitanda sínum fjárhæð, er samsvari fæðingarorlofsgreiðslum. Hér sé því aðeins um lán til sín að ræða. Þetta hefur og vinnuveitandi hennar staðfest fyrir dómi.

Verður því að telja ósannað, að Alþýðusamband Íslands hafi heitið stefnanda öðru en viðbót við fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga, svo að stefnandi fengi að lokum greiðslur, er samsvöruðu fullum launum. Hvað sem líður skýringu á 16. og 26. gr. að öðru leyti, verða greiðslur þessar ekki taldar óskert laun í skilningi nefndra lagaákvæða.

Í 26. gr. laga um almannatryggingar, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1987, er sett það skilyrði fyrir greiðslu fæðingardagpeninga, að umsækjandi hafi „lagt niður launuð störf", meðan á fæðingarorlofi stendur.

Með hliðsjón af yfirlýsingu vinnuveitanda stefnanda þykja þau störf, er

stefnandi gegndi, meðan á fæðingarorlofi hennar stóð, vera svo óverulegur hluti af starfi hennar, að telja verður, að hún fullnægi skilyrðum 26. gr. laga um almannatryggingar um það að hafa lagt niður launuð störf á umræddu tímabili.

Fallast ber á það með stefnanda, að hún hafi ekki notið „óskertra launa" og „lagt niður launuð störf" í skilningi 16. og 26. gr. 1. nr. 67/1971, sbr. 1. og 2. gr 1. nr. 59/1987. Að öðru leyti eru ákvæði framangreindra laga um fæðingarorlof skýr, og verður ekki talið, að túlkun Tryggingastofnunar ríkisins á 16. og 26. gr. laga um almannatryggingar, að því er varðar greiðslur fæðingarstyrks og fæðpingardagpeninga, breyti nokkru hér um.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða máls þessa sú, að taka ber til greina kröfur stefnanda á hendur stefnda um greiðslu fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga.

Eftir niðurstöðu málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr., og er þar með talinn virðisaukaskattur.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefnanda, Láru V. Júlíusdóttur, 232.382 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 45.370 kr. frá 1. apríl 1989 til 1. maí 1989, af 89.913 kr. frá þeim degi til 1. júní 1989, af 137.693 kr. frá þeim degi til 1. júlí 1989, af 184.602 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 1989 og af 232.382 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað, og er þar með talinn virðisaukaskattur, og ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti að liðnum fimmtán dögum frá dómsuppkvaðningu.

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 220/1990. **Bati hf.**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
þrotabúi Sigló hf.
(Guðmundur Kristjánsson hdl.).

Verslunarkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1990. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu krefst stefndi greiðslu eftirstöðva skuldar vegna sölu á rækju samkvæmt tveimur reikningum, sem Sigló hf. gaf út á nafn áfrýjanda. Um er að ræða reikning, dagsettan 30. nóvember 1987, upphaflega að fjárhæð 3.569.880 krónur, en að eftirstöðvum 668.488 krónur, er lögmanni Sigló hf. var falið að innheimta hann 10. ágúst 1988, og reikning, dagsettan 21. desember 1987, að fjárhæð 2.743.440 krónur. Samtals nam skuld samkvæmt reikningum þessum því 3.411.928 krónum, er málið var höfðað. Heldur stefndi því fram, að áfrýjandi hafi keypt rækjuna til endursölu til Lagmetisiðjunnar Garða hf., en áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi einungis verið milligönguaðili eða umboðsmaður varðandi söluna. Alls stílaði stefndi fimm reikninga á áfrýjanda vegna sölu á rækju árið 1987. Aðilar eru sammála um, að viðskiptin að baki tveggja fyrstu reikninganna hafi verið venjuleg kaup, en áfrýjandi heldur því fram, að eftir það hafi eðli viðskiptanna breyst og orðið umboðsviðskipti.

Stefndi hélt áfram að stíla reikninga á áfrýjanda varðandi viðskiptin, án þess að áfrýjandi endursendi þá og óskaði breytinga. Í bókum stefnda voru viðskipti þessi áfram skráð sem sala til áfrýj-

anda, sem hefur viðurkennt að hafa átt að sjá um, að reikningarnir yrðu greiddir. Hann greiddi einn reikninganna og inn á annan, eftir að eðli viðskiptanna átti að hafa breyst að hans sögn. Gegn þessu vitnar áfrýjandi til þess, að hann hafi ekki fært viðskiptin í bókhald sitt, eftir að eðli þeirra breyttist, og áskilið sér umboðslaun frá stefnda. Hann viðurkennir þó að hafa ekki sent stefnda skriflega skilagrein þessa efnis. Áfrýjandi hefur því ekki fært sönnur fyrir því, að eðli viðskiptanna hafi breyst, og hann hefur hvorki mótmælt tölulega kröfufjárhæð né vöxtum.

Með vísan til þessa og forsendna héraðsdóms ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 3.411.928 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun málskostnaðar hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bati hf., greiði stefnda, þrotabúi Sigló hf., 3.411.928 krónur ásamt ársvöxtum eins og hér greinir: 49,2% af 3.569.880 krónum frá 1. desember 1987 til 21. desember s. á., sömu vöxtum af 6.313.320 krónum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% frá þeim degi til 15. janúar s. á., sömu vöxtum af 4.581.928 krónum frá þeim degi til 21. janúar s. á., sömu vöxtum af 3.411.928 krónum frá þeim degi til 1. mars s. á., 45,6% frá þeim degi til 1. maí s. á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s. á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s. á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s. á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 27,6% frá þeim degi til 17. nóvember s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvexti má fyrst leggja við höfuðstól 21. janúar 1989.

Áfrýjandi greiði stefnda 650.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. mars 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Sigló hf., nnr. 7557-3936, Norðurgötu, Siglufirði, með stefnu, birtri 17. nóvember 1988, á hendur Bata hf., nnr. 0977-5137, Brautarholti 4, Reykjavík.

Í rekstri málsins var bú stefnanda tekið til gjaldþrotaskipta, og hefur þrotabúið tekið við rekstri málsins af stefnanda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á 6.313.320 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sækjanda.

Í greinargerð sinni krafðist stefndi þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi. Fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfuna 21. júní 1989. Með úrskurði, upp kveðnum 27. sama mánaðar, var frávísunarkröfu stefnda hrundið.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málsatvikalýsing stefnanda og málsástæður.

Skuldina kveður stefnandi vera samkvæmt tveimur reikningum, reikningi nr. 386, dags. 30. nóvember 1987, að fjárhæð 3.569.880 kr., og reikningi nr. 394, dags. 21. desember 1987, að fjárhæð 2.743.440 kr., samtals 6.313.320 kr. Stefnandi reki fiskvinnslufyrirtæki á Siglufirði og hafi selt stefnda lausfrysta rækju í atvinnuskyni. Stefndi hafi greitt tvær innborgarnir, 1.731.392 kr. 15. janúar 1988 og 1.170.000 kr. 21. janúar 1988, sem teknar hafi verið inn á eldri reikninginn, dags. 30. nóvember 1987. Að öðru leyti sé skuldin ógreidd. Fyrir liggi, að stefndi endurseldi nefnda rækju Lagmetisiðjunni Garða hf. og hafi, að því er virðist, fengið reikning nr. 386 að fullu greiddan, sbr. dskj. nr. 6 og 7, en fjárhæðir þær, sem fram komi á dskj. nr. 6, nemi reikningsfjárhæðinni, sbr. reikning nr. 386, auk 23.000 kr. í flutningskostnað vegna þeirrar sendingar.

Sækjandi reisir kröfur sínar á almennum reglum samnings- og kröfuréttar.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður Bata hf. vera rækjuvélasölufyrirtæki, sem selji jafnframt viðgerðar- og viðhaldsþjónustu á vélum þeim, sem fyrirtækið selji. Hafi stefndi umboð fyrir Skrametta-rækjupillunarvélar, sem sé bandarískt fyrirtæki, og Semack, sem sé danskt fyrirtæki. Fyrirtækið versli hins vegar ekki með sjávarafurðir og hafi aldrei gert það nema í undartekningartilvikum

og þá af sérstökum tilefnum, enda fái slík verslun illa samrýmst meginstarfsemi stefnda. Umboðsmennska sú eða sölumennska eða öllu heldur aðstoð við samningsgerð, sem stefndi annaðist fyrir stefnanda vegna sölu á rækju, sé þannig til komin með sérstökum hætti, svo sem nú skuli rakið:

Stefndi hafi um árabil selt stefnanda þjónustu sína, sbr. m. a. dskj. nr. 15. Gengið hafi á ýmsu um greiðslur fyrir þessa þjónustu, en eins og alkunna sé, hafi stefnandi um langan tíma átt í verulegum greiðsluörðugleikum. Þar hafi komið, að stefndi neitaði að þjóna stefnanda frekar, nema gengið yrði frá greiðslum á skuldum stefnanda við stefnda. Hafi þá orðið til sú hugmynd hjá fyrirsvarsmönnum stefnanda, að stefndi keypti rækju af stefnanda, en stefndi hafði þá komist í samband við Lagmetisiðjuna Garða hf. Hafi þetta verið sumarið 1987. Stefndi hafi síðan selt rækju þessa Lagmetisiðjunni Garða hf. með þriggja vikna greiðslufresti, en það hafi verið sams konar greiðslukjör og stefndi hafði fengið hjá stefnanda. Stefndi hafi með þessum hætti keypt tvær rækjusendingar af stefnanda, um 8-9 tonn í hvort skipti, og hafi hann síðan gert upp við stefnanda í framhaldi af því samkvæmt reikningum. Álagning stefnda á rækju þessa hafi verið 10%, sem kaupandi greiddi að sjálfsögðu, eins og venja sé, samkvæmt reikningi frá stefnda. Stefnda hafi enn ekki tekist að finna þessa reikninga. Svo hafði einnig samist með stefnda og stefnanda, að stefndi fengi að draga frá kaupverði rækjunnar hluta af viðskiptaskuldum stefnanda við stefnda, en það hafi raunar verið tilgangurinn með þessum viðskiptum af hálfu stefnda.

Ekki hafi reynst grundvöllur fyrir áframhaldandi viðskiptum af þessu tagi fyrir stefnda, enda hafi hann séð fram á, að hann gæti ekki keypt rækju af stefnanda og selt með hagnaði með þeim hætti, sem hann hafði gert. Enn hafi þó viðskiptaskuldir stefnanda við stefnda verið ógreiddar að verulegu leyti, svo að skuldamál stefnanda við stefnda hafi verið óleyst. Hafi þá orðið að samkomulagi með stefnda og stefnanda, að framvegis seldi stefnandi, Sigló hf., rækjuna beint Lagmetisiðjunni Garða hf. og að kaupandinn greiddi fyrir hana samkvæmt reikningi frá stefnanda, þ. e. án nokkurrar álagningar frá stefnda. Stefndi skyldi hins vegar fá 3% umboðslaun frá stefnanda fyrir þessar sölur, og hafi þessi þóknun verið hugsuð sem greiðsla stefnanda til stefnda fyrir að hafa komið á þessum viðskiptasamböndum og fyrir milligöngu um þessi viðskipti, en hún hafi falist í því, að stefndi kom viðskiptunum á og sá til þess, að kaupandi og seljandi næðu saman um verð og afgreiðsluskilmála. Því sé það rangt, sem segi í dskj. nr. 5, að stefndi skyldi fá 3% afslátt af hinu selda, enda hafi stefndi ekki keypt þessa rækju, heldur sé þar um að ræða umboðsþóknun. Hafi öll afskipti stefnda af sölum þessum verið gerð í nafni stefnanda og fyrir hans reikning. Stefndi hafi eingöngu unnið að þessum samningum símleiðis, eins

og títt sé um milligöngumenn, svo að engin skjalfest gögn séu til um þessi afskipti stefnda af sölum þessum. Stefndi telji hins vegar, að starfsmenn stefnanda, aðallega þó Sigurður Ingimarsson fjármálastjóri, hafi haft nákvæmlega sama skilning á hlutverki stefnda í viðskiptum þessum. Reyndar telji stefndi, og styðji hann það viðtölum sínum við starfsmenn stefnanda, að stefnandi hafi aldrei ætlast til þess, að stefnukröfur yrðu innheimtar hjá stefnda, heldur hafi það verið gert samkvæmt fyrirmælum viðskiptabanka stefnanda, þ. e. útibús Útvegsbanka Íslands á Siglufirði.

Stefndi hafi komið á fjórum rækjukaupasamningum milli stefnanda og Lagmetisiðjunnar Garða hf. með framangreindum hætti, þ. e. samkvæmt reikningum nr. 386, 394, 349 og 356, en síðustu tvo reikningana hafi Lagmetisiðjan Garði hf. greitt að fullu. Leggi stefnandi á það megináherslu, að eðli þessara viðskipta hafi breyst haustið 1987 og að stefndi hafi aðeins keypt tvær rækjusendingar af stefnanda um sumarið og þá af sérstöku tilefni, en stefndi hafi greitt stefnanda kaupverð þeirrar rækju á umsömdum tíma að fullu. Milliganga stefnda vegna viðskipta samkvæmt framangreindum reikningum hafi einnig verið af þessu sama tilefni, þ. e. skuldasöfnun stefnanda við stefnda, og hafi verið liður í þeirri sameiginlegu viðleitni aðila máls þessa að grynnka á viðskiptaskuldum stefnanda við stefnda. Málsókn stefnanda á hendur stefnda fyrir milljónakröfum nú komi því stefnda í opna skjöldu og það því fremur sem stefnandi hafi jafnan látið stefnda skilja, að stefndi væri eingöngu milligöngumaður eða aðstoðarmaður hans

Enda þótt eðli viðskiptanna hafi breyst um haustið, hafi stefnandi sent stefnda áfram reikninga vegna þeirrar rækju, sem stefnandi seldi Lagmetisiðjunni Garða hf. Þetta muni, eftir því sem næst verði komist, stefnandi m. a. hafa gert til þess að varna þess, að andvirði rækjunnar færi beint inn á viðskiptareikning stefnanda hjá Útvegsbanka Íslands, en stefndi telji, að starfsmenn stefnanda hafi tjáð sér, að bankastofnun þessi hirði jafnharðan alla peninga, sem stefnanda áskotnist, upp í skuldir stefnanda við bankann. Þar með hefði samstarfsgrundvöllur stefnanda og stefnda brostið, en áfram hefði svo um samist með stefnanda og stefnda, að innheimti stefndi reikninga á hendur Lagmetisiðjunni Garða hf., fengi stefndi samkvæmt nánara samkomulagi að draga hæfilega fjárhæð hverju sinni af því, sem greitt yrði upp í viðskiptaskuldir stefnanda við stefnda. Það, að stefnandi skyldi skrifa reikninga á dskj. nr. 3, 4, 9 og 10 á stefnda, verði að skoða í ljósi þessa, og verði ekki dregnar aðrar ályktanir af því en þær, að stefnandi hafi þar með veitt stefnda umboð til að innheimta þessa reikninga, sem ekki geti talist óeðlilegt, eins og samstarfi aðila var háttað. Hins vegar hafi það vitaskuld verið rangt hjá stefnanda að skrifa reikninga þessa á stefnda, sem virðist mega rekja til ónákvæmni starfs-

manna stefnanda eða þá, að þeir hafi ekki gætt þess að breyta reikningsgerðinni, eftir að eðli viðskiptanna hafði breyt um haustið. Stefndi hafi hins vegar ekki hirt um að leiðrétta þessi mistök, enda hafi honum aldrei dottið í hug, að þess yrði freistað að innheimta reikningana hjá sér.

Eins og greini í dskj. nr. 1, hafi Lagmetisiðjan Garði hf. greitt stefnanda 2.901.392 kr., og hafi þær greiðslur farið gegnum afurðalánareikning stefnda hjá Landsbanka Íslands, en stefndi hafi ráðstafað greiðslum þessum þegar til stefnanda. Að auki sé greiðsla á dskj. nr. 18, að fjárhæð 592.584 kr., en þeirri greiðslu hafi stefndi ráðstafað fyrir misskilning til Fiskrétta hf. vegna sams konar viðskipta og við stefnanda. Misskilningur þessi hafi stafað af því, að Lagmetisiðjan Garði hf. hafði tjáð stefnda, að Fiskréttir hf. ættu að fá þessa greiðslu, þ. e., að hún væri fyrir hráefni frá Fiskréttum hf. og ætti að greiðast þeim, þar sem reikningur þeirra væri eldri en reikningur stefnanda. Ekki sé við stefnda að sakast, að greiðslu þessari hafi verið ranglega ráðstafað, heldur sé þar eingöngu um að kenna röngum upplýsingum frá Lagmetisiðjunni Garða hf. og Landsbanka Íslands.

Eftirstöðvar reikninga á dskj. nr. 3 og 4, þ. e. skuld Lagmetisiðjunnar Garða hf. við stefnanda, nemi því 3.411.928 kr. Er í ljós hafi komið, að Lagmetisiðjan Garði hf. greiddi ekki reikninga þessa á réttum gjalddögum, hafi stefnandi óskað eftir því við stefnda, að hann beitti lagmetisiðjuna þrýstingi til að greiða stefnanda reikningana, og hafi stefndi orðið við þeim tilmælum. Sú viðleitni hafi borið þann árangur, að lagmetisiðjan samþykkti tólf víxla fyrir skuld sinni við stefnanda 4. maí 1988, að fjárhæð samtals 3.491.450 kr., og hafi stefndi sent stefnanda víxla þessa þegar í stað. Aldrei hafi borist í tal á þessu stigi, að stefndi gæfi víxla þessa út eða tækist á hendur aðrar víxilskyldur skv. víxlum þessum, enda hefði stefndi ekki verið til viðræðu um slíkt.

Í fyrstu hafi stefndi ekki vitað annað en stefnandi ætlaði að taka víxla þessa sem fullnaðargreiðslu á eftirstöðvum skulda Lagmetisiðjunnar Garða hf. við stefnanda vegna framangreindra rækjukaupa. Sumarið 1988 hafi stefnandi þó endursent stefnda víxlana, og hafi hann ætlast til þess, að því er virðist, að stefndi gæfi víxlana út. Ástæðan muni hafa verið sú, að því er stefndi telji, að útibússtjóri útibús Útvegsbanka Íslands á Siglufirði hafi neitað að kaupa víxlana eða lána stefnanda fé út á þá, nema stefndi gæfi þá út. Stefndi hafi að sjálfsögðu ekki verið til viðræðu um slíkt, og í framhaldi af þessu hafi einhvers staðar verið tekin sú undarlega ákvörðun að stefna stefnda til greiðslu á skuldum Lagmetisiðjunnar Garða hf. við stefnanda. Stefndi hafi þegar mótmælt greiðsluskyldu sinni, en árangurslaust.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 45. gr. 1. nr. 85/1936. Telji stefndi, að stefnandi eigi engan kröfurétt á hendur stefnda vegna rækjuviðskipta stefnanda og Lagmetisiðjunnar Garða hf. á árinu 1987, og vísar stefndi til þess, sem rakið er hér að framan um eðli og gang þessara viðskipta og hlutverk stefnda í þeim. Stefndi telji m. ö. o., að stefnandi hafi sjálfur selt Lagmetisiðjunni Garða hf. rækjuna, og verði samkvæmt því og samkvæmt reglum kröfu- og samningsréttar að sækja greiðslur fyrir hið selda til kaupanda rækjunnar, en ekki til stefnda, sem hafi einungis haft milligöngu um kaupin í umboði stefnanda samkvæmt beiðni hans og fyrir hans reikning. Öll atvik málsins styðji þessar staðhæfingar og þennan skilning stefnda, m. a. þóknun stefnda, 3%, en eins og fram hafi komið, hafi það verið stefnandi, sem greiddi stefnda þóknun þessa. Hefði stefndi hins vegar keypt rækjuna af stefnanda, hefði hann að sjálfsögðu selt hana með álagningu, sem kaupandi hefði síðan orðið að greiða stefnda, en þá hefðu 3% engan veginn dugað. Þá bendi stefndi á, að ekki tíðkist að selja sjávarafurðir í heildsölu, enda leyfi afurðaverðið ekki slíkan milliliðakostnað. Þá sé það einnig grundvallaratriði máls þessa, að stefnandi sjálfur hafi framan af litið svo á, að stefndi væri alls ekki kaupandi rækjunnar, heldur Lagmetisiðjan Garði hf., en stefndi telji, að ákvörðun um að heimta söluverðið hjá stefnda hljóti að hafa verið tekin af öðrum en stefnanda og þá líklega einhverjum lánveitanda stefnanda. Þá árétti stefndi, að enda þótt starfsmenn stefnanda hafi ranglega skrifað reikninga á dskj. nr. 3 og 4 á stefnda, stofni það eitt út af fyrir sig ekki kröfurétt stefnanda á hendur stefnda, heldur verði við úrlausn á því að grafast fyrir um eðli viðskiptanna og raunverulegt hlutverk stefnda í viðskiptum þessum, sem hafi aðeins verið umboðslegs eða sölumannseðlis, tilboðasöfnun eða aðstoð við samningsgerð.

III.

Niðurstaða

Óumdeilt er í máli þessu, að stefndi, Bati hf., keypti upphaflega lausfrysta rækju af Sigló hf. og seldi hana Lagmetisiðjunni Garða hf. Engir skriflegir samningar liggja fyrir um viðskipti þessi. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að haustið 1987 hafi orðið sú breyting á, að í stað þess að kaupa rækjuna af Sigló hf. hafi Bati hf. selt hana Lagmetisiðjunni Garða hf. í einhvers konar umboðssölu. Engir skriflegir samningar liggja fyrir um þessar meintu breytingar á viðskiptum aðila. Sigló hf. sendi reikninga áfram á sama hátt og áður til Bata hf. Af hálfu stefnda voru ekki gerðar við það athugasemdir.

Gunnar Skaftason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Lagmetisiðjunnar

Garða hf., bar fyrir dómi, að Lagmetisiðjan Garði hf. hefði aldrei keypt rækju beint af Bata hf. Aðspurður skýrði hann svo frá, að engar breytingar hefðu orðið á aðild að viðskiptunum árið 1987.

Með því að upplýst er, að stefndi keypti rækjuna upphaflega af Sigló hf., og þar sem ósannað er, að breyting hafi orðið á þeim viðskiptum, ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, enda er hvorki ágreiningur um fjárhæðir né vexti.

Við þingfestingu málsins lagði stefnandi fram málskostnaðarreikning, þar sem málskostnaður miðast við þágildandi gjaldskrá vegna skriflega fluttra mála. Annar reikningur hefur ekki verið lagður fram. Þar sem vörnum var síðan haldið uppi í málinu og krafa stefnanda í stefnu og við munnlegan málflutning er um málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, verður ekki litið svo á, að reikningur þessi sé lengur grundvöllur að málskostnaðarkröfu stefnanda. Málskostnaður þykir því eftir atvikum hæfilega ákveðinn 500.000 kr., sem stefnda ber að greiða stefnanda, og er þá tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Bati hf., Brautarholti 4, Reykjavík, greiði sækjanda, þrotabúi Sigló hf., 6.313.320 kr. ásamt 49,2% ársvöxtum af 3.569.880 kr. frá 1. desember 1987 til 21. desember s. á., með sömu vöxtum af 6.313.320 kr. frá þeim degi til 1. janúar 1988, með 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 15. janúar s. á., með sömu vöxtum af 4.581.928 kr. frá þeim degi til 21. janúar s. á., með sömu vöxtum af 3.411.928 kr. frá þeim degi til 1. mars s. á., með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí s. á., með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s. á., með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s. á., með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október s. á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 17. nóvember s. á., en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. 1. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, og leggjast dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti skv. 12. gr. 1. nr. 25/1987, í fyrsta skipti 21. janúar 1989. Þá greiði stefndi stefnanda 500.000 kr. í málskostnað, og ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags. Frá framangreindum fjárhæðum dragast 2.901.392 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 169/1993. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Sambands málm- og skipasmiðja vegna Stálsmiðjunnar hf.**

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunardómur úr gildi felldur. Sératkvæði í Félagsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. apríl 1993, sem barst Hæstarétti 28. sama mánaðar. Hann krefst þess, að úrskurður Félagsdóms, upp kveðinn 15. apríl 1993, í máli sóknaraðila gegn varnaraðila verði úr gildi felldur og lagt fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því, hvort aðgerðir varnaraðila og félagsmanna hans á athafnasvæði sóknaraðila 30. janúar 1993 hafi verið brot á kjarasamningi aðila og hvort þær jafngildi vinnustöðvun. Þá er og deilt um ábyrgð varnaraðila á aðgerðunum. Kröfur sóknaraðila fyrir Félagsdómi eru byggðar á því, að starfsmenn sóknaraðila hafi neitað sameiginlega með þátttöku trúnaðarmanns varnaraðila og stuðningi formanns hans að vinna yfirvinnu umræddan dag. Hafi varnaraðili lýst yfir yfirvinnubanni og því verið fylgt eftir með verkfallsvörsluaðgerðum undir stjórn formanns og trúnaðarmanns varnaraðila. Verkefni Félagsdóms er að dæma um slík ágreiningsefni, sbr. 1. og 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um

stéttarfélög og vinnudeilur, og fellur kröfugerð sóknaraðila samkvæmt efni sínu undir lögsögu dómsins. Ber því að fella hinn kærða frávísunarúrskurð úr gildi og leggja fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Félagsdóms 15. apríl 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. mars sl. vegna frávísunarkröfu stefnda, höfðaði Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 5. febrúar sl., f. h. Sambands málm- og skipasmiðja, Hallveigarstíg 1, Reykjavík, vegna Stálsmiðjunnar hf., Mýrargötu 2, Reykjavík, fyrir Félagsdómi gegn Alþýðusambandi Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f. h. Verkamannasambands Íslands, Lindargötu 9, Reykjavík, vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Lindargötu 9, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. að aðgerðir formanns og félagsmanna stefnda, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á athafnasvæði stefnanda laugardaginn 30. janúar sl., þegar hindruð var sjósetning fiskiskipsins Júlíusar, ÁR-111, verði dæmd ólögmæt vinnustöðvun af hálfu stefnda og brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila frá 26. apríl 1992,

2. að stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, verði dæmdur til að greiða stefnanda 113.396 kr. í skaðabætur vegna hinnar ólögmætu vinnustöðvunar,

3. að stefndi, Verkamannafélagið Dagsbrún, verði dæmdur til greiðslu sektar,

4. að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru:

1. að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að kröfum samkvæmt kröfuliðum 2 og 3 í stefnu verði vísað frá dómi,

2. að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda verði gert að greiðs stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins að með töldum virðisaukaskatti.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

Niðurstaða.

Meginkrafa stefnanda í máli þessu er, að hindrun sjósetningar fiskiskipsins Júlíusar, ÁR-111, verði dæmd ólögmæt vinnustöðvun af hálfu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þessi krafa stefnanda er forsenda fyrir kröfum hans um sektir, skaðabætur og viðurkenningu á friðarskyldubroti. Á hinn bóginn gerir Stálsmiðjan hf. ekki kröfu um það, að sú ákvörðun verkamanna að neita allri yfirvinnu verði dæmd ólögmæt.

Með bréfum, dags. 30. september 1992, sagði Stálsmiðjan hf. upp fastri yfirvinnu verkamanna, sem vinna í brautum. Uppsagnirnar voru gerðar með þriggja mánaða fyrirvara og áttu því að ganga í gildi 1. janúar 1993. Þessum uppsögnum mótmælti Verkamannafélagið Dagsbrún með bréfi, dags. 4. nóvember 1992. Taldi félagið uppsagnirnar vera brot á gildandi kjarasamningi og því óheimilar. Stálsmiðjan hf. svaraði með bréfi, dags. 13. nóvember 1992, og hélt því fram, að hér væri um lögmætar uppsagnir á persónubundnum ráðningarkjörum að ræða. Að þessu svari fengnu var sú framvinda eðlilegust, að Dagsbrún bæri ágreiningsefnið sem fyrst undir Félagsdóm, en málshöfðun dróst á langinn. Var stefna til Félagsdóms gefin út 3. febrúar 1993. Niðurstaða dómsins varð á þann veg, að uppsagnirnar voru dæmdar ógildar með dómi Félagsdóms, upp kveðnum 25. mars 1993.

Í ársbyrjun 1993 felldi Stálsmiðjan hf. niður hinar föstu yfirvinnugreiðslur í samræmi við uppsagnarbréfin. Verkamenn tilkynntu fyrirtækinu, að þeir myndu ekki inna af hendi neina yfirvinnu, fyrr en hlutur þeirra hefði verið réttur. Ekkert er fram komið um það, að Verkamannafélagið Dagsbrún hafi átt þátt í þessari ákvörðun. Stálsmiðjan hf. virðist hafa látið þessa ákvörðun afskiptalausa. Á þetta reyndi föstudaginn 15. janúar 1993, þegar taka átti ms. Búðafell í slipp. Verkamenn neituðu að vinna verkið í yfirvinnu og það látið kyrrt liggja.

Laugardaginn 30. janúar dró til tíðinda í slippnum. Mönnum ber ekki saman um atburðarásina, en forráðamenn Stálsmiðjunnar hf. óttuðust að eigin sögn valdbeitingu, ef reynt yrði að setja skipið á flot. Var sjósetningu frestað til mánudags.

Miðað við málsatvik öll verður að líta á framgöngu verkamanna og formanns félags þeirra laugardaginn 30. janúar sl., þegar þeir hindruðu utanfélagsmenn í því að taka upp störf Dagsbrúnarmanna, sem sérstaka vettvangsaðgerð, er falli ekki undir ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Úrlausnarefnið er því utan valdsviðs Félagsdóms. Með þessu er ekkert um

það sagt, hvort framangreind aðgerð kunni að fela í sér brot gegn öðrum lögum og bótaskyldu af hálfu stefnda af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu er frávísunarkrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kveða upp Auður Þorbergsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir og Jón Þorsteinsson.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Björns Helgasonar og Gunnars Guðmundssonar.

Samkvæmt 1. tl. 44. greinar laga nr. 80/1938 ber Félagsdómi m. a. að dæma í málum, sem rísa út af brotum á lögunum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana. Samkvæmt 2. tl. nefndra laga er það verkefni Félagsdóms að skera úr um ágreining um skilning á ákvæðum kjarasamninga og brotum á þeim.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum bæði um það, hvort til sé að dreifa ólögmætri vinnustöðvun, sem sé félagsleg aðgerð í þeim tilgangi að þrýsta á framgang krafna launþega, og hvort um sé að ræða brot á friðarskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila.

Með vísan til krafna stefnanda og málsatvikalýsingar verður að telja, að ágreiningur sá, sem mál þetta fjallar um, falli undir þann réttarágreining, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um samkvæmt framangreindum ákvæðum.

Eins og málið liggur fyrir, þykja því að svo vöxnu máli ekki efni til að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms í málinu.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkrafa stefnda er ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 275/1990. **Tryggingastofnun ríkisins**
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Arndísi Björnsdóttur
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Mæðralaun. Sambúð. Endurkrafa. Lögheimili. Aðsetursskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ólöf Pétursdóttir dómstjóri.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1990 og krefst þess, að stefndu verði gert að endurgreiða sér mæðralaun, að fjárhæð 188.063 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1989 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Stefnda og Pétur Einarsson fengu lögskilnað 9. ágúst 1982. Í ódagsettri skýrslu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Hagstofu Íslands um þennan lögskilnað kemur fram, að aðsetur stefndu eftir skilnaðinn verði að Ásvallagötu 52, Reykjavík, þar sem áður var sameiginlegt aðsetur þeirra. Þar kemur og fram, að stefnda fékk forsjá fjögurra barna hjónanna. Í skýrslunni greinir ekki frá aðsetri Péturs Einarssonar. Fyrir liggur, að engin tilkynning var send Hagstofu Íslands um breytingu á lögheimili hans fyrr en með tilkynningu stefndu 30. nóvember 1988. Þar er Pétur Einarsson sagður hafa flutt aðsetur sitt 30. nóvember 1982 í húsnæði Flugmálastjórnar á Reykjavíkurflugvelli. Á skattframtölum Péturs Einarssonar fyrir árin 1987, 1988 og 1989 er lögheimili hans tilgreint Ásvallagata 52.

II.

Af hálfu áfrýjanda hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf Hagstofu Íslands til ríkislögmanns 10. maí 1993 vegna fyrirspurnar hans 11. júní 1991 um skráningu Hagstofunnar á sambúð stefndu og Péturs Einarssonar. Í bréfi Hagstofu Íslands segir meðal annars:

„Vegna þessa skal upplýst, að engin skrifleg gögn um þessa skráningu hafa komið fram á Hagstofunni. Benda má á, að á því tímabil, sem hér um ræðir, var algengt, að fólk væri skráð í sambúð eftir öðrum heimildum en beinum tilkynningum þess. Helstu heimildir af þessu tagi voru fæðingarskýrslur og aðseturstilkynningar þeim tengdar og gögn opinberra stjórnvalda eða upplýsingar frá þeim. Sérstaklega má benda á, að algengt var, að fyrrverandi hjón væru skráð í sambúð, ef lögheimili þeirra hélst óbreytt eftir lögskilnað eða ef lögheimili varð aftur hið sama og verið hafði fyrir lögskilnað. Skráningar af þessu tagi voru unnar á grundvelli upplýsinga opinberra aðila, oftast skattstofa. Ekki verður fullyrt, eftir hvaða heimild sambúðarskráning Péturs Einarssonar og Arndísar Björnsdóttur var unnin, en samkvæmt heimildarmerkingu þessarar færslu í tölvukerfi þjóðskrár hefur breytingin verið byggð á upplýsingum frá opinberum aðila. Í þessu sambandi má hafa í huga, að þegar þessi sambúðarskráning var gerð í apríl 1987, voru liðin tæp fimm ár, frá því að hjónin fengu lögskilnað, án þess að annað hvort þeirra flyttist frá Ásvallagötu 52."

Í framangreindu bréfi Hagstofu Íslands er gerð grein fyrir því, að ákveðið hafi verið að hafa að engu framangreinda tilkynningu stefndu frá 30. nóvember 1988 um aðsetursskipti Péturs Einarssonar og skrá lögheimili hans áfram að Ásvallagötu 52. Hins vegar hafi verið afráðið að fella niður sambúðarskráningu stefndu og Péturs miðað við gildistökudag nýrrar íbúaskrár 1. desember 1988. Í niðurlagi bréfsins segir, að sú ákvörðun hafi „ekki verið ígrunduð sem skyldi".

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing Flugmálastjórnar frá 13. maí 1993, þar sem fram kemur, að fyrir tímabilið frá 1. maí 1987 til 1. júní 1988 hafi stofnunin greitt afnotagjald af síma, sem skráður var að Ásvallagötu 52 í Reykjavík.

Þá kemur fram í skattframtölum Péturs Einarssonar 1987 og 1988, að hann hefur fengið greiddan ökutækjastyrk vegna bifreiðar

stefndu, sem hann kvaðst hafa haft umráðarétt yfir samkvæmt sérstöku samkomulagi við hana.

III.

Samkvæmt gögnum málsins var lögheimili Péturs Einarssonar enn skráð að Ásvallagötu 52, þegar stefndu var 22. apríl 1985 úrskurðaður réttur til mæðralauna frá 1. september 1984. Voru þá liðin tvö ár og átta mánuðir frá lögskilnaði þeirra. Ákvörðun um að fella niður greiðslur mæðralauna til stefndu frá 1. júní 1988 byggði áfrýjandi á því, að þá hafi verið búið að staðreyna sambúð hennar og Péturs Einarssonar. Hafi það gerst, er Hagstofa Íslands skráði þau í sambúð frá 30. apríl 1987. Tekur endurgreiðslukrafa áfrýjanda til 13 mánaða, frá 30. apríl 1987 til 1. júní 1988.

Áfrýjanda hefur ekki tekist að sýna fram á gildar ástæður fyrir þessari sambúðarskráningu Hagstofu Íslands, enda hefur ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir því af hálfu stofnunarinnar, á hverju hún byggðist. Skráning þessi var og felld niður 1. desember 1988, þótt lögheimilisskráning Péturs Einarssonar væri þá látin standa óbreytt.

Áfrýjanda mátti vera ljóst, þegar ákveðið var að greiða stefndu mæðralaun, að hún og fyrrverandi eiginmaður hennar voru þá skráð á sama lögheimili og að svo hafði verið frá lögskilnaði þeirra. Forsendur fyrir þeirri ákvörðun höfðu því ekki breyst að þessu leyti, er greiðslum var hætt tveim árum síðar.

Þótt óbreytt lögheimili hjóna til frambúðar eftir skilnað kunni að jafnaði að vera til marks um, að sambúð þeirra haldist, verður ekki að óathuguðu máli fullyrt, að því geti ekki í einstökum tilvikum verið á annan veg háttað.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, eru ekki næg efni til að fallast á það með áfrýjanda, að skráð lögheimili Péturs Einarssonar að Ásvallagötu 52 á umræddu tímabili jafngildi því, að hann og stefnda hafi þá verið í sambúð. Önnur atriði, sem áfrýjandi hefur fært fram því til styrktar og áður var greint frá, verða ekki heldur talin nægja til sönnunar í því efni. Þegar af þessari ástæðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu stefndu.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefndu, Arndísi Björnsdóttur, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Hrafns Bragasonar og Péturs Kr. Hafstein.

Við erum samþykkir lýsingu málsatvika í I. og II. kafla dómsatkvæðis meiri hluta dómenda.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 73/1952 um tilkynningar aðsetursskipta bar stefndu að tilkynna brottför Péturs Einarssonar úr húsnæði hennar, en hún andmælir því, að hann hafi haft þar aðsetur eftir 30. nóvember 1982. Það gerði hún ekki fyrr en 30. nóvember 1988, eftir að greiðslu mæðralauna var hætt og áfrýjandi hafði sett fram endurgreiðslukröfu sína. Af hálfu Péturs Einarssonar var ekki heldur tilkynnt um aðsetursskipti á þessum tíma. Fyrir héraðsdómi gaf hann engar viðhlítandi skýringar á því né upplýsingar um annað aðsetur.

Samkvæmt 7. tl. 4. gr. laga nr. 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu byggist skráning manna meðal annars á þeim upplýsingum, sem þjóðskráin aflar sér sjálf með eftirgrennslan eða henni berast á einn eða annan hátt. Hagstofu Íslands var rétt að skrá stefndu og Pétur Einarsson í sambúð með þeim hætti, sem gert var, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. þágildandi laga um lögheimili nr. 35/1960, sbr. og 1. mgr. 12. gr. laganna. Í málinu hefur ekki verið í ljós leitt, að sú skráning hafi verið röng.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja nægjanlega fram komið, að stefnda og Pétur Einarsson hafi haft samstöðu sambúðarfólks á því tímabili, sem hér skiptir máli. Ber því að taka kröfur áfrýjanda til greina, sbr. 1. mgr. 58. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, en fjárhæðir hafa eigi sætt andmælum. Hins vegar þykir rétt að láta málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júní 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. júní 1989, af Tryggingastofnun ríkisins, kt. 660269-

2669, Laugavegi 114, Reykjavík, gegn Arndísi Björnsdóttur, kt. 260845-4119, Ásvallagötu 52, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til endurgreiðslu mæðralauna, að fjárhæð 188.063 kr., með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1988 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júlí 1989. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður.

Málsástæður og lagarök.

Málsástæður stefnanda eru þær, að 10. apríl 1987 hafi stefnda sótt um greiðslu mæðralauna frá stefnanda. Í umsókn sinni hafi hún sagst vera fráskilin og hafa á framfæri fjögur börn innan átján ára aldurs. Stefnandi hafi síðan greitt stefndu mánaðarlega mæðralaun, þar til þær greiðslur voru stöðvaðar, þegar sannreynt hafi verið, að hún væri í sambúð með fyrrverandi eiginmanni og barnsföður sínum.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands hófst sambúðin 30. apríl 1987. Stefnandi hafi því ofgreitt mæðralaun til stefndu í þrettán mánuði og hafi þegar hafist handa um að innheimta hinar ofgreiddu fjárhæðir.

Stefnandi hafi sent stefndu tvö innheimtubréf, dags. 10. júní 1988 og 14. október 1988, sem hún hafi í engu sinnt.

Stefnukrafan sundurliðist þannig:

Greidd mæðralaun í maí 1987 13.146 kr., í júní, júlí, ágúst og september 1987 13.521 kr. á mánuði, í október, nóvember og desember 1987 14.499 kr. á mánuði, í janúar 1988 15.224. kr., í febrúar, mars, apríl og maí 1988 15.528 kr., á mánuði, samtals 188.063 kr.

Endurgreiðslukröfuna styður stefnandi við 1. mgr. 58. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 15. og 52. gr. sömu laga. Stefnandi styðst einnig við dóm Hæstaréttar Íslands frá árinu 1983, bls. 224, sem að mati stefnanda hafi fordæmisgildi og sé réttarheimild í máli þessu.

Málsástæður stefndu eru þær, að stefnandi styðjist við rangt sambúðarvottorð frá Hagstofu Íslands. Af fram lögðum gögnum málsins sjáist, að umrætt vottorð stangist á við staðreyndir, og samkvæmt því beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Niðurstaða.

Kröfu sína um endurgreiðslu mæðralauna reisir stefnandi á því, að stefnda hafi verið í sambúð með fyrrverandi eiginmanni sínum þann tíma, sem um

ræðir í máli þessu, þ. e. frá maí 1987 til maí 1988, og styðst þar við vottorð Hagstofu Íslands, dags. 15. júní 1989, að Arndís Björnsdóttir og Pétur Einarsson hafi samkvæmt heimildum þjóðskrár verið skráð í sambúð tímabilið 30. apríl 1987 til 1. desember 1988.

Upplýst er, að stefnda og fyrrverandi eiginmaður hennar, Pétur Einarsson, fengu lögskilnað á árinu 1982.

Stefnda kom fyrir dóminn og bar, að hún og fyrrverandi eiginmaður sinn hefðu ekki búið saman þann tíma, sem um ræðir í máli þessu, þ. e. frá maí 1987 til og með maí 1988.

Pétur Einarsson kom einnig fyrir dóminn og upplýsti, að stefnda og hann hefðu ekki búið saman frá árinu 1982 til ársins 1988. Hann hefði ekki breytt lögheimili sínu eftir lögskilnað og ástæðan verið sú, að hann hefði búið á ýmsum stöðum og mjög stutt í einu á hverjum stað, svo að það hefði aldrei komist í verk. Þrátt fyrir það að hann hefði átt lögheimili að Ásvallagötu 52, Reykjavík, hefði hann ekki búið þar fyrrgreint tímabil.

Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri þjóðskrár, kom fyrir dóm. Hann upplýsti, að á Hagstofu Íslands væru haldnar svonefndar breytingaskrár, sem sýna ættu heimildir að baki hverri gerð. Þegar umrædd sambúð hefði verið skráð 30. apríl 1987, hefði verið notuð heimild, sem kölluð er 08 og almennt nái yfir skráningu með hliðsjón af gögnum frá skattyfirvöldum skv. beinni lagaheimild, og sé þá oft um að ræða afrit af skattframtölum, sem flutningur sé byggður á. Hann kvaðst hafa kannað þessa umræddu skráningu, en kvaðst ekki geta svarað því, hvort um slíkt væri að ræða í þessu tilviki, þar sem skattframtal hefði ekki fundist. Ekki gat hann upplýst um aðrar heimildir, er skráning þessi kynni að byggjast á.

Þegar virtur er framburður Skúla Guðmundssonar, verður að telja, að sönnunargildi fram lagðs sambúðarvottorðs Hagstofu Íslands hafi verið hnekkt, og með hliðsjón af framburði Péturs Einarssonar svo og andmælum stefndu verður að telja ósannað, að stefnda og fyrrverandi eiginmaður hennar hafi verið í sambúð á þeim tíma, sem um ræðir í máli þessu, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessari niðurstöðu málsins ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 62.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Arndís Björnsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Tryggingastofnunar ríkisins.

Stefnandi, Tryggingastofnun ríkisins, greiði stefndu 62.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 30/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Unnari Sigurði Hansen
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1993 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar refsingu, að því er hann varðar. Aðrir þeir, er sakfelldir voru fyrir héraðsdómi, hafa ekki óskað áfrýjunar.

Í samræmi við heimild í 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er málið einvörðungu borið undir Hæstarétt, að því er tekur til ákvörðunar viðurlaga.

Í ákæru er réttilega á því byggt, að verknaður ákærða samkvæmt 3. lið I. kafla og 1. og 2. lið III. kafla hennar feli í sér tilraun til þjófnaðar og varði þannig við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við heimfærslu til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi er ekki sérstaklega vísað til 20. gr. laganna. Umrædd skilgreining verknaðarins hefur ekki áhrif á refsingu á hendur ákærða, enda voru tilraunirnar þáttur í víðtækari aðgerðum, sem ákærði stóð að ásamt félögum sínum.

Ákærði afplánar um þessar mundir samtals 15 mánaða refsivist samkvæmt tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur frá 23. desember 1991 og 12. febrúar 1992. Telst refsing vegna brota hans samkvæmt I. kafla ákæru hegningarauki við síðari dóminn, en refsing vegna allra brotanna verður hegningarauki við refsingu samkvæmt dómsátt frá 28. apríl 1992 fyrir sama dómstóli vegna brots á umferðarlögum. Er á þessu byggt í hinum áfrýjaða dómi, sbr. tilvísun til 78. gr. almennra hegningarlaga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar ákærða, Unnar Sigurð Hansen.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. október 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 1. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 46/1992: Ákæruvaldið gegn A, B, C, D, Unnari Sigurði Hansen og E, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. ágúst sl., á hendur ákærðu, A, B, C, D, Unnari Sigurði Hansen, Öldugranda 7, fæddum 17. september 1966, fæðingarnúmer 465, og E.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreinda þjófnaði, framda í febrúar og mars 1992, nema annars sé getið:

I.

Ákærðu A, D og Unnari Sigurði er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 11. febrúar brotist inn og stolið eða reynt að stela fjármunum á eftirgreindum stöðum í Reykjavík:

1. Í verslunina 11/11, Grensásvegi 46, og stolið einni vindlingalengju og um 1700 krónum. (RLR, mál nr. 571/92.)

2. Í verslunina Veiðihúsið, Nóatúni 17, og stolið fimm haglabyssum og riffli. (RLR, mál nr. 540/92.)

3. Í húsnæði fyrirtækjanna Gjaldskila og Þ. Þorgrímssonar, Ármúla 29, reynt þar að brjóta peningaskáp. (RLR, mál nr. 533/92.)

4. Í húsnæði fyrirtækisins E. T. hf., Klettagörðum 11, brotið þar upp peningaskáp og stolið fjórum áfengisflöskum og tveimur pennum. (RLR, mál nr. 532/92.)

II.

Ákærðu C, Unnari Sigurði og E er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 17. mars brotist í félagi inn í húsnæði Bifreiðastöðvar Íslands, Vatnsmýrarvegi 10, Reykjavík, brotið þar upp hirslur og skorið upp póstpoka og kassa í bögglageymslu og í pósthúsi og stolið sjónvarpi,

um 20.000 krónum í reiðufé og áfengi, bjór og tóbaki, að verðmæti samtals 119.969 kr. (RLR, mál nr. 936/92.)

III.

Ákærðu D og Unnari Sigurði er gefið að sök að hafa brotist inn á eftirgreindum stöðum aðfaranótt þriðjudagsins 17. mars, nema annarrar dagsetningar sé getið, og stolið og reynt að stela fjármunum:

1. Í verslunina við Landvegamót í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, unnið þar spjöll, en horfið af vettvangi, eftir að hafa leitað þar að reiðufé. (RLR, mál nr. 1225/92.)

2. Í veitingahúsið Dugguna, Hafnarskeiði, Þorlákshöfn, en horfið af vettvangi, er þjófavarnarkerfi hússins fór í gang. (RLR, mál nr. 1221/92.)

3. Í heilsugæslustöðina við Selvogsbraut í Þorlákshöfn, unnið þar spjöll við leit að fjármunum og stolið 28.000 krónum. (RLR, mál nr. 1217/92.)

4. Í verslunina Radíórás, Gagnheiði 40, Selfossi, og stolið myndbandstæki, tveimur myndbandsupptökuvélum og um 6.000 krónum. (RLR, mál nr. 1219/92.)

5. Í húsnæði bifreiðaverkstæðis Kaupfélags Rangæinga á Hvolsvelli og stolið 47.600 krónum. (RLR, mál nr. 1216/92.)

6. Í Söluskálann Björk á Hvolsvelli og stolið 31.000 krónum. (RLR, mál nr. 1215/92.)

7. Í veitingastaðinn Laufafell á Hellu og stolið 10 vindlingalengjum og allt að 40.000 krónum. (RLR, mál nr. 1214/92.)

8. Aðfaranótt þriðjudagsins 10. mars í húsnæði fyrirtækjanna Keilulands hf., Veislukokksins og Tónlistarskólans í Garðabæ, Smiðsbúð 4, Garðakaupstað, og stolið þar símtæki og um 60.000 krónum. (RLR, mál nr. 933/92.)

IV.

Ákærðu B, D og Unnari Sigurði er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. mars brotist inn á eftirgreindum stöðum í Reykjavík og stolið fjármunum:

1. Í Bergiðjuna, Víðihlíð við Vatnagarða, og stolið þar peningaskáp, sem hafði meðal annars að geyma um 70.000 krónur í reiðufé og tékka, að fjárhæð um 20.000 kr. (RLR, mál nr. 1071/92.)

2. Í húsnæði nokkurra fyrirtækja að Hallveigarstíg 1, unnið þar spjöll við leit að fjármunum og stolið 4.200 kr. í hárgreiðslustofunni Permu, 200 krónum hjá Félagi málmiðnaðarmanna, um 74.000 krónum í tékkum og reiðufé hjá ferðaskrifstofunni Útivist og 7.500 krónum í versluninni Smáfólki. (RLR, mál nr. 1069/92.)

V.

Ákærða Unnari Sigurði er einum gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 15. mars brotist inn í húsið nr. 15. við Ánanaust í Reykjavík og stolið þar 5.000 krónum á skrifstofum Stjórnunarfélags Íslands og 10.000 krónum á skrifstofum fyrirtækisins Bernharðs Petersen. (RLR, mál nr. 989/92.)

VI.

[...]

Telst framangreind háttsemi ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemin samkvæmt ákæruliðum 1.3, III. 1 og III. 2 jafnframt við 20. gr. sömu laga.

— — —

Niðurstöður.

Með játningu ákærðu A, D og Unnars Sigurðar, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa staðið í félagi að þeirri háttsemi, sem gerð er grein fyrir í I. kafla ákæru, og varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu C, Unnar Sigurður og E hafa allir játað að hafa verið við húsnæði Bifreiðastöðvar Íslands við Vatnsmýrarveg aðfaranótt 11. mars sl., en ekki 17. mars, eins og í ákæru kemur fram. Er ljóst af gögnum málsins, að dagsetningin í ákæru er röng og að umrætt innbrot var framið aðfaranótt 11. mars sl.

Fyrir liggur skýlaus játning ákærða Unnars Sigurðar, að hann hafi staðið að innbrotinu og þjófnaðinum á því, sem upp er talið í ákæru. Heldur hann því fram, að hinir hafi verið fullir þátttakendur í innbrotinu, og sé framburður þeirra um hið gagnstæða rangur.

— — —

Með játningu ákærðu D og Unnars Sigurðar, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa framið þá innbrotsþjófnaði, sem þeim eru gefnir að sök í III. kafla ákæru. Rétt þykir að miða við, að stolið hafi verið um 30.000 krónum samkvæmt 8. lið þessa kafla, en því heldur ákærði D fram. Þykir rétt að miða við þessa fjárhæð, þar sem ákærði Unnar Sigurður, sem telur mögulegt, að um hafi verið að ræða um 60.000 krónur, taldi ekki peningana. Þessi brot ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og fram er komið, hefur verið fallið frá ákæru á hendur ákærða B vegna 1. tl. IV. kafla ákæru. Með þeirri athugasemd er sannað með játningu ákærðu B, D og Unnars Sigurðar, en þær eru í samræmi við annað, sem fram er komið, að þeir hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í þessum kafla ákæru og þar er rétt fært til refsiákvæðis.

Þá er sannað með játningu ákærða Unnars Sigurðar vegna V. kafla ákæru, D vegna VI. kafla og ákærða C vegna VII. kafla ákæru og vegna annars, sem fram er komið, að ákærðu hafa gerst sekir um það, sem þeim er gefið að sök í þessum köflum, og eru brotin rétt færð til refsiákvæða í ákæru.

— — —

Samkvæmt 1. tl. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skiptir röng dagsetning í II. kafla og röng staðsetning samkvæmt VIII. kafla ákæru engu um sakfellingu í máli þessu vegna þeirra brota, sem þessir kaflar fjalla um.

— — —

Ákærði Unnar Sigurður hlaut á árinu 1984 skilorðsbundna ákærufrestun í tvö ár fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga. Þá hlaut hann 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, 31. janúar 1985 fyrir brot á 254. gr. almennra hegningarlaga. Frá 5. júní 1985 og fram til 12. febrúar sl., þegar ákærði hlaut þriggja mánaða fangelsisdóm fyrir þjófnað, hefur ákærði verið dæmdur til fangelsisvistar tólf sinnum og samanlögð refsing numið 46 mánaða og 10 daga fangelsi. Oftast hefur ákærði hlotið dóma fyrir þjófnaði og þjófnaðartilraunir, en einnig fyrir skjalafals, húsbrot, gripdeild, fjársvik, spellvirki og nytjastuldi. Þá hefur ákærði tvívegis verið dæmdur til sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir tékkalagabrot. Enn fremur hefur ákærði einu sinni gengist undir sektargreiðslu með dómsátt fyrir umferðarlagabrot, einu sinni fyrir áfengislagabrot og þrívegis fyrir brot á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni.

— — —

Refsing ákærða Unnars Sigurðar verður ákvörðuð með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði er sí-brotamaður. Með hliðsjón af þessu öllu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

— — —

Gæsluvarðhald ákærðu.

Ákærðu B, D, Unnar Sigurður og E sættu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, ákærði B í þrjá daga, ákærðu D og Unnar Sigurður hvor um sig í tólf daga og ákærði E í sjö daga.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að framangreint gæsluvarðhald þriggja fyrstnefndu ákærðu komi refsingu þeirra til frádráttar, og komi refsivist ákærða E til framkvæmda, skal frá henni draga áðurgreint sjö daga gæsluvarðhald hans.

— — —

Dómsorð:

— — —

Ákærði Unnar Sigurður Hansen sæti fangelsi í fimmtán mánuði.

— — —

Frá refsivist ákærðu D og Unnars Sigurðar skal draga tólf daga gæsluvarðhald þeirra hvors um sig.

— — —

Ákærðu C, D, Unnar Sigurður og E greiði saksóknarlaun til ríkissjóðs, ákærðu C og Unnar Sigurður hvor um sig 15.000 krónur og ákærðu D og E hvor um sig 5000 krónur.

Ákærði C greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 55.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, ákærðu D og Unnar Sigurður greiði óskipt skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði E greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Þórðarsyni héraðsdómslögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu D og Unnar Sigurður hvor um sig að 1/3 hluta, en 1/3 hluta hans skulu aðrir ákærðu greiða óskipt.

Fimmtudaginn 27. maí 1993.

Nr. 102/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gústaf Adolf Þórarinssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1993 að ósk ákærða. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á dómi héraðsdóms.

Ákærði krefst sýknu í málinu.

Hér fyrir dómi reynir eingöngu á saknæmi þess verknaðar, sem um ræðir í fyrri lið ákæru. Kæra vegna hans var dregin til baka með skriflegri yfirlýsingu haustið 1991, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Í framhaldi af því staðfesti ríkissaksóknari með bréfi 12. júní 1992 til bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, að ekki væri krafist frekari aðgerða í málinu. Upplýst er, að kærandi og ákærði ákváðu að taka aftur upp sambúð skömmu eftir, að kæran var afturkölluð, en þau höfðu þar áður átt heimili í næsta nágrenni hvort við annað. Bjuggu þau saman í íbúð, sem ákærði festi á kaup, þar til atvik þau gerðust, sem lýst er í síðari lið ákæru. Óskaði kærandi þá eftir endurupptöku á málinu, auk þess sem hún kærði síðari atburðinn.

Ljóst verður að telja, að fyrrgreind ákvörðun ákæruvalds um að fella niður aðgerðir var ekki tekin vegna annars en þeirrar yfirlýsingar, sem fyrir lá frá kæranda. Var ríkissaksóknara rétt að veita samþykki við endurupptöku málsins, sbr. 3. mgr. 28. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gústaf Adolf Þórarinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 13. febrúar 1993.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. f. m., er höfðað hér fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. nóvembar 1992, á hendur Gústaf Adolf Þórarinssyni, Vesturvegi 20, Vestmannaeyjum. Málið sætti aðalmeðferð og munnlegum málflutningi, sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991.

Dómkröfur ákæranda eru þær, að ákærði verði sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem í ákæruskjali greinir, en þar er henni og ákæruatriðum lýst með eftirgreindum hætti:

„Fyrir tvær líkamsárásir í Vestmannaeyjum með því að hafa veist að sambýliskonu sinni, Halldóru Jennýju Hilmarsdóttur, fæddri 11. janúar 1969, svo sem hér greinir:

1) Aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 1991 að Áshamri 65 gripið um kverkar henni, slegið hana hnefahögg á hægri vanga, skellt henni í gólfið, slegið hana liggjandi mörg högg í andlit með olnbogum og sparkað í hana með þeim afleiðingum, að hún marðist á kálfum, hálsi og undir höku og marðist og bólgnaði yfir kinnbeinum.

2) Aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1992 að Vesturvegi 20 veist að henni með höggum og spörkum, tekið um hár henni og dregið hana niður á gólfið, sparkað í hana liggjandi og, er henni tókst að hlaupa út úr húsinu, sparkað í hana, svo að hún féll í jörðina, og slegið höfði hennar utan í hurðarkarm útidyra með þeim afleiðingum, að hún marðist á öllum útlimum, baki, öxlum, maga, lendum, lærum og hársverði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981."

Ákærandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna í ríkissjóð.

Af hálfu ákærða eru gerðar þær dómkröfur, að ákærði verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu og hæfileg málsvarnarlaun að mati dómsins verði greidd úr ríkissjóði.

II.

Málsatvik.

Fyrri ákæruliður.

Ákærði neitar afdráttarlaust sök í málinu, og ber mikið í milli í framburði ákærða og Halldóru Jennýjar. Með hliðsjón af því, sakargögnum og því, sem að öðru leyti hefur fram komið við meðferð málsins, verður málsatvikum svo lýst:

Laust eftir klukkan tvö aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 1991 barst lögreglunni í Vestmannaeyjum beiðni um síma um lögregluaðstoð að Áshamri. Þótt upplýsingar væru takmarkaðar, fóru lögreglumenn að fjölbýlishúsinu nr. 65 við Áshamar, og með því að ganga á hljóðið töldu þeir sennilegast, að umbeðna aðstoð mætti rekja til íbúðar á annarri hæð til hægri í nefndu húsi. Lögreglumennirnir knúðu dyra, og opnaði þá Halldóra Jenný og var í mikilli geðshræringu. Sagði hún ákærða hafa barið sig, en ákærði neitaði því og kvaðst ekkert hafa gert. Eftir nauðsynlegar lögregluaðgerðir með könnun á viðhorfum ákærða og kæranda til málsins og vettvangsathugun fóru lögreglumennirnir með málsaðila í lögreglubifreiðina, þó þannig, að aðskildir væru. Var farið með kæranda á sjúkrahúsið, en með ákærða á lögreglustöð til frekari skýrslutöku. Í læknisvottorði, dagsettu 9. ágúst 1991 (dskj. V, 6, 1), Hjalta Kristjánssonar heimilislæknis, sem skoðaði kæranda strax við komu hennar á sjúkrahús, segir m. a.:

„Slasaða kom hér 3. 8. sl. vegna líkamsárásar. Hún sagði svo frá, að fyrrverandi sambýlismaður, Gústaf Þórarinsson, hefði ráðist á sig heima hjá Halldóru um nóttina. Kom hingað beint. Hann sparkaði í báða kálfa, það sást nýtt hematoma um miðjan vinstri kálfa, blái liturinn var ekki kominn út. Hann hafði einnig sparkað í bakið. Hún hafði verki paralumbalt. Ekki var neitt sérstakt að sjá við skoðun. Einnig kýldi hann hana í andlitið, og var slasaða með mikla blæðingu yfir báðum kinnbeinum, en engan opinn skurð. Einnig voru húðblæðingar hægra megin á hálsi að framan. Þeir pössuðu við lýsingu hennar á því, að hún hefði verið tekin kverkataki. Það var áfengislykt af slösuðu, og hún grét, en var ekki áberandi ölvuð. ....."

Vitnið Hjalti hefur staðfest vottorðið hér fyrir dómi. Vitnið staðfesti, að tilgreindir áverkar í ákæru væru í samræmi við skoðun vitnisins á kæranda og um væri getið í áverkavottorðinu. Vitnið sagði það rétt vera, að blóðgúllinn á miðjum vinstri kálfa benti til þess, að Halldóra Jenný hefði fengið töluvert mikið högg á kálfann.

Um aðstæður á vettvangi við komu lögreglu segir svo í frumskýrslu lögreglu (dskj. V, 1, 1):

„Er við komum inn í íbúðina, lá mynd, sem hefur hangið á vegg, við dyrnar að stigaganginum niðri, síminn lá einnig á gólfinu, og var símtólið af honum."

Vitnið Ellert Magnússon, sem sá um frumskýrslugerð í málinu, sagði, er það var spurt, hvort merki um átök hefðu verið á vettvangi, að því hefði virst sem mynd hefði dottið niður, og síminn hefði ekki verið á sínum stað. Vitnið kvaðst einnig hafa litið inn í svefnherbergi og stofu, og virtist vitninu sem hlutir hefðu þar færst úr stað.

Vitnið Halldór Sveinsson lögreglumaður, sem einnig fór á vettvang, sagði, er það var spurt um, hvort merki hefðu verið um átök: „Ekki stórvægilegt, en hugsanlega mynd brotin." Þá var þetta sama vitni spurt, hvort sími í forstofu hefði verið á sínum stað, og sagði vitnið þá: „Nei, hann var ekki í lagi. Það var eins og það væri búið að rífa hann úr sambandi." Enn spurt, hvort það væri öruggt um, að síminn í forstofunni hefði ekki verið á sínum stað, sagði vitnið: „Mig minnir, að það hafi verið veggsími á vinstri hönd, þegar maður kemur inn, og ég tel, að hann hafi ekki verið í sambandi." Vitnið var þá spurt, hvort það hefði farið inn í svefnherbergi, og sagði þá: „Ég man ekki eftir því."

Ákærði segir, að föstudaginn 2. ágúst 1991 hafi Halldóra Jenný boðið sér í mat og hann þegið það boð. Þau hafi síðan farið saman inn í Dal, þar sem haldin hafi verið þjóðhátíð Vestmannaeyja. Þeim hafi sinnast í tjaldi á hátíðarsvæðinu og hún hlaupið í burtu og hann farið á eftir heim til sín, en á þessum tíma bjuggu þau í sömu fjölbýlishúslengjunni, hann að Áshamri 63, en hún að Áshamri 65. Ákærði segir, að Halldóra Jenný hafi hringt til sín og beðið sig að koma yfir til sín. Hann hafi gert það. Þar hafi komið til rifrildis milli þeirra. Orðið hafi stimpingar og læti, eins og ákærði orðaði það. Halldóra Jenný hafi rekist í dyrakarm og rúm og hringt í lögregluna. Ákærði segir, að það sé rétt, að hann hafi reynt að koma í veg fyrir, að hún hringdi á lögregluna. Í huga sér hafi það legið ljóst fyrir, að hún hafi ætlað að láta lögregluna hirða sig og hann ekki kært sig um það. Hann kveðst hafa séð áverkana á henni og vitað, að hann yrði hirtur, ef hún næði að hringja. Nánar spurður um átök þeirra á milli sagði ákærði, að þau hefðu rifist og hún ráðist á sig, þau hefðu tuskast eitthvað til, áður en hún hljóp í símann.

Ákærði var nú beðinn að gera grein fyrir því, hvernig Halldóra Jenný hefði fengið þá áverka, sem í ákæruskjali greindi. Hann kvaðst þá ekki geta lýst því betur en hann væri þegar búinn að segja, því að hann væri þegar búinn að segja, að eftir stimpingarnar hefði hún hlaupið á dyrakarm og dottið þaðan á rúmið. Ekki kvaðst ákærði muna nákvæmlega, hvernig hún hefði dottið utan í rúmið, en áverkar hefðu verið á henni eftir það og það verulegir að mati ákærða, og sagði hann áverkana hafa verið í andliti. Ekki treysti ákærði sér til að segja til um, hvernig hún marðist á kálfa og undir höku, og ekki kvaðst hann geta gert sér grein fyrir, hvort áverkarnir á báðum kinnbeinum hefðu orðið við þetta fall.

Vitnið Halldóra Jenný segir, að hún hafi verið í þann mund á fara úr íbúðinni, er ákærða bar þar að. Hann hafi verið mjög vondur, reiður og æstur. Hann hafi tekið sig strax og skellt sér upp við vegg, grýtt sér á gólfið og lamið sig í forstofunni. Vitnið segist hafa ætlað að komast í símann í forstofunni, en hann hafi grýtt honum í gólfið, svo að vitninu tókst ekki að komast í hann. Þótt ákærði hafi verið búinn að lemja sig mikið, kvað vitnið sér með einhverjum hætti hafa tekist að komast inn í svefnherbergið í þeim tilgangi að ná í takkasíma, sem þar hefði verið við hliðina á svefndýnum. Vitnið kvaðst hafa náð að hringja í 000 og biðja um hjálp að Áshamri 65 og beðið lögregluna að koma þegar í stað. Vitnið sagði, að ákærði hefði heyrt þetta og hent vitninu harkalega niður á dýnurnar. Kærandinn, Halldóra Jenný, sagði, að ákærði hefði nú slegið sig og hún við það lent á gólfinu. Þar hefði hann sest klofvga ofan á sig og með fótunum klemmt hendur hennar fastar, rifið föt hennar og kýlt hana í andlitið og notað bæði olnboga og hendur og þó aðallega olnboga. Hún hefði sem snöggvast misst meðvitund, hann tekið hana kverkataki, en óljóst myndi hún eftir því, að hann hefði sleppt takinu við það, að hún nefndi nafn barnsins. Hún sagði, að sér hefði nú tekist að komast frá honum og lögreglan komið á staðinn.

Meðal rannsóknargagna er vettvangsrannsókn, er Gísli I. Þorsteinsson rannsóknarlögreglumaður gerði með aðstoð Hjalta Kristjánssonar heilsugæslulæknis 13. ágúst 1991, en ákærði hafði þá daginn áður gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglumanninum. Lögreglumaðurinn, sem gefið hefur skýrslu hér fyrir dóminum um rannsóknaraðgerðir sínar, sagði, að tilgangurinn með vettvangsrannsókninni hefði verið sá að reyna að glöggva sig á því, hvort Halldóra hefði getað hlotið þessa áverka í andlitið á þann hátt, sem ákærði tilgreindi. Við vettvangsrannsókn hefðu verksummerki verið skoðuð, dyrafaldur og barnarúm, og hvort tveggja ljósmyndað (dskj. V, 7.). Vitnið sagði, að heilsugæslulæknirinn hefði verið kallaður til vegna sérþekkingar hans, en skýrslur sínar hefðu þeir unnið hvor fyrir sig. Í lögregluskýrslu, dagsettri 13. ágúst 1991 (dskj. V, 5, 1), greinir vitnið frá vettvangsrannsókninni með eftirgreindum hætti:

„Vettvangur: Íbúð Halldóru Jennýjar Hilmarsdóttur að Áshamri 65, Vestmannaeyjum.

Ráðstafanir: Teknar ljósmynir af hurðarkarmi og „geretti" við inngang í svefnherbergi. Teknar ljósmyndir að barnarúmi í svefnherbergi Halldóru."

Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir:

„Það verður að teljast mjög ólíklegt, að Halldóra hafi hlotið þessa áverka við það að skella utan í hurðarkarminn eða barnarúmið. Hafi hún skollið utan í karminn, er vísast, að hún hefði hlotið áverka á augabrún. Barnarúmið er veigalítið rimlarúm, og má telja útilokað, að Halldóra

hafi hlotið áverka í líkingu við þá, sem hún bar, við það að skella utan í rúmið."

Í vottorði, sem heilsugæslulæknirinn gaf út sama dag, 13. ágúst 1991, kemst hann að sömu niðurstöðu og rannsóknarlögreglumaðurinn, því að þar segir í niðurstöðu:

„Af framansögðu má ályktа, að ég tel útilokað, að Halldóra hafi fengið þá áverka, sem hún fékk á bæði kinnbein samtímis, ég tel svo til útilokað, að hún hafi fengið þá af hurðarkarminum eða barnarúminu án þess að fá aðra áverka, sem ég hef áður nefnt, en þá hlaut hún ekki. Hinn hugsanlegi aðdragandinn, þ. e., að hún hafi verið kýld á bæði kinnbein, stenst mun betur, og hafði Halldóra dæmigerða áverka eftir slík högg....."

Viðstödd vettvangsrannsókn var að sögn vitnisins Gísla húsráðandi, Halldóra Jenný Hilmarsdóttir, en ákærða var kynnt niðurstaða rannsóknaraðila daginn eftir, þ. e. 14. ágúst 1991 (dskj. V, 5, 2).

Vitnið Ellert Sigurður Magnússon, sem var við lögreglustörf í Vestmannaeyjum þjóðhátíðarhelgina 1991 og sá, eins og að framan greinir, um frumskýrslugerð í málinu, sagði, að kærandi, Halldóra, hefði borið merki um að hafa orðið fyrir líkamsárás. Vitnið sagði, að andlit Halldóru hefði verið mjög bólgið. Reyndar kvaðst vitnið aldrei hafa séð svo bólgið andlit áður. Vitnið greindi frá slæmu andlegu ástandi Halldóru við komu á sjúkrahúsið og sagði hana hafa verið æsta, hún hefði æpt og öskrað og ekki getað setið kyrr. Hún hefði kveinkað sér yfir ástandi sínu og valið ákærða kaldar kveðjur.

Vitnið Ásdís Sveinjónsdóttir sagðist hafa hitt kæranda á hátíðarsvæðinu við hústjöldin. Kvað vitnið þær Halldóru hafa setið og spjallað saman dágóða stund. Ákærði hefði legið sofandi í tjaldinu, sem þær hefðu setið í. Þær hefðu síðan ætlað á salerni, en ákærði komið á eftir þeim og slegið til kæranda og einnig til vitnisins. Það sagði, að upp úr þess hefðu upphafist læti, en vitnið mundi málsatvik ekki frekar. Vitnið kvaðst hafa verið frekar mikið ölvað.

Vitnið Hörður Þórðarson leigubifreiðarstjóri staðfesti að hafa ekið kæranda úr Herjólfsdal að heimili hennar 3. ágúst 1991. Vitnið sagðist ekki hafa séð á henni áverka. Halldóra bað vitnið að bíða, og taldi vitnið sig þá hafa séð á eftir ákærða inn í húsið. Vitnið sagði, að Halldóra hefði látið sig hafa peninga fyrir komandi akstursgjaldi og haft orð um, að hún yrði fljót, en þegar vitnið var búið að bíða dágóða stund, kvaðst það hafa tekið ákvörðun um að aka í burtu.

Vitnin Eysteinn Gunnarsson og Íris Róbertsdóttir, sem bjuggu eins og Halldóra að Áshamri 65 og voru samferða henni í leigubifreiðinni, staðfestu einnig, að engir áverkar hefðu þá verið á henni.

Tæpum tveimur mánuðum eftir, að kærandi hafði staðfest við lögreglu

kæru sína um líkamsárás á hendur ákærða, hinn 26. september 1991, dró hún kæru sína til baka (dskj. XII.) með svohljóðandi yfirlýsingu:

„Af persónulegum ástæðum neyðist ég til að draga kæru mína á hendur Gústaf A. Þórarinssyni, kt. 130563-5119, Áshamri, Vestmannaeyjum, til baka. Kæra mín byggðist ekki á röngum sakargiftum, en ég vil draga hana til baka."

Hinn 11. september 1992 (dskj. X.) fór kærandi, Halldóra, hins vegar formlega fram á það við rannsóknarlögregluna í Vestmannaeyjum, að hún fengi að endurnýja kæru sína. Kvaðst hún nú gera kröfu um, að ákærða yrði refsað. Um ástæðuna til þess, að hún dró kæruna til baka 26. september 1991, sagði kærandi, að það hefðu verið hótanir ákærða í sinn garð og móður sinnar. Kvað hún ákærða hafa hótað því, að ef hún félli ekki frá kærunni, myndi hann láta lán falla á móður hennar og hún myndi auk þess sæta líkamsmeiðingum af hans hálfu.

Sakargögn greina frá þó nokkrum tilfellum fyrir og eftir tilgreindan atburð, þar sem Halldóra Jenný kvartar við lögreglu vegna ætlaðra líkamsmeiðinga, er hún hafi mátt þola af hendi ákærða, án þess að því fylgdi formleg kæra af hennar hálfu.

Þótt ákærði hafi ekki átt sama lögheimili og Halldóra Jenný á því tímabili, sem hér um ræðir, virðast samskipti þeirra hafa verið náin, en ákærði bjó í næsta stigagangi við Halldóru, og þau áttu saman dreng, sem þá var á öðru aldursári, fæddan 20. janúar 1990.

Ríkissaksóknari og hann einn átti málshöfðunarrétt í máli þessu, sbr. 2. mgr. 217. gr. laga nr. 19/1940 og 2. mgr. 27. gr. laga nr 19/1991. Þegar ríkissaksóknari höfðaði málið með ákæru, dagsettri 3. nóvember 1992, lá fyrir skýr afstaða Halldóru Jennýjar til málsins (dskj. X.). Krafðist hún þess, að ákærða yrði refsað. Ákæruvaldinu var rétt og skylt að höfða mál þetta.

Ákærði og Halldóra Jenný eru ein til frásagnar um, hvað gerðist aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 1991 á heimili Halldóru að Áshamri 65, er varð til þess, að hún hlaut þá áverka, sem í ákæru greinir. Til athugunar kemur framburður þeirra og þá höfð hliðsjón af áverkum Halldóru. Vettvangsathuganir og önnur sýnileg sönnunargögn málsins, er varpað geta ljósi á það, hvernig áverkarnir eru til komnir, koma hér einnig til athugunar.

Ljóst er, að mikið ber í milli í framburði ákærða og Halldóru. Ákærði segir, að komið hafi til rifrildis milli þeirra og orðið hafi stimpingar og læti og hún rekist í dyrakarm og rúm og hringt á lögregluna. Áverkar Halldóru Jennýjar, sem ákæruvaldið telur hann hafa valdið henni með refsiverðum hætti, eru mar á kálfa, hálsi, undir höku svo og mar og bólgur yfir kinnbeinum. Áverkar á kálfa fá ekki samrýmst skýringum ákærða, og

ósennilegt er, að áverkar á hálsi og undir höku séu til komnir með þeim hætti, sem hann greinir. Þá er með öllu óhugsandi, að stokkbólgin kinnbein hennar séu til komin með þeim hætti, sem hann hér greinir. Skýringum ákærða, sem þykja ósennilegar og útilokaðar og fá ekki samrýmst sýnilegum sönnunargögnum, verður því hafnað. Halldóra Jenný hefur reynst staðföst í framburði sínum. Hún gefur þá skýringu, að áverkarnir verði raktir til ákærða. Hann hafi tekið sig kverkataki, slegið sig fyrst með hnefa og síðan olnbogum og loks sparkað í sig. Sérstök vettvangsathugun og áverkavottorð styðja framburð hennar. Þegar þetta er virt, þykir ekki varhugavert að telja nægilega sannað, að ákærði hafi aðfaranótt laugardagsins 3. ágúst 1991 gerst sekur um líkamsárás á hendur sambýliskonu sinni, Halldóru Jennýju, fæddri 11. janúar 1969, á heimili hennar að Áshamri 65, Vestmannaeyjum, með þeim hætti, er í 1. lið ákæru greinir. Greip ákærði um kverkar henni, sló hana hnefahögg á hægri vanga og skellti henni í gólfið. Sló hana liggjandi mörg högg í andlitið með olnbogum sínum og sparkaði í hana. Hlaut hún af þessu mar á kálfum, hálsi og undir höku og marðist og bólgnaði yfir kinnbeinum. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara og hún réttilega heimfærð undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Síðari ákæruliður.

Að kvöldi sunnudagsins 2. ágúst 1992 kærði Halldóra Jenný ákærða fyrir að hafa aðfaranótt þess sama dags barið sig á heimili þeirra, Vesturvegi 20, Vestmannaeyjum. Kvaðst hún vera marin og aum eftir barsmíðarnar. Í frumskýrslu lögreglunnar í Vestmannaeyjum, sem hér er vitnað til, kemur einnig fram, að Halldóra gat þess, að hún hefði fyrr um daginn leitað læknis og ætti von á læknisvottorði um miðja vikuna.

Víðir Óskarsson heilsugæslulæknir skoðaði Halldóru Jennýju að beiðni hennar sunnudaginn 2. ágúst 1992. Í læknisvottorði, sem hann gaf fimm dögum síðar, segir hann:

„Við skoðun finnst talsvert mikið af áverkamerkjum. Hún er með væg eymsli yfir hvirfli, mar og eymsli yfir vinstra patella. Fjórir talsvert stórir marblettir eru yfir vinstra læri lateralt, mar og eymsli á vinstra kálfa og framan á sköflungi. Mikil eymsli yfir vinstra mjaðmarkamb og greinilega mar og tognun þar. Eymsl og mar hliðlægt á hægra læri og framan á hægra sköflungi. Aftan á baki yfir spjaldhrygg eru mikil eymsli og mar. Mar og eymsli yfir herðum og með eymsli yfir II. kjúku vinstri handar."

Læknirinn hefur komið fyrir dóminn og staðfest læknisvottorðið.

Ákærði neitar afdráttarlaust að hafa valdið Halldóru þessum áverkum. Eins og sóknargögnum er hér háttað, eru einungis kærandi og ákærði kölluð til frásagnar um það, sem gerðist á Vesturvegi 20 aðfaranótt sunnu-

dagsins 2. ágúst 1992. Ákærði segir, að ekki hafi komið til átaka milli þeirra Halldóru aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 1992. Ekki kvaðst hann vita, hver væri valdur að þeim áverkum, er hún hefði hlotið þessa nótt. Um málsatvik að öðru leyti sagði ákærði, að þau Halldóra hefðu farið saman á skemmtistað og síðan í heimahús og þaðan á hátíðarsvæðið í Herjólfsdal. Um nóttina hefði hann hitt stúlku, Veru að nafni, og með henni farið í rútu úr dalnum og ætlað heim. Halldóra hefði náð rútunni og þær rifist alla leiðina. Halldóra hefði náð að komast á undan að heimili þeirra og náð að læsa útidyrum. Stúlkan Vera hefði þá brotið rúðuna með því að sparka í hana, en Halldóra hringt á lögregluna, sem síðan hefði fjarlægt stúlkuna. Þau Halldóra hefðu rifist eftir þetta, án þess að til átaka hefði komið á milli þeirra, og hann síðan ekki séð Halldóru fyrr en kvöld sunnudagsins 2. ágúst 1992.

Kærandi, Halldóra, hefur hér aðra sögu að segja. Hún segir, að eftir að lögreglan hafði fjarlægt stúlkuna Veru, hafi ákærði orðið heiftarlega reiður, og þar sem hún hafi verið á salerninu að þvo sér, hafi hann slegið sig tvisvar í andlitið og síðan, þar sem hún lá á gólfinu eftir hrindingu ákærða, dregið sig á hárinu og sparkað margsinnis í sig. Loks, eftir að hann hafði slegið höfði hennar í útidyrakarm, hefði hann hent henni út úr húsinu með þeim orðum, að hún ætti ekki heima hjá sér. Í framburði hennar kom einnig fram, að er þau öll þrjú voru á leiðinni að heimili hennar, hefði annaðhvort ákærði eða stúlkan Vera hrint eða hent henni á verslunarglugga, en hún verið svo hrædd við ákærða, að hún þorði ekki að segja neitt. Hún hefði sloppið frá þeim og flýtt sér heim. Kærandi sagði, að eftir að ákærði hefði lokið barsmíðum sínum og hent henni út, hafi henni tekist að komast til nágranna að Vesturvegi 26 og beðið um, að hringt yrði á lögregluna, en ákærði hefði hins vegar ekki verið handtekinn.

Vitnið Héðinn Konráðsson sagðist hafa ásamt konu vitnisins, Sigríði Hörpu, verið í sömu rútu og ákærði, kærandi og stúlka, er vitnið þekkti ekki. Stúlkan og kærandi, Halldóra, hefðu farið að rífast og haldið því áfram, er út úr bílnum var komið. Þar sem ákærði og stúlkurnar gengu samsíða austur Vesturveg, hefði stúlkan skellt Halldóru upp að húsvegg, en ákærði látið þær afskiptalausar og haldið för sinni áfram. Ekki treysti vitnið sér til að segja til um, hvort kærandi, Halldóra, fékk áverka við það, að tilgreind stúlka réðst á hana, en sagði, að kærandi, Halldóra, hefði skollið með bakið í húsvegginn. Ekki kvaðst vitnið hafa fylgst með þeim eftir þetta. Síðar um nóttina hefði Halldóra komið að heimili vitnisins og fengið að hringja á lögreglu. Vitnið sagði, að Halldóra hefði sagt, að ákærði hefði mölvað rúðu með höfði hennar (sic), hún fyndi til í höfðinu, og vitninu fannst sem Halldóra væri farin að blána á kinn. Vitnið sagði,

að eftir að Halldóra hafði hringt á lögregluna, hefði hún farið út, og sá vitnið, að hún eftir komu lögreglunnar fór með lögreglunni.

Vitnið Sigríður Harpa Sigurjónsdóttir, eiginkona vitnisins Héðins, staðfesti, að kærandi, Halldóra, hefði lent í orðasennu við háa ljóshærða stúlku í rútunni. Það varð hins vegar ekki vitni að samskiptum Halldóru og stúlkunnar, eftir að úr rútunni kom, og vitnið sá ekki kæranda, Halldóru, meira þessa nótt, eftir að Halldóra hafði farið úr rútunni.

Vitnið Tryggvi Ólafsson lögreglufulltrúi staðfesti, að fyrstu rannsóknaraðgerðir í málinu hefðu falist í skýrslutöku af kæranda mánudaginn 3. ágúst 1992, og þremur dögum síðar tók vitnið skýrslu af ákærða, en eftir það fór vitnið í sumarfrí, en hafði áður falið staðgengli sínum að taka skýrslur af vitnum, sem bjuggu á Vesturvegi, í næsta nágrenni við ákærða og kæranda, svo og að afla gagna úr dagbókum lögreglu um heimilisófrið að Vesturvegi 20.

Vitnið Pétur Steingrímsson lögreglumaður, er kom að rannsókn málsins, staðfesti lögregluaðgerðir sínar í því sambandi.

Við meðferð málsins vitnaði móðir Halldóru að ósk sækjanda um það, að dóttir hennar hefði komið til hennar árla dags sunnudaginn 2. ágúst 1992 í fylgd lögreglu og hefði dvalist þar, allt þar til læknir vitjaði hennar, og að ósk verjanda greindi frænka ákærða, Lilja Rut Sævarsdóttir, frá afstöðu sinni til málsins.

Samkvæmt 67. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er markmið rannsóknar að afla allra gagna, til að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort sækja skuli mann til sakar. Í 68. gr. laganna er kveðið á um gagnaöflun, og á hún að miða að því, að aflað sé allra tiltækra gagna um verknað þann, sem um er að ræða og á annað borð má ætla, að skipti máli. Lögð er áhersla á, að leitað sé að þeim, sem grunaður er um brot, og nefnt, ef við á, að rannsaka eigi vettvang. Í 70. gr. laganna er kveðið á um, að rannsóknara beri að leita til kunnáttumanna, þegar þörf er á sérfræðilegri rannsókn, svo sem læknisskoðun.

Ljóst er, að rannsóknarhættir í máli þessu víkja í ýmsum greinum frá því, sem mælt er fyrir í lögunum. Í því sambandi verður að athuga, hvort rannsóknaraðferðir voru með þeim hætti, að ákæra yrði ekki reist á fyrirliggjandi rannsókn eða rannsóknin með öðrum hætti svo gölluð, að hún gæti ekki orðið grundvöllur að réttlátri málsmeðferð.

Af málsatvikum má ráða, að lögregla hafi fyrst komið að málinu, er kærandi, Halldóra, hringdi á lögreglu um nóttina og bað um aðstoð, vegna þess að rúða hefði verið brotin í útidyrahurð á heimili hennar. Þar voru þá ákærði, kærandi og stúlkan Vera, og virðist sem þau hafi öll verið ölvuð og æst. Lögreglan mælir fyrir um, svo að ekki komi til frekari vandræða, að kærandi yfirgefi heimili sitt og sofi um nóttina hjá móður sinni.

Kærandi vill það ekki. Lögreglan ekur stúlkunni Veru í burtu. Í málinu liggja ekki fyrir skjalleg gögn um aðgerðir lögreglu í þessu sambandi, og þeir lögreglumenn, sem hér komu að málinu, hafa hvorki við rannsókn né við meðferð málsins verið kallaðir til staðfestingar á lögregluaðgerðum. Stúlkan Vera var aldrei yfirheyrð.

Aftur leitar kærandi á náðir lögreglu stuttu síðar, er hún hringir frá Vesturvegi 26. Segir hún, að sambýlismaður sinn, ákærði, Gústaf Adolf, hafi barið sig. Ekki eru gerðar ráðstafanir til að handtaka ákærða, en lögreglan ekur Halldóru á heimili móður hennar. Ekki heldur að þessu leyti liggja fyrir í málinu skjalleg gögn um þessar lögregluaðgerðir, og hvorki við rannsókn né meðferð málsins hafa lögreglumennirnir, sem hér komu að málinu og ef til vill eru hinir sömu og áður höfðu haft afskipti af málsaðilum, verið kallaðir til vitnisburðar og staðfestingar á lögregluaðgerðum. Sérstök ástæða var þó til þess, þar sem lögreglumennirnir hefðu þá m. a. getað borið um ástand Halldóru, hugsanlega líkamsáverka o. fl. Um kvöldið kærir Halldóra formlega ákærða, og hefur læknir þá farið í vitjun til hennar.

Daginn eftir gefur kærandi skýrslu hjá RLV að viðstöddum starfsmanni frá Stígamótum. Ekki eru gerðar ráðstafanir af hálfu RLV til að tryggja örugga sönnunarfærslu með því að senda kæranda í sérstaka læknisrannsókn, vettvangur ekki kannaður og engar ráðstafanir gerðar til að handtaka ákærða. Þegar málið er sent ríkissaksóknara, að því er virðist 21. október 1992, er það í ófullkomnum búningi. Ákæra er þó gefin út 3. nóvember 1992.

Lagalega gat það staðist, að ríkissaksóknari gæfi út ákæru, reista á hinni gölluðu rannsókn. Skortur á traustum sýnilegum sönnunargögnum og markvissum rannsóknaraðferðum var hins vegar augljóslega til þess fallinn að gera sönnunarfærslu fyrir dómi erfiða. Einnig var það mjög undir hælinn lagt, að sækjandi með svo gallaða rannsókn í höndum gæti af hlutlægni leitt fram í dómi staðreyndir málsins, sem sýndu sekt ákærða. Það hefur ekki heldur tekist hér. Til að réttlát málsmeðferð yrði tryggð og vafaatriðum eytt, var vitnaframburður stúlkunnar Veru og lögreglumannanna, sem óku kæranda um nóttina, nauðsynlegur. Þar sem þessir ágallar eru á málsmeðferð og sökum sönnunarskorts, verður ákærði, Gústaf Adolf Þórarinsson, sýknaður af þeirri háttsemi, sem hann er sakaður af ákæruvaldinu um að hafa framið og í síðari lið ákæru greinir.

III.

Refsiákvörðun.

Ákærði, Gúataf Adolf Þórarinsson, er sakhæfur, en hann er fæddur 13. maí 1963 og hefur skv. vottorði frá Sakaskrá ríkisins sætt refsingum sem hér segir:

„1984 15/3 Vestmannaeyjar. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 1 ár frá 15. 3. 1984.
1989 1/6 Vestmannaeyjar. Sátt: 36.000 kr. sekt f. brot g. 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umfl. Sviptur ökul. 3 ár frá 1. 6. 1989."

Eins og að framan greinir, verður ákærða einungis refsað fyrir fyrri ákærulið, þ. e. brot, framið 3. ágúst 1991. Þegar refsing er ákvörðuð fyrir það brot, verður að hafa í huga, að ákærði gekk á fólskulegan hátt í skrokk á sambýliskonu sinni og veitti henni umtalsverða áverka. Ákærði sýndi eftir brotið engin merki iðrunar, og þykir refsing hans, sem varðar, eins og að framan greinir, við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981, hæfilega ákveðin varðhald 45 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og í samræmi við niðurstöðu málsins ber að dæma ákærða til að greiða helming alls sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hrl., 70.000 krónur, en af hálfu ákæruvalds sótti málið hér fyrir dóminum Lúðvík Bergvinsson, fulltrúi lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari, sem fékk mál þetta til meðferðar 10. nóvember 1992, dæmir mál þetta. Vegna mikilla embættisanna dómarans dróst dómsuppkvaðning nokkuð, en málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 15. f. m.

Dómsorð:

Ákærði, Gústaf Adolf Þórarinsson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði greiði helming alls sakarkostnaðar á móti ríkissjóði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Hjaltasonar hrl., 70.000 krónur.

Föstudaginn 28. maí 1993.

Nr. 225/1993. **Jón Örn Ingólfsson og Jón Gunnar Zoëga** gegn **Gunnari Hjaltalín og Þórarni Ragnarssyni.**

Kærumál. Dómarar. Hæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. maí 1993, sem barst réttinum 21. sama mánaðar. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara, Sigríði Ólafsdóttur, að víkja sæti í málinu. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í ritgerð þeirri, er getur í hinum kærða úrskurði, er ekki fjallað efnislega um atvik í máli þessu. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Jón Örn Ingólfsson og Jón Zoëga, greiði varnaraðilum, Gunnari Hjaltalín og Þórarni Ragnarssyni, sameiginlega 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 1993.

Eiginmaður dómarans hefur skrifað og gefið út fjölmörg rit um lögfræðileg álitaefni á ýmsum sviðum lögfræði, þar sem skoðanir hans koma óhjákvæmilega fram, e. t. v. af mismiklum þunga.

Ef skoðanir makans eiga að hafa áhrif á hæfni dómarans, gætu þau leitt til almenns vanhæfis hans sem dómara.

Telur dómarinn sig færan um að taka sjálfstæðar ákvarðanir, óháð skoðunum og skrifum maka síns, hvað varðar það álitaefni, sem hér er fjallað um, og er kröfu stefnenda hafnað.

Úrskurðarorð:

Kröfu stefnenda um, að dómari víki sæti, er hafnað.

Þriðjudaginn 1. júní 1993.

Nr. 214/1993. **Sveinn Sigurbjörnsson og Tryggvi Stefánsson**
gegn
Eiríki Sigfússyni.

Kærumál. Dómarar. Hæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. maí 1993, sem barst réttinum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra, er upp var kveðinn 23. apríl 1993. Sóknaraðilar krefjast þess, að Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari, dómari málsins nr. E-11/1992 fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra: Eiríkur Sigfússon gegn Sveini Sigurbjörnssyni o. fl., víki sæti sem dómari í málinu.

Varnaraðili krefst þess, að dómkröfum sóknaraðila verði hafnað og málinu vísað til löglegrar meðferðar í héraði. Þá krefst hann þess, að sóknaraðilar og/eða Tómas Gunnarsson hæstaréttarlögmaður, umboðsmaður þeirra, verði dæmdir til að greiða kærumálskostnað.

Mál nr. E-11/1992 var þingfest á bæjarþingi Akureyrar 13. desember 1990. Á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands eystra 23. apríl 1993, þar sem boðað hafði verið til aðalflutnings málsins, krafðist lögmaður sóknaraðila þess, að dómari málsins viki sæti á grundvelli g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Héraðsdómarinn hafnaði þeirri kröfu með úrskurði þeim, sem hér er til meðferðar. Dómarinn úrskurðaði jafnframt, að málinu væri frestað, þar til kærufrestur um synjun dómara að víkja sæti væri liðinn.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Sveinn Sigurbjörnsson og Tryggvi Stefánsson,

greiði óskipt varnaraðila, Eiríki Sigfússyni, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 23. apríl 1993.

Hér fyrir dóminum hefur Tómas Gunnarsson hrl., lögmaður stefndu, Sveins Sigurbjörnssonar og Tryggva Stefánssonar, krafist þess, að dómari málsins, Ásgeir Pétur Ásgeirsson, víki sæti á grundvelli g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991, þar sem hann hafi verið vilhallur stefnanda, Eiríki Sigfússyni, að því leyti, að hann hafi hindrað, að fram kæmu í málinu upplýsingar um tilurð stefnukröfu málsins, þ. e. a. s. skuldabréf það, er mál þetta er risið af og krafist hefur verið opinberrar rannsóknar á hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, svo og sé málið í rannsókn hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Hafi hlutdræg afstaða dómara komið fram í því að fresta ekki málinu þrátt fyrir kröfu þar um svo og vegna þeirrar málsástæðu sinnar, að framsal Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps á skuldabréfinu til stefnanda væri falsað og einnig ekki gefist færi að andmæla nýjum upplýsingum lögmanns stefnanda, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., um vexti og útreikning höfuðstóls kröfu. Einnig hafi dómari verið búinn að ákveða skriflegan málflutning, en fallið frá því.

Jón Oddsson hrl. tekur undir vikningarkröfu Tómasar Gunnarssonar hrl., að því er þetta síðast talda varðar, og telur, að málið sé réttarfarslega farið úr böndunum, er það varðar, en tekur fram, að krafa sín beinist ekki að persónu dómarans.

Álit dómsins.

Það er álit dómarans, að í máli þessu, sem stefnandi rekur skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991, hafi dómari ekki sýnt hlutdrægni, enda þótt hann hafi ekki frestað málinu, svo sem krafist var, heldur hafnaði hann frestbeiðni upphaflega að svo stöddu, og eftir málreifun lögmanna aðila nú fyrr í dag ákvað hann að verða ekki við frestkröfunni með vísan til 3. mgr. 102. gr., sbr. XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Varðandi upplýsingar lögmanns stefnanda um vaxtafót og útreikning höfuðstóls taldi dómari það málflutningsatriði, er afstaða yrði tekin til í dómi.

Um þá fullyrðingu, að dómari hafi verið búinn að ákveða skriflegan málflutning, þá hafnar hann þeirri staðhæfingu, þó að á dómþinginu hafi dómari haft orð á því og um það verið rætt af dómara, að málið yrði skriflega flutt, er hann sá, í hvaða efni fór.

Við meðferð málsins nú í dag hefur dómari haft til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í málinu nr. 126/1993: Sveinn Sigurbjörnsson og Tryggvi

Stefánsson gegn Sparisjóði Glæsibæjarhrepps, þar sem Hæstiréttur vísar til reglna XVII. kafla laga nr. 91/1991 um þær varnir, er ekki komust að í því máli.

Sú málsástæða, að framsal Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps til stefnanda væri falsað, kom fyrst fram nú í dag og hefur ekki áður verið hreyft.

Lögmaður stefnanda hefur haldið fast við það, að mál þetta verði rekið skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991.

Dómari vill geta þess, að hann er ekki á nokkurn hátt tengdur aðilum máls þessa, hvorki vinur né óvinur og þeim á engan hátt háður, hvorki fjárhagslega né siðferðilega.

Að öllu þessu virtu og með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 hafnar dómari þeirri kröfu, að hann víki sæti.

Úrskurðarorð:

Dómari máls þessa, Ásgeir Pétur Ásgeirsson, víkur ekki sæti.

Þriðjudaginn 1. júní 1993.

Nr. 201/1993. **Ásgeir Hannes Eiríksson**

gegn

BYKO hf.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. apríl 1993, sem barst réttinum 19. maí sl. Hann krefst þess, að úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. apríl sl. í málinu nr. X-6/1993 „verði hrundið og málinu vísað frá í héraði".

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ásgeir Hannes Eiríksson, greiði varnaraðila, BYKO hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál þetta varðar fjárkröfu varnaraðila á hendur fyrirtækinu Íslenskum lakkrís hf. vegna eftirstöðva af viðskiptaskuld. Dómsmáli um kröfuna á bæjarþingi Reykjavíkur lauk 25. janúar 1990 með réttarsátt, þar sem varnaraðili og Þorbjörg Þorvarðardóttir, stjórnarformaður hlutafélagsins, tókust á hendur ábyrgð á skuldinni ásamt aðalskuldaranum með loforði um greiðslu in solidum. Nam skuldin þá 177.605 krónum auk vaxta og málskostnaðar, en upp í hana hafa síðan greiðst 150.000 krónur, eftir því sem skiptabeiðni gefur til kynna. Bú fyrrgreinds hlutafélags varð gjaldþrota, eins og lýst er í hinum kærða úrskurði. Krefst varnaraðili nú gjaldþrota-

skipta á búi sóknaraðila á grundvelli fjárnáms, sem reynt var hjá honum án árangurs. Engin gögn liggja fyrir um fjárhagsstöðu Þorbjargar Þorvarðardóttur eða aðgerðir gagnvart henni, en varnaraðili staðhæfir, að hann hafi reynt án árangurs að krefja hana um greiðslu.

Samkvæmt 1. tl. 3. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. getur lánardrottinn ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldara, ef krafa hans er nægilega tryggð með ábyrgð þriðja manns. Er það skilyrði ekki orðað í þessu tilliti, að bent hafi verið á eignir, er ábyrgðarmaðurinn ráði yfir til að mæta skuldinni. Telja verður, að lánardrottinn þurfi að leiða líkur að því, að ábyrgðarmaður sé án getu til að greiða skuldina, áður en sönnunarbyrði um það verði lögð á þann, sem gjaldþrots er beiðst hjá. Eins og kröfu varnaraðila og atvikum málsins er háttað, verður ekki á það fallist, að hann hafi fullnægt þessari kvöð. Ber því að taka til greina þá kröfu sóknaraðila, að kröfu varnaraðila um gjaldþrotaskipti verði hafnað að svo komnu. Kærumálskostnaður á að falla niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. apríl 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 17. mars 1993.

Sóknaraðili, Byko hf., kt. 460169-3219, Auðbrekku 6, Kópavogi, gerir þá kröfu, að bú varnaraðila, Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar, kt. 190547-2649, Klapparbergi 16, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá gerir sóknaraðili kröfu til málskostnaðar úr hendi varnaraðila að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II.

Málsatvik eru þau, að með bréfi, er barst Héraðsdómi Reykjavíkur 28. ágúst 1992, krafðist Rúnar Mogensen hdl. f. h. sóknaraðila þess, að bú varnaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Með úrskurði héraðsdómsins, upp kveðnum 30. október 1992, var krafa hans tekin til greina. Varnaraðili kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem með dómi, upp kveðnum 9. desember 1992, vísaði málinu frá dómi á þeim forsendum, að þar sem útivist hefði orðið af hálfu varnaraðila í héraði, hefði hann átt þann kost einan að æskja endurupptöku samkvæmt 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 3. mgr. 176. gr. og lokamálslið 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Hann hefði því ekki haft heimild til kæru málsins, sbr.

4. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991. Í kjölfar dóms Hæstaréttar gerði varnaraðili kröfu um endurupptöku málsins fyrir héraðsdóminum, og var fallist á hana. Er málið var tekið fyrir að nýju, komu fram mótmæli af hálfu varnaraðila við kröfu sóknaraðila, og var því þingfest mál þetta, sbr. 1. mgr. 168. gr. laga nr. 21/1991.

III.

Sóknaraðili greinir svo frá atvikum, að varnaraðili og Þorbjörg Þorvarðardóttir, kt. 140152-4559, Kleppsvegi 68, Reykjavík, hafi 16. nóvember 1988 gengið í persónulega ábyrgð gagnvart sóknaraðila fyrir allt að 800.000 krónum auk vaxta og kostnaðar vegna vöruúttektar Íslensks lakkríss hf., kt. 680487-1979, hjá sóknaraðila. Í febrúar 1989 keypti Íslenskur lakkrís hf. vörur hjá sóknaraðila fyrir 177.605 kr. Gerð var réttarsátt um skuldina í bæjarþingi Reykjavíkur 25. janúar 1990. Í kröfu sóknaraðila um gjaldþrotaskipti er höfuðstóll skuldarinnar ásamt dráttarvöxtum og kostnaði greindur 194.963 kr. Hinn 3. júní 1992 var lýst yfir árangurslausu fjárnámi hjá varnaraðila vegna kröfu þessarar.

Sóknaraðili kveður, að 5. júlí 1990 hafi að kröfu sinni farið fram árangurslaust fjárnám í fógetarétti Kópavogs hjá Íslenskum lakkrís hf. Bú félagsins hafi síðan verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 20. desember 1990. Skiptum hafi lokið 24. september 1991 með vísan til 120. gr. laga nr. 6/1978, þar sem engar eignir fundust í búinu.

Sóknaraðili kveður enn fremur, að Þorbjörg Þorvarðardóttir hafi oftsinnis verið boðuð til að koma í fógetarétt Reykjavíkur vegna kröfu sóknaraðila á hendur henni, en hún hafi aldrei sinnt því. Einnig hafi verið reynt að fara í fjárnám á skráð heimili hennar, án þess að það bæri árangur. Þorbjörg sé hvorki skráð fyrir bifreið né fasteign, svo að kunnugt sé. Krafa sóknaraðila sé því hvorki tryggð með veði né öðrum sambærilegum réttindum í eignum skuldara eða þriðja manns né hefur trygging eða greiðsla verið boðin fyrir kröfunni, sbr. 1. og 2. tl. 3. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991.

Um lagarök fyrir kröfu sinni vísar sóknaraðili til 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991.

IV.

Varnaraðili reisir mótmæli sín við kröfu skiptabeiðanda um það, að fyrir liggi ábyrgð þriðja manns á kröfunni og því megi ekki krefjast gjaldþrotaskipta á búi hans, sbr. 1. tl. 3. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Krafa sóknaraðila grundvallist á réttarsátt, er gerð var í bæjarþingi Reykjavíkur 25. janúar 1990. Samkvæmt henni hafi m. a. varnaraðili og Þorbjörg Þorvarðardóttir lofað að greiða sóknaraðila in solidum ákveðna fjárhæð.

Krafan sé því tryggð með ábyrgð Þorbjargar í skilningi nefndrar lagagreinar.

Varnaraðili bendi enn fremur á, að ekki sé fullreynt í málinu, hvort Þorbjörg eigi eignir, en hann telji sóknaraðila bera sönnunarbyrðina fyrir því. Ekki sé nægilegt að halda því fram, að hún sé ekki skráð fyrir eignum, heldur verði að liggja fyrir skýr yfirlýsing hennar um, að hún sé eignalaus, þ. e. árangurslaus aðfarargerð.

V.

Í máli þessu er um það deilt, hvort um sé að ræða skilyrði gjaldþrotaskipta. Í 1. tl. 3. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 er kveðið á um, að lánardrottinn geti ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi skuldara skv. 1. eða 2. mgr. sömu lagagreinar, ef krafa hans er nægilega tryggð með veði eða öðrum sambærilegum réttindum í eignum skuldarans eða þriðja manns eða vegna ábyrgðar þriðja manns. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila grundvallast á réttarsátt, sem gerð var í bæjarþingi Reykjavíkur 25. janúar 1990. Þar lofa varnaraðili, Íslenskur lakkrís hf., og Þorbjörg Þorvarðardóttir að greiða sóknaraðila in solidum 177.605 kr. auk vaxta og kostnaðar með tilteknum hætti. Bú Íslensks lakkríss hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 20. desember 1990. Skiptum lauk 24. september 1991 með vísan til 120. gr. laga nr. 6/1978, þar sem engar eignir fundust í búinu. Ekki hafa verið lögð fram nein gögn, er sýni fram á, að Þorbjörg Þorvarðardóttir eigi eignir, er tryggt geti kröfu sóknaraðila, eða geti ábyrgst greiðslu hennar á annan hátt, en telja verður, að sönnunarbyrðin um það atriði hvíli á varnaraðila. Krafa sóknaraðila er því að mati réttarins ekki nægilega tryggð með ábyrgð þriðja manns í skilningi 1. tl. 3. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt þessu ber að fallast á kröfu sóknaraðila um töku bús varnaraðila til gjaldþrotaskipta á grundvelli 1. tl. 2. mgr. 65. gr. nefndra laga.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðila 30.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Bú varnaraðila, Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar, er tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 30.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Miðvikudaginn 2. júní 1993.

Nr. 212/1993. **Eygló Hauksdóttir**
gegn
Gunnari Óskarssyni og
Eyjólfi Brynjólfssyni.

Kærumál. Aðild. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. maí 1993, sem barst réttinum 25. sama mánaðar. Hann gerir þær kröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Á það má fallast með héraðsdómara, að úrslit máls þessa varði Asiaco hf., sem ekki er aðili málsins. Með því að Asiaco hf. er ekki stefnt til aðildar í málinu, verður félagið eigi bundið af dómi í því. Skyldur varnaraðila og félagsins eru eigi óskiptar í skilningi 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 7. maí 1993.

Ár 1993, föstudaginn 7. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu E-371/1992: Eygló Hauksdóttir gegn Gunnari Óskarssyni og Eyjólfi Brynjólfssyni.

Er mál þetta skyldi tekið til aðalmeðferðar 14. apríl sl., gerðu stefndu kröfu um, að því yrði vikið frá dómi, og er krafan reist á 1. og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991, en þar sé um að ræða atriði, sem sæti ex officio úrlausn dómara, og því sé krafan ekki of seint fram komin. Þá var og vísað til 1. mgr., sbr. 4. mgr. 100. gr. sömu laga.

Stefnandi mótmælti kröfunni efnislega, þar sem þar væri ruglað saman samaðild og sjálfskuldarábyrgð, og því ætti ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 ekki við hér. Þá er kröfunni mótmælt að formi til sem allt of seint fram kominni, og beri því að hafna henni.

Málið var tekið til úrskurðar sama dag.

Mál þetta er höfðað gegn stefndu sem sjálfskuldarábyrgðarmönnum á vangreiddri leigu fyrir húsnæðið Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði, eignarhluta 03 og 04.

Samkvæmt fram lögðum leigusamningi, dagsettum 16. ágúst 1991, hafði stefnandi, Eygló Hauksdóttir, kt. 140450-4809, leigt framangreint húsnæði Asiaco hf., kt. 651078-0249, Vesturgötu 2, Reykjavík, tímabilið 15. ágúst 1991 til 15. ágúst 1993, og var umsamið leigugjald 119.000 kr. á mánuði. Til tryggingar skilvísum greiðslum húsaleigunnar og tjóni, sem leigusali kynni að verða fyrir vegna samningsins, setti leigutaki tryggingarvíxil, að fjárhæð 600.000 kr., sem leigusali samþykkti, en stefndi Gunnar Óskarsson, kt. 140854-3289, Kleifarási 12, Reykjavík, var útgefandi að og stefndi Eyjólfur Brynjólfsson, kt. 181245-3449, Blikanesi 21, Garðabæ, ábekingur.

Þá takast stefndu jafnframt á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á greiðslu leigugjaldsins með áritun sinni á samninginn, sbr. 10. gr. hans. Stefndu rituðu undir leigusamninginn f. h. Asiaco hf. og sem sjálfskuldarábyrgðarmenn.

Í stefnunni kemur fram, að leigusamningurinn hefur verið afhentur Sparisjóði Hafnarfjarðar til innheimtu og leigufjárhæðin verið greidd þangað fyrir tímabilið september 1991 til janúar 1992, en eftir það hafi ekkert verið greitt, og leigusamningnum hafi svo verið sagt upp 15. júlí 1992 vegna langvarandi vanskila, en þá hafði leigutaki þegar rýmt húsnæðið og flutt sig á brott.

Stefnukrafan er um greiðslu vangoldinnar húsaleigu fyrir tímabilið febrúar-júlí 1992 auk verðbóta og vaxta.

Stefnandi styður kröfu sína með leigusamningi aðila, og svo er vísað til húsaleigulaga nr. 44/1979.

Í greinargerð stefndu kemur fram, að í byrjun febrúar 1992 hafi orðið samkomulag um það milli stefnanda og leigutakans, að leigumálinn félli niður og stefnandi tæki við húsnæðinu að nýju, og hafi hann þá tekið við lyklavöldum að húsnæðinu.

Stefndu halda því fram, að með yfirtöku stefnanda á húsnæðinu án fyrir-

vara um frekari leigugreiðslur eftir það væru þeir lausir allra mála vegna leigumálans og engum vanskilum til að dreifa af þeirra hálfu.

Niðurstöður.

Í máli þessu verður að líta til þess, að ábyrgð stefndu er ekki á viðskiptabréfi eða einhliða skuldaviðurkenningu, heldur á gagnkvæmum tvíhliða samningi, og er ábyrgðin svo samtvinnuð efndum á samningnum, að ekki verður um hana fjallað, án þess að jafnframt verði leyst úr deilumáli því, sem að framan er getið, um efndir hans. Af málinu er því ótvírætt, að leigutaki, Asiaco hf., á aðild og ber ásamt stefndu óskipta skyldu um efndir hans af sinni hálfu.

Fallast ber því á það sjónarmið stefndu, að samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 hafi borið að stefna Asiaco hf., leigutaka samkvæmt umræddum leigusamningi, ásamt stefndu í málinu, þar sem þeir eigi allir óskipta aðild að því, og þykir þessi galli á málatilbúnaði eiga að valda því, að vísa verði málinu frá dómi.

Með vísun til 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 verður ekki talið, að frávísunarkrafan sé of seint fram komin.

Dæma ber, sbr. 130. gr. laga nr. 91/1991, stefnanda til að greiða stefndu 40.000 kr. í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti og dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 2. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Eygló Hauksdóttir, greiði stefndu, Gunnari Óskarssyni og Eyjólfi Brynjólfssyni, 40.000 kr. í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti svo og dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, sem reiknast af málskostnaðarfjárhæð að liðnum 15 dögum frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 182/1993. **Björgvin Ólafsson**

gegn

þrotabúi Einars B. Þórissonar,
Jóhanni Gunnari Jóhannssyni,
Kristjáni Jóhannssyni,
Sesselju Jóhannsdóttur,
Sigurði Jóhannssyni,
Sigvalda Jóhannssyni,
Steinunni Jóhannsdóttur,
Vigdísi Jóhannsdóttur og
þrotabúi Þóris Jóhannssonar.

Kærumál. Nauðungarsala. Málskot til héraðsdóms. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst réttinum 6. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 17. mars 1993 um frávísun beiðni sóknaraðila um úrlausn vegna ágreinings um gildi nauðungarsölu sumarbústaðar að Syðra-Lágafelli, Miklaholtshreppi. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Um kæruheimild er vísað til 79. gr. og 85. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 og til j- liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Sóknaraðili átti samningsveð í sumarbústað Einars B. Þórissonar að Syðra-Lágafelli í Miklaholtshreppi, þegar bústaðurinn var seldur á nauðungaruppboði í uppboðsrétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1. júní 1992. Um var að ræða veðtryggingarbréf fyrir víxilskuldum og öðrum ótilgreindum skuldum Einars við sóknaraðila, og tók veðréttur samkvæmt bréfinu til lóðarleiguréttinda bústaðarins. Sóknaraðili hafði látið gera fjárnám í eigninni að undangengnum dómi til að tryggja sér uppboðsheimild, og hófst uppboðsmeðferð eftir beiðni hans. Er að henni var komið, varð bústaðareigandinn gjaldþrota, og fór endanleg sala fram eftir beiðni þrotabúsins. Á söluþinginu létu viðstaddir fulltrúar eigenda jarðarinnar Syðra-Lágafells bóka athugasemdir þess efnis, að lóðarréttindi bústaðarins væru fallin niður. Engin afstaða var tekin til þessara athugasemda, að því er séð verður, og fór sala fram að þeim gerðum. Sóknaraðili varð hæstbjóðandi á uppboðinu og krafðist útlagningar. Boð hans í eignina var samþykkt 24. júní 1992, og gerði hann strax ráðstafanir til að fullnægja uppboðsskilmálum.

Uppboðsafsal til sóknaraðila var ekki gefið út fyrr en 3. september 1992, og virðast álitamál um efni þess hafa valdið töfinni að einhverju leyti. Í afsalinu var því lýst yfir, að bústaðurinn væri án lóðarréttinda. Lögmaður sóknaraðila kveðst hafa fengið það í hendur hinn 15. september, og hefur sú staðhæfing ekki verið vefengd. Með símskeyti til sýslumanns í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu lýsti lögmaðurinn yfir því fyrir hönd sóknaraðila, að ágreiningur um það efni afsalsins, er varðaði leigulóðarréttindi bústaðarins, yrði borinn undir héraðsdóm. Telur hann þar hafa verið skírskotað til 73. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Erindi þetta leiddi ekki til aðgerða af hálfu sýslumanns, og leitaði sóknaraðili sjálfur til héraðsdómara með bréfi 13. október 1992. Óskaði hann þar efnislega eftir því, að málið yrði tekið upp á grundvelli XIII. eða XIV. kafla umræddra laga, í samræmi við ákvæði 6. mgr. 96. gr. laganna.

Beiðni sóknaraðila um úrlausn héraðsdóms á fyrrgreindum ágreiningi varðar ekki gildi nauðungarsölunnar 1. júní 1992, heldur efni hins eftirfarandi uppboðsafsals. Á kröfugerð hans í sambandi

við beiðnina ber að líta í ljósi þess, að ekki verður stofnað til lóðarréttinda eða viðurkenningar á þeim með nauðungarsölu, heldur verður eign seld, eins og hún er farin, með tilheyrandi réttindum, sem uppboðsheimild nær til. Getur sóknaraðili ekki krafist viðurkenningardóms á hendur eigendum að landi bústaðarins í máli út af uppboðinu. Hins vegar á hann tilkall til þess sem uppboðskaupandi, að uppboðsafsal geymi sanna lýsingu þess, sem selt var, og innihaldi ekki ákvæði, er til þess séu fallin að raska rétti hans um efni fram. Kröfu vegna þessa á hann að geta fengið lagða fyrir héraðsdóm eftir reglum XIII. kafla laga nr. 90/1991 sem afmarkað ágreiningsefni við nauðungarsölu á grundvelli heimildarákvæða 1. mgr. 73. gr. og 6. mgr. 22. gr. laganna, eins og þau verða skýrð eftir efni laganna í heild. Tilkynning sóknaraðila til sýslumanns, sem varðaði beiðni um þá málsmeðferð, kom fram innan þess frests, sem um er mælt í 2. mgr. 73. gr. Er ástæðulaust að láta sóknaraðila gjalda þess, eins og hér stendur á, að beiðnin leiddi ekki til aðgerða í málinu þá þegar.

Með skírskotun til þessa verður að fallast á það með sóknaraðila, að mál hans verði borið undir Héraðsdóm Vesturlands á grundvelli XIII. kafla laga nr. 90/1991, og ber að leggja fyrir héraðsdómara að taka það til meðferðar með viðeigandi hætti. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 17. mars 1993.

I.

Hinn 16. október 1992 barst Héraðsdómi Vesturlands beiðni Einars Gauts Steingrímssonar hdl. fyrir hönd Björgvins Ólafssonar, sem dagsett er 13. október sama ár, um úrlausn héraðsdómara á gildi nauðungarsölu á sumarbústað að Syðra-Lágafelli, Miklaholtshreppi.

Þess er krafist, að viðurkennt verði, að á uppboðsþingi 1. júlí 1992 hafi verið seld þau lóðarréttindi, sem getið er um í lóðarleigusamningi nr. 788/1989 frá 28. júní 1989, og að viðurkennt verði með dómi, að sýslumanninum í Stykkishólmi beri að gefa út afsal til sóknaraðila, Bjögvins, í samræmi við það.

II.

Á nauðungaruppboði, sem fram fór 1. júní 1992 í uppboðsrétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, var seldur sumarbústaður að Syðra-Lágafelli, Miklaholtshreppi, og var hæstbjóðandi sóknaraðili, Björgvin Ólafsson, kt.

040151-4519, sem bauð 500.000 kr. og krafðist útlagningar, ef skilyrði leyfðu. Uppboðshaldari tók ekki afstöðu til fram komins boðs, en tók sér tveggja vikna frest til að taka afstöðu.

Á uppboði þessu voru bókuð þau mótmæli eigenda jarðarinnar, að önnur lóðarréttindi fylgdu uppboðsandlaginu en leigusamningur, dags. 1. maí 1991, kvað á um, enda aðfarargerð, sem uppboðsbeiðnin byggðist á, gerð í uppboðsandlaginu ásamt þá tilheyrandi lóðarréttindum 18. júní 1991. Þá töldu jarðareigendur, að lóðarréttindin væru fallin niður.

Uppboðshaldari samþykkti svo fram komið boð í eignina, og var gefið út afsal 3. september 1992.

Lögmaður sóknaraðila hefur haldið því fram, að sér hafi fyrst verið kunnugt um það afsal þriðjudaginn 15. september 1992.

Við uppboðið 1. júní 1992 voru staddir Gísli Kjartansson hdl. vegna uppboðsbeiðanda, Steinunnar Guðbjartsdóttur hdl., bústjóra, 1. veðréttarhafi, Björgvin Ólafsson, sóknaraðili máls þessa, og með honum Einar Gautur Steingrímsson hdl. Þá var og viðstaddur Kristján Stefánsson hrl. ásamt Sigvalda Jóhannssyni fyrir hönd þinglýstra eigenda jarðarinnar Syðra-Lágafells.

III.

Af hálfu sóknaraðila, Björgvins Ólafssonar, er því haldið fram, að 18. júní 1989 hafi verið gerður lóðarleigusamningur milli Þóris Jóhannssonar og Einars B. Þórissonar um hálfan hektara lands á jörðinni Syðra-Lágafelli, Miklaholtshreppi. Leigusamningurinn hafi verið til 99 ára og merktur í þinglýsingabókum sem nr. 788/1989. Hinn 28. júní 1989 hafi sumarbústaðurinn verið veðsettur ásamt tilheyrandi leigulóð, þ. e. þeim réttindum, sem í gildi hafi verið á þeim tíma. Tryggingarbréfi þessu hafi svo verið þinglýst 29. júní 1989, og hafi skjalið verið tölusett 790/1989.

Sóknaraðili kveður, að 1. apríl 1990 hafi verið gerður nýr leigulóðarsamningur, sem fellt hafi úr gildi eldri lóðarleigusamning. Hafi það hins vegar ekki getað haft gildi gagnvart veðhafa samkvæmt fyrri lóðarleigusamningi samkvæmt venjulegum reglum veðréttar.

Hinn 28. apríl 1992 kveður sóknaraðili, að síðari lóðarleigusamningurinn hafi verið felldur úr gildi formlega. Hafi það verið gert með samkomulagi þrotabús Einars B. Þórissonar og þrotabús Þóris Jóhannssonar.

Heldur sóknaraðili því fram, að hann hafi samkvæmt framansögðu keypt sumarbústað ásamt lóðarleiguréttindum til 99 ára. Sé því ljóst, að afsal sé ekki í samræmi við það, sem fram hafi farið á fyrrgreindu nauðungaruppboði.

IV.

Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir dómara barst réttinum ekki eftirrit fram lagðra gagna við nauðungarsöluna eða endurrit úr gerðabók sýslumanns,

sbr. 2. mgr. 81. gr. l. nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. 5. mgr. 73. gr. þeirra.

Samkvæmt endurriti úr uppboðsbók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fór þriðja og síðasta nauðungarsala á sumarbústað að Syðra-Lágafelli, Miklaholtshreppi, fram 1. júní 1992. Uppboðið fór því fram í gildistíð eldri laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. l. nr. 57/1949 lauk sölutilraunum uppboðshaldara á uppboðsþingi, þá er þrisvar hafði verið skorað á menn að gera yfirboð, en enginn gefið sig fram. Til marks um lok sölutilrauna skyldi uppboðshaldari láta hamar sinn falla.

Uppboðinu lauk því 1. júní 1992. Samkvæmt þágildandi lögum um nauðungaruppboð nr. 57/1949, 4. gr., var áfrýjunarfrestur til Hæstaréttar fjórar vikur frá lokum dómsathafnar. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. l. nr. 57/1949 gat þó dómsmálaráðherra veitt leyfi til áfrýjunar næstu þrjá mánuði frá sama tíma, ef sérstaklega stóð á.

Samkvæmt 6. mgr. 96. gr. núgildandi laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 skal ráða málefnum, er lúta að atriðum varðandi söluna, eftir að endanlegt uppboð hefur farið fram, til lykta eftir fyrirmælum nýju laganna, enda þótt salan hafi farið fram í gildistíð eldri laga; þó skal farið eftir eldri reglum um réttindi og skyldur aðila og kaupanda.

XIII. og XIV. kafli laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu geyma fyrirmæli um meðferð mála, sem rísa við nauðungarsölu, fyrir dómstólum. Í XIII. kafla er að finna reglur um, hvernig verði leyst úr afmörkuðum ágreiningsefnum jafnharðan, meðan á aðgerðum við nauðungarsölu stendur. XIV. kafli geymir reglur um rekstur máls um gildi nauðungarsölu, þegar söluaðgerðum sem slíkum er lokið.

Í 1. mgr. 80. gr. laga nr. 90/1991 segir, að þegar uppboði hefur verið lokið skv. V. eða XI. kafla, tilboði verið tekið í eign skv. VI. kafla eða andvirði réttinda verið greitt sýslumanni eftir ráðstöfun skv. 2. eða 3. mgr. 71. gr., geti hver sá, sem eigi lögvarinna hagsmuna að gæta, leitað úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölunnar. Fjallar V. kafli laganna um nauðungarsölu á uppboði. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laganna er uppboði skv. V. kafla lokið, þegar hamar fellur, skv. 3. mgr. 33. gr., eftir að sýslumaður hefur lýst þrívegis eftir hærri boðum, án þess að nokkurt komi fram, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 37. gr. laganna.

Lögmaður sóknaraðila tilkynnti í símskeyti, dagsettu 29. september 1992, sýslumanninum í Stykkishólmi, að hann hygðist bera ágreining vegna útgáfu afsals á sumarbústað að Syðra-Lágafelli, Miklaholtshreppi, undir héraðsdómara.

Kveður lögmaðurinn í beiðni sinni, að um tilkynningu hafi verið að ræða samkvæmt 73. gr. laga nr. 90/1991. Síðan segir í beiðninni orðrétt: „Undir-

rituðum er ekki fullkomlega ljóst, hvort málskot þetta fari eftir þeirri grein eða 80. gr. s. l. Því er þess einungis krafist, að beiðni þessi verði tekin fyrir, telji hinn virðulegi dómur, að 73. gr. nefndra laga eigi ekki við."

Þar sem endanlegt uppboð hafði farið fram á sumarbústað að Syðra-Lágafelli, Miklaholtshreppi, er beiðni sú, sem hér um ræðir, barst réttinum, gilda samkvæmt framansögðu ákvæði XIV. kafla l. nr. 90/1991 um úrlausnina, en ekki ákvæði XIII. kafla laganna.

Samkvæmt 56. gr. l. nr. 90/1991 skal sýslumaður ekki gefa út afsal, fyrr en frestur til að bera gildi nauðungarsölu undir héraðsdóm skv. 1. mgr. 80. gr. er liðinn.

Eins og áður segir, barst réttinum beiðni Björgvins Ólafssonar með „telefaxi" 13. október 1992. Í 1. mgr. 80. gr. l. nr. 90/1991 kemur fram, að krafa um úrlausn héraðsdómara um gildi nauðungarsölunnar skuli berast héraðsdómara innan fjögurra vikna, frá því að uppboði lauk, ef sala eignarinnar hefur farið fram á uppboði. Svo sem fram hefur komið, fór þriðja og síðasta nauðungaruppboð á sumarbústað að Syðra-Lágafelli, Miklaholtshreppi, fram 1. júní 1992. Beiðni Björgvins Ólafssonar um úrlausn ágreinings um gildi nauðungarsölunnar er því samkvæmt 1. mgr. 80. gr. l. nr. 90/1991 of seint fram komin.

Þegar frestur samkvæmt 1. mgr. 80. gr. er liðinn, verður úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu því aðeins leitað, að það sé samþykkt af hendi allra aðila að henni, sem hafa haft uppi kröfur fyrir sýslumanni og úrlausn gæti varðað, sbr. 2. mgr. 80. gr. Áttu yfirlýsingar þessar að fylgja tilkynningu til héraðsdómara um úrlausn hans um gildi nauðungarsölu, sbr. 2. mgr. 81. gr. laganna.

Yfirlýsingar þessara aðila um samþykki fyrir rekstri máls þessa hafa ekki borist réttinum.

Að öllu þessu virtu þykir skilyrðum laga nr. 90/1991 til að leita úrlausnar héraðsdómara ekki fullnægt.

Verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi án kröfu, sbr. 1. mgr. 82. gr. laga nr. 90/1991.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Beiðni Björgvins Ólafssonar um úrlausn héraðsdómara vegna ágreinings um gildi nauðungarsölu á sumarbústað að Syðra-Lágafelli, Miklaholtshreppi, er vísað frá dómi án kröfu.

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 366/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Eyvindi Ólafssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjársvik. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1992 að ósk ákærða um áfrýjun málsins til mildunar refsingar. Af hálfu ákæruvalds er krafist þyngingar á refsiákvörðun héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Eyvindur Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. júní 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 11. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 268/1992: Ákæruvaldið gegn Eyvindi Ólafssyni, sem tekið var til dóms 25. maí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. apríl sl., á hendur ákærða, „Eyvindi Ólafssyni, Ármúla 38, Reykjavík, fæddum 25. desember 1952, fæðingarnúmer 459, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

— — —

Verður nú gerð grein fyrir einstökum ákæruliðum og niðurstöðum í hverjum lið um sig.

I.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í nóvember 1990 falsað og notað í viðskiptum víxil, að fjárhæð 425.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 1. Er víxlinum þar rétt lýst, en ákærði tók fram, að það væri ekki rétt, að Atli Már hefði fengið víxilinn til greiðslu af láni. Ákærði kvaðst ekkert hafa fengið í sinn hlut.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í desember 1990 falsað og notað í viðskiptum skuldabréf, að fjárhæð 350.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 2. Er skuldabréfinu og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í febrúar 1991 falsað og notað í viðskiptum skuldabréf, að fjárhæð 700.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 3. Er skuldabréfinu og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í janúar 1991 falsað og notað í viðskiptum skuldabréf, að fjárhæð 670.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 4. Er skuldabréfinu og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í júní 1990 falsað og notað í viðskiptum þrjú handhafaskuldabréf, samtals að fjárhæð 1.200.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 5.-7. Er skuldabréfunum og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í maí 1990 falsað og notað í viðskiptum skuldabréf, að fjárhæð 600.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 8. Er skuldabréfinu og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í ágúst 1989 falsað og notað í viðskiptum víxil, að fjárhæð 1.120.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 9. Er víxlinum og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa afhent Sparisjóðnum í Keflavík yfirlýsingu, sem hann hafði sjálfur undirritað og falsað, eins og nánar er rakið í ákærulið I, 9.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VIII.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í janúar 1991 falsað og notað í viðskiptum skuldabréf, að fjárhæð 400.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 10. Er skuldabréfinu og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

IX.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í nóvember 1990 falsað og notað í viðskiptum skuldabréf, að fjárhæð

1.152.910 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 11. Er skuldabréfinu og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst. Ákærði tók það fram, að hann hefði greitt upp í skuld þessa um 700.000 kr. með reiðufé og skuldabréfum, og jafnframt hefði Bílaumboðið hf. fengið umrædda bifreið til baka.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

X.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í febrúar 1991 falsað og notað í viðskiptum skuldabréf, að fjárhæð 1.400.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 12. Er skuldabréfinu og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst, en ákærði tók fram, að hann hefði enga peninga fengið í sinn hlut.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XI.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í janúar 1991 falsað og notað í viðskiptum skuldabréf, að fjárhæð 500.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 13. Er skuldabréfinu og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XII.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í febrúar 1991 falsað og notað í viðskiptum skuldabréf, að fjárhæð 984.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 14. Er skuldabréfinu og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XIII.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í október 1990 falsað og notað í viðskiptum tvo víxla, annan að fjárhæð 401.548 kr. og hinn að fjárhæð 396.710 kr., eins og nánar er rakið í ákæru-

lið I, 15.-16. Er víxlunum og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst, en ákærði tók fram, að hann hefði enga peninga fengið í sinn hlut.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XIV.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í mars 1991 falsað og notað í viðskiptum fjögur skuldabréf, samtals að fjárhæð 1.383.080 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 17.-20. Er skuldabréfunum og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst, en ákærði tók fram, að hann hefði enga peninga fengið í sinn hlut.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XV.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í mars 1990 falsað og notað í viðskiptum tvo víxla, samtals að fjárhæð 660.800 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið I, 21.-22. Er víxlunum og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst. Ákærði kvað Egil Eyfjörð hafa ætlað að útvega sér lán, en ákærði kvaðst aldrei hafa séð krónu af því láni.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

XVI.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í desember 1989 falsað tilkynningu um eigendaskipti bifreiðarinnar M-457 og afhent tilkynninguna til skráningar í ökutækjaskrá Bifreiðaskoðunar. Þetta kvaðst ákærði hafa gert í því skyni, að sér væri mögulegt að láta þinglýsa á bifreiðina skuldabréfi, að fjárhæð 600.000 kr. Þá viðurkenndi ákærði að hafa bætt heimildarlaust inn í efni bréfs þessa ákvæði um veðsetningu áðurgreindrar bifreiðar, en það hefði verið samkvæmt beiðni forráðamanna Bílaborgar, en ákærði kvaðst hafa verið undir miklum þrýstingi frá þeim. Ákærði kvaðst telja, að hann hefði haft leyfi Sigtryggs og Lilju til að nota nöfn þeirra sem vitundarvotta. Er áðurgreindum skjölum rétt lýst í II. lið ákæruskjals svo og atvikum öllum.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Skjalafalsbrot ákærða tæmir sök, að því er

varðar óheimila veðsetningu umræddrar bifreiðar, og verður því, eins og hér stendur á, 248. gr. almennra hegningarlaga eigi beitt jafnhliða 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

XVII.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í maí 1991 falsað og notað í viðskiptum skuldabréf, að fjárhæð 550.000 kr., eins og nánar er rakið í ákærulið III. Er skuldabréfinu og atvikum öllum að fölsuninni þar rétt lýst. Ákærði kvað upphafið vera það, að hann afhenti Páli H. Pálssyni 400.000 kr. skuldabréf, sem Páll ætlaði að kaupa með afföllum. Ákærði kvaðst aldrei hafa fengið neina peninga í sinn hlut, en ákærði kvað Egil Eyfjörð hafa farið með skuldabréfið til Páls. Ákærði kvað Pál hafa sett skuldabréfið í innheimtu, þegar greiðslufall varð, og kvaðst ákærði því hafa falsað 550.000 kr. skuldabréf, eins og að framan er rakið, og gekk það til greiðslu á framangreindri skuld. Þá vildi ákærði taka fram, að hann afhenti Hróbjarti Jónatanssyni hrl. 450.000 kr. víxil, sem átti að ganga til greiðslu á ofangreindri skuld, en ákærði kvaðst ekki hafa hugmynd um, hvernig Hróbjartur ráðstafaði víxlinum.

Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa í lok maí 1991 veðsett í heimildarleysi bifreiðina OA-551 með þinglýsingu á framangreindu skuldabréfi, eins og nánar er rakið í síðari hluta ákæruliðar III.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærulið III og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann dóm árið 1975 fyrir umferðarlagabrot, og 28. desember 1989 hlaut ákærði 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir skjalafals. Auk þess hefur ákærði tvívegis sæst á sektargreiðslur fyrir umferðarlagabrot, 12/11 sl. og 6/2 sl. Ákærði hefur staðist skilorð framangreinds dóms.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af ákvæðum 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber að líta til þess, að brot ákærða eru stórfelld og um verulegar fjárhæðir er að tefla, en hafa verður þó í huga, að í mörgum tilvikum var um skuldbreytingar að ræða. Hins vegar þykir mega líta til þess, að ákærði játaði brot sín hreinskilnislega. Að öllu þessu athuguðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði.

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Eyvindur Ólafsson, sæti fangelsi 15 mánuði.

— — —

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 60.000 krónur.

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 431/1989. **Árni Samúelsson og**
Guðný Ásberg Björnsdóttir
(Sigurður Sigurjónsson hrl.)
gegn
þrotabúi Guðjóns Ómars Haukssonar og
Víkurbæjar, vörumarkaðar
(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Kaupsamningur. Kvöð. Þrotabú.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein, Björn Þ. Guðmundsson prófessor og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október sama ár. Þau krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í kaupsamningi 14. október 1981, þar sem áfrýjendur seldu Guðjóni Ómari Haukssyni meðal annars verslunina Víkurbæ, vörumarkað, og hluta fasteignanna Hafnargötu 21 og 23 í Keflavík, skuldbundu seljendur sig til að láta kaupanda í té afnotarétt að bílastæði á lóðinni Hafnargötu 26 samkvæmt sérstakri yfirlýsingu, sem gerð var sama dag. Í henni segir meðal annars, að afnotarétturinn fylgi versluninni Víkurbæ og megi hvorki skilja hann frá versluninni né krefjast sérstaks gjalds fyrir, kæmi til sölu hennar.

Fram er komið, að Guðjón Ómar hafði afnot umræddra bifreiðastæða á lóðinni Hafnargötu 26 í Keflavík, á meðan hann rak verslunina Víkurbæ. Ósannað er, að hann hafi kvartað við áfrýjendur um það, að verslun hans fengi ekki notið þeirra óskorað. Á það reyndi því ekki, að hann gæti ekki nýtt sér þennan afnotarétt. Við gjaldþrot Guðjóns Ómars var verslunarrekstri hætt, og voru fasteignirnar að Hafnargötu 21 og 23 seldar á nauðungaruppboði án þess reksturs.

Samkvæmt þessu brestur lagaskilyrði til þess, að áfrýjendum verði gerð fébótaábyrgð í málinu.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Árni Samúelsson og Guðný Ásberg Björnsdóttir, eiga að vera sýkn af kröfum stefnda, þrotabús Guðjóns Ómars Haukssonar og Víkurbæjar, vörumarkaðar.

Stefndi greiði áfrýjendum 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 1. nóvember 1988.

I.

Mál þetta, sem þingfest var fyrir bæjarþingi Keflavíkur 11. febrúar 1987, var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 11. október 1988.

Stefnandi er þrotabú Guðjóns Ómars Haukssonar, nnr. 2916-8776, persónulega og einkafirma hans, Víkurbæjar, vörumarkaðar, nnr. 9256-9969, Vatnsnesvegi 33, Keflavík.

Stefndu eru Árni Samúelsson framkvæmdastjóri, nnr. 0532-9337, Starrhólum 5, Reykjavík, og Guðný Ásberg Björnsdóttir, nnr. 3150-1288, s. st.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda 670.417 kr. með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 21. janúar 1986 til 28. febrúar 1986, með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1986 til 31. mars s. á., með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1986 til 28. febrúar 1987, með 2,50% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1987 til 13. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 14. apríl 1987 til greiðsludags.

Þá er krafist dóms um, að stefnanda verði heimilt að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. janúar 1987. Enn fremur krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda 207.689 kr. í málskostnað, sbr. málskostnaðarreikning, sem saminn er á grundvelli gjaldskrár LMFÍ.

Af hálfu stefndu var í greinargerð gerð sú krafa, að málinu yrði ex officio vísað frá dómi og stefndu dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Hinn 23. júní var kveðinn upp úrskurður í málinu, þar sem frávísunar-

kröfu stefndu var hafnað. Málskostnaðarkrafa stefnanda var látin bíða efnisdóms.

Stefndu gerðu þá varakröfu að vera sýknuð af kröfu stefnanda auk þess að vera dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Er það nú aðalkrafa stefndu.

II.

Málavextir eru þessir helstir, eftir því sem fram kemur í málsgögnum:

Með kaupsamningi, dags. 14. október 1981, seldu stefndu, Árni Samúelsson og Guðný Ásberg Björnsdóttir, eftirtaldar eignir sínar í Keflavík á því verði, sem hér greinir:

Hafnargötu 21 og 23, kjallara og jarðhæð		kr. 2.300.000
Hafnargötu 23, 2. hæð		— 600.000
Verslunina Víkurbæ, vörumarkað, ásamt innanstokksmunum og nafninu Víkurbær		— 900.000
	Samtals	kr. 3.800.000

Kaupandi var Guðjón Ómar Hauksson, þá að Háholti 22, Keflavík. Einnig keypti Guðjón Ómar með sama samningi vörulager af stefndu fyrir 535.000 kr., enda hugðist hann reka áfram verslun seljenda.

Í nefndum kaupsamningi var ákvæði, sem olli deilu þeirri, er mál þetta snýst um, en það er svohljóðandi:

„Enn fremur munu seljendur láta kaupanda í té einkaafnotarétt að bílastæðinu, sem er á lóðinni Hafnargötu 26, Keflavík, og nær allt að Túngötu. Gerð skal sérstök yfirlýsing um þetta, og skal henni þinglýst. Kaupanda er heimilt að merkja sér bílastæðið á þann hátt, sem henta þykir."

Lóð sú, er hér um ræðir, þ. e. Hafnargata 26, var eign stefndu Guðnýjar Ásberg Björnsdóttur. Samhliða kaupsamningi var útbúið sérstakt skjal, sem ber yfirskriftina: „Kvöð um bílastæði á lóðinni Hafnargötu 26, Keflavík" og einnig er dagsett 14. október 1981. Þar segir m. a.: „Nú lýsi ég því yfir, að nefndur Guðjón Ómar Hauksson fær frá og með deginum í dag einkaafnotarétt af bílastæði því, sem er á Hafnargötu 26, Keflavík, og nær allt að Túngötu. Þessi afnotaréttur fylgir versluninni Víkurbæ, vörumarkaði. Hann má ekki skilja frá versluninni. Ef Guðjón Ómar Hauksson selur verslunina, er honum heimilt að láta afnotarétt þennan fylgja við söluna, en ekki má krefjast sérstaks gjalds fyrir hann."

Skjal þetta, sem undirritað er af stefndu Guðnýju Ásberg Björnsdóttur og vottað af Jóni G. Briem hdl., var afhent til þinglýsingar hjá bæjarfógetaembættinu í Keflavík 19. febrúar 1982. Til þinglýsingar skjalsins kom þó ekki vegna atvika, sem síðar verða rakin.

Samkvæmt áðurgerðum kaupsamningi skyldi afsal gefið út fyrir hinu selda 15. ágúst 1982 eða þegar kaupandi hefði fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningnum. Með bréfi, dags. 19. ágúst 1983, frá Jóni G. Briem hdl. eru samningsaðilar hvattir til að ganga frá lögskiptum sínum, svo að undirrita megi afsal. Í bréfinu segir m. a.: „Einnig þarf seljandi, Guðný Ásberg, að fá þinglýst kvöð um bílastæðin á lóð Hafnargötu 26, Keflavík, og afhenda kaupanda."

Í stefnu er því haldið fram, að aðilar kaupsamningsins hafi þegar í ársbyrjun 1983 verið farnir að ræða um afslátt á kaupverðinu vegna þessara ætluðu vanefnda á samningnum. Segir í stefnu, að þáverandi lögmaður stefndu hafi gert áætlun um 10% afslátt af kaupverðinu vegna þessa. Handskrifað óundirritað skjal, dags. 21. febrúar 1983, hefur verið lagt fram í málinu þessari fullyrðingu til stuðnings.

Hinn 2. maí 1984 sendi Vilhjálmur Þórhallsson hrl., þáverandi lögmaður Keflavíkurbæjar, fulltrúa bæjarfógeta í Keflavík bréf vegna þinglýsingar skjals um bílastæðin. Þar er þess krafist af hálfu Keflavíkurbæjar, að synjað verði um þinglýsingu skjalsins. Þá kemur fram, að lóðin að Hafnargötu 26 sé 2135 fermetrar skv. lóðarbréfi, dags. 6. 2. 1913. Á lóðinni standa tvílyft hús og skúrbygging, og ekki hafi verið gerð grein fyrir því, hvernig lóðinni skuli skipt milli húsa og bílastæðis. Bílastæði þetta sé til komið vegna bygginga þeirra Guðnýjar Ásberg og Árna að Hafnargötu 21 og 23, er þau ráku verslunina Víkurbæ.

Þá er í bréfinu vísað til bókunar bæjarráðs Keflavíkur frá 28. 8. 1975: „Víkurbær fellst á að gera bílastæði á milli Hafnargötu og Túngötu. Áætlað verð verksins er 2.900.000 kr. (gamlar). Samkomulag er um, að með því, að bæjarsjóður leggi til 500.000 kr., verði bílastæði þetta almenningsbílastæði."

Mótmæli Keflavíkurbæjar gegn þinglýsingu kvaðarinnar styðjast samkvæmt bréfinu við eftirfarandi röksemdir:

„Áritun lóðaskrárritarans í Keflavík vantar á kvöðina, en slík áritun hefur verið talin skilyrði þinglýsingar, en óheimilt er að skipta lóðum með þeim hætti, sem hér er gert, nema með samþykki byggingarnefndar og bæjarstjórnar. Ekkert liggur fyrir um lóðarréttindi húsanna á lóðinni, né heldur er stærð bílastæðisins tilgreind eða afmörkuð á uppdrætti. Uppdráttur sá, sem fylgir kvöðinni, er alls ófullnægjandi um skiptingu lóðar milli húsa og bílastæðis. Þá er uppdrátturinn einnig óstaðfestur.

Efni kvaðarinnar er ekki í samræmi við samkomulagið, sem vitnað er til í fyrrgreindri bókun bæjarráðs um almenningsbílastæði á lóðinni. Efni skjalsins er því svo óljóst bæði að efni og formi, að ekki er fært að taka það til þinglýsingar."

Vitnið Vilhjálmur Þórhallsson hefur hér fyrir rétti borið, að Keflavíkur-

bær hafi tekið þátt í kostnaði við gerð umdeildra bílastæða. Jafnframt því hafi verið gert um það munnlegt samkomulag við stefndu, að bílastæðin væru almenningsbílastæði, enda hafi bæjarsjóður bæði haft af því kostnað að gera þau, og eins hafði stefnda Guðný Ásberg leyst sig undan bílastæðiskvöð vegna byggingarinnar nr. 21 og 23 við Hafnargötu með því að leggja til hluta af lóðinni nr. 26 við Hafnargötu undir bílastæði. Þar sem kvöð um bílastæðin hafi ekki verið í samræmi við þetta samkomulag, hafi Keflavíkurbær mótmælt þinglýsingu hennar. Vitnisburður Guðleifs Sigurjónssonar, lóðaskrárritara og fulltrúa byggingarfulltrúans í Keflavík, hér fyrir rétti bendi til sömu skoðunar. Vitnið hefur borið, að ekki sé um að ræða formlegt samkomulag bæjaryfirvalda við stefndu, að bílastæðin hafi átt að vera almenningsbílastæði. Hins vegar hafi verið um þetta bókað í bæjarráði Keflavíkur.

Hinn 18. apríl 1984 gáfu stefndu út afsal til handa kaupanda. Í afsali segir um afnotarétt af bílastæðunum, að kvöð um það hafi ekki fengist þinglýst vegna atvika, er varði byggingarfulltrúann í Keflavík. Aðilar vinni nú saman að lausn í málinu. Afsalinu var þinglýst 9. maí 1984 með þeirri athugasemd, að ágreiningur væri um afnot af lóðinni Hafnargötu 26, Keflavík.

Með bréfi, dags. 3. september 1984, krafðist Jón G. Briem hdl. þess, að skjalinu frá 14. október 1981 um bílastæðin væri þinglýst án tafar og athugasemdalaust, enda taldi hann öllum skilyrðum fullnægt til þess, að þinglýsing mætti fara fram. Í bréfinu kvaðst lögmaðurinn gæta hagsmuna stefndu Guðnýjar Ásberg Björnsdóttur og Guðjóns Ómars Haukssonar í því máli. Hinn 1. október 1985 var skjalinu hins vegar vísað frá þinglýsingu með eftirfarandi áritun: „Þinglýsingarbeiðni hefur ekki aflað staðfestingar skipulagsyfirvalda á meðfylgjandi lóðaruppdrætti."

Með bréfi, dags. 4. janúar 1985, mótmælti Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. bréflega til bæjarstjórnar Keflavíkur fyrir hönd stefndu Guðnýjar Ásberg hugmyndum yfirvalda um nýtingu á umdeildri lóð, svo sem hún birtist í skipulagstillögum, er þá höfðu skömmu áður verið samþykktar. Í bréfinu rökstyður lögmaðurinn mótmælin og telur, að með skipulagstillögum þessum sé brotinn á umbjóðanda sínum réttur. Þá segir í bréfinu: „Bílastæði það, sem umbj. minn heimilaði, að gert væri á lóðinni fyrir Víkurbæ, vörumarkað, er einkabílastæði fyrir þá verslun, meðan hún er starfrækt, en ekki varanlegt almenningsbílastæði."

Hinn 27. febrúar 1985 var undirritaður kaupsamningur milli stefndu, Guðnýjar Ásberg Björnsdóttur, sem selur bæjarsjóði Keflavíkur „leigulóðarréttindi og bílastæði seljanda að Hafnargötu 26, Keflavík", eins og segir í samningnum. Þar kemur fram, að fyrir liggur við kaupin teikning, sem er tillaga byggingarfulltrúans í Keflavík um skiptingu lóðarinnar. Þá

segir einnig í samningnum, að kaupanda sé kunn sú kvöð, sem seljandi hafi lagt á lóðina í þágu Guðjóns Ómars Haukssonar um einkaafnotarétt hans að bílastæðinu. Kaupverð var 840.000 kr. Af hálfu stefndu hefur verið lagt fram bréf, dags. 23. febrúar 1985, til bæjarsjóðs Keflavíkur, undirritað af stefnda, Árna Samúelssyni, þar sem gerð er grein fyrir verðmæti lóðarinnar og bílastæðanna, er stefndi telur nema 1.417.842 kr. Það verð lækkar, svo sem gerð er grein fyrir í bréfinu, niður í 872.842 kr., m. a. vegna kvaðar á bílastæði, 250.000 kr.

Í bréfi Vilhjálms Þórhallssonar, þáverandi lögmanns Keflavíkurbæjar, dags. 27. maí 1986, sem ritað er vegna máls þessa, segir, að kaup þessi hafi af hálfu bæjarsjóðs staðið í tengslum við svokallað „Bústoðarmál", þ. e. vegna byggingar húss á lóðinni nr. 2-4 við Tjarnargötu. Nauðsynlegt hafi verið, til þess að fullnægt væri ákvæðum skipulags- og byggingarreglugerða, að taka lóðina nr. 26 við Hafnargötu undir bílastæði fyrir það hús, enda hafi félagsmálaráðuneytið með úrskurði, dags. 22. október 1984, ógilt byggingarleyfi hússins, m. a. með hliðsjón af of háu nýtingarhlutfalli. Vitnið Vilhjálmur Þórhallsson hefur skýrt svo frá hér fyrir réttinum um aðdraganda kaupanna, að það hafi verið í febrúar 1985, sem komið hafi fram vilji bæjarsjóðs Keflavíkur að kaupa lóðina nr. 26 við Hafnargötu, enda höfðu þá stefndu verið búin að tjá sig reiðubúin til að selja lóðina. Á þessum tíma hafði við byggingu hússins nr. 2-4 við Tjarnargötu verið byggt út á lóðina nr. 26 við Hafnargötu, og eins hafði Keflavíkurbær þá þörf fyrir að afla því húsi bílastæðis, en sá húsbyggjandi hafði leyst sig undan kvöð um bílastæði fyrir húsið með peningagreiðslu. Þörfin fyrir að leysa það mál hafi verið orðin svo brýn, að jafnvel hafi komið til álita að taka lóðina nr. 26 við Hafnargötu eignarnámi. Samningar hafi hins vegar tekist við eiganda, og annaðist vitnið gerð kaupsamnings og afsals vegna lóðarinnar. Við gerð samninga hafi legið fyrir kvöð um bílastæði til handa Guðjóni Ómari Haukssyni. Hins vegar hafi réttur hans verið talinn óljós. Það hafi ekki verið ætlun Keflavíkurbæjar að ganga á rétt Guðjóns Ómars Haukssonar, og megi segja, að Keflavíkurbær hafi með kaupunum tekið að sér að fullnægja réttindum Guðjóns Ómars Haukssonar, hver svo sem þau væru. Hins vegar hafi orðið að leiða í ljós, hvaða réttindi hann hafði eignast með kaupsamningi við stefndu, en bæjarsjóður hafði haft uppi mótmæli gegn þinglýsingu kvaðarinnar, meðal annars þar sem byggt væri á því, að um engan rétt Guðjóns Ómars væri að ræða.

Guðjón Ómar Hauksson rak áfram verslunina Víkurbæ, vörumarkað, í eignum þeim, er hann hafði keypt af stefndu. Gekk sá rekstur illa, og 28. mars 1985 var honum heimiluð greiðslustöðvun fyrir sig og einkafirma sitt. Á greiðslustöðvunartímanum var oftsinnis, en árangurslaust reynt að selja húseignirnar Hafnargötu 21-23 í Keflavík. Með úrskurði, upp kveðn-

um 2. september 1985, var bú Guðjóns Ómars Haukssonar persónulega og einkafirma hans, Víkurbæjar, vörumarkaðar, tekið til gjaldþrotaskipta. Þegar nauðungarsala fór fram á eignum þrotabúsins í febrúar 1986, var skv. bókun í uppboðsbók vakin athygli á, að bílastæði við Hafnargötu 26 fylgdu ekki lengur eigninni.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslur Guðjón Ómar Hauksson skrifstofumaður, Holtsgötu 12, Njarðvík, Árni Óli Samúelsson forstjóri, Starrhólum 5, Reykjavík, Jón G. Briem hdl., Akraseli 25, Reykjavík, Vilhjálmur Þórhallsson hrl., Baugholti 23, Keflavík, Magnús Rafn Guðmundsson verkfræðingur, Fífumóum 14, Njarðvík, Guðleifur Sigurjónsson lóðaskrárritari, Sunnubraut 38, Keflavík, Steinar Hólm Geirdal Þórðarson byggingarfræðingur, Drangavöllum 2, Keflavík, og Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari, Langagerði 18, Reykjavík. Þá var lögð fram skrifleg aðilaskýrsla Guðnýjar Ásberg Björnsdóttur.

III.

Þar sem mál þetta hefur í rekstri þess verið upplýst með framlagningu skjala svo og aðila- og vitnaleiðslum, hafa áherslur í málatilbúnaði stefnanda breyst frá greinargerð. Af hálfu stefnanda er nú ekki byggt á því, að Guðjón Ómar Hauksson hefur ekki samþykkt efni kvaðar um bílastæði á lóðinni Hafnargötu 26, Keflavík, dags. 14. október 1981. Þá byggir stefnandi ekki lengur á, að stefndu hafi verið grandsöm um það, að þau myndu ekki geta eða vilja efna kaupsamning aðila „in natura" við sölu lóðarinnar til Keflavíkurbæjar.

Stefnandi lagði hins vegar áherslu á það í málflutningi, að stefndu hefðu ekki getað staðið við kaupsamninginn frá 14. október 1981 vegna betri réttar þriðja manns yfir hluta hins selda. Reisir hann kröfur sínar á hendur stefndu á því, að með sölu lóðarinnar Hafnargötu 26, Keflavík, til bæjarsjóðs Keflavíkur hafi verið fyrir það girt, að stefndu gætu efnt „in natura" efni kaupsamningsins. Af þessum sökum hafi sölumöguleikar fasteignanna verið verri en ella og uppboðsandvirði þeirra lægra. Þessi vanefnd stefnanda, sem hafi stafað af vanheimild, hafi því bakað þrotamanni og þrotabúinu eða kröfuhöfum þess bótaskylt tjón.

Þá byggir stefnandi einnig á því, að vanefndin felist í galla, þar sem hið selda hafi ekki haft þá kosti, sem áskilið var í kaupsamningi. Reisir stefnandi bótaskyldu á því, að stefndu, sem eru hjón, beri ábyrgð á tjóninu og þeim beri að efna skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi. Þetta leiði til þess, að stefnandi eigi rétt á skaðabótum eða afslætti úr hendi þeirra vegna tjóns eða verðmætarýrnunar hins selda.

Stefnandi fer með mál þetta fyrir þrotabúið á grundvelli 91. gr. laga nr. 6/1978.

Í stefnu er gerð grein fyrir upphaflegri stefnukröfu. Þar er miðað við áður fram komnar hugmyndir um, að bætur eða afsláttur nemi 10% af upphaflegu kaupverði eignanna. Með því að hækka upphaflegt kaupverð frá 14. október 1981 til 1. október 1985 með byggingarvísitölu hafi viðmiðunarverðið numið 15.884.000 kr. Afslátturinn hafi þess vegna átt að nema stefnufjárhæðinni, 1.588.400 krónum.

Í rekstri málsins óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanna til að láta í té ýtarlega rökstudda og skriflega álitsgerð um eftirfarandi:

„Hver má ætla, að verið hafi mismunur á uppboðsandvirði hinnar seldu eignar með umræddum einkaafnotarétti af bílastæðum á Hafnargötu 26 og án þeirra miðað við verðlag á uppboðsdegi 21. janúar 1986?“ Í bæjarþingi Keflavíkur 28. september 1987 voru þeir Magnús R. Guðmannsson verkfræðingur og Sveinn Sigurkarlsson lögfræðingur dómkvaddir til að annast matið. Matsgerð þeirra er dags. 29. desember 1987. Í matsgerð kemur fram, að matsmenn leggja til grundvallar í mati sínu, hvað bílastæði á lóðinni nr. 26 við Hafnargötu hefðu kostað verslunina Víkurbæ, vörumarkað, 21. janúar 1986 miðað við stærð lóðarinnar og gjaldtöku bæjarsjóðs á þeim tíma. Er niðurstaða matsmanna við spurningu í matsbeiðni út frá þessum forsendum 670.417 kr., og er sú fjárhæð endanleg dómkrafa stefnanda.

Stefnandi vísar með lögjöfnun til laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, einkum 42. gr. laganna, kröfum sínum til stuðnings. Um fjárhæð afsláttar eða skaðabóta vísar hann til almennra reglna svo og áðurnefndra laga.

Stefndu halda því fram, að með undirritun kvaðar, dags 14. október 1981, hafi seljendur efnt í meginatriðum skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi aðila. Við gerð þess skjals hafi allir aðilar máls þessa verið viðstaddir og kynnt sér efni kaupsamningsins og kvaðarinnar. Skjalið hafi verið samið af lögmanni aðila við kaupin eftir forsögn og með samþykki þeirra. Kaupandi hafi að vísu ekki undirritað yfirlýsinguna, en samþykkt efni hennar og orðalag, enda hafi engin mótmæli komið fram af hans hálfu, hvorki fyrr né síðar. Með þessu skjali hafi þau afhent Guðjóni Ómari öll þau réttindi, er þau áttu, og hafi honum verið það ljóst.

Þá styðja stefndu mál sitt því, að venja sé, að kaupandi fái afhent skjöl vegna eignaskipta og sjái um þinglýsingu á þeim. Kaupandi hafi því átt að sjá um þinglýsingu á „kvöðinni“, enda hafi legið fyrir samþykki seljenda við henni. Af skjölum megi ráða, að kvöðin hafi verið afhent til þinglýsingar u. þ. b. fjórum mánuðum eftir, að kaup voru gerð, þ. e. 19. febrúar 1982. Síðan hafi skjalið legið óafgreitt hjá þinglýsingardómara í u. þ. b. fjögur ár, áður en úrskurður lá fyrir. Eignarráð stefndu, Guðnýjar Ásberg, hafi verið ótvíræð og aðilum ókunnugt um nokkra annmarka á

þeim, og hafi stefndu aldrei gert samkomulag um, að bílastæðin væru almenningsbílastæði.

Lóðin nr. 26 við Hafnargötu, Keflavík, hafi síðan verið seld Keflavíkurbæ með kvöð um afnotarétt stefnanda, og hafi bæjarsjóði sérstaklega verið kynnt efni kvaðarinnar. Vegna kvaðarinnar hafi verð lóðarinnar m. a. verið lækkað um 250.000 kr. Bæjarsjóður hafi þannig tekist á hendur ábyrgð á lóðinni, réttindum og skyldum, þ. m. t. gagnvart stefnendum málsins. Stefndu í málinu séu því ekki réttir aðilar að málinu, heldur bæjarsjóður Keflavíkur.

Stefndu benda á, að kaupandi hafi tekið við hinu selda 15. október 1981 og þar með afnotarétti af bílastæðunum frá þeim degi og hagnýtt sér hann frá þeim tíma fyrir bifreiðastæði viðskiptavina Víkurbæjar, vörumarkaðar. Á meðan Víkurbær, vörumarkaður, hafi verið starfræktur, hafi afnotarétturinn því verið virtur. Hins vegar hafi orðalag kvaðarinnar verið ótvírætt, bæði hvað verðgildi afnotaréttarins varðaði svo og skilyrði fyrir framsali hans. Guðjóni Ómari Haukssyni hafi samkvæmt ákvæði kvaðarinnar verið óheimilt að krefjast endurgjalds fyrir afnotaréttinn. Þá hafi framsal afnotaréttarins verið heimilt í því tilviki, að kaupandi seldi vörumarkaðinn öðrum aðila. Slíkt hafi eigi gerst, en starfsemin hætt að frumkvæði kaupanda sjálfs. Því sé enginn grundvöllur fyrir kröfugerð stefnanda. Þegar Víkurbær, vörumarkaður, lagði niður starfsemi sína, hafi fallið niður afnotaréttur vörumarkaðarins til bílastæða á lóðinni nr. 26 við Hafnargötu.

Um kröfugerð stefndu er því mótmælt, að lögmanni stefndu, Jóni G. Briem hdl., eða öðrum hafi verið veitt umboð til að semja um bætur til handa kaupanda vegna ætlaðra vanefnda á kaupsamningnum, enda kannist stefndu ekki við hugmyndir um bótagreiðslu í þessu sambandi. Stefndu hafa mótmælt matsgerð þeirri, er stefnandi reisir kröfugerð sína á, sem órökstuddri og rangri.

Með úrskurði, dags. 11. maí sl., vék hinn reglulegi héraðsdómari, Jón Eysteinsson, sæti í málinu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 24. maí sl., var Valtýr Sigurðsson borgarfógeti skipaður setudómari til að fara með málið.

IV.

Með kaupsamningi, dags. 14. október 1981, seldu stefndu Guðjóni Ómari Haukssyni verslunina Víkurbæ, vörumarkað, ásamt verslunarhúsnæðinu að Hafnargötu 21 og 23 í Keflavík. Í þeim kaupsamningi skuldbundu stefndu sig til að láta kaupanda í té einkaafnotarétt af bifreiðastæðum verslunarinnar, sem voru á lóðinni nr. 26 við Hafnargötu, og skyldi þeim rétti þinglýst. Af þinglýsingu varð þó ekki. Lóðina ásamt bifreiða-

stæðunum seldi stefnda, Guðný Ásberg, bæjarsjóði Keflavíkur í febrúar 1985, og voru lóð og bifreiðastæði nýtt eftir það í þágu verslunar í húsinu nr. 2-4 við Tjarnargötu í Keflavík.

Af hálfu stefnanda þykir hafa verið sýnt fram á, að stefndu gátu ekki staðið við kaupsamninginn frá 14. október 1981, að því er varðar einkaafnotarétt að bílastæðunum vegna vanheimildar stefndu.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að Guðjón Ómar Hauksson hafi fengið fullar efndir samkvæmt kaupsamningnum. Hann hafi nýtt umdeild bílastæði hindrunarlaust alla þá tíð, er verslun hans starfaði. Þinglýsing þess réttar hafi engu breytt um stöðu hans. Við gjaldþrot verslunarinnar og sölu fasteignanna á uppboði hafi réttur Guðjóns Ómars síðan fallið niður samkvæmt orðalagi í kvöðinni sjálfri.

Við byggingu hússins nr. 21 og 23 við Hafnargötu og stofnun verslunarinnar Víkurbæjar, vörumarkaðar, kom fram krafa bæjaryfirvalda um, að stefndu legðu versluninni til bifreiðastæði, enda varð bifreiðastæðum ekki komið fyrir á lóð verslunarinnar. Þetta gerðu stefndu með þeim hætti að leggja til óbyggðan hluta lóðar nr. 26 við Hafnargötu í eigu stefndu, Guðnýjar Ásberg Björnsdóttur. Stefndu gerðu síðan bifreiðastæði á lóðinni fyrir verslunina, en bæjarsjóður Keflavíkur lagði til einhverja vinnu eða fé til þeirra framkvæmda. Í bókun bæjarráðs frá 28. ágúst 1985 og samkvæmt framburði vitnanna Vilhjálms Þórhallssonar, fyrrum lögfræðings Keflavíkurbæjar, hér fyrir réttinum og Guðleifs Sigurjónssonar lóðaskrárritara kemur fram, að bifreiðastæði þetta skyldi jafnframt vera almenningsbifreiðastæði. Þessu hafa stefndu mótmælt.

Við sölu stefndu á versluninni Víkurbæ, vörumarkaði, og fasteignunum nr. 21 og 23 við Hafnargötu til Guðjóns Ómars Haukssonar fylgdi einkaafnotaréttur að bifreiðastæðum á lóðinni nr. 26 við Hafnargötu. Einkaafnotarétt þennan mátti Guðjón Ómar láta fylgja við sölu verslunarinnar, ef til þess hefði komið, samkvæmt orðalagi í yfirlýsingu, sem stefnda, Guðný Ásberg, undirritaði 14. október 1981 og ber yfirskriftina Kvöð.

Það er álit réttarins, að vegna þessa orðalags hafi einkaafnotaréttur að bifreiðastæðunum ekki fallið niður við gjaldþrot verslunarinnar Víkurbæjar, vörumarkaðar.

Í afsali stefndu fyrir verslunina Víkurbæ, vörumarkað, dags. 14. apríl 1984, til Guðjóns Ómars Haukssonar kemur fram, að hann heldur fram rétti sínum til einkaafnotaréttar bifreiðastæðanna samkvæmt kaupsamningi aðila. Hins vegar hefur komið fram í málinu, að ágreiningur var á milli stefndu og bæjarsjóðs Keflavíkur um það, hvort umdeild stæði væru almennings- eða einkabifreiðastæði. Sá ágreiningur var meðal annars ástæða þess, að bæjarsjóður Keflavíkur mótmælti þinglýsingu kvaðar þess efnis, að Guðjóni Ómari Haukssyni væru tryggð einkaafnot þeirra. Þau mótmæli

voru tekin til greina með ákvörðun þinglýsingardómara 1. október 1985.

Fyrir liggur í málinu, að lóðin nr. 26 við Hafnargötu var leigulóð í eigu stefndu, Guðnýjar Ásberg Björnsdóttur. Kemur það m. a. fram í afsali, dags. 13. mars 1986, þar sem Guðný Ásberg selur og afsalar bæjarsjóði Keflavíkur leigulóðarréttindum og bifreiðastæðunum að Hafnargötu 26 í Keflavík. Sá leiguréttur veitti henni ekki heimild gegn mótmælum bæjarsjóðs Keflavíkur, sem fram kemur í kvöð, dags. 14. október 1981, og áður hefur verið lýst. Ber því að fallast á með stefnanda, að um vanefnd stefndu hafi verið að ræða á kaupsamningi frá 14. október 1981, sem stafað hafi af vanheimild af þeirra hálfu. Guðjón Ómar Hauksson gat vegna þessarar vanheimildar krafist skaðabóta úr hendi stefndu skv. lögjöfnun frá 59. gr. l. nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Stefnandi fer nú með þann rétt samkvæmt 91. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrot.

Stefndu reisa málsvörn sína einnig á því atriði, að bæjarsjóður Keflavíkur hafi við kaup á lóðinni nr. 26 við Hafnargötu tekið við öllum hugsanlegum kröfum vegna afnotaréttar Guðjóns Ómars Haukssonar af bifreiðastæðinu, svo sem sjá megi í afsali, og hafi verð lóðarinnar verið við það miðað.

Vitnið Vilhjálmur Þórhallsson, sem annaðist samninga um þá sölu fyrir hönd bæjarsjóðs, hefur borið hér fyrir rétti, að bæjarsjóði Keflavíkur hafi verið kunnugt um kvöð þá, er stefndu lögðu á lóðina í þágu Guðjóns Ómars Haukssonar. Um réttindi Guðjóns Ómars hafi hins vegar verið verulegur vafi, og hafi bæjarsjóður mótmælt þeim. Hins vegar hafi bæjarsjóður tekið að sér að fullnægja þeim rétti, sem Guðjón Ómar gat eignast með þessari kvöð, hver svo sem hann kynni að vera. Bifreiðastæðin á lóðinni nr. 26 við Hafnargötu hafi hins vegar verið keypt til að fullnægja þörfum verslunar í fasteigninni nr. 2-4 við Tjarnargötu.

Samkvæmt þessum vitnisburði svo og með hliðsjón af því, sem áður hefur komið fram, ber að fallast á rétt stefnanda til skaðabóta úr hendi stefndu.

Að því er varðar upphæð skaðabóta, þykir rétt að miða við þá fjárhæð, sem það hefði kostað eiganda verslunarinnar Víkurbæjar, vörumarkaðar, 21. janúar 1986 að leysa sig undan kvöð um bifreiðastæði. Samkvæmt grein 5.4.2. í byggingarreglugerð 16. maí 1979 skv. byggingarlögum nr. 54/1978 skal miða þá greiðslu við andvirði þeirrar lóðar, sem byggt er á, og skal reikna með 25 fm fyrir hverja bifreið. Lóðin nr. 26 við Hafnargötu er 2133 fm að stærð samkvæmt lóðarbréfi frá 1913. Fyrir liggur, að fasteignarmat heildarlóðarinnar Hafnargötu 26 var 21. janúar 1986 1.430.000 kr. Verð hvers fermetra lóðarinnar nam því 670.417 krónum.

Með kvöð, dags. 14. október 1981, fylgdi til þinglýsingar lóðaruppdráttur, gerður í maí 1982. Þar er dreginn upp sá hluti lóðarinnar nr. 26

við Hafnargötu, sem talinn er nýtanlegur til bifreiðastæða, samtals 1045 fm. Dómkvaddir matsmenn telja hins vegar 1000 fm nýtanlega í þessu skyni. Þar sem stefndu reisa kröfur sínar á matsgerðinni, verður við þá stærð miðað. Eftir því hefði eigandi Víkurbæjar, vörumarkaðar, þurft að greiða bæjarsjóði Keflavíkur 670.417 kr. til að losna undan kvöð um bifreiðastæði fyrir verslunina 21. janúar 1986, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar, ef þau hefðu þá ekki verið fyrir hendi. Sú fjárhæð er einnig í samræmi við niðurstöðu matsmanna, og ber að miða upphæð skaðabóta við hana.

Hins vegar er aðeins fallist á, að sú upphæð beri almenna sparisjóðsvexti frá 21. janúar 1986 til 29. janúar 1988, en þá með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem hæfilegur þykir 190.000 kr.

Valtýr Sigurðsson borgarfógeti, skipaður setudómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Árni Samúelsson og Guðný Ásberg Björnsdóttir, greiði in solidum stefnanda, þrotabúi Guðjóns Ómars Haukssonar persónulega og einkafirma hans, Víkurbæjar, vörumarkaðar, 670.417 kr., ásamt 22% ársvöxtum frá 21. janúar 1986 til 1. maí, s. á., með 13% ársvöxtum frá þ. d. til 1. apríl s. á., með 9% ársvöxtum frá þ. d. til 21. janúar 1987, með 10% ársvöxtum frá þ. d. til 21. febrúar s. á., með 11% ársvöxtum frá þ. d. til 1. maí s. á., með 12% ársvöxtum frá þ. d. til 6. maí s. á., með 10,3% ársvöxtum frá þ. d. til 1. júní s. á., með 10,9% ársvöxtum frá þ. d. til 1. júlí s. á., með 12% ársvöxtum frá þ. d. til 1. ágúst s. á., með 14,8% ársvöxtum frá þ. d. til 1. september s. á., með 14,9% ársvöxtum frá þ. d. til 1. október s. á., með 16% ársvöxtum frá þ. d. til 1. nóvember s. á., með 18,3% ársvöxtum frá þ. d. til 1. desember s. á., með 20,8% ársvöxtum frá þ. d. til 1. janúar 1988, með 21,9% ársvöxtum frá þ. d. til 29. janúar s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags.

Vexti skal leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. janúar 1987 og síðan árlega þann dag.

Stefndu greiði stefnanda 190.000 kr. í málskostnað.

Dæmdar fjárhæðir eru aðfararhæfar innan fimmtán daga frá lögbirtingu dómsins.

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 124/1993. **Magnús Gunnar Guðmundsson**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
samgönguráðherra,
umsjónarnefnd fólksbifreiða
á félagssvæði Bifreiðastjóra-
félagsins Frama
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.) **og**
Bifreiðastjórafélaginu Frama
(Eiríkur Tómasson hrl.).

Stjórnarskrá. Jafnræðisregla. Leigubifreiðar. Atvinnuleyfi. Aldurshámark. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1993, en málið sætir flýtimeðferð, sbr. XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst áfrýjandi þess, að viðurkennt verði með dómi, að atvinnuleyfi sitt til að aka leigubifreið til mannflutninga í Reykjavík, sem gefið var út 25. maí 1956, sé í gildi, þó að hann hafi náð 75 ára aldri. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti in solidum .

Stefndu samgönguráðherra og umsjónarnefnd fólksbifreiða á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Bifreiðastjórafélagið Frami krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Lög hafa í um 40 ár takmarkað rétt manna til að hafa atvinnu af akstri fólksbifreiða í Reykjavík og á nokkrum öðrum stöðum á landinu. Takmörkunin hefur verið framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa, sem umsjónarnefndir fólksbifreiða annast nú. Lög-

gjafinn hefur talið það þjóðhagslega nauðsyn að veita á þennan hátt hópi manna réttindi framar öðrum. Atvinnuleyfin hafa jafnan verið bundin nokkrum skilyrðum. Ágreiningurinn í máli þessu varðar það, hvort ný skilyrði, sem sett voru með lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, megi taka til eldri leyfa, sem á sínum tíma voru ekki bundin þessum skilyrðum. Heldur áfrýjandi því fram, að brotin hafi verið á sér stjórnskipuleg jafnræðisregla með því að svipta sig atvinnuleyfi vegna aldurs. Vísar hann um það efni til 67. gr. og 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að önnur sjónarmið gildi um skipulag aksturs leigubifreiða til fólksflutninga en annarra bifreiða í atvinnuskyni. Jafnframt verður að fallast á, að þeir, sem fá leyfi til aksturs fólksbifreiða á svæðum, þar sem í gildi er takmörkun á fjölda þeirra, hljóti við það sérréttindi, sem menn utan þeirra svæða njóta ekki. Verður atvinnuréttindum þessara aðila innan og utan svæðanna því ekki jafnað saman. Öryggis- og þjónustusjónarmið liggja því að baki, að þessi atvinnuréttindi eru bundin aldursskilyrðum. Samkvæmt þessu ber að staðfesta það mat héraðsdómara, að til grundvallar ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1989 um aldurshámark bifreiðastjóra leigubifreiða til fólksflutninga liggi almenn og hlutlæg sjónarmið og að gætt hafi verið jafnræðis við setningu laganna, þar sem þau ná til allra, sem eins eru settir. Brjóta lögin því ekki gegn jafnræðisreglu íslensks stjórnskipunarréttar.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að nægilegt hefði verið að stefna samgönguráðherra í máli þessu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Samkvæmt 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 má engin bönd leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill

krefji, enda þarf lagaboð til. Slíkar hömlur mega ekki brjóta í bága við stjórnskipulega jafnræðisreglu. Þær verða að taka jafnt til allra, sem sambærilegir geta talist með tilliti til þeirrar atvinnu, sem um er að ræða, sbr. og 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Sú takmörkun á fjölda leigubifreiða til mannflutninga, sem fyrst var heimiluð með lögum nr. 25/1955 um breyting á lögum nr. 23/1953 um leigubifreiðar í kaupstöðum, byggðist á mati á þjóðfélagslegri nauðsyn og hefur verið talin til almannaheilla, sbr. Hrd. 1964, 960. Henni var meðal annars ætlað að veita leigubifreiðastjórum á tilteknum svæðum ákveðna starfsvernd umfram bifreiðastjóra á öðrum og fámennari svæðum. Hins vegar er óljóst, hvort grundvelli afkomuöryggis hinna fyrrnefndu hafi af þeim sökum verið betur borgið í reynd en hinna síðartöldu. Þýðing þessarar takmörkunar á fjölda bifreiða verður ekki talin slík, að hún geti réttlætt það, að staða þeirra leigubifreiðastjóra, sem hún tekur til, verði lakari en annarra með tilliti til atvinnufrelsis, eftir að tilteknum aldursmörkum er náð. Í því sambandi er þess einkum að gæta, að réttur sérhvers manns til að mega stunda atvinnu sína að öðru jöfnu er meðal grundvallarréttinda hans.

Með lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar var í fyrsta sinn kveðið á um hámarksaldur leigubifreiðastjóra til flutninga átta farþega eða færri. Sú takmörkun tók einungis til þeirra, er stunda leiguakstur á þeim félagssvæðum, þar sem samgönguráðuneytið hefur veitt heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða. Aldursákvörðun laganna, sem réttlætist ekki samkvæmt framansögðu af takmörkun á fjölda leigubifreiða, fól í sér mismunun eftir búsetu leigubifreiðastjóra. Hún fær þegar af þeirri ástæðu eigi staðist að stjórnlögum. Ber því að fallast á kröfur áfrýjanda og dæma honum málskostnað úr hendi samgönguráðherra, en nægilegt hefði verið að stefna honum einum.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 8. þ. m., var þingfest 11. febrúar sl.

Stefnandi er Magnús Gunnar Guðmundsson, kt. 121117-7389, Unufelli 31, Reykjavík.

Stefndu eru samgönguráðherra, kt. 550269-1639, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, umsjónarnefnd fólksbifreiða á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama, Klapparstíg 26, Reykjavík, og Bifreiðastjórafélagið Frami, kt. 560169-1329, Fellsmúla 26, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að þola viðurkenningu á því, að atvinnuleyfi stefnanda, út gefið 25. maí 1956, til „að hafa eina allt að átta farþega leigubifreið til mannflutninga í afgreiðslu í Reykjavík" sé í gildi, þrátt fyrir það að stefnandi hafi náð 75 ára aldri. Þá krefst stefnandi in solidum úr hendi stefndu málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefndu samgönguráðherra og umsjónarnefndar fólksbifreiða á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í málinu og þeim dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Dómkröfur stefnda Bifreiðafélagsins Frama eru þær, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og honum jafnframt gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

Mál þetta sætir flýtimeðferð skv. ákvæðum XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í stefnu kemur fram, að þeir leigubifreiðastjórar, sem eins standi á um og stefnanda, standi að baki málsókninni.

II.

Í máli þessu reynir á stjórnskipulegt gildi ákvæða um hámarksaldur leigubifreiðastjóra í lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar, sem gildi tóku 1. júlí 1989. Stefnandi, sem varð 75 ára 12. nóvember sl., hefur haft leyfi til leiguaksturs í Reykjavík frá 25. maí 1956. Hann fékk tilkynningu frá formanni stefnda Bifreiðastjórafélagsins Frama 4. janúar 1993, þar sem staðfest var, að atvinnuleyfi hans hefði runnið út um síðustu áramót.

III.

Stefnandi er fæddur 12. nóvember 1917 og varð því 75 ára 12. nóvember sl. Hann hóf akstur leigubifreiðar í Reykjavík 1944, en 25. maí 1956 fékk hann gefið út atvinnuleyfi nr. 245 samkvæmt reglugerð nr. 13, 9. febrúar 1956, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa, sem sett voru samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum nr. 23, 16. febrúar 1953. Atvinnuleyfið heimilaði leyfishafa að hafa eina allt að átta farþega leigubifreið til mannflutninga í afgreiðslu í Reykjavík. Stefnandi hefur ekið frá Hreyfli, bifreiðastöð.

Í IV. kafla laga nr. 77/1989 um leigubifreiðar er fjallað um atvinnuleyfi

á þeim svæðum, þar sem heimilt er að takmarka fjölda leigubifreiða. Með 1. mgr. 9. gr. var lögfest ákvæði um, að slíkt atvinnuleyfi félli úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa. Í 4. mgr. 14. gr. var lögfest svofellt bráðabirgðaákvæði: „ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 9. gr. er heimilt að veita þeim, sem eru 66 ára eða eldri við gildistöku þessara laga, heimild til að halda atvinnuleyfi í allt að fimm ár til viðbótar, enda uppfylli þeir að öðru leyti skilyrði þessara laga. Þó verði ekki heimilt að framlengja atvinnuleyfi lengur en til 75 ára aldurs leyfishafa."

Í reglugerð nr. 308/1989, sem sett var samkvæmt heimild í lögum nr. 77/1989, er nánar kveðið á um brottfall atvinnuleyfis í 19. gr.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf Sigfúsar Bjarnasonar, formanns Bifreiðastjórafélagsins Frama, dagsett 4. janúar sl., þar sem staðfest er, að atvinnuleyfi stefnanda hafi átt að renna út 12. nóvember sl., en þar sem heimildir hafi ekki verið samhljóða um aldur stefnanda, hafi í samráði við formann umsjónarnefndar verið tekin ákvörðun um að veita stefnanda frest til áramóta.

Stefnandi hætti að aka leigubifreið í kjölfar bréfsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Málsóknina kveður stefnandi vera á því reista, að með því að svipta sig atvinnuleyfi vegna aldurs á fyrrgreindum grundvelli sé brotinn á sér réttur, sem sér beri samkvæmt stjórnskipulegri jafnræðisreglu. Vísar hann aðallega til 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem réttur sinn samkvæmt atvinnuleyfinu hljóti að teljast eign í skilningi ákvæðisins og njóta verndar greinarinnar. Hann telur, að í ákvæðinu felist ekki síst sú vernd, að við eignarskerðingu verði að gæta jafnræðis borgaranna. Að auki hafi þessi jafnræðisregla almennt gildi sem stjórnskipunarregla, þegar skerða eigi rétttindi manna. Skipti þá ekki máli, hvort réttindin teljist eign í skilningi 67. gr. eða ekki. Reglan felist einnig í 69. gr., þar sem atvinnufrelsi sé verndað.

Misréttið, sem stefnandi telur sig beittan, kveður hann felast í eftirfarandi:

1. Fyrirkomulag laga nr. 77/1989 feli í sér, að einungis þeir atvinnubifreiðastjórar, sem aki fólksbifreiðum fyrir átta farþega eða færri, verði að sæta missi atvinnu sinnar við tiltekinn aldur. Missir atvinnu af þessum sökum eigi samkvæmt lögum aðeins við um þá, sem hafa atvinnuleyfi samkvæmt IV. kafla laganna. Sá kafli eigi samkvæmt 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., aðeins við, þegar í hlut eigi fólksbifreiðastjórar, sem aki bifreiðum fyrir átta farþega eða færri. Af þessu sjáist, að þeir njóti ekki jafnréttis að þessu leyti á við aðra bifreiðastjóra, svo sem vörubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra eða menn, sem hafi atvinnu af akstri langferðabifreiða.

2. Ekki verði allir fólksbifreiðastjórar, sem aki bifreiðum fyrir átta far-

þega eða færri, að sæta þessari skerðingu á atvinnurétti sínum. Skerðingin taki aðeins til bifreiðastjóra, sem aki á svæðum, þar sem samgönguráðherra hafi beitt heimild 4. gr. laganna til að takmarka fjölda leigubifreiða, en það sé ekki alls staðar í landinu. Í 8 gr. rg. nr. 308/1989 komi fram, á hvaða landsvæðum takmörkunum hafi verið beitt. Bifreiðastjórar, sem aki utan þessara svæða, þurfi ekki atvinnuleyfi, og þar með þurfi þeir ekki að sæta sviptingu atvinnu sinnar við tiltekið aldursmark. Stefnandi njóti ekki sama réttar og þessir menn.

Af hálfu stefnanda er talið, að ákvæðið verði ekki réttlætt út frá öryggissjónarmiðum, en þeim þætti sé fyllilega borgið í umferðarlögum. Þau sjónarmið réttlæti ekki heldur mismunandi ákvæði um aldurshámark atvinnubifreiðastjóra.

Stefnandi kveðst stefna Bifreiðastjórafélaginu Frama til að þola dóm í málinu, einkum vegna ákvæðis í 1. mgr. 13. gr. rg. nr. 308/1989, þar sem félaginu sé falið að hafa atvinnuleyfi félagsmanna, þ. m. t. stefnanda, í vörslu sinni. Um aðild annarra stefndu er ekki deilt.

Málsástæður og lagarök stefndu samgönguráðherra og umsjónarnefndar fólksbifreiða á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að fyrirmæli laga nr. 77/1989 og rg. nr. 308/1989 um brottfall atvinnuleyfa, er lögákveðnu aldurshámarki er náð, séu í hvívetna stjórnskipulega gild.

Stefndu telja ekki unnt að fallast á, að réttindi stefnanda samkvæmt atvinnuleyfi sé eign í skilningi 67. gr. stjórnarskrár eða að jafnræðissjónarmiða hafi ekki verið gætt við setningu reglna um lögákveðið aldurshámark. Ekki er fallist á, að jafnræðissjónarmið feli í sér annað og meira en að sams konar tilvik hljóti sömu meðferð. Í þeim felist síst sú krafa, að allir borgarar skuli njóta allra sömu réttinda og skyldna á öllum sviðum réttarins.

Stefndu kveða takmarkanir á fjölda leigubifreiða til mannflutninga á höfuðborgarsvæðinu eiga rætur að rekja til laga nr. 25/1955, en þar hafi verið kveðið á um heimildir til skipulagningar þjónustu fólksbifreiða, sendibifreiða og vörubifreiða. Sú takmörkun hafi síðan miðast við ákveðinn fjölda bifreiða, nú 570. Þessi takmörkun hafi frá öndverðu verið framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa frá stjórnvöldum, og sé sá háttur lögfestur í gildandi lögum um leigubifreiðar. Þar sem slík takmörkun sé í gildi, sé öðrum en leyfishöfum óheimilt að stunda leiguakstur með fólk. Í þessu fyrirkomulagi felist það, að sérhver leyfishafi njóti starfsverndar, og sé atvinnuleyfakerfið reist á þeirri forsendu, að sérhver leyfishafi nýti leyfið þannig, að hann aki eigin bifreið í fullu starfi, ella yrði ábótavant þeirri þjónustu, sem leyfishafar eigi í sameiningu að veita almenningi.

Sú takmörkun á fjölda bifreiða og starfsvernd, sem leyfishöfum sé veitt, feli í sér almenna takmörkun atvinnufrelsisins, sem löggjafinn hafi metið til almannaheilla. Af slíku kerfi geti risið sérstök vandamál, sem ekki gæti með sema hætti utan þess. Slík vandamál lúti m. a. að því að tryggja almenningi, að bifreiðastjórar séu almennt færir um að veita þá þjónustu, sem almenningur eigi heimtingu á og greiði fyrir, -einnig að tryggja, að þeir, sem utan standa og uppfylli allar kröfur, eigi kost á aðgangi að starfsgreininni til eðlilegrar endurnýjunar hennar. Af eðli þjónustunnar leiði, að lögmætt og eðlilegt að gera strangar kröfur til þeirra, sem starfið stundi, um andlega og líkamlega hreysti, bæði út frá öryggissjónarmiðum og til að tryggja góða þjónustu. Almenningur eigi kröfu á, að þeir, sem njóti sérstakrar starfsverndar, séu góðir, hæfir og fullfrískir ökumenn.

Stefndu kveða alkunnugt, að er tilteknum aldri sé náð, séu leigubifreiðastjórar almennt ekki lengur fullfærir að mæta þeim kröfum, sem starfið geri til þeirra, en þetta sé þeim sjaldnast ljóst sjálfum. Þar sem um sé að ræða verndaða starfsgrein, þar sem bæði öryggi þeirra, sem hana stunda, og viðskiptavinanna sé í húfi, sé eðlilegt að miða starfslok í henni við tiltekin aldursmörk. Löggjafinn hafi sett almennar óundanþægar reglur, sem ekki séu háðar mati um aldurshámark þeirra, sem hafa atvinnuleyfi til mannflutninga. Þau aldursmörk, sem miðað sé við til frambúðar, séu ótvírætt þannig ákvörðuð, að almennt séu menn ekki fullfærir um að sinna þessu starfi, þegar þeim er náð. Slík aldurshámarksregla sé ekki óvenjuleg og eigi sér hliðstæður á öðrum sviðum atvinnustarfsemi. Reglan taki til allra, sem eins standi á um, markmið hennar sé lögmætt og rök til hennar málefnaleg. Engri mismunun sé þannig til að dreifa í reynd né heldur neinu broti á jafnræðisreglu, teljist þeir hópar, sem stefnandi tilgreinir, á annað borð samanburðarhæfir.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að samanburður við bifreiðastjóra, sem stundi vörubifreiðaakstur og sendibifreiðaakstur, sé réttmætur. Í því sambandi benda stefndu á, að eðli þeirrar þjónustu, sem vörubifreiðastjórar veiti, sé allt annað. Hið sama gildi um akstur langferðabifreiða, sem að mestum hluta sé sinnt af launþegum, en þar gildi allt annað skipulag og öll leyfi tímabundin. Hvort sem litið sé til eðlis þjónustunnar eða skipulags atvinnustarfseminnar, sé engum hliðstæðum til að dreifa.

Stefndu telja samanburð við fólksbifreiðastjóra á svæðum, þar sem fjöldi leigubifreiða sé ekki takmarkaður og öllum með meirapróf heimilt að sinna leiguakstri, ekki standast. Þar sem sú aðstaða sé ekki öldungis sambærileg, komi jafnræðisreglan ekki til álita. Engu einkaleyfakerfi sé þar til að dreifa, sem atvinnufrelsi manna sé takmarkað af og almenningur bundinn af að leita þjónustu hjá. Sú aðstaða, að takmörkun sé ekki í gildi, veki ekki hliðstæð vandamál, sem kalli á úrlausn löggjafans. Stefndu telja vandséð, að

stefnandi njóti ekki í reynd réttar til að taka upp starfsemi á þeim svæðum, þar sem ekkert leyfakerfi sé því til fyrirstöðu.

Málsástæður og lagarök stefnda Bifreiðastjórafélagsins Frama.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan aðallega reist á aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi sjái hvorki um að gefa út né úthluta atvinnuleyfum til leiguaksturs fólksbifreiða og ekki um að afturkalla slík leyfi. Í rg. nr. 308/1989 sé einungis mælt fyrir um, að stefndi skuli hafa í vörslu sinni atvinnuleyfi á félagssvæði sínu, en þetta þýði ekki, að stefndi beri ábyrgð á nokkrum þeim stjórnvaldsákvörðunum, sem að framan séu greindar. Af þessum sökum verði með engu móti séð, að stefnanda sé þörf á að fá dóm á hendur stefnda vegna viðurkenningarkröfu sinnar.

Verði ekki á þessa málsástæðu fallist, er krafist sýknu á þeim grundvelli, að ákvæðið í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1989 sé stjórnskipulega gilt, sbr. 4. mgr. 14. gr. laganna og 19. gr. rg. nr. 308/1989.

Stefndi telur nauðsynlegt að binda atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða við tiltekinn hámarksaldur, þótt um það megi deila, hvert það aldurstakmark skuli vera. Löggjafinn hafi ákveðið, að aldurstakmarkið skuli miða við lok sjötíu ára aldurs, og sé það í sjálfu sér ekki óeðlileg viðmiðun miðað við sambærilegan hámarksaldur í starfi, þ. á m. hjá hinu opinbera.

Stefndi bendir einnig á, að aðrir bifreiðastjórar en leigubifreiðastjórar, sem stundi akstur fólks í atvinnuskyni, svo sem stjórnendur langferðabifreiða og strætisvagna, séu launþegar og láti af störfum við sjötíu ára aldur.

Að öðru leyti eru rök stefnda Bifreiðastjórafélagsins Frama fyrir sýknu hin sömu og annarra stefndu.

IV.

Forsendur og niðurstöður.

Fallast má á með stefnda Bifreiðastjórafélaginu Frama, að bréf það, sem formaður félagsins ritaði stefnanda, hafi aðeins verið staðfesting á, að atvinnuleyfi hans væri runnið út.

Til að fá leyfi til aksturs leigubifreiðar á svæði, þar sem fjöldi leigubifreiða er takmarkaður, verða menn m. a. að vera félagsmenn í hlutaðeigandi stéttarfélagi eða hafa sótt um inngöngu í það. Það ásamt því, að stefndi er vörsluaðili atvinnuleyfa og hefur skv. rg. nr. 308/1989 talsverð afskipti af nýtingu atvinnuleyfa, bæði sjálfstætt og í samvinnu við umsjónarnefnd leigubifreiða á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama, réttlætir aðild stefnda að málinu við hlið annarra stefndu. Stefndi

Bifreiðastjórafélagið Frami verður því ekki sýknaður vegna aðildarskorts.

Í máli þessu er einvörðungu deilt um það, hvort sú skerðing á atvinnuréttindum stefnanda, sem leiddi af lögfestingu ákvæða um hámarksaldur leigubifreiðastjóra á þeim svæðum, sem fjöldi leigubifreiða er takmarkaður, brjóti gegn 67. gr. stjórnarskrár eða jafnræðisreglu íslensks réttar.

Með lögum nr. 77/1989 er viðhaldið heimild til að takmarka fjölda leigubifreiða á tilteknum svæðum, en sú heimild hefur verið í lögum um leigubifreiðar frá 1955.

Heimild til takmörkunar er nú að finna í III. kafla laganna, en samkvæmt 4. gr. er samgönguráðuneytinu heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða á tilteknu félagssvæði bifreiðastjóra eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og héraðsnefnda, er félagssvæðið fellur undir. Sé takmörkunin heimiluð, skal hún skv. 2. mgr. 4. gr. ákveðin með reglugerð. Í 8. gr. rg. nr. 308/1989 eru þessi takmörkunarsvæði upp talin, þar á meðal félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama, sem er Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Bessastaðahreppur, og er hámarkstalan þar 570 fólksbifreiðar.

Þau atvinnuréttindi, sem hér er deilt um, geta notið verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Að baki ákvæðis 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1989 um niðurfellingu leyfis til að aka leigubifreið við lok 70 ára aldurs liggja hlutlæg og málefnaleg sjónarmið. Ákvæðið tekur jafnt til allra leyfishafa, og framkvæmd þess er ekki háð mati. Þótt ákvæðið sé þungbært fyrir þann hóp manna, sem það tekur til, voru áhrif þess þó gerð léttbærari fyrir þá bifreiðastjóra, sem komnir voru nærri aldurshámarkinu við gildistöku laganna, með bráðabirgðaákvæði 4. mgr. 14. gr. laganna, sbr. 19. gr. rg. nr. 308/1989. Því má fallast á með stefndu, að markmið ákvæðisins sé lögmætt og að það horfi til almenningsheilla.

Að þessu virtu verður ekki talið, að ákvæðið brjóti gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá verður leyst úr þeim ágreiningi aðila, hvort í ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1989 felist brot gegn jafnræðisreglu íslensks réttar. Fallast má á með stefnanda, að ákvæðið, sem hefur í för með sér skerðingu á atvinnuréttindum tiltekins hóps bifreiðastjóra, megi ekki fela í sér óréttmæta mismunun.

Ljóst má vera, að ákvæðið mismunar ekki þeim mönnum, sem það tekur til, þ. e. þeim mönnum, sem stunda leiguakstur á þeim svæðum, þar sem takmörkun á fjölda leigubifreiða er í gildi á hverjum tíma. Meira vafamál er, hvort í ákvæðinu felst mismunun, þegar litið er til annarra hópa atvinnubifreiðastjóra. Megindeiluefni aðila er einmitt, hvort aðrir hópar atvinnubifreiðastjóra séu samanburðarhæfir í þessu sambandi.

Við mat á því, hvort aðrir hópar séu samanburðarhæfir að þessu leyti, verður umfram allt að líta til þess, hvort haldgóð rök hafi verið til að láta aldurshámark taka til bifreiðastjóra, sem leyfi hafa til að aka fólksbifreiðum fyrir átta farþega eða færri á þeim svæðum, þar sem takmörkun leigubifreiða er í gildi, en ekki annarra atvinnubifreiðastjóra. Finnist þessi rök, verða þessir hópar ekki taldir samanburðarhæfir

Ber þá fyrst að líta til vörubifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra. Fallast má á með stefndu, að eðli og inntak þeirrar þjónustu, sem þessir aðilar veita á sviði vöruflutninga, sé allt annað en leigubifreiðaaksturs til mannflutninga. Skipulag takmörkunar á fjölda sendibifreiðastjóra er með öðru móti og fjölbreytni bifreiðanna mun meiri. Þá er viðskiptavinahópurinn annar. Í vörubifreiðaakstri er mikið um útboð, en þar gilda önnur lögmál. Þessir hópar teljast því ekki samanburðarhæfir.

Að því er varðar bifreiðastjóra, sem aka langferðabifreiðum, er samanburður ekki tækur þegar af þeirri ástæðu, að bæði sérleyfi og hópferðaleyfi eru tímabundin.

Nærtækasti samanburðarhópurinn eru þeir bifreiðastjórar, sem atvinnu hafa af akstri leigubifreiða til flutnings á átta farþegum eða færri utan þeirra svæða, sem fjöldi leigubifreiða er takmarkaður. Engin gögn liggja fyrir um, hversu stóran hóp manna er þar um að ræða.

Takmörkun á fjölda leigubifreiða felur í sér skerðingu á atvinnufrelsi þeirra manna. sem vilja stunda akstur fólksbifreiða í atvinnuskyni á takmörkunarsvæðunum og fullnægja öðrum þeim skilyrðum, sem sett eru til að öðlast leyfi til slíks aksturs. Þeim leigubifreiðastjórum, sem leyfi hafa til starfa á takmörkunarsvæðunum, er einnig heimilt að starfa utan þeirra, en hinum, sem stunda leiguakstur utan þeirra, er ekki heimilt að starfa innan þeirra, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 77/1989. Aðeins hinir fyrrnefndu njóta verndar fyrir óheftri samkeppni, og stuðlar það að tryggari fjárhagslegri afkomu. Einnig má fallast á þau sjónarmið stefndu, að almennt minnkandi geta aldraðra leigubifreiðastjóra til að þjóna viðskiptavinum á fullnægjandi hátt eigi síður við utan takmörkunarsvæðanna, þar sem viðskiptavinir eiga auðveldara með að velja sér bifreiðastjóra, er fullnægjandi þjónustu getur veitt.

Ekki verður fallist á það með stefnanda, að skerðingin sé tilviljunarkennd, þar sem fjöldi bifreiðastjóra á tilteknu svæði er ekki takmarkaður, nema ósk komi frá hlutaðeigandi stéttarfélagi fólksbifreiðastjóra, sem allir fólksbifreiðastjórar á svæðinu eru aðilar að.

Að öllu samanlögðu verður ekki talið, að leigubifreiðastjórar utan takmörkunarsvæðanna verði taldir sambærilegir við bifreiðastjóra, sem starfa innan þeirra, með tilliti til aldurshámarks.

Ákvæði 1. mgr. 9. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 77/1989, þykir því

fela í sér jafna skerðingu atvinnuréttinda allra þeirra bifreiðastjóra, sem eins stendur á um, þ. e. þeirra, sem fengið hafa leyfi til aksturs leigubifreiða, sem taka átta farþega eða færri á svæðum, þar sem heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða til fólksflutninga hefur verið veitt.

Jafnræðisregla íslensks réttar þykir því ekki hafa verið brotin með lögfestingu fyrrnefndra ákvæða, og hafa þau stjórnskipulegt gildi. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Sigurður T. Magnússon dómarafulltrúi kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndu, samgönguráðherra, umsjónarnefnd fólksbifreiða á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama og Bifreiðastjórafélagið Frami, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Magnúsar Gunnars Guðmundssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 208/1992. **Kristinn Bjarnason**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Særúnu hf.
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Stefán Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1992. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristinn Bjarnason, greiði stefnda, Særúnu hf., 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 17. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. janúar sl., hefur Kristinn Bjarnason, kt. 091048-4509, Brekkubyggð 11, Blönduósi, höfðað fyrir dóminum 27. maí 1991 með stefnu, dagsettri 27. apríl 1991, á hendur Særúnu hf., kt. 490474-0489, Efstubraut 1, Blönduósi, til greiðslu vangoldinna launa og staðfestingar á sjóveði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á

250.398 kr. með vöxtum og vaxtavöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1990 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi með 24,5% virðisaukaskatti og vöxtum skv. 175. gr. l. nr. 85/1936. Loks er krafist staðfestingar á sjóveðsrétti í v/b Gissuri hvíta, HU-035, skipaskrárnúmer 0964, fyrir ofangreindum kröfum.

Í gagnsök eru dómkröfur aðalstefnanda þær, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum og gagnstefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands með 24,5% virðisaukaskatti og vöxtum samkvæmt 175. gr. laga nr. 85/1936.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ með 24,5% virðisaukaskatti og vöxtum skv. 175. gr. l. nr. 85/1936.

Í gagnsök gerir stefndi og gagnstefnandi þær dómkröfur, að gagnstefndi, Kristinn Bjarnason, verði dæmdur til að greiða 125.199 kr. með vöxtum og vaxtavöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1989 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í gagnsök skv. gjaldskrá LMFÍ með 24,5% virðisaukaskatti og vöxtum skv. 175. gr. l. nr. 85/1936.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir, að stefnandi var ráðinn í stöðu 2. stýrimanns á Gissuri hvíta, HU-35, eign stefnda, og starfaði þar sem þriðji maður af þremur í tveimur stöðum, skipstjóra og stýrimanns. Hinn 17. september 1989 fór stefnandi í frí, sem átti að standa í 1-2 veiðiferðir, en vegna þess að faðir hans lést um það leyti, fékk hann frí áfram, svo að það nam þremur veiðiferðum. Eftir fríið kom stefnandi aftur í vinnu, en þá kom í ljós, að afleysingamaður, sem ráðinn hafði verið vegna veikinda skipstjóra, átti eftir eina veiðiferð af tímabundnum ráðningarsamningi sínum. Varð því að samkomulagi, að stefnandi yrði í fríi eina veiðiferð enn. Eftir þá veiðiferð kom báturinn inn til Siglufjarðar og fór aftur út, án þess að stefnandi kæmist um borð, þar sem hann var ekki látinn vita. Þremur dögum síðar, 25. október 1989, kom báturinn aftur í land, og tók þá skipstjóri aftur við stöðu sinni. Hafði hann samband við stefnanda og tilkynnti honum, að báturinn færi út á miðnætti. Stefnandi undirbjó það, sem honum bar, fyrir veiðiferðina og fór síðan á hótelið á Blönduósi og fékk sér að borða. Á meðan hringdi skipstjóri heim til stefnanda til að tilkynna, að brottför hefði verið flýtt.

Stefnandi kom heim fyrir kl. 20.30 og beið árangurslaust heima hjá sér eftir því, að hann yrði sóttur og sér ekið til skips, eins og ávallt hafði verið gert. Stefnandi var þó hvorki sóttur fyrir þann tíma né síðar, heldur fór Gissur hvíti á veiðar án stefnanda og án þess að stefnanda væri tilkynnt um það, að hann yrði ekki sóttur eins og venjulega, svo að honum gæfist

kostur á að koma sér sjálfur til skips. Þegar stefnandi náði loks sambandi við skipstjóra, kom í ljós, að báturinn var farinn.

Næst þegar báturinn kom að landi, fór stefnandi á skrifstofu útgerðarinnar og óskaði skýringa. Eftir hádegi hringdi svo útgerðarstjóri stefnda í stefnanda og tjáði honum, að honum væri sagt upp störfum án lögmæts uppsagnarfrests vegna drykkjuskapar á hótelinu á Blönduósi, þegar fara átti í veiðiferðina. Stefnandi mótmælir öllum fullyrðingum um drykkjuskap, og jafnvel þótt um slíkt hefði verið að ræða, var fyrirvaralaus brottvikning úr starfi ólögmæt án undanfarandi viðvörunar, sbr. 24. gr. l. nr. 35/1985.

Stefndi segir málavexti þá, að stefnandi, sem ráðinn var 2. stýrimaður á v/s Gissur hvíta, HU-35, og til afleysinga í stöðu stýrimanns, kom ekki til skips, þegar skipið fór á veiðar frá Skagaströnd 25. október 1989 kl. 23.10, enda þótt hann væri boðaður af skipstjóra skipsins með venjulegum hætti.

Umrætt kvöld sást til stefnanda að drykkju að Hótel Blönduósi.

Þar sem stefnandi hljópst þannig fyrirvaralaust úr starfi, vék skipstjóri honum úr skiprúmi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í aðalsök styður stefnandi kröfur sínar því, að á milli sín og stefnda hafi verið löglegur og venjulegur ráðningarsamningur um stöðu 2. stýrimanns á Gissuri hvíta, HU-35. Stefnandi hafi ávallt staðið við sinn hluta samningsins, og því heimili engin atvik stefnda fyrirvaralaust samningsrof. Stefnandi reisir kröfur sínar á sjómannalögum nr. 35/1985, einkum 2. mgr. 9. gr., lögum um greiðslu verkkaups nr. 28/1930 og á kjarasamningum. Um kröfufjárhæð er miðað við launatöflu fiskimanna. Krafan um málskostnað er reist á l. nr. 85/1936, einkum 177. gr., og krafan um virðisaukaskatt á l. nr. 50/1988, en stefnandi rekur ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og honum því nauðsynlegt að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað. Til stuðnings kröfu um staðfestingu á sjóveði vitnar stefnandi í siglingalög nr. 34/1985, einkum 197. gr.

Kröfur stefnanda sundurliðast svo:

Kauptrygging 1. 11. 1989 til 1. 2. 1990		kr. 217.272
Fast kaup fyrir sama tíma		kr. 5.298
Fatapeningar fyrir sama tíma		kr. 4.713
Orlof 10,17%		kr. 23.115
	Samtals	kr. 250.398

Málsástæður og lagarök stefnda.

Krafa stefnda í aðalsök er reist á 1. og 2. tl. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 um heimild skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi. Krafa

aðalstefnda í gagnsök styðst við 2. mgr. 60. gr. laga nr. 35/1985 um bótarétt útgerðarmanns úr hendi skipverja, sem farið hefur fyrirvaralaust úr starfi, og mælir fyrir um laun í hálfan uppsagnarfrest sem bætur. Kröfufjárhæð í gagnsök er þannig helmingur kröfu stefnanda í aðalsök og byggist á sama grunni. Um kröfufjárhæð er vitnað til launatöflu fiskimanna. Gagnkrafan er einnig reist á 2. tl. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. 60. gr. sömu laga. Krafan um málskostnað styðst við lög nr. 85/1936, aðallega 177. gr., og krafan um virðisaukaskatt við lög nr. 50/1988.

Kröfur gagnstefnanda sundurliðast svo:

Hálf kauptrygging í þrjá mánuði		kr. 108.636,00
Hálft fast kaup sama tíma		kr. 2.649,00
Hálfir fatapeningar sama tíma		kr. 2.356,50
Hálft orlof 10,17%		kr. 11.557,50
	Samtals	kr. 125.199,00

Við munnlegan flutning málsins komu fyrir dóminn aðilar og vitni.

Kristinn Bjarnason, stefnandi málsins, kom fyrir dóminn og kvað málavexti þá, að hann hefði farið að borða á Hótel Blönduósi 25. október 1989 ásamt Kjartani Ólafssyni, og hefði hann þá drukkið 2-3 bjóra með matnum. Um kl. 21.00 hefði síðan Sveinfríður Sigurpálsdóttir, kona mætta, ekið honum heim. Mætti segir, að það hafi verið föst venja að aka skipverjum til skips, þegar farið var frá Skagaströnd eins og í umrætt skipti. Þá kveðst mætti hafa reynt að ná í skipstjórann, Ómar Jakobsson, og um kl. 24.00 hefði hann loks náð sambandi, en þá var báturinn kominn út á sjó án mætta og án þess að hann yrði sóttur. Mætti kvaðst einungis hafa fengið tilkynningu um brottför frá Skagaströnd á miðnætti, en mætti átti að vera kokkur í umræddri ferð.

Daginn eftir, 26. október 1989, hafði Kristinn síðan samband við útgerðarfélagið, og átta dögum síðar hringdi útgerðarstjórinn, Guðmundur Ingþórsson, í mætta og sagði honum upp störfum án ástæðu.

Aðspurður kveðst mætti hafa drukkið einu sinni um borð, og hefði hann þá verið vel „rykaður", en ekki fékk hann áminningu vegna þessa atviks, sem var í tilefni afmælis hans.

Þá kom fyrir dóminn Guðmundur Ingþórsson, útgerðarstjóri stefnda, en hann sá m. a. um það að koma áhöfninni um borð í umrætt skipti. Mætti staðfesti það, að stefnandi átti að fara sem kokkur í ferðina 25. október 1989. Mætti segir málavexti þá, að milli kl. 20.00 og 21.00 hafi Ómar Jakobsson skipstjóri hringt í sig, þar sem hann náði ekki sambandi við stefnanda, Kristin. Kveðst Guðmundur þá hafa hringt á Hótel Blönduós

og fengið þær upplýsingar, að stefnandi þessa máls, Kristinn Bjarnason, væri þar og undir áhrifum áfengis.

Vegna þessara upplýsinga tóku mætti og Ómar Jakobsson skipstjóri þá ákvörðun, að Kristinn hefði ekkert um borð að gera, og ekki var hann sóttur heim til sín fyrir umrædda ferð til Skagastrandar 25. október 1989.

Aðspurður segir mætti, Guðmundur, að Kristinn Bjarnason hafi áður komið ölvaður um borð, en ekki sá mætti Kristin ölvaðan 25. október 1989.

Vitnið Bryndís Sigurðardóttir, kt. 120659-2049, Hrafnhólum 4, Reykjavík, kom fyrir dóminn, en hún var þjónustustúlka á Hótel Blönduósi á þeim tíma, sem hér um ræðir.

Vitnið kveðst hafa séð stefnanda þessa máls á hótelinu 25. október 1989 ásamt Kjartani Ólafssyni. Þá segir vitnið, að Kristinn Bjarnason hafi pantað sér sterka drykki og bjór, og hafi hún fært Kristni 2-4 glös af tvöföldum vodka í greip. Vitnið telur, að Kristinn hafi farið af hótelinu milli kl. 22.30 og 23.00, og hafi hann þá verið ölvaður. Þá segir vitnið, að ekki hafi verið hringt í sig vegna ölvunar stefnanda, Kristins, umrætt kvöld.

Einnig kom fyrir dóminn eiginkona stefnanda, Sveinfríður Sigurpálsdóttir, kt. 040858-4569, Brekkubyggð 11, Blönduósi, og staðfesti undirskrift sína á dómskjali nr. 12. Mætta kveður Ómar Jakobsson skipstjóra hafa hringt í sig um kl. 20.00 25. október 1989 og sagt, að brottför skipsins yrði frá Skagaströnd á miðnætti. Um ölvunarástand stefnanda, þegar mætta sótti hann á hótelið umrætt kvöld, segir hún, að Kristinn hafi sagt, að hann hefði drukkið 2-3 bjóra.

Hinn 20. janúar sl. kom fyrir bæjarþing Keflavíkur vegna þessa máls skipstjórinn á v/b Gissuri hvíta, Ómar Jakobsson. Kvaðst hann hafa hringt í konu stefnanda til þess að tilkynna, að brottför yrði frá Skagaströnd kl. 23.10, en ekki 24.00. Þá staðfesti skipstjóri þá venju, að skipverjum væri alltaf ekið til skips, þegar farið væri frá Skagaströnd. Skipstjóri kveður stefnanda, Kristin, hafa hringt í sig klukkutíma eftir brottför frá Skagaströnd, og þá hafi hann greinilega verið fullur, en ekki sá mætti stefnanda fullan umrætt kvöld. Skipstjóri kvaðst hafa veitt stefnanda áminningu vegna drykkjuskapar um borð, en ekki var sú áminning skrifleg né skráð í dagbækur skipsins. Þá staðfesti skipstjóri það, að stefnandi átti að vera kokkur í ferðinni, sem hófst 25. október 1989, en átti þó að standa fyrstu vaktina ásamt öðrum.

Þegar skýrslutöku var lokið, var gerð úrslitatilraun til sátta, en án árangurs.

Við málflutninginn komu fram nánari rök til stuðnings málsástæðum aðila.

Niðurstaða dómsins.

Í aðalsök gerir stefnandi, Kristinn Bjarnason, kröfu um greiðslu á 250.398 kr. auk vaxta og málskostnaðar úr hendi stefnda, Særúnar hf., vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr starfi. Stefndi, Særún hf., gerir ekki athugasemdir við kröfufjárhæð stefnanda né lagarök, en krefst sýknu á grundvelli 1. og 2. tl. 24. gr. laga nr. 35/1985 um heimild skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.

Verður nú nánar skoðuð sýknukrafa stefnda með tilliti til allra málsatvika.

1. tl. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 heimilar skipstjóra að víkja skipverja úr skiprúmi, ef skipverji reynist óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til. Stefndi, Særún hf., styðst í þessu sambandi við framburð vitnisins Bryndísar Sigurðardóttur og skipstjóra, Ómars Jakobssonar, um ölvun stefnanda, Kristins, að kvöldi 25. október 1989 auk viðurkenningar stefnanda sjálfs á nokkurri áfengisneyslu umrætt kvöld. Sannað telst í máli þessu, að stefnandi, Kristinn, átti að vera kokkur á m/s Gissuri hvíta í ferðinni, sem farin var frá Skagaströnd 25. október 1989. Þá er vitnið Bryndís sú eina, sem sá til stefnanda umrætt kvöld. Með hliðsjón af þessu og málsatvikum öllum telst það því ekki sannað, að stefnandi, Kristinn Bjarnason, hafi verið óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til, skv. 1. tl. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Kemur þá til athugunar 2. tl. 24. gr. laga nr. 35/1985, en þar er skipstjóra heimilað að víkja skipverja úr skiprúmi, ef hann kemur ekki til skips á ákveðnum tíma og skipið á að láta úr höfn. Leitt er í ljós í máli þessu, að venja er að sækja skipverjana á Gissuri hvíta, HU-35, til síns heima, þegar skipið lætur úr höfn frá Skagaströnd. Eru þeir sammála um þessa venju, stefnandi, Kristinn Bjarnason, útgerðarstjóri stefnda, Guðmundur Ingþórsson, og skipstjórinn á m/s Gissuri hvíta, Ómar Jakobsson. Jafnframt er leitt í ljós, að forsvarsmenn stefnda, Særúnar hf., tóku þá ákvörðun að sækja stefnda ekki heim til sín og aka honum til Skagastrandar 25. október 1989, er Gissur hvíti, HU-35, átti að láta úr höfn. Sýknukrafa stefnda á grundvelli 2. tl. 24. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 er því ekki tekin til greina.

Þegar þessi niðurstaða er fengin, er einnig ljóst, að gagnkrafa stefnda, Særúnar hf., verður ekki tekin til greina, þar sem aðalstefnandi fór ekki fyrirvaralaust úr starfi.

Á þessum forsendum ber að taka dómkröfu stefnanda til greina í þessu máli. Stefnandi á sjóveðsrétt í m/b Gissuri hvíta fyrir dæmdum fjárhæðum, sbr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Dómsorð:

Stefndi, Særún hf., Blönduósi, greiði stefnanda, Kristni Bjarnasyni, 250.398 kr. auk vaxta og vaxtavaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987

frá 1. september 1990 til greiðsludags og málskostnað, 160.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum. Stefnandi á sjóveðsrétt í m/b Gissuri hvíta fyrir dæmdum fjárhæðum, sbr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 135/1992. **Særún hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Kristni Bjarnasyni
(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Sjómannalög. Vinnusamningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Stefán Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins á Blönduósi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1992. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í aðalsök í héraði. Þá krefst hann þess, að stefndi verði í gagnsök í héraði dæmdur til að greiða sér 125.199 krónur með vöxtum og vaxtavöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1989 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í aðalsök og gagnsök í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ágreiningur í máli þessu snýst um það, hvort stefndi hafi verið ölvaður og óhæfur til vinnu, þegar m/s Gissur hvíti HU-35, sem hann var ráðinn á, skyldi halda á veiðar að kvöldi 25. október 1989. Stefndi hefur sjálfur viðurkennt að hafa drukkið 2 til 3 bjóra, og eitt vitni hefur borið um ölvun stefnda. Útgerðarstjóri áfrýjanda og skipstjórinn á bátnum sáu ekki stefnda, en útgerðarstjórinn bar fyrir dómi, að starfsmaður á hótelinu, þar sem stefndi var staddur, hefði sagt sér í síma, að stefndi væri ölvaður.

Upplýsingar þessar eru ekki næg sönnun þess, að stefndi hafi verið óvinnufær, þegar leggja átti úr höfn, en hann átti að vera kokkur á bátnum þessa ferð. Engin frekari sönnun liggur fyrir um það, að hann hafi verið óhæfur til að gegna þeim störfum á skipinu, sem hann var ráðinn til. Verður framkoma hans í þetta sinn ekki metin ígildi þess að koma ekki til skips, enda tóku forsvarsmenn

áfrýjanda sjálfir þá ákvörðun án þess að ræða við stefnda að sækja hann ekki heim til sín, eins og venja var til. Stefnda var ekki tilkynnt um brottvikningu úr starfi fyrr en viku síðar, þegar báturinn var kominn aftur úr veiðiferðinni. Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma skal áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Særún hf., greiði stefnda, Kristni Bjarnasyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 17. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. janúar sl., hefur Særún hf., kt. 490474-0489, Efstubraut 1, Blönduósi, höfðað fyrir dóminum 16. september 1991 með stefnu, dagsettri 10. september 1991, á hendur Kristni Bjarnasyni, kt. 091048-4509, Brekkubyggð 11, Blönduósi, til heimtu eftirstöðva námsláns og viðskiptaskuldar.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Kristinn Bjarnason, verði dæmdur til greiðslu á 43.185 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi með 24,5% virðisaukaskatti og vöxtum skv. 175. gr. laga nr. 85/1936.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir, að 27. ágúst 1987 gerðu stefnandi og stefndi með sér samning um það, að stefnandi veitti stefnda námslán, samtals að fjárhæð 630.000 kr. Var um samið, að það skyldi greitt stefnda með níu mánaðarlegum greiðslum, að fjárhæð 70.000,00 kr. á mánuði, frá 1. 9. 1987 — 31. 5. 1988. Námslán það, sem stefndi fékk, nam þó ekki nema 420.000 kr., þegar upp var staðið. Stefndi fékk því aðeins sex greiðslur af láninu, að fjárhæð 70.000 kr. hverja. Ástæðan er sú, að nám stefnda stóð aðeins yfir í sex mánuði í stað níu, eins og ráð hafði verið gert fyrir. Stefndi hóf síðan störf aftur hjá stefnanda, eftir að hann lauk námi sínu, en því lauk hann um mánaðamót febrúar/mars árið 1988.

Í samningi stefnanda og stefnda var kveðið á um, að ef stefndi vanefndi vinnuskyldu sína við stefnanda, væri allt lánið gjaldfallið auk hæstu lögleyfðu vaxta frá útborgunardegi. Stefndi vanefndi síðan vinnuskyldu sína við stefnanda 25. október 1989, svo að vísa þurfti honum úr skiprúmi.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að samkvæmt viðskiptareikningi stefnda skuldi hann sér stefnufjárhæðina. Þá reisir stefnandi vaxtakröfu sína á ákvæðum lánssamnings aðila, dags. 27/8 1987, þar sem segir, að af láni til stefnda skv. þeim samningi skuli greiða hæstu lögleyfðu vexti frá útborgunardegi, komi til þess, að stefndi vanefni vinnuskyldu sína við stefnanda. Þessi vanefnd kom til 25/10 1989, þegar stefndi kom ekki til skips hjá stefnanda og var af þeim sökum vikið úr starfi.

Þá vísast til almennra reglna samninga- og kröfuréttar.

Krafa um málskostnað er reist á 1. nr. 85/1936, aðallega 177. gr., og krafan um virðisaukaskatt á 1. nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Ekki er gerð sjálfstæð krafa um frávísun, en málatilbúnaður stefnanda brýtur í svo verulegum atriðum gegn lögum nr. 85/1936, að varða ætti frávísun ex officio. Ekki eru lögð fram nein gögn því til staðfestingar, að stefnandi hafi greitt út lánið til stefnda, og ekki heldur nein gögn um það, hvaða greiðslur frá stefnda eru notaðar til endurgreiðslu á láninu eða með hvaða hætti þeim er ráðstafað.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að lánssamningurinn sé að fullu greiddur. Skv. samningnum skyldi lán stefnanda greitt á tímabilinu 1. sept. 1987 til 31. maí 1988. Skv. því er ljóst, að engin greiðsla fyrir þann tíma né heldur eftir þann tíma getur verið á grundvelli samningsins. Á dskj. nr. 3, bls. 3, sést, að saldó-talan eftir fskj. nr. 90942 er 4.108 kr., þ. e. kredit 4.108 kr., eða með öðrum orðum, að stefndi á þá inni hjá stefnanda 4.108 kr. Þetta er í júní 1989 og þýðir, að skv. útreikningum stefnanda sjálfs er stefndi skuldlaus við hann í júní 1989. Ljóst er, eins og áður er rakið, að hafi eftir þann tíma stofnast skuld hjá stefnda við stefnanda, var hún ekki á grundvelli samningsins. Lán stefnanda til stefnda var því að fullu greitt eigi síðar en í júní 1989.

Stefndi krefst einnig sýknu af öllum vaxtakröfum stefnanda, enda hlýtur það að vera skilyrði vaxtakröfu, að sýnt sé fram á þetta atriði. Stefnandi sýnir því hvergi fram á gjalddaga kröfu sinnar og honum því óheimilt að reikna sér vexti, sbr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. gr. 1. nr. 67/1989.

Málskostnaðarkrafa stefnda er reist á 1. mgr. 177. gr. 1. nr. 85/1936. Enn fremur er gerð krafa um refsimálskostnað úr hendi stefnda á grundvelli

1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. 1. nr. 85/1936, en stefnandi vissi, eins og fram kemur í gögnum hans, að krafan var að fullu greidd í júní 1989, rúmlega tveimur árum áður en hann höfðar mál þetta. Krafan um virðisaukaskatt er reist á 1. nr. 50/1988, en stefnandi rekur ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og honum því nauðsynlegt að fá dæmdan virðisaukaskatt á málskostnað.

Við munnlegan flutning málsins kom fyrir dóminn vitnið Gísli Jóhannes Grímsson, kt. 160750-4649, Efri-Mýrum, Engihlíðarhreppi, bókari stefnanda.

Vitnið var spurt um dómskjal nr. 3, hreyfingarlista, og sagði, að um væri að ræða heildarviðskiptareikning stefnda við stefnanda. Á þessum reikningi væri m. a. námslán til stefnda, húsaleiga, sem stefnandi greiddi stefnda, greiðslur upp í laun og hlífðarfatnaður, sem stefndi fékk hjá stefnanda. Vitnið kvað námslán til stefnda samtals hafa numið 420.000 kr., þ. e. 70 þúsund krónur á mánuði í sex mánuði.

Þá segir vitnið, að skv. dómskjali nr. 3, hreyfingarlista, skuldi stefndi stefnanda 43.185 kr., þegar hann lauk störfum hjá stefnanda í október 1989.

Vitnið kveður stefnda hafa sannprófað skuldastöðu sína gagnvart stefnanda, því að eftir útgáfu stefnunnar hafi stefndi komið til sín til að fá ljósrit af reikningum og eftir það sagt, að hreyfingarlistinn (dómskj. nr. 3) væri réttur, þ. e., að stefndi skuldaði stefnanda 43.185 kr. Að lokum tók vitnið fram, að endurskoðandi hefði farið yfir umræddan hreyfingarlista og ekki gert athugasemdir við hann.

Þegar skýrslutöku var lokið, var gerð úrslitatilraun til sátta, en án árangurs.

Við málflutninginn komu fram nánari rök til stuðnings málsástæðum aðila.

Niðurstaða dómsins.

Stefnandi þessa máls, Særún hf., fer fram á það, að stefndi, Kristinn Bjarnason, greiði sér 43.185 kr. með ársvöxtum frá 1. júní 1988, en með dráttarvöxtum frá 1. nóvember 1989 til greiðsludags. Hvergi kemur fram í gögnum málsins, að stefnandi hafi krafið stefnda um greiðslu á skuldinni, en vaxtakrafa stefnanda byggist á því, að skuld stefnda sé vegna námslánsins. Á dómskjali nr. 4, sem er námssamningur, kemur fram í 4. gr., að vanefni nemandi vinnuskyldu sína við Særúnu hf., sé veitt lán allt gjaldfallið ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá útborgunardegi.

Stefnandi reisir því vaxtakröfu sína á 1. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Eins og mál þetta liggur fyrir, telst stefnandi ekki hafa sannað það, að stefndi hafi vanefnt vinnuskyldu sína, né heldur það, að skuld stefnda

sé vegna námslánsins, en ekki annarra viðskipta stefnda og stefnanda. Er því stefnanda óheimilt að reikna sér vexti skv. ákvæðum námssamningsins og 1. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Kemur þá til athugunar, hvort stefnandi hafi sannað nægjanlega tilvist kröfu sinnar, sem fram kemur á dómskjali nr. 3, hreyfingarlista. Með tilliti til allra málsatvika og þá sérstaklega vitnisburðar Gísla Grímssonar, sem var ekki mótmælt, telst stefnandi hafa sannað það, að stefndi skuldaði honum 43.185 kr., er stefndi hætti störfum hjá stefnanda 25. október 1989. Verður því að taka kröfu stefnanda til greina, og ber hún dráttarvexti skv. 4. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá telst málskostnaður til stefnanda hæfilega ákveðinn 60.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Bjarnason, greiði stefnanda, Særúnu hf., 43.185 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. september 1991 til greiðsludags og málskostnaðar, 60.000 kr., allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 229/1990. **Guðrún Gyða Ölvisdóttir**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Kreditkortum sf.
(Haraldur Blöndal hrl.).

Skuldamál. Greiðslukort. Sameignarfélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1990. Krefst hún þess aðallega, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðrún Ölvisdóttir, greiði stefnda, Kreditkortum sf., 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 2. maí 1985, af Kreditkortum sf., nafnnr. 5690-2910, Ármúla 28, Reykjavík, gegn Guðrúnu Gyðu Ölvisdóttur, nafnnr. 3322-2467, Þverbrekku 4, Kópavogi.

Gangur málsins.

Mál þetta var upphaflega höfðað sem víxilmál af Kreditkortum sf. á hendur Guðmundi Jónssyni, nafnnr. 3084-0291, framkvæmdastjóra persónulega og f. h. Bjargs sf., Guðrúnu Gyðu Ölvisdóttur, nafnnr. 3322-2467, og Hrólfi Ölvissyni, nafnnr. 4391-5517. Í þinghaldi 6. nóvember 1985 féll stefnandi frá kröfum á hendur Hrólfi Ölvissyni. Í þessu sama þinghaldi lýsti lögmaður stefnanda yfir því, að samkvæmt kröfu stefndu í málinu yrði málið framvegis rekið sem almennt skuldamál á hendur Bjargi sf. og eigendum þess, Guðmundi og Gyðu, er byggðist á lögskiptum aðila, og að ný gögn og ný kröfugerð yrði lögð fram í næsta þinghaldi. Í þessu sama þinghaldi fór síðan fram flutningur um frávísunarkröfu stefndu, en með úrskurði, upp kveðnum 19. nóvember 1985, var frávísunarkröfu hafnað.

Ný gögn voru lögð fram í þinghaldi 18. desember 1985 og kröfugerð breytt til samræmis við þau 8. janúar 1986. Hinn 20. mars 1987 fór fram aðalmeðferð málsins, og 13. apríl 1987 var kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur efnisdómur í því.

Með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 21. apríl 1989, var dómur bæjarþings og málsmeðferð í héraði ómerkt frá og með 8. janúar 1986, að því er varðaði Guðrúnu Gyðu Ölvisdóttur, og málinu að því leyti vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Með vísan til forsendna dóms Hæstaréttar Íslands var stefnanda gefinn kostur á að gera grein fyrir nýjum málsástæðum og lagarökum, og 1. nóvember 1989 var lögð fram greinargerð af hálfu stefnanda.

Munnlegur málflutningur fór síðan fram 25. apríl sl., og var málið dómtekið sama dag.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda 424.047 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Við munnlegan málflutning kom fram af hálfu stefndu krafa um frávísun málsins. Til vara var sú krafa gerð, að stefnda yrði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til þrautavara krafist verulegrar lækkunar á stefnukröfum. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar, er taki mið af umfangi málsins.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 19. september 1984 hafi verið sótt um Eurocard-greiðslukort hjá stefnanda, Kreditkortum sf. Notendur f. h. fyrirtækisins hafi átt að vera tveir, stefnda, Guðrún Gyða, og Guðmundur Jónsson.

Umsóknin hafi verið samþykkt, og gefin hafi verið út tvö greiðslukort,

annað nr. 5414-8370-0046-3103, kort Guðmundar Jónssonar, og nr. 5414-8370-0046-3111, kort Guðrúnar Gyðu, en sameiginlegur reikningur þeirra beggja hafi verið nr. 8370-0046-3000. Til tryggingar þessum greiðslukortum hafi stefnanda verið afhentir tveir víxlar, hvor að fjárhæð 250.000 kr.

Úttektir samkvæmt þessum greiðslukortum hafi farið í vanskil, og hafi notkun þeirra verið bönnuð og þau innkölluð.

Málsástæður stefnanda eru þær, að eigendur Bjargs sf. hafi leitað til stefnanda, Kreditkorta sf., í því skyni að fá stefnanda til þess að láta þeim í té Eurocard-kreditkort tæpum mánuði eftir, að fyrirtækið var skráð í firmaskrá. Hinn 19. september 1984 hafi Guðmundur Jónsson og stefnda, Guðrún Gyða, óskað eftir því að vera skráð í viðskipti hjá Kreditkortum sf., þar sem þau yrðu talin réttir notendur kredítkorta. Þau hafi fengið afhent tvö kort, skráð á Bjarg sf., en undir nafni fyrirtækisins hafi verið skráð nöfn kortnotendanna, á öðru kortinu nafn Guðmundar Jónssonar, en hinu nafn Guðrúnar Gyðu Ölvisdóttur.

Stefnda, Guðrún, sé samkvæmt tilkynningu til firmaskrár talin einn af stofnendum Bjargs sf. með ótakmarkaðri ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Tilgangur félagsins hafi verið fasteignasala og skyld starfsemi. Þeir, sem riti firmað, séu Guðmundur Jónsson, Guðrún Gyða Ölvisdóttir svo og Hrólfur Ölvisson, og undirriti þau öll tilkynningu til firmaskrár 21. ágúst 1984.

Umsókn um kreditkort sé undirrituð af stefndu, Guðrún Gyðu, sem með því að leggja inn slíka umsókn takist á hendur skuldbindingar gagnvart stefnanda skv. viðskiptaskilmálum stefnanda.

Stefnandi byggir því á þeirri málsástæðu, að stefnda, Guðrún Gyða, beri persónulega ábyrgð á þeim skuldum, sem Bjarg sf. hafi stofnað til við stefnanda, Kreditkort sf., og vísar í því sambandi til tilkynningar til firmaskrár. Jafnframt reisir stefnandi kröfur sínar á fram lagðri umsókn um kreditkort.

Samkvæmt almennum reglum samningalaga hafi stofnast samningur milli Bjargs sf. og Kreditkorta sf. um ákveðin viðskipti. Þessi viðskipti hafi farið þannig fram, að Bjarg sf. hafi keypt vöru og þjónustu með milligöngu Kreditkorta sf. Bjarg sf. hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar, og beri eigendur þess fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins. Stefnda, Guðrún Gyða, hafi notað kort, sem á stóð Bjarg sf., Guðrún Gyða Ölvisdóttir. Hún hafi skrifað undir umsókn um kort og greitt reikninga til stefnanda.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna samningsréttar, ákvæða laga nr. 7/1936 og viðskiptaskilmála.

Málavexti kveður stefnda þá, að í september 1984 hafi firmað Bjarg sf. fengið greiðslukort hjá firmanu Kreditkortum sf. Enn fremur hafi Guðmundur Jónsson og stefnda fengið greiðslukort. Kort Bjargs sf. hafi

verið nr. 5414-8370-0646-3000, kort Guðmundar nr. 5414-8370-0646-3103, en kort Guðrúnar Gyðu hafi verið nr. 5414-8370-0646-3111. Til tryggingar viðskiptum sínum hafi Guðmundur afhent tryggingarvíxil á dskj. nr. 2, en stefnda tryggingarvíxil á dskj. nr. 3. Úttektarheimild hafi verið 25.000 kr.

Frávísunarkröfu sína rökstyður stefnda með þeim hætti, að málið sé svo vanreifað, að því beri að vísa frá dómi.

Sýknukrafa stefndu er studd því, að hún sé skuldlaus við stefnanda vegna greiðslukorts nr. 3111.

Þrautavarakrafan er reist á þeirri málsástæðu, að ábyrgð stefndu á greiðslukorti Guðmundar taki til ábyrgðar á viðskiptaskuld, sem stofnað sé til með samningsbundnum, lögmæltum hætti. Skuld Guðmundar, sem stofnað sé til eftir 4. mars 1985, en þá sé viðskiptasamningi sagt upp, sé stefndu með öllu óviðkomandi, enda sú starfsemi meint umboðssvik.

Í bókun af hálfu stefndu, er fram kom, eftir að greinargerð var lögð fram af hálfu stefnanda, er á það bent, að stefndu sé ekki stefnt f. h. Bjargs sf. Hinn 1. mars 1985 hafi stefnda hætt þátttöku í félaginu Bjargi sf., og hafi tilkynning þess efnis verið birt 14. mars 1985. Sameignarfélaginu Bjargi sf. hafi aldrei verið stefnt löglega. Á þeim tíma, sem málið sé höfðað, sé Bjarg orðið einkafyrirtæki Guðmundar Jónssonar.

Kröfum í greinargerð stefnanda sé öllum mótmælt ex tuto að því leyti, sem þær fari í bága við fyrirliggjandi málatilbúnað, og sú staðhæfing stefndu, að hún standi ekki í persónulegri skuld við stefnanda, sé áréttuð.

Niðurstaða.

Dómur hefur verið kveðinn upp í máli þessu á hendur Bjargi sf. og Guðmundi Jónssyni, en eftir stendur krafa á hendur stefndu, Guðrúnu Gyðu, persónulega.

Ekki er fallist á frávísunarástæðu, sem höfð var uppi af hálfu stefndu við munnlegan flutning málsins, og er frávísunarkröfu stefndu hafnað.

Af fram lagðri umsókn um Eurocard-kreditkort verður ráðið, að sótt hefur verið um fyrirtækjakort á nafni Bjargs sf., og samkvæmt umsókninni óskast kort út gefið til Guðmundar Jónssonar, en aukakort á sama reikning á nafn Guðrúnar Gyðu Ölvisdóttur. Bæði Guðmundur og Guðrún Gyða gefa rithandarsýnishorn á umsóknina, en umsóknin er undirrituð af Guðmundi Jónssyni.

Gunnar Bæringsson, framkvæmdastjóri stefnanda, bar fyrir dómi, að sótt hefði verið um tvö kort fyrir Bjarg sf. Sótt hefði verið um fyrirtækjakort, og hefðu bæði kortin verið skráð á Bjarg sf., en auk þess á nöfn notenda kortanna.

Stefnda hefur staðfest fyrir dómi, að kort það, er hún notaði, hafi verið skráð á Bjarg sf., en nafn sitt tilgreint undir nafni fyrirtækisins.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja upplýst, að Bjarg sf. hafi haft til umráða tvö Eurocard-kredítkort frá stefnanda, og hafi Guðmundur Jónsson notað annað kortið, en stefnda hitt.

Stefnandi reisir kröfu sína í málinu á fram lögðum yfirlitum yfir úttektir Bjargs sf. með Eurocard-kredítkortum. Á yfirlitunum koma fram þrjú númer, Eurocard nr. 8370-0046-3000, nr. 5414-8370-0046-3103 og nr. 5414-8370-0046-3111.

Samkvæmt framburði Gunnars Bæringssonar var kort Guðmundar með endanúmeri 3103, kort Guðrúnar Gyðu nr. 3111, en þar sem standi endanúmerið 3000, sé um reikningsyfirlit að ræða. Gaf Gunnar þá skýringu á þessu, að erlendir reikningar hefðu á þessum tíma verið aðskildir frá innlendum reikningum og sendir hafi verið sérstakir reikningar fyrir hvort númer fyrir hvern korthafa með erlenda notkun, en varðandi innlenda reikninga komi notkunin á einn reikning.

Kröfugerð stefnanda er í samræmi við fram lögð yfirlit. Af hálfu stefndu er því ekki mótmælt, að úttektir samkvæmt yfirlitunum hafi farið fram, og tölulegur ágreiningur er ekki í málinu.

Samkvæmt tilkynningu til firmaskrár, dags. 21. ágúst 1984, en móttekinni 22. ágúst s. á., var Guðrún Gyða einn af stofnendum Bjargs sf. með ótakmarkaðri ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Aðrir stofnendur félagsins voru Guðmundur Jónsson og Hrólfur Ölvisson. Með tilkynningu til firmaskrár, dags. 1. mars 1985, en móttekinni hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík 14. mars 1985, tilkynnir stefnda, Guðrún Gyða, að hún hafi frá 1. mars 1985 hætt þátttöku sinni í fasteignasölunni Bjargi sf.

Samkvæmt fram lögðum yfirlitum fór síðasta úttekt fram 16. mars 1985. Hvorki hefur verið sýnt fram á, að auglýsing skv. 7. gr. laga nr. 42/1903 hafi verið birt, þegar úttektir samkvæmt máli þessu fóru fram, né að stefnandi hafi haft vitneskju um tilkynninguna til firmaskrár.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda, Guðrún Gyða, fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum þeim, sem Bjarg sf. stofnaði til við stefnanda og um er deilt í málinu. Ber því að taka til greina kröfur stefnanda á hendur stefndu í máli þessu að öðru leyti en því, að með tilliti til andmæla lögmanns stefndu við breytingu þeirri á vaxtakröfu, er gerð var af hálfu stefnanda við munnlegan málflutning, svo og því, að vaxtakrafa stefnanda er ekki í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands um dráttarvexti, dæmast dráttarvextir eins og greinir í dómsorði. Gegn andmælum stefndu dæmast dráttarvextir eigi á málskostnað.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 118.000 krónur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefnda, Guðrún Gyða Ölvisdóttir, greiði stefnanda, Kreditkortum sf., 424.047 kr. með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 20. maí 1985 af 352.798,23 til 1. júní 1985, með 3,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 1. september 1985, með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 1. mars 1986, með 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, með 2,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 1. mars 1987, með 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 15. apríl 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó aldrei hærri en nemur 45% ársvöxtum, og 118.000 kr. í málskostnað, allt að frádregnum 28.939,50 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 69/1993. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Jóhanni Magna Jóhannssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.).

Fiskveiðibrot. Frávísun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1993 til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiákvörðunar og upptöku afla og veiðarfæra. Til vara krefst hann þess, að ákærða verði ákveðin refsing og afli gerður upptækur samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Renni andvirði afla í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla. Loks er þess krafist, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Verjandi ákærða krefst staðfestingar héraðsdóms og þess, að felldur verði á ríkissjóð allur áfrýjunarkostnaður.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð álitsgerð Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar, skólameistara Stýrimannaskólans í Reykjavík, svo og nokkur önnur ný gögn.

Staðfesta ber héraðsdóm um sýknu af ákæru um veiðar á bannsvæði við Hrollaugseyjar 13. janúar síðastliðinn.

Eins og segir í héraðsdómi, var ákærði við togveiðar á skipi sínu fyrrnefndan dag í janúar innan við svokallaða karfalínu og notaði þá botnvörpu með poka með minni möskvastærð en lög leyfðu þar. Gagnstætt því, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja ákæruna geyma verknaðarlýsingu, sem tekur til þessa atferlis. Ákæran er um það, er hér skiptir máli, tekin upp í héraðsdóm, og verður hún eftir orðum sínum eigi skilin á þann veg, að það ákæruefni, sem varðar möskvastærð, takmarkist við fyrrgreint bannsvæði.

Samkvæmt þessu ber að sakfella ákærða fyrir notkun ólöglegra veiðarfæra. Varðar hún við 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir nr. 38/1991. Refsing ákærða samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1976 er hæfilega ákveðin 400.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og er þá horft til þess, að 100 gullkrónur jafngiltu 4.067,88 krónum hinn 19. maí síðastliðinn, síðasta starfsdag í bönkum fyrir munnlegan flutning máls þessa. Rétt er, að þriggja mánaða varðhald komi í sektar stað, ef hún verður eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Lög nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla féllu úr gildi 1. september 1992 við gildistöku laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla. Upptökuákvæði 18. gr. laga nr. 81/1976 er ekki lengur fullnægjandi lagaheimild til upptöku aflans um borð í Frigg, VE 41, hinn 13.janúar sl. Er rétt að vísa frá dómi varakröfu ákæruvalds um upptöku afla.

Um sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Kröfu um upptöku afla Friggjar, VE 41, 13. janúar 1993 er vísað frá dómi.

Ákærði, Jóhann Magni Jóhannsson, greiði 400.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Þriggja mánaða varðhald komi í sektar stað, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði að hálfu sakarkostnað í héraði, þar á meðal hálf saksóknarlaun í héraði, 25.000 krónur, og hálf tildæmd málsvarnarlaun, 25.000 krónur. Þá greiði hann hálf saksóknarlaun í Hæstarétti, 30.000 krónur, og hálf málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 20. janúar 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Suðurlands með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 17. s. m., á hendur ákærða, Jóhanni Magna Jóhannssyni, fæddum 22. nóvember 1955, til heimilis að Hólagötu 38 í Vestmannaeyjum, skipstjóra á togskipinu Frigg, VE-41, „fyrir fiskveiðibrot með því að hafa síðla kvölds miðvikudaginn 13. janúar 1993 verið á botnvörpuveiðum á skipinu, sem er 155 brúttórúmlestir og 25,94 lengdarmetrar, í fiskveiðilandhelgi Íslands á svæði við Hrollaugseyjar, þar sem fiskveiðar með flot- og botnvörpu eru bannaðar, og fyrir að hafa notað við veiðarnar botnvörpu, sem útbúin var poka með möskvum langt undir áskilinni möskvastærð og einungis leyfðri til karfaveiða utan karfalínu.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 22. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, og við reglugerð um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar nr. 174/1990, enn fremur við 1. mgr. 1. gr., sbr. 1. og 2. gr., og ákvæði til bráðabirgða, I. lið a, reglugerðar um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir nr. 38/1991, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 382/1992, sbr. 12. gr., og að því er varðar reglugerð nr. 174/1990, 5. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984, sbr. enn fremur í heild 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1975 um breytingu á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., og 18. og 21. gr. laga nr. 81/1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun til ríkissjóðs“.

— — —

II.

Hinn 14. janúar sl. barst sýslumanninum í Vestmannaeyjum tilkynning frá Landhelgisgæslu Íslands þess efnis, að varðskipið Óðinn hefði staðið mb. Frigg, VE-41, að ætluðum ólöglegum veiðum innan svæðis, sem tiltekið er í reglugerð nr. 174/1990 um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar. Segir í tilkynningunni, að skipin muni koma til Vestmannaeyja að morgni næsta dags, og er þess óskað, að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar af hálfu embættisins vegna þessa. Þá segir, að skipherra Óðins muni leggja fram kæru vegna ætlaðra brota skipstjórans á Frigg, VE 41, við komu skipanna til Vestmannaeyja.

— — —

IV.

Fyrir liggur, að togskipinu Frigg, VE-41, var að kvöldi miðvikudagsins 13. janúar sl. siglt inn á hafsvæði það, sem tiltekið er í reglugerð nr. 174 frá 25. apríl 1990 um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar. Var sigling skipsins innan svæðis í samræmi við staðarákvarðanir landhelgisgæslu, sem áður eru raktar.

Samkvæmt gögnum málsins var togskipið utan við nefnt reglugerðarsvæði, þegar varðskipið Óðinn kom að því klukkan 23.33 að kvöldi umrædds miðvikudags. Veiðarfæri skipsins voru ekki í sjó, þegar að var komið, og ekki sáu varðskipsmenn skipið vera að veiðum fyrir þann tíma.

Ákærði hefur staðfastlega og allt frá upphafi rannsóknar máls þessa neitað sakargiftum, að því er tekur til ætlaðra veiða hans innan hins lokaða svæðis. Er framburður hans í öllum meginatriðum í samræmi við vætti annarra skipverja, sem gefið hafa skýrslur hjá lögreglu eða fyrir dómi.

Af hálfu ákæruvalds hafa verið tilfærð nokkur atriði, sem að mati þess eiga að sýna fram á, að ákærði hafi verið að veiðum á þeim stað og tíma, sem ákæra greinir. Er hér um stuðst við skýrslur skipherra varðskipsins Óðins, Sigurðar Steinars Ketilssonar, og vitnisburð þeirra skipverja, sem könnuðu aðstæður um borð í Frigg, VE 41, og höfðu þar tal af ákærða. Eru atriði þessi áður rakin. Það er hins vegar mat dómsins, að sakfelling verði ekki á þeim reist. Þykir að öllu virtu ekki vera til að dreifa haldbærum rökum, til þess að hafnað verði í refsimáli þessu staðhæfingum ákærða um málsatvik. Er þannig ósannað, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að ákærði hafi að kvöldi miðvikudagsins 13. þ. m. verið á botnvörpuveiðum á togskipinu Frigg, VE-41, á hafsvæðinu við Hrollaugseyjar, þar sem fiskveiðar með botnvörpu eru bannaðar, sbr. reglugerð nr. 174/1990.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa miðvikudaginn 13. þ. m. verið við togveiðar á umræddu skipi innan svonefndrar karfalínu, sbr. I. lið a ákvæðis til bráðabirgða reglugerðar nr. 38/1991, sbr. reglugerð nr. 382/1992. Við þær veiðar hafi hann notað botnvörpu, sem útbúin var poka með minni möskvastærð en áskilin er við veiðar á greindu hafsvæði. Ákæra málsins hefur hins vegar ekki að geyma verknaðarlýsingu, er tekur til þessarar háttsemi ákærða, og verður því eigi dæmt um hana í því máli, sem hér er til meðferðar, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu. Með vísan til 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 skal allur kostnaður sakarinnar greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Péturssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 50.000 krónur.

Af hálfu ákæruvalds annaðist Georg Kr. Lárusson, sýslumaður í Vestmannaeyjum, sókn málsins.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari (dómsformaður) kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Friðriki Ásmundssyni skólastjóra og Hirti Hermannssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Magni Jóhannsson, er sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Péturssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 211/1993. **Landssamband lögreglumanna**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. maí 1993, sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Um kæruheimild vísar hann til 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Hann krefst þess, að úrskurði Félagsdóms, upp kveðnum 13. maí 1993, í máli sóknaraðila gegn varnaraðila verði hrundið og lagt fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Kæruheimild er í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. IV. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður Félagsdóms 13. maí 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 3. maí sl. vegna frávísunarkröfu stefnda, höfðaði Landssamband lögreglumanna, kt. 540574-0149, Grettisgötu 89, Reykjavík, fyrir Félagsdómi með stefnu, þingfestri 10. mars sl., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kt. 550169-2829, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. að dæmt verði, að vinnufyrirkomulag það, sem rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur sett á frá og með 1. febrúar 1993 hjá rannsóknarlögreglumönnum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sé brot á kjarasamningi Landssambands lögreglumanna við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dags. 24. 11. 1992,

2. að dæmt verði, að skylt sé að semja við Landssamband lögreglumanna og/eða Starfsmannafélag rannsóknarlögreglumanna um yfirvinnufyrirkomulag starfsmanna rannsóknarlögreglunnar, kjósi rannsóknarlögreglustjóri að hafa annan hátt á yfirvinnu en greinir í kafla 2.3. í kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna, dags. 24. 11. 1992,

3. að viðurkennt verði, að bakvaktir séu ekki hluti af vinnuskyldu rannsóknarlögreglumanna, án þess að sérstaklega sé um það samið.

4. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru:

1. að öllum kröfum stefnanda verði vísað frá dómi,

2. að stefndi verði með eða án frávísunar á einstökum kröfuliðum sýknaður af öllum kröfum stefnanda,

3. að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

— — —

Niðurstaða.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eru störf aðallega unnin í dagvinnutíma, kl. 8.00-16.00. Sú vinna, er fram fer utan dagvinnutíma, greinist samkvæmt kjarasamningi málsaðila frá 24. nóvember 1992 í yfirvinnu samkvæmt greinum 2.3. í samningnum og svonefndar útkallsvaktir samkvæmt greinum 2.5. Með útkallsvakt er átt við, „að starfsmaður sé ekki við störf, en reiðubúinn að sinna útkalli...", eins og þar segir. Í greinum 2.3. í kjarasamningnum er ekki að finna ákvæði, er tryggi starfsmönnum rétt til áhrifa um fyrirkomulag yfirvinnu í einstökum atriðum. Grein 2. 3. 8. sýnist ætlað að tryggja það eitt, að aukavinna skiptist sem jafnast milli lögreglumanna í föstu starfi. Grein 2. 1. 2. þykir ekki veita starfsmönnum samningsaðild að fyrirkomulagi eða framboði yfirvinnu. „Reglur um vaktir og vaktaskrá" frá 22. október 1982 og síðari breytingar hafa ávallt verið settar einhliða af rannsóknarlögreglustjóra og eiga sér ekki stoð í kjarasamningi aðila. Breytir hér engu, þótt rannsóknarlögreglustjóri kunni að hafa haft samráð við rannsóknarlögreglumenn við setningu þeirra. Eiga því

kröfur samkvæmt 1. og 2. tl. í stefnu ekki undir úrlausn Félagsdóms.

Um 3. kröfulið er þess að geta, að þar er krafist almennrar lögskýringar á tilteknu sviði, en raunverulegt sakarefni ekki lagt fyrir til úrskurðar. Auk þess byggist úrlausnin á skýringu á 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þykir krafan ekki dómtæk með vísun til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins, að ágreiningur sá, sem málið er af risið, eigi ekki undir dómsvald Félagsdóms, og ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Stefnandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Krafa stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, um frávísun málsins er tekin til greina.

Stefnandi, Landssamband lögreglumanna, greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 8. júní 1993.

Nr. 169/1992. **Einar Þór Vilhjálmsson**

gegn

Fjárfestingarfélaginu Skandia hf..

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Stefndi hefur tekið við aðild málsins af Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagins hf.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1992. Áfrýjað er dómi bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1992. Málið var þingfest í Hæstarétti 1. júní 1992, og fékk áfrýjandi þá frest til október 1992. Hefur hann síðan fengið frest sjö sinnum, síðast til reglulegs þingdags 2. júní sl. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi enn eftir fresti til októbermánaðar.

Af hálfu stefnda hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verið vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur enga skýringu á því gefið, af hverju frestur sá, sem hann hefur haft til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti, hefur ekki nýst honum. Við svo búið þykir ekki fært að veita áfrýjanda frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki gert kröfu um málakostnað, og verður hann ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 9. júní 1993.

Nr. 230/1993. **Ákæruvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Kæruheimild. Ákæra. Öryggisgæsla. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. maí 1993, sem barst réttinum 2. júní. Kærð er frávísun Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí sl. á kröfu ákæruvaldsins um, að ákærða verði látin sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Af hálfu ákæruvalds eru gerðar þær dómkröfur, að þessari niðurstöðu héraðsdómarans verði hrundið og dómaranum lýst rétt og skylt að taka kröfu ákæruvalds um öryggisgæslu til meðferðar og dóms.

Verjandi ákærðu gerir þá kröfu, að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 28. maí 1993 standi óbreyttur og kærumáli ákæruvaldsins um ógildingu hans verði vísað frá Hæstarétti. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Héraðsdómari komst að þeirri niðurstöðu, að ákærða hefði verið mjög miður sín af geðsjúkdómi, þegar hún framdi brot það, sem hún er ákærð fyrir, og að refsing væri ólíkleg til að bera árangur. Ákvað hann með vísan til 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að ákærðu skyldi ekki refsað. Í málflutningi fyrir héraðsdómi gerði sækjandi málsins þá varakröfu, að ákærða yrði látin sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Héraðsdómari taldi, að skilja yrði 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 á þann veg, að kröfu um öryggisgæslu þyrfti að gera í ákæru, til þess að um hana mætti fjalla í dómsmáli. Vísaði hann kröfunni frá dómi og taldi ekki koma til álita, hvort efnisskilyrði væru til þess að fallast á hana.

Samkvæmt framansögðu hafnaði héraðsdómari umræddri kröfu ákæruvaldsins og dæmdi efnisdóm í málinu. Verður álitaefni þetta ekki borið undir Hæstarétt með kæru, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu ákæruvaldsins er vísað frá Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1993.

Ár 1993, föstudaginn 28. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-299/1993: Ákæruvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 21. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. maí 1993, á hendur ákærðu, X, Reykjavík, [...], „fyrir brennu með því að hafa laust eftir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 2. mars 1993 kveikt í pappakössum og rusli í stigagangi á jarðhæð fjölbýlishússins Bræðraborgarstígs 7 í Reykjavík, svo að af hlaust eldsvoði. Ákærða þykir með framangreindum hætti hafa stofnað lífi íbúa og gesta, er í húsinu voru, sex fullorðinna og fjögurra barna, í bersýnilegan lífsháska og auk þess valdið augljósri hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út frekar en orðið var, en hann uppgötvaðist fljótlega og var slökktur af slökkviliði Reykjavíkur, sem einnig bjargaði öllum, sem í húsinu voru, af svölum og út um glugga hússins.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar".

— — —

Viðurlög.

Telja verður, að ákærða hafi verið mjög miður sín af geðsjúkdómi þeim, sem hún er haldin, þegar hún framdi brotið. Ber að fallast á þá skoðun Hannesar Pétursson yfirlæknis, að refsing sé ólíkleg til þess að bera árangur, og ákveða með vísan til 16. gr. almennra hegningarlaga, að ákærðu skuli ekki refsað.

Í ákæru er ekki gerð krafa um, að ákærða verði látin sæta öðrum viðurlögum en refsingu. Í málflutningi gerði sækjandi málsins kröfu um það til vara, að hún yrði látin sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. Í 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 segir, að ekki megi dæma aðrar kröfur á hendur ákærðu en í ákæru greini. Er það í samhljóðan við það, sem áður sagði um þetta atriði í 118. gr. oml. nr. 74/1974. Ekki hefur reynt á það í dómsmáli, svo að kunnugt sé, eftir gildistöku hinna nýrri laga, hvort gera þurfi kröfu um öryggisgæslu eða aðrar skyldar ráðstafanir í ákæru, til þess að hún komi til álita í refsimáli, en þess þurfti ekki áður, sbr. t. d. Hrd. 1990, 991. Aftur á móti er á það að líta, að

í 116. gr. núgildandi laga um meðferð opinberra mála er ýtarlegar kveðið á um, hvaða kröfur beri að gera í ákæruskjali, en gert var í 115. gr. hinna eldri laga. Í d-lið 1. mgr. 116. gr. núgildandi laga er sérstaklega tekið fram, að í ákæru skuli ekki gera kröfu um greiðslu sakarkostnaðar, og er ekki getið annarra undantekninga. Þá er þess að geta, að í 2. mgr. greinarinnar segir, að þar skuli ótvírætt greina kröfur borgararéttarlegs eðlis. Er einnig á það að líta, að öryggisgæslu má að ýmsu leyti telja þungbærari en refsivist. Samrýmist það varla nýrri viðhorfum í réttarfari að dæma mann til þess að sæta svo þungbærum úrræðum, án þess að gerð sé um það krafa í ákæru. Verður að skilja lagagreinina svo, að kröfu um öryggisgæslu þurfi að gera í ákæru, til þess að um hana megi fjalla í dómsmáli. Er kröfu ákæruvaldsins um, að ákærða verði látin sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun, vísað frá dómi, og kemur því ekki til álita, hvort efnisskilyrði séu til þess að fallast á slíka kröfu.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 70.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, X, er ekki gerð refsing.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 70.000 krónur.

Fimmtudaginn 10. júní 1993.

Nr. 2/1991. **Tak hf.**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Póst- og símamálastofnun
(Guðmundur Markússon hrl.).

Verksamningur. Fjarskiptalög. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 6. desember 1990. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði stórlega lækkaðar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar ljósmyndir, er teknar voru á vettvangi 18. maí 1992. Sýna þær ómerkta múffustaurinn, sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi og stendur í brekku ofan árinnar. Einn merkihæl má sjá nokkru ofar. Eru þetta einu yfirborðsmerkingarnar, sem á staðnum voru og gefa áttu til kynna legu jarðsímastrengsins. Engar merkingar voru handan árinnar.

Verk það, er ýtustjórinn vann með tæki áfrýjanda, þegar tjónið varð, var unnið að beiðni Vegagerðar ríkisins. Verkið var greiðsla Vegagerðarinnar til landeigenda, og átti að vinna það eftir nánara samráði við þá. Verkið var unnið af áfrýjanda í tímavinnu fyrir vegagerðina, án þess að undirbúningur eða verkstjórn væru lögð honum á herðar. Í verki þessu var vegagerðin því allt í senn, verktaki, verkkaupi og að hluta verkstjóri, að því leyti, að starfsmaður hennar benti ýtustjóranum á, hvað og hvar vinna skyldi. Er ósannað, að fulltrúar landeigenda, sem komu á vettvang, hafi gefið honum aðrar leiðbeiningar en starfsmaðurinn mátti vænta. Starfsmenn vegagerðarinnar höfðu áður fengið upplýsingar um legu jarðsímastrengsins á þessu svæði og meðal annars látið mæla hana með hljóðbylgjum í nágrenni við tjónsstað. Þeir veittu ýtustjóranum þó

engar upplýsingar um strenginn og höfðu ekki orð á honum, að því er séð verður. Honum var og ekki fenginn aðstoðarmaður til þess að leiðbeina við verkið, en stefndi hefur ekki skýrt, hvernig unnt var að vinna það án slíkrar aðstoðar.

Þegar þetta er virt og haft í huga, að Vegagerð ríkisins stóð næst að afla upplýsinga um jarðsímalagnirnar, ber að fallast á með áfrýjanda, að það hafi verið vegagerðin, sem bæði ákvað framkvæmdirnar og annaðist þær í skilningi 11. gr. laga nr. 73/1974 um fjarskipti, og beri hann því ekki ábyrgð gagnvart stefnda samkvæmt ákvæði þessu. Ekki verður heldur talið, eins og hér stendur á, að áfrýjandi beri ábyrgð gagnvart stefnda á þeim forsendum, að tjónið verði rakið til þess, að ýtustjórinn hafi sýnt vanrækslu, er hann veitti ekki yfirborðsmerkingum athygli. Merkingar voru óglöggar og af svo skornum skammti, að þær veittu vart nokkra vísbendingu um, að þarna lægi jarðsímastrengur. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 120.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Tak hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Póst- og símamálastofnunar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Dalasýslu 27. ágúst 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 31. júlí sl., er höfðað fyrir aukadómþingi Dalasýslu af Póst- og símamálastofnun, 490784-2179, við Austurvöll, Reykjavík, gegn Taki h/f, kt. 690486-1489, Laxárdalshreppi, Dalasýslu, með stefnu, þingfestri 18. maí 1989.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 111.015,40 kr., með 33,6% dráttarvöxtum á ári af 87.991 kr. frá 18. apríl 1989 til þingfestingardags, en með dráttarvöxtum á ári samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu, sem beri dráttarvexti samkvæmt 175. gr. laga nr. 85/1936.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að sýknað verði af dómkröfum

stefnanda, en til vara, að dómkröfur verði stórlega lækkaðar. Hvernig sem málið fer, er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt 175. gr. eml.

Mál þetta var þingfest fyrir aukadómþingi Dalasýslu 18. maí 1989. Í þinghaldi 20. júlí 1989 var því frestað um óákveðinn tíma. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 20. júní 1990, var Eggert Óskarsson borgardómari skipaður til þess samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 að fara með mál þetta.

Upphaflega gerði stefndi kröfu um frávísun málsins, en féll frá þeirri kröfu sinni með bókun við aðalmeðferð málsins 31. júlí sl.

I.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo í stefnu, að 8. júní 1988 hafi sex línu jarðsímastrengur í eigu stefnanda við Botnsá í Hvalfirði slitnað af völdum jarðýtu í eigu stefnda, sem stjórnað hafi verið af starfsmanni stefnda, Kristjáni Rúnari Kristjánssyni. Þrátt fyrir vitneskju starfsmanns stefnda um, að á fyrirhuguðu graftarsvæði lægju jarðsímastrengir, hóf hann gröft án þess að kynna sér legu þeirra hjá stefnanda. Það sé því sök stefnda, að tjónsatburður varð.

Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu segir m. a. svo um atvik máls :„Miðvikudaginn 8. júní 1988 var tilkynnt, að sex línu símastrengur hefði verið slitinn við Botnsá, Hvalfirði. Þarna hafði jarðýta verið að verki, eigandi Tak h/f, Búðardal. Undirritaður kannaði vettvang og hafði tal af stjórnanda. Strengurinn lá þarna á um 70 cm dýpi og var í línu við yfirborðsmerkingar, sem voru á staðnum. Stjórnandi kvaðst hafa verið að vinna þarna við breytingar á farvegi Botnsár að beiðni landeigenda. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir yfirborðsmerkingum um, að þarna lægi strengur í jörðu, enda hefði verkkaupi ekki getið um, að þarna væri strengur í jörðu, þegar beðið var um að vinna verkið."

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til greiðslu viðgerðarkostnaðar á jarðsímastreng þessum.

II.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á ákvæðum 11. gr. laga um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. og 2. tl. 23. gr. sömu laga, og reglum um húsbóndaábyrgð, þar sem starfsmaður stefnda hafði hvorki aflað sér upplýsinga um legu jarðsímastrengja á svæðinu hjá stefnanda né gert samkomulag við stefnanda um tilhögun framkvæmda. Til vara er bótaábyrgð stefnda reist á því, að starfsmaður hans hafi með saknæmum hætti valdið því, að tjónsatburður varð, enda hafi henn átt þess kost að afla sér upplýsinga um legu

strengsins hjá stefnanda. Auk þess hafi hann ekki gætt að yfirborðsmerkingum, sem sýnt hafi legu strengsins. Þá er á því byggt, að starfsmaðurinn, sem hafi verið án réttinda til að stjórna vinnuvél, hafi ekki notið þeirrar leiðbeiningar og verkstjórnar frá húsbændum sínum, sem nauðsynlegar hafi verið vegna réttindaleysis hans. Megi ætla, að tjósatburður hafi orðið fyrir þessar sakir forsvarsmanna stefnda.

III.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti og málsástæður, að stefndi hafi leigt Vegagerð ríkisins jarðýtu, er stefndi vann að grjótmulningi fyrir sama aðila í júnímánuði 1988. Vegagerðin hafi óskað eftir leigu á ýtu ásamt vélamanni til breytinga á farvegi Botnsár í Hvalfirði. Átti að vinna verkið eftir nánari fyrirmælum frá jarðeigendum. Við verkið hafi vélamaður farið nákvæmlega eftir fyrirmælum, sem honum voru gefin, og ýtt á þeim stöðum, sem honum var fyrirskipað, og hafi gert ráð fyrir því, að vegagerðin og jarðeigendur sem framkvæmdaaðilar verksins hefði kynnt sér, hvort strengir væru á graftarsvæðinu og hvernig þeir lægju. Er tjónsatburður varð, hafi vélamaður verið að grafa á svæði, sem honum hafi verið fyrirskipað að grafa á, og hafi verið þess fullviss, að jarðstrengir lægju ekki á þeim stað.

Verk þetta hafi verið unnið út í reikning Vegagerðar ríkisins sem greiðsla fyrir töku efnis til vegagerðar á þessu svæði. Það hafi ekki verið vegagerðin eða stefndi, sem hafi gefið fyrirmæli eða stjórnað verkinu, heldur jarðeigendur. Í fram lögðu bréfi stefnda til stefnanda vísi stefndi til þess, að hann hafi einungis leigt vegagerðinni ýtuna og geti ekki borið ábyrgð, þar sem annar aðili hafi séð um framkvæmd verksins. Stefndi hafi ekki verið verktaki, heldur hafi stefndi leigt ýtuna ásamt vélamanni á tímagjaldi. Hafði stefndi sem eigandi ýtunnar engin áhrif á, hvernig verkið var unnið, hvar var ýtt, hvaða upplýsinga var aflað, hve lengi var unnið og hvernig því var stjórnað, enda hafði hann með leigu vélarinnar afsalað sér þessu valdi til leigutaka, sem í þessu tilfelli var Vegagerð ríkisins.

Samkvæmt 5. gr. almennra skilmála Félags vinnuvélaeigenda, sem stefnanda jafnt sem vegagerðinni sé fullkunnugt um, ber eigandi vinnuvélar ekki ábyrgð á tjóni, sem vél kann að valda á leiðslum eða lögnum í jörðu, nema því aðeins, að vélstjóri hafi fengið óyggjandi upplýsingar um legu þeirra, áður en verkið var hafið. Ekki liggur fyrir í máli þessu, að slíkar upplýsingar hafi legið fyrir af hálfu vegagerðarinnar eða landeigenda, sem óneitanlega hafi verið umsjónaraðilar að verkinu. Telur stefndi því, að hann geti ekki borið ábyrgð á tjóninu, sem hafi orðið á jarðsímastrengnum. Þessi takmörkun á ábyrgð sé eðlileg og í samræmi við þann raunveruleika, sem við sé að eiga, þegar vél sé leigð, enda almennt viðurkennd meðal

þeirra, er sjá um verklegar framkvæmdir. Þá hafa skilmálar Félags vinnuvélaeigenda verið staðfestir af Verðlagsstofnun.

Stefndi beri hvorki ábyrgð samkvæmt 11. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti né almennu reglunni um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna, eins og stefnandi heldur fram. Stefndi hafi aðeins leigt ýtuna Vegagerð ríkisins, en hafði að öðru leyti ekki áhrif á framkvæmd verksins. Hann hafi hvorki gefið skipanir, hvar ýtt skyldi, né haft áhrif á framkvæmd verksins. Þá hafi ekki hvílt á stefnda sem leigusala ýtunnar að athuga, hvort eða hvar strengir séu í jörðu. Sú lagaskylda hvíli á þeim, sem ákveði slíkar framkvæmdir, eða þeim, sem annist þær, sbr. 11. gr. 1. nr. 73/1984, í því tilviki, sem hér um ræðir, Vegagerð ríkisins og landeigendum að Botnsá, Hvalfirði.

Stefndi andmælir og þeirri málsástæðu stefnanda, að vélamaður hafi með saknæmum hætti valdið því, að tjónsatburður varð, með því að afla ekki upplýsinga um legu strengsins hjá stefnanda og gæta ekki að yfirborðsmerkingum, sem sýnt hafi legu strengsins. Í fyrsta lagi hafi vélamaður við framkvæmd verks ekki verið starfsmaður stefnda í skilningi ábyrgðarreglunnar um ábyrgð húsbónda á skaðaverkum starfsmanna. Í annan stað sé ekki unnt að líta þannig á, að skylda hafi hvílt á vélamanni að leita upplýsinga um legu strengja á graftarsvæðinu. Sú skylda hafi hvílt á umsjónaraðilum verksins og stjórnanda. Hins vegar megi af gögnum málsins ráða, að vélamaður hafi ekki gætt að yfirborðsmerkingum, sem sýnt hafi legu strengsins. Megi rekja þá yfirsjón til þess, að umsjónaraðili og stjórnendur hafi látið hjá líða að leita þessara upplýsinga eða ekki látið vélstjóra vita, að strengur væri á svæðinu. Sé því ekki við vélamann að sakast, að tjónsatburður varð. Ekki hafi verið sýnt fram á, að vélamaður hafi hagað sér óeðlilega við framkvæmd verksins.

Þá mótmælir stefndi þeirri málsástæðu stefnanda, að vélamaður hafi verið réttindalaus, er tjónsatburður varð, og að skortur á leiðbeiningum og verkstjórn hafi valdið tjónsatburði. Vélamaður hafi haft tilskilin réttindi til stjórnunar ýtunnar samkvæmt fram lögðu vottorði í málinu. Þá tekur stefndi fram, að réttindaleysi vélamanns breyti ekki skyldum umsjónaraðila verksins samkvæmt 11. gr. laga nr. 73/1984.

Stefndi leggur áherslu á það, að sönnunarbyrði í máli þessu hvíli á stefnanda. Bent er á, að stefnanda beri að sýna fram á, að Vegagerð ríkisins og landeigendur að Botnsá eigi ekki sök á tjóninu, þar sem stefnandi hafi einungis ákveðið að stefna stefnda. Þessu til stuðnings vísar stefndi til dóms Hæstaréttar 1985, bls. 1042.

Stefndi reisir dómkröfur sínar á því, að hann hafi hvorki stjórnað verkinu né séð um framkvæmd þess og að reglan um húsbóndaábyrgð eigi ekki við í þessu tilviki, þar sem stefndi hafði aðeins leigt ýtuna. Vísar stefndi m. a. til skilmála vinnuvélaeigenda í því sambandi.

Dómari hefur kynnt sér aðstæður á vettvangi ásamt lögmönnum aðila.

Gefið hafa skýrslur fyrir dómi í máli þessu Guðmundur Ingi Waage, eftirlitsmaður hjá Vegagerð ríkisins, Rúnar Snæfells símaverkstjóri, Kristján Rúnar Kristjánsson ýtustjóri og Jóhannes Benediktsson, framkvæmdastjóri Taks h/f.

IV.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins, að Vegagerð ríkisins tók á leigu hjá stefnda jarðýtu ásamt vélamanni til þess að vinna við mölun efnis við Botnsá í Hvalfirði í júní 1988. Svo sem fram kemur í fram lögðu bréfi Vegagerðar ríkisins til lögmanns stefnanda, varð samkomulag um það milli vegagerðarinnar og landeigenda, að í stað greiðslu fyrir efnistökuna yrðu gerðar breytingar á farvegi Botnsár fjarri þeim stað, sem mölunin fór fram. Að beiðni vegagerðarinnar var verk þetta unnið af ýtustjóra stefnda, en við framkvæmd þess slitnaði jarðsímastrengur af völdum jarðýtunnar, svo sem fram er komið. Í málinu deila aðilar um bótaskyldu af þessum sökum.

Við úrlausn sakarefnis reynir á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti, sem hljóðar svo: „Þar sem fjarskiptavirki ríkisins eru, má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samkomulag fengist við Póst- og símamálastofnunina um tilhögun framkvæmda. Þeir, sem ákveða slíkar framkvæmdir, eða þeir, sem annast þær, bera allan kostnað, sem af þeim leiðir, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi."

Fyrir liggur, að framkvæmdir þær, sem hér um ræðir, við breytingar á farvegi Botnsár, voru unnar í þágu landeigenda og fyrir milligöngu Vegagerðar ríkisins, sem bar kostnað af þeim. Starfsmaður stefnda vann þó verkið sjálfstætt og án verkstjórnar greindra aðila. Verður því að telja, að stefndi hafi annast framkvæmdir þessar í skilningi 1. mgr. 11. gr. laga nr. 73/1984. Stefnda bar því samkvæmt greindu lagaákvæði að afla upplýsinga um legu fjarskiptavirkja á svæðinu og fá samþykki stefnanda um tilhögun framkvæmda. Þetta var vanrækt, og starfsmaður stefnda veitti ekki athygli yfirborðsmerkingum um strenginn, sem á staðnum voru, þ. e. jarðhæl og múffustaur, og ber því stefndi bótaábyrgð vegna tjóns þessa samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 73/1984 og reglum skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitanda á tjóni, sem starfsmaður hans er valdur að. Ákvæði í 5. gr. gjaldskrárskilmála Félags vinnuvélaeigenda leysir stefnda ekki undan lagaábyrgð þessari.

Hafnað er bókaðri málsástæðu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts.

Stefnufjárhæð hefur ekki verið mótmælt tölulega, og verður hún tekin

til greina, og ber því samkvæmt framansögðu að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda 111.015,40 kr. ásamt þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem með hliðsjón af fram lögðum málskostnaðarreikningi telst hæfilega ákveðinn 60.000 kr. Málskostnaður skal bera vexti samkvæmt 175. gr. laga nr. 85/1936.

Eggert Óskarsson, dómari samkvæmt umboðsskrá, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Tak h/f, greiði stefnanda, Póst- og símamálastofnun, 111.015,40 kr. með 33,6% dráttarvöxtum á ári af 87.991 kr. frá 18. apríl 1989 til 18. maí 1989, en með dráttarvöxtum á ári samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og 60.000 kr. í málskostnað, sem ber vexti samkvæmt 175. gr. laga nr. 85/1936, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1993.

Nr. 123/1990. **Sigurdís Anna María Sigurðardóttir**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Jóni Hauki Bjarnasyni
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.) **og**
Íþróttabandalagi Reykjavíkur
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Fasteignakaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1990. Hún gerir eftirfarandi dómkröfur:

„Aðallega að viðurkennt verði með dómi, að áfrýjandi sé einn eigandi að öllum heitavatnsréttindum, þeim sem ÍBR skuldbatt sig til með afsalsbréfi, dags. 24. 7. 1975, að láta Ingvari Þorkelssyni í té sem kaupverð fyrir 15 hektara landspildu úr landi Þórisstaða. Stefnda Jóni Hauki Bjarnasyni skulu tryggð afnot af heitu vatni til íbúðarhússhitunar.

Til vara er krafist viðurkenningar á því, að áfrýjandi eigi helming allra heitavatnsréttinda, eins og þau eru skýrð í afsali til IBR, dags. 24. 7. 1975.

Til þrautavara er þess krafist, að áfrýjandi eigi rétt til nægjanlegs heits vatns til húshitunar og almenns búreksturs frá hitaveitu ÍBR að Reykjanesi og að stefnda IBR verði gert skylt að tryggja það.“

Þá krefst árýjandi málskostnaðar úr hendi beggja stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á árinu 1973 gerði stefndi Jón Haukur Bjarnason samning við Ingvar Þorkelsson, þá bónda á Þórisstöðum í Grímsnesi, um kaup á jörðinni. Í kaupsamningnum, sem er ódagsettur, er tekið fram, að kaupandi hafi full umráð jarðarinnar frá 1. júní 1973 og njóti frá þeim tíma arðs af henni. Undanskilin voru í kaupunum íbúðar-

hús og tveir hektarar lands í kringum það. Samkvæmt kaupsamningnum átti að gefa út afsal fyrir jörðinni 1. desember 1974, er síðasta greiðsla útborgunar kaupverðs færi fram, en útgáfa þess dróst, og ræðst ekki af gögnum málsins, hvað því olli.

Kauptilboð stefnda Íþróttabandalags Reykjavíkur í 15 hektara spildu úr landi Þórisstaða er dagsett 7. maí 1975 og afsalsbréf fyrir henni 24. júlí sama ár. Þá voru liðin meira en tvö ár, frá því að stefndi Jón Haukur fékk umsamin eignarumráð yfir jörðinni, og rúmlega 40% kaupverðs jarðarinnar samkvæmt áðurnefndum kaupsamningi voru þegar gjaldfallin. Afsalið til stefnda Íþróttabandalags Reykjavíkur er að vísu undirritað af stefnda Jóni Hauki fyrir hönd Ingvars Þorkelssonar samkvæmt umboði, en stefndi Jón Haukur greindi frá því í aðilaskýrslu fyrir dómi, að þessi háttur hefði verið á hafður sökum þess, að hann skorti þá enn formlega eignarheimild fyrir jörðinni. Hann kvað Ingvar Þorkelsson ekki hafa haft önnur afskipti af sölu umræddrar spildu, og sá hluti söluverðs hennar, sem greiddur var í peningum, hafi runnið óskertur til hans sjálfs. Hefur því ekki verið andmælt af áfrýjanda.

Í afsalsbréfi til stefnda Jóns Hauks fyrir jörðinni Þórisstöðum, sem dagsett er rúmum mánuði eftir undirritun afsalsins til stefnda Íþróttabandalags Reykjavíkur, kemur glöggt fram, að vatnsréttindi þau í landi jarðarinnar Reykjaness, sem lýst er í héraðsdómi, tilheyrðu honum einum. Hvergi í gögnum málsins sér þess stað, að Ingvar Þorkelsson hafi eftir það eignast nokkra hlutdeild í þessum réttindum. Aðild áfrýjanda að kröfugerð á hendur stefndu byggist á erfðaskrá Ingvars Þorkelssonar og eiginkonu hans. Er því ljóst, að kröfur hennar í málinu eiga sér enga lagastoð.

Með skírskotun til þessa ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði báðum stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það er aðfinnsluvert við kröfugerð áfrýjanda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að í henni felst sá hluti umræddra vatnsréttinda, sem endurgjaldslaus var í 10 ár og augljóslega niður fallinn, er málið var höfðað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurdís Anna María Sigurðardóttir, greiði hvorum stefndu, Jóni Hauki Bjarnasyni og Íþróttabandalagi Reykjavíkur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 7. mars 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 16. júní 1989 og fram lagðri í dóm 21. s. m., af Sigurdísi Önnu Maríu Sigurðardóttur, Þórisstöðum, Grímsneshreppi, Árnessýslu, gegn Jóni Hauki Bjarnasyni, Þórisstöðum II, Grímsneshreppi, og Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR).

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi ,,aðallega, að stefnandi sé einn eigandi að öllum heitavatnsréttindum þeim, sem stefndi ÍBR skuldbatt sig með afsalsbréfi, dags. 24. 7. 1975, að láta Ingvari Þorkelssyni í té sem kaupverð fyrir 15 hektara landspildu úr landi Þórisstaða. Stefnda Jóni Hauki skulu tryggð afnot af heitu vatni til íbúðarhússhitunar. Til vara er krafist viðurkenningar á því, að stefnandi eigi helming allra heitavatnsréttindanna, eins og þau eru skýrð í afsali til ÍBR, dags. 24. 7. 1975. Til þrautavara er þess krafist, að stefnandi eigi rétt til nægjanlegs heits vatns til húshitunar og almenns búreksturs frá hitaveitu ÍBR að Reykjanesi og að ÍBR verði skylt að tryggja það. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda Jóns Hauks Bjarnasonar eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu. Þá krefst hann málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda Íþróttabandalags Reykjavíkur eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, og jafnframt, að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda [...].

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að með afsalsbréfi, dags. 24. júlí 1975, öðlaðist stefndi Íþróttabandalag Reykjavíkur eignarrétt að fimmtán hektara spildu úr landi jarðarinnar Þórisstaða í Grímsneshreppi, Árnessýslu. Afsalið er undirritað af stefnda Jóni Hauki Bjarnasyni samkvæmt umboði frá seljanda, Ingvari Þorkelssyni. Í afsalinu er svofellt ákvæði: ,,Íþróttabandalag Reykjavíkur greiðir enn fremur fyrir landspildu þessa með því að láta selj-

anda í té 1,5 sekúndulítra af heitu vatni úr landi Reykjaness, sem er eign kaupanda, til upphitunar á íbúðarhúsi ábúanda, Þórisstaða, búreksturs og annarra nota. Eigandi Þórisstaða fær heita vatnið til afnota endurgjaldslaust í tíu ár, eftir að kaupandi hefur lagt leiðslu fyrir það heim að íbúðarhúsi eiganda jarðarinnar ...“ Þá segir enn fremur í afsali þessu: „Er eigandi og ábúandi Þórisstaða hefur haft not af heita vatninu endurgjaldslaust í tíu ár, greiðir hann fyrir notkun þess skv. mati opinberra aðila ...“

Ingvar Þorkelsson afsalaði jörðinni Þórisstöðum til stefnda Jóns Hauks Bjarnasonar með afsali, dags. 31. ágúst 1975. Í afsalinu segir svo m. a.: „Enn fremur afsala ég til kaupanda rétti til afnota á heitu vatni úr landi Reykjaness, eins og ég hefi eignast hann og skilgreint er í afsalsbréfi til Íþróttabandalags Reykjavíkur, sem dagsett er 24. júlí 1975, svo og allan annan rétt og kröfur, sem ég hefi eignast samkvæmt nefndu afsalsbréfi. Undanskilið er þó í kaupunum og afsali þessu íbúðarhús það, sem seljandi býr í, og tveir hektarar lands í kringum það og mest sunnan við það.“ Í afsali þessu er tekið fram, að jörðin hafi verið afhent kaupanda 1. júní 1973.

Í málinu liggur frammi yfirlýsing stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 11. apríl 1978, þar sem segir, að bandalagið muni ljúka heitavatnslögn til Þórisstaðabæjar í samræmi við ákvæði í afsalsbréfi, dags. 24. júlí 1975, fyrir 1. janúar 1979. Fram kemur í stefnu, að heitt vatn hafi verið leitt að báðum íbúðarhúsunum, þ. e. íbúðarhúsi stefnda Jóns og íbúðarhúsi Ingvars Þorkelssonar, árið 1979 og að Ingvar hafi frá þeim tíma hitað íbúðarhús sitt með vatni frá Reykjanesi.

Stefnandi máls þessa, Sigurdís Anna María Sigurðardóttir, eignaðist íbúðarhús og landspildu þá, sem undanskilin voru við framangreinda sölu til Jóns Hauks Bjarnasonar, á grundvelli erfðaskrár, dags. 5. júní 1979, en Ingvar Þorkelsson lést árið 1986.

Hinn 6. október 1986 skrifaði lögmaður stefnda Jóns Hauks Bjarnasonar stefnanda og eiginmanni hennar bréf, þar sem segir m. a.: „Mér hefur falið Jón H. Bjarnason, eigandi Þórisstaða, að tilkynna ykkur, að hann sé ekki lengur aflögufær um heitt vatn til Þórisstaða I, þar sem þið búið. Ástæður þess eru, að hann hefur sjálfur þörf fyrir að nýta það vatn, sem honum berst frá Reykjanesi ... Hér með tilkynnist því, að afnot ykkar af ofanrituðu falla niður frá og með 1. júní 1987.“

Fram kemur í stefnu, að stefnandi hafi frá ofangreindum tíma búið við ónógt vatn, og auk þess hafi á stundum verið lokað fyrir vatn til hans.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Ingvar Þorkelsson hafi einn verið eigandi þeirra heitavatnsréttinda, sem Íþróttabandalag Reykjavíkur

hafi látið af hendi sem hluta af kaupverði 15 hektara spildu úr landi jarðarinnar Þórisstaða, sbr. afsal, dags. 24. júlí 1975. Þessum réttindum hafi Ingvar aldrei afsalað, en stefnandi hafi eignast þau samkvæmt ákvæðum erfðaskrár frá 5. júní 1979. Stefnda Jóni Hauki hafi aðeins verið afsalað afnotum að þessum rétti til húshitunar. Með þeim hætti hafi skilningur og skipan mála verið þar til 6. október 1986. Með sölu á 15 hektara landi til Íþróttabandalags Reykjavíkur hafi Ingvar verið að tryggja sér heitt vatn til frambúðar, og fráleitt sé að halda því fram, að hann hafi afsalað þessum réttindum til stefnda Jóns Hauks.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda Íþróttabandalagi Reykjavíkur eru studdar því, að bandalagið hafi neitað eignarrétti stefnanda að veitunni og hafnað skyldum gagnvart honum, en talið stefnda Jón Hauk einan eiganda umræddra réttinda.

Varakrafa stefnanda er á því reist, að umrædd heitavatnsréttindi séu óskipt sameign stefnanda og Jóns Hauks Bjarnasonar.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna eignarréttar svo og samninga- og kaupalaga.

IV.

Stefndi Jón Haukur Bjarnason kveðst hafa keypt jörðina Þórisstaði af Ingvari Þorkelssyni árið 1973, en ljósrit þess kaupsamnings hefur verið lagt fram í málinu. Undanskilið í kaupunum hafi verið íbúðarhús og tveir hektarar lands í kringum það. Landamerki Þórisstaða og jarðarinnar Reykjaness, en Íþróttabandalag Reykjavíkur hafði keypt þá jörð, hafi á þessum tíma verið óviss, og fyrir mistök náði það svæði, sem Íþróttabandalag Reykjavíkur hafði skipulagt fyrir starfsemi sína, inn á land Þórisstaða. Í greinargerð lögmanns stefnda Jóns Hauks Bjarnasonar segir síðan m. a.: „Er það kom í ljós, óskuðu talsmenn ÍBR eftir að kaupa það land, sem þeir höfðu þannig skipulagt. Á þeim tíma hafði umbj. m. keypt Þórisstaði af Ingvari, en ekki fengið afsal. Talsmönnum ÍBR var því bent á að snúa sér til umbm. m. sem eiganda jarðarinnar skv. kaupsamningi. Eftir samningaviðræður við umbj. m. var honum þ. 7. maí 1975 gert kauptilboð ..., sem hann samþykkti... Þar sem umbj. m. hafði ekki fengið afsal frá Ingvari fyrir Þórisstöðum, var útbúið umboð frá Ingvari til umbj. m. ... Á grundvelli þess var gefið út afsalið á dómskjali nr. 3."

Meginmálsástæða stefnda Jóns Hauks Bjarnasonar er sú, að með afsalinu frá 31. ágúst 1975 og áður er getið, hafi hann orðið eigandi að öllum rétti til afnota á heitu vatni úr landi Reykjaness, eins og Ingvar Þorkelsson hafði eignast hann og tiltekinn er í afsalsbréfi til Íþróttabandalags Reykjavíkur frá 24. júlí 1975. Í afslinu frá 31. ágúst 1975 hafi ekkert verið undanskilið, að því er hin umdeildu vatnsréttindi varðar.

Af hálfu stefnda Jóns Hauks er á það bent, að framangreindur réttur til vatns úr landi Reykjaness án endurgjalds sé nú fallinn niður. Í dómkröfum stefnanda sé ekki tiltekið, fyrir hvert endurgjald, með hverjum hætti og í hvaða magni stefnandi vilji fá vatn keypt og afhent. Þegar af þeirri ástæðu sé ekki unnt að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Um lagarök vísar stefndi Jón Haukur til meginreglna eignar- og kröfuréttar svo og laga nr. 39/1922 með áorðnum breytingum. Að því er málskostnaðarkröfu varðar, vísar stefndi til XII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og vaxtalaga nr. 25/1987.

V.

Krafa stefnda Íþróttabandalags Reykjavíkur um sýknu, er byggð á þeim skuldbindingum, sem bandalagið gekkst undir við kaupin á landskikanum úr landi Þórisstaða, en þær eru svofelldar samkvæmt afsali frá 24. júlí 1975: „... að láta seljanda í té 1,5 sekúndulítra af heitu vatni úr landi Reykjaness ... til upphitunar á íbúðarhúsi ábúanda Þórisstaða ... Eigandi Þórisstaða fær vatnið til afnota endurgjaldslaust í 10 ár, eftir að kaupandi hefur lagt leiðslu fyrir það að íbúðarhúsi eiganda jarðarinnar...“ Öllum framangreindum skuldbindingum hafi stefndi Íþróttabandalag Reykjavíkur fullnægt.

Að því er varðar þá staðhæfingu stefnanda, að nefndum skuldbindingum hafi verið fullnægt gagnvart röngum aðila, sé til þess að líta, að Íþróttabandalag Reykjavíkur hafi átt sín viðskipti við meðstefnda, Jón Hauk, fyrst sem umboðsmann Ingvars Þorkelssonar, en síðar sem eiganda Þórisstaða samkvæmt afsali frá 31. ágúst 1975. Samkvæmt því afsali selji Ingvar Jóni Hauki ekki aðeins jörðina Þórisstaði og rétt til afnota á heitu vatni frá Reykjanesi, eins og hann er skilgreindur í afsalinu frá 24. júlí 1975, heldur einnig allan annan rétt og kröfur, sem Ingvar hafði eignast samkvæmt því afsalsbréfi. Framangreind staðhæfing stefnanda fái því ekki staðist.

Að því er málskostnaðarkröfu varðar, vísar stefndi Íþróttabandalag Reykjavíkur til XII. kafla einkamálalaga nr. 85/1936.

VI.

Við aðalmeðferð máls þessa gáfu skýrslur fyrir dómi stefnandi, Sigurdís Anna María Sigurðardóttir, og stefndi Jón Haukur Bjarnason.

Með afsali, dagsettu 31. ágúst 1975, öðlaðist stefndi Jón Haukur Bjarnason óskilyrtan eignarrétt að jörðinni Þórisstöðum í Grímsneshreppi. Afsalið er undirritað af seljanda, Ingvari Þorkelssyni, og eiginkonu hans, Kristrúnu Kristjánsdóttur.

Fallast ber á það með stefnda Jóni Hauki Bjarnasyni, að með afsali þessu hafi Ingvar Þorkelsson enn fremur afsalað til stefnda öllum rétti til heits

vatns úr landi jarðarinnar Reykjaness, sem Ingvar hafði áður eignast við sölu á spildu úr landi Þórisstaða til stefnda Íþróttabandalags Reykjavíkur og skilgreindur er í afsali fyrir þeirri spildu, dags. 24. júlí 1975. Málsástæður stefnanda leiða ekki til annarrar niðurstöðu. Stefnanda hefur að öðru leyti ekki tekist að sýna fram á réttmæti krafna sinna, og ber að alsýkna stefndu af dómkröfum hans í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 80.000 krónur til stefnda Jóns Hauks Bjarnasonar og 60.000 krónur til stefnda Íþróttabandalags Reykjavíkur, samtals 140.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt af lögmannsþjónustu. Að kröfu stefndu og með vísan til 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988, skulu framangreindar málskostnaðarfjárhæðir að frádregnum virðisaukaskatti bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Þorgeir Ingi Njálsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Haukur Bjarnason og Íþróttabandalag Reykjavíkur, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurdísar Önnu Maríu Sigurðardóttur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Jóni Hauki Bjarnasyni 80.000 krónur og stefnda Íþróttabandalagi Reykjavíkur 60.000 krónur í málskostnað, og skulu málskostnaðarfjárhæðir að frádregnum virðisaukaskatti bera dráttarvexti samvkæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1993.

Nr. 257/1990. **Guðjón Andrésson og**
Árna Steinunn Rögnvaldsdóttir
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Gunnari Svan Nielsen
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Fjölbýlishús.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1990. Þau krefjast þess, að þau verði alsýknuð af öllum kröfum stefnda og að honum verði gert að greiða þeim hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, til vara, að kröfur stefnda verði verulega lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Verkefni stefnda við standsetningu á lóð hússins að Nesvegi 53 var í samræmi við skipulag lóðarinnar samkvæmt teikningum. Með vísan til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Áfrýjendur greiði stefnda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Guðjón Andrésson og Árna Steinunn Rögnvaldsdóttir, greiði stefnda, Gunnari Svan Nielsen, sameiginlega 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 21. apríl 1989, af Gunnari Svan Nielsen, Hlíðarhjalla 64, Kópavogi, gegn Guðjóni Andréssyni, kt. 290333-3349, Nes-

vegi 53, Reykjavík, og Árnu Steinunni Rögnvaldsdóttur, kt. 050532-2679, sama stað.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu skuldar, að fjárhæð 51.081 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaðar].

Þá er krafist staðfestingar á lögbundnu veði í fasteign stefndu til tryggingar skuldinni.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði að fullu sýknuð af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér málskostnað [...].

Til vara og verði áðurgreindar aðalkröfur stefndu eigi teknar til greina, verði kröfur stefnanda verulega lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi lýsir svo málavöxtum, að sameigendur að Nesvegi 53, Reykjavík, hafi tekið sig saman um að standsetja bæði lóð og bílastæði við húsið. Ákvörðun um þetta hafi verið tekin á sameiginlegum húsfundi, sem sóttur hafi verið af hálfu stefndu, en þau séu eigendur íbúðar, sem sé auðkennd 0202 í húsinu. Umstefnd skuld sé samkvæmt tilboði stefnanda um standsetningu lóðarinnar, en tilboðið hafi verið samþykkt af þremur íbúðareigendum af fjórum.

Tilboð stefnanda hafi hljóðað upp á 240.000 kr. fyrir fulllokið verk. Verkinu hafi lokið 5. ágúst 1988, og hafi verktaki gert reikning fyrir verkið þann dag, að fjárhæð 240.000 kr. Hafi allir sameigendur hússins greitt inn á reikninginn miðað við lok vélavinnu samkvæmt samkomulagi 75.000 kr., og hafi komið í hlut stefndu 23.219 kr., sem þau hafi greitt. Eftirstöðvar í þeirra hluta hafi þá numið 51.081 krónu, sem sé stefnufjárhæð málsins. Fjárhæð þessi sé við það miðuð, að stefndu séu þinglýstir eigendur að 31,5% fasteignarinnar og standsetning lóðar við það miðuð, og sé í hluta stefndu 69.300 kr., en standsetning bílastæða hafi verið miðuð við 1/4 í hluta hvers, þ.e. 5.000 kr.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að með þátttöku sinni í húsfundi og síðari innborgun á kostnaðarreikning hafi stefndu viðurkennt skyldur sínar til þátttöku í eðlilegu viðhaldi fasteignarinnar að Nesvegi 53, Reykjavík, og sé hér um lögvarðar og ótvíræðar ráðstafanir að ræða, sem stefndu séu lögum samkvæmt skyldug til að taka þátt í, og sé fasteign þeirra að veði fyrir kostnaði vegna þessa.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús, einkum 10. greinar.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þau hafi aldrei samþykkt að ráða stefnanda til umræddS verks, heldur þvert á móti mótmælt því, að hann kæmi nálægt verkinu. Stefndu hafi tekið þátt í því, að auglýst yrði eftir tilboðum í verkið, sem síðan yrðu skoðuð án nokkurra skuldbindinga. Stefndi Guðjón hafi rætt við stefnanda og mótmælt því við hann, að hann ynni nokkuð á umræddri lóð, en stefnandi hafi tjáð honum, að eigandi kjallaraíbúðar hefði ráðið sig, en stefnandi hefði tekið að sér verkefni fyrir þann aðila sérstaklega. Stefndi Guðjón og Baldur Ísberg lögfræðingur, eigandi íbúðar á fyrstu hæð, hafi hitt stefnanda að máli og sagt honum að hætta við vinnu sína, og hafi stefnandi þá farið. Síðan muni hann hafa byrjað aftur, er stefndi Guðjón og Baldur voru ekki heima við.

Spjöll hafi verið unnin á garðinum, m. a. hafi verið rifin upp fimm gömul, falleg tré um fjögurra metra há. Þar hafi stefndu orðið fyrir tjóni. Stefnandi hafi aldrei lokið umræddu verki. Stefndu kannist ekki við að hafa samþykkt ráðningu stefnanda, og á sama hátt mótmæli þau þeirri staðhæfingu stefnanda, að þau hafi greitt inn á verk stefnanda. Þvert á móti hafi stefndu komið að sínum mótmælum, þar á meðal beint við stefnanda.

Af hálfu stefndu er á því byggt, auk þess sem að ofan er rakið, að aldrei hafi komist á samningur milli þeirra og stefnanda, og hafi stefnanda verið um þetta kunnugt sem og sameigendum þeirra í umræddri fasteign. Greiðsluskyldu stefndu sé því algerlega mótmælt. Ákvæði laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 leysi þau undan kröfum stefnanda.

Vísa stefndu til laga nr. 7/1936 svo og laga nr. 39/1922.

Niðurstaða.

Í 15. gr. laga nr. 59/1976 segir, að nánari reglur um stjórn húsfélagsins, reikninga, sameiginlegan hita, afnot sameiginlegs húsrýmis, endurskoðun o. fl., séu ákveðnar í samþykktum, sem félagsmálaráðuneytið setji með reglugerð. Samþykktir þessar gilda, hafi húsfélagið ekki sett sér aðrar samþykktir og þinglýst þeim.

Ekki liggur fyrir, að húsfélag að Nesvegi 53, Reykjavík, hafi sett sér slíkar samþykktir, sem þinglýst hefur verið. Ber því að taka mið af ákvæðum reglugerðar nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög, sbr. áðurnefnda 15. gr., um ágreining í máli þessu.

Í 1. gr. reglugerðar nr. 280/1976 segir m. a.: „Æðsta vald í málefnum húsfélags er í höndum almenns fundar þess.“ Þá segir jafnframt: „Á almennum fundi er málum ráðið til lykta með meiri hluta atkvæða, og er atkvæði hvers félagsmanns þá miðað við eignarhluta hans.“

Upplýst er í máli þessu, að húsfundur var haldinn að Nesvegi 53, Reykjavík, þar sem afstaða var tekin til tilboðs stefnanda í það verkefni að standsetja lóð hússins, en verkið hafði hann þegar hafið. Fundinn sóttu full-

trúar eigenda allra íbúða í húsinu, sem eru fjórar, þar á meðal stefndi Guðjón.

Á fundinum var samþykkt með meiri hluta atkvæða að taka tilboði stefnanda í verkið, sem nam 240.000 krónum. Ákvörðunin var tekin með lögmæltum hætti, sbr. það, sem áður er rakið, og eru stefndu því bundin af þeirri ákvörðun og ber að greiða sinn hluta kostnaðar við áðurgreindar framkvæmdir.

Samkvæmt fram lögðu yfirliti stefnanda um hluta hverrar íbúðar í kostnaði við umræddar framkvæmdir nemur hluti stefndu 74.300 krónum. Í stefnu er því haldið fram, að stefndu hafi þegar greitt 23.219 kr., og eru þau einungis krafin um 51.081 kr. í máli þessu. Stefndu hafa hins vegar upplýst, að þau hafi ekki greitt umrædda fjárhæð. Með vísan til framanritaðs ber því að taka til greina kröfur stefnanda á hendur stefndu, en krafa stefndu um lækkun á stefnukröfum er órökstudd.

Í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 59/1976 segir, að greiði einhver íbúðareigandi ekki sinn hluta kostnaðar samkvæmt 1. mgr., eignist hinir íbúðareigendurnir lögveð í íbúð hans til tryggingar greiðslunni. Ákvæði þetta tekur ekki til stefnanda, og hefur hann ekki sýnt fram á, að lögveð í íbúð stefndu fylgi kröfum sínum. Verður krafa hans um staðfestingu lögveðs í fasteign stefndu því ekki tekin til greina.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 50.000 krónur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Guðjón Andrésson og Árna Steinunn Rögnvaldsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Gunnari Svan Nielsen, 51.081 kr. með 52,8% ársvöxtum frá 5. ágúst 1988 til 1. september 1988, með 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1989, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1989, með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 6. júní 1989, en með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 6. júní 1990, og 50.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Kröfu um staðfestingu lögveðs er hafnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1993.

Nr. 54/1992. **Alheimslist hf.**
(Valgarður Sigurðsson hrl.)
gegn
Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands
(Sigurður Georgsson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1992. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður skiptaréttar Garðakaupstaðar 6. nóvember 1991 um töku á búi sínu til gjaldþrotaskipta verði úr gildi felldur. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda og lögmanni hans, Valgarði Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, gert að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með hinum áfrýjaða úrskurði var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu stefnda eins. Á Verkfræðingafélag Íslands ekki aðild að málinu, eins og það er lagt fyrir Hæstarétt. Áfrýjun á úrskurðinum frestaði ekki framkvæmd hans, sbr. 2. mgr. 19. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem þá voru í gildi. Staðfesta málsaðilar, að skiptameðferð á búi áfrýjanda hafi verið lokið á skiptafundi 25. júní 1992 með vísan til 1. mgr. 120. gr. þeirra laga, þar sem engar eignir hafi komið fram í búinu, en með fyrirvara um rétt áfrýjanda vegna máls þessa.

Fjárkrafa stefnda á hendur áfrýjanda varðaði efndir á húsaleigusamningi, sem var grundvöllur að atvinnurekstri áfrýjanda, og er stöðu hennar skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Þegar löghalds var leitað fyrir kröfunni, var ekki ástæða til þess fyrir stefnda að höfða dómsmál samkvæmt 20. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann til staðfestingar á gerð fógetaréttarins, þar sem kyrrsetning fór ekki fram. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 13. gr. laga

nr. 6/1978 var stefnda heimilt að bera það upp við skiptarétt, hvort hin árangurslausa kyrrsetningargerð vegna kröfunnar væri nægilegur grundvöllur að gjaldþrotaskiptum á búi áfrýjanda, án þess að áður væri efnt til dómsmáls um kröfuna. Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Krafa stefnda um málskostnað verður tekin til greina, svo sem á er kveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Alheimslist hf., og lögmaður hans, Valgarður Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, greiði stefnda, Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands, 30.000 krónur óskipt í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Garðakaupstaðar 6. nóvember 1991.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 24. október 1991.

Sóknaraðilar. Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands, kt. 430269-4299, og Verkfræðingafélag Íslands, kt. 680269-6299, gera þá réttarkröfu, að bú Alheimslistar hf., kt. 530287-1229, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili, Alheimslist hf., gerir þá réttarkröfu, að synjað verði um töku bús félagsins til gjaldþrotaskipta. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa engan árangur borið.

II.

Aðdragandi máls þessa er, að 21. maí 1991 barst embættinu beiðni Bergsteins Georgssonar hdl. fyrir hönd Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélags Íslands um, að bú varnaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Málið var þingfest 27. júní 1991 og að ósk aðila frestað til 19. september 1991. Við fyrirtöku málsins þá mótmælti lögmaður varnaraðila, að gjaldþrotaskiptabeiðnin næði fram að ganga. Vegna þessa ágreinings var ákveðinn rekstur máls þessa.

Meðfylgjandi gjaldþrotaskiptabeiðni sóknaraðila var staðfest endurrit úr fógetabók Garðakaupstaðar frá 19. mars 1991 í málinu Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands gegn Alheimslist hf. Í því máli krafðist gerðar-

beiðandi þess, að löghald yrði gert í eignum gerðarþola, en gerðin var árangurslaus. Löghaldsins var krafist til tryggingar á kröfu, er Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands taldi sig eiga hjá varnaraðila vegna vangoldinnar húsaleigu, hita, rafmagns og ræstingarkostnaðar fasteignarinnar að Engjateigi 9, Reykjavík.

Sóknaraðilar hafa lagt fram ljósrit af tveimur sambærilegum húsaleigusamningum, dags. 15. apríl 1987. Samkvæmt samningum þessum tekur varnaraðili á leigu af Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands annars vegar austurhluta 1. hæðar áðurgreindrar fasteignar og hins vegar geymslurými í kjallara. Í húsnæði þessu rak varnaraðili verslun. Leigutíminn samkvæmt samningum þessum hófst 15. mars 1987 og skyldi vara til 31. mars 1992. Í báðum samningum þessum kemur fram, að hygðist annar hvor aðili ekki framlengja samninginn, skyldi segja honum upp skriflega sex mánuðum áður en leigutíma lyki. Leigufjárhæð samkvæmt samningnum þessum var 123.290 kr. á mánuði miðað við verðlag í desember 1986, og skyldi leigan taka mið af vísitölu húsnæðiskostnaðar. Auk samninga þessara liggja frammi reikningar, samtals 2.391.313 kr., vegna leigu, hita, rafmagns og ræstingarkostnaðar fyrir tímabilið 1. apríl 1990 til 1. mars 1991. Var krafist löghalds til tryggingar á þeirri fjárhæð auk dráttarvaxta og innheimtukostnaðar, samtals 2.841.343 kr.

Hinn 27. mars 1990 ritaði stjórn Alheimslistar hf. Lífeyrissjóði Verkfræðingafélags Íslands bréf, þar sem stjórnin óskaði eftir að segja upp áðurgreindum húsaleigusamningum frá og með 1. apríl 1990 þrátt fyrir fyrrgreint ákvæði samninganna um leigutíma og uppsögn. Í bréfinu kemur fram, að ástæður þessa séu einkum erfið aðkeyrsla að húsi, staðsetning óhentug fyrir verslunarrekstur, auglýsingar missi marks, þar sem ekkert minni á verslunina, hvorki á húsinu né við vegamót, og að merkingar úti við um starfsemi í húsinu séu ófullnægjandi, að því er verslunina varðar. Einnig eru tilgreindar sem ástæður uppsagnarinnar, að vegna framkvæmda borgarsjóðs sjáist verslunin ekki frá Suðurlandsbraut og að væntingar um tengibraut við Suðurlandsbraut, sem miklar vonir hefðu verið bundnar við, hafi brugðist.

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands ritaði Alheimslist hf. bréf 25. júní 1990, þar sem ekki er fallist á fyrrgreinda uppsögn félagsins. Einnig er ekki fallist á, að áðurgreindar ástæður geti verið grundvöllur uppsagnar. Að því er þetta varðar, kemur fram í nefndu bréfi, að staðsetning verslunarinnar hafi ekki hindrað velgengni hennar á árunum 1987 og 1988 og að leigusali geti ekki ráðið framkvæmdahraða Reykjavíkurborgar við Engjateig. Í skeyti Bergsteins Georgssonar, lögmanns sóknaraðila, til varnaraðila, dags. 10. janúar 1991, er fallist á að leysa hann frá leigusamningi um eystri hluta 1. hæðar umræddrar fasteignar, þar sem

tekist hefði að finna nýjan leigutaka. Lausnin taki þó ekki til mismunar á leigufjárhæð, sem sé óhagstæðari samkvæmt samningi við síðari leigutaka, svo og geymsluhúsnæði í kjallara.

III.

Af hálfu sóknaraðila er krafa hans á því reist, að öllum skilyrðum þess, að gjaldþrotaskiptabeiðni beri að taka til greina, sé fullnægt. Krafan byggist á c-lið 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, enda hafi farið fram árangurslaus kyrrsetning hjá varnaraðila. Nefnd lagagrein sé skilyrðislaus, og skuli bú tekið til gjaldþrotaskipta, standi svo á sem í máli þessu. Í munnlegum málflutningi lögmanns sóknaraðila kom fram, að hann teldi engu máli skipta, þótt hin árangurslausa löghaldsgerð hefði ekki verið borin undir héraðsdóm til staðfestingar, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949.

Enn fremur er af hálfu sóknaraðila á því byggt, að varnaraðili hafi horfið nær fyrirvaralaust úr húsnæði sóknaraðila án lögmætrar uppsagnar. Vegna vangoldinnar húsaleigu auk annars rekstrarkostnaðar hafi verið krafist löghalds í eigum varnaraðila. Sóknaraðilar eigi lögvarða hagsmuni á að fá úr því skorið, hvort þeir fái kröfuna greidda að hluta eða öllu leyti, og verði það ekki gert með öðrum hætti en gjaldþrotaskiptum á búi varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að fyrirliggjandi gjaldþrotaskiptabeiðni fullnægi ekki formskilyrðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. einkum 1. tl. 18. gr. Krafan sé efnislega ekki rökstudd, og í beiðninni sé kröfu þeirrar, er krefja á gjaldþrots fyrir, ekki getið. Mótmælir varnaraðili, að úrskurður sé reistur á gögnum, er lögð voru fram í kyrrsetningarmálinu gegn varnaraðila, þar sem þau gögn hafi verið lögð fram að fyrirlagi dómara í máli þessu. Varnaraðili mótmælir einnig aðild Verkfræðingafélags Íslands að málinu. Félagið hafi ekki verið aðili að kyrrsetningarmálinu gegn varnaraðila, og ekki hafi komið fram af þess hálfu nein krafa gegn varnaraðila.

Varnaraðili styður kröfu sína um, að synjað verði kröfu um töku bús hans til gjaldþrotaskipta, enn fremur þeim rökum, að skilyrðum c-liðar 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sé ekki fullnægt. Kyrrsetning sé bráðabirgðagerð, og hún sé framkvæmd, án þess að sönnur séu leiddar að réttmæti þeirrar kröfu, er tryggja á. Krafa skiptabeiðenda hafi ekki hlotið staðfestingu fyrir dómstólum, eins og borið hafi, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949. Þar sem ekki hafi verið að lögum leitað staðfestingar dómstóla á kyrrsetningargerðinni, sbr. 1. mgr. 23. gr. nefndra laga, sé gerðin niður fallin og fullnægi því ekki skilyrðum c-liðar 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sem grundvöllur gjaldþrotaskipta.

Þá bendir varnaraðili á, að um kröfu þá, er Lífeyrissjóður Verkfræðinga-

félags Íslands telji sig eiga, sé verulegur réttarágreiningur. Í málflutningi lögmanns varnaraðila kom fram, að varnaraðili hafi horfið úr umræddu leiguhúsnæði, eftir að hann taldi sig hafa rift leigusamningum vegna vanefnda leigusala. Kom jafnframt fram hjá lögmanninum, að á grundvelli óvissrar kröfu sem þessarar væri ekki unnt að taka bú varnaraðila til gjaldþrotaskipta. Myndi það valda varnaraðila miklu tjóni, yrði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta, án þess að um lögmæta kröfu væri að ræða.

IV.

Varnaraðili heldur því fram, að hafna beri kröfu um gjaldþrotaskipti á búi sínu, þar sem krafan fullnægi ekki formskilyrðum gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Í 1. tl. 18. gr. þeirra laga segir, að krafa lánardrottins um gjaldþrotaskipti skuli vera rökstudd. Fram kemur í fyrirliggjandi gjaldþrotaskiptabeiðni, að hún byggist á árangurslausri löghaldsgerð, er fram fór hjá varnaraðila 19. mars 1991. Í beiðni þessari er enn fremur skírskotað til vangoldinnar húsaleiguskuldar varnaraðila. Verður því að telja, að beiðnin fullnægi því formskilyrði að vera rökstudd.

Varnaraðili mótmælir því, að nokkur niðurstaða verði byggð á fram lögðum réttarskjölum nr. 9-17 úr fógetamálinu Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands gegn Alheimslist hf., þar sem þau gögn hafi verið lögð fram að fyrirlagi dómara. Gögn þessi voru lögð fram í fyrirtöku 26. september 1991. Bókað er í þingbók, að gögn þessi séu lögð fram af lögmanni sóknaraðila. Fullyrðingar lögmanns varnaraðila um, að gögn þessi séu lögð fram að fyrirlagi dómara, eiga ekki við rök að styðjast, og verða því framangreind mótmæli hans ekki tekin til greina.

Af hálfu varnaraðila er á því byggt, að hafna beri kröfu um gjaldþrotaskipti, þar sem milli sín og Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands sé verulegur réttarágreiningur og krafa lífeyrissjóðsins óviss. Í máli þessu kemur réttmæti umræddrar kröfu til skoðunar að því marki, hvort krafan geti talist vera grundvöllur gjaldþrotaskipta. Fram lagðir húsaleigusamningar milli Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands og varnaraðila eru tímabundnir og óuppsegjanlegir fyrr en undir lok leigutíma. Engu að síður sagði varnaraðili samningunum upp og bar fyrir sig ástæður, er annars vegar hafa verið til staðar við samningsgerð eða hins vegar verða ekki taldar á ábyrgð Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands, leigusala. Af hálfu varnaraðila hefur í máli þessu á engan hátt verið gert líklegt, að honum hafi verið heimilt að rifta umræddum húsaleigusamningum. Með vísan til þessa þykir sóknaraðili Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands hafa gert nægjanlega líklegt, að hann eigi kröfu gegn varnaraðila og þar með lögvarða hagsmuni af, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Hinn 19. mars 1991 fór fram árangurslaust löghald hjá varnaraðila. Gerð

þessi felur í sér löglíkur fyrir ógjaldfærni hans. Af hálfu varnaraðila hefur á engan hátt verið reynt að sýna fram á, að gerð þessi gefi ekki rétta mynd af eignum hans, og verður því að telja nægjanlega sýnt fram á eignaleysi varnaraðila. Verður það ekki talið hafa þýðingu í þessu sambandi, hvort gerðin hefur verið borin undir dómstóla til staðfestingar.

Með vísan til alls framangreinds og c-liðar 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 ber að fallast á kröfu Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands um, að bú Alheimslistar hf. verði tekið til gjaldþrotaskipta. Að fenginni þessari niðurstöðu þykir ekki ástæða til að fjalla um aðild Verkfræðingafélags Íslands að málinu.

Benedikt Bogason fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Að kröfu Lífeyrissjóðs Verkfræðingafélags Íslands er bú varnaraðila, Alheimslistar hf., tekið til gjaldþrotaskipta.

Fimmtudaginn 10. júní 1993.

Nr. 119/1990. **Þorkell Steinar Ellertsson**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
bæjarsjóði Akureyrar vegna
Hitaveitu Akureyrar
(Hreinn Pálsson hrl.).

Skaðabætur innan samninga. Jarðhiti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1990. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér 5.020.028,60 krónur með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. apríl 1988 til 5. maí sama ár, en samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Í b-lið 3. gr. samnings aðila frá 30. janúar 1978 um hitaréttindin segir: „Fáist það vatnsmagn við boranir á jörðinni, að Akureyrarbær virki vatnið og nýti fyrir hitaveituna, og á meðan nægjanlegt vatnsmagn fæst á jörðinni, þá fær jörðin Björk vatn til eigin nota án endurgjalds, allt að jafngildi 1/3 sekúndulítra af 90° heitu vatni, miðað við nýtingu vatnshita niður í 40°C. Eiganda jarðarinnar er frjálst að ráðstafa vatni þessu að öllu leyti, án íhlutunar Hitaveitu Akureyrar, nema til endursölu. Jafnframt leggur þá Akureyrarbær heimæð í íbúðarhús það, sem búið er í á jörðinni, án þess að hitaveitan krefjist heimæðagjalds, og sér um heitt vatn að því, á meðan Hitaveita Akureyrar hefur yfir heitu vatni að ráða á jarðhitasvæðinu. ...“. Skýra verður ákvæðið svo, að hér sé átt við hámark þess heita vatns, sem Hitaveitu Akureyrar er skylt að afhenda samkvæmt samningnum, ef eigandi jarðarinnar þarf á að halda.

Ágreiningur málsaðila feist í því einu, hvort áfrýjandi á rétt á bótum fyrir mismun þess vatnsmagns, sem hann átti rétt til samkvæmt hámarksákvæðinu, og þess, sem hann fékk. Áfrýjandi hefur fyrir dómi borið, að hitaveitan hafi að eigin frumkvæði lagt heitt vatn að Björk og tengt það 4. desember 1978. Það hafi ekki verið fyrr en 1981, sem hann átti í viðræðum við þáverandi hitaveitustjóra um endurgjaldslaus not vatnsins, en í framhaldi af því spunnust deilur, sem voru útkljáðar með dómi Hæstaréttar 8. október 1987. Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að í þeim viðræðum eða í annan tíma, meðan hann átti jörðina, hafi hann gert tilkall til frekara heits vatns til nota á jörðinni. Staðhæfingar hans nú um fyrirhugaða ylrækt á jörðinni í stórauknum mæli eru engum gögnum studdar og veita eigi vísbendingu um tjón, er orðið geti bótaskylt. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, eins og í dómsorði greinir. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þorkell Steinar Ellertsson, greiði stefnda, bæjarsjóði Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, hefur Páll Arnór Pálsson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 25. apríl 1988 og birtri 29. s. m., f. h. Þorkels Steinars Ellertssonar, nnr. 9657-8946, þá til heimilis að Grímshaga 8, Reykjavík, en nú búandi að Ármóti, Hvolsvelli, kt. 100739-3649, á hendur bæjarsjóði Akureyrar, nnr. 0181-7728, Geislagötu 9, Akureyri, til greiðslu bóta, að fjárhæð 5.020.028,60 kr., ásamt 45,6% dráttarvöxtum á ári frá 1. 4. 1988 til þingfestingardags, en dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ. d. til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 4. 1989, allt í samræmi við 12. gr. vaxtalaga. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Aðalkrafa stefnda var sú, að málinu yrði vísað frá dómi og sér dæmdur málskostnaður, en með úrskurði réttarins 12. janúar 1989 var frávísunarkröfu stefnda hrundið, og er málið því tekið til efnislegrar úrlausnar.

Aðalkrafa stefnda er því nú, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður að mati réttarins, og varakrafa, að stefnufjárhæðin verði lækkuð verulega í samræmi við útreikning, sem lagður verði fram, og málskostnaður felldur niður.

Málsatvik eru þau, að 30. janúar 1978 gerðu stefnandi og stefndi með sér samning, þar sem stefndi fékk einkarétt til jarðborunar eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Bjarkar í Öngulsstaðahreppi og til að virkja og nýta þann jarðhita, sem fengist með borun. Í 3. gr. samningsins er ákvæði um endurgjald fyrir borunar-,virkjunar- og nýtingarrétt jarðhitans, og hljóðar stafliður b svo: „Fáist það vatnsmagn við boranir á jörðinni, að Akureyrarbær virki vatnið og nýti fyrir hitaveituna, og á meðan nægjanlegt vatnsmagn fæst á jörðinni, þá fær jörðin Björk vatn til eigin nota án endurgjalds, allt að jafngildi 1/3 sek-l. af 90° C heitu vatni miðað við nýtingu vatnshitans niður í 40° Celsius. Eiganda jarðarinnar er frjálst að ráðstafa vatni þessu að öllu leyti án íhlutunar Hitaveitu Akureyrar nema til endursölu. Jafnframt leggur þá Akureyrarbær heimæð í íbúðarhús það, sem búið er í á jörðinni, án þess að hitaveitan krefjist heimæðargjalds, og sér um heitt vatn að því, á meðan Hitaveita Akureyrar hefur yfir heitu vatni að ráða á jarðhitasvæðinu. Heimæðin telst í eigu og umsjá Hitaveitu Akureyrar. Að öðru leyti skulu jarðeigendur og notandi heita vatnsins hlíta ákvæðum reglugerðar fyrir Hitaveitu Akureyrar, sem í gildi er á hverjum tíma, að svo miklu leyti sem hún brýtur ekki í bága við samning þennan. Hafi heimæð hitaveitu hins vegar verið lögð þegar eða ef á ofangreint reynir, þá skal Akureyrarbær greiða jarðeiganda sem nemur upphæð heimæðargjalds, eins og það er samkvæmt gildandi gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar á hverjum tíma."

Í c-staflið sömu greinar samningsins eru síðan ákvæði um greiðslur til stefnanda, ef til þess komi, að það vatnsmagn fáist við borun á jörðinni, að stefndi virki það og nýti fyrir Hitaveituna. Um það leyti, er samningur þessi var gerður, hóf stefndi borun á jörðinni Björk á líklegu jarðhitasvæði við Bjarkarlaug, en jarðhitasvæðið er á mörkum jarðanna Bjarkar og Ytri-Tjarna í Öngulsstaðahreppi. Voru boraðar þrjár holur í landi Ytri-Tjarna, en ein í landi Bjarkar, auðkenndar nr. 1-4. Var ein holan nýtt, sem auðkennd var nr. 4 og boruð var í landi Ytri-Tjarna, og var sú hola tengd dreifikerfi Hitaveitu Akureyrar. Hinn 4. desember 1978 voru jarðarhús á Björk tengd dreifikerfi hitaveitunnar og fengu heitt vatn frá veitunni, en settur var hemill á rennslisæð til íbúðarhússins, svo að í fyrstu komu 2,5 tonn af heitu vatni á sólarhring. Síðan var hemillinn stilltur á 3,0 tonn og enn

síðar, árið 1981, var hann stilltur á 4,3 tonn á sólarhring. Ekki var stefnandi krafinn um greiðslu fyrir afnot af vatninu, enda hafi að hans sögn bæði af honum og þáverandi hitaveitustjóra Hitaveitu Akureyrar verið talið, að um væri að ræða nýtingu á heitu vatni frá jörðinni Björk úr samtengdu heitavatnskerfi á mörkum jarðanna Bjarkar og Ytri-Tjarna og þar af leiðandi gilti áðurgreint samningsákvæði um vatn til eigin nota án endurgjalds.

Á árinu 1981 fór stefnandi á fund nýs hitaveitustjóra á Akureyri í því skyni að ræða um framhald á framkvæmd samningsins, en samkvæmt honum hafi verið kominn tími til að greiða stefnanda tilteknar fjárhæðir vegna vatnsnýtingar á virkjunarstað í hlutfalli við vatnsmagn skv. 3. gr., c-stafliðar, áðurnefnds samnings, og þá hefði átt að vera orðið ljóst, hver meðalnýting á svæðinu var. Enn fremur kvaðst stefnandi hafa farið fram á að fá það vatn, sem samningurinn gerði ráð fyrir. Stefnandi segir, að fljótlega eftir þetta hafi svo við brugðið, að Hitaveita Akureyrar fór að krefja hann um endurgjald fyrir afnot af heitu vatni, og fór svo, að ágreiningur aðila varð dómsmál, þar sem stefndi hélt því fram, að ekki væri nýtt vatn úr borholu í landi Bjarkar og því ekki forsenda til efnda samningsins skv. b-lið 3. gr. Með dómi bæjarþings Akureyrar, upp kveðnum 31. ágúst 1984, var fallist á þetta sjónarmið stefnda, en með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 2. október 1987, var þeirri niðurstöðu hnekkt og á það sjónarmið stefnanda fallist, að líta ætti á svæðið, þar sem holur nr. 1-4 voru boraðar í landi Bjarkar og Ytri-Tjarna, sem eitt jarðhitasvæði í skilningi c-stafliðar 3. gr. margnefnds samnings, en ákvæði greinarinnar eru svohljóðandi: „Skal vatnsmagn hverrar borholu miðað við meðalnýtingu (dælingu) tveggja ára og vinnslu úr fleiri borholum á svæði, sem sérfræðingar Orkustofnunar telja, að leggja beri til grundvallar með tilliti til þess, að vatnskerfi borhola kunni að vera meira eða minna samtengd og hvað ætla megi, að borholur á svæðinu kunni að gefa á lengri tíma miðað við stöðuga vatnsvinnslu og eðlilegan niðurdrátt í borholum."

Með vísan til b-stafliðar 3. gr., þar sem stefndi skuldbatt sig til að láta stefnanda í té honum að kostnaðarlausu heimæð og jafngildi 1/3 sekúndulítra af 90° C heitu vatni til nota á jörðinni miðað við vatnsnýtingu niður í 49° C, og samkvæmt því var stefnandi sýknaður af kröfum stefnda um greiðslu þess heimæðargjalds og endurgjalds fyrir vatnsnot, sem hann krafði stefnanda um á sínum tíma. Þegar áðurgreint mál var til meðferðar, áskildi stefnandi sér rétt til að gera fyrirvara um frekari kröfur á hendur stefnda síðar vegna skömmtunar á heitu vatni, en jörðinni Björk hafði einhliða af hálfu stefnda verið skammtaður hluti af umsömdum 1/3 sekúndulítra af 90° C heitu vatni. Stefnandi krafði stefnda skaðabóta vegna þess vatnsmagns, sem upp á vantaði, til að 1/3 sekúndulítra væri náð, og var bréf um þetta efni sent bæjarlögmanninum á Akureyri 9. mars 1988. En

12. apríl s. á. samþykkti bæjarstjórn Akureyrar bókun frá stjórn veitustofnana bæjarins frá 30. mars s. á., svohljóðandi: „Borist hefur bréf frá Lögmannastofunni Ármúla 26, þar sem farið er fram á skaðabætur fyrir hönd Þorkels Steinars vegna skömmtunar á heitu vatni til jarðarinnar Bjarkar í Öngulsstaðahreppi. Stjórnin getur ekki fallist á þau sjónarmið, sem fram koma í bréfinu, og felur bæjarlögmanni að tilkynna bréfritara þessa afstöðu nefndarinnar.“ Vegna þessarar afstöðu stefnda er mál þetta höfðað af stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig: 20 mínútulítrar (1/3 sekúndulítri) gera 28,8 tonn á sólarhring. Ef miðað er við 80° C heitt vatn í stað 90° C heits vatns, má reikna með 25% meira vatnsmagni, sem þýðir 36 tonn á sólarhring. Frá kröfu dragast 3 mínútulítrar af 80° C heitu vatni, sem var afhent, = 4,32 tonn á sólarhring. Bótakrafa miðuð við 31,68 tonn á sólarhring og fjárkrafa því 31,68 tonn × 2,585 dagar × kr. 61,30 pr. tonn gera stefnufjárhæðina 5.020.028.60 kr. Jörðin Björk var tengd Hitaveitu Akureyrar 4. 12. 1978, en 6. 1. 1986 afhenti stefnandi jörðina nýjum eiganda. Skömmtunartímabilið nær því yfir 2.585 daga gagnvart stefnanda, og miðað er við verðlag á tonni í mars 1988, þ. e. a. s. heildsöluverð án söluskatts 61,30 kr.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau, að stefndi sé skuldbundinn samkvæmt margnefndum samningi til þess að afhenda sér heitt vatn, en stefndi hafi einhliða takmarkað vatnsrennslið við 4,32 tonn á sólarhring í stað þess að afhenda 1/3 sekúndulítra af 90° C heitu vatni eða jafngildi þess af 80° C heitu vatni, þ. e. a. s. 36,0 tonn á sólarhring, eins og um hafi verið samið. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 2. október 1987 sé þessi skylda ótvíræð, og samkv. almennum reglum skaðabótaréttar um skaðabætur innan samninga beri stefnda að greiða stefnanda bætur vegna þess heita vatns, sem stefndi vanefndi að láta í té. Stefnandi hafi orðið fyrir miklu tjóni vegna vanefnda stefnda, þar sem hann hefði getað notað áður greint heitavatnsmagn við ylrækt eða gróðurhúsarækt, en jörðina hafi hann m. a. keypt í þeim tilgangi. Eðlilegasta viðmiðun bóta sé heildsöluverð pr. tonn eða það verð, sem stefndi fékk fyrir tonnið við sölu til annarra aðila. Stefnandi kveðst miða einingarverð pr. tonn við þann tíma, sem krafan er sett fram, og vísar hann til gjaldskrár Hitaveitu Akureyrar nr. 572/1987, sbr. reglugerð fyrir Hitaveitu Akureyrar nr. 394/1977.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því í fyrsta lagi, að kröfur fyrir tímabilið 4. des. 1978 til 31. júlí 1981 séu að fullu greiddar með afhendingu vatns til stefnda og / eða ábúanda á jörðinni, og í öðru lagi séu allar kröfur, er varða tímabilið 4. des. 1978 til 5. maí 1984, fyrndar, sbr. 3. gr. laga nr. 14/1905. Loks hafi Aðalsteinn Hallgrímsson með því að beita ótví-

ræðum rétti sínum, er byggðist á leigusamningi og síðar kaupsamningi um jörðina, samið við stefnda um þann rétt, sem jörðinni bar, og fengið ókeypis hæfilegt vatn til búsnota. Með málsókn þessari sé því verið að tvíkrefja um greiðslu. Ekki sé rétt, að jörðinni hafi einhliða verið skammtaður hluti af umsömdum 1/3 sekúndulítra af 90° C heitu vatni, því að a. m. k. einn ábúandi hafi óskað eftir breytingu á vatnsmagni og fengið 3 mínútulítra. Ástæða þess, að ekki var um meiri vatnsnotkun að ræða, hafi einfaldlega verið sú, að ekki hafi verið þörf á meira vatni. Því hafi einfaldlega ekki verið hægt að koma í lóg. Þurfi því engan að undra, að ekki hafi verið stillt á einhvern vatnsskammt, sem ekki var um beðið og engin þörf fyrir. Stefndi spyr, hvern rétt stefnandi hafi átt til vatns, og svarar því sjálfur með því að vísa til 3. gr., b-stafliðar, í margívitnuðum samningi og bendir á, að vatnið sé til eigin nota og geti orðið allt að tilgreindu magni og að óheimilt sé að endurselja vatnið, en nýta megi það á jörðinni að öðru leyti eftir þörfum, og slíkt hafi ábúendur gert á hverjum tíma og höfðu heimild til. Það, að stefnandi hafði ekki þörf fyrir vatnið, bæði þar sem hann var aðeins skamma hríð sjálfur búsettur á Björk og eins vegna þess, að þótt hann hefði haft einhver áform um ylrækt, komust þau aldrei til framkvæmda, gefi honum út af fyrir sig engan rétt til að krefjast greiðslu fyrir eitthvert hugsanlegt vatnsmagn, sem hann gat ekki nýtt. Í samningi aðila er hvergi gert ráð fyrir, að greiða beri fyrir vatn, sem ekki nýtist. Krafa stefnanda sé bótakrafa, sem hann segir byggða á samningi, og hlýtur því að verða túlkuð út frá því. Hvort sem um er að ræða bætur skv. samningi eða utan samninga, hlýtur forsenda og grunnur kröfunnar að byggjast á, að stefnandi hafi beðið tjón. Slíkt hafi hann ekki sýnt fram á, þar sem hann sjálfur gat ekki nýtt það vatn, sem honum stóð til boða, og mátti ekki heldur skv. samningnum endurselja það. Augljóst sé og, að hefðu 20 mínútulítrar, = 1/3 lítri á sekúndu, runnið í gegnum heimæð til Bjarkar, hefðu þeir runnið að miklu leyti engum að gagni, en með því hefði mátt segja, að ákvæði samningsins um afhendingu vatns væri efnt til fullnustu. Einnig bendir stefndi á, að fleiri viðsemjendur Hitaveitu Akureyrar, er jarðir eigi, þar sem vatn er unnið, séu með sams konar samningsákvæði og nýta ekki að fullu það, sem þeir hafa möguleika á, og sitji því stefnandi við sama borð og aðrir. Það sé almenn bótaregla, að menn eigi einungis að fá sannanlegt tjón sitt bætt, en hugsanlegt tjón, byggt á framtíðaráformum, sem e. t. v. verða aldrei að raunveruleika, sé ekki bótaskylt. Aldrei hafi heldur reynt á, að stefnandi fengi neitun við beiðni um aukið vatn, því að hann hafi aldrei sótt um slíkt. Um varakröfuna færir stefndi fram þau rök, að stefnufjárhæðin sé mikils til of há, þar sem miðað sé við smásöluverð á Akureyri, en rétt væri þá að miða við það verð, sem samningur við Hrafnagilshrepp gerir ráð fyrir. Loks bendir stefndi á, að

rökstuðningur í stefnu um það, hversu þurfi að auka vatnsmagn til að ná jafngildi 90° C heits vatns, sé óljós og ónákvæmur.

Verða nú raktar vitnaleiðslur og skýrslur stefnanda og önnur þau gögn, er dómurinn telur máli skipta og fram hafa verið lögð.

Stefnandi gaf aðilaskýrslu hér fyrir dómi 24. f. m. og rakti þá tildrög ákvæðis b-liðar 3. gr. á dskj. nr. 4. Kvaðst hann hafa verið með ylrækt á jörðinni Björk, og hafi það verið forsenda hans fyrir kaupum á jörðinni. Sá jarðhiti, sem þá var uppi, hafi verið um 1/3 sekúndulítri af 30° C heitu vatni. Hafi hann haft mikla gulrótarækt og verið árið 1979 næstmesti ræktandi á landinu öllu. Í samningum sínum við stefnda, sem Stefán Stefánsson bæjarverkfræðingur hafi verið í forsvari fyrir, hafi Stefán sannfært stefnanda um það, að 1/3 sekúndulítri af 90° C heitu vatni samsvaraði að orkugildi 1 sekúndulítra af 80° C heitu vatni, en krafa stefnanda hafi verið að fá jafngildi 1 sekúndulítra af 80° C heitu vatni. Hann upplýsti, að gulrótaræktun sín árið 1979 hefði verið á Ragnheiðarstöðum í Gaulverjabæjarhreppi, og hafi hann selt allt þar nema áhöld og tæki til ræktunar, sem hann hugðist nota hér fyrir norðan og notaði að hluta. Ástæðan til þess, að hann hafi ekki haft uppi kröfur strax á hendur stefnda um afhendingu vatns, hafi verið sú, að samkvæmt samningnum á dskj. nr. 4 hafi Hitaveita Akureyrar átt af sjálfsdáðum að leiða vatn í jarðarhús, og skv. samningnum hafi átt að ganga frá greiðslum vegna vatnsnýtingar, og er hann krafði Hitaveituna um greiðsluna 1981 skv. c-lið og efndir skv. b-lið 3. gr. dskj. nr. 4, hafi hann verið krafinn um greiðslu fyrir vatnsnotin á Björk og kröfu sinni hafnað. Sér hafi verið skammtað vatn, en ekki afhent skv. samningi sínum og Hitaveitu Akureyrar, og vatnið selt öðrum. Aðspurður kvaðst stefnandi ekki geta nefnt tölulega það tjón, sem hann hefði orðið fyrir vegna vanefnda af hálfu stefnda. Hann kvaðst hafa framleitt 30 tonn af gulrótum 1979 og þurft til þess um 1/2 til 1 hektara lands. Ástæða þess, að hann hóf ekki ræktun hér fyrir norðan í stórum stíl, hafi verið vanefndir stefnda á afhendingu heits vatns. Vegna sölu sinnar á jörðinni Björk árið 1986 hafi hann ekki viljað eða getað selt jörðina samvisku sinnar vegna með óútkljáðum málum við stefnda, en allan kostnað og hugsanlegar bætur fyrir afsalsdag hafi hann tekið á sig og borið alla áhættu af málaferlum. Hann kveðst alla tíð hafa litið svo á, að hann ætti að fá heita vtnið til fullrar eignar og afnota nema til endursölu, og þessi hlunnindi væru eign jarðarinnar Bjarkar.

Beiðni um afhendingu heits vatns á dskj. nr. 16 hafi verið sér algjörlega óviðkomandi, en varðandi Aðalstein Hallgrímsson hafi sú staða komið upp, að Hitaveita Akureyrar hafi hótað að skrúfa fyrir heitt vatn til hans og Aðalsteinn verið neyddur til að greiða, sem hann hafi gert með fyrirvara, og síðan hafi hann frétt, að Aðalsteinn hafi þurft að sækja um aukið vatns-

magn, vegna þess að hann var með ungbörn, en hann hafi lofað Aðalsteini fríu vatni, sem fylgdi jörðinni sem hlunnindi. Viðskipti Aðalsteins og Hitaveitu Akureyrar komi stefnufjárhæð sinni ekki við, heldur miðist krafa sín við vatn það, sem ekki fékkst afhent. Hann sagði, að hann hefði ekki fengið staðfest, hve heitt vatnið var, sem afhent var, en vatnið hefði ekki náð 80° C hita, heldur hefði vatnið, sem inn í hús á Björk kom, oftast verið á bilinu 50-60° C skv. hitamæli á inntakinu í Björk. Sinn skilningur á margnefndum samningi hefði alltaf miðast við orkumagn eða afl það, sem hann fengi út úr þeim jarðhita, er hann átti að fá afhentan, þ. e. a. s. samsvarandi 1/3 sekúndulítra af 90° C heitu vatni. Hann sagði tjón sitt hafa verið margvíslegt, þó að ekki væri hægt að setja á það fjárhagslega mælistiku, en málaþref vegna jarðhitaréttinda jarðarinnar ásamt ýmsu óhagræði í þessu sambandi hafi orðið til þess, að hann og fjölskylda hans fluttust búferlum af jörðinni, en skv. samningnum hafi sér borið viss réttindi, sem hann hafi ekki fengið, og þau verðmæti, sem sér hafi borið, hafi verið seld öðrum, og fyrir það beri að greiða sér skv. samningnum. Hann kvaðst mótmæla þeirri staðhæfingu á dskj. nr. 25 sem algjörlega ósannri, að ábúanda Bjarkar hafi staðið til boða það vatnsmagn, er hann óskaði hverju sinni. Hann upplýsti, að Aðalsteinn Hallgrímsson hefði rekið búskap á jörðinni Garði í Öngulsstaðahreppi, en haft afnot af íbúðarhúsinu á Björk, og vísar í því sambandi til dskj. nr. 23.

Sama dag kom fyrir dóminn Aðalsteinn Hallgrímsson bóndi, Björk, Öngulsstaðahreppi. Hann sagði, að kaup sín á jörðinni Björk af stefnanda hefðu verið með þeim skilmálum af beggja hálfu, að stefnandi ætti allan rétt til þeirra skaðabóta, er hann, þ. e. a. s. stefnandi, kynni að fá vegna yfirstandandi málaferla, og féllu bæturnar til stefnanda til afhendingardags jarðarinnar, þ. e. a. s. 6. janúar 1986, en öll þau jarðhitaréttindi eða hlunnindi, er stefnandi kynni að fá í málarekstrinum, féllu til jarðarinnar. Hann upplýsti, að hitastig vatnsins, er renni inn á hemil á Björk, sé venjulega 55-60° C, og hafi hitinn hæst farið í 63° C Hann segir, að hemill hafi upphaflega verið stilltur á 2½ lítra á mínútu og síðan aukið í 3 lítra á mínútu, og síðan hafi vatnsskammturinn verið aukinn af Hitaveitu Akureyrar í 7,2 lítra á mínútu vegna þess, hve vatnið var kalt, og hafi orkugildi skv. upplýsingum Hitaveitu Akureyrar verið það sama og 3 mínútulítrar af 80° C heitu vatni, sem hann hafi verið látinn greiða fyrir. Hann sagði, að þessi viðskipti sín við Hitaveitu Akureyrar hefðu eingöngu verið á sínum vegum og stefnandi ekkert komið nálægt þessu. Hann sagði reikninga Hitaveitu Akureyrar hafa verið stílaða á sig, og hefði hann greitt alla reikninga með fyrirvara og ekki muna, með hve formlegum hætti viðskipti sín við hitaveituna hefðu verið, en telur sig muna, að hann hafi ritað á eitthvert skjal, er hemillinn var stilltur á 3 lítra á mínútu. Hann kvað

fyrst hafa verið farið að ræða um kaup á jörðinni í alvöru árið 1985, en vegna réttaróvissu hefði það dregist, en um áramót 1986 hefði verið gengið frá kaupunum og hann sótt eftir að fá jörðin keypta. Hann upplýsti, að fyrst, er hann kom á jörðina, hefði heita vatnið verið frítt og hann samið um það við stefnanda, að hann fengi frítt heitt vatn, en hann hefði komið í Björk í júní 1981, og þá um haustið hefði hemill verið stilltur.

Á dskj. nr. 16, sem í er vitnað, staðfestir Sveinbjörg Aðalsteinsdóttir f. h. eiganda Bjarkar í Öngulsstaðahreppi með undirskrift sinni, að hún hafi óskað eftir vatnsskammtinum 3,0 lítrum á mínútu frá Hitaveitu Akureyrar og hemill hitaveitunnar hafi verið stilltur og innsiglaður á ofangreindan vatnsskammt. Skjalið er dagsett á Akureyri 5. 4. 1979 og ritað á eyðublað Hitaveitu Akureyrar.

Í ívitnuðu dskj. nr. 25, sem er bréf Franz Árnasonar, hitaveitustjóra á Akureyri, til Hreins Pálssonar, bæjarlögmanns á Akureyri, segir svo: „Það er út af fyrir sig rétt, að ef miðað er við kælingu í 40° C, gildir fram sett formúla. Í þeim tölum, sem við höfum sett fram áður, er hins vegar miðað við, þó að samningur geri ráð fyrir kælingu í 40°, hefur H. A. aldrei gengið eftir að fá bakrennslisvatn með því hitastigi frá samningsaðilum, hvorki á Björk né annars staðar, og þeir hafa því haft til ráðstöfunar þá orku, er í heita vatninu er, frá 80° C, eða því hitastigi, er vatnið kemur inn með, og ofan í það hitastig, er þeir hafa viljað eða getað kælt vatnið, en í flestum tilfellum eru það 25-30° C í góðu húshitunarkerfi og 15-20° C í gróðurhúsum. Sú fullyrðing, að besta nýting vatnsins fáist við 40° C, er röng; það er sama orkumagn í vatni, sem kælt er úr 90-40 gráður, og er í vatni, sem kælt er úr 80-30 gráður eða úr 75 í 25 gráður, og þar sem ábúanda Bjarkar hverju sinni hefur staðið til boða það vatnsmagn, er hann hefur talið sig þurfa, og honum heimiluð nýting þess vatns, er hann hefur óskað eftir frá innrennslishitstigi og allt niður í 0°, ef honum hefði svo sýnst, verður ekki séð annað en H. A. hafi uppfyllt allar sínar skyldur að fullu. Ef fara á að reikna allt það vatn, er runnið hefði til býlisins miðað við hemilstillingu 20 mín. lítra, skal fyrst ítrekað, að ávallt hefur staðið til boða sama orkumagn úr vatninu og 90-40 gráðu kæling gefur, eini munurinn er sá, að orkan er tekin við t. d. 80-30 gráðu kælingu. Í öðru lagi, ef reikna á út það vatnsmagn, er runnið hefði til býlisins, þarf að taka tillit til nýtingartíma. H. A. hefur gert útreikninga vegna þessa samkvæmt reynslutölum frá garðyrkjubýlinu Grísará, og fylgja þeir hér með og sýna, að meðalársnýting er 39,8387% af toppaflþörf, þannig að ekki er hægt að reikna með neinum rétti út vatnsmagnsþörf út frá hámarksstillingu hemils, og líklegt er, að við toppaflþörf, 20 mín-lítra, sé nýting svipuð og hér er sýnt fyrir Grísará. Þá er vert að geta þess, að innrennslishitastig vatns fer mikið eftir því magni, er inn rennur, en í samningum er miðað við hitastig við

fullt rennsli, og má leiða líkur að því, að við 85 gráður, þar sem vatnshiti í aðalæð er frá 85-90 gráður eftir árstíma, úr hvaða holum er dælt hverju sinni."

Á dskj. nr. 23 er svofelld yfirlýsing, undirrituð 5. jan. 1989 af Aðalsteini Hallgrímssyni, bónda á Björk, sem staðfest var fyrir dómi.: „Hér með staðfesti ég undirritaður, Aðalsteinn Hallgrímsson, Björk, Öngulsstaðahreppi, að ég var ráðinn bústjóri hjá Þorkeli St. Ellertssyni á jörðinni Björk á tímabilinu júní 1981 til ársloka 1985, en 6. janúar 1986 keypti ég jörðina af honum. Svo var um samið, að ég myndi annast búrekstur fyrir Þorkel, en hann hélt þar bæði nautgripi og hross, og fékk ég að launum afnot íbúðarhúss, fría upphitun og hluta af heyfeng jarðarinnar. Á þessum tíma bjó ég félagsbúi ásamt Garðari, bróður mínum, að Garði í Öngulsstaðahreppi og hafði ásamt honum ábúðarréttindi á þeirri jörð. Ég leit aldrei á mig sem ábúanda á Björk, þótt það orð hafi vegna misskilnings verið notað af öðrum í tengslum við endurgreiðslu hitaveitureikninga. Ég átti að fá ókeypis vatn inn í íbúðarhúsið, en tók að engu leyti við réttindum og skyldum jarðareiganda skv. samningi hans við Hitaveitu Akureyrar. Ástæða þess, að ég greiddi hitaveitureikninga á sínum tíma, var sú, að H. A. hótaði lokun, og neyddist ég vegna fjölskylduástæðna til að greiða reikningana og þá með fyrirvara."

Með bréfi, dags. 2. 12. 1987, krefur Ólafur Birgir Árnason hdl. Hitaveitu Akureyrar f. h. Aðalsteins Hallgrímssonar um endurgreiðslu á greiddum hitaveitureikningum fyrir heitavatnsnotkun á Björk tímabilið 1. 3. 1982 til 1. 6. 1986, og var krafan þá miðuð við núvirði með lánskjaravísitölu og vöxtum frá 1. 2. 1985 til greiðsludags, samtals 331.955.76 kr., og samkvæmt reikningi lögmannsins, dags. 21. 12. 1987 er umsamin endurgreiðsla hitaveitunnar 300.000 kr. vegna vatnsnotanna.

Á dskj. nr. 5 í málinu liggur fyrir dómur bæjarþings Akureyrar, upp kveðinn 31. ágúst 1984, í málinu: Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs Akureyrar gegn Þorkeli Steinari Ellertssyni og gagnsök. Er þar rakin skýrsla stefnanda í máli þessu, gerð í ágúst 1982, og segir þar m. a.:

„Næst er að geta þess, að hitaveitan gerir samning við Öngulsstaðahrepp um að leggja hitaveitu í sveitina, og er hafist handa um það sumarið 1978. Í framhaldi af því hafði ég samband við forsvarsmenn H. A. (Stefán Stefánsson og Gunnar Sverrisson) og innti þá eftir því, hver yrði nú þróun mála, hvað mig varðaði og Björk, þegar verið væri að leggja hitaveitu og rukka menn um heimtaugagjald. Svöruðu þeir þá því til, að að sjálfsögðu ætti ég ekki að greiða það né fyrir heita vatnið, enda komið upp vatn á Bjarkarsvæðinu og ákvæði um heitt vatn eftir samningi því í fullu gildi, a. m. k. meðan ekki þryti vatnið. Þessi orð þeirra og ákvarðanir gengu eftir. Heitt vatn var lagt í hús heim, en aldrei rukkað fyrir heimæð eða

daglegt vatn. Gekk svo fram allar götur til sumarsins 1981. Snemma í júlí það ár fór ég á fund nýs hitaveitustjóra á Akureyri. Var erindi mitt að ræða um framhald á framkvæmd samningsins, en þá var sá tími kominn að mínu mati, að nokkuð ljóst átti að vera, hver væri meðalnýting úr borholum á svæðinu, og því tímabært að greiða eitthvað upp í þann lið samkvæmt samningi. Eins var hitt, að við framkvæmd verksins hafði margt verið gerð öðruvísi en upphaflega var um rætt, og því ekki óeðlilegt, að þau mál yrðu rædd eitthvað. Hitaveitustjóri tók máli mínu vel, en kvaðst þurfa frest til að setja sig inn í málið. Myndi hann hafa samband við mig innan skamms. Snemma í ágústmánuði fæ ég svo frá honum bréf, þar sem hann víkur engu orði að erindi mínu og óskum, heldur er þar í mörgum liðum skrá um skuldir mínar við H. A., bæði stofngjald og fyrir vatnsnotkun allar götur frá 4. des. 1978, í nærfellt þrjú ár. Í framhaldi af bréfi þessu gekk ég á fund hitaveitustjóra. Hafnaði ég þar með öllu kröfum hans og vísaði til fyrri gjörða og samninga. Jafnframt óskaði ég eftir fundi með forsvarsmönnum H. A., þar sem þessi mál yrðu rædd og færð til fyrri vegar eða a. m. k. leitað samninga þar um. Sá fundur fékkst ekki haldinn fyrr en alllöngu síðar. Voru þar saman komnir auk mín og hitaveitustjóra, Wilhelms Steindórssonar, þeir Stefán Stefánsson bæjarverkfr. og Ingólfur Árnason, form. H. A. Fátt markvert gerðist á þessum fundi nema það, að mótaðilar neituðu fyrri orðum og túlkun á samningnum. Lauk þeim fundi svo, að ég neitaði enn algerlega innheimtu H. A., en bauð sátt með þeim hætti, að hvor aðili um sig skyldi tilnefna einn lögmann í nefnd til að fara yfir samninga og kynna sér málið, og tjáði ég mig reiðubúinn að hlíta úrskurði þeirra um, hvað rétt teldist í málinu, ef þeir vildu gera slíkt hið sama. Þessari tillögu höfnuðu fundarmenn, en hitaveitustjóri lofaði, að hann skyldi bera hana upp á fundi með stjórn H. A. Það mun hafa farist fyrir. Hins vegar tjáði hann mér í síma, að stjórnin hefði falið sér að innheimta reikningana, en þó af fullri tillitssemi. Sagði ég honum þá, að ég myndi til neyddur að höfða mál á hendur H. A. fyrir samningsrof og vanefndir og það væri lágmarkskrafa mín, að H. A. frestaði allri innheimtu, þangað til úrskurður dómstóla lægi fyrir um, hvað rétt teldist í þessum efnum."

Á dskj. nr. 22 liggur frammi endurrit þinghalds frá 14. mars 1983 vegna þessa sama máls. Staðfesti stefnandi þá skýrslu sína, og er eftirfarandi framburður þar m. a. bókaður eftir honum:

„Aðspurður segir mættur, að hann hafi ekki beðið um, að hitaveita yrði lögð í íbúðarhúsið á Björk á sínum tíma haustið 1978, heldur hafi Hitaveita Akureyrar haft allt frumkvæði í því sambandi, og enda kveður mættur, að hún hafi skv. samningi verið skuldbundin til þess, og kveðst hann aldrei hafa skrifað undir beiðni eða samþykki, svo sem gert sé ráð fyrir í 2. mgr.

4. gr. samnings á dskj. nr. 5. Mættur upplýsir, að er hitaveitan var lögð í íbúðarhúsið á Björk, hafi hann verið ábúandi á jörðinni, þannig að hann hafi verið allt sumarið 1978 á jörðinni og heyjað og nytjað hana og síðan falið ráðsmanni rekstur búsins frá september það ár, og hafi ráðsmaðurinn verið Ármann Skjaldarson, nú bóndi að Skáldsstöðum í Saurbæjarhreppi.

Mættur kveðst hafa haft samband við hitaveitustjóra, Wilhelm Steindórsson, í júlí 1981 til þess að ræða framkvæmd samningsins á dskj. nr. 4, þ. e. a. s. 4. mgr. c-liðar 3. gr., og hafi hitaveitustjóri tekið erindinu vel og sagst þurfa frest til að kynna sér málið. Í framhaldi þessa viðtals hafi mættur fengið innheimtubréf frá hitaveitunni og það verið í fyrsta sinn, en hann var krafinn um greiðslu fyrir hitavatnsnotkun og heimtaugargjald, sem mættur kvaðst hafa mótmælt harðlega og telja samningsrof. Í framhaldi af bréfi hitaveitustjóra kveðst mættur hafa rætt við Stefán Stefánsson bæjarverkfræðing og ekki annað fundið en Stefán væri svipaðs sinnis og mættur í megindráttum."

„Mættur upplýsir, að hann hafi ekki byggt öðrum jörðina Björk, frá því að hann keypti hana árið 1976, og hafi haft búrekstur á henni óslitið síðan og skilað landbúnaðarframtali til skattstjóra ár hvert vegna búrekstrar síns."

Í fyrrgreindum héraðsdómi er rakinn framburður Gunnars Axels Sverrissonar verkfræðings, fyrrverandi hitaveitustjóra H. A. Segir þar m. a.:

„Varðandi önnur efnisatriði þá staðfesti ég það, að eftir mínu minni mun hafa staðið í samningi þeirra jarðeigenda, sem samið var við um virkjun á borun og nýtingarrétt jarðhita, ef vatn fyndist á viðkomandi jörð og hitaveitan nýtti það, þá yrði ekki krafist heimtaugargjalds né endurgjalds af heitu vatni til hitunar íbúðarhúsnæðis. Og eftir því sem mig rekur minni til, en nú er reyndar á 5. ár síðan, þá mun þetta hafa verið rætt, bæði, tel ég, í hitaveitustjórn og sömuleiðis hef ég ráðfært mig við ráðgjafa mína í þessum efnum, sem voru Orkustofnun, jarðvinnudeild, og verkfræðilega ráðunauta mína um að fá þeirra álit á því, hvort þarna væri uppi vatn í Bjarkarlandi, og dregið eflaust þá ályktun, að vatn væri þar tekið til nýtingar við hitaveituna, og þá væri rökrétt afleiðing af því, að ekki væri innheimt heimtaugargjald né endurgjald fyrir heitt vatn." Vitnið kvað sig ekki reka minni til þess aðspurt, að upp hafi verið borin sú beiðni við það, að það innheimti hitaveitugjöld vegna jarðarinnar Bjarkar. Vitnið kvað nánast alla samningagerð við bændur um virkjunarrétt og þau atriði hafa verið í höndum Stefáns Stefánssonar og Ingólfs Árnasonar, svo að hvert einasta efnisatriði samninganna hefði verið vitninu nánast ókunnugt, en hins vegar hafi vitnið fengið fyrirmæli um það að fella niður gjöld á þeim jörðum, þar sem borað var eftir heitu vatni og vatnið nýtt, og kvaðst vitnið hyggja, að hið sama hafi gilt um Björk eins og aðrar hliðstæðar jarðir um þetta

atriði. Hins vegar taldi vitnið, eftir því sem það minnti, að samningar segðu til um, að þá skyldi það endurskoðað eftir vissan reynslutíma, hversu mikið vatn nýttist á viðkomandi jörð, varðandi bætur þar um, en það kunni að hafa breytt áliti jarðhitadeildar Orkustofnunar frá þessum tíma, að þarna var borað fram til dagsins í dag, að vatn, sem nýtt er fyrst og fremst í Ytri-Tjarnalandi, sé komið undan Bjarkarlandi einnig, en vitnið minnti fastlega, að álit jarðhitadeildar hefði verið á þá lund 1978, að vatnið, sem þarna fannst við borun, væri undir báðum jörðunum."

Á dskj. nr. 7 liggur fyrir dómur Hæstaréttar Íslands, upp kveðinn 2. október 1987, í máli því, sem dæmt var í héraði og rakið hefur verið. Er málið var rekið fyrir Hæstarétti, hét það Þorkell Steinar Ellertsson gegn bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarsjóðs og gagnsök. Segir svo m. a. Í nefndum hæstaréttardómi:

„Svo sem greinir í héraðsdómi, krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda í máli þessu um vangreitt heimæðargjald að býlinu Björk í Öngulsstaðahreppi svo og um greiðslu fyrir notkun heits vatns á tímabilinu 4. desember 1978 til 31. júlí 1981. Er krafan sundurliðuð þannig:

1. Heimæðargjald samkvæmt gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar 12. október 1978	8.136,86 krónur
2. Orkunotkun samtals	11.808,50 krónur
	Alls 19.945,36 krónur

Aðaláfrýjandi krefst sýknu af kröfum þessum og krefur gagnáfrýjanda jafnframt um greiðslu vegna heits vatns, sem Hitaveita Akureyrar nýtir úr borholu á grannjörðinni Ytri-Tjörnum. Um sýknukröfuna skírskotar aðaláfrýjandi til b-liðar 3. greinar samnings síns við gagnáfrýjanda frá 30. janúar 1978, þess sem rakinn er í héraðsdómi, og bendir jafnframt á, að hann hafi aldrei beðið sérstaklega um, að íbúðarhúsið á Björk væri tengt við hitaveituna, heldur hafi gagnáfrýjandi gert þetta af sjálfsdáðum til efnda á greindu samningsákvæði."

Niðurstaða dómsins.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, hefur stefndi endurgreitt fyrir þau vatnsafnot, er greidd hafa verið til jarðarhúsa á jörðinni Björk í Öngulsstaðahreppi. Einnig hefur verið rakið hér að framan, að stefnandi hefur borið fyrir sig sem málsástæðu í öðru dómsmáli við stefnda vegna ágreinings út af samningi þeim, er nú er deilt um, að þá hafi stefndi efnt skyldur sínar samkvæmt 6. lið samningsins frá 30. janúar 1978. Stefnandi hefur ekki lagt fram töluleg gögn um það fjártjón, er hann hefur orðið fyrir, vegna þess að fá ekki afhent jafngildi af orkugildi allt að jafngildi 1/3 sekúndulítra af 90° C heitu vatni miðað við vatnsnýtingu niður í 40° C.

Við túlkun á ákvæðum b-liðar 3. gr. oftnefnds samnings aðila þykir dóminum rétt, að miðað sé við það, hve jörðin Björk noti mikið af heitu vatni, þ. e. a. s. til eigin nota án endursölu, en stefndi sé ekki skuldbundinn til þess að afhenda stefnanda allt að hámarksorkugildi, án þess að stefnandi nýti þá varmaorku. Einnig telur dómurinn, að þótt orkumagn, sem ekki er nýtt af stefnanda, sé selt öðrum, sé það ekki grundvöllur skaðabótakröfu á hendur stefnda skv. samningnum. Að þessu virtu þykir verða að sýkna stefnda af stefnukröfum stefnanda. Rétt þykir þó eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Eiríki Jónssyni byggingaverkfræðingi og Sveini Björnssyni véltæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Akureyrar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorkels Steinars Ellertsonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. júní 1993.

Nr. 96/1993. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Úlfi Óskarssyni og
Þorbergi Hjalta Jónssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Ákæra. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Máli þessu var af hálfu ákæruvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1993. Er þess krafist, að báðir ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru og þeim gerð refsing.

Ákærðu krefjast sýknu.

Með bréfi ríkissaksóknara til Rannsóknarlögreglu ríkisins 24. janúar 1991 var krafist opinberrar rannsóknar vegna fram kominnar kæru forstöðumanns Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins að Mógilsá út af brottnámi ákærðu á „rannsóknargögnum" úr rannsóknarstöðinni, er þeir hurfu úr starfi sínu þar.

Í kæru sinni taldi forstöðumaður rannsóknastöðvarinnar upp verkefni þau, sem ákærðu höfðu unnið að, og tilgreindi með almennum orðum gögn varðandi hvert verkefni, sem hann taldi ákærðu hafa tekið með sér.

Ákærðu afhentu hinn 5. apríl 1991 kassa með gögnum þeim, sem þeir kváðust hafa tekið með sér við starfslok sín í rannsóknastöðinni. Kom þegar fram hjá ákærðu við upphaf rannsóknar málsins, að þeir töldu sig eigendur gagnanna og vildu ljúka umræddum rannsóknum á eigin vegum.

Viðhorf ákærðu til ákæruefnis varða rétt vísindamanna við starfslok til að ljúka verkefnum, sem þeir hafa unnið að, og umráðarétt yfir aðföngum, sem aflað hefur verið í því skyni. Hvorki eru ákvæði varðandi þetta í ráðningarsamningum ákærðu né í starfslýsingu þeirra. Álitaefni þessi og réttarhagsmunir, sem þeim tengjast, eru á sviði einkamálaréttar.

Skilgreining í ákæru á gögnum þeim, sem ákærðu eru sakaðir um að hafa haft á brott með sér við starfslok sín í rannsóknastöðinni, er ófullkomin, sbr. ákvæði c-liðar 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Af hálfu ákæruvalds fór engin sjálfstæð könnun fram á gögnum þeim, sem ákærðu afhentu við rannsókn málsins. Ekki liggur fyrir úttekt óháðs aðila á gögnunum, þar sem fram kæmi, hvers eðlis þau eru og hvaða þýðingu þau hefðu við vísindaverkefni þau, sem ákærðu unnu við.

Ákæra og málatilbúnaður í heild eru samkvæmt þessu með svo verulegum annmörkum, sbr. 67. gr. laga nr. 19/1991, að fella ber hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa ákæru málsins frá héraðsdómi.

Allur kostnaður af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 300.000 krónur.

Gagnaöflun af hálfu ákæruvalds fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 4. þessa mánaðar var andstæð ákvæðum 3. mgr. 157. gr. laga nr. 19/1991.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er úr gildi felldur og ákæru málsins vísað frá héraðsdómi.

Allur kostnaður af rekstri máls þessa í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 300.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. febrúar 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 17. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 239/1992: Ákæruvaldið gegn Úlfi Óskarssyni og Þorbergi Hjalta Jónssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. desember sl., á hendur ákærðu, Úlfi Óskarssyni skógfræðingi,

kennitala 161257-4789, til heimilis að Sólheimum í Grímsnesi, og Þorbergi Hjalta Jónssyni skógfræðingi, kennitala 200659-5039, áður til heimilis að Kaplaskjólsvegi 9 í Reykjavík, nú að Melabraut 20 á Seltjarnarnesi.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir að hafa við starfslok sín hjá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá í júlímánuði 1990 staðið að töku á skrifstofu stofnunarinnar á rannsóknargögnum, sem þeir ásamt fleiri starfsmönnum stofnunarinnar höfðu aflað og unnið að í starfi sínu þar og úrvinnslu biðu að mestu leyti og stofnunin var eigandi að, en afhentu síðan Rannsóknarlögreglu ríkisins 5. apríl 1991 gögn þessi að kröfu hennar.

Ákærða Þorbergi Hjalta er gefið að sök að hafa í heimildarleysi haft á brott með sér:

1. Tíu skjalamöppur með ýmsum grundvallarupplýsingum, svo sem mælingum, talningum og öðrum athugunum, er lutu að skógrækt, einkum könnun á ástandi birkiskóga o. fl.

2. Tvær „diskettur" og þrjár handskrifaðar bækur með ýmsum skráningum.

Ákærða Úlfari er gefið að sök að hafa í heimildarleysi flutt á brott með sér rannsóknargögn um stafafuru í mólendi, áhrif áburðar á víðivöxt, smitun skógarplantna með rótarsveppum, bætt rótarlag skógarplantna, hraðfjölgun á ösp og skrár um mælingar.

Háttsemi ákærðu telst aðallega varða við 245. gr. og 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 3. mgr. 259. gr. og/eða 1. mgr. 257. gr. sömu laga, allt sbr. 138. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar."

Nafn ákærða Úlfs er í ákæru misritað Úlfar.

— — —

Ákærði segir í sambandi við framburð Jóns Loftssonar, að hann fari ekki rétt með, hvenær ákærðu hafi tekið gögn sín, það hafi þeir gert síðar.

Ákærði Þorbergur Hjalti bætir því við, sem hann hefur áður sagt, að upptalningin á þeim gögnum, sem hann eigi að hafa haft á brott með sér í heimildarleysi, sé ekki rétt í ákæru. Ákærði segir, að átta, en ekki tíu, af skjalamöppunum, sem í ákæru er sagt frá, hafi verið á skrifstofu sinni. Tvær aðrar kveðst ákærði hafa keypt, til að auðveldara yrði að glöggva sig á rannsóknarverkefnunum. Þá raðaði ákærði verkefnunum í möppurnar og setti græn skilblöð á milli verkefnanna í hvorri möppu, til þess að auðveldara yrði að átta sig á þeim. Ákærði finnur að því, að í ákæru séu þessi verkefni ekki talin upp, þó að auðveldlega megi sjá á möppunum, um hvaða verkefni sé að ræða. Ákærði vill einnig árétta, að á Mógilsá séu

tölvudiskar með öllum þeim gögnum, sem búið var að skrá í tölvu, þegar frá sé skilið birkiverkefnið.

Ákærði segir um framburð Jóns Loftssonar, að í honum komi fram, að mikið hafi horfið af rannsóknargögnum, þegar Jón Gunnar fór frá Mógilsá. Vill ákærði fullyrða, að hann hafi ekki tekið gögn sín á sama tíma og Jón Gunnar hvarf á brott.

Ákærði segir um framburð Árna Bragasonar um samningatilraunir við ákærðu, að ástæða þess, að samningar tókust ekki, hafi ekki verið taxti eða annað slíkt, heldur það, að ákærðu voru ekki reiðubúnir að afhenda þessi gögn, nema þeir fengju tryggingu fyrir því, að ekki yrði farið með þau án samráðs við ákærðu og að þeir hefðu ótvíræðan forgang að ritun vísindaverka, sem byggðust á þessum gögnum. Engar samningatilraunir fóru fram eftir fyrstu viku október 1990.

Vegna framburðar Kristjáns Þórarinssonar tekur ákærði fram til áréttingar fyrri framburði, að skrifstofa sín hafi alltaf verið læst, þegar ákærði var ekki á staðnum.

Við flutning málsins var af hálfu ákæruvaldsins fallið frá ákæru á hendur ákærða Úlfi fyrir töku á gögnum um hraðfjölgun á ösp.

Niðurstöður.

Í máli þessu er til úrlausnar, hvort ákærðu, sem voru opinberir starfsmenn, hafi heimildarlaust haft á brott með sér þau gögn, sem ákæra fjallar um, en sjálfir hafa ákærðu báðir haldið fast við það frá upphafi, að umrædd gögn séu sín eign og aðföng í ólokin vísindaverk, sem þeir hafi verið að vinna að í starfi sínu á Mógilsá sem vísindamenn og þeir eigi höfundarrétt að.

Að mati dómsins er sannað með framburði ákærðu og öðru því, sem fram er komið í málinu, að umrædd gögn séu aðföng í ólokin vísindaverk. Þá er einnig sannað með sama hætti, að ákærðu störfuðu sem vísindamenn að Mógilsá og auk þess við önnur verkefni, sem ákærðu hafa sjálfir lýst.

Komið hafa fyrir dóminn yfir tuttugu vitni að ósk verjanda ákærðu. Í framburði þeirra koma fram skoðanir flestra á því, hvort aðföng til ólokinna vísindaverka séu eign viðkomandi vísindamanns eða þeirrar stofnunar, sem hann var hjá, þegar starfslok verða. Af þessum framburði er ljóst, að skoðanir eru skiptar um þetta.

Ákærðu höfðu starfsaðstöðu að Mógilsá, og sannað er, m. a. með framburði þeirra sjálfra, að þeir nutu einnig aðstoðar annarra starfsmanna við að afla gagna við þau vísindaverk, sem þeir unnu að hverju sinni. Þá þágu þeir laun fyrir störf sín að Mógilsá, sem náðu til fleiri starfa en vísindastarfa.

Ráðningarsamningar ákærðu eru prentaðir á stöðluð eyðublöð, og þar

er hvergi að finna ákvæði, sem nái til þess, hvernig fara skuli með gögn sem þessi, þegar starfslok verða. Þá er ekki heldur að finna ákvæði um þetta í starfslýsingum ákærðu né var samið um þetta, áður en ákærðu tóku til starfa, þótt ljóst sé, að engin föst regla virðist til í þessu efni, hvorki í settum lögum né samkvæmt venju. Þá er komið fram, að sum þeirra vitna, sem komið hafa fyrir dóminn, hafa við starfslok tekið með sér hliðstæð gögn og hér um ræðir, þ. á m. fyrrverandi yfirmaður ákærðu að Mógilsá. Telur dómurinn, að færa megi rök fyrir því, að ákærðu kunni að eiga höfundarrétt að fullbúnum vísindaniðurstöðum sínum, en vinnuveitandinn réttinn til þess að nýta þær sem endurgjald fyrir þau laun, sem vísindamaðurinn hefur þegið, enda hafi ekki verið samið um annað.

Það er mat dómsins, að gögn þau, sem um ræðir í máli þessu, geti að einhverju leyti verið persónuleg gögn undir væntanlega vísindalega niðurstöðu, svo að það verður ekki fullyrt, að eignarréttur gagnanna sé allur hjá rannsóknastöðinni, enda þótt óumdeilt sé, að hún hafi lagt ákærðu til starfsaðstöðu og aðstoð og greitt ákærðu laun. Í þessu sambandi er rétt að líta á það, að því er ekki mótmælt, að gögnin séu m. a. bæði minnispunktar ákærðu úr vinnutíma þeirra og utan hans. Er ekki ástæða til annars en telja þetta rétt.

Ákærðu hafa alla tíð, eins og fram er komið, haldið fast við það, að þeir eigi gögnin, en mál þetta er ekki rekið til að sannreyna eignarrétt rannsóknastöðvarinnar að gögnunum, heldur til þess að taka afstöðu til þess, hvort ákærðu hafi framið brot gegn hegningarlögum.

Það er mat dómsins, að þegar litið sé á gögnin í heild, eins og þeim er lýst í ákæru, sé ekki loku fyrir það skotið, að um geti verið að ræða sameign ákærðu og vinnuveitanda þeirra. Þykir því varhugavert að telja fullvíst í refsimáli, að ákærðu hafi haft gögnin heimildarlaust á brott við starfslok sín, miklu frekar sé hér deilt um eignarrétt gagnanna. Ber að meta ákærðu allan vafa í hag í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu verða ákærðu sýknaðir af því, sem þeim er gefið að sök í ákæru, og þar með af því að hafa brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem í ákæru greinir. Samkvæmt þeirri niðurstöðu ber samkvæmt 1. tl. 166. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að dæma, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 130.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Úlfur Óskarsson og Þorbergur Hjalti Jónsson, eru sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 130.000 krónur.

Mánudaginn 14. júní 1993.

Nr. 246/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Ásgeiri Svan Herbertssyni.

Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 91/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. júní 1993, sem barst réttinum 14. júní. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní um gæsluvarðhald á hendur varnaraðila. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði styttur.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Brot þau gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sem varnaraðili er grunaður um, falla undir XIV. kafla, sbr. 22. gr. þeirra laga. Með vísan til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn ætlaðs ólögmæts innflutnings ýmiss varnings á vegum kærða frá Þýskalandi til Siglufjarðar allt frá árinu 1991. Kærði hefur undanfarin ár átt lögheimili í Reykjavík, en þrátt fyrir það flutt inn eða tekið við varningi frá útlöndum á Siglufirði eftir afgreiðslu þar. Í sl. mánuði var skipað upp úr m/s Reykjafossi á Siglufirði hestakerru, sem í reyndust vera ýmsir munir, aðallega reiðtygi, en einnig voru þar áfengi, sjónvarp og húsmunir. Viðtakandi kerrunnar var sagður vera Rósa Hrafnsdóttir, Hlíðarvegi 37, Siglufirði, en greiðandi flutningsgjalds reyndist vera kærði, sem jafnframt kveðst vera eigandi varningsins. Þá hefur einnig komið fram, að kærði hefur tekið á Siglufirði við hestakerru, sem kom með skipi 22. febrúar 1992 til Siglufjarðar. Grunur

leikur á, að í kerrunni hafi verið reiðtygi, en með kerruna fór kærði til Eyjafjarðar, og upplýst er, að þar seldi hann talsvert af hnökkum og reiðtygjum dagana á eftir.

Samkvæmt rannsóknargögnum málsins er ástæða til að ætla, að afgreiðsla tollyfirvalda á Siglufirði beri ekki með sér, að nokkur varningur hafi verið í tveimur hestakerrum, sem skipað var upp á Siglufirði 22. febrúar 1992. Þá þykir tollafgreiðsla annars innflutnings á vegum kærða tortryggileg.

Vegna rannsóknar máls þessa þarf lögregla að yfirheyra ýmsa þá, sem kunna að tengjast máli þessu, þ. á m. bróður kærða, sem dvalist hefur erlendis, en er væntanlegur til landsins.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsi samkvæmt alm. hgl. nr. 19/1940 svo og tollalögum nr. 55/1987.

Með vísan til alls framanritaðs, rannsóknargagna málsins, sem lögð hafa verið fram, þykir hætta vera á, að kærði kunni að torvelda rannsókn málsins, ef hann fær að fara frjáls ferða sinna, og ber samkv. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ásgeir Svan Herbertsson, sæti gæsluvarðhaldi í sjö daga allt til miðvikudagsins 16. júní 1993 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 16. júní 1993.

Nr. 185/1993. **Vinnuveitendasamband Íslands**
gegn
fjármálaráðherra,
dómsmálaráðherra og
Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Kærumál. Aðild skv. 3. mgr. 25. gr. eml. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur með kæru 3. maí 1993 samkvæmt c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið til Hæstaréttar úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 1993 um frávísun á héraðsdómsmálinu nr. E-2181/1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og héraðsdómara gert að leggja efnisdóm á málið á grundvelli stefnukrafna hans svo breyttra sem rakið er hér á eftir. Hann krefst og málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Í stefnu til héraðsdóms gerði sóknaraðili aðalkröfur í fjórum liðum ásamt kröfu til vara og annarri til þrautavara, eins og lýst er í hinum kærða úrskurði. Í greinargerð hans til Hæstaréttar er því lýst yfir, að hann falli frá annarri, þriðju og fjórðu aðalkröfu sinni. Hins vegar krefst hann efnisdóms í málinu um fyrstu aðalkröfuna, svo orðaða: „Að viðurkennt verði með dómi, að stefndu, fjármálaráðherra, dómsmálaráðherra og Bifreiðaskoðun Íslands hf., sé óheimilt að krefja þá félagsmenn stefnanda, sem eru eigendur svokallaðra virðisaukaskattsbifreiða, skráðra fyrir 1. janúar 1993, um gjald fyrir ný skráningarmerki ökutækjanna samkvæmt 51. gr., samanber 63. gr. laga nr. 111/1992." Jafnframt haldast varakrafa hans og þrautavarakrafa óbreyttar.

Hið breytta orðalag á fyrstu aðalkröfu sóknaraðila, sem eftir

stendur, er í samræmi við efni kröfunnar, svo sem því var lýst í stefnu málsins.

Mál þetta hefur sóknaraðili höfðað vegna þess, að virðisaukaskattsskyldir aðilar, er aflað höfðu sendi- eða vörubifreiða undir 5 tonnum að þyngd til notkunar í atvinnurekstri sínum fyrir 1. janúar 1993 og öðlast rétt til endurgreiðslu á virðisaukaskatti af gjaldi fyrir bifreiðarnar með því að telja hann til innskatts, munu þurfa að sæta því að skipta um skráningarmerki á bifreiðunum vegna kvaðar í lögum um sérstaka auðkenningu þeirra. Ákvæði laga og reglugerða, sem um þetta fjalla, eru rakin í hinum kærða úrskurði. Samkvæmt þeim er þessum aðilum talið skylt að setja á bifreiðarnar ný skráningarmerki sérstakrar gerðar, er komi í stað fyrri merkja af almennri gerð, sem bifreiðarnar bera nú, og greiða sams konar gjald fyrir nýju merkin og við átti um hin eldri. Á umskiptunum að vera lokið fyrir 1. júlí 1993. Kveður sóknaraðili fjölmarga atvinnurekendur í hópi félagsmanna sinna teljast háða þessari skyldu, og vilji hann með málsókninni leita viðurkenningar þess, að þeir eigi að vera lausir undan henni. Segir í stefnu, að framkvæmdastjórn sóknaraðila hafi ákveðið höfðun málsins í tilefni af umkvörtunum frá einstökum félagsmönnum og að undangengnum erindaskiptum og viðræðum við ráðuneyti dómsmála og fjármála.

Ætla má, að einstakir atvinnurekendur innan sambands sóknaraðila gætu leitað viðurkenningardóms um kröfur af því tagi, sem hér eru uppi hafðar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði, og haft lögvarða hagsmuni af að bera greiðsluskyldu sína og gildi ákvæða í lögum og reglugerðum, er um hana fjalla, undir úrskurð dómstóla með þeim hætti. En auk þessa reynir hér á það, hvort það samrýmist tilgangi sóknaraðila sem félagsskapar eða samtaka að gæta þessara hagsmuna fyrir dómi og grípa til aðgerða í eigin nafni vegna gjaldskyldra félagsmanna, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar.

Vinnuveitendasamband Íslands var stofnað árið 1934 og er helsti málsvari vinnuveitenda í landinu. Eru um 15 félög og sambönd atvinnurekenda innan vébanda þess, auk einstakra atvinnufyrirtækja með beinni félagsaðild. Svo sem heiti sambandsins bendir til, er starfsvettvangur þess aðallega á sviði kjarasamninga og annarra

samskipta milli atvinnurekenda og launþega, enda nýtur það viðurkenningar sem félag eða samband atvinnurekenda samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og í annarri löggjöf, er varðar félagsmál. Um tilgang sambandsins segir svo í 2. gr. félagslaga þess, að því sé ætlað „að vera í forsvari fyrir vinnuveitendur gagnvart launþegum, almenningi og hinu opinbera", sbr. 1. tl., ásamt því meðal annars að standa að gerð kjarasamninga og vera félögum sínum til aðstoðar og ráðuneytis í samskiptum við launþega. Varða ákvæði þessi einkum fyrrgreindan starfsvettvang, og í öðrum greinum félagslaganna er ýtarlega kveðið á um heimildir til aðgerða fyrir hönd félagsmanna á því sviði, svo sem til að gera samninga um kaup og kjör og til að bregðast við vinnustöðvunum eða ákveða þær. Samkvæmt 4. tl. 2. gr. nær tilgangur sambandsins einnig til þess „að móta og koma á framfæri stefnu í málum, sem snerta atvinnureksturinn og stuðla á allan hátt að eflingu hans", og sýnist þar um að ræða víðtækari skírskotun. Segir og í gögnum málsins, að sambandið beini starfsemi sinni að öðru en kjaramálum í vaxandi mæli. Þannig láti það sig varða stefnumörkun og aðgerðir í efnahagsmálum, skattamálum, verðlagsmálum og fleiri málaflokkum. Að þessu leyti virðist hlutverk sambandsins þó fremur vera bundið við málefnalegt fyrirsvar en beinar ráðstafanir í þágu félagsmanna, og kveða félagslögin ekki á um umboð til aðgerða fyrir þeirra hönd á þessum sviðum.

Ætla má, að flestir atvinnurekendur, sem teljast félagar sambandsins vegna beinnar eða óbeinnar félagsaðildar, stundi virðisaukaskattsskylda starfsemi, en sambandið nær ekki til allra, sem það gera. Ætla má enn fremur, að flestir atvinnurekendur innan sambandsins séu jafnframt aðilar að öðrum hagsmunasamtökum, sem gætu gert svipað tilkall til afskipta af málefninu að sínu leyti. Sakarefni málsins varðar hagsmuni sumra aðila samtakanna, þeirra sem réðu yfir bifreiðum af fyrrgreindu tagi í árslok 1992. Í gögnum málsins er því ekki lýst, hverjir þeir eru né hversu margir, og þá ekki heldur, hve margir aðilar utan samtaka sóknaraðila eigi sams konar hagsmuna að gæta. Þá er ekki ljóst, að hagsmunum þeirra, sem sóknaraðili telur sig vera í forsvari fyrir í málinu, sé að öllu leyti eins háttað, þannig að efnisdómur hefði jafngilda þýðingu fyrir þá alla. Af ákvæðum í lögum sóknaraðila um tilgang sambandsins

og þeim upplýsingum öðrum, sem fyrir liggja um starfsemi þess, er ekki unnt að draga þá ályktun, að það sé á starfssviði sóknaraðila eða samrýmanlegt tilgangi hans að gæta þeirra hagsmuna í dómsmáli, sem kröfur hans í máli þessu snúast um. Með vísan til þessa og annars, sem fyrr var rakið, verður ekki talið, að höfðun málsins fullnægi skilyrðum 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt er eftir atvikum, að hver aðili beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 1993.

Mál þetta, er sætir flýtimeðferð, er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 10. og 11. mars sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndu eru fjármálaráðherra, kt. 630578-3559, Arnarhvoli, Reykjavík, dómsmálaráðherra, kt. 500169-7619, til heimilis á sama stað, og Bifreiðaskoðun Íslands hf., kt. 550988-1869, Hesthálsi 6-8, Reykjavík.

Í fyrsta lagi krefst stefnandi þess aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu sé óheimilt að krefja eigendur svokallaðra virðisaukaskattsbifreiða, sem skrásettu bifreiðar sínar fyrir 1. janúar 1993, um gjald fyrir ný skráningarmerki ökutækjanna vegna lagaskyldu um sérstaka merkingu bifreiðanna skv. 51. gr. laga nr. 111/1992, sbr. 63. gr. sömu laga. Í öðru lagi krefst stefnandi, að stefnda fjármálaráðherra hafi verið óheimilt að framselja vald sitt til að setja reglur um auðkenni virðisaukaskattsbifreiða skv. 51. gr. laga nr. 111/1992 til dómsmálaráðherra og að skipt væri um skráningarmerki bifreiðanna skv. umferðarlögum. Í þriðja lagi telur stefnandi, að lagastoð skorti fyrir reglugerð stefnda fjármálaráðherra um innskatt nr. 481/1992 og þeim takmörkunum á innskattsfrádrætti vegna sendi- og vörubifreiða, sem ekki eru í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga á hugtökunum sendibifreið og vörubifreið, um, a) að í farmrými sendi- og vörubifreiðar megi ekki vera sætisfestingar, b) að óheimilt sé að nota ökutæki til aksturs milli heimilis og vinnustaðar. Í fjórða lagi er þess krafist,

að viðurkennt verði með dómi, að í f-lið 64. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um heimild dómsmálaráðherra til að setja reglur um gjöld fyrir skráningarmerki ökutækja felist ekki réttur til skattlagningar á eigendur virðisaukaskattsbifreiða.

Til vara er þess krafist, að eigendur virðisaukaskattsbifreiða, sem skrásettar voru fyrir 1. janúar 1993, eigi rétt á nýjum skráningarmerkjum skv. umferðarlögum á kostnaðarverði þeirra, 900 kr. fyrir parið, að með töldum virðisaukaskatti.

Til þrautavara er þess krafist, að eigendum virðisaukaskattsbifreiða sé heimilt að útbúa sjálfir eða kaupa ný skráningarmerki af öðrum aðilum en Bifreiðaskoðun Íslands hf., enda samræmist slík skráningarmerki þeim kröfum til auðkenningar, sem gerðar eru í reglugerð nr. 476/1992 um breytingu á reglugerð nr. 523/1988 um skráningu ökutækja.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu krefjast aðallega frávísunar og málskostnaðar.

Málið var flutt um frávísunarkröfurnar 16. apríl sl. og tekið til úrskurðar að því loknu.

— — —

Niðurstaða.

Krafa stefndu fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra um frávísun málsins, vegna þess að stefnandi hafi ekki heimild til málshöfðunar, sbr. 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, er í raun krafa um sýknu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. s. l. Þessi krafa kemur því ekki frekar til álita í þessum þætti málsins, heldur bíður efnismeðferðar málsins, ef til kemur.

Í máli þessu er engu raunverulegu sakarefni til að dreifa, heldur krefur stefnandi um túlkun á tilteknum ákvæðum laga nr. 111/1992 og umferðarlaga nr. 50/1987 svo og ákvæðum reglugerða, er settar voru með stoð í þessum lögum. Kröfugerð stefnanda er þess eðlis, að hún verður ekki borin undir dómstóla skv. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 25. gr. s. l., og ber þar af leiðandi að vísa málinu frá dómi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefnandi úrskurðaður til að greiða stefndu, fjármála- og dómsmálaráðherra og Bifreiðaskoðun Íslands hf., hverjum um sig 60.000 kr. í málskostnað.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Vinnuveitendasamband Íslands, greiði stefndu, fjármála- og dómsmálaráðherra og Bifreiðaskoðun Íslands hf., hverjum 60.000 kr. í málskostnað.

Miðvikudaginn 16. júní 1993.

Nr. 177/1993. **Vinnustofan Klöpp hf.**

gegn

Asiaco hf.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. apríl 1993. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili styður kröfu sína um töku bús varnaraðila til gjaldþrotaskipta við aðfarargerð, er fram fór að kröfu annars aðila. Er þar bókað, að aðilar telji eignir þær, sem bent var á til fjárnáms, ekki nægja til lúkningar fjárkröfunni, er var til meðferðar. Krafa sóknaraðila í máli þessu nemur hærri fjárhæð.

Með framangreindri yfirlýsingu hefur fyrirsvarsmaður varnaraðila lýst því, að eignir varnaraðila dugi ekki til lúkningar gjaldföllnum kröfum. Breyttar yfirlýsingar hans í þessu efni eru ekki studdar gögnum, og lýsing á lager þeim, sem bent er á, hefur ekki komið fram. Er ósannað, að hin árangurslausa aðfarargerð gefi ekki rétta mynd af fjárhag varnaraðila. Verður krafa sóknaraðila því tekin til greina og bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Rétt er, að varnaraðili greiði málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er bú varnaraðila, Asiaco hf., tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili greiði sóknaraðila, Vinnustofunni Klöpp hf., 60.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Sératkvæði

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Hin umdeilda fjárnámsgerð í máli þessu fór fram á ábyrgð þess lánardrottins varnaraðila, sem þar var gerðarbeiðandi. Í málinu hefur ekki verið leitað eftir afstöðu hans varðandi þær ráðstafanir og yfirlýsingar við gerðina, sem málsaðilar túlka nú á mismunandi vegu. Ekki er upplýst, hvernig ástatt er nú um fjárkröfu þessa lánardrottins, og var fyrirsvarsmaður varnaraðila ekki krafinn sagna um það, þegar hann kom fyrir héraðsdóm. Þegar litið er til þessa og þeirra sjónarmiða, sem til er vísað í forsendum hins kærða úrskurðar, verður sóknaraðili ekki talinn hafa lagt nægilegan grundvöll að beiðni sinni um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila. Er því rétt, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Kærumálskostnaður á að falla niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. apríl 1993.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 14. apríl sl.

Sóknaraðili málsins er Vinnustofan Klöpp hf., kt. 450177-0169, Hverfisgötu 46, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er Asiaco hf., kt. 650178-0249, Vesturgötu 2, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir eftirfarandi kröfur:

„að bú varnaraðila, Asiaco hf., verði tekið til gjaldþrotaskipta og sóknaraðila úrskurðaður málskostnaður samkvæmt mati dómsins".

Varnaraðili gerir eftirfarandi kröfur:

„að synjað verði beiðni sóknaraðila um að taka bú varnaraðila til gjaldþrotaskipta,

að aðfaragerð nr. 11/1992/05103, er fram fór hjá varnaraðila 25. janúar 1993, en gerðarbeiðandi var Fiskevegen a/s, Noregi, verði með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur ógilt.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila ásamt dráttarvöxtum lögum samkvæmt".

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að með bréfi, er barst Héraðsdómi Reykjavíkur 17. mars sl., hefur Jóhannes Sigurðsson hdl. f. h. sóknaraðila krafist þess, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Sóknaraðili kveðst

eiga kröfu á hendur varnaraðila vegna skuldar, er árituð var um aðfararhæfi í Héraðsdómi Reykjavíkur 26. október sl. Í kröfu sinni um gjaldþrotaskipti er höfuðstóll skuldarinnar ásamt dráttarvöxtum og kostnaði greindur 3.652.305,50 kr. Að kröfu Fiskevegen a/s var gert árangurslaust fjárnám hjá varnaraðila 25. janúar sl.

Krafa sóknaraðila var fyrst tekin fyrir á dómþingi 31. mars sl. Mætt var af hálfu varnaraðila, og var kröfu sóknaraðila mótmælt. Var því þingfest mál þetta til úrlausnar um fram kominn ágreining, sbr. 168. gr. laga nr. 21/1991.

III.

Sóknaraðili telur, að hafna beri öllum kröfum varnaraðila og taka kröfu sóknaraðila til greina, þar sem ekki sé fullnægt skilyrðum þess að fá nú úrlausn héraðsdómara um aðfarargerð. Ef varnaraðili hefði haft hug á að leita úrlausnar héraðsdóms um aðfarargerðina, hefði honum borið að gera það innan átta vikna frá lokum gerðarinnar, en sá frestur sé nú löngu liðinn. Þá hefði þurft að kveðja til hinn aðila fjárnámsgerðarinnar, þ. e. gerðarbeiðandann, Fiskevegen a/s. Sóknaraðili telur, að ekki sé gert ráð fyrir úrlausn héraðsdómara um aðfarargerð við fyrirtöku kröfu um töku bús til gjaldþrotaskipta. Þar sem varnarástæður varnaraðila lúti í raun að gildi aðfarargerðarinnar, án þess að uppfyllt séu réttarfarsskilyrði til slíkrar málsmeðferðar, beri að hafna kröfum hans í málinu.

Fallist héraðsdómur á að taka málsástæður varnaraðila til skoðunar, er á því byggt af hálfu sóknaraðila, að ekkert sé fram komið í málinu, sem hnekki gildi aðfarargerðarinnar. Fyrirsvarsmanni varnaraðila hafi verið kynnt efni bókunar sýslumanns um gerðina, sem hann hafi engar athugasemdir gert við, og hafi hann undirritað bókunina. Yfirlýsing varnaraðila um hið gagnstæða löngu síðar sé ótrúverðug, og beri því að líta fram hjá henni, enda hafi hann ekki stutt það neinum gögnum, að staða hans sé önnur en aðfarargerðin staðfesti. Ekki hafi verið lögð fram nein gögn um verðgildi lagersins eða fjárhag varnaraðila, og framburður stjórnarformanns varnaraðila fyrir dómi bendi til, að hann viti ekki um fjárhagsstöðu hans. Ástæða þessa sé sú, að fyrirtækið sé í raun gjaldþrota.

Að því er varðar heimild sýslumanns til að ljúka aðfarargerð sem árangurslausri, þótt bent sé á eignir til tryggingar kröfu, er því haldið fram af hálfu sóknaraðila, að túlka beri 2. mgr. 38. gr. laga nr. 90/1989 á þá leið, að mat fari ekki fram, ef aðilar eru sammála um það. Mat sýslumanns byggist því í raun á mati aðila. Þeir hafi forræði á sakarefni samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála. Sóknaraðili telji, að dómstólar geti ekki breytt þessu frjálsa mati stjórnvalda, slíkt sé andstætt reglu 60. gr. stjórnarskrár.

Til stuðnings kröfu sinni um gjaldþrotaskipti vísar sóknaraðili til 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Um skilyrði fyrir úrlausn héraðsdómara um aðfarargerð vísar hann til 92. gr. laga nr. 90/1989.

IV.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á því, að við framkvæmd fjárnámsgerðar þeirrar, er sóknaraðili byggir kröfu sína um gjaldþrotaskipti á, hafi fyrirsvarsmaður hans bent á lager, sem verið hafi að Suðurströnd 4, Seltjarnarnesi. Hafi gerðarbeiðanda verið tjáð, að hluti hans hafi verið tekinn fjárnámi vegna annarra krafna. Eftir símtal við Friðrik Arngrímsson hdl., lögmann fjárnámshafa, hafi umræddum lager verið hafnað sem tryggingu. Engin frekari virðing eða skoðun hafi farið fram. Hafi fjárnámsgerðinni verið lokið með svofelldri bókun: „Aðilar eru sammála um, að hann standi ekki sem trygging fyrir kröfu gerðarbeiðanda. Lögmaður gerðarbeiðanda krefst, að fjárnámi verði lokið án árangurs, og er svo gert með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989." Af hálfu varnaraðila er því mótmælt, að umrædd yfirlýsing eigi við hann. Við fjárnámsgerðina hafi verið staddir fulltrúar fleiri gerðarbeiðenda, og vísi umrædd bókun beint til álits þeirra á fram boðinni tryggingu. Varnaraðili hafi staðfastlega bent á umræddan lager til tryggingar og á engan hátt samþykkt, að hann væri ekki næg trygging; þvert á móti hafi eignir á lager meira en dugað til að tryggja kröfur gerðarbeiðanda. Varnaraðili telji, að þar sem framangreindri fjárnámsgerð hafi þannig verið lokið, án þess að raunveruleg virðing hafi farið fram á eignum þeim, sem boðnar voru sem trygging, eins og mælt er fyrir um í 2., sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 90/1989, beri að ómerkja gerðina. Þá vísi varnaraðili til 63. gr. sömu laga, er mæli fyrir um, að ekki megi ljúka aðfarargerð sem árangurslausri, nema fram fari mat.

Af hálfu varnaraðila er því enn fremur haldið fram, að þótt ekki verði fallist á kröfu hans um ógildingu fjárnámsins, þá beri allt sem áður að hafna kröfu sóknaraðila um gjaldþrotaskipti, þar sem fjárnámið gefi ekki rétta mynd af hag varnaraðila, líkt og áskilið sé í 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991.

Um lagastoð fyrir kröfum sínum vísar varnaraðili til ákvæða 168. gr. laga nr. 21/1991, sbr. XXIV. kafla sömu laga, svo og 92. laga nr. 90/1989.

V.

Niðurstaða.

Í 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 er kveðið á um heimild lánardrottins til að krefjast gjaldþrotaskipta á búi skuldara, ef fjárnám hefur verið gert hjá skuldaranum án árangurs að nokkru leyti eða öllu á síðustu þremur mánuðum fyrir frestdag. Jafnframt er áskilið,

að ekki sé ástæða til að ætla, að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag skuldara. Skilyrði þetta felur fyrst og fremst í sér, að gætt hafi verið reglna 8. kafla aðfararlaga nr. 90/1989 um það, hvenær megi ljúka gerð án árangurs. Fjárnámsgerð sú, er sóknaraðili reisir kröfu sína á, fór fram hjá varnaraðila 25. janúar sl. Í fjárnámsendurriti kemur fram, að er fulltrúi sýslumanns skoraði á fyrirsvarsmann varnaraðila að benda á eignir til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda, benti hann á lager á Seltjarnarnesi. Ekki fór fram virðing, heldur var bókað, að aðilar væru sammála um, að lagerinn stæði ekki sem trygging fyrir kröfunni. Var gerðinni síðan að kröfu gerðarbeiðanda lokið án árangurs með vísan til 8. kafla laga nr. 90/1989.

Í 63. gr. laga nr. 90/1989 er skýrt kveðið á um, að ekki sé rétt að ljúka fjárnámi án árangurs, ef bent er á eign gerðarþola, er að nokkru gæti nægt til tryggingar kröfunni, nema staðreynt hafi verið með virðingu skv. 2. eða 3. mgr. 38. gr. laganna, að hún nægi ekki til fullrar tryggingar. Að mati réttarins er því ljóst, að ekki voru skilyrði til að ljúka umræddri fjárnámsgerð án árangurs. Ekki er fallist á það sjónarmið sóknaraðila, að um sé að ræða frjálst mat stjórnvalda, er héraðsdómari hafi ekki heimild til að breyta, enda er tekið fram í 1. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991, að héraðsdómari kanni, hvort gallar séu á kröfu lánardrottins um gjaldþrotaskipti eða á málatilbúnaði hans að öðru leyti. Þrátt fyrir það að varnaraðili hafi ekki lagt fram nein gögn um fjárhagsstöðu sína, er sýni fram á, að hann sé gjaldfær, getur það eitt ekki leitt til þess, að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta, þar sem skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, er sóknaraðili reisir kröfu sína á, er ekki fullnægt í máli þessu. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila um töku bús varnaraðila til gjaldþrotaskipta.

Af hálfu varnaraðila er gerð krafa um ógildingu umræddrs fjárnáms. Ekki verður séð, að lagaskilyrðum sé til að dreifa í máli þessu til að taka þá kröfu hans til athugunar, og ber því að vísa kröfunni frá dómi.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 35.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Vinnustofunnar Klappar hf., um töku bús varnaraðila, Asiaco hf., til gjaldþrotaskipta er hafnað.

Kröfu varnaraðila um ógildingu fjárnáms þess, er fram fór hjá honum 25. janúar 1993, er vísað frá dómi.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 35.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Miðvikudaginn 16. júní 1993.

Nr. 254/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Aðalsteini Aðalsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. júní 1993, sem barst réttinum 16. júní. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júní um gæsluvarðhald á hendur varnaraðila. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júní 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn innbrots í gullsmíðastofu Halldórs Kristinssonar að Hallveigarstíg 10 A, Reykjavík, aðfaranótt 1. júní sl. Samkvæmt framburði vitnis hafði það mætt manni með peningaskáp í fanginu, og lagði maðurinn á flótta, er það sá til vitnisins, og fleygði frá sér peningaskápnum. Að sögn vitnisins var maðurinn með hárkollu á höfði, en hárkolla fannst á vettvangi svo og í bifreiðinni R-3768, sem lagt var við undirgang, sem liggur að innbrotsstað. Stolið hafði verið efni til gullsmíða, svo sem rauðagulli, hvítagulli, eðalsteinum og skartgripum, sem voru til viðgerðar, en munir þessir voru teknir úr skúffum á verkstæði gullsmíðavinnustofunnar svo og úr vinnuborði og hillum.

Bifreiðin R-3768 var opin og kveikjulásslyklar í kveikjulás. Í bifreiðinni fannst seðlaveski, og í því var vegabréf kærða. Einnig fannst í bifreiðinni dökk hárkolla. Skráður eigandi bifreiðarinnarr er Steinunn Helga Axelsdóttir, Hverfisgötu 32 B, Reykjavík, en móðir kærða, Þórey Aðalsteins-

dóttir, kvaðst í samtali við lögreglu vera eigandi bifreiðarinnar, en hún kvaðst eiga eftir að tilkynna eigendaskiptin. Hún kvað son sinn, kærða, hafa verið á bifreiðinni að kvöldi 31. maí 1993.

Kærði hefur neitað aðild að máli þessu, en hann er enn fremur grunaður um aðild að öðrum innbrotum, sem framin voru á tímabilinu frá 9. desember 1992 til 14. febrúar 1993., svo og tékkafalsbrotum. Hann hefur einnig neitað aðild að þeim brotum.

Brot þau, sem kærði er grunaður um, geta varðað hann fangelsi samkvæmt 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Með vísan til alls framanritaðs sem og rannsóknargagna málsins þykir hætta á, að kærði geti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að skjóta undan munum eða afmá merki eftir brot. Ber því samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Aðalsteinn Aðalsteinsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. júní 1993 kl. 16.00.

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 229/1993. **Ákæruvaldið**

gegn

G.

Kærumál. Kæruheimild. Vitni. Brottvísun sakbornings. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Ákærði hefur með kæru 1. júní 1993, sem lýst var með bókun í þingbók Héraðsdóms Reykjavíkur, skotið til Hæstaréttar þeirri ákvörðun héraðsdómara í málinu nr. S-270/1993: Ákæruvaldið gegn G, að hann verði látinn víkja úr þinghaldi fyrir dóminum, meðan skýrsla sé tekin af vitninu S. Um kæruheimild vísar ákærði til 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hann þess, að umrædd ákvörðun verði úr gildi felld og sér dæmdur kærumálskostnaður, er lagður verði á ríkissjóð.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafist, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti. Jafnframt er lýst þeirri skoðun, að ákvörðun héraðsdómara hafi verið eðlileg og í samræmi við heimildir hans að lögum.

Dómari málsins, Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari, hefur látið athugasemdir sínar fylgja kærunni til Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 145. gr. laga nr. 19/1991.

Fyrrgreint sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 27. apríl 1993, þar sem ákærða er gefið að sök að hafa hinn 28. desember 1992 þröngvað vitninu S, sem þá bjó með honum í óvígðri sambúð, til kynferðismaka á heimili þeirra með þeim hætti, að varði við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Þar er og gerð krafa um skaðabætur til vitnisins vegna þessa verknaðar.

Málið var tekið til aðalmeðferðar á dómþingi 1. júní 1993 að viðstöddum ákæranda og ákærða ásamt skipuðum verjanda hans. Dómari málsins ákvað, að þinghaldið færi fram fyrir luktum dyrum af velsæmisástæðum, sbr. e-lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 19/1991, og var því ekki andmælt af hálfu ákærða eða ákæruvaldsins. Hófst meðferðin með því, að skýrsla var tekin af ákærða, eftir að ákær-

andi hafði gert grein fyrir ákæruskjali og stuðningsgögnum þess. Þegar ákærði hafði lokið framburði sínum, var vitnið S kvödd fyrir dóminn. Með henni var mættur í réttinum ónafngreindur aðili frá Stígamótum í Reykjavík. Bað vitnið um, að hann yrði viðstaddur yfirheyrslu þess, og sætti það ekki andmælum. Vitnið óskaði síðan eftir því, að ákærði yrði ekki viðstaddur yfirheyrsluna. Ákvað dómarinn með vísan til 6. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991 að verða við þeirri ósk, og yrði ákærða vikið úr þinghaldinu, meðan skýrsla væri tekin af þessu vitni. Verjandi ákærða bar fram mótmæli við ákvörðuninni og kvaðst óska að kæra hana til Hæstaréttar. Héraðsdómari frestaði málinu, meðan fjallað yrði um það í Hæstarétti.

Kæra þessi þykir heimil samkvæmt d-lið 2. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1992.

Ákærði heldur því fram með vísan til orða 6. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991, að hrinda beri hinni kærðu ákvörðun þegar af þeirri ástæðu, að hún sé ekki byggð á kröfu frá aðilum málsins, heldur á ósk frá vitninu sjálfu. Á þetta verður ekki fallist.

Í 6. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1992 er dómara heimilað að víkja sakborningi úr þinghaldi, meðan tekin er skýrsla af vitni, ef þess er krafist og dómari telur, að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess. Á þetta sérstaklega við um skýrslutöku í kynferðisafbrotamálum.

Ekki þykja næg efni til að breyta því mati héraðsdómara að víkja ákærða úr þinghaldi, meðan framangreind vitnayfirheyrsla fer fram. Samkvæmt því ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í 4. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991 segir skýrum stöfum, að ákærði eigi rétt á að vera við aðalmeðferð máls. Dómari geti þó ákveðið, að ákærði víki af þingi, meðan skýrsla verði tekin af öðrum sakborningi eða af vitni. Um hið síðara er vísað til 6. mgr. 59. gr. laganna, er hljóðar svo: „Dómari getur ákveðið, að sakborn-

ingi verði vikið úr þinghaldi, meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist og dómari telur, að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess.“ Er þetta það lagaákvæði, sem hin kærða ákvörðun er á reist.

Ég er samþykkur þeirri niðurstöðu annarra dómenda, að kæruefnið falli undir d-lið 2. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991, og tel, að fella mætti það undir c-lið sömu málsgreinar, ef hins nyti ekki við.

Vitnið S er fullþroska kona og jafnframt gagnkunnug ákærða vegna sambúðar þeirra um rúmlega eins árs skeið. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að verulegt ójafnræði sé með henni og ákærða í tilfinningalegu eða öðru tilliti eða að hún megi teljast háð honum vegna annars en sambúðarinnar, sem þau hafa nú slitið. Hún er kærandi að málinu og höfuðvitni ákæruvaldsins og á sjálf hagsmuna að gæta um bótakröfu á hendur ákærða. Ástæðulaust er að efa, að þungbært geti verið að skýra frá þeim atburðum, sem málið snýst um. Á hinn bóginn er á það að líta, að krafan um beina sönnunarfærslu fyrir dómi er hin almenna regla réttarfarsins þrátt fyrir þá áraun, sem henni fylgir fyrir aðila og vitni. Um ákærða er því haldið fram, að hann eigi við tilfinningaleg vandamál að etja, og í málinu er hann sakaður um líkamlegt og andlegt ofbeldi gagnvart vitninu. Hins vegar hafa líkur ekki verið leiddar að því, að vitnið megi vænta afarkosta frá hans hendi í sambandi við málið, svo sem vegna hótana eða ógnunar af öðru tagi. Þegar hefur verið ákveðið að þinga í málinu fyrir luktum dyrum, og mun vitnið njóta þess.

Réttur sakbornings til að vera viðstaddur þinghöld í máli sínu er mikilvægur þáttur í réttlátri málsmeðferð og varðar í senn almennt réttaröryggi og jafnræði í málflutningi. Í máli þessu hefur ekki verið sýnt nægilega fram á, að nærvera ákærða verði svo sérstaklega íþyngjandi fyrir vitnið, að efni séu til að meina honum að hlýða á framburð þess. Er því rétt, að hin kærða ákvörðun verði úr gildi felld. Kærumálskostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 146/1990. **Brynjar Viggósson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
þrotabúi Stranda hf.
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.).

Hlutafélag. Hlutafárloforð. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1990. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að ekki er ágreiningur milli aðila um það, hve mikið var ógreitt af hlutafjárloforði áfrýjanda til Stranda hf.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í héraðsdómi kemur fram, að á skiptafundi í þrotabúi Stranda hf. 30. ágúst 1988 fékk ríkissjóður heimild til að reka mál þetta á hendur áfrýjanda. Samkvæmt 114. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 var rétt, að ríkissjóður höfðaði málið í eigin nafni fyrir hönd þrotabúsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Brynjar Viggósson, greiði stefnda, þrotabúi Stranda hf., 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 5. mars 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 13. mars 1989.

Stefnandi er þrotabú Stranda hf., nnr. 8527-7561, sem er til skiptameðferðar hjá skiptaráðandanum í Gullbringusýslu.

Stefndi er Brynjar Viggósson, kt. 290751-4119, Markholti 15, Mosfellsbæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða eftirstöðvar hlutafjárloforðs, að fjárhæð 769.500 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins auk sérstaks virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefnukrafan verði lækkuð og vextir aðeins dæmdir frá 4. 4. 1989 og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Málavextir eru þeir, að 28. júlí 1983 var hlutafélagið Strandir stofnað. Hluthafar voru fimm, stefndi, Brynjar Viggósson vélstjóri, Friðþjófur Haraldsson verkstjóri, Hafsteinn Þór Hilmarsson vélvirki, Hilmar Haraldsson vélstjóri og Jón Leví Hilmarsson verkfræðingur.

Megintilgangur félagsins var að setja á stofn verksmiðju á Reykjanesi til vinnslu og sölu á mjöli og lýsi úr fisk- og kjötúrgangi.

Hlutafé félagsins var ákveðið 2.500.000 kr., og skiptist það jafnt milli hluthafanna fimm og stofnenda félagsins. Hinn 16. september 1983 var ákveðið á hluthafafundi að auka hlutafé félagsins í 5.000.000 kr. með sömu skiptingu hluthafa.

Rekstur Stranda hf. gekk illa, og 4. nóvember 1986 var beiðni stjórnar félagsins um gjaldþrotaskipti tekin fyrir í skiptarétti Gullbringusýslu. Úrskurður um skiptameðferð var kveðinn upp samdægurs. Við athugun á bókhaldsgögnum fyrirtækisins og í yfirheyrslum fyrir skiptarétti kom fram, að tveir hluthafar virtust skulda búinu hlutafé, og er stefndi annar þeirra.

Á skiptafundi í þrotabúi Stranda hf. 30. 8. 1988 var ríkissjóði heimilað að höfða mál gegn stefnda í nafni þrotabúsins til innheimtu á ógreiddu hlutafé, en 25. mars 1987 sendi skiptastjóri þrotabúsins Stranda hf. innheimtubréf og krafði stefnda um ógreitt hlutafé.

Af hálfu stefnda er því m. a. haldið fram, að hann hafi verið leystur undan hlutafjárloforði á hluthafafundi á árinu 1985 og að sú ákvörðun stjórnar hafi verið færð í fundargerðabók.

Í fyrstu aðalstjórn félagsins var Friðþjófur Haraldsson formaður, en meðstjórnendur Hilmar Haraldsson og Jón Leví Hilmarsson.

Fram hefur komið í málinu, að árið 1984 var Jón Leví Hilmarsson orðinn formaður, en meðstjórnendur Hilmar Haraldsson og stefndi.

Hilmar Haraldsson var framkvæmdastjóri félagsins frá upphafi.

— — —

IV.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög skal stjórn hlutafélags innheimta hlutafé án tafar með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutarins. Ef hlutafé er ekki greitt, getur það leitt til þess, að félaginu verði slitið skv. 15. gr. og búi þess skipt eða tekið til gjaldþrotaskipta. Skilvís greiðsla hlutafjár er veigamikill þáttur í stofnun hlutafélags. Vanskil á þessum greiðslum eru talin réttlæta það, að félaginu sé slitið.

Hvorki stjórn hlutafélags né hluthafafundur hefur heimild til að leysa hluthafa undan greiðslu hlutafjár, sem hann hefur lofað að leggja til við stofnun félags. Stjórn hefur aðeins þau úrræði að innheimta skuldina eða afhenda öðrum hlut áskrifandans. Stjórn getur ekki afskrifað hlutafjárloforð með hlutafjárlækkun skv. 42. gr., því að sú grein hlutafélagalaga á aðeins við, þegar allt hlutafé hefur verið greitt. Stjórn hlutafélags getur því ekki með neinum hætti gefið eftir greiðslu hlutar.

Sama máli gegnir um hækkun hlutafjár. Skal stjórn innheimta hlutina án tafar eða veita öðrum rétt til hlutarins, sbr. 2. mgr. 14. gr. Verði skuldin hins vegar ekki innheimt, skal beita reglum 16. gr., sem mælir svo fyrir, að stjórn skuli tilkynna Hlutafélagaskrá, að hlutafé hafi verið lækkað í félaginu skv. 44. gr. Ef stjórn vanrækir það, skal ráðherra láta skrá, að hlutaféð hafi verið lækkað sem samsvari nafnverði þeirra hluta, er eigi hafa verið greiddir, og samþykktum sé breytt samfara því. Samkvæmt 44. gr. skal birta áskorun þrisvar í Lögbirtingablaði til kröfuhafa félagsins. Hlutafé má því aðeins lækka, að gjaldfallnar kröfur séu greiddar og fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna.

Samkvæmt framansögðu hafði stjórn Stranda hf. ekki heimild til að leysa stefnda undan hlutafjárloforðum, án þess að annar tæki við skuldbindingum stefnda gagnvart félaginu. Ekki hefur komið fram í málinu, að til hafi staðið að framselja öðrum hlut stefnda.

Þá þykir einnig ósannað, að stjórn eða hluthafafundur hafi tekið ákvörðun á hluthafafundi, sem haldinn var í Kópavogi árið 1985, að leysa stefnda undan hlutafjárloforði sínu.

Ekki verður fallist á með stefnda, að krafa stefnanda sé fallin niður vegna tómlætis. Samkvæmt 15. og 16. gr. skal greiða hluti í síðasta lagi innan þriggja ára. Stefndi fékk innheimtubréf skiptastjóra 25. mars 1987,

en stefndi lofaði hlutafé, að fjárhæð 500.000 kr., við stofnun félagsins 28. júlí 1983 og svo viðbótarhlutafé, að fjárhæð 500.000 kr., 16. september 1983.

Þá verður ekki heldur fallist á með stefnda, að krafa stefnanda sé fyrnd, því að ljóst er skv. 15. og 16. gr., að fyrningarfrestur byrjaði fyrst að líða á árinu 1986. Stofnframlag skyldi greiða í síðasta lagi innan þriggja ára, frá því að félagið var skráð, en við hækkun hlutafjár í síðasta lagi þremur árum eftir, að hækkun hefur verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár.

Varakrafa stefnda um, að stefnukrafa verði lækkuð, er reist á því, að stefnandi hafi ekki lagt fram yfirlit yfir greitt hlutafé og því sé ekki ljóst, hvernig stefnukrafan sé fundin.

Stefnandi reisir stefnukröfur í máli þessu á bókhaldsgögnum félagsins og skattframtali stefnda. Þá hefur stefndi sjálfur staðfest stefnukröfur hér fyrir dómi. Verður varakrafa stefnda um lækkun stefnufjárhæðar því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda vexti af skuldinni, sem eru jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum. Dráttarvaxtaákvæði vaxtalaga nr. 25/1987 gilda því aðeins, að annað leiði ekki af lögum, sbr. 3. gr. sömu laga.

Í stofnsamningi, dags. 28. 7. 1983, kemur fram, að helmingur hlutafjár sé greiddur, en eftirstöðvar verði greiddar á næstu tveimur árum. Verður því talið, að gjalddagi hlutafjár, sem stefndi lofaði við stofnun félagsins, hafi verið 28. júlí 1985. Af þeirri fjárhæð á stefndi eftir að greiða 269.500 kr.

Á hluthafafundi 15. september 1983 var ákveðið að auka hlutafé í félaginu, og skráði stefndi sig þá fyrir 500.000 kr. Ekki er getið um í tilkynningu til Hlutafélagaskrár, hvenær greiða ætti það hlutafé. Verður því að fara eftir 16. gr. hlutafélagalaga, þar sem segir, að við hækkun hlutafjár skuli hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi þremur árum eftir, að hækkun hefur verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár. Telst gjalddagi viðbótarhlutafjár því 15. september 1986, og verður stefndi dæmdur til að greiða vexti frá þeim tíma.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 769.500 kr. með vöxtum eins og af almennum sparisjóðsbókum, svo sem í dómsorði greinir, samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands af 269.500 kr. frá 28. júlí 1985 til 15. september 1986, en af 769.500 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Stefnanda er heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. júlí 1986.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 120.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla vaxta-

laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Brynjar Viggósson, greiði stefnanda, þrotabúi Stranda hf., 769.500 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum] og 120.000 kr. í málskostnað, sem ber vexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnanda er heimilt að leggja vexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. 7. 1986.

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 147/1990. **Friðþjófur Haraldsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
þrotabúi Stranda hf.
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.).

Hlutafélag. Hlutafjárloforð. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1990. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að ekki er ágreiningur milli aðila um það, hve mikið var ógreitt af hlutafjárloforði áfrýjanda til Stranda hf.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í héraðsdómi kemur fram, að á skiptafundi í þrotabúi Stranda hf. 30. ágúst 1988 fékk ríkissjóður heimild til að reka mál þetta á hendur áfrýjanda. Samkvæmt 114. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978 var rétt, að ríkissjóður höfðaði málið í eigin nafni fyrir hönd þrotabúsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Friðþjófur Haraldsson, greiði stefnda, þrotabúi Stranda hf., 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 5. mars 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 13. mars 1989.

Stefnandi er þrotabú Stranda hf., nnr. 8527-7561, sem er til skiptameðferðar hjá skiptaráðandanum í Gullbringusýslu.

Stefndi er Friðþjófur Haraldsson, kt. 230544-2719, Lágholti 15, Mosfellsbæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða eftirstöðvar hlutafjárloforðs, að fjárhæð 601.675,81 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað]. Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins auk sérstaks virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefnukrafan verði lækkuð og vextir aðeins dæmdir frá 4. 4. 1989 og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Málavextir eru þeir, að 28. júlí 1983 var hlutafélagið Strandir stofnað. Hluthafar voru fimm, Brynjar Viggósson vélstjóri, Hafsteinn Þór Hilmarsson vélvirki, Hilmar Haraldsson vélstjóri, Jón Leví Hilmarsson verkfræðingur og stefndi, Friðþjófur Haraldsson verkstjóri.

Megintilgangur félagsins var að setja á stofn verksmiðju á Reykjanesi til vinnslu og sölu á mjöli og lýsi úr fisk- og kjötúrgangi.

Hlutafé félagsins var ákveðið 2.500.000 kr., og skiptist það jafnt milli hluthafanna fimm og stofnenda félagsins. Hinn 16. september 1983 var ákveðið á hluthafafundi að auka hlutafé félagsins í 5.000.000 kr. með sömu skiptingu hluthafa.

Rekstur Stranda hf. gekk illa, og 4. nóvember 1986 var beiðni stjórnar félagsins um gjaldþrotaskipti tekin fyrir í skiptarétti Gullbringusýslu. Úrskurður um skiptameðferð var kveðinn upp samdægurs. Við athugun á bókhaldsgögnum fyrirtækisins og í yfirheyrslum fyrir skiptarétti kom fram, að tveir hluthafar virtust skulda búinu hlutafé, og er stefndi annar þeirra.

Á skiptafundi í þrotabúi Stranda hf. 30. 8. 1988 var ríkissjóði heimilað að höfða mál gegn stefnda í nafni þrotabúsins til innheimtu á ógreiddu hlutafé, en 25. mars 1987 sendi skiptastjóri þrotabúsins Stranda hf. innheimtubréf og krafði stefnda um ógreitt hlutafé.

Af hálfu stefnda er því m. a. haldið fram, að hann hafi verið leystur undan hlutafjárloforði á hluthafafundi á árinu 1985 og að sú ákvörðun stjórnar hafi verið færð í fundargerðabók.

Í fyrstu aðalstjórn félagsins var stefndi kosinn formaður, en meðstjórnendur voru Hilmar Haraldsson og Jón Leví Hilmarsson.

Fram hefur komið í málinu, að árið 1984 var Jón Leví Hilmarsson orðinn formaður, en meðstjórnendur Hilmar Haraldsson og Brynjar Viggósson.

Hilmar Haraldsson var framkvæmdastjóri félagsins frá upphafi.

— — —

IV.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 32/1978 um hlutafélög skal stjórn hlutafélags innheimta hlutafé án tafar með málsókn eða afhenda öðrum rétt til hlutarins. Ef hlutafé er ekki greitt, getur það leitt til þess, að félaginu verði slitið skv. 15. gr. og búi þess skipt eða tekið til gjaldþrotaskipta. Skilvís greiðsla hlutafjár er veigamikill þáttur í stofnun hlutafélags. Vanskil á þessum greiðslum eru talin réttlæta það, að félaginu sé slitið.

Hvorki stjórn hlutafélags né hluthafafundur hefur heimild til að leysa hluthafa undan greiðslu hlutafjár, sem hann hefur lofað að leggja til við stofnun félags. Stjórn hefur aðeins þau úrræði að innheimta skuldina eða afhenda öðrum hlut áskrifandans. Stjórn getur ekki afskrifað hlutafjárloforð með hlutafjárlækkun skv. 42. gr., því að sú grein hlutafélagalaga á aðeins við, þegar allt hlutafé hefur verið greitt.

Stjórn hlutafélags getur því ekki með neinum hætti gefið eftir greiðslu hlutar. Sama máli gegnir um hækkun hlutafjár. Skal stjórn innheimta hlutina án tafar eða veita öðrum rétt til hlutarins, sbr. 2. mgr. 14. gr. Verði skuldin hins vegar ekki innheimt, skal beita reglum 16. gr., sem mælir svo fyrir, að stjórn skuli tilkynna Hlutafélagaskrá, að hlutafé hafi verið lækkað í félaginu skv. 44. gr. Ef stjórn vanrækir það, skal ráðherra láta skrá, að hlutaféð hafi verið lækkað sem samsvari nafnverði þeirra hluta, er eigi hafa verið greiddir, og samþykktum sé breytt samfara því. Samkvæmt 44. gr. skal birta áskorun þrisvar í Lögbirtingablaði til kröfuhafa félagsins. Hlutafé má því aðeins lækka, að gjaldfallnar kröfur séu greiddar og fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu ógjaldfallinna eða umdeildra krafna.

Samkvæmt framansögðu hafði stjórn Stranda hf. ekki heimild til að leysa stefnda undan hlutafjárloforðum, án þess að annar tæki við skuldbindingum stefnda gagnvart félaginu. Ekki hefur komið fram í málinu, að til hafi staðið að framselja öðrum hlut stefnda.

Þá þykir einnig ósannað, að stjórn eða hluthafafundur hafi tekið ákvörðun á hluthafafundi, sem haldinn var í Kópavogi árið 1985, að leysa stefnda undan hlutafjárloforði sínu.

Ekki verður fallist á með stefnda, að krafa stefnanda sé fallin niður vegna tómlætis. Samkvæmt 15. og 16. gr. laga nr. 32/1978 skal greiða hluti í síðasta lagi innan þriggja ára. Stefndi fékk innheimtubréf skiptastjóra 25. mars 1987, en stefndi lofaði hlutafé, að fjárhæð 500.000 kr., við stofnun

félagsins 28. júlí 1983 og svo viðbótarhlutafé, að fjárhæð 500.000 kr., 16. september 1983.

Þá verður ekki heldur fallist á með stefnda, að krafa stefnanda sé fyrnd, því að ljóst er skv. 15. og 16. gr., að fyrningarfrestur byrjaði fyrst að líða á árinu 1986. Stofnframlag skyldi greiða í síðasta lagi innan þriggja ára, frá því að félagið var skráð, en við hækkun hlutafjár í síðasta lagi þremur árum eftir, að hækkun hefur verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár.

Varakrafa stefnda um, að stefnukrafa verði lækkuð, er reist á því, að stefnandi hafi ekki lagt fram yfirlit yfir greitt hlutafé og því sé ekki ljóst, hvernig stefnukrafan sé fundin.

Stefnandi reisir stefnukröfur í máli þessu á bókhaldsgögnum félagsins. Stefndi hefur ekki lagt fram nein gögn um, að hann hafi greitt meira en 398.324,19 kr. af 1.000.000 kr. hlutafjárloforði, og hefur í raun staðfest stefnukröfur tölulega hér fyrir dómi. Verður varakrafa stefnda um lækkun stefnufjárhæðar því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda vexti af skuldinni, sem eru jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum. Dráttarvaxtaákvæði vaxtalaga nr. 25/1987 gilda því aðeins, að annað leiði ekki af lögum, sbr. 3. gr. sömu laga.

Í stofnsamningi, dags. 28.7.1983, kemur fram, að helmingur hlutafjár sé greiddur, en eftirstöðvar verði greiddar á næstu tveimur árum. Verður því talið, að gjalddagi hlutafjár, sem stefndi lofaði við stofnun félagsins, hafi verið 28. júlí 1985. Af þeirri fjárhæð á stefndi eftir að greiða 101.675,81 kr.

Á hluthafafundi 15. september 1983 var ákveðið að auka hlutafé í félaginu, og skráði stefndi sig þá fyrir 500.000 kr. Ekki er getið um í tilkynningu til Hlutafélagaskrár, hvenær greiða ætti það hlutafé. Verður því að fara eftir 16. gr. hlutafélagalaga, þar sem segir, að við hækkun hlutafjár skuli hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi þremur árum eftir, að hækkun hefur verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár. Telst gjalddagi viðbótarhlutafjár því 15. september 1986, og verður stefndi dæmdur til að greiða vexti frá þeim tíma.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 601.675,81 kr. með vöxtum eins og af almennum sparisjóðsbókum, svo sem í dómsorði greinir, samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands af 101.675,81 kr. frá 28. júlí 1985 til 15. september 1986, en af 601.675,81 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Stefnanda er heimilt að leggja áfallna vexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. júlí 1986.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 100.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti skv. III. kafla vaxta-

laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Friðþjófur Haraldsson, greiði stefnanda, þrotabúi Stranda hf., 601.675,81 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum] og 100.000 kr. í málskostnað, sem ber vexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnanda er heimilt að leggja vexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. 7. 1986.

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 16 og 184/1993.

Ákæruvaldið
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Björgvin Páli Friðrikssyni og Þorláki Gesti Hálfdánarsyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Bifreiðar. Umferðarlög. Hættuakstur. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 23. desember 1992 áfrýjað til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1992 í máli, sem höfðað hafði verið af hálfu ákæruvalds gegn ákærðu báðum með ákæru 19. ágúst 1992. Þá hefur hann með stefnu 4. maí 1993 áfrýjað dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1993 í máli á hendur ákærða Þorláki Gesti, er höfðað hafði verið með tveimur ákæruskjölum, dagsettum 9. mars og 29. mars 1993.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á sakfellingu beggja ákærðu samkvæmt dóminum frá 7. október 1992 og á ákvæðum um skilorðsrof reynslulausnar ákærða Þorláks Gests á óafplánuðum eftirstöðvum refsivistar, 280 dögum, en jafnframt er krafist heimfærslu brots ákærða Björgvins Páls til 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þyngingar á refsingu beggja. Að því er ákærða Þorlák Gest varðar, er krafist staðfestingar á refsiákvörðun í dómi frá 6. apríl 1993 og ökuleyfissviptingu, en jafnframt þyngingar á samanlagðri refsingu hans í báðum dómum.

Verjandi ákærðu krefst þess í fyrra málinu, að refsing ákærða Björgvins Páls verði milduð og að ákærði Þorlákur Gestur verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en í því síðara, að refsing ákærða Þorláks Gests verði milduð.

I.

Dómur 7. október 1992.

Eins og lýst er í héraðsdómi, breytti ákærði Björgvin Páll framburði sínum fyrir lögreglu og rannsóknarlögreglu, þegar hann kom fyrir dóm, og kvaðst ekki muna eftir atvikum, sem um er fjallað í I. kafla ákæru, sökum ölvunar. Kvað hann skýrslur sínar fyrir lögreglu vera runnar undan rifjum hennar. Hann kvaðst þó ekki neita þeim sökum, sem á sig væru bornar. Í ódagsettu bréfi til Hæstaréttar Íslands eftir uppsögu héraðsdóms lýsti Björgvin Páll því yfir, að hann hefði staðið einn að báðum innbrotunum, og hefði ákærði Þorlákur Gestur hvergi komið þar nærri, heldur sofið áfengissvefni í bifreiðinni, á meðan hann sjálfur braust inn í húsið. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit frá dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars sl., þar sem ákærði Björgvin Páll gaf skýrslu. Kvaðst hann hafa sannfærst um, að hann hefði staðið einn að innbrotinu, og hefði hann fengið það staðfest í samtölum við ákærða Þorlák Gest.

Lögreglumaður hefur borið fyrir dómi, að hann hafi séð tvo menn bera varning út úr húsinu og inn í bifreiðina, sem veitt var eftirför. Voru báðir ákærðu handteknir í bifreiðinni, þegar hún var stöðvuð. Samkvæmt þessu og framburði vitnisins Andreu H. Róbertson fyrir dómi svo og upphaflegum framburði ákærða Björgvins Páls, sem meta verður ásamt síðari skýringum hans, þykir fram komin fullnægjandi sönnun fyrir sakfellingu beggja ákærðu, og ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um þetta atriði.

Í II. kafla ákæru er fjallað um umferðarlagabrot ákærða Björgvins Páls. Er hann m. a. sakaður um að hafa ekið með allt að 90 km hraða miðað við klukkustund, sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglu, aka á móti rauðu ljósi, virða ekki stöðvunarskyldumerki og aka á röngum vegarhelmingi. Urðu ökumenn annarra bifreiða að aka út af vegi til að forðast árekstur við bifreið ákærða. Er þetta heimfært til 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telja verður, að ákærði Björgvin Páll hafi með akstri sínum raskað öryggi bifreiða og umferðaröryggi almennt með svo stórfelldum hætti, að brot hans sé réttilega heimfært til 168. gr. laga nr. 19/1940, sem beitt verður jafnframt þeim ákvæðum umferðarlaga, sem til er vísað í héraðsdómi.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um rof ákærða Þorláks Gests á skilorði reynslulausnar.

II.

Dómur 6. apríl 1993.

Staðfesta ber refsiákvörðun héraðsdóms svo og ævilanga ökuleyfissviptingu ákærða Þorláks Gests.

III.

Sakaferli ákærðu er lýst í héraðsdómi. Refsingu beggja ákærðu ber að ákveða með hliðsjón af 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða Björgvins Páls hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi og refsing ákærða Þorláks Gests 20 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Björgvin Páll Friðriksson sæti fangelsi í tíu mánuði.

Ákærði Þorlákur Gestur Hálfdánarson sæti fangelsi í tuttugu mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um ævilanga ökuleyfissviptingu ákærða Þorláks Gests svo og ákvæði héraðsdómanna um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 7. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-43/1992: Ákæruvaldið gegn Þorláki Gesti Hálfdánarsyni og Björgvin Páli Friðrikssyni, sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. ágúst 1992, á hendur ákærðu, Björgvin Páli Friðrikssyni, Hásteinsvegi 48, Vestmannaeyjum, fæddum 18. janúar 1965, fæðingarnúmer 312, og Þorláki Gesti Hálfdánarsyni, Írabakka 4, Reykjavík, fæddum 27. apríl 1958, fæðingarnúmer 580, „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík árið 1992:

I.

Gegn ákærðu báðum fyrir þjófnað með því að hafa:

1) ákærði Björgvin Páll aðfaranótt föstudagsins 1. maí brotist inn í húsið að Skúlatúni 4, farið þar inn í húsnæði heildverslunar Karls K. Karlssonar og stolið þaðan erlendum gjaldeyri, tveimur áfengisflöskum, ávísanahefti og þremur stimplum með nafni fyrirtækisins, að verðmæti um 95.000 krónur, og inn í húsnæði fyrirtækisins Ístaks og stolið þaðan tékka, að fjárhæð 3.000 krónur, og stimpli með nafni fyrirtækisins,

2) ákærðu báðir aðfaranótt sunnudagsins 3. maí brotist inn í sama hús og þar inn í húsnæði heildverslunar Karls K. Karlssonar og stolið þaðan myndavél af Minolta-gerð, litlu segulbandstæki af Olympus-gerð, tveimur símtækjum og 24 áfengisflöskum auk upptakara og nokkurra penna með Carlsberg-merkjum, samtals að verðmæti um 52.000 krónur.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Gegn ákærða Björgvin Páli fyrir umferðarlagabrot með því að aka bifreiðinni Z-559 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda, sem hér segir:

1) aðfaranótt föstudagsins 1. maí úr Breiðholtshverfi um götur í borginni að Skúlatúni 4 og þaðan upp í Breiðholt að nýju,

2) aðfaranótt sunnudagsins 3. maí frá Skúlatúni 4, sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglu, heldur aka á undan henni með allt að 90 kílómetra hraða miðað við klukkustund á köflum austur Skúlatún og suður Höfðatún, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu þar á götuvitum í aksturs stefnu hans, vestur Laugaveg, suður Rauðarárstíg, vestur Skeggjagötu gegn einstefnu, suður Gunnarsbraut, vestur Flókagötu og norður Snorrabraut, án þess að virða stöðvunarskyldumerki þar á gatnamótunum, austur Skeggjagötu, suður Rauðarárstíg, austur Flókagötu og suður Lönguhlíð án þess að virða stöðvunarskyldumerki þar á gatnamótunum og yfir Miklubraut, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu þar á götuvitum í aksturs stefnu hans, en mikil umferð bifreiða var um gatnamótin, er þetta var, og áfram suður Litluhlíð, austur Bústaðaveg og yfir Háaleitisbraut, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu þar á götuvitum í aksturs stefnu hans, og á röngum vegarhelmingi á móts við Bústaðakirkju, fram hjá lögreglubifreið, sem lögreglumenn höfðu stöðvað þar á veginum í því skyni að stöðva akstur ákærða, og urðu öku-

menn annarra bifreiða, sem ekið var vestur veginn, að aka út af veginum til að forðast árekstur við bifreið ákærða, sem ók áfram í austur og út af veginum á móts við Reykjanesbraut, yfir graslendi og göngustíga og um göng undir Reykjanesbraut og þar á grindverk, sem lokaði göngunum, en við það missti ákærði stjórn á bifreiðinni, og lenti hún á hlöðnum steinvegg austan Reykjanesbrautar.

Telst liður 1 varða við 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en liður 2 við 168. gr. almennra hegningarlaga, 1. mgr. 4. gr., 1. og 3. mgr. 5. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. og 2. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr., stafliði a og c, 36. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu vreði dæmdir til refsingar".

Málavextir.

1) Aðfaranótt föstudagsins 1. maí sl. var brotist inn í Skúlatún 4 hér í borg, en þar eru skrifstofur fyrirtækjanna Karls K. Karlssonar, Ístaks, Vesturíss og Fossvirkis svo og ræðismanns Belgíu. Úr fyrirtækinu Karli K. Karlssyni, var talið, að stolið hefði verið erlendum gjaldeyri, að verðmæti 250.000 krónur, ýmsum lyfjum og þremur stimplum fyrirtækisins. Úr fyrirtækinu Ístaki, var talið, að stolið hefði verið tékka, að fjárhæð 3.000 krónur. Auk þessa var rótað í hirslum víða í húsinu og dyr brotnar upp og skemmdar.

Laugardagskvöldið næsta voru handtekin í veitingastofunni Pétursklaustri við Laugaveg Andrea Róbertson, kt. 281258-7889, og Finnur Jóhannsson, kt. 310851-7959, þar sem talið var, að þau væru að nota falsaðan tékka. Tékki þessi er á Iðnaðarbankann í Hafnarfirði, út gefinn með nafni Sigrúnar Gunnarsdóttur, stimplaður með stimpli Ístaks hf. og framseldur með nafni ákærða Björgvins Páls. Skýrði Andrea frá því í yfirheyrslu daginn eftir og síðar fyrir dómi, að ákærðu hefðu komið í heimsókn til sín á fimmtudaginn, og hefði Björgvin Páll verið með umslag, sem í var ýmislegur erlendur gjaldeyrir og tékkhefti á Iðnaðarbankann. Þá hefði hann verið með stimpla frá Ístaki og Karli Karlssyni lækni. Hefði Björgvin falsað nokkra tékka úr heftinu, þar á meðal þann, sem hún notaði í Pétursklaustri, og látið sig hafa. Ákærðu hefðu rætt um að fara aftur og taka peningaskáp, og skildist henni, að þeir væru að tala um Ístak. Hafi Þorlákur Gestur verið með Lada-bifreið, ljósa að lit, sem bróðir hans, Guðni, átti.

Lögreglan í Reykjavík hóf að svipast um eftir bifreiðinni Z-559 af gerðinni Lada, þar sem talið var, að innbrotsmenn væru á ferð í henni. Sást til hennar, þar sem hún var kyrrstæð við Skúlatún 4 kl. 2.45. Fór Ragnar

Jónsson lögreglumaður þangað á ómerktri bifreið og sá að eigin sögn tvo menn koma út úr húsasundi við Skúlatún 4. Hafi annar verið með tösku, en hinn með poka, sem þeir settu í bifreiðina. Hófst nú eftirför, sem Ragnar kveður hafa verið óslitna og með þátttöku annarra lögreglubifreiða. Barst leikurinn vítt um borgina og endaði við undirgöng hjá gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar. Voru ákærðu handteknir þar og ákærði Björgvin Páll færður til yfirheyrslu. Samkvæmt skýrslu Adolfs Árnasonar lögreglumanns fundust í bifreiðinni nokkrar áfengis- og gosdrykkjaflöskur, tveir símar, tvö veski með greiðslukortum, 80 þýsk mörk, tékkhefti á Barclays-banka í New York og 30 pennar. Ákærðu voru færðir hvor í sinn fangaklefa, og er þess getið í skýrslunni, að hvorugur þeirra hafi verið með neitt fémætt meðferðis.

Í skýrslu Gylfa Gylfasonar rannsóknarlögreglumanns um leit í bifreiðinni fundust tékkhefti á Iðnaðarbankann í Hafnarfirði, stimplar fyrirtækjanna Karls K. Karlssonar og Ístaks hf., 120 þýsk mörk og ljósmyndavél af gerðinni Minolta. Í málinu er einnig skýrsla sama manns, og kemur þar fram, að fangaverðir þeir, sem tóku við ákærðu í fangageymslu lögreglustöðvarinnar, muna ekki, hvaða muni ákærðu voru með á sér, þegar komið var með þá þangað, en haft er þar eftir Jónasi Hallssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni, að starfsvenja væri, að fangaverðir tækju muni úr fórum fanga og settu í box, sem hefði sama númer og klefi viðkomandi fanga. Þessir munir væru ekki skráðir. Þegar ákærðu voru færðir í fangelsið í Síðumúla kl. 13.30 á sunnudag, var ákærði Björgvin Páll með 2.420 austurríska skildinga, 180 Hong Kong- og Shanghai-dollara og 40 finnsk mörk, en ákærði Þorlákur Gestur með upptakara og penna merkta Carlsberg og lítið segulbandstæki af gerðinni Olympus.

Ákærða Björgvin var tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 3.20 þessa nótt, og mældist 1,47‰ af alkóhóli í blóðsýninu.

Ákærði Björgvin játaði við lögregluranns óknina að hafa brotist ölvaður inn í Skúlatún 4 aðfaranótt föstudagsins 1. maí sl. og stolið þeim verðmætum, sem greinir í ákæru. Þá kvaðst hann með ákærða hafa tveim nóttum síðar brotist inn á sama stað og stolið þeim verðmætum, sem í ákæru greinir. Hefðu þeir verið við drykkju og vakað fyrir þeim að ná í áfengi. Þá viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni Z-559 undir áhrifum áfengis og reynt að komast undan lögreglunni. Hér fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna eftir atvikum vegna ölvunar, og kvað hann skýrslur sínar hjá lögreglu vera runnar undan rifjum lögreglunnar. Hann kvaðst þó ekki neita þeim sökum, sem á sig væru bornar í ákæru. Yfirheyrendur ákærða hjá lögreglu, Grétar Sæmundsson og Þorsteinn Alfreðsson, hafa mótmælt þessari viðbáru ákærða og sagt skýrslur ákærða hafa að geyma frásögn hans sjálfs, og hafi hún ekki verið lögð honum í munn.

Ákærði Þorlákur Gestur kveðst ekkert vera viðriðinn innbrotið, og hafi hann verið sofandi í bifreiðinni Z-559. Hafi hann hvorki rætt um það áður við meðákærða né vitað, að það stæði til.

Fyrir dóminn hafa komið lögreglumenn, og hafa þeir borið, að bifreiðinni Z-559 hafi verið ekið með þeim hætti, sem í ákæru greini.

Í sakavottorði ákærða kemur fram, að honum hefur verið refsað í desember 1990 fyrir réttindaleysi við akstur. Ákærði viðurkennir að hafa aldrei tekið ökupróf.

Niðurstaða.

Ákærði Björgvin Páll hefur ekki gefið fullnægjandi skýringu á breyttum framburði sínum fyrir dómi. Verður að miða við skýrslur þær, sem hann gaf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og lögreglunni í Reykjavík, bæði um eigin sök í málinu, sem hann reyndar þrætir ekki fyrir, og athafnir meðákærða. Vitnið Andrea Róbertson hefur borið, að ákærðu hafi rætt saman um að fara og sækja peningaskáp, meðan þeir voru hjá henni. Ragnar Jónsson lögreglumaður sá tvo menn bera varning úr Skúlatúni 4 í bifreiðina Z-559. Ákærðu voru báðir handteknir í bifreiðinni eftir óslitna eftirför frá Skúlatúni 4. Að þessu athuguðu eru ákærðu báðir sannir að þeim sökum, sem bornar eru á þá í ákæru. Akstur ákærða Björgvins Páls þykir þó ekki hafa verið með þeim hætti, að 168. gr. almennra hegningarlaga taki til hans, og ber að sýkna ákærða af broti gegn því ákvæði.

Refsing.

Ákærði Björgvin Páll hefur hlotið átján refsidóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Ákærði Þorlákur Gestur hefur til þessa hlotið tuttugu refsidóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot. Samkvæmt 42. og 60. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma upp reynslulausn þá, sem hann hlaut í desember sl., af 280 daga refsivist og gera honum refsingu í einu lagi. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hrl., 45.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Björgvin Páll Friðriksson sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði Þorlákur Gestur Hálfdánarson sæti fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 6. apríl 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 6. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-158/1993: Ákæruvaldið gegn Gesti Hálfdánarsyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettum 9. mars og 29. mars sl., á hendur ákærða, Gesti Hálfdánarsyni, kt. 270458-5809, Skeggjagötu 25, Reykjavík.

Með fyrri ákæru er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa aðfaranótt 26. desember 1992, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni Ö-9823 frá Skeggjagötu að Frakkastíg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987".

Með seinni ákærunni er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa fimmtudaginn 25. febrúar 1993, sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni Ö-9825 (sic) frá Hátúni að Nóatúni í Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru. Það athugast, að ákærði ók sömu bifreið í bæði skiptin, Ö-9823.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot þau, sem honum eru gefin að sök og réttilega eru færð til refsiákvæða í ákærum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1977 hlotið samtals nítján dóma, aðallega fyrir skjalafals, þjófnað, fjársvik og umferðarlagabrot, og nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú fimm árum og tíu mánuðum. Þá hefur ákærði níu sinnum sæst á sektargreiðslur vegna brota á umferðarlögum og fíkniefnalöggjöf. Síðast hlaut ákærði dóm 7. október sl., fimmtán mánaða fangelsi fyrir þjófnað, og var 280 daga reynslulausn dæmd með. Síðustu dómar, er ákærði hefur hlotið vegna umferðarlagabrota, eru frá 31. 7. 1989, fjögurra mánaða fangelsi fyrir brot gegn 45. gr. og 48. gr. umferðarlaga og frá 24. 7. 1990 þriggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans fangelsi í fimm mánuði.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann sviptur ökuleyfi ævilangt árið 1980, og hefur sú svipting verið áréttuð nokkrum sinnum síðan, síðast árið 1989. Eftir kröfu ákæruvalds og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er greinir í fyrri ákæru, ber að árétta ævilanga ökuleyfissviptingu ákærða.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Gestur Hálfdánarson sæti fangelsi fimm mánuði.

Ævilöng ökuleyfissvipting ákærða er áréttuð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000 krónur.

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 144/1991. **Jóhann Berg Sigurðsson og Vátryggingafélag Íslands hf.**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Níels Karlssyni
(Gunnar Sólnes hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Árekstur. Bifhjól.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1991. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnda. Jafnframt krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda in solidum fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er risið af árekstri bifreiðar og bifhjóls á Glerárgötu, Akureyri, við gatnamót Tryggvabrautar og Hörgárbrautar um miðjan dag 8. júní 1989. Stefndi ók bifreið sinni norður verslunargötu, sem er samsíða Glerárgötu. Er hann kom að gatnamótum Glerárgötu, þar sem biðskylda er, kveðst hann hafa litið til suðurs og hugað að umferð norður Glerárgötu, en taldi það langt vera í næstu bifreiðir, að óhætt væri fyrir sig að aka inn á Glerárgötu. Kveðst hann hafa ekið rakleitt úr verslunargötunni, þvert yfir hægri akrein Glerárgötu og yfir á vinstri akrein. Taldi hann sig hafa verið búinn að aka nokkurn spöl eftir þeirri akrein, þegar ekið var aftan á sig, en sjálfur hefði hann ekið á 25 til 30 km hraða miðað við klukkustund. Ökumaður bifhjólsins ók norður Glerárgötu á vinstri akrein. Hann kveður bifreið stefnda hafa verið ekið þvert yfir hægri akrein í veg fyrir sig og hafi hún ekki verið að fullu komin í rétta stefnu, þegar bifhjólið lenti á henni. Áætlar hann að hafa ekið á 50 til 60 km hraða miðað við klukkustund, en leyfilegur hámarkshraði á þessum stað var 50 km miðað við klukkustund. Vitni að árekstrinum bar fyrir lögreglu, að ökumaður bifhjólsins hefði verið á 80 til 90 km hraða, en fyrir dómi taldi vitnið hraðann hafa verið

70 til 80 km miðað við klukkustund. Bifreiðin skemmdist allmikið, en litlar skemmdir urðu á bifhjólinu og engin slys á mönnum.

Þegar litið er til aksturslags stefnda, þar sem hann ekur inn í Glerárgötu í nánd við fjölfarin gatnamót og þvert yfir á vinstri akrein í stað þess að halda sig á þeirri hægri, verður að telja, að hann beri höfuðsök á árekstrinum, þar sem hann hugði ekki nægilega að ökutækjum, sem komu norður Glerárgötu. Á hinn bóginn verður að telja sannað, að ökumaður bifhjólsins hafi ekið of hratt, þótt ósannað sé, að hraði bifhjólsins hafi verið verulegur umfram lögleyfðan hraða. Þykir rétt, að stefndi beri tjón sitt að 2/3 hlutum sjálfur, en áfrýjendur hafa þegar bætt honum 1/3 hluta tjónsins. Samkvæmt þessu eru áfrýjendur sýknaðir af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir mega fella málskostnað niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Jóhann Berg Sigurðsson og Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýknaðir af kröfu stefnda, Níelsar Karlssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. febrúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, hefur Níels Karlsson, Steinnesi, Akureyri, kt. 271252-2509, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, þingfestri 4. október 1990, á hendur Jóhanni Berg Sigurðssyni, Sævarlandi, Stokkseyrarhreppi, kt. 121162-2619, og Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér in solidum 168.125 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málsatvik eru þau, að fimmtudaginn 9. júní 1989 ók stefnandi bifreið sinni, A-5520, sem er fólksbifreið af Datsun-gerð, norður verslunargötu á Akureyri, en gata þessi liggur samsíða Glerárgötu. Við norðurenda verslunargötunnar beygði stefnandi inn á Glerárgötu og ók þvert yfir hægri akrein hennar og yfir á vinstri akrein, en báðar eru með akstursstefnu í norður, beygði síðan norður eftir vinstri akrein og ók áleiðis að gatna-

mótum Tryggvabrautar, sem eru skammt fram undan, á móti grænu ljósi og hugðist halda leiðar sinnar áfram í norður. Rétt þegar hann kom að gatnamótunum, var bifhjólinu X-7010 ekið aftan á bifreið hans. Var ökumaður bifhjólsins Áki Heiðar Garðarsson, Hafnarstræti 77, Akureyri, en bifhjólið var í eigu stefnda Jóhanns og tryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Brunabótafélagi Íslands, sem stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hefur nú yfirtekið. Bifreið stefnanda skemmdist allmikið, og er skemmdum svo lýst af skoðunarmanni tryggingafélagsins: „Afturgafl, stuðari og skottlok kýtt langt inn og mjög illa beyglað, gólf í skotti saman krumpað, bæði afturbretti beygluð, grindarbitar bognir, hægra afturljós brotið, listar á gafli skemmdir, skrá í loki skemmd, ljós á bretti brotin.“ Áætlaði skoðunarmaður tjónsfjárhæðina 250.933 kr. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna tjóns þess, er hann varð fyrir og óbætt er.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að ökumaður bifhjólsins eigi alla sök á árekstrinum með allt of hröðum og ógætilegum akstri. Með aksturslagi sínu hafi hann brotið gegn umferðarlögum nr. 50/1987, einkum 4. gr., 1. mgr. 36. gr. og einnig 2. mgr., a-lið, sömu greinar og enn fremur 1. mgr. 37. gr. Kveður hann kröfuna á hendur stefnda Jóhanni byggða á 1. mgr. 90. gr. framangreindra laga, en krafan á hendur stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. sé reist á 1. mgr. 97. gr., sbr. 91. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Stefndu hafa viðurkennt bótaskyldu í máli þessu og greitt stefnanda 1/3 hluta tjóns hans.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að skipta beri sök í málinu. Telja stefndu, að stefnandi hafi átt meginsök á árekstrinum, svo að hæfilegt sé, að hann beri 2/3 hluta tjónsins sjálfur. Telja stefndu, að stefnandi hafi sjálfur átt höfuðsök á árekstrinum með gálausum innakstri og akreinaskiptum á Glerárgötu í veg fyrir X-7010, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Stefnandi hafi ekki gætt þess, að það væri ekki hættulaust, eins og árekstur-inn beri ljóslega vitni um. Stefnanda hafi yfirsést X-7010 með öllu. Ökumaður X-7010 hafi ekki haft svigrúm til að afstýra árekstri, þegar stefnandi hafi ekið í veg fyrir hann. Með aksturslagi þessu hafi stefnandi valdið árekstrinum, en við ökumann X-7010 sé ekki annað að sakast en að hafa ekið á 60 km hraða á klst. í stað 50 km á klst., sem sé lögleyfður hraði á Glerárgötu. Sé því síst á stefnanda hallað við framangreinda sakarskiptingu.

Fram fór lögreglurannsókn vegna áreksturs þessa. Þá hefur stefnandi gefið skýrslu hér fyrir dómi auk ökumanns bifhjólsins og vitnisins Sigurjóns Valdimars Helgasonar.

Dómari hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður þar.

Stefnandi kveðst hafa litið suður eftir Glerárgötu, áður en hann ók inn á hana, og hafi verið það langt í bifreiðar, að hann taldi óhætt fyrir sig

að aka inn á götuna, sem hann gerði. Hann hafi ekið yfir á vinstri akrein, þar sem hann hafi ætlað að beygja á næstu gatnamótum vestur Höfðahlíð. Hann kveðst hafa ekið þvert yfir hægri akrein Glerárgötu og yfir á vinstri akreinina. Hafi hann verið búinn að aka eftir þeirri akrein að gatnamótunum, þegar ekið var aftan á sig.

Ökumaður vélhjólsins, Áki Heiðar Garðarsson, kveðst hafa ekið hjólinu norður Glerárgötu, og er hann kom að gatnamótum Þórunnarstrætis og Glerárgötu, sem eru nokkru sunnar, hafi umferðarljós, er þar eru, breyst úr rauðu yfir í grænt. Hann hafi því haldið áfram án þess að stöðva hjólið alveg. Á undan sér yfir gatnamótin hafi verið tvær bifreiðar, hvor á sinni akrein, sem höfðu rétt farið af stað, þegar hann kom að ljósunum. Kveðst hann hafa verið á vinstri akrein og farið fram úr bifreiðunum með því að aka á milli þeirra, rétt þegar þær voru að fara af stað við gatnamótin. Bifreið stefnanda hafi síðan verið ekið þvert yfir Glerárgötu í veg fyrir sig og hafi ekki verið að fullu búin að beygja í rétta stefnu, þegar hann skall aftan á bifreiðina. Kveðst hann hafa verið á um 50-60 km hraða, er hann var kominn fram úr áðurgreindum bifreiðum. Hafi gatan þá verið auð fram undan. Kveðst hann áætla hraða sinn, en ekki hafa litið á hraðamælinn. Hann kveðst hafa átt eftir stutta vegalengd að nyrðri gatnamótum Glerárgötu og verslunargötu, þegar hann hafi séð bifreið stefnanda ekið úr verslunargötunni og inn á Glerárgötu. Kveðst hann hafa reynt að hemla, eins og hann þorði, án þess að snögghemla, en það hafi ekki dugað til og hann lent á afturhluta bílsins.

Ökumaður annarrar framangreindrar bifreiðar, er ók norður Glerárgötu, var vitnið Sigurjón Valdimar Helgason. Kveðst vitnið hafa staðnæmst á hægri akrein Glerárgötu á ljósunum við gatnamót Þórunnarstrætis. Kveðst vitnið hafa verið komið á um 50 km hraða, þegar það hafi séð bifreið stefnanda ekið inn á Glerárgötu, og kveðst þá hafa hægt á sér. Kveðst vitnið hafa litið í baksýnisspegil og ekki séð hjólið, þegar það hægði á bifreiðinni. Bifreið stefnanda hafi verið komin yfir á vinstri akrein, en ekki verið að fullu búin að beygja í rétta stefnu, þegar vitnið varð vart við, að hjólinu var ekið fram úr bifreið þess. Segir vitnið, að búið hafi verið að rétta bifreið stefnanda af á vinstri akrein, þegar áreksturinn varð. Telur vitnið sig hafa átt eftir um 100-150 m að nyrðri gatnamótum verslunargötunnar, þegar það hafi séð bifreið stefnanda ekið inn á Glerágötu. Telur vitnið sig hafa átt eftir um 50 m ófarna að gatnamótum verslunargötunnar, þegar hjólinu var ekið fram úr bifreið þess. Fyrir lögreglu taldi vitnið, að hraði hjólsins hefði verið 80-90 km á klst., en hér fyrir dómi kveður það hraðann hafa verið 70-80 km, er hjólinu var ekið fram úr bifreið þess.

Lögreglumenn gerðu uppdrátt af vettvangi, sem fram hefur verið lagður í málinu.

Samkvæmt framansögðu ók stefnandi bifreið sinni þvert yfir hægri akrein Glerárgötu og yfir á vinstri akrein úr norðurenda verslunargötunnar og beygði síðan þar norður eftir akreininni. Af uppdrætti má ráða, að stefnandi hafi verið búinn að aka u. þ. b. 10 m í aksturssstefnu eftir götunni, þegar hjólið skall aftan á bifreið hans. Þegar til þessa er litið svo og, hversu harður árekstur inn varð, þrátt fyrir það að bifreið stefnanda var á ferð til norðurs, þykir mega við það miða, að hraði bifhjólsins hafi verið verulegur umfram lögleyfðan hraða. Ósannað er, að téð bifhjól hafi verið komið nær gatnamótum verslunargötunnar en bifreið vitnisins Sigurjóns Valdimars, er stefnandi ók inn á Glerárgötu. Staðhæfing stefndu um, að stefnandi hafi sýnt það gáleysi við aksturinn, að metið verði honum til sakar, er því ekki nægjanlega rökstudd.

Verða stefndu samkvæmt framansögðu dæmdir til að greiða stefnanda tjón hans að fullu.

Hvorki er tölulegur ágreiningur um fjárhæð kröfu stefnanda né vaxtakröfu hans, og verða þær því teknar til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem að teknu tilliti til virðisaukaskatts þykir hæfilega ákveðinn 77.000 kr. ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Berg Sigurðsson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Níels Karlssyni, in solidum 168.125 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 15/1990. **Þorsteinn Garðarsson og**
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
(Jón Magnússon hrl.)
gegn
Stjörnuplasti sf.
(Othar Örn Petersen hrl.).

Skaðabætur. Ráðgjöf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. janúar 1990. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 86/1981 um iðnráðgjafa, sem í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli, var meðal helstu verkefna iðnráðgjafa „að hjálpa iðnfyrirtækjum og aðilum, sem hyggja á iðnrekstur, að greina þörf sína fyrir sérfræðiaðstoð og veita upplýsingar um, hvar slíka aðstoð sé að fá". Iðnráðgjafi átti að vera „tengiliður milli tækni- og þjónustustofnana iðnaðarins og þeirra aðila, sem starfa í iðnaði og að iðnaðarmálum í landshlutanum". Þá skyldu iðnráðgjafar „aðstoða sveitarstjórnir, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga við athuganir á nýjum viðfangsefnum í iðnaði".

Fyrir liggur, að áfrýjandi Þorsteinn Garðarsson kynnti í september 1984 meðal annarra forráðamönnum stefnda þá hugmynd að iðnframleiðslu, er lýst var í bréfi danska ráðgjafarfyrirtækisins Scankey a/s til áfrýjanda Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 7. september 1984. Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir þessu. Fyrirsvarsmenn stefnda sömdu síðan við Scankey a/s um milligöngu við kaupin og ráðgjöf. Greiddu þeir fyrirtækinu 45.000 danskar krónur fyrir, en kaupverð tækjanna nam hins vegar 150.246 dönskum krónum.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, reyndust tæki þau, sem keypt voru, hafa takmarkaðri framleiðslueiginleika en stefndu töldu, að ráða mætti af kynningargögnum þeim, sem fyrir lágu í upphafi frá Scankey a/s. Er og ljóst, að nokkurs misræmis gætti í gögnum þessum, sem hefði átt að gefa öllum þeim, er hér áttu hlut að máli, tilefni til nánari athugana. Hefði þurft frekari aðstoð sérfróðra manna á sviði vélfræði og iðnrekstrar en hið danska fyrirtæki virðist hafa látið í té, til þess að unnt hefði verið að fá skýra mynd af vélbúnaðinum og rekstrargrundvelli fyrirtækis þess, sem stofna átti.

Áfrýjandi Þorsteinn Garðarsson var fyrirsvarsmönnum stefnda í upphafi til ráðuneytis um þau viðskipti, sem þarna tókust. Ekki er í ljós leitt, í hverju leiðbeiningar hans, sem látnar voru í té án endurgjalds, voru nákvæmlega fólgnar. Á hinn bóginn er ósannað, að hann hafi á svo ófullnægjandi hátt rækt þær skyldur, sem á honum hvíldu sem iðnráðgjafa, sbr. lög nr. 86/1981, að fullnægt sé lagaskilyrðum fyrir skaðabótaábyrgð áfrýjenda gagnvart stefnda. Í þessu efni ber og að hafa í huga skyldur forráðamanna stefnda um gæslu hagsmuna hans sem kaupanda í verslunarkaupum samkvæmt grunnreglum laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjendur af öllum kröfum stefnda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Þorsteinn Garðarsson og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnda, Stjörnuplasts sf.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi hæstaréttardómara.

Ég tel, að ráðgjöf þeirri, sem áfrýjandinn Þorsteinn veitti fyrirsvarsmönnum stefnda, hafi verið verulega áfátt. Það, sem ég tel þó, að ráðið hafi úrslitum um, hvernig til tókst, hafi verið það, að vélar þær, sem um er fjallað í málinu, voru ekki skoðaðar með aðstoð

sérfróðra manna, áður en til kaupanna var stofnað, og kannað, hvort þær væru í samræmi við þær hugmyndir sem stefndu gerðu sér um þær. Á þessu bera fyrirsvarsmenn stefnda sem kaupanda ábyrgð, en ósannað er, að það hafi verið áfrýjandinn Þorsteinn, sem réð því, að það var ekki gert.

Með þessari athugasemd er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómara Hæstaréttar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Stjörnuplast sf., Stjörnusteinum 7, Stokkseyri, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. okt. 1988, gegn Þorsteini Garðarssyni, fyrrverandi iðnráðgjafa, Ljósumýri 5, Garðakaupstað, og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Austurvegi 38, Selfossi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 1.259.983,63 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu, er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Vegna málsins hafa gefið skýrslur fyrir dóminum stefndi Þorsteinn Garðarsson, tveir eigenda stefnanda, þeir Magnús Sigurjónsson og Hörður Pálsson, Hjörtur Þórarinsson, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Bjarni Jónsson, fyrrverandi iðnráðgjafi hjá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Þorleifur Þór Jónsson viðskiptafræðingur, Margrét Frímannsdóttir, alþingismaður og oddviti Stokkseyrarhrepps, Björn Jensson rennismiður, Bergsteinn Einarsson framkvæmdastjóri, Páll Árnason efnafræðingur og Guðmundur Sigmundsson sveitarstjóri.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að 27. apríl 1984 hafi stefndi Þorsteinn Garðarsson undirritað f. h. stefnda Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga ásamt Margréti Frímannsdóttur, oddvita hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps, samning við danska firmað Scankey a/s þess efnis, að Scankey a/s annaðist ráðgjöf og leitaði eftir nýjum iðnaðarmöguleikum og framleiðslutækjum til notkunar á Stokkseyri.

Á grundvelli þessa samnings hafi verið haldinn kynningarfundur í ágúst 1984 með stefnda Þorsteini Garðarssyni, Margréti Frímannsdóttur og Guð-

mundi Sigvaldasyni, sveitarstjóra Stokkseyrarhrepps, þar sem forsvarsmaður danska ráðgjafarfyrirtækisins hafi kynnt framleiðslu ýmiss konar lista og ýmissa smáhluta. Í framhaldi af þessu hafi danska ráðgjafarfyrirtækið sent Þorsteini Garðarssyni bréf, dags. 7. sept. 1984, þar sem boðin voru til kaups tæki til framleiðslu ýmissa plasthluta.

Í bréfi þessu segir m. a.:

„Under henvisning til dels vore samtaler på Island og møde i Stokkseyri Kommune fremsendes projekt for fremstilling af glidestænger til ophæng af gardiner, forhæng m. v. i 3 eksemplarer."

„Desuden kan systemet anvendes til drivhuse, mistbænke og tætning af vinduer, og jeg henviser iøvrigt til udleverede materiale ved mødet í Stokkseyri."

Enn fremur segir m. a. í bréfi þessu, að tilboð þetta sé það hagstætt, að ráðlegast væri að ganga til samninga svo fljótt sem kostur væri. Tekið var fram, að tilboðið stæði til 1. október 1984. Ráðgjafarfyrirtækið Scankey a/s átti samkvæmt tilboðinu að fá ákveðin umboðslaun, en seljandi tækjanna og vörulagersins var danska fyrirtækið Skanding a/s.

Þetta tilboð kynnti Þorsteinn Garðarsson á fundi atvinnumálanefndar Stokkseyrarhrepps 3. sept. 1984, og samþykkti nefndin að lýsa eftir þeim, sem áhuga hefðu á að kanna þessi mál nánar við hið danska ráðgjafarfyrirtæki. Hinn 18. sept. 1984 var haldinn fundur í atvinnumálanefnd Stokkseyrarhrepps, og í fundargerð á dskj. 5 er bókað svo: „Lögð voru fram gögn frá Scankey a/s og Þorsteini Garðarssyni varðandi kaup á tækjum til framleiðslu gardínubrauta og tilheyrandi, sbr. síðustu fundargerð. Samþykkt var, að aflað yrði nánari upplýsinga um iðnaðarkost þennan, m. a. um orkuþörf, og þeim komið til þeirra aðila, sem sýnt hafa málinu áhuga, jafnframt því, að leitað verði eftir svörum frá þeim um hugsanlega þátttöku í þessu verkefni."

Í framhaldi af þessu áttu fyrirsvarsmenn stefnanda fund með atvinnumálanefnd Stokkseyrarhrepps 21. sept. 1984, þar sem iðnaðarkostur þessi var kynntur. Á fundinum hafi Þorsteinn Garðarsson kynnt kaupverð tækja og efnis og lagt fram arðsemisútreikninga. Hann hafi lagt áherslu á, að hér væri á ferðinni góður iðnaðarkostur og að tilboðið gilti aðeins til 1. október 1984. Fyrirtækið væri starfrækt, en eigandinn væri að fara á eftirlaun og vildi nú selja verksmiðjuna á einu bretti. Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi spurt, hvort ekki væri rétt að fara til Danmerkur og skoða þessa verksmiðju. Því hafi verið svarað, að ráðgjafarfyrirtæki þetta væri viðurkennt og að auki væri iðnráðgjafi til aðstoðar, sem sæi til þess, að allt yrði í góðu lagi.

Á grundvelli þessa hafi fyrirsvarsmenn stefnanda ákveðið að kaupa áðurnefnd tæki og meðfylgjandi vörulager. Staðfesting um þetta hafi verið send

hinu danska ráðgjafarfyrirtæki 20. sept. 1984, svo í stefnu, en bréfið, sem lagt hefur verið fram sem dskj. 8, ber það með sér, að skrifað hefur verið ofan í dagsetningu. Staðfestingu þessa undirrituðu Þorsteinn Garðarsson f. h. Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Magnús Sigurjónsson.

Undirbúningsfundur vegna kaupanna hafi verið haldinn í Reykjavík 15. nóv. 1984. Þar hafi hist væntanlegir kaupendur, fyrirsvarsmaður Scankey a/s og Þorsteinn Garðarsson. Sama dag hafi samningur á milli stefnanda og Scankey a/s verið undirritaður í Reykjavík og 26. nóv. 1984 í Kaupmannahöfn.

Í samráði við Þorstein Garðarsson hafi starfseminni verið fundinn staður í bílskúr að Stjörnusteinum 7, Stokkseyri, skúrnum breytt og hann innréttaður í samræmi við þarfir starfseminnar skv. teikningu frá seljanda tækjanna, Skanding a/s.

Tækin hafi verið leyst úr tolli 18. janúar 1985, og til landsins komu menn, sem settu tækin upp og prófuðu þau. Tækin sjálf hafi virst í lagi að öðru leyti en því, að framleiðslumöguleikar þeirra hafi verið allt aðrir og minni en kynnt hafði verið í upphafi. Strax hafi verið ljóst, að vélarnar framleiddu ekki plastlista og handklæðaklemmur, eins og sýnt hafi verið á kynningarfundinum í ágúst 1984.

Þegar fyrirsvarsmenn stefnanda urðu þess áskynja, að ekki var allt með felldu, hefðu þeir þegar óskað eftir því, að Þorsteinn Garðarsson kæmi á fund þeirra. Síðar hefðu þeir leitað til sveitarstjóra og oddvita Stokkseyrarhrepps, sem hefði komið ásamt Þorsteini Garðarssyni og verið sammála, eftir að hafa skoðað tækjabúnaðinn, að hann og framleiðslumöguleikar hans væru allt aðrir en gert hafði verið ráð fyrir og kynnt á fundum atvinnumálanefndar. Hefði Þorsteinn Garðarsson lofað að hafa þegar samband við Scankey a/s til að fá skýringar á því, sem fyrirsvarsmenn stefnanda töldu vanefndir samningsins.

Hinn 4. mars 1985 hefði atvinnumálanefnd Stokkseyrarhrepps komið saman að beiðni stefnanda til að fjalla um meintar vanefndir Scankey a/s. Fyrirsvarsmenn stefnanda hefðu gert grein fyrir stöðu mála á fundinum. Allir fundarmenn hefðu verið sammála um það, að efndir Scankey a/s væru á annan veg en um hefði verið rætt í upphafi og ekki í samræmi við yfirlýsingar fyrirsvarsmanna Scankey a/s og Þorsteins Garðarssonar iðnráðgjafa á fundum nefndarinnar.

Hinn 19. mars 1984 hefði verið haldinn fundur þeirra Knut Gravad f. h. Scankey a/s, Þorsteins Garðarssonar, Guðmundar Sigvaldasonar, Margrétar Frímannsdóttur og fyrirsvarsmanna stefnanda. Á fundinum hefði Knut Gravad talið allt of mikið gert úr takmarkaðri framleiðslugetu tækjabúnaðarins og aukaatriði væri, hvað þyrfti að flytja inn og hvað væri hægt að framleiða hér á landi. Hér væri um arðvænlegan iðnrekstur að ræða,

og því skipti mestu máli að hefja framleiðslu sem fyrst. Þeir Knut Gravad og Þorsteinn Garðarsson hefðu ráðlagt fyrirsvarsmönnum stefnanda að markaðssetja vöruna og reiknað út verð og gefið ýmis ráð.

Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi í lengstu lög viljað stefna að settu marki, enda hafi þeir lagt út í mikinn kostnað. Hafi því verið settur kraftur í sölumálin og hannaðir ýmsir smíðisgripir á sviði garðræktar. Þegar allar vélar voru settar í gang og hefja átti framleiðslu með fullum afköstum, hafi komið í ljós, hve ástand tækjabúnaðarins var raunverulega slæmt, vélarnar gamlar og úr sér gengnar, mót, sem fylgdu vélunum, hafi ekki passað í þær og hið eina, sem vélarnar afköstuðu, hafi verið að framleiða tappa í gardínubrautirnar.

Hinn 9. maí 1985 hafi Þorsteinn Garðarsson iðnráðgjafi sent bréf til Scankey a/s f. h. stefnanda og farið fram á, að kaupin gengju til baka og vörunni skilað. Þessu hafi Scankey a/s hafnað með bréfi, dags. 22. júlí 1985, til Þorsteins Garðarssonar og Guðmundar Sigvaldasonar.

Með bréfi, dags. 12. febrúar 1986, hafi þess verið farið á leit við Iðntæknistofnun Íslands, að hún gerði ýtarlega úttekt á hinu keypta og möguleikum framleiðslunnar hér á landi. Úttekt Iðntæknistofnunar hafi legið fyrir 7. apríl 1986. Úttektin staðfesti, að enginn grundvöllur hefði verið fyrir iðnrekstri þessum. Í úttektinni komi jafnframt fram, að hefði stefndi Þorsteinn Garðarsson sýnt lágmarksfyrirhyggju og gert nauðsynlegar athuganir, hefði aldrei verið ráðist í þessar framkvæmdir.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfugerð sína í málinu á því, að stefndi Þorsteinn Garðarsson, fyrrverandi iðnráðgjafi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, beri ábygð á því tjóni, sem stefnandi hefur orðið fyrir, og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga beri ábyrð á því tjóni, sem starfsmaður þess hafi valdið með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi.

— — —

Stefnandi reisir kröfu sína um skaðabætur úr hendi stefnda Þorsteins Garðarssonar á l. nr. 86/1981 um iðnráðgjafa með síðari breytingum, sbr. l. nr. 103/1985, svo og almennum reglum skaðabótaréttarins og dómafordæmum.

Stefnandi reisir kröfu sína um skaðabætur úr hendi stefnda Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga á reglum skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgð.

— — —

Málsástæður og lagarök stefndu.

Sýknukrafa stefndu er á því byggð, að stefndu hafi hvorki hvatt stefnanda til þeirra viðskipta, sem málið snýst um, átt aðild að þeim viðskiptum

né verið beðnir um ráðleggingar, þá er kaup gerðust, eða mat á hlutum þeim, sem fyrirhugað var að kaupa. Stefndu hafi aldrei látið að því liggja, að hér væri um skynsamleg kaup af hálfu stefnanda að ræða. Ákvörðun um viðskipti þau, sem mál þetta snýst um, hafi því verið með öllu í höndum stefnanda, enda liggi fyrir, að hann hafi sjálfur án atbeina stefndu gert sérstakan samning við Scankey a/s um ráðgjöf og við fyrirtækið Skanding um kaup á vélum og tækjum. Stefndu hafi hvorki verið spurðir ráða í því sambandi né beðnir að kynna sér þá hluti, sem boðnir voru fram til kaups. Ákvörðun um kaupin hafi að öllu leyti verið stefnanda og stefndu hvorki verið sérstakir starfsmenn né ráðgjafar stefnanda. Í því sambandi er bent á, að stefnandi hafi aldrei greitt stefndu neitt vegna þessa máls, og því fráleitt að halda því fram, að stefndu hafi tekið að sér einhver sérhæfð störf í þágu stefnanda.

Vegna kröfugerðar á hendur stefnda Þorsteini Garðarssyni er á það bent, að í l. nr. 86/1981 séu almenn ákvæði um starfssvið iðnráðgjafa og ekki verði annað séð en Þorsteinn hafi rækt þau störf af sérstakri natni og eljusemi. Hins beri svo að geta, að iðnráðgjafi hafi ekki þær starfsskyldur að leita til manna og falast eftir, að þeir nýti sér þjónustu hans, það sé hverjum og einum í sjálfsvald sett. Stefndi Þorsteinn hafi veitt stefnanda allar þær upplýsingar, sem óskað var eftir, og einnig hafi hann farið fram á við stefnanda, að hann aflaði sér frekari upplýsinga, áður en lagt væri út í kaup. Þessu til viðbótar er bent á, að þrátt fyrir það, að iðnráðgjafi hafi ekki sinnt starfsskyldum sínum sem skyldi, sé það ekki afsökunarástæða fyrir stefnanda að gæta ekki þeirrar varúðar og skoðunarskyldu, sem almennt er talin eðlileg, áður en kaup eru gerð, sbr. l. nr. 39/1922. Ljóst sé, að stefnandi hafi ekki gætt þeirrar almennu reglu um skoðun á því, sem hann kaupir, áður en kaup voru gerð, og ábyrgð á því verði ekki felld á neinn annan en hann sjálfan. Tilvist iðnráðgjafa heimili engum að haga sér eins og kjáni og krefja síðan um bætur úr hendi iðnráðgjafans.

Ekki verði á það fallist, að stefndi Þorsteinn hafi farið að með öðrum hætti en þeim, sem eðlilegur verði að teljast. Hann hafi t. d. gætt þess jafnan að brýna fyrir stefnendum að kynna sér málin sem best og að ábyrgðin væri þeirra að vanda nógu vel til undirbúnings. Ekki verði séð, á hvaða rökum stefnandi reisi kröfur sínar á hendur stefnda Þorsteini, með skírskotun til almennra reglna skaðabótaréttarins, og því síður liggi fyrir, hvaða dómafordæmi stefnandi eigi við, sem hafi þýðingu fyrir mál þetta.

Samkvæmt lögum um iðnráðgjafa nr. 86/1981 taki iðnráðgjafi laun úr ríkissjóði, en í þessu tilviki hafi það verið Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, sem hafi ráðið Þorstein til starfans. Vafi geti því leikið á, hvers sé húsbóndaábyrgðin, komi til þess að meta, hvort sú ábyrgð hafi í raun nokkra þýðingu í málinu.

Vakin er athygli á 3. og 6. tl. á dskj. 21, en í 3. tl. komi fram, að stefnandi hafi látið undir höfuð leggjast að kynna sér fyrirliggjandi gögn varðandi málið, og í 6. tl. nefni starfsmenn Iðntæknistofnunar Íslands þær ástæður, sem þeir telja, að hafi valdið því tjóni, sem hlaust í málinu. Á þessum hlutum beri stefndu enga ábyrgð.

Niðurstaða.

Viðskipti þau, sem málið er af risið, komust á fyrir tilstilli stefndu, sem höfðu, eins og að framan er rakið, ásamt oddvita Stokkseyrarhrepps gert samning við danska fyrirtækið Scankey um ráðgjöf og að leitað yrði að nýjum iðnaðarmöguleikum og framleiðslutækjum til notkunar á Stokkseyri. Í framhaldi af þessum samningi kynnti stefndi Þorsteinn Garðarsson, þáverandi iðnráðgjafi stefnda Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga iðnaðarkost þann, sem stefnandi síðar keypti, fyrir atvinnumálanefnd Stokkseyrarhrepps. Síðar var þessi iðnaðarkostur kynntur á almennum hreppsfundi á Stokkseyri með aðstoð stefnda Þorsteins Garðarssonar.

Þegar litið er til stöðu og starfsskyldna iðnráðgjafa skv. l. nr. 86/1981 og tilgangs laganna, eins og honum er lýst í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi laganna, verður að telja, að þegar iðnráðgjafinn kynnti þann iðnaðarkost, sem stefnandi keypti, fyrst fyrir atvinnumálanefnd Stokkseyrarhrepps og svo á almennum hreppsfundi á Stokkseyri, hafi í því falist ákveðið mat eða viðurkenning iðnráðgjafans á þessum iðnaðarmöguleika. Kynning iðnráðgjafa á iðnaðarmöguleika, sem hann annaðhvort hefur enga skoðun á eða telur lítt fýsilegan, er ekki í samræmi við tilgang þeirra laga, sem iðnráðgjafanum bar að starfa eftir. Kynning iðnráðgjafa á almennum hreppsfundi, sem atvinnumálanefnd hreppsins boðaði til, var til þess fallin að auka tiltrú fyrirsvarsmanna stefnanda og annarra á iðnaðarkosti þessum.

Þá er fyrirsvarsmenn stefnanda sýndu málinu áhuga, var það í verkahring iðnráðgjafans að athuga sérstaklega, hvort þessi iðnaðarkostur hentaði þeim, eða þá koma fyrirsvarsmönnum stefnanda í samband við einhverja aðila, sem gætu aðstoðað þá við athugun á möguleikum og hagkvæmni þessa iðnaðarkosts, þar á meðal framleiðslu- og markaðsmöguleika. En töluvert misræmi reyndist vera á framleiðslumöguleikum hins keypta og svo lýsingu á hinu keypta í ýmsum skjölum málsins, sem mörg gefa til kynna, að tækin séu til framleiðslu á gardínustöngum eða rennibrautum fyrir gluggatjöld, svo sem dskj. 3, sem er kynningarrit frá Scankey, en þar blasir við á kápusíðu í gluggaramma „Projekt Fremstilling af glidestænger til gardiner." Á bls. 1 í þessu riti segir: „Projekt - fremstilling af glidestænger til gardiner. Vort forslag omhandler etablering af en produktion af glidestænger til ophæng af gardiner ...". Á bls. 3 í þessu dómskjali kemur fram, að kaupa eigi rennibrautirnar. Á dskj. 12 er fjallað um „projekt for frem-

stilling af glidestænger til gardiner". Þetta misræmi hefði átt að vera tilefni fyrir iðnráðgjafann til sérstakrar athugunar og leiðbeiningar, hvað varðaði framleiðslumöguleika hins keypta.

Eftir að hið keypta var komið í hendur stefnanda, kom í ljós, að það var hvorki til framleiðslu á gardínustöngum né rennibrautum í gardínustengur, heldur einungis á fylgihlutum með gardínustöngum, sem að sögn fyrirsvarsmanna stefnanda ekki er markaður fyrir.

Iðnráðgjafinn aðstoðaði fyrirsvarsmenn stefnanda við stofnun sameignarfélags til reksturs iðnaðarkostsins og sagði fyrir um fyrirkomulag í húsnæði stefnda. Við þetta starf hefði iðnráðgjafanum átt að verða ljóst, hvaða væntingar fyrirsvarsmenn stefnanda gerðu sér um hið keypta, og jafnframt, að gögn frá danska ráðgjafarfyrirtækinu og danska seljandanum voru til þess fallin að valda misskilningi um framleiðslugetu þess, sem stefnandi var að kaupa, og þess vegna bar iðnráðgjafanum að vekja sérstaklega athygli fyrirsvarsmanna á því, hvað var hægt að framleiða með hinu keypta. Takmarkaðir framleiðslumöguleikar hins keypta hefðu átt að vera iðnráðgjafanum tilefni til sérstakrar athugunar á markaðsmöguleikum þess, sem hægt var að framleiða.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir bera að fallast á það með stefnanda, að stefndi Þorsteinn Garðarsson hafi með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi í starfi sínu sem iðnráðgjafi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga valdið stefnanda tjóni, og á því ber hann bótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Stefndi Þorsteinn Garðarsson var í starfi sínu sem iðnráðgjafi starfsmaður stefnda Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem réð hann til starfa. Ber stefndi Samtök sunnlenskra sveitarfélaga samkvæmt almennum reglum um vinnuveitendaábyrgð bótaábyrgð in solidum með stefnda Þorsteini Garðarssyni á tjóni stefnanda, enda skiptir ekki máli í því sambandi, að stefndi Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafi fengið framlag úr ríkissjóði upp í kostnað vegna starfs iðnráðgjafans.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi beri tjón sitt sjálfur, að því er varðar 1/3.

— — —

Stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 182.000 kr., þ. m. t. söluskattur, og vitnaþóknun með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Þorsteinn Garðarsson og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, greiði in solidum stefnanda, Stjörnuplasti sf., 710.308 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 132/1990. **Þrotabú Merkimiða hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Halldóri Laufland Jóhannessyni og Magnúsi Guðfinnssyni
(Kjartan Ragnars hrl.)
og gagnsök.

Kaupsamningur. Leigusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og gagnáfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða sér 1.795.605 krónur með 43,2% ársvöxtum af 457.417 krónum frá 1. október 1987 til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 45,6% ársvöxtum af 1.795.605 krónum frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 2. mars 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. mars 1990. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1990 að fengnu leyfi 8. sama mánaðar. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að þeir verði dæmdir til að greiða honum 33.354 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði hins áfrýjaða dóms. Til þrautavara krefjast þeir staðfestingar dóms-

ins, en í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á þá niðurstöðu hans, að gagnáfrýjendur hafi fallið frá kaupunum í tæka tíð og því sé ekki um vanefndir á kaupsamningi að ræða. Á sama hátt ber að fallast á með héraðsdómara, að gagnáfrýjendum beri að greiða húsaleigu til 1. apríl 1988, samtals 105.000 krónur.

Í varakröfu sinni hér fyrir dómi krefjast gagnáfrýjendur skuldajafnaðar við þessa húsaleigugreiðslu og hafa lagt fram greiðslukvittanir og reikninga vegna námsferðar til Englands í febrúar 1987, samtals 121.646 krónur. Vísa þeir til viðbótarsamkomulagsins frá 28. janúar 1987, sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi. Þar segir í 1. gr.: „Vegna námsferðar til Englands leysir seljandi kaupendur frá greiðslu víxils pr. 1/11 1986, að fjárh. 50.000,00 kr., og greiðir auk þess hugsanlegan mismun, ef kostnaður verður meiri, vegna flugfars, gistingar og kennslugjalds fyrir 2 menn." Mismunurinn á kostnaðinum og víxlinum nemi 71.646 krónum, sem þeir krefjast til skuldajafnaðar. Hafa þeir haldið því fram í málinu, að viðsemjandi þeirra, Geir Herbertsson heitinn, hafi lofað að taka þátt í kostnaði þessum, eins og samkomulagið greini, en ekki hafi reynt á efndir fyrir fráfall hans.

Fram lagðar greiðslukvittanir eru út gefnar af Flugleiðum 12. febrúar 1987 vegna tveggja flugmiða. Þeim fylgja reikningur hótels í Norwich á Englandi 15. til 17. febrúar sama ár svo og reikningur vegna kennslugjalds hjá fyrirtæki í sömu borg, dagsettur 17. sama mánaðar. Ekki er ástæða til að tortryggja þann kostnað, sem gögn þessi sýna, en vegna orðalags á fyrrgreindu samkomulagi má ætla, að hann sé nokkru hærri en við mátti búast. Með hliðsjón af því þykir mega lækka kröfu gagnáfrýjenda að álitum um 30.000 krónur. Verður varakrafa þeirra tekin til greina með þeirri breytingu. Verður þeim því gert að greiða aðaláfrýjanda 63.354 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að hver aðila beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Halldór Laufland Jóhannesson og Magnús Guðfinnsson, greiði aðaláfrýjanda, þrotabúi Merkimiða hf.,

63.354 krónur með 45,6% ársvöxtum frá 1. apríl 1988 til 1. maí s.á., 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 2. mars 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. mars 1990.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. janúar 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. desember sl., er höfðað með framlagningu skjala í dóm 2. mars 1989. Stefnandi er Skarphéðinn Þórisson hrl., Pósthússtræti 13, Reykjavík, f. h. þb. Merkimiða hf., Skógarhlíð 6, Reykjavík. Stefndu eru Halldór Laufland, Vesturbergi 10, Reykjavík, og Magnús Guðfinnsson, Gerðhömrum 36, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 1.805.730 kr. með eftirfarandi vöxtum: [.....].

Enn fremur er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð verulega að mati dómsins. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Hlutafélagið Merkimiðar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta skv. beiðni stjórnar félagsins 28. mars 1988. Fyrir gjaldþrotið, 1. október 1986, seldi hlutafélagið stefndu rekstur fyrirtækisins ásamt öllu því, sem fyrirtækinu fylgdi og átti að fylgja að húsnæði undanskildu, skv. kaupsamningi eða kaupleigusamningi. Húsnæði félagsins að Einholti 2, Reykjavík, var leigt stefndu frá og með 1. október 1986, og eru ákvæði um leigusamning í kaupsamningi frá sama degi. Í kaupsamningi um sölu á rekstri félagsins til

stefndu fylgdu vélar til merkimiðagerðar. Vélar þessar eru tilgreindar í kaupsamningi sem hér segir:

1. Ceeleste flexographic converting machine, model 732, framleiðslunr. 210014055.
2. Flexographic overprinter, framleiðslunr. 150040035.
3. Monitor repro-myndavél fyrir prentiðn.

Einnig seldi félagið lager skv. sérstöku samkomulagi. Með samningi þessum tóku stefndu við öllum tryggingum, sem félagið var með vegna rekstrarins. Heildsöluverð hins selda var skv. samningi 2.900.000 krónur, en þar af lofuðu stefndu að greiða út 378.250 krónur, taka að sér skuldir, sem þá voru metnar á 945.260 krónur, og greiða eftirstöðvar með tveimur veðskuldabréfum, að fjárhæð 756.489 krónur. Enn fremur tóku stefndu á leigu húsnæði Merkimiða hf. að Einholti 2, Reykjavík, og skyldu greiða 15.000 krónur á mánuði í húsaleigu. Ofangreindur samningur frá 1. október 1986 var útbúinn þannig, að hann var kallaður kaupsamningur/kaupleigusamningur. Í b-lið kaupsamnings, undir sundurliðun áhvílandi veðskulda, er eftirfarandi ákvæði: „Þar sem hér er um kaupleigusamning að ræða, hafa kaupendur frest til 15. ágúst 1987 til að ákveða, hvort þeir halda kaupunum, og greiða þeir ekki afborgun af láni Iðnlánasjóðs 15. 8. 1987, ef þeir ákveða að halda ekki kaupunum. Sjá nánar á bakhlið." Á bakhlið kaupsamnings er eftirfarandi ákvæði: „ Ef kaupendur ákveða að halda ekki kaupunum, sbr. forhlið, telst útborgun við samning vera leigugjald fyrir tímabilið 1. 10. 1986 til 1. 10. 1987, 420.000 kr., vegna véla og annars búnaðar. Auk þess greiða kaupendur þá allan rekstrarkostnað fyrir tímabilið, svo sem síma, rafmagn og hita, en seljandi endurgreiðir þá kaupendum afborgun þá, er þeir greiddu af láni Iðnlánasjóðs pr. 15. 2. 1987, og greiðir afborgun af sama láni pr. 15. 8. 1987." 28. janúar 1987 gerðu aðilar svokallað viðbótarsamkomulag við kaupsamning, dags 1. október 1986, vegna rekstrar fyrirtækisins Merkimiða hf.

Eru fjórir töluliðir taldir upp sem viðbótarákvæði við fyrri kaupsamning, en að lokinni þeirri upptalningu er eftirfarandi ákvæði: „Að öðru leyti helst samningurinn óbreyttur, nema kaupendur hafa umþóttunartíma til ákvörðunar að halda kaupunum til 31. 12. 1987 í stað 1. 10. 1987. Er því hér um að ræða endanlegt samkomulag milli aðila, og á hvorugur frekari kröfur á hinn varðandi samning þann, er gerður var 1. október 1986, og framkvæmd hans. Stefnandi kveður sér ekki kunnugt um það, að stefndu hafi ákveðið að falla frá kaupunum fyrir 31. 12 1987. Þar af leiði, að kaupsamningurinn frá 1. október 1987 sé í fullu gildi, og beri stefndu að efna hann eftir ákvæðum hans og viðbótarsamkomulagi, dags. 28. jan. 1987. Stefndu hafi vanefnt kaupsamninginn sem hér segi:

1. Ógreidd sé útborgun pr. 1. 10. 1987, 378.250 kr., ásamt vísitöluhækkun frá 1. 9. 1986 til 1. 10 1987.

2. Stefndu hafi ekki greitt út eftirstöðvar kaupverðs, 756.489 kr., ásamt vísitöluhækkun og vöxtum, eins og kaupsamningur segi til um í lið c.

3.Stefndu hafi ekki borgað húsaleigu, að því er best sé vitað, frá því að þeir tóku á leigu húsnæðið að Einholti 2, frá og með 1. október 1986. Samkvæmt viðbótarsamkomulagi aðila frá 28. janúar 1987 hafi verið fallið frá greiðslu húsaleigu fyrir nóvember og desember 1986.

Samkvæmt ofangreindum kaupsamningi hafi stefndu lofað að taka að sér lán við Iðnlánasjóð, sem var 1. október 1986, eins og áður hefur verið greint frá, 945.260 kr. Ekki sé kunnugt um, að stefndu hafi greitt gjaldfallnar afborganir af þessu láni. Eign þb. Merkimiða að Einholti 2, Reykjavík, sé að veði fyrir láni þessu svo og vélar þær, sem Merkimiðar hf. seldu stefndu, sbr. upptalningu í þremur liðum hér á undan. Eins og áður sé greint, hafi Merkimiðar hf. verið úrskurðaðir gjaldþrota 28. mars 1988. Hafi lögmaður stefnanda verið skipaður bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða og hafi reynt fljótlega eftir úrskurðardag að ná samkomulagi við stefndu um uppgjör á kaupsamningnum/kaupleigusamningnum. Haldnir hafa verið nokkrir fundir með stefndu og fulltrúum þeirra, en ekki náðst samkomulag um uppgjör á kaupsamningi. Frekari innheimtutilraunir hafi því ekki borið árangur.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að stefndu beri að efna kaupsamninginn frá 1. október 1986, sbr. viðbótarsamkomulag frá 28. janúar 1987. Byggt sé á efni kaupsamnings, sem hefði getað breyst í kaupleigusamning, ef stefndu hefðu tilkynnt í síðasta lagi fyrir 31. 12. 1987, að þeir hefðu hætt við kaupsamninginn sem slíkan, en við hefði þá tekið kaupleigusamningur. Stefndu hafi aldrei tilkynnt um þetta fyrir fyrrgreind tímamörk, og hljóti því efni kaupsamningsins að gilda, eins og ákvæði hans segi til um. Kröfugerðin sundurliðast þannig:

1. Hluti útborgunar pr. 1. 10. 1987:		
Greiðsla 1. 10. 1987	kr.	378.250
Vísitöluhækkun frá 2. sept. 1986 til 1. 10. 1987 (lánskjaravísitölur 1486-1797, 20,93% hækkun)	—	79.167
Samtals 1. 10. 1987	kr.	457.417
2. Eftirstöðvar kaupverðs:		
a) Tvö veðskuldabréf, að fjárhæð 756.489 kr., verðtryggð með lánskjaravísitölu 1486 með 45% vöxtum frá 11. 10. 1986 til tveggja ára, fyrsti gjalddagi 1. 4. 1988	—	756.489
b) Hækkun vísitölu frá 1. sept. 1986 til 1. apríl 1988 (1486-1989, eða 33,85)	—	256.071

c) 4% vextir frá 1. 10. 1986 til 1. 4. 1988	kr.	60.753
d) Víxill pr. 1. 12. 1986 skv. samkomulagi, dags. 28. jan. 1987, til greiðslu 1. 4. 1988,	—	50.000
Samtals gjaldfallið 1. 4. 1988	kr.	1.123.313
3. Húsaleiga frá 1. janúar 1987 til 1. apríl 1988	—	225.000
Samtals gjaldfallið 1. 4. 1988	kr.	225.000
Höfuðstóll krafna, liður 1-3, samtals	—	1.805.730

Stefndu reisa aðalkröfu sína á því, að þeir hafi ákveðið að kaupa ekki rekstur Merkimiða hf. og tilkynnt framkvæmdastjóra félagsins um það innan tilskilins frests. Samkvæmt viðbótarsamningi hafi þessi frestur runnið út 31. desember 1987, en verið framlengdur munnlega vegna forfalla framkvæmdastjóra Merkimiða hf. til 3. janúar 1988, en þá hafi stefndu tilkynnt fyrirsvarsmanni félagsins um þá lokaákvörðun sína, að þeir vildu ekki og ætluðu ekki að kaupa reksturinn. Frá þessu hafi hins vegar ekki verið gengið skriflega og þá aðallega fyrir athugaleysi allra þeirra, sem fundinn sátu, en einnig vegna hins, að ákveðið hafi verið á fundi þessum, að aðilar hittust aftur að nokkrum dögum liðnum í því skyni að ræða hugsanlega framlengingu á leigumálanum á dskj. nr. 4. Af þessum fundi hafi hins vegar ekki orðið vegna andláts framkvæmdastjóra Merkimiða hf. Það breyti þó ekki því, að stefndu höfðu tilkynnt Merkimiðum hf. innan samningsbundins frests um þá ákvörðun sína að kaupa ekki rekstur félagsins, og telja stefndu því, að þrotabú Merkimiða geti engan rétt reist á ákvæðum dskj. nr. 4. um kaupskyldu stefndu og þeir hafi að fullu leyst undan þeirri skyldu á fundi aðila 3. janúar 1988. Sé í þessu sambandi einnig á það að líta, að viðsemjandi stefndu hafi verið hlutafélag, og þó að framkvæmdastjóri Merkimiða hf. hafi andast skömmu síðar, hafi eigi að síður hvílt sú skylda á félaginu að láta sækja þennan fyrirhugaða fund, sem ákveðinn hafði verið 18. janúar 1988, til þess að ganga endanlega og þá væntanlega skriflega frá ákvörðun stefndu gagnvart hlutafélaginu. Stefndu telja því, að þrotabúið verði vegna tómlætis Merkimiða hf. að bera hallann af því, að skjalfest sönnunargögn skortir um þessi grundvallaratriði málsins, ef ástæða þykir til að draga í efa réttmæti frásagnar stefndu um framvindu mála fyrir andlát framkvæmdastjóra Merkimiða hf.

Varakrafa stefndu er reist á því, að hið selda hafi verið miklu minna virði en þeir töldu við undirskrift dskj. nr. 4 og að það hafi verið gallað og skort áskilda kosti í skilningi kaupalaga nr. 39/1922, auk þess sem þeir hafi fengið rangar upplýsingar hjá seljanda við samningsgerðina. Telja stefndu sig því eiga rétt á verulegum afslætti af kaupverðinu og skaðabótum, ef þeir verða taldir bundnir af ákvæðum dskj. nr. 4. um kaupskyldu á rekstrinum, og bera fyrir sig 42. gr. laga nr. 39/1922, 43. gr., 47. gr.

og 53. gr. sömu laga. Auk þess eigi stefndu ýmsar kröfur á Merkimiða hf. til skuldajöfnunar, og beri einnig að lækka kröfur stefnanda af þeim sökum. Muni stefndu leggja fram gögn um það á síðari stigum máls.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndu staðhæfa, að frestur sá, er þeir höfðu til að halda kaupunum samkvæmt viðbótarsamkomulagi frá 27. janúar 1987, hafi verið framlengdur að ósk forsvarsmanns Merkimiða hf., Geirs Herbertssonar.

Vitnið Örn Scheving sölustjóri, sem annaðist samningagerð fyrir Geir, bar hér fyrir dómi, að fundi, sem fyrirhugaður var í desember 1987, hafi verið frestað að ósk Geirs Herbertssonar, en hann hefði dvalist úti á landi hjá syni sínum um hátíðarnar. Aðilar hefðu síðan átt fund með sér á skrifstofu Arnar hér í borg 3. janúar 1988.

Enn fremur kom fram í skýrslu vitnisins Arnar, að á þeim fundi hefði komið fram, að stefndu gerðu sér vonir um að ná samningum við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um verkefni og að þeir myndu kaupa af Merkimiðum hf, ef samningar tækjust, annars ekki. Hafi Geir gefið þeim aukinn frest til þess að ákveða sig.

Vitnið Guðni Guðfinnsson, bróðir stefnda Magnúsar, var á fundinum 3. janúar og bar, að stefndu hefðu fengið frekari frest til að íhuga stöðu mála.

Samkvæmt þessu þykir mega fallast á það með stefndu, að þeir hafi fengið framlengdan frest til þess að taka ákvörðun um kaup.

Þá er og fram komið samkvæmt skýrslu vitnisins Arnar Scheving, að forsvarsmanni Merkimiða hf., Geir Herbertssyni, var ljóst, að það var skilyrði fyrir kaupum stefndu, að samningar tækjust með þeim og SH um verk fyrir hinn síðarnefnda. Með framburði vitnisins Þóris Guðmundssonar, fyrrverandi innkaupastjóra, er sýnt fram á, að samningar tókust ekki með SH og stefndu.

Stefndu staðhæfa, að þeir hafi komið þessu á framfæri við Geir Herbertsson fyrir andlát hans, og hlýtur staðhæfing þessi nokkurn stuðning í framburði vitnisins Arnar Scheving, og eins og hér háttar til, þykir mega leggja staðhæfingu stefndu um þetta til grundvallar í málinu.

Samkvæmt þessu þykja stefndu hafa sýnt fram á, að þeir hafi fallið frá kaupunum, og verða því kröfur stefnanda samkvæmt 1. og 2. tl. kröfugerðar hans ekki teknar til greina.

Stefnandi krefur stefndu um húsaleigu fyrir tímabilið 1. janúar 1987 til 1. apríl 1988, samtals 225.000 krónur.

Aðilar sömdu um 15.000 krónur á mánuði í húsaleigu, á meðan leigumálinn væri í gildi. Stefndu hafa ekki mótmælt þessum kröfulið, og nokkuð er á reiki, hvenær þeir rýmdu húsnæðið. Stefndu hafa lagt fram

víxil, að fjárhæð 120.000 krónur, sem þeir greiddu og kveða hafa verið greiðslu á húsaleigu. Þessari staðhæfingu stefndu um, að þeir hafi greitt húsaleigu með nefndum víxli, hefur ekki verið mótmælt, og þykir mega leggja hana til grundvallar. Hins vegar ber að dæma þá til greiðslu á eftirstöðvum húsaleigunnar, en fallast má á það með stefnanda, að stefndu beri að greiða húsaleigu til 1. apríl 1988.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu ber að greiða stefnanda 105.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði, enda þykja ekki efni til að taka varakröfu stefndu til greina, þar sem hún er ekki studd nægjanlegum gögnum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna jólaleyfis.

Dómsorð:

Stefndu, Halldór Laufland og Magnús Guðfinnsson, greiði stefnanda, þrotabúi Merkimiða hf., 105.000 krónur með 45,6% ársvöxtum frá 1. apríl 1988 til 1. maí s. á., með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s. á., með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s. a., með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, 2. mars 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. mars 1990.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 21. júní 1993.

Nr. 224/1993. **Sveinn Kristdórsson**

gegn

Minjavernd.

Kærumál. Útburður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. maí 1993, sem barst réttinum 27. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí, en þar var tekin til greina krafa varnaraðila um, að rekstur sóknaraðila undir nafninu „Sveinn bakari" yrði borinn út úr svonefndu Móhúsi á Bernhöftstorfu, Bankastræti 2, Reykjavík, með beinni aðfarargerð. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess „aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur um það, að sóknaraðili, Sveinn Kristdórsson, ásamt öllu sem honum og rekstri hans undir nafninu „Sveinn bakari" tilheyrir, verði borinn út úr húsnæði í svonefndu Móhúsi á Bernhöftstorfu að Bankastræti 2, Reykjavík, og að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðila kr. 109.125,00 í málskostnað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur". Til vara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði að öllu leyti staðfestur. Í báðum tilfellum er krafist kærumálskostnaðar.

Ágreiningslaust er, að leigugreiðslur voru í vanskilum, þegar leigumálanum var rift með símskeyti varnaraðila 25. febrúar 1993 að undangengnum viðvörunum og áskorunum um greiðslu. Samkvæmt símskeyti hans frá 1. mars sl. skyldi riftunin standa óhögguð, en sóknaraðila þó vera heimil not húsnæðisins til 20. mars sl. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að nokkuð sé því í vegi, að mál þetta sé rekið samkvæmt 13. kafla aðfararlaga nr. 90/1989. Með þessari athugasemd og annars með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann og heimila útburð samkvæmt 12. kafla sömu laga.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sveinn Kristdórsson, greiði varnaraðila, Minjavernd, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 15. apríl sl., var tekið til úrskurðar 30. s. m. að loknum munnlegum málfutningi.

Gerðarbeiðandi er Minjavernd, kt. 700485-0139, Amtmannsstíg 1, Reykjavík, en gerðarþoli Sveinn Kristdórsson, kt. 270343-2879, Miðleiti 2, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að gerðarþoli ásamt öllu, sem honum og rekstri hans undir nafninu „Sveinn bakari" fylgir, verði borinn út úr húsnæði í svonefndu Móhúsi á Bernhöftstorfu að Bankastræti 2 í Reykjavík með beinni aðfarargerð. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins, auk þess að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af væntanlegri gerð.

Gerðarþoli krefst þess, að kröfum gerðarbeiðanda verði hafnað og sér dæmdur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda.

II.

Málavextir.

Hinn 20. febrúar 1990 leigði gerðarbeiðandi gerðarþola ofangreint húsnæði undir bakarísútsölu. Á sama tíma féll úr gildi eldri samningur sömu aðila um sama húsnæði frá 30. júlí 1987. Leigutími var ákveðinn þrjú ár, frá 1. mars 1990 til 28. febrúar 1993, og rynni þá út án uppsagnar, en leigutaki skyldi þá hafa forgangsrétt til leigu á húsnæðinu „að öðru jöfnu". Umsamin húsaleiga með gjalddaga fyrsta hvers mánaðar var 120.660 kr. á mánuði og skyldi taka breytingum til hækkunar samkvæmt byggingarvísitölu.

Hinn 27. janúar sl. skoraði gerðarbeiðandi á gerðarþola í símskeyti að greiða vangoldna húsaleigu vegna nóvember- og desembermánaðar 1992 og janúarmánaðar 1993, samtals að fjárhæð 467.328 kr. Hinn 8. febrúar sl. var annarri greiðsluáskorun komið á framfæri á sama hátt, og var nú einnig krafist greiðslu vegna febrúarmánaðar, samtals að fjárhæð 619.681 kr. Í

báðum þessum símskeytum var tekið fram, að gerðarbeiðandi myndi neyta réttar síns til riftunar, yrði ekki greitt innan ákveðins tíma, og í símskeyti til gerðarþola 25. febrúar sl. tilkynnti gerðarbeiðandi, að húsaleigusamningnum frá 20. febrúar 1990 væri rift vegna leiguvanskila, og væri riftunin reist á heimild í ákvæðum 1. tl. 20. gr. laga nr. 44/1979.

Í beinu framhaldi af þessari síðastgreindu yfirlýsingu gerðarbeiðanda munu hafa farið fram einhverjar viðræður um áframhaldandi veru gerðarþola í húsnæðinu, en aðilar eru ekki á einu máli um, að hvaða niðurstöðu var komist.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að gerðarþoli hafi óskað eftir frekari fresti til rýmingar húsnæðisins, og hafi hann verið veittur til 20. mars sl. gegn því, að leiguskuldinni væri komið í skil, og hafi gerðarþoli greitt leiguskuldina að mestu. Hann vísar þessu til staðfestingar til símskeytis til gerðarþola 1. mars sl. Hann mótmælir yfirlýsingu starfsmanna gerðarþola, Þóreyjar Eiríksdóttur og Jóns Steingrímssonar, á dskj. nr. 7 sem rangri; ekki hafi komið til mála að falla frá riftun.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að réttinum sé ekki heimilt að fallast á útburðarkröfu gerðarbeiðanda, þar sem nú sé rekið mál milli sömu aðila fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og gerðarbeiðandi krafinn um efndir á leigusamningi aðila, og vísar því til staðfestingar til dskj. nr. 6. Hann vísar og til þess, að í 13. gr. leigumála aðila segi: „Rísi mál vegna samnings þessa, skal reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.“ Þetta ákvæði samningsins skjóti loku fyrir það úrræði gerðarbeiðanda að krefjast beinnar aðfarargerðar vegna ágreinings aðila. Þá staðhæfir hann, að með vitnaleiðslu mætti sanna, að framkvæmdastjóri gerðarbeiðanda, Þorsteinn Bergsson, hafi gert samkomulag við Þóreyju Eiríksdóttur og Jón Steingrímsson, framkvæmdastjóra hjá gerðarþola, þess efnis, að yrðu vanskil gerð upp fyrir 1. mars sl., féllu hugsanlegar riftunarástæður gerðarbeiðanda á leigumálanum niður.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að skýring gerðarþola á ákvæði 13. gr. leigumálans eigi ekki við um þetta mál; hér sé ekki um ágreining um efnisatriði samningsins að ræða, heldur um það, hvort samningnum hafi verið rift með löglegum hætti eða ekki. Þá vísar hann til ákvæða 79. gr. laga um aðför, að ekki standi það í vegi beinnar aðfarargerðar, þótt dómsmál sé jafnframt rekið milli sömu aðila um önnur atriði, er varði réttarsamband þeirra.

IV.

Á það er fallist með gerðarbeiðanda, að sú höfðun almenns dómsmáls,

sem gerðarþoli vísar til, stöðvi ekki framgang þeirrar beinu aðfarargerðar, sem hér er krafist.

Í greinargerð gerðarþola er látið að því liggja, að ákvæða fjórða kafla laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga hafi ekki verið gætt. Ekkert hefur nánar komið fram, við hvaða ákvæði er átt né í hverju vanhöld gerðarbeiðanda eru fólgin. Að öðru leyti hafa brigður ekki verið bornar á, að samningnum hafi verið rift, eins og gerðarbeiðandi heldur fram. Því verður að telja, eftir því sem fram hefur komið og hér hefur verið rakið, að leigumála aðila frá 20. febrúar 1990 hafi verið rift lögum samkvæmt 25. febrúar sl. Vörnum, sem studdar eru því, að samningurinn sé enn í gildi, verður því ekki komið að í þessu máli.

Gegn andmælum gerðarbeiðanda verður ekki fallist á það, að samkomulag hafi orðið um frekari veru gerðarþola í umræddu húsnæði en segir í símskeyti gerðarbeiðanda til gerðarþola frá 1. mars sl. „... Til staðfestingar niðurstöðu viðræðna er tekið fram, að riftun samningsins stendur óhögguð, en yður eru heimil afnot af hinu leigða húsnæði til þess 20. mars nk. ...“.

Samkvæmt framangreindu er fallist á, að umkrafin gerð nái fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað, sem hæfilegur þykir 50.000 krónur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda er tekin til greina. Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 50.000 krónur í málskostnað.

Þriðjudaginn 22. júní 1993.

Nr. 231/1993. **Krafttak sf.**

gegn

Óla Þ. Óskarssyni.

Kærumál. Framlagning skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. maí 1993, sem barst réttinum 2. júní sama ár. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að Landsvirkjun sé óskylt að leggja fyrir dóminn þau gögn, er úrskurðurinn tekur til. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Varnaraðili styður frávísunarkröfu sína þeim rökum, „að sóknaraðili geti ekki kært úrskurð héraðsdóms, þar sem úrskurðurinn fjallar ekki um framlagningarskyldu sóknaraðila, heldur þriðja manns eða Landsvirkjunar". Þá hafi Landsvirkjun lýst yfir því með bréfi 4. febrúar 1993, „að fyrirtækið uni hinum kærða úrskurði". Af því leiði, að sóknaraðili geti ekki kært hinn kærða úrskurð.

Kæruheimild er í d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, eins og bent var á í dómi Hæstaréttar 10. mars 1993 í kærumáli milli sömu aðila. Landsvirkjun hefur ekki lýst því yfir, að fyrirtækið uni hinum kærða úrskurði, sem upp var kveðinn 13. maí 1993. Af tilvitnuðu bréfi Landsvirkjunar 4. febrúar 1993 má ráða, að fyrirtækið hugðist ekki fyrir sitt leyti kæra þá ákvörðun, sem Héraðsdómur Reykjavíkur tók 21. janúar sama ár og var til meðferðar í hinu fyrra kærumáli málsaðila. Engin rök eru því til þess að verða við frávísunarkröfu varnaraðila.

II.

Þau gögn, sem framlagningar er krafist á, varða kröfugerð sóknaraðila á hendur Landsvirkjun um aukagreiðslur og leiðréttingar vegna

verksamnings þeirra frá 10. ágúst 1984 um virkjunarframkvæmdir við Blöndu. Varnaraðili var undirverktaki sóknaraðila samkvæmt sérstökum samningi þeirra 5. maí 1986, og átti Landsvirkjun enga aðild að þeim samningi. Sóknaraðili leggur á það áherslu, að grundvöllur uppgjörs þessara tveggja verksamninga sé mismunandi og framlagning gagnanna væri til þess fallin að flækja málið enn frekar.

Landsvirkjun hefur í bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur 20. janúar 1993 lýst efnislegri afstöðu sinni til kröfugerðar varnaraðila. Þar segir meðal annars:

„Kröfugerð Krafttaks sf. var afhent 8. desember 1987 og var undanfari endanlegs uppgjörs Landsvirkjunar við fyrirtækið, en á verktímanum höfðu komið upp erfiðleikar við framkvæmd verksins, sem höfðu í för með sér röskun á áætlunum og leiddu til aukakostnaðar. Uppgjöri lauk með samkomulagi („Agreement") og viðaukasamningi nr. 4 („Amendment No 4 to Contract"), sem hvort tveggja er dags. 31. maí 1988. ... Landvirkjun telur, að umbeðin kröfugerð gefi ekki rétta mynd af endanlegu uppgjöri við Krafttak sf. Í uppgjörinu var slegið af ýmsum þáttum og aðrir slípaðir til þannig, að endanleg niðurstaða var ekki í samræmi við kröfugerð fyrirtækisins. Uppgjörið miðaðist og við samskipti Landsvirkjunar og Krafttaks sf., sem er öðrum óviðkomandi. ... Á hinn bógin er ljóst, að gegn vilja Krafttaks sf. mun Landsvirkjun ekki láta umbeðin gögn af hendi án undangengins úrskurðar dómsins þar að lútandi. ... Afstaða Landsvirkjunar hvílir á þeirri forsendu, að fyrirtækinu sé hvorki rétt né skylt að afhenda þriðja aðila gögn, er varða viðskipti fyrirtækisins við verktaka gegn vilja verktakans. Um sé að ræða gögn, sem þriðji aðili ætlar að reyna að nýta sér í málsókn gegn verktakanum. Í fyrsta lagi stendur það verktakanum nær að afhenda gögnin. Í öðru lagi er ekki um að ræða skjöl, sem skylt væri að afhenda 3ja aðila án tillits til málsins. Í þriðja lagi er ekki um að ræða efni í umbeðnum gögnum, sem Landsvirkjun væri skylt að vitna um í málinu, sbr. d-lið 2. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991. Efnisforsendur 3. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991 eru því ekki til staðar í málinu að mati Landsvirkjunar."

III.

Sérstakur ágreiningur varð um þá ósk varnaraðila í þinghaldi 17. nóvember 1992 að fá að leggja fram ljósrit af framangreindu skjali

með heitinu „Agreement“ frá 31. maí 1988. Héraðsdómur hafnaði þeirri ósk varnaraðila með úrskurði 19. nóvember 1992. Í forsendum þessa úrskurðar, sem ekki var kærður til Hæstaréttar, segir meðal annars:

„Deila aðila þessa máls er um uppgjör samkvæmt verksamningi þeirra frá 5. maí 1986, sem er grundvöllur réttarsambands þeirra. Stefnandi hefur gert kröfur í málinu vegna uppgjörs samkvæmt þeim samningi.

Stefnandi á ekki aðild að verksamningi stefnda og Landsvirkjunar og uppgjör þeirra á grundvelli þess samnings skiptir ekki máli um úrlausn þessa máls...“

IV.

Varnaraðili hefur ekki gert viðhlítandi grein fyrir því, hvað það er, sem hann hyggst sanna með hinum umbeðnu gögnum. Þá hefur hann eigi að heldur gert það sennilegt, að þau gögn geti skipt máli um úrlausn þeirrar kröfugerðar, sem hann hefur uppi á hendur sóknaraðila, eða að forráðamönnum Landsvirkjunar væri skylt að bera vitni um efni þeirra eða afhenda þau án tillits til málsins, sbr. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framansögðu er Landsvirkjun óskylt að leggja hin umbeðnu gögn fyrir héraðsdóm, og verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Varnaraðili skal greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Landsvirkjun er óskylt að leggja hin umbeðnu gögn fyrir héraðsdóm.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 1993.

Mál þetta var tekið til úrskurðar í dag samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 91/1991 að undangengnum munnlegum málflutningi aðila og Landsvirkjunar.

Í máli þessu hefur stefnandi krafist þess, að Landsvirkjun láti af hendi við sig gögn, sem hann kveður vera að finna í „2-3 möppum" í hennar vörslum. Um nánari lýsingu á gögnum þessum vísar stefnandi til dómskjals nr. 7 í málinu, bls. 2.9, en um sé að ræða kröfugerð stefnda á hendur Landsvirkjun um aukagreiðslur og leiðréttingar vegna verktöku stefnda hjá Landsvirkjun við Blönduvirkjun svo og fylgigögn kröfugerðarinnar. Þessi gögn hafi að geyma margvíslegar upplýsingar um aukaverk og leiðréttingar vegna verktöku stefnanda hjá stefnda við Blönduvirkjun, sem hann gerir kröfu um í máli þessu, að stefndi greiði sér fyrir. Af hálfu Landsvirkjunar hefur því verið lýst yfir, að ekki verði orðið við þessari beiðni.

Stefnandi hefur lagt fram kröfu um, að Landsvirkjun verði skylduð til þess með úrskurði dómsins að afhenda sér möppur þessar, en ekki gert kröfu um, að upp verði kveðinn úrskurður að svo komnu máli.

Hinn 21. janúar sl. tók dómurinn þá ákvörðun skv. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 91/1991, að Landsvirkjun skyldi leggja framangreind gögn fyrir dóminn.

Stefndi kærði þessa ákvörðun til Hæstaréttar, og með dómi, upp kveðnum 10. mars sl., var málinu vísað frá Hæstarétti á þeirri forsendu, að gegn mótmælum stefnda yrði héraðsdómur að kveða upp úrskurð um skyldu Landsvirkjunar til að afhenda héraðsdómi skjöl þessi í trúnaði og gegn þagnarskyldu.

Dómurinn hefur því tekið málið til úrskurðar um þetta efni.

Dómurinn telur nokkrar líkur á, að einhver þessara gagna, sem að framan er lýst, kunni að vera þess efnis, að starfsmönnum Landsvirkjunar væri skylt að bera vitni um það í máli þessu, og þannig ekki loku fyrir það skotið, að þau kunni að renna stoðum undir kröfugerð stefnanda. Sömu líkur kunna og að vera á því, að sum þessara gagna séu þess efnis, að starfsmönnunum væri óskylt og jafnvel óheimilt að bera vitni um efni þeirra. Þótt stefnanda hafi ekki tekist að lýsa þeim gögnum, sem deila þessi snýst um, af verulegri nákvæmni, er samt sem áður ekki marktækur ágreiningur um það, hver þau eru. Samkvæmt framansögðu telur dómurinn rétt, að Landsvirkjun leggi fyrir hann umrædd gögn samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 91/1991.

Úrskurð þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson dómsformaður og samdómendurnir Freyr Jóhannesson og Ríkharður Kristjánsson.

Úrskurðarorð:

Landsvirkjun er skylt að leggja fyrir dóminn í trúnaði og gegn þagnarskyldu þau gögn, sem er að finna í 2-3 möppum í vörslu Landsvirkjunar og hafa að geyma kröfugerð stefnda á hendur Landsvirkjun um greiðslur fyrir aukaverk og leiðréttingar vegna verktöku stefnda hjá Landsvirkjun við Blönduvirkjun og fylgigögn með þeirri kröfugerð.

Þriðjudaginn 22. júní 1993.

Nr. 259/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Ragnari Arngrímssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1993, sem barst réttinum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní um gæsluvarðhald á hendur varnaraðila. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað um gæsluvarðhald, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur og allur kostnaður málsins greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi til 5. júlí nk. vegna aðildar hans að ætluðu broti gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðili hefur þegar viðurkennt aðild sína að brotinu bæði fyrir lögreglu og dómara, og það hafa jafnframt sökunautar hans gert. Eru skýrslur þeirra samhljóða. Rannsóknarlögregla ríkisins byggir kröfu sína á a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Ekki hefur verið sýnt nægilega fram á, að þörf sé gæsluvarðhalds varnaraðila í þágu rannsóknar málsins. Þá verður ekki heldur talið, að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.-

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns varnaraðila, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn vegna kæru um brot á 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Agnar Guðjónsson, eigandi fyrirtækisins Byssusmiðju Agnars, Kópavogi, tilkynnti um kl. 18.00 í gærkvöld lögreglunni í Kópavogi, að þrír grímuklæddir menn hefðu ruðst inn í fyrirtæki sitt fyrir stundu, einn þeirra vopnaður haglabyssu, sem hann beindi að sér, en hinir vopnaðir trékylfum. Er lögregla kom á vettvang, hafði Agnar einn árásarmannanna í haldi, en hinir höfðu hlaupið út, eftir að Agnar hafði úðað þá gasi. Að sögn Agnars voru mennirnir með hettu yfir höfði sér, er þeir komu inn í verslunina, og hefðu þeir ráðist að sér og einn þeirra beint byssu að brjósti sér. Agnar kveðst hafa gripið um hlaup byssunnar og beint því frá sér, en um leið úðað gasi framan í árásarmanninn. Þá hefði ráðist að sér sá með trékylfuna og slegið sig þungt högg á herðablað og víðar. Til frekari átaka hefði komið og tveir árásarmannanna komist undan, en hann haft einn þeirra í haldi, er lögregla kom á staðinn.

Rannsóknarlögregla handtók í gærkvöld hina árásarmennina tvo, og hafa þeir báðir gengist við verknaðinum.

Brot það, sem kærða er gefið að sök, getur varðað hann fangelsi skv. 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Með vísan til framanritaðs sem og rannsóknargagna málsins þykir hætta á, að kærði geti torveldað rannsókn málsins. Ber því skv. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga. nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi í 16 daga, allt til mánudagsins 5. júlí 1993 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ragnar Arngrímsson, sæti gæsluvarðhaldi í 16 daga, allt til mánudagsins 5. júlí 1993 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 22. júní 1993.

Nr. 260/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Valgarði Þór Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1993, sem barst réttinum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní um gæsluvarðhald á hendur varnaraðila. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað um gæsluvarðhald, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur og allur kostnaður málsins greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi til 5. júlí nk. vegna aðildar hans að ætluðu broti gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðili hefur þegar viðurkennt aðild sína að brotinu bæði fyrir lögreglu og dómara, og það hafa jafnframt sökunautar hans gert. Eru skýrslur þeirra samhljóða. Rannsóknarlögregla ríkisins byggir kröfu sína á a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Ekki hefur verið sýnt nægilega fram á, að þörf sé gæsluvarðhalds varnaraðila í þágu rannsóknar málsins. Þá verður ekki heldur talið, að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns varnaraðila, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn vegna kæru um brot á 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Agnar Guðjónsson, eigandi fyrirtækisins Byssusmiðju Agnars, Kópavogi, tilkynnti um kl. 18.00 í gærkvöld lögreglunni í Kópavogi, að þrír grímuklæddir menn hefðu ruðst inn í fyrirtæki sitt fyrir stundu, einn þeirra vopnaður haglabyssu, sem hann beindi að sér, en hinir vopnaðir trékylfum. Er lögregla kom á vettvang, hafði Agnar einn árásarmannanna í haldi, en hinir höfðu hlaupið út, eftir að Agnar hafði úðað þá gasi. Að sögn Agnars voru mennirnir með hettu yfir höfði sér, er þeir komu inn í verslunina, og hefðu þeir ráðist að sér og einn þeirra beint byssu að brjósti sér. Agnar kveðst hafa gripið um hlaup byssunnar og beint því frá sér, en um leið úðað gasi framan í árásarmanninn. Þá hefði ráðist að sér sá með trékylfuna og slegið sig þungt högg á herðablað og víðar. Til frekari átaka hefði komið og tveir árásarmannanna komist undan, en hann haft einn þeirra í haldi, er lögregla kom á staðinn.

Rannsóknarlögregla handtók í gærkvöld hina árásarmennina tvo, og hafa þeir báðir gengist við verknaðinum.

Brot það, sem kærða er gefið að sök, getur varðað hann fangelsi skv. 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Með vísan til framanritaðs sem og rannsóknargagna málsins þykir hætta á, að kærði geti torveldað rannsókn málsins. Ber því skv. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi í 16 daga, allt til mánudagsins 5. júlí 1993 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Valgarð Þór Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi í 16 daga, allt til mánudagsins 5. júlí 1993 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 22. júní 1993.

Nr. 261/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Baldri Þór Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1993, sem barst réttinum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní um gæsluvarðhald á hendur varnaraðila. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað um gæsluvarðhald, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur og allur kostnaður málsins greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi til 5. júlí nk. vegna aðildar hans að ætluðu broti gegn 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varnaraðili hefur þegar viðurkennt aðild sína að brotinu bæði fyrir lögreglu og dómara, og það hafa jafnframt sökunautar hans gert. Eru skýrslur þeirra samhljóða. Rannsóknarlögregla ríkisins byggir kröfu sína á a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Ekki hefur verið sýnt nægilega fram á, að þörf sé gæsluvarðhalds varnaraðila í þágu rannsóknar málsins. Þá verður ekki heldur talið, að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs réttargæslumanns varnaraðila, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 10.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn vegna kæru um brot á 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Agnar Guðjónsson, eigandi fyrirtækisins Byssusmiðju Agnars, Kópavogi, tilkynnti um kl. 18.00 í gærkvöld lögreglunni í Kópavogi, að þrír grímuklæddir menn hefðu ruðst inn í fyrirtæki sitt fyrir stundu, einn þeirra vopnaður haglabyssu, sem hann beindi að sér, en hinir vopnaðir trékylfum. Er lögregla kom á vettvang, hafði Agnar einn árásarmannanna í haldi, en hinir höfðu hlaupið út, eftir að Agnar hafði úðað þá gasi. Að sögn Agnars voru mennirnir með hettu yfir höfði sér, er þeir komu inn í verslunina, og hefðu þeir ráðist að sér og einn þeirra beint byssu að brjósti sér. Agnar kveðst hafa gripið um hlaup byssunnar og beint því frá sér, en um leið úðað gasi framan í árásarmanninn. Þá hefði ráðist að sér sá með trékylfuna og slegið sig þungt högg á herðablað og víðar. Til frekari átaka hefði komið og tveir árásarmannanna komist undan, en hann haft einn þeirra í haldi, er lögregla kom á staðinn.

Rannsóknarlögregla handtók í gærkvöld hina árásarmennina tvo, og hafa þeir báðir gengist við verknaðinum.

Brot það, sem kærða er gefið að sök, getur varðað hann fangelsi skv. 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Með vísan til framanritaðs sem og rannsóknargagna málsins þykir hætta á, að kærði geti torveldað rannsókn málsins. Ber því skv. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi í 16 daga, allt til mánudagsins 5. júlí 1993 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Baldur Þór Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi í 16 daga, allt til mánudagsins 5. júlí 1993 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 23. júní 1993.

Nr. 263/1993. **M**

gegn

K.

Kærumál. Hæfi matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. júní 1993, sem barst réttinum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 10. júní 1993. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og allar kröfur sínar í þessum þætti málsins verði teknar til greina. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Hvorki hafa borist kröfur né greinargerð frá varnaraðila.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 10. júní 1993.

Stefna í máli þessu var birt 16. desember 1992. Málið var þingfest 12. janúar 1993 og tekið til úrskurðar um ágreining aðila í þessum þætti þess 8. júní sl.

Stefnandi er M, Reykjavík, en stefnda er K, Hafnarfirði.

I.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að samningur aðila máls þessa frá 29. maí 1992, að konan hafi forsjá barna þeirra, A, f. 1989, og B, f. 1991, verði úr gildi felldur og manninum verði með dómi fengið forræði beggja barnanna. Til vara er þess krafist, að manninum verði fengið forræði annars barnsins. Þá er krafist málskostnaðar í aðal- og varakröfu.

Stefnda krefst þess, að aðal- og varakröfu stefnanda verði hafnað og staðfest verði, að hún ein fari með forsjá barnanna. Málskostnaðar er kraf-

ist svo og, að stefnandi og lögmaður hans verði dæmdir í réttarfarssektir vegna ósæmilegra ummæla í stefnu.

Krafa stefnanda í þessum þætti málsins er eftirfarandi:

„að matsmennirnir Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur og Hjördís Hjartardóttir félagsráðgjafi verði úrskurðuð vanhæf til þess að meta það, sem greinir í matsbeiðni, dags. 18. 2. 1993,

að matsgerð þeirra, dags. 28. 4. 1993, verði metin ógild sem hlutlaus og óvilhöll skoðunargerð,

að matsmönnum verði gert að endurgreiða allan kostnað, sem þeir áskildu sér úr hendi M fyrir matsstörfin".

Stefnda mótmælir kröfum stefnanda og telur matsmenn bæði hæfa og óvilhalla.

Var málið flutt og varið um þessa kröfu stefnanda 8. júní sl.

II.

Atvik málsins eru í stórum dráttum þau, að aðilar máls þessa fengu leyfi til lögskilnaðar 29. júní 1992. Í skilnaðarsamningi var stefndu fengin forsjá barna þeirra, A og B. Stefnandi fékk rúman umgengnisrétt við börnin.

Stefnda ákvað í nóvember 1992 að ganga að eiga bandarískan ríkisborgara að nafni S og flytjast með honum og börnunum til Bandaríkjanna. Þau gengu í hjónaband hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli 28. desember 1992.

Er stefnandi frétti af áformum stefndu að flytjast til Bandaríkjanna, ákvað hann að höfða mál þetta. Jafnframt fór stefnandi fram á í beiðni, dags. 17. desember 1992, að lagt yrði bann við því, að stefnda færi úr landi með börnin. Var fallist á þá beiðni með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 23. desember 1992, sem staðfestur var í Hæstarétti 27. janúar 1993.

Stefnandi kveður stefndu ekki hafa viljað skýra sér frá þeim aðstæðum, sem biðu barnanna í nýju landi. Hann telji, að fyrirhugaður brottflutningur barnanna til Bandaríkjanna kippi stoðum undan skilnaðarkjarasamningi aðila og þar með ákvæði um skipan forsjár barnanna.

Stefnda kveðst hafa gert sér grein fyrir, að ákvörðun sín um að ganga í hjónaband og flytjast af landi brott með börnin myndi hafa breytingu í för með sér á umgengnisrétti föður við börnin. Hún hafi því tjáð stefnanda þessi áform sín og verið tilbúin að fallast á breyttan umgengnisrétt í samræmi við hagsmuni og þarfir barnanna. Stefnandi hafi tekið þessu vel í fyrstu, en síðan breytt um skoðun.

Í þinghaldi 18. febrúar 1993 ákváðu aðilar að leita sameiginlega eftir álitsgerð sérfróðra manna í samræmi við 60. gr. barnalaga nr. 20/1992. Beindu þau sameiginlega til hinna dómkvöddu matsmanna eftirfarandi matsatriðum:

1. Hæfi K til þess að hafa með höndum forsjá barna sinna.

2. Hæfi M til að hafa með höndum forsjá barna sinna.

3. Fjárhagslega möguleika hvors foreldris til þess að halda heimili fyrir börn sín.

4. Tilfinningalegt samband hvors foreldris við börn sín.

5. Félagslega getu hvors foreldris til að ala upp börn sín.

6. Óskað er eftir áliti um, hvaða áhrif það hugsanlega hafi á börnin að flytjast til Bandaríkjanna m. t. t. tilfinningalegs og fjárhagslegs öryggis.

7. Óskað er eftir áliti um, hvort það samrýmist hag og þörfum barnanna, að núverandi skipulagi á forsjá verði breytt til langframa.

8. Ef hinir sérfróðu aðilar telja það samrýmast best hag og þörfum barnanna, að forsjá verði breytt, þá óskast umsögn um:

a) hvort þeir telja börnunum fyrir bestu, að föður, M, verði veitt forsjá beggja barnanna,

b) hvort þeir telja börnunum fyrir bestu, að forsjá þeirra verði skipt milli foreldranna, þannig, að M fari með forsjá annars barnsins, en K með forsjá hins.

c) Ef svar við b-lið er jákvætt, óskast álits um, hjá hvoru foreldrinu þau meti, að A sé best komin, og hjá hvoru best sé fyrir B að vera, með hliðsjón af hag og þörfum barnanna."

Skýrsla hinna sérfróðu dómkvöddu manna er dagsett 28. apríl 1993. Í niðurstöðu hennar kemur fram, að matsmenn hittu foreldrana saman í upphafi, alls fjórum sinnum, til að freista þess að leysa málið með samkomulagi. Sáttatillaga matsmanna var sú, að foreldrarnir hefðu sameiginlega forsjá barnanna, en börnin hefðu búsetu hjá móður, en umgengni við föður í fjóra mánuði á ári. Forsendur ofangreindrar tillögu voru þær, að móðirin hefði nú forsjá barnanna og hefði haft í rúmt ár, börnin væru ung að árum, ekki væru uppi ásakanir um vanhæfi móður og að það ylli minnstri röskun fyrir börnin að vera áfram að mestu í umsjá móður.

Matsgerð var lögð fram af beggja hálfu í þinghaldi 7. maí 1993. Ekki komu þá mótmæli fram við matsgerðinni, en í þinghaldi 4. júní mótmælti stefnandi matsgerðinni og lagði fram áðurnefndar kröfur, sem nú eru til umfjöllunar í þessum þætti málsins.

III.

Kröfur sínar um vanhæfi matsmanna og að matsgerð verði metin ógild, reisir stefnandi á því, að matsmenn hafi farið út fyrir umbeðið verksvið sitt með því að koma með sáttatillögu og taka þar með í upphafi verks afstöðu með öðrum málsaðila. Þeir hafi þó ekki haft neinar faglegar forsendur fyrir tillögu sinni. Matsmenn hafi því gert sig vanhæfa. Auk þess hafi sáttameðferðin verið í óþökk stefnanda, og hafi matsmenn bent sér

á, að möguleikar sínir væru í raun litlir og því betra fyrir sig að fallast á sáttatillöguna. Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til 3. tl. 61. gr. laga nr. 91/1991 svo og til b-liðar og g-liðar 5. gr. sömu laga.

Stefnda mótmælir kröfu stefnanda, og í málflutningi studdi hún mótmæli sín m. a. þeim rökum, að það væri verklagsregla hjá umsagnaraðilum í forsjármálum að reyna sættir fyrst. Vegna þekkingar sinnar og reynslu vissu hinir sérfróðu á þessu sviði, að sátt væri börnunum fyrir bestu. Matsmenn hafi auk þess einungis unnið faglega að málinu og af óhlutdrægni, eins og lesa mætti í skýrslu þeirra. Þá væri einnig til þess að líta, að sáttatilraunir matsmanna hefðu ekki farið fram í óþökk stefnanda.

IV.

Hinir dómkvöddu sérfræðingar voru til kvaddir að tillögu og með samkomulagi beggja málsaðila. Voru þeir dómkvaddir skv. 60. gr. barnalaga nr. 20/1992 sem sérfræðingar í sálar- og uppeldisfræðum. Töldu málsaðilar þá bæði hæfa og óvilhalla og stóðu sameiginlega að ritun matsbeiðni og skiptu kostnaði þessu samfara milli sín.

Er sérfræðingarnir hófu sáttatilraunir sínar, gerði stefnandi engar athugasemdir. Það var ekki fyrr en eftir, að álitsgerð þeirra lá fyrir, sem andmælum var hreyft.

Samkvæmt 60. gr. barnalaga nr. 20/1992 skal fara með skýrslu sérfræðinganna sem um matsgerð væri að ræða skv. ákvæðum IX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Í dómsmálum er litið á matsgerð sem sönnunargagn. Samkvæmt grundvallarreglunni um frjálst sönnunarmat ber dómara að meta sönnunargildi matsgerðar í hverju tilviki. Annmarkar á matsgerð geta vissulega dregið úr eða ónýtt sönnunargildi hennar, en á það er ekki lagt mat fyrr en við efnismeðferð málsins. Er því ekki unnt að fallast á kröfur stefnanda í þessum þætti málsins, heldur verður að telja, að stefnandi eigi þess nú kost að hnekkja niðurstöðu sérfræðinganna í málflutningi og með framlagningu nýrra gagna, t. d. með framlagningu yfirmats.

Niðurstaðan er því sú, að krafa stefnanda um, að matsmenn verði úrskurðaðir vanhæfir, matsgerð þeirra ógild og þeim gert að endurgreiða allan kostnað, er ekki tekin til greina.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreind krafa stefnanda í þessum þætti málsins er ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 253/1993. **Mosfellsbær og**
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
gegn
Ólafi A. Ingimundarsyni og
Eygerði Ingimundardóttur.

Kærumál. Nauðungarsala. Óðalsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kærum, sem báðar eru dagsettar 3. júní sl. og bárust Hæstarétti ásamt kærugögnum 16. sama mánaðar. Krefjast sóknaraðilar þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. október 1992 um stöðvun nauðungarsölu á fasteigninni Víði í Mosfellsbæ verði felld úr gildi og lagt fyrir sýslumanninn að halda henni áfram til lúkningar uppboðskröfum sóknaraðila. Sóknaraðilinn Mosfellsbær krefst þess til vara, að lagt verði fyrir sýslumann að halda áfram nauðungarsölu á eigninni til lúkningar kröfu þessa sóknaraðila til greiðslu fasteignagjalda. Báðir sóknaraðilar krefjast málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar um annað en málskostnað. Þau krefjast málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Á árinu 1948, þegar Ingimundur Ámundason, þáverandi eigandi jarðarinnar Hrísbrúar í Mosfellssveit, undirritaði yfirlýsingu þess efnis, að hann gerði jörðina að ættaróðali, voru í gildi lög nr. 116/1943 um ættaróðal og erfðaábúð. Samkvæmt lögunum var stofnun óðalsréttar ýmsum skilyrðum háð.

Varnaraðilar halda því fram, að nauðungarsala á eigninni Víði í landi Hrísbrúar megi ekki fara fram, þar sem eign þessi sé hluti af jörðinni og háð sömu lagakvöðum óðalsréttar og jörðin sjálf. Gegn þessu er á því byggt af hálfu sóknaraðila, að til óðalsréttar yfir jörðinni hafi aldrei stofnast, þar sem mikið hafi á það skort,

að fullnægt væri skilyrðum laganna í því efni. Engin viðhlítandi gagnaöflun hefur farið fram um þetta ágreiningsefni, og nýtur um það takmarkaðra upplýsinga í málinu, enda liðin tæp 45 ár, frá því að fyrrnefnd yfirlýsing Ingimundar Ámundasonar var gefin út. Það eru því ekki efni til annars en við það sé miðað í máli þessu, að jörðin Hrísbrú hafi orðið ættaróðal á sínum tíma og óðalsrétturinn sé enn í gildi.

Þegar Ingimundur Ámundason gerði lóðarleigusamning til 50 ára hinn 27. desember 1973 við dóttur sína, varnaraðilann Eygerði, um eins hektara spildu úr landi Hrísbrúar, hafði jörðin verið í sameign hans og sonar hans, varnaraðilans Ólafs, frá 27. júlí 1958, án þess að henni væri skipt í tvö sjálfstæð býli. Virðast báðir hafa rekið búskap á jörðinni um einhvern tíma eftir þetta, en síðan Ólafur einn, og mun hann enn nytja jörðina til búskapar. Þeir undirrituðu báðir lóðarleigusamninginn.

Þegar samningurinn var gerður, giltu um ættaróðul lög nr. 102/1962 . Hvergi í lögum þessum eru því settar skorður, að óðalseigandi ráðstafi tímabundið leigurétti að afmarkaðri lóð úr landi ættaróðals og heimili húsbyggingu á lóðinni. Telja verður, að slíkt sé heimilt, að minnsta kosti meðan óðalseigandi, sem að slíkri ráðstöfun stendur, nýtur óðalsins sjálfur, en samkvæmt framansögðu er því enn svo háttað um varnaraðilann Ólaf, enda skerði ráðstöfunin ekki þá búskaparmöguleika á jörðinni, sem til staðar voru, þegar hún var gerð að ættaróðali. Um það nýtur engra gagna í málinu. Slík takmörkuð og tímabundin fasteignarréttindi á ættaróðali verða ekki talin lúta neinum þeim lagatakmörkunum á eignarrétti, sem óðalsréttur á jörðinni er háður.

Samkvæmt þessu er leiguréttur að umræddri spildu úr landi Hrísbrúar ásamt mannvirkjum á henni undanskilinn óðalsrétti jarðarinnar, og var varnaraðilanum Eygerði heimil að lögum kvaðalaus ráðstöfun eignarinnar að þessu leyti, er hún seldi hana fyrrverandi sambýlismanni sínum, Kristjáni Ólafssyni, með kaupsamningi 10. janúar 1989. Jafnframt er eign þessi fullgilt andlag nauðungarsölu til fullnustu aðfararhæfum kröfum á hendur eiganda hennar. Með vísan til þessa brast lagaskilyrði fyrir stöðvun sýslumanns á nauðungarsölu eignarinnar. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir sýslumanninn í Reykjavík að halda

áfram nauðungarsölu á fasteigninni Víði í landi jarðarinnar Hrísbrúar.

Rétt er, að málskostnaður í héraði falli niður. Varnaraðilar greiði hvorum sóknaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur. Lagt er fyrir sýslumanninn í Reykjavík að halda áfram nauðungarsölu á fasteigninni Víði í landi jarðarinnar Hrísbrúar í Mosfellsbæ.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Varnaraðilar, Ólafur A. Ingimundarson og Eygerður Ingimundardóttir, greiði sóknaraðilum, Mosfellsbæ og Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, 50.000 krónur hvorum í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. maí 1993.

I.

Hinn 22. og 30. desember 1992 barst Héraðsdómi Reykjavíkur beiðni Arnar Höskuldssonar hrl. fyrir hönd Mosfellsbæjar og Björns Ólafs Hallgrímssonar hrl. fyrir hönd Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda um úrlausn ágreiningsefnis um nauðungarsölu á fasteigninni Víði í Mosfellsbæ. Í samræmi við 2. mgr. 74. gr 1. nr. 90/1991 um nauðungarsölu var aðild málsins ákveðin með framangreindum hætti, og var málið þingfest 14. janúar 1993. Mál þetta var tekið til úrskurðar að afloknum munnlegum málflutningi 21. apríl sl.

Sóknaraðilar málsins eru Mosfellsbær, kt. 470269-5969, Hlégarði, Mosfellsbæ, og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, kt. 450181-0489, Laugavegi 13, Reykjavík. Varnaraðilar eru Ólafur Andrés Ingimundarson, kt. 221133-2779, Hrísbrú, Mosfellsbæ, og Eygerður Ingimundardóttir, kt. 130338-3059, Grundartanga 30, Mosfellsbæ.

Af hálfu beggja sóknaraðila er þess krafist, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. október 1992 um stöðvun nauðungarsölu á fasteigninni Víði í Mosfellsbæ verði ómerkt og lagt verði fyrir sýslumann að halda nauðungaruppboð á eigninni til lúkningar öllum kröfum sóknaraðila. Þá er af hálfu beggja sóknaraðila krafist ríflegs málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Af hálfu sóknaraðilans Mosfellsbæjar er sú varakrafa gerð, að ákvörðun sýslumanns verði úr gildi felld og lagt fyrir hann að halda nauðungaruppboð á eigninni til lúkningar kröfu sóknaraðila um fasteignargjöld. Krefst sóknaraðili einnig ríflegs málskostnaðar úr hendi varnaraðila, að því er varakröfuna varðar.

Af hálfu varnaraðilans Ólafs A. Ingimundarsonar eru þær dómkröfur gerðar, að sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 13. október 1992 að stöðva nauðungarsölu á fasteigninni Víði í Mosfellsbæ verði staðfest. Enn fremur er þess krafist, að sóknaraðilar verði dæmdir til að greiða varnaraðila Ólafi málskostnað að mati dómsins.

Upphaflegar dómkröfur varnaraðilans Eygerðar Ingimundardóttur í þinghaldi 14. janúar 1993 voru þær, að áðurgreind ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík yrði staðfest og að varnaraðila Eygerði yrði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi sóknaraðila. Í greinargerð framangreinds varnaraðila, sem lögð var fram á dómþingi 17. febrúar sl., krafðist varnaraðili þess, að öllum kröfum á hendur sér yrði vísað frá dómi og sér tildæmdur málskostnaður að mati dómsins in solidum úr hendi sóknaraðila. Breyting þessi á kröfugerð varnaraðilans Eygerðar sætti ekki mótmælum af hálfu annarra aðila málsins. Í þinghaldi 10. mars sl. féll varnaraðili þessi frá áður gerðri kröfu sinni um frávísun málsins, en af hálfu hans voru þær kröfur gerðar með samþykki lögmanna sóknaraðila, að sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 13. október 1992 að stöðva nauðungarsölu á fasteigninni Víði í Mosfellsbæ yrði staðfest.

Endanlegar dómkröfur varnaraðilans Eygerðar Ingimundardóttur eru því þær, að sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 13. október 1992 að stöðva nauðungarsölu á fasteigninni Víði í Mosfellsbæ verði staðfest og að varnaraðila verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

— — —

VII.

Forsendur og niðurstaða.

Í 1. mgr. 3. gr. l. nr. 116/1943 um ættaróðul og erfðaábúð, sem í gildi voru, er jörðin Hrísbrú var gerð að ættaróðali árið 1948, segir, að óski jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, skuli hann afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu á jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. gr. laganna. Í 2. mgr. ákvæðisins segir, að þegar sýslumaður hafi sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skuli hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur segir í 3. mgr. ákvæðisins, að gerningnum skuli þinglýsa á næsta manntalsþingi.

Samkvæmt fram lögðu afriti af yfirlýsingu um stofnun ættaróðals á jörðinni Hrísbrú á dskj. nr. 4, merktri nr. 161, og ljósriti úr veðmálabókum á dskj. nr. 10 var yfirlýsingunni þinglýst athugasemdalaust á jörðina 7. desember 1948. Verður því við það að miða, að skilyrðum laganna um stofnun ættaróðals hafi verið fullnægt, ella hefði yfirlýsingunni ekki verið þinglýst. Ber þess að gæta, að samkvæmt 1. nr. 30/1928 um þinglýsing skjala og aflýsing, sem í gildi voru árið 1948, voru störf að þinglýsingum talin til dómstarfa, sem sættu kæru til Hæstaréttar. Dómsathöfn þessi sætir því ekki endurskoðun hliðsetts dómstóls.

Samkvæmt lýsingu varnaraðilans Ólafs mun jörðin Hrísbrú ekki hafa verið færð á skrá um ættaróðul, svo sem boðið var í 2. mgr. 3. gr. 1. nr. 116/1943, sbr. nú 2. mgr. 49. gr. jarðalaga. Kveður varnaraðili slíka skrá ekki hafa verið haldna hjá viðkomandi sýslumannsembætti.

Svo sem að framan greinir, var yfirlýsingu um stofnun ættaróðals á jörðinni Hrísbrú þinglýst athugasemdalaust á jörðina. Á fram lögðu ljósriti af blaði fasteignarinnar Hrísbrúar í veðmálabókum, áður Kjósarsýslu, nú Reykjavíkur, kemur skýrt fram, að jörðin sé ættaróðal. Verður að telja, að með þinglýsingu yfirlýsingarinnar hafi stofnast óðalsréttur á jörðinni og breyti þar engu um, þótt jörðin hafi ekki verið færð á skrá yfir ættaróðul, svo sem skylt var að gera samkvæmt 2. mgr. 3. gr. 1. nr. 116/1943. Hæstaréttardómur frá 1979, bls. 951, verður ekki talinn hafa fordæmisgildi í máli þessu, en hann fjallar um ættarjörð samkvæmt VII. kafla 1. nr. 102/1962 um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, en ekki óðalsjörð, sem hér er til umfjöllunar.

Fram hefur verið lagt í málinu ljósrit lóðarleigusamnings varnaraðilans Eygerðar um spildu þá, er síðar var nefnd Víðir. Í samningnum kemur fram, að spildan er leigð til ræktunar túns, garðræktar o. þ. h. til 50 ára, og jafnframt, að leigutaka sé heimilt að reisa íbúðarhús á landinu. Þar sem um leigusamning er að ræða, að auki tímabundinn, tilheyrir spildan enn jörðinni Hrísbrú. Hafa afnot spildunnar einungis verið leigð öðrum, en fræðimenn hafa talið takmörkuð og tímabundin afnot annarra af óðalsjörð heimil. Samkvæmt þessu er leigulóðin hluti óðalsjarðarinnar Hrísbrúar og lýtur því lagaákvæðum þeim, sem um slíkar jarðir gilda.

Samkvæmt skýru orðalagi afsals, dags. 27. júlí 1958, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 24, afsalaði Ingimundur Ámundason, óðalsbóndi á Hrísbrú, óskiptri hálfri jörðinni ásamt húsum og öllum mannvirkjum til sonar síns, varnaraðilans Ólafs. Á fram lögðu ljósriti af blaði fasteignarinnar Hrísbrúar í veðmálabókum kemur fram, að með framangreindu afsali hafi jörðinni verið skipt skv. 11. gr. 1. nr. 116/1943 um ættaróðal og erfðaábúð.

Í 11. gr. laga nr. 116/1943 sagði, að eiganda ættaróðals væri heimilt að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli að fullnægðum nánar tilgreind-

um skilyrðum, en á milli hinna nýju ættaróðala skyldi gera landamerki, svo sem þörf krefði. Mun hér hafa verið átt við, að heimilt væri að skipta ættaróðali í tvö eða fleiri lögbýli, sbr. nú 56. gr. jarðalaga, sbr. 12. gr. þeirra. Samkvæmt framburði varnaraðilans Ólafs hér fyrir dómi munu landamerki ekki hafa verið gerð milli þess jarðarhluta, sem afsalað var til hans árið 1958, og þess hluta jarðarinnar, sem eftir var. Kvaðst Ólafur hafa nytjað jörðin alla sem sína eign.

Það verður að telja í andstöðu við lagaákvæði þau, sem um óðalsjarðir gilda, að óðalsjörð sé í óskiptri sameign tveggja eða fleiri aðila. Umrætt afsal á hálfri jörðinni til varnaraðilans Ólafs braut því í bága við 11. gr. 1. nr. 116/1943 um ættaróðal og erfðaábúð. Eftir sem áður er varnaraðili Ólafur þinglýstur eigandi hálfrar óðalsjarðarinnar Hrísbrúar, og við skýrslutöku hér fyrir dómi kvaðst hann hafa rekið búskap á jörðinni frá árinu 1958 og hin síðari ár nytjað alla jörðina einn. Ekki hefur komið fram, að aðrir erfingjar óðalsins hafi reynt að hnekkja umræddu afsali, enda ritar móðir varnaraðila og systkini hans undir afsalið ásamt föður varnaraðila, Ingimundi. Verður því að telja varnaraðila Ólaf réttan aðila máls þessa sem þinglýstan eiganda hálfrar óðalsjarðarinnar.

Komið hefur fram, að faðir Ólafs, Ingimundur Ámundason, er látinn, en eiginkona hans og móðir varnaraðila, Elínborg Andrésdóttir, er á lífi. Samkvæmt a-lið 63. gr. jarðalaga er því móðir varnaraðila rétthafi hálfrar óðalsjarðarinnar Hrísbrúar, enda hefur þeim helmingi jarðarinnar ekki verið ráðstafað samkvæmt 64. gr. laganna. Er það og í samræmi við framburð beggja varnaraðila hér fyrir dómi. Móðir varnaraðila hefur ekki mótmælt framgangi uppboðsins á fasteigninni Víði og er því ekki aðili máls þessa. Með hliðsjón af eðli máls samkvæmt XIII. kafla laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu og hvernig kröfugerð í málum þessum er háttað, sbr. 2. mgr. 75. gr. þeirra, þykir 2. mgr. 18. gr. 1. nr. 91/1991 um meðferð einkamála ekki eiga við í máli þessu, sbr. og 2. mgr. 77. gr. laga um nauðungarsölu.

Samkvæmt 2. tl. 2. gr. 1. nr. 90/1991 um nauðungarsölu er gerðarþoli sá aðili, sem verður eftir almennum reglum talinn eigandi að þeirri eign, sem nauðungarsalan tekur til. Í greinargerð með ákvæðinu segir um inntak þessarar reglu, að í þeim tilvikum, þar sem reglur um þinglýsingu eða sambærilega skráningu réttinda eigi við um eign, sem krafist sé nauðungarsölu á, verði þinglýstur eða skráður eigandi talinn gerðarþoli, jafnvel þótt kunnugt sé, að annar maður hafi til dæmis keypt eignina af honum án þess að þinglýsa eða skrá réttindi sín.

Varnaraðili Eygerður er þinglýstur eigandi fasteignarinnar Víðis. Með hliðsjón af framansögðu og 2. mgr. 74. gr. laga um nauðungarsölu verður að telja hana réttan aðila máls þessa, enda ágreiningsefnið talið varða hagsmuni hennar.

Af hálfu sóknaraðila málsins er m. a. stuðst við þá málsástæðu, að óðalsréttur á jörðinni Hrísbrú hafi fallið niður vegna brota óðalsbændanna á lagaákvæðum þeim, sem um óðalsjarðir gilda, svo og vegna tómlætis varnaraðilans Ólafs um hagsmuni sína sem óðalseiganda.

Samkvæmt VII. kafla jarðalaga getur óðalsréttur á jörð fallið niður með þeim hætti, að landbúnaðarráðherra leysi óðalið frá óðalsákvæðum, sbr. 69. gr. laganna, en gögn málsins bera ekki með sér, að svo hafi verið gert, að því er óðalsjörðina Hrísbrú varðar.

Samkvæmt 68. gr. jarðalaga getur óðalsbóndi fyrirgert óðalsrétti sínum vegna nánar tilgreindra atvika, sem talin eru í a- til c-liðar ákvæðisins. Skilyrði 68. gr. jarðalaga hafa verið óbreytt í lögum frá árinu 1943. Samkvæmt 68. gr. jarðalaga hefur fyrirgerð viðkomandi óðalsbónda á óðalsrétti sínum ekki í för með sér, að óðalsrétturinn sem slíkur falli niður, heldur verður að telja, að í þeim tilvikum hvíli sú skylda á sýslumanni að ráðstafa jörðinni sem ættaróðali samkvæmt 61. gr. jarðalaga. Þeir óðalserfingjar, sem næstir stæðu til að erfa óðalið, gætu á grundvelli fyrirgerðar óðalsbónda á óðalsrétti sínum krafist óðalsréttarins sér til handa.

Með orðunum „skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla“, í a-lið 68. gr. jarðalaga mun átt við þau lán, sem óðalsbónda er samkvæmt 57. gr. laganna heimilt að taka með veði í óðalinu. Þau lán, sem hvíla á fasteigninni Víði, eru samkvæmt fram lögðu ljósriti úr veðmálabókum ekki lán samkvæmt nefndu ákvæði. Einnig munu vanskil á greiðslu opinberra gjalda, sem hvíla á ættaróðalinu sjálfu, geta leitt til kröfu um nauðungarsölu á ættaróðalinu, sbr. 60. gr. jarðalaga. Af fram lögðum gögnum má sjá, að sóknaraðili Mosfellsbær hefur krafist nauðungarsölu á fasteigninni Víði vegna vanskila á fasteignagjöldum. Gögn málsins bera hins vegar ekki með sér, að sýslumaður hafi tilkynnt varnaraðila Ólafi sem óðalsbónda á Hrísbrú um kröfu sóknaraðila Mosfellsbæjar um aðför í fasteigninni Víði vegna fasteignagjaldanna, en það er sýslumanni skylt að gera samkvæmt 59. gr. jarðalaga. Ber óðalsbónda samkvæmt tilvitnuðu ákvæði eins mánaðar frestur til að greiða kröfuna eða semja um greiðslu hennar. Takist það ekki, ber sýslumanni að ráðstafa ættaróðalinu til annars óðalserfingja, en vilji enginn erfingjanna taka við óðalinu, ber sýslumanni að selja óðalið á uppboði að kröfu skuldheimtumanns. Þar sem tilvitnuðum ákvæðum 59. gr. hefur ekki verið fullnægt við nauðungarsölu á fasteigninni Víði, þykir ósannað, að varnaraðili Ólafur hafi fyrirgert óðalsrétti sínum á grundvelli a-liðar 68. gr. jarðalaga. Einnig verður að telja ósannað í máli þessu, að hann hafi fyrirgert óðalsrétti sínum á grundvelli b- til c-liðar sömu greinar.

Af VII. kafla jarðalaga verður ekki ráðið, að brot óðalsbónda á lagaákvæðum þeim, sem um óðalsjarðir gilda, geti haft í för með sér, að óðalsréttur á jörðinni falli niður. Hafi verðmæti óðalsjarðarinnar rýrnað í tíð óðalsbónda,

t. d. vegna sölu hans á spildum úr óðalsjörðinni, sölu á hlunnindum hennar eða vegna óheimillar veðsetningar, gæti óðalsbóndinn hins vegar orðið bótaskyldur gagnvart næsta viðtakanda óðalsins.

Það sjónarmið er talið liggja til grundvallar óðalsréttarhugtakinu, að þegar jörð hefur verið gerð að óðalsjörð, sé hún ekki lengur í einkaeign einstaks aðila, heldur eins konar sjálfseignarstofnun í umráðum þess, sem óðalsréttinn erfði hverju sinni. Réttur óðalsbóndans til ættaróðalsins hefur þó af fræðimönnum verið talinn beinn eignarréttur. Ráðstöfunarréttur óðalsbónda sé hins vegar háður ákveðnum takmörkunum vegna þeirra kvaða, sem á jörðinni hvíli og ákveðnar séu í lögum í því skyni, að jörðin haldist óskert í eigu ættarinnar mann fram af manni. Verður að telja, að slíkur beinn eignarréttur, þótt hann sé háður ýmsum takmörkunum, geti ekki fallið niður vegna tómlætis viðkomandi óðalsbónda. Varði slíkt tómlæti um hagsmuni ættaróðalsins hins vegar við ákvæði fyrrnefndrar 68. gr. jarðalaga, gæti það leitt til þess, að óðalsbóndi fyrirgerði óðalsrétti sínum.

Samkvæmt 60. gr. jarðalaga er óheimilt að gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Með áhvílandi veðskuldum mun átt við veðskuldir samkvæmt 57. gr. sömu laga. Svo sem fram hefur komið, eru lán þau og aðfararveð, sem hvíla á fasteigninni Víði, ekki samkvæmt tilvitnuðu ákvæði utan aðfararveða sóknaraðilans Mosfellsbæjar vegna fasteignagjalda, en heimilt er að gera aðför í ættaróðali til lúkningar þeim. Svo sem að framan er rakið, hefur sýslumaður Kjósarsýslu, síðar Reykjavíkur, hins vegar ekki gætt ákvæða 59. gr. jarðalaga við nauðungarsölu á fasteigninni Víði, en telja verður, að niðurlag 1. gr. l. nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangenginns lögtaks breyti engu um skyldu sýslumanns samkvæmt tilvitnuðu ákvæði jarðalaganna. Af þessum sökum þykir eigi unnt að fallast á þá varakröfu sóknaraðilans Mosfellsbæjar, að lagt verði fyrir sýslumann að halda nauðungaruppboð á eigninni til lúkningar kröfu sóknaraðila um fasteignagjöld.

Með vísan til framanritaðs þykir bera að staðfesta þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 13. október 1992 að stöðva nauðungarsölu á fasteigninni Víði í Mosfellsbæ.

Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 13. október 1992 um að stöðva nauðungarsölu á fasteigninni Víði í Mosfellsbæ er staðfest.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 235/1993. **Skipatækni hf.**

gegn

Sigurði Ingvasyni.

Kærumál. Framlagning skjala. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. maí 1993, sem barst réttinum 7. júní. Kærður er frávísunarúrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. apríl. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðinum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Kæruheimild er í j-lið 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 165. gr. sömu laga.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, er mál þetta höfðað sem meiðyrðamál vegna ítrekaðra ummæla í ýmsum fjölmiðlum. Auk krafna um ómerkingu og refsingu eru þar gerðar víðtækar kröfur um bætur fyrir fjártjón og miska, enda varða ummælin atvinnu sóknaraðila. Eins og dómkröfum var háttað, var þess að vænta, að fram kæmi í málinu mikið af skjölum, og hefur sú orðið raunin. Þannig þurfti sóknaraðili að leggja fram 12 skjöl til þess eins að sýna hin átöldu ummæli. Með greinargerð sinni lagði varnaraðili fram mörg skjöl því til stuðnings, að hann gæti staðið við orð sín, og virðast þau ekki umfram tilefnið. Hins vegar kallaði þetta á frekari skjöl frá hendi sóknaraðila. Komu þau fram fljótlega, eftir að héraðsdómari tók málið til meðferðar, en dráttur hafði þá orðið á málinu, sem sóknaraðili verður ekki sakaður um. Þessari gagnaöflun fylgdi sá vandi auk skjalafjöldans, að skriflegum skýringum með viðbótarskjölunum varð ekki við komið. Taldi dómarinn óhjákvæmilegt að hafna aðilaskýrslu frá stefnda vegna ákvæða 105. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, en framlagning slíkrar skýrslu kynni að hafa orðið til bóta.

Þegar litið er á málið í heild, verður að fallast á það með héraðsdómara, að meðferð þess hljóti að vera vanda bundin og líkleg til að verða flókin. Er varhugavert að hafna því mati hans, að ástæða sé til að vísa málinu frá dómi, eins og því er nú komið. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur með skírskotun til þeirra lagaákvæða, sem í honum er vitnað til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunarúrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Skipatækni hf., greiði varnaraðila, Sigurði Ingvasyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. apríl 1993.

Mál þetta, sem þingfest var á bæjarþingi Reykjavíkur 24. mars 1992 og tekið til úrskurðar í héraðsdóminum 19. þ. m., hefur Skipatækni hf., Reykjavík, höfðað á hendur Sigurði Ingvasyni skipaverkfræðingi, Gärdesvägen 31, Hovås, Svíþjóð, með stefnu, birtri þar 10. febrúar 1992, sem meiðyrðamál vegna ummæla í Ríkisútvarpinu 9. mars og 14. apríl 1991, á Stöð 2 8., 9., 14. og 19. mars 1991, útvarpsstöðinni Bylgjunni 9. og 14. mars 1991, í Morgunblaðinu 9. og 16. mars og 5. apríl og Dagblaðinu Vísi 20. mars 1991. Krafist er refsingar, fébóta, ómerkingar og kostnaðar af birtingu.

Hinn 8. janúar 1990 samþykkti ríkisstjórnin, að stefnt skyldi að smíði 68-70 m langrar Vestmannaeyjaferju. Smíði skipsins var boðin út í júní 1990 á grundvelli útboðslýsingar, sem stefnandi hafði unnið. Stefnandi yfirfór tilboðin og gerði samanburð á þeim og tillögur um val viðsemjanda. Samkvæmt þeim tillögum var samið við skipasmið í Flekkefjord í Noregi í apríl 1991. Stefndi hafði verið viðriðinn tilboð á grundvelli útboðs í Vestmannaeyjaferju á árinu 1989. Að hans frumkvæði var haldinn fundur með forráðamönnum stefnanda og útgerðar skipsins, Herjólfs hf., 18. desember 1989, og kynnti stefndi þar hugmyndir sínar. Tók hann þá það loforð af fundarmönnum að nota ekki bandarísk einkaleyfi sín við hönnun skipsins. Hætt var við ferjusmíði á grundvelli upphaflegra útboðsgagna og stefnanda falið að hanna minna skip. Þegar stefnda bárust útboðsgögn, þóttist hann þar kenna hugmyndir sínar, þær, sem hann hafði fengið einkarétt á í Bandaríkjunum, og vera illa svikinn. Hin umstefndu ummæli viðhafði hann af því tilefni.

Ummælin eru tilgreind í tólf liðum og taka yfir tæpar þrjár síður í stefnunni. Skipið er sagt illa hannað, stórgallað, óhagkvæmt og rándýrt, — stórhættuleg manndrápsfleyta, — byrðingur of þunnur, stefnið laust, vélar of stórar og eyðslufrekar og stefnandi sagður hafa stolið hugmyndum stefnda, gengið með því á bak orða sinna og lagt allt kapp á með óheiðarlegum og óeðlilegum hætti, að skipið yrði smíðað hjá ákveðinni skipasmíðastöð, er hefði smíðað öll skip, sem stefnandi hefði teiknað.

Stefndi krefst aðallega frávísunar á grundvelli 66. gr. og 73. gr. laga nr. 85/1936, en sýknu til vara. Báðir krefjast málskostnaðar. Stefnandi reisir málshöfðunarheimild sína á 84. gr. s. l. og krefst þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið.

Á það ber að fallast með stefnanda, að málið sé réttilega höfðað á brotavarnarþingi í Reykjavík, sbr. tilvitnað ákvæði og d-lið 165. gr. laga nr. 91/1991.

Við flutning um frávísunarkröfu gaf dómarinn umboðsmönnum aðila kost á að tjá sig um hugsanlega frávísun málsins ex officio. Stefnandi hélt uppi vörnum fyrir málatilbúnað sinn, er stefndi taldi, að vísa bæri frá vegna galla á málatilbúnaði, þótt hann hefði ekki reist kröfu sína á þeirri málsástæðu.

Eftir að stefndi hafði skilað greinargerð og komin voru 62 skjöl í málið, voru lögð fram 90 skjöl til viðbótar af hálfu stefnanda, þar af 74, sem ekki verður betur séð en mátt hefði leggja fram við þingfestingu. Synjað var framlagningar aðilaskýrslu, þar sem það hefði aðeins mátt gera við þingfestingu skv. 105. gr. nefndra laga. Eigi að síður hafa auk stefnu og greinargerðar verið lögð fram þrjú skjöl, dskj. 28, 71 og 143, sem fela í sér skriflegan málflutning af hálfu stefnanda. Níu skjöl eru tvíframlögð. Loks hefur stefnandi lagt fram 103 síðna bók, út gefna af Ríkisendurskoðun, þar sem fjallað er um Vestmannaeyjaferju auk annars. Skjölin virðast ekki vera lögð fram í neinni skipulegri röð.

Stefndi hefur talið sig þurfa að bregðast við gagnaöflun stefnanda með umfangsmikilli viðbótargagnaöflun, og verður á þessu stigi málsins ekki séð fyrir endann á sönnunarfærslu aðila. Stefnandi hefur lagt fram fjölda blaðaúrklippna máli sínu til stuðnings, og stefndi hefur lagt fram þykkt hefti, út gefið af Miðlun hf., með heitinu „Smíði og hönnun Herjólfs janúar 1991 til desember 1992" með blaðaúrklippum um það efni, þar á meðal hinum sömu, sem stefnandi hafði lagt fram áður. Stefndi hefur hvorki lagt fram endurrit skv. 43. gr. laga nr. 85/1936 og 13. gr. laga nr. 91/1991 né þýðingar skjala á erlendum málum, sbr. 40. gr. laga nr. 85/1936 og 10. gr. laga nr. 91/1991. Málið er með þessum hætti þegar orðið miklum mun umfangsmeira og erfiðara viðfangs en efni standa til. Því verður að sjálfsögðu ekki vísað frá vegna ávirðinga stefnda, en stefnandi hefur átt

frumkvæði að því að leiða málið í þann farveg, sem það er komið í, stefnt því í það óefni, sem orðið er.

Málsmeðferð stefnanda, sem hér hefur verið lýst, fer í bága við þá réttarfarsreglu, sem fram kemur í 110. gr. laga nr. 85/1936 og 102. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 105. gr. fyrrnefndra laga, að aðilar skuli leggja fram gögn, sem þeir hyggjast byggja á, strax og tilefni og tækifæri er til. Þar sem heimild skortir til frekari skriflegrar greinargerðar, eru ekki tök á, að skriflegur grundvöllur málsins verði lagður með viðunandi hætti. Afstaða stefnda til hinna fjölmörgu skjala, sem stefnandi lagði fram eftir greinargerð stefnda, myndi ekki koma nægilega fram fyrir aðalmeðferð. Þótt stefndi hafi ekki krafist frávísunar, er til þess að líta, að hann stendur verr að vígi en ef hann hefði haft tækifæri til að taka afstöðu til gagna stefnanda í greinargerð.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 85/1936 skyldi fylgja skjölum á erlendu máli þýðing löggilts skjalaþýðanda, og skv. 10. gr. gildandi laga skal þeim að jafnaði fylgja þýðing á íslensku að því leyti, sem byggt er á efni þeirra. Stefnandi hefur lagt fram 51 skjal á erlendu máli, án þess að fram kæmi, að hvaða leyti byggt er á efni þeirra, og án þess að þeim fylgdi þýðing.

Að öðru leyti fer málatilbúnaður stefnanda í bága við meginregluna um greiða málsmeðferð og skýran og skipulegan málatilbúnað, sbr. einkum 101. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt þessu þykir bera að vísa máli þessu frá dómi og fella niður málskostnað.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 288/1990. **Gísli Bragi Hjartarson**
(Pétur Guðmundarson hrl.)
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf.
(Gunnar Sólnes hrl.).

Víxill. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1990. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Lögmaður stefnda vísar í greinargerð sinni í héraði til samkomulags, að því er varðar gjalddaga á víxli þeim, sem mál þetta fjallar um. Samkvæmt því samkomulagi hafi það verið á valdi stefnda að setja gjalddaga á víxilinn, eftir að hann var útfylltur að öðru leyti, væru uppfyllt tiltekin skilyrði, sem getur í héraðsdómi. Þessu hefur áfrýjandi mótmælt. Engra gagna nýtur í málinu um þetta ágreiningsefni.

Er víxillinn var afhentur lögfræðingi til innheimtu í byrjun nóvember 1989, var ekki skráður á hann gjalddagi, og var hann því endursendur skrifstofu stefnda. Mun starfsmaður stefnda hafa ritað gjalddaga á víxilinn og sent hann að því búnu til innheimtu á nýjan leik.

Víxillinn var gefinn út 1. september 1987, og var því liðið nokkuð á þriðja ár frá útgáfudegi, er gjalddaginn 21. nóvember 1989 var skráður á hann. Gegn mótmælum áfrýjanda er ósannað, að samkomulag hafi orðið um það, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, að víxilhafi mætti setja gjalddaga á víxilinn með þessum hætti, og hefur þessi ritun gjalddaga ekkert gildi að lögum. Ber því að líta svo á, að víxillinn hafi verið gjaldkræfur við sýningu, sbr. 2. mgr. 2. gr. víxillaga. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laganna skal sýna slíkan

víxil til greiðslu, áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi. Þar sem það fórst fyrir, glataði stefndi víxilrétti sínum á hendur útgefanda, sbr. 1. mgr. 53. gr. víxillaga. Af þessu leiðir, að sýkna ber áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gísli Bragi Hjartarson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Greiðslustaður víxils þess, sem um er deilt, var í banka á Akureyri. Stefndi miðar greiðslukröfu sína við gjalddaga þann, sem á víxilinn var skráður. Í samræmi við það bar honum samkvæmt 1. mgr. 38. gr. víxillaga nr. 93/1933 að sýna víxilinn til greiðslu í banka þessum á gjalddaganum eða öðrum hvorum hinna næstu virkra daga þar á eftir. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laganna bar honum og að tilkynna áfrýjanda, ef greiðslufall yrði. Það leysti stefnda ekki undan þessum kvöðum gagnvart áfrýjanda, að víxillinn bar áritunina „án afsagnar", sbr. 2. mgr. 46. gr. laganna. Ljóst er af gögnum málsins, að víxillinn kom ekki fram í bankanum á þessum tíma, og voru skilyrði um sýningu hans ekki uppfyllt af hálfu stefnda. Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laganna hafði hann þannig glatað rétti sínum gegn áfrýjanda sem útgefanda víxilsins, þegar málið var höfðað. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda, og er ég samþykkur niðurstöðu annarra dómenda um efni málsins og málskostnað.

Dómur bæjarþings Akureyrar 14. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. maí sl., hefur Vátryggingafélag Íslands, kt. 690689-2009, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni

26. janúar 1990, á hendur Gísla B. Hjartarsyni, kt. 200839-7819, Hamragerði 18, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér skuld, að fjárhæð 3.568.212 kr., með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 21. 11. 1989 til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. 11. 1990, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Auk þess krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu:

„Hin umstefnda skuld er samkvæmt tryggingarvíxli, að fjárhæð 3.568.212 kr., útg. 1. 9. 1987 af Gísla Braga Hjartarsyni og framseldum af sama og samþykktum af pr. pr. Híbýlum hf., Páli Alfreðssyni, til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands hf., Akureyri, 21. nóvember 1989.

Kröfu skv. víxlinum var lýst í þrotabú Híbýla hf. sem almennri kröfu 19. desember 1989, og var krafan samþykkt."

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að stefndi hafi 1. september 1987 gefið út tryggingarvíxil, að fjárhæð 3.568.212 kr. Víxillinn hafi verið samþykktur til greiðslu af Híbýlum hf. Víxillinn hafi verið sýningarvíxill, þar sem enginn gjalddagi var færður inn á víxilinn. Samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnanda færðu starfsmenn stefnanda ekki gjalddaga inn á víxilinn fyrr en í nóvembermánuði 1989, rúmlega einu ári eftir, að sýningarfrestur rann út.

Stefnandi reisir kröfugerð sína á því, að víxillinn hafi verið gefinn út af stefnda 1. sept. 1987 til tryggingar verkábyrgð fyrir Híbýli hf. „Samkvæmt samkomulagi stefnanda og stefnda hafi ekki verið settur gjalddagi á víxilinn, þar sem á þeim tíma var ekki vitað, hvort eða hvenær og að hve miklu leyti myndi reyna á verkábyrgð stefnanda. Við gjaldþrot Híbýla hf. 12. 10. 1989 var stefnandi krafinn um greiðslu verkábyrgðarinnar að fullu, og þá fyrst gat stefnandi gert víxilinn gildan gagnvart stefnda. Víxillinn var fylltur út í samræmi við 10. gr. víxillaga nr. 93/1933, og í framhaldi af því var stefndi krafinn um greiðslu."

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi verið búinn að glata öllum rétti sínum á hendur sér, þegar starfsmenn hans fylltu út gjalddaga á hann, og þeim það því með öllu óheimilt. Umstefndur víxill í máli þessu hafi verið gefinn út 1. september 1987 og verið án gjalddaga. Víxillinn hefði því að formi til verið sýningarvíxill, þótt orðin „við sýningu" væru ekki rituð á hann í stað ákveðins gjalddaga.

Samkvæmt 34. gr. víxillaga skuli sýna víxil til greiðslu innan eins árs, frá því að hann var gefinn út. Umstefndur víxill hefði ekki verið sýndur til greiðslu innan þess tíma, og glataði víxilhafi því rétti sínum á hendur útgefanda skv. 53. gr. víxillaga.

Stefndi styður mál sitt enn fremur því, að þótt ekki hafi staðið á víxlinum, að greiðsla væri „við sýningu", sé í 2. mgr. 2. gr. víxillaga sérstaklega tilgreint, að sé gjalddagi víxils eigi tilgreindur, teljist gjalddagi við sýningu.

Verði viðurkennt, að stefnandi hafi haft heimild til að fylla út gjalddaga á víxilinn, vegna þess að eyða var fyrir gjalddaganum, heldur stefndi því fram, að sú heimild geti ekki veitt stefnanda sem víxilhafa rýmri rétt gagnvart stefnda en ákvæði víxillaga gera um sýningarvíxla, þ. e. stefnandi hefði orðið að fylla út víxilinn innan sýningarfrestsins. „Önnur niðurstaða myndi skapa óviðunandi réttaróvissu fyrir víxilskuldara og væri í andstöðu við grundvallarreglur íslensks réttarfars, ef unnt væri að öðlast rýmri rétt með tómlæti um að sýna víxil til greiðslu innan lögákveðins frests, með því að, þegar sá frestur væri liðinn, færa inn á víxilinn gjalddaga, eins og stefnandi hefur gert í þessu tilfelli."

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfu sína á víxli, sem stefndi hefur gefið út og framselt. Því er um að ræða víxilmál, sem stefnandi rekur samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Óumdeilt er, að ekki var skráður gjalddagi á víxilinn, þegar stefndi gaf hann út og framseldi. Á víxilinn er ekki skráð, að gjalddagi hans sé við sýningu. Stefnandi og stefndi máttu því báðir gera ráð fyrir, að síðar yrði tekin ákvörðun um, hver gjalddagi víxilsins skyldi vera, ef þörf yrði á að nota víxilinn sem tryggingu fyrir greiðslu verkábyrgðar þeirrar, sem stefnandi tók á sig fyrir Híbýli hf., og stefnda var ljóst, að víxillinn var gefinn út í því skyni.

Eins og málið liggur fyrir dóminum, þykir verða að miða við, að stefnandi hafi haft heimild til þess að skrá gjalddaga þann, sem hann gerði, þegar krafa sú, sem víxillinn átti að tryggja, féll á stefnanda, en stefndi hefur engar líkur leitt að því, að svo hafi ekki verið.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Bragi Hjartarson, greiði stefnanda, Vátryggingafélagi Íslands, 3.568.212 kr. með dráttarvöxtum samkv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 21. 11. 1989 til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. 11. 1990, og 532.200 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og leggist dráttarvextir við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 114/1991. **Oddur Jónsson**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Kolbrúnu Jónsdóttur
(Valgeir Kristinsson hrl.).

Samningar. Fasteignakaup. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 15. mars 1991. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti.

Við nauðungaruppboð á fasteigninni Hverfisgötu 35 B í Hafnarfirði 28. janúar 1987 var stefnda hæstbjóðandi með boð að fjárhæð 900.000 krónur, og var boð hennar samþykkt. Hinn 21. júlí sama ár framseldi stefnda áfrýjanda boð sitt. Hann greiddi henni þá 300.000 krónur, en hafði hinn 15. júní greitt henni sömu fjárhæð. Í kvittun vegna síðari greiðslunnar sagði meðal annars: „... gr. m. v. gj. 1. sept. 1987". Þá greiddi áfrýjandi lögmanni stefndu, Árna Einarssyni héraðsdómslögmanni, 50.000 krónur 14. ágúst 1987 vegna „innheimtu á skuldabréfi með veði í Hverfisgötu 35 B í Hafnarfirði og aðstoð við kaup á eigninni á nauðungaruppboði".

Stefnda byggir málatilbúnað sinn á því, að áfrýjandi eigi ógoldnar eftirstöðvar, að fjárhæð 260.659 krónur, vegna samkomulags þeirra um yfirtöku hans á boði í fasteignina. Hún heldur því fram, að forsenda samnings þeirra hafi verið sú, að hún yrði skaðlaus miðað við eftirstöðvar þess skuldabréfs, er hún átti með veði í eigninni. Áfrýjandi telur hins vegar, að fullnaðargreiðsla af sinni hálfu hafi átt að nema fyrrgreindum 600.000 krónum auk uppgjörs við lögmann stefndu, sem áður er nefnt. Samsvaraði fullnaðargreiðslan upphaflegum höfuðstól skuldabréfsins, 540.000 krónum, og hluta af samningsvöxtum. Lögmaður stefndu í þessu máli sendi áfrýjanda

fyrst kröfubréf 20. mars 1990, og var í því ranglega miðað við, að áfrýjandi hefði þegar greitt stefndu 500.000 krónur.

Framangreint samkomulag málsaðila var munnlegt. Þegar stefnda gaf út framsalsbréf sitt 21. júlí 1987, var það gert, án þess að nokkuð væri skjalfest um heildarfjárhæð eða greiðslukjör þeirra skuldbindinga, sem áfrýjandi hefði gengist undir. Lögmaður sá, er aðstoðað hafði stefndu við nauðungaruppboðið, vottaði framsalsbréfið. Síðari greiðsla áfrýjanda, 300.000 krónur, sem innt var af hendi þennan sama dag samkvæmt kvittun, er stefnda ritaði undir, virðist hafa átt að falla í gjalddaga 1. september sama ár. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti lýsti lögmaður stefndu því yfir, að fyrri lögmanni hennar, Árna Einarssyni, hefði ekki verið kunnugt um frekari samningskjör aðila. Sá lögmaður var ekki kvaddur til vitnisburðar fyrir héraðsdómi.

Eins og mál þetta liggur fyrir, verður að telja, að stefndu hafi eigi tekist að sanna, að samkomulag aðila hafi verið þess efnis, er hún heldur fram. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum hennar.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en af hálfu áfrýjanda varð útivist í héraði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Oddur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Kolbrúnar Jónsdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 31. janúar 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. janúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 21. júní 1990. Stefnandi er Kolbrún Jónsdóttir, kt. 180646-4699, Kirkjuvegi 59, Keflavík, en stefndi Oddur Jónsson, Hellisgötu 32, Hafnarfirði, kt. 090327-3129.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða 260.659 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi gerir þá kröfu, að hann verði alsýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þá er þess krafist, að málskostnaður beri virðisaukaskatt og dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu og til greiðsludags.

Þinghald 8. janúar 1991, sem boðað var til með ábyrgðarbréfi, var ekki sótt af hálfu stefnda. Stefnandi fékk frest til 21. s. m. til að leggja fram sókn og krafðist í því þinghaldi dómtöku málsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að 28. janúar 1987 hafi hún á nauðungaruppboði orðið hæstbjóðandi í húsið nr. 35 B við Hverfisgötu í Hafnarfirði. Hún hafi verið uppboðsbeiðandi í eignina á grundvelli handhafaveðskuldabréfs, að fjárhæð 540.000 kr., tryggðu með 4. veðrétti í Hverfisgötu 35 B. Hafi hún krafist útlagningar á eigninni með venjulegum skilyrðum. Umrætt skuldabréf hafi verið út gefið af Reynheiði Runólfsdóttur og Sigurði Halldórssyni in solidum, og skyldi greiða bréfið á fjórum árum með jöfnum árlegum afborgunum, 135.000 kr. hverju sinni, auk vaxta á gjalddögum 15. janúar ár hvert, í fyrsta skipti 15. janúar 1986. Þá skyldi bréfið bera 20% ársvexti frá 4. janúar 1986. Skuldabréfið hafi gjaldfallið á fyrsta gjalddaga 15. janúar 1986 og skuldin þá numið 540.000 kr. auk áfallinna samningsvaxta, 104.997 kr., samtals 644.997 kr.

Uppboðsbeiðni hafi verið dagsett 15. apríl 1986, og er uppboðssala fór fram, hafi uppboðskrafa stefnanda numið 860.659 kr. auk innheimtukostnaðar lögmanns, 50.896 kr.

Hinn 21. júlí 1987 kveðst stefnandi hafa framselt stefnda boð sitt í eignina gegn því, að hann greiddi henni uppboðskröfur hennar í eignina samkvæmt umræddu handhafaveðskuldabréfi. Stefndi hafi greitt henni 300.000 kr. 15. 6. 1987 og 300.000 kr. 21. 7. 1987, en eigi ógreiddar 260.659 kr., sem séu stefnukrafa máls þessa.

Samningur aðila hafi verið munnlegur, en þau hafi þekkst frá barnæsku, og hafi stefnandi treyst stefnda fullkomlega, að hann stæði við hinn munnlega samning þeirra í milli. Stefnandi kveðst engan áhuga hafa haft á að auðgast á uppboðinu, eins og sér hefði þó verið í lófa lagið, enda hafi hún verið á þessum tíma vel stæð og haft góða lánsmöguleika. Stefndi hafi vitað um uppboðsmálið og sóst eftir að fá framsal á boðinu til sín gegn því, að stefnandi fengi uppboðskröfu sína greidda, og féllst stefnandi á það gegn því, að stefndi greiddi sér uppboðskröfu sína að fullu. Stefnandi kveður stefnda hafa dregið á langinn að gera upp kröfuna við sig, og hafi hún sjálf reynt í um þrjú ár að fá greitt beint persónulega hjá stefnda, þar til hún loks gafst upp og leitaði aðstoðar lögfræðings.

Fram lögð gögn sýni, að stefnandi réð fyllilega við að taka lán til að efna boð sitt í uppboðsmálinu, auk þess sem stefnandi hefði án nokkurrar áhættu hagnast verulega á því að efna skuldbindingar sínar í uppboðsmálinu gagnvart veðhöfum. Stefnandi hefði einungis þurft að greiða 900.000 kr. til að eignast húsið, sem þá hafi verið á markaðsverði 4.000.000 kr.

Eignastaða stefnanda hafi verið góð á þessum tíma, eins og fram lögð skattframtöl sýni. Stefnandi kveðst hafa gefið út framsal á boði sínu til stefnda að beiðni hans til að auðvelda honum að útvega lán á eignina, og ætlaði hann að gera upp skuldina við stefnanda með því móti.

Stefnandi kveðst reisa dómkröfur sínar á munnlegum samningi aðila og á reglum um efndir loforða svo og á reglum kröfuréttar um rétt kröfuhafa á efndum gerðra skuldbindinga. Málsókn þessa kveður stefnandi nauðsynlega, þar sem stefndi hafi ekki fengist til að greiða skuldina þrátt fyrir innheimtutilraunir.

II.

Stefndi kveður málavexti þá, að stefnandi hafi leitað til sín vegna þess, að hún hafi átt hæsta boð í fasteignina Hverfisgötu 35 B í Hafnarfirði. Hún hafi ekki séð sér fært að standa við boðið vegna peningaleysis og beðið stefnda að hjálpa sér úr vandræðum sínum. Hún hafi beðið hann að leysa til sín eignina, svo að hún mætti sleppa frá málinu með því að fá út úr eigninni 600.000 kr. Þá hafi stefnandi tekið að sér að greiða lögfræðingi hennar óuppgerðan kostnað hennar vegna málsins. Hafi þetta orðið munnlegt samkomulag þeirra í milli, og er stefndi greiddi síðari greiðsluna 21. 7. 1987, 300.000 kr., hafi stefnandi gefið út kvaðalaust framsal á boði sínu í eignina til handa stefnda. Um miðjan ágúst hafi stefndi síðan greitt lögmanni stefnanda umsaminn kostnað, 50.000 kr. Með þessu hafi stefndi að fullu staðið við sinn hluta samningsins og fengið út gefið afsal fyrir eigninni.

Um málsástæður og lagarök segir stefndi: „Stefndi byggir mál sitt á því, að gerður hafi verið munnlegur samningur milli aðila um, að stefndi gerði stefnanda þann greiða að leysa til sín hæsta boð hennar í fasteignina Hverfisgötu 35 B, Hafnarfirði. Stefnandi gat ekki vegna peningaleysis staðið við boðið.

Stefndi greiddi að fullu það, sem milli þeirra samdist, 600.000 kr. Því til staðfestingar gaf stefnandi út sama dag og síðari greiðsla kom, 21. 7. 1987, kvaðalaust framsal á boði stefnanda til stefnda.

Stefndi var að gera stefnanda greiða með því að leysa hana undan boðinu skv. beiðni hennar. Hafi verið um annað samið, verður að gera þær kröfur, að stefnandi sanni það. Bendi ég sérstaklega á tvennt í því sambandi:

1. Stefndi gaf út kvaðalaust framsal með aðstoð lögmanns síns, þegar seinni greiðslan barst til hennar. Hafi um annað verið samið, ber henni með aðstoð lögmanns síns að tjá sig betur um málið.

2. Hafi um annað verið samið en umbjóðandi minn heldur fram, hefur stefnandi sýnt málinu algjört skeytingarleysi í u. þ. b. þrjú ár. Verður því

að gera sérstakar kröfur til þess, að hún leggi fram hreina sönnun fyrir því, sem hún heldur fram.“

III.

Þar sem þingsókn féll niður af hálfu stefnda, verður að dæma mál þetta samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir fram komnum kröfum og skilríkjum stefnanda með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu stefnda.

Stefnandi hefur mótmælt því, að hún hafi leitað til stefnda vegna þess, að hún hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa við boð sitt í eignina. Því til sönnunar hefur hún lagt fram skattframtöl sín 1986, 1987, 1988 og 1989. Þá hefur hún einnig mótmælt því, að hún hafi samið við stefnda um framsal á boði sínu í eignina gegn fullnaðargreiðslu, að fjárhæð 600.000 kr., auk lögfræðikostnaðar.

Eins og mál þetta liggur fyrir dóminum, þykir ósannað gegn mótmælum stefnanda, að samningur aðila hafi kveðið á um fullnaðargreiðslu, að fjárhæð 600.000 kr. Þá þykir einnig ósannað, að fjárhagsgeta stefnanda hafi staðið í vegi fyrir því, að hún stæði við boð sitt. Hið skriflega framsal á boðinu þykir ekki fela í sér fjárhagslegt uppgjör milli aðila eða að samningur þeirra í milli sé að fullu efndur.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Vextir dæmast eins og í dómsorði greinir. Málskostnaður ákveðst 79.000 kr. og 18.130 kr. í virðisaukaskatt. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga að liðnum fimmtán dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Oddur Jónsson, greiði stefnanda, Kolbrúnu Jónsdóttur, 260.659 kr. með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði og fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 15. 2. 1987 til 1. 3. 1987, með 2,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 14. 4. 1987, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, 79.000 kr. í málskostnað og 18.130 kr. í virðisaukaskatt. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 63/1990. **Samband íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeild**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Andra hf.
(Pétur Guðmundarson hrl.).

Víxlar. Afsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1990 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 500.000 danskar krónur með tilgreindum ársvöxtum og dráttarvöxtum frá 19. júní 1985 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 18. nóvember 1988. Þá voru ekki liðnir fullir sex mánuðir, eins og í héraðsdómi greinir, frá því að dómur Hæstaréttar í hinu fyrra máli var kveðinn upp 19. maí sama ár og því vísað frá héraðsdómi.

Samkvæmt staðfestu endurriti afsagnargerðar var víxill sá, sem um ræðir í málinu, afsagður á skrifstofu lögbókanda í Lyngby 19. júní 1985 vegna greiðslufalls.

Yfirlýsing lögbókanda, dagsett 4. nóvember 1988, sem vitnað er til í héraðsdómi, er svohljóðandi:

„Undertegnede kan hermed bekræfte at ovennævnte vekselprotest er foretaget den 19/6 1985 på bopælen Fyrhøjvej 24, 2800 Lyngby, hvilket bl. a. understøttes af vort bogholderis optegnelser over vekselprotester, det må således bero på en beklagelig fejltagelse at protestdokumentet er udfærdiget som anført."

Bókhaldsgagna þeirra, sem vitnað er til í yfirlýsingu þessari, var ekki aflað til framlagningar í málinu. Verður yfirlýsingin ein sér

ekki talin fullnægjandi sönnun þess, að umræddur víxill hafi verið afsagður með lögmætum hætti, sbr. tilvitnuð lagaákvæði í héraðsdómi.

Með þessum athugasemdum og með vísan til forsendna héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samband íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeild, greiði stefnda, Andra hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. febrúar 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. nóvember 1988, af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeild, kt. 550269-4309, Glerárgötu 28, Akureyri, gegn Andra hf., kt. 570267-0199, Bíldshöfða 12, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skuld skv. gjaldföllnum víxli, að fjárhæð 500.000 danskar krónur, ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda, til vara, að stefnda verði gert skylt að greiða stefnanda 671.505 kr., til þrautavara, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 1.918.250 kr. Hann gerir þá kröfu, að í vara- og þrautavarakröfu verði dráttarvextir aðeins dæmdir frá 19. júní 1985 í samræmi við tilgreinda vaxtatöflu í stefnu til þingfestingardags, en falli niður frá og með þeim degi.

Í öllum kröfuliðum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ [...].

Málsástæður.

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á víxli, að fjárhæð 500.000 danskar krónur, út gefnum af Haraldi Haraldssyni pr. pr. stefnda, Andra hf., 5. september 1984 á hendur Ólafi Haraldssyni, Fyrhøjvej 24, 2800 Lyngby, Danmörku, og samþykktum af honum. Víxillinn sé framseldur eyðufram-

sali af útgefanda. Hvorki geti um útgáfustað né greiðslustað á víxlinum, og beri því skv. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 að líta á útgáfustað sem tilgreint heimili útgefanda, Ármúla 28, Reykjavík, en greiðslustað tilgreint heimili samþykkjanda, Fyrhøjvej 24, Lyngby í Danmörku. Gjalddagi sé ekki tilgreindur á víxlinum, en hann hafi verið sýndur og afsagður af notario publico í Lyngby í Danmörku 19. júní 1985. Stefnda hafi verið tilkynnt um afsögnina og hann krafinn um greiðslu með símskeyti 21. s. m., en þeim tilmælum hafi hann ekki sinnt.

Mál hafi verið höfðað út af sömu skuld með stefnu, út gefinni 3. apríl 1986 og þingfestri á bæjarþingi Reykjavíkur 22. apríl 1986. Það mál hafi verið hafið vegna útivistar stefnanda 21. maí 1986.

Með stefnu, út gefinni 27. maí 1986, hafi mál verið höfðað að nýju út af sömu skuld og þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 3. júní 1986. Ekki hafi þá verið sótt þing af hálfu stefnda, og hafi málið verið tekið til áritunar, og 20. júní 1986 hafi stefnan verið árituð um aðfararhæfi. Áritun þessari hafi verið áfrýjað af hálfu stefnda með áfrýjunarstefnu, út gefinni 18. september 1986 af hæstaréttarritara, og hafi málið verið þingfest 3. nóvember 1986. Málið hafi verið fellt niður vegna útivistar stefnda með útivistardómi 1. apríl 1987. Stefndi hafi skotið málinu til Hæstaréttar að nýju með stefnu, út gefinni 22. apríl 1987. Hinn 19. maí 1988 hafi verið upp kveðinn dómur í því máli, þar sem meiri hluti dómara felldi hina áfrýjuðu dómsathöfn úr gildi og vísaði málinu frá héraðsdómi, en í forsendum hæstaréttardómsins segi svo:

„Í áskorunarstefnu segir ranglega, að víxillinn sé út gefinn af stefnanda. Þar sem eigi var sótt þing í héraði af hálfu áfrýjanda, bar héraðsdómara vegna ranglýsingar þessarar að vísa málinu frá dómi ex officio með hliðsjón af því, að hér var um áskorunarmál að ræða, sbr. 2. gr. 12. gr. laga nr. 97/1978. Ber því að fella hina áfrýjuðu dómsathöfn úr gildi og vísa máli þessu frá héraðsdómi."

Til hafi staðið að stefna málinu strax inn að nýju fyrir bæjarþing, en málsókn hafi dregist, þar sem talið hafi verið rétt að afla gagna frá Danmörku um sýningu og afsögn víxilsins.

Málsrök stefnda hafi verið þau fyrir Hæstarétti annars vegar, að ritaður hafi verið annar útgáfudagur á víxilinn en heimilt hafi verið gagnvart sér, en hins vegar, að á víxilinn hefði verið ritaður fyrirvari um tryggingu vegna sérstakra viðskipta. Þessu var og sé mótmælt af stefnanda, því að slíkar varnir komist ekki að í málinu gegn mótmælum stefnanda, sbr. XVII. kafla eml.

Stefnandi styður mál sitt því, að um sé að ræða víxilkröfu, reista á víxli, sem fullnægi formskilyrðum víxillaga nr. 93/1933, og hafi víxillinn verið sýndur og afsagður með lögmætum hætti. Rétt sé að geta þess, að af hálfu

stefnda hafi verið á það bent fyrir Hæstarétti, að sýningar- og afsagnarvottorðið bæri ekki með sér, að gerðin hefði farið fram á heimili samþykkjanda víxilsins. Vegna þessa hafi verið aflað gagna, sbr. dskj. nr. 8, en eins og þar komi fram, staðfesti fulltrúi Lyngby-réttar, að gerðin hafi farið fram 19. júní 1985 á heimili samþykkjanda, og sé það m. a. stutt bókhaldsgögnum.

Stefnandi reisir kröfur sínar á ákvæðum víxillaga nr. 93/1933 og vísar til XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á þeirri málsástæðu, að greiðsluskjalið, dskj. nr. 3, fullnægi ekki formskilyrðum víxillaga nr. 93/1933, 1. gr. Á greiðsluskjalinu sé hvorki getið um útgáfustað né greiðslustað. Í 3. mgr. 2. gr. víxillaga segi reyndar, að greiðslustaður sé, þegar svo standi á, sá staður, sem tilgreindur sé við nafn greiðanda, í þessu tilviki Fyrhøjvej 24, Lyngby, Danmörku. Þar sem hér sé um „sýningarvíxil" að ræða, sbr. 34. gr. víxillaga, hefði átt að sýna víxilinn til greiðslu á heimili hlutaðeigandi skv. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 91. gr. víxillaga, sbr. 44. gr. laganna.

Afsagnargerðin var ekki framkvæmd í samræmi við tilvitnaðar lagagreinar. Afsagnargerðin hafi farið fram á skrifstofu notarii publici í Lyngby, en ekki á þeim stað, sem tilgreindur hafi verið við nafn hlutaðeigandi. Mótmælt sé lögmæti og gildi dómskjals nr. 8 um það, að mistök hafi orðið við skráningu afsagnarstaðar í nótaríalbók, sbr. 94. gr. víxillaga. Leggja beri eingöngu til grundvallar dskj. nr. 3 (sic í greinargerð, en hér mun væntanlega vera um ritvillu að ræða og hér eigi að standa nr. 4), þegar meta skuli gildi afsagnargerðarinnar. Yfirlýsing sú, sem fram komi í dskj. nr. 8, geti ekki talist hafa sönnunargildi skv. víxillögum. Hið eina, sem kynni að hnekkja dskj. nr. 4 (sic), sé staðfest endurrit úr nótaríalbók Lyngby. Slíkt staðfest endurrit hafi ekki verið lagt fram. Bókhaldsgögn embættis notarii publici í Lyngby hafi ekki lagagildi sem sönnun fyrir lögmæti afsagnargerðar. Dómskjal nr. 4 fullnægi ekki lagaskilyrðum, sbr. 93. gr. víxillaga. Í afsagnargerðinni er víxlinum hvorki lýst svo, að fullnægjandi sé, né tilgreint það, sem á hann er ritað. Tilvísun í afsagnargerðinni til viðfasts ljósrits af víxlinum teljist ekki fullnægja hinum skýlausu og afdráttarlausu lagaskilyrðum, sem fram komi í tilvitnaðri 93. gr. víxillaga. Sé greinin mikilvægt öryggisatriði um áreiðanleik skjals og efni þess. Sé afsagnargerðin sönnun um efni víxils.

Stefndi reisir sýknukröfu sína jafnframt á því, að krafan á hendur sér sé fallin niður vegna vangeymslu víxilsins. Víxillinn sé út gefinn í júnímánuði 1982, en það beri víxillinn með sér. Áritun sína á víxilinn, „frá júnímánuði 1982", telji stefndi útgáfudag hans. Þar sem hér sé um að ræða sýningarvíxil, sbr. 34. gr. víxillaga, hafi víxillinn ekki verið réttilega sýndur. Afsögn víxilsins skv. 44. gr. víxillaga, sbr. 91. gr., sanni það.

Stefndi styður sýknukröfu sína einnig því, að víxillinn beri það með sér, að hann sé til tryggingar tilteknum viðskiptum, ekki almenn trygging fyrir heildarviðskiptum stefnanda og samþykkjanda, Ólafs, eins og stefnandi reyni að ná fram með málsókn sinni. Við útgáfu víxilsins í júnímánuði 1982 hafi verið tilgreint, að víxillinn væri til tryggingar „konsignationslager" og síðari afgreiðslum inn á hann. Stefndi fullyrði, að viðskiptaskuldir Ólafs vegna þessa séu að fullu upp gerðar gagnvart stefnanda. Stefndi haldi því fram, að varnir vegna þessara viðskipta geti komist að í máli þessu, þar sem þeirra sé getið á víxlinum.

Í gögnum málsins komi berlega fram, að víxillinn sé út gefinn fyrir hinn tilgreinda útgáfudag í stefnu. Stefndi telji útgáfudaginn 5. september 1984 vera færðan inn á víxilinn í júnímánuði árið 1985 til að reyna að ná fram greiðslu á skuld Ólafs við stefnanda. Þar sem Ólafur hafi verið ógjaldfær, hafi stefnandi gripið til þess ráðs.

Varðandi varakröfu sína byggir stefndi á því, að víxillinn hafi verið gefinn út hér á landi. Með hliðsjón af 80. gr. víxillaga skuli með farið eftir lögum þess lands, þar sem undir skylduna var gengið. Með vísan til þess, sem áður sé rakið, sé útgáfustaður víxilsins heimili útgefanda, í þessu tilviki Ármúli 28, Reykjavík. Fari því um hann að íslenskum lögum. Stefndi telji, að verði víxillinn talinn formlega gildur og varnir vegna lögskiptanna leiði ekki til sýknu, beri að miða skuldina við útgáfudag víxilsins í júnímánuði 1982, en þá hafi sölugengi danskrar krónu verið 1.34301 ísl. kr.

Í þrautavarakröfu sé því haldið fram í samræmi við 41. gr. víxillaga, að miða eigi fjárskuldbindinguna við gjalddaga, þ. e. a. s. sýningardag víxilsins 19. júní 1985, en þá hafi sölugengi danskrar krónu numið 3.8365 ísl. kr.

Um vaxtakröfu af fjárhæðum í vara- og þrautavarakröfu verði vaxtakrafa stefnanda tekin til greina, en lagaskilyrði til að dæma vexti eftir þingfestingardag skv. 11. gr. laga nr. 25/1987 sé ekki um að ræða, þar sem lagaákvæðið eigi ekki við um íslenskan gjaldmiðil.

Niðurstaða.

Eins og fram hefur komið, var máli þessu vísað frá héraðsdómi með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 19. maí 1988. Mál var höfðað að nýju fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 8. desember 1988, rúmum sex mánuðum eftir frávísunardóm Hæstaréttar Íslands. Af hálfu stefnda er ekki miðað við ákvæði 11. gr. laga nr. 14/1905, og kemur ákvæði þetta því ekki til álita.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu víxil, sem hann reisir kröfur sínar á, og er víxillinn lögformlegur, sbr. 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 93/1933, og í samræmi við lýsingu stefnanda í stefnu. Gjalddagi er ekki tilgreindur

á fram lögðum víxli, og skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933 telst slíkur víxill gjaldkræfur við sýningu.

Greiðslustaður er ekki tilgreindur á víxlinum, og skal þá sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðanda, talinn vera greiðslustaður víxilsins, í þessu tilviki Fyrhøjvej 24, Lyngby, Danmörku, og skal þessi staður þá einnig vera talinn heimili greiðanda, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933. Þar ber einnig að sýna víxilinn til greiðslu, sbr. 91. gr. sömu laga.

Þar sem sýning víxilsins skyldi fram fara í Danmörku, sbr. það, sem áður er rakið, skal skv. 85. gr. laga nr. 93/1933 farið eftir dönskum lögum um form sýningar og sýningarfrest.

Ákvæði 3. mgr. 88. gr. danskra víxillaga er samhljóða ákvæði 91. gr. laga nr. 93/1933 um það, hvar beri að sýna víxil.

Sem sönnun þess, að umstefndur víxill hafi verið sýndur með lögmæltum hætti, hefur stefnandi lagt fram vottorð lögbókanda í Lyngby um afsögn víxilsins. Í vottorði þessu kemur fram, að víxillinn var afsagður á skrifstofu lögbókanda í Lyngby 19. júní 1985.

Þá hefur stefnandi jafnframt lagt fram bréf lögfræðifirmans Saltorp, Hald & Andersen til réttarins í Lyngby, en á bréfið hefur lögbókandi sá, sem afsagnargerðina annaðist, ritað yfirlýsingu þess efnis, að afsögnin hafi farið fram að Fyrhøjvej 24, Lyngby, og að um mistök hafi verið að ræða við ritun afsagnargerðarinnar.

Við aðalflutning málsins mótmælti lögmaður stefnda því, að skjal þetta, sem er á dönsku, væri lagt fram án þýðingar, en lögmaður stefnanda mótmælti athugasemdum lögmanns stefnda sem of seint fram komnum við aðalflutning. Fallast ber á, að mótmæli lögmanns stefnda hafi verið of seint fram komin við aðalflutning, enda verður að telja, að ekki komi að sök, þó að þýðing löggilts skjalaþýðanda fylgi ekki með skjali þessu, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 85/1936.

Telja verður fyrrgreinda misritun við afsagnargerð umrædds víxils svo stórvægileg mistök, að ekki verði úr þeim bætt með yfirlýsingu, sem síðar er aflað. Verður nefnd réttarathöfn lögbókanda í Lyngby því hvorki talin hafa réttarverkanir lögmæltrar afsagnargerðar né sýningar til greiðslu. Telst stefnanda því ekki hafa tekist sönnun um það, að umræddur víxill hafi á lögmæltan hátt verið sýndur innan þess frests, sem greinir í 1. mgr. 34. gr. danskra víxillaga og samhljóða er sömu grein í lögum nr. 93/1933. Hefur hann því glatað víxilrétti sínum á hendur útgefanda víxilsins, stefnda í máli þessu, sbr. 53. gr. laga nr. 93/1933. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í víxilmáli þessu.

Eftir úrslitum málsins ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Andri hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sambands íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeildar, í víxilmáli þessu.

Stefnandi, Samband íslenskra samvinnufélaga, iðnaðardeild, greiði stefnda, Andra hf., 100.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 37/1993. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Friðriki Friðrikssyni
(Páll A. Pálsson hrl.),
Hauki Guðjónssyni
(Sigmundur Hannesson hrl.) **og**
Lilju Guðjónsdóttur
(Kristján Stefánsson hrl.).

Endurupptaka. Rán. Þjófnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Páll Sigurðsson prófessor.

Mál þetta er endurupptekið samkvæmt leyfi Hæstaréttar 15. þessa mánaðar að beiðni ríkissaksóknara 27. maí 1993 til endurskoðunar á niðurstöðum dóms Hæstaréttar 1. apríl 1993 um viðurlög, sbr. ákvæði XXII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Þegar mál þetta var dæmt í Hæstarétti 1. apríl sl., var við það miðað, að ákærðu Haukur Guðjónsson og Lilja Guðjónsdóttir hefðu rofið skilorð reynslulausnar, er þeim hafði verið veitt, þ.e. ákærða Hauki 22. febrúar 1990, skilorðsbundið í tvö ár, á 180 daga eftirstöðvum refsingar, og ákærðu Lilju 25. febrúar 1991, skilorðsbundið í eitt ár, á 30 daga eftirstöðvum refsingar. Á því hafði verið byggt í málflutningi ákæruvalds, að fyrir mistök hefði héraðsdómari ekki tekið tillit til þessa, og var þessu ekki mótmælt af hálfu verjenda.

Fyrir liggur, að réttarrannsókn vegna brota ákærðu, sem um var fjallað í málinu, hófst 20. október 1992, eftir að reynslutíma ofangreindra tveggja ákærðu lauk. Var því ekki um að ræða rof á skilorði reynslulausnar í skilningi 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og átti ekki að ákvarða refsingu með hliðsjón af þeirri grein, sbr. 60. gr. sömu laga. Vegna þessa verður þessum ákærðu

nú ákveðin refsing að nýju. Skal ákærði Haukur sæta fangelsi fimmtán mánuði, en ákærða Lilja fangelsi fimm mánuði. Refsing ákærða Friðriks skal standa óbreytt, fangelsi átján mánuði.

Kostnaður vegna endurupptöku málsins skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði Friðrik Friðriksson sæti fangelsi átján mánuði.

Ákærði Haukur Guðjónsson sæti fangelsi fimmtán mánuði.

Ákærða Lilja Guðjónsdóttir sæti fangelsi fimm mánuði.

Kostnaður vegna endurupptöku málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, hæstaréttarlögmannanna Páls Arnórs Pálssonar, Sigmundar Hannessonar og Kristjáns Stefánssonar, 10.000 krónur til hvers um sig.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Með vísun til sératkvæðis míns í þessu máli 1. apríl 1993 og þeirrar endurskoðunar, sem í dag fer fram á forsendum viðurlagaákvörðunar og ég er samþykkur, tel ég rétt, að ákærði Friðrik Friðriksson sæti fangelsi í fimmtán mánuði, ákærði Haukur Guðjónsson í tólf mánuði og ákærða Lilja Guðjónsdóttir í fimm mánuði.

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 356/1990. **Gísli G. Ísleifsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Bertu Kristinsdóttur
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Meiðyrðamál. Ómerking ummæla. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1990. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og stefndu gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði verði látinn niður falla.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í júnímánuði 1988 var þáverandi presti Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík veitt lausn frá störfum frá og með 1. júlí það ár að ákvörðun safnaðarstjórnar, sem kjörin var á aðalfundi 29. maí sama ár. Stefnda var þá varaformaður stjórnarinnar og átti hlut að þessari ákvörðun. Hún hafði áður starfað að málefnum safnaðarins um árabil, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi, og meðal annars setið í stjórn fyrra árs. Áfrýjandi var félagi í söfnuðinum og hafði tekið þátt í starfi hans um nokkurt skeið. Hafði hann átt sæti í safnaðarstjórn frá aðalfundi 24. júní 1987 til fyrrnefnds aðalfundar sem formaður stjórnarinnar.

Í Morgunblaðinu 2. júlí 1988 birtist greinargerð frá safnaðarstjórn Fríkirkjunnar, þar sem lýst var tildrögum að umræddri ákvörðun. Kvaðst stjórnin telja rétt að útskýra málið til hlítar vegna ónákvæmrar umfjöllunar í fjölmiðlum um ástæður til hennar. Ritaði stefnda undir greinargerð þessa ásamt formanni og fjórum öðrum stjórnarmönnum. Í henni voru rakin ýmis viðkvæm atvik og málefni, er vörðuðu starf prestsins og samskipti hans við safnaðarstjórn, meðal annars með birtingu á orðréttu efni erindisbréfs til hans og annarra bréfa. Var presturinn borinn ýmsum þungum sökum og ummæli viðhöfð, sem telja mátti meiðandi ýmist að efni

eða búningi. Einnig var vikið að nokkrum atvikum úr formannsstarfi áfrýjanda í ásökunartón.

Hið opna bréf áfrýjanda í Morgunblaðinu 15. júlí 1988, sem mál þetta varðar, var ritað í tilefni birtingar þessarar greinargerðar og til svars við ýmsu efni hennar. Var tilgangur hans greinilega sá fyrst og fremst að taka upp hanskann fyrir prest safnaðarins gagnvart safnaðarstjórn. Veittist áfrýjandi mjög að stefndu og sakaði hana um andóf gegn prestinum, eins og um getur í hinum áfrýjaða dómi, og tilfærði að sínu leyti ýmis atvik úr starfi safnaðarins. Efni þessarar blaðagreinar og framsetningarhátt áfrýjanda verður óhjákvæmilega að meta í ljósi þess, sem stjórnin hafði látið frá sér fara, og hinnar almennu umræðu, sem á var komin um innri málefni safnaðarins. Skiptir þá ekki höfuðmáli, hvort stjórninni var nauðsyn að ganga svo langt sem hún gerði í útskýringum sínum, enda er áfrýjandi ekki sakaður um að vera upphafsmaður þess, að deilur innan safnaðarins voru dregnar svo mjög fram á opinberan vettvang.

Stefnda svaraði áfrýjanda með grein í Morgunblaðinu 27. júlí 1988. Nokkrir aðrir félagar í söfnuðinum birtu einnig greinar í blaðinu, þar sem atlaga áfrýjanda var fordæmd. Í Fríkirkjunni, bréfi Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, 2. tbl. 7. árgangs, 1988, sem út kom nokkru síðar, var einnig fjallað um skrif áfrýjanda og formannsstarf hans í ýtarlegri skýrslu frá safnaðarstjórn.

Í máli þessu átelur stefnda tiltekin ummæli í blaðagrein áfrýjanda, sem rakin eru í hinum áfrýjaða dómi ásamt málsástæðum aðila. Hér fyrir dómi er deilt um þau ummæli, sem tilgreind eru í liðum b, c, d, e í héraðsstefnu. Ummæli áfrýjanda samkvæmt liðum b og c fela í sér staðhæfingar almenns efnis um starf stefndu í safnaðarstjórn og afstöðu hennar til prestsins, og lýsa þau skoðunum áfrýjanda sjálfs. Hefur hann ekki fært eiginlegar sönnur að réttmæti þessara staðhæfinga, enda bera þær keim af sleggjudómum. Á hinn bóginn geta hin tilfærðu ummæli ekki talist svo meiðandi, að refsivert væri eftir XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þegar litið er til þeirra aðstæðna, sem fyrr var lýst. Verða ummælin ekki talin óviðurkvæmileg, þannig, að unnt sé að fallast á kröfu stefndu um ómerkingu þeirra samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laganna.

Telja verður, þegar til alls er litið, að þetta sama eigi við um ummæli áfrýjanda samkvæmt e-lið, þótt þau séu nokkru sértækari en hin fyrr-

nefndu. Verður hann einnig sýknaður af kröfum stefndu vegna þessara ummæla.

Í d-lið héraðsstefnu hefur stefnda tilfært þessi ummæli í grein áfrýjanda: „... Berta Kristinsdóttir stundaði hryðjuverkastarfsemi í söfnuðinum". Í málinu er það nægilega fram komið, að annar stjórnarmaður en áfrýjandi hafi viðhaft þessi orð eða ígildi þeirra á fundi í safnaðarstjórn. Hins vegar hefur áfrýjandi gert þau að sínum með framsetningu þeirra í umræddri blaðagrein, og ber hann á þeim fulla ábyrgð. Á það ekki síður við, þegar þess er gætt, að hlutaðeigandi stjórnarmaður taldi ástæðu til að biðja stefndu afsökunar á ummælunum, svo sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi.

Með þessum síðasttöldu ummælum tekur áfrýjandi dýpra í árinni en svo, að réttlætt verði með vísan til annarra skrifa. Um beina sönnun á réttmæti þeirra er vart að ræða, enda telur áfrýjandi þau viðhöfð sem myndlíkingu án raunverulegra tengsla við þá starfsemi, sem almennt er kennd við hryðjuverk. Þótt viðurkenna beri, að þetta orðafar sé ekki óþekkt í almennri stjórnmálaumræðu hér á landi, er það alls kostar framandi því safnaðarstarfi, sem hér var til umfjöllunar. Í ummælunum felst þannig óvægin og niðrandi aðdróttun, sem áfrýjandi hefur ekki réttlætt, og voru þau óviðurkvæmileg. Ber að taka til greina kröfu stefndu um ómerkingu þeirra samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, eins og gert var í hinum áfrýjaða dómi.

Á það verður einnig að fallast, að stefnda eigi rétt til miskabóta á grundvelli 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga vegna þessara ummæla. Þykja þær hæfilega ákveðnar 30.000 krónur, er áfrýjanda ber að greiða stefndu með vöxtum frá uppsögu héraðsdóms, eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem á er kveðið í dómsorði.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Áfrýjandi, Gísli G. Ísleifsson, greiði stefndu, Bertu Kristinsdóttur, 30.000 krónur í miskabætur með hæstu almennum innlánsvöxtum af þeirri fjárhæð frá 9. júlí 1990 til uppsögudags dóms þessa auk vaxtavaxta, sem leggja má við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 9. júlí 1991, en frá dómsuppsögudegi

greiði hann dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefndu 140.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Þau ummæli, sem ómerkingar er krafist á, voru látin falla í hatrömmum deilum um safnaðarstarf í Fríkirkjunni. Þær deilur voru opinberaðar í fjölmiðlum, og virðist hvorug hinna stríðandi fylkinga hafa kostað kapps um að halda þeim innan vébanda safnaðarins. Voru því hin umdeildu orð áfrýjanda viðhöfð í svargrein við greinargerð safnaðarstjórnar í víðlesnu dagblaði, þar sem meðal annars var vegið að heiðri áfrýjanda sem fyrrum formanns Fríkirkjusafnaðarins. Stefnda var einn höfunda þessarar greinargerðar. Er óhjákvæmilegt að meta ummælin í ljósi þessa.

Ummæli áfrýjanda í liðum b, c og e fela fyrst og fremst í sér skoðun hans á stöðu og störfum stefndu í stjórn Fríkirkjusafnaðarins. Ég er samþykkur meiri hluta dómenda um það, að þau séu ekki slík, að þau verði ómerkt.

Orðið „hryðjuverkastarfsemi" í lið d vísar í eiginlegri merkingu til ódæðisverka og ofbeldis. Í líkingamáli er orðið notað til þess að lýsa neikvæðum aðferðum og afleiðingum tiltekinnar starfsemi, en tengist ekki beitingu líkamlegs ofbeldis eða eiginlegum hermdarverkum. Áfrýjandi virðist nota þetta orð til þess að lýsa áliti með myndrænum hætti og draga saman þá niðurstöðu, að störf stefndu hafi ekki verið söfnuðinum til þurftar, eins og ummæli hans í liðum b, c og e gefa til kynna. Í þessu samhengi verður notkun orðsins „hryðjuverkastarfsemi" í illskeyttum og opinberum deilum málsaðila að teljast innan marka þess tjáningarfrelsis, sem varið er í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að sýkna beri áfrýjanda af öllum kröfum stefndu. Eftir atvikum væri rétt að láta hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. júní 1989, af Bertu Kristinsdóttur, kt. 030635-3029,

Háaleitisbraut 45, Reykjavík, gegn Gísla G. Ísleifssyni hrl., kt. 180526-4719, Háaleitisbraut 36, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að eftirtalin ummæli, sem birtust í grein, ritaðri af stefnda, á bls. 14 í Morgunblaðinu 15. júlí 1988, verði dæmd ómerk:

a. „Fjandskapur Bertu í garð prestsins fór ekki fram hjá neinum."

b. „Hafði hún reyndar verið á móti öllum góðum málum í stjórninni."

c. „Gekk andróður hennar og neikvæðni svo langt."

d. „Berta Kristinsdóttir stundaði hryðjuverkastarfsemi í söfnuðinum."

e. „Samkvæmt þessu eru því tvö ár og níu mánuðir, sem líða, án þess að aðrir samskiptaörðugleikar við sr. Gunnar rísi nema þeir, sem rót eiga að rekja til Bertu Kristinsdóttur og setu hennar í stjórninni."

2. Að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir framangreind ummæli sín.

3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 100.000 kr. í miskabætur með [nánar tilgreindum vöxtum].

4. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 100.000 kr. til að kosta birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum. Ársvextir skulu greiddir af upphæðinni skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá birtingu dómsins til greiðsludags, og bætist áfallnir vextir við höfuðstólinn á tólf mánaða fresti skv. 12. og 14. gr. vaxtalaga, uns skuldin er að fullu greidd.

5. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts. Vextir reiknist af væntanlegum tildæmdum málskostnaði að liðnum fimmtán dögum frá dómsbirtingu til greiðsludags skv. 10., 12. og 14. gr. vaxtalaga.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda og gerð sú krafa, að málskostnaðar verði látinn niður falla.

Málavextir og málsástæður.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að í Morgunblaðinu, sem kom út 15. júlí 1988, hafi birst grein eftir stefnda undir fyrirsögninni: „Opið bréf til „stjórnar" Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík". Kveður stefnandi þar margsinnis að sér vikið á ærumeiðandi hátt. Séu ummæli þau, sem stefnt sé út af og upp talin séu hér að framan, tekin orðrétt úr nefndri grein stefnda. Stefndi hafi áður verið formaður safnaðarstjórnar Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík um hríð, en stefnandi verið varaformaður stjórnarinnar, þegar greinin var skrifuð.

Í svargrein, sem stefnandi ritaði og birtist í Morgunblaðinu 27. júlí 1988, hafi stefnandi gefið stefnda kost á því að biðjast afsökunar í Morgunblaðinu á ummælum sínum um stefnanda. Orðrétt segi svo í svargrein stefnanda: „Ég vil gefa Gísla Ísleifssyni hæstaréttarlögmanni tækifæri til að biðjast afsökunar í Morgunblaðinu á orðum sínum, þegar hann kemur heim frá Benidorm

og áttar sig á veruleikanum. Það er í anda þess starfs, sem unnið er í Fríkirkjunni.“ Þar sem stefndi hafi ekki viljað nota sér þetta tækifæri, sem stefnandi hafi gefið honum til sátta, telji stefnandi nauðsynlegt að leita með málið til dómstóla.

Stefnandi hafi um árabil starfað mikið innan Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík og meðal annars átt sæti í safnaðarstjórn þau tvö ár, sem stefndi gegndi þar formennsku. Störf í safnaðarstjórnum séu umfram allt sjálfboða- og þjónustuvinna, sem fólk inni af hendi vegna áhuga síns á málefninu. Þær deilur, sem risið hafi um störf og síðar frávikningu fyrrverandi safnaðarprests, sr. Gunnars Björnssonar, hafi vissulega valdið sárindum, en stefnandi telji, að þær geti á engan hátt réttlætt hin umstefndu ummæli, sem stefndi hafi látið falla um stefnanda í nefndri blaðagrein. Þá telji stefnandi, að sérstaklega beri að taka tillit til þess, að stefndi er hæstaréttarlögmaður og búi því yfir víðtækri þekkingu á lögum, þar á meðal meiðyrðalöggjöfinni. Hafi stefnda því hlotið að vera vel kunn þau takmörk, sem lögin setji meiðandi ummælum manna um annað fólk.

Stefnandi telji stefnda víða veitast að sér á meiðandi hátt í umræddri blaðagrein, en þau ummæli, sem sérstaklega sé stefnt út af, séu áður tilgreind.

Stefnandi telji hin umstefndu ummæli brjóta í bága við ýmis ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga um ærumeiðingar:

a. Stefnandi telji ummæli stefnda ærumeiðandi og móðgandi, sbr. 234. gr. almennra hegningarlaga.

b. Stefnandi telji, að ummæli stefnda feli í sér aðdróttanir virðingu sinni til hnekkis, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga.

c. Stefnandi telji aðdróttanir stefnda í sinn garð bornar út gegn betri vitund hans, sbr. 1. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga. Enn fremur hafi stefndi enga sennilega ástæðu haft fyrir aðdróttunum sínum, svo sem til dæmis að staðhæfa, að stefnandi hafi „reyndar verið á móti öllum góðum málum í stjórninni“ og „stundað hryðjuverkastarfsemi í söfnuðinum“, sbr. 2. mgr. 236. gr. sömu laga.

Stefnandi bendi á í þessu sambandi, að það leysi stefnda ekki undan ábyrgð hans á notkun orðsins „hryðjuverkastarfsemi“, þó að hann segi það haft eftir einhverjum öðrum, í þessu tilfelli ónafngreindum aðila. Það sé stefndi, sem noti sjálfur þetta orð í blaðagrein sinni og beri þar með út þá aðdróttun og móðgun í garð stefnanda, sem í því felist, sbr. tilvitnuð lagaákvæði.

Krafan um ómerkingu orða stefnda, sem tilgreind séu í stefnu, sé studd ákvæðum 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Krafan um, að stefndi greiði stefnanda kostnað við að standa straum af birtingu dómsins sé studd ákvæðum 2. mgr. 241. gr. sömu laga.

Miskabótakrafan sé rökstudd með vísan til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Um refsi- og fébótaábyrgð stefnda vísist enn fremur til 1. mgr 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956.

Um forræði stefnanda til málshöfðunar vísist til 3. mgr. 242. gr. almennra hegningarlaga.

Málsástæður stefnda eru eftirfarandi:

Svo sem fram komi í stefnu og stefnandi hafi tilgreint undir stafliðum a, b, c, d og e, séu þau ummæli, sem hann telji vera meiðandi. Á hinn bóginn hafi hann ekki heimfært ákveðin ummæli undir tilteknar hegningarlagagreinar. Með tilliti til þess þurfi dómstóllinn að taka afstöðu til, hvort vísa beri málinu frá dómi ex officio. Hér sé um einkarefsimál að ræða, og verði því að gera þar hliðstæðar kröfur til sundurgreiningar í stefnu á refsiákvæðum, eins og gildi um ákæru í opinberu máli, sbr. t. d. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þar segi í 3. tl. 2. mgr., að í ákæruskjali skuli greina, svo að ekki verði um villst, „hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund eftir föngum, er það er talið framið, það heiti, sem það hefur í lögum, og aðra skilgreiningu, og loks það eða þau lagaákvæði, sem brot er talið varða við". Hvorki í stefnu né greinargerð sé nægilega tilgreint, í hverju brotið sé fólgið, t. d., hvort átt sé við móðgun eða aðdróttun eða hvort aðeins sé átt við, að aðdróttanir hafi verið bornar út, þ. e. með ritun blaðagreinar. Megi því ætla, að stefnan skv. framansögðu sé ekki í samræmi við ákvæði laga nr. 54/1988 um það, sem greina skuli í stefnu. Taka beri því tillit til þess, að stefna í einkarefsimáli samsvari ákæru í opinberu máli.

Málsástæður stefnda varðandi einstök ummæli eru eftirfarandi:

a) „Fjandskapur Bertu í garð prestsins fór ekki fram hjá neinum." Dregið sé í efa, að orðið fjandskapur sé í þessu sambandi ærumeiðandi. Orðabók Menningarsjóðs gefi þær skýringar einar, að orðið þýði sama og óvinátta. Enginn vafi sé á því, að deilur milli prestsins og stefnanda hafi verið komnar á það stig, að greinilegs kala gætti í ummælum og skrifum beggja. Telji stefndi, að hann geti fært sönnur á orð sín með því að leiða safnaðarmenn sem vitni. Stefndi telji, að með orðinu „fjandskapur" hafi hann aðeins átt við gagnkvæmt ósamkomulag eða gremju hvors í annars garð. Þannig sé því mótmælt, að hér sé um ærumeiðingu eða móðgun í orðum að ræða.

b) „Hafði hún reyndar verið á móti öllum góðum málum í stjórninni." Þessi tilvitnaða setning sé slitin úr sambandi við það, sem áður sé ritað í umræddri blaðagrein, þar sem þess sé getið, að stefnandi hafi borið fram vítur á stefnda og annan stjórnarmann algjörlega að tilefnislausu. Stefndi telji sig hafa verið að gjalda líku líkt með þessu orðalagi.

c) Einnig megi segja, að stefndi hafi verið að gjalda líku líkt með orðalaginu: „Gekk andróður hennar og neikvæðni svo langt", en þau orð séu líka slitin úr sambandi, því að í framhaldinu segi, „að stjórnarmenn sögðust koma á stjórnarfundi titrandi á taugum". Orðin „andróður" og „neikvæðni" séu

á engan hátt meiðyrði. Neikvæðni geti átt fullan rétt á sér, þegar andróðurinn sé réttmætur.

d) „Berta Kristinsdóttir stundaði hryðjuverkastarfsemi í söfnuðinum." Þarna sé lýsing á því, hvað einn stjórnarmaður hafi sagt. Setningin sé slitin úr samhengi, því að svo hljóði málsgreinin öll: „Einn þeirra lýsti yfir því á stjórnarfundi, að Berta Kristinsdóttir stundaði hryðjuverkastarfsemi í söfnuðinum." Hér sé það alls ekki stefndi, sem beri á stefnanda, að hann teljist hryðjuverkamaður, heldur aðeins haft eftir öðrum stjórnarmanni. Sjálf hafi Berta borið það út í blaðagrein og segist taka það orðrétt upp eftir stefnda, að frá honum sé þessi setning runnin. Þetta sé alrangt, eins og blaðagrein stefnda beri með sér. Þannig vilji hún heimfæra annarra orð upp á stefnda, þótt hún viti betur.

e) Þessi liður sé talinn meiðandi af stefnanda, en hann hljóði svo: „Samkvæmt þessu eru því tvö ár og níu mánuðir, sem líða, án þess að aðrir samskiptaörðugleikar við séra Gunnar rísi nema þeir, sem rót eiga að rekja til Bertu Kristinsdóttur og setu hennar í stjórninni." Í þessum orðum felist engin meiðyrði, aðeins fullyrðing um það, að ónafngreindar deilur verði ekki raktar til klerksins, heldur stjórnarformannsins, en um það séu venjulega skiptar skoðanir, hvor valdi, þegar tveir deila.

Tölulega séu bótakröfur stefnanda um 100.000 króna miskabætur fjarstæða, og sama megi segja um kröfur skv. lið 4 um bætur til stefnanda, 100.000 kr., til að kosta birtingu dóms.

Að öðru leyti vísist til aðilaskýrslu stefnda, en þess sérstaklega getið, að stefndi eigi ekki einn sök á þeim deilum, er risið hafa milli málsaðila, og þótt sum ummæli sín séu allhvöss, telji hann, að bæði klerkurinn og hann sjálfur hafi orðið að þola ummæli, sem verið hafi í svipuðum dúr, þótt þeir hafi ekki talið ástæðu til að standa í málaferlum við safnaðarfólkið.

Niðurstaða.

Í grein, er stefndi skrifaði og birt var í Morgunblaðinu 15. júlí 1988 undir nafninu: „Opið bréf til „stjórnar" Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík", eru ummæli þau, er stefnandi gerir kröfu til, að dæmd verði ómerk.

Í grein stefnanda, er birtist í Morgunblaðinu 27. júlí 1988 undir nafninu: „Andsvar við „opnu bréfi" Gísla Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns", fjallar stefnandi um grein stefnda. Ljóst er því, að 27. júlí 1988 var stefnanda kunnugt um skrif stefnda. Mál þetta var ekki höfðað fyrr en með stefnu, birtri 21. júní 1989, og var þá fallin niður heimild til þess að höfða einkamál til refsingar út af fyrrgreindum ummælum, sbr. 29. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Umrædd lagagrein tekur hins vegar ekki til ómerkingar, og hefur stefnandi því ekki glatað rétti sínum til að höfða mál til ómerkingar á fyrrgreindum ummælum.

Ummæli þau, sem stefnandi gerir kröfu til, að dæmd verði ómerk, eru merkt a - e.

a. Þegar virtur er framburður stefnanda fyrir dómi varðandi ummæli þessi svo og framburður þeirra vitna, er skýrslu gáfu fyrir dómi, verður að telja, að nægar sönnur hafi verið færðar á réttmæti þessara ummæla í máli þessu, og verða ummælin því eigi ómerkt.

b. Stefndi hefur ekki fært sönnur á ummæli þessi. Þykja þau óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

c. Ummæli þessi hafa ekki verið réttlætt, og þegar í heild er litið til þeirrar málsgreinar, sem umrædd ummæli eru hluti af, verður að telja þau móðgandi fyrir stefnanda, og ber skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja þau.

d. Stefndi heldur því fram, að þessi ummæli séu ekki sín eigin, heldur hafi þau verið höfð eftir öðrum stjórnarmanni, sem hafi viðhaft þau á stjórnarfundi. Umræddur stjórnarmaður, Eyjólfur Halldórsson, kvaðst á stjórnarfundi hafa ávarpað stefnanda harkalega og beðið hana síðar afsökunar á orðum sínum. Ekki kannaðist hann við að hafa viðhaft nákvæmlega þessi orð. Verður því að telja ósannað, að ummæli þessi, eins og þau voru fram sett í blaðagrein stefnda, hafi verið frá öðrum komin.

Umrædd ummæli um störf stefnanda innan Fríkirkjusafnaðarins hafa ekki verið réttlætt. Fela þau í sér ærumeiðandi aðdróttun í garð stefnanda, og ber því samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja þau.

e. Gegn andmælum stefnanda hefur stefndi ekki fært sönnur á ummæli þessi. Teljast þau óviðurkvæmileg, eins og þau eru fram sett, og ber að ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Stefnandi þykir eiga rétt til nokkurra miskabóta vegna ummæla stefnda skv. d-lið. Þykja bætur hæfilega ákveðnar 60.000 kr. Dæmast dráttarvextir af þeirri fjárhæð frá 9. júlí 1990 til greiðsludags.

Ekki þykir ástæða til þess að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu á birtingarkostnaði.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 90.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Framangreind ummæli undir liðum b til e skulu vera ómerk.

Stefndi, Gísli G. Ísleifsson, greiði stefnanda, Bertu Kristinsdóttur, miskabætur, 60.000 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. júlí 1990 til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 9. júlí 1991.

Stefndi, Gísli G. Ísleifsson, greiði stefnanda, Bertu Kristinsdóttur, 90.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. júní 1993.

Nr. 186/1990. **Sævörur hf.**
(Magnús Thoroddsen hrl.)
gegn
Hf. Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Flutningssamningur. Farmskírteini. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1990. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér 2.384.076 krónur með 33,6% ársvöxtum frá 6. október 1988 til 1. nóvember sama ár, 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til 16. mars sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Farmskírteini það, sem um ræðir í málinu, var svonefnt flutningsmiðlarafarmskírteini, sem fullnægði ekki kröfum 101. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 106. gr. sömu laga, til þess að áfrýjandi gæti byggt á því rétt gagnvart stefnda með sama hætti og um eigið farmskírteini hans væri að ræða.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að málskostnaður falli niður fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og Haralds Henryssonar.

Við föllumst á það með héraðsdómi, að handhöfn áfrýjanda á farmskírteini því, sem Overseas Container Forwarding Inc. gaf út 12. júlí 1988, hafi út af fyrir sig ekki veitt honum rétt gagnvart stefnda til að fá umræddan farm afhentan í Reykjavík, án þess að stefndi fengi í hendur sérstaka heimild sendanda til afhendingar hans. Áfrýjandi hafði þó ástæðu til að ætla, að réttur hans samkvæmt farmskírteininu væri tryggður, sbr. fjórar tilkynningar stefnda til hans, þar sem skorað var á hann að sækja farminn. Verður ekki talið, að sönnuð sé sú fullyrðing stefnda, að áfrýjandi hafi ekki verið í góðri trú um rétt sinn, þegar til afgreiðslu farmsins kom hinn 3. október 1988. Er þá meðal annars horft til þess, að stefndi hafði hinn 30. september sent honum fjórðu áskorunina um að sækja farminn.

Hinn 3. október 1988 veitti stefndi afhendingarheimild fyrir farminum til áfrýjanda gegn framvísun frumrits ofangreinds farmskírteinis og með áritun á skírteinið. Í framhaldi þessarar afgreiðslu samdi áfrýjandi við innanlandsdeild stefnda um flutning farmsins til Ísafjarðar, þar sem Bakki hf. átti að veita honum viðtöku. Var farmurinn fluttur með ms. Mánafossi, sem lét úr höfn í Reykjavík 4. október og kom til Ísafjarðar næsta dag. Vegna flutnings þessa var gefið út „Fylgibréf - kvittun" af hálfu stefnda, þar sem áfrýjandi er tilgreindur sem sendandi, en Bakki, Hnífsdal, viðtakandi. Hefur því ómótmælt verið haldið fram af hálfu áfrýjanda, að í innanlandsflutningum sé ekki um útgáfu eiginlegra farmskírteina að ræða. Stefndi sendi Bakka hf. tilkynningu um flutninginn með áskorun um að sækja farminn „hið allra fyrsta".

Líta verður svo á, að með afgreiðslunni 3. október 1988 og í framhaldi hennar með samningi innanlandsdeildar stefnda við áfrýjanda um flutning farmsins til Ísafjarðar hafi hann í raun verið afhentur áfrýjanda. Sem fyrr segir, er ekki annað sannað í málinu en að áfrýjandi hafi verið í góðri trú um rétt sinn, og mátti hann ætla, að fyrir lægi viðurkenning stefnda á gildi fyrrgreinds farmskírteinis. Eins og hér stendur á, þykir stefndi sjálfur verða að bera ábyrgð á mistökum, sem viðurkennt er, að urðu af hans hálfu við

meðferð gagna, er vörðuðu flutning farmsins frá Bandaríkjunum og afhendingu hans í Reykjavík.

Vörslur stefnda á farminum eftir afgreiðslu hans í Reykjavík byggðust á samningi hans og áfrýjanda um flutning til Ísafjarðar, og bar honum að fara með farminn samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir lágu um þann flutning. Þar sem þetta var ekki gert, verður að telja stefnda ábyrgan fyrir því tjóni, sem áfrýjandi hefur sannanlega orðið fyrir, vegna þess að farmurinn fékkst ekki afgreiddur á Ísafirði.

Sundurliðun á kröfum áfrýjanda kemur fram í hinum áfrýjaða dómi, en við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lækkaði lögmaður áfrýjanda kröfulið vegna ferðakostnaðar framkvæmdastjóra áfrýjanda til og frá Ísafirði úr 18.240 krónum í 16.240 krónur, þannig, að heildarkrafa hans nemur nú 2.384.076 krónum. Stefndi hefur mótmælt greiðsluskyldu sinni gagnvart öllum kröfuliðum, en hefur ekki vefengt þá tölulega.

Kröfuliðir áfrýjanda vegna missis söluhagnaðar, 97.747 krónur, og tjóns Bakka hf., 297.140 krónur, þykja ekki nægilega rökstuddir af hálfu áfrýjanda. Að öðru leyti teljum við kröfur áfrýjanda studdar nægum gögnum og beri að taka þær til greina. Samkvæmt því eigi stefndi að greiða áfrýjanda 1.989.189 krónur með vöxtum eins og krafist er.

Þá teljum við, að stefnda beri að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. febrúar 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. janúar sl., höfðaði Páll Arnór Pálsson hrl. f. h. Ívars Pálssonar, kt. 260258-5409, Kringlunni 33, Reykjavík, framkvæmdastjóra Sævara hf., kt. 560588-1279, Kringlunni 33, Reykjavík, f. h. félagsins gegn Eimskipafélagi Íslands hf., kt. 150169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 2.386.076 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru, að stefndi verði alsýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður [...].

Kröfu stefnanda um virðisaukaskatt á málskostnað var sérstaklega mótmælt.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir.

Fyrirtækið Overseas Container gaf 12. júlí 1988 út farmskírteini (Negotiable Fiata Combined Transport Bill of Lading) um flutning á 801 kassa af frystri skelrækju, að þyngd 39.620 lbs. brúttó. Samkvæmt farmskírteini þessu var sendandi Fonn Enterprices Inc., Houston, Texas, en móttakandi SPI PLC, Birmingham.

Í stefnu segir, að SPI PLC hafi framselt frumrit farmskírteinis þessa eyðuframsali til Sævara hf.

Í Montreal í Kanada var vörunni umskipað í frystigám, merktan EIMU 465175-5, og flutt til New York. Þaðan var gámurinn fluttur með Bakkafossi til Reykjavíkur og mun hafa komið þangað 4. ágúst 1988. Stefnanda voru sendar tilkynningar um komu vörunnar 8. og 11. ágúst 1988, 2. og 30. sept. 1988.

Hinn 3. október 1988 veitti stefndi afhendingarheimild fyrir vörunni til handa stefnanda að undangenginni afgreiðslu hennar í tolli. Að ósk stefnanda var varan send með m/s Mánafossi til Ísafjarðar 5. október 1988. Þann dag hugðist forsvarsmaður Bakka hf. sækja vöruna, en var þá tjáð af umboðsmanni stefnda á Ísafirði, að eigi væri heimilt að afhenda vöruna, þar eð farmsendandi í Kanada óskaði eftir, að varan yrði send fyrirtæki á Akranesi. Hinn 6. október 1988 óskaði stefnandi eftir innsetningu í rækjufarminn með fógetagerð. Þeirri beiðni var hafnað með úrskurði, upp kveðnum í fógetarétti Ísafjarðar 11. s. m.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur, að stefndi hafi án gildra og löglegra ástæðna afhent öðrum aðila rækju þá, sem stefnandi hafði löglega ráðstöfunarheimild fyrir. Stefnandi hafi haft í höndum þrjú frumrit farmskírteinis. Það hafi verið viðskiptabréf, sbr. orðið „Negotiable" á farmskírteini. Stefnandi hafi átt skýlausa kröfu til að fá rækjufarminn afhentan við framvísun frumrits skv. 1. mgr. 106. gr. siglingal. nr. 34/1985. Stefnda hafi verið óheimilt að gefa út heimildarskjal um vöruna, sem hafi farið í bága við hið upprunalega farmskírteini, sbr. 3. gr., 1. og 2. tl., í skilmálum á bakhlið farmskírteinisins, sbr. og 2. mgr. 117. gr. l. nr. 34/1985.

Stefnandi hafi verið búinn að fá afhenta vöruna í Reykjavík, enda hafi stefnandi látið senda vöruna frá Reykjavík til Ísafjarðar, en viðtökustaður skv. fyrra farmskírteini hafi verið Reykjavík. Stefnandi hafi fengið vöruna tollafgreidda, framvísað frumriti farmskírteinis hjá stefnda og fengið út gefið nýtt farmskírteini fyrir flutningi rækjunnar með m/s Mánafossi frá Reykjavík til Ísafjarðar. Því hafi verið algerlega heimildarlaust af hálfu stefnda að synja um afhendingu.

Stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna áðurnefndra athafna starfsmanna

stefnda og telur, að stefndi eigi að bæta stefnanda það tjón skv. almennu skaðabótareglunni og jafnframt skv. almennum reglum um skaðabætur innan samninga, ef höfð sé hliðsjón af samningi aðila um flutning vörunnar frá Reykjavík til Ísafjarðar.

Stefndi hafi fyrirgert öllum rétti sínum 6. okt. 1988 til að afhenda öðrum aðila vöruna, þar sem stefnandi hafði þá fengið hana afhenta út á farmskírteini sitt, sbr. áritun á dskj. 3, afhendingarheimildir og nýtt farmskírteini fyrir leiðinni Reykjavík-Ísafjörður, þar sem stefnandi sé óumdeilanlega sendandi. Skjöl þau, sem stefndi hafi bent á máli sínu til stuðnings, séu ruglingsleg og í þversögn við fullyrðingar hans. Flýtifarmskírteinið, Express Bill of Lading, sé gefið út í Norfolk 27. 6. 1988 (hljóti að vera 27. 7.), og þá sé Sea Products, Reykjavík, Iceland, skráður viðtakandi. Farmskírteinið, sem stefndi hafi borið fyrir sig (dskj. 8), sé hins vegar út gefið í Montreal löngu eftir komu Bakkafoss til Íslands, og það beri ekki með sér, að það sé Express B/L. Stefndi hafi ætíð haft vitneskju um frumfarmskírteinið, og starfsmenn stefnda hljóti að hafa fengið eintak af því við móttöku vöru í Kanada/USA. Stefndi geti því ekki borið fyrir sig, að starfsmönnum félagsins hafi verið ókunnugt um, að stefnandi hefði undir höndum Negotiable FIATA BILL of Lading og að hann ætti heimtingu á afhendingu vöru. Þessi skilningur sé staðfestur með því, að stefnandi hafi framvísað farmskírteininu og fengið vörurnar út á það.

Allar tilkynningar Eimskips um flutning farmsins frá Bandaríkjunum til Íslands hafi verið sendar Sævörum hf., og hafi starfsmenn stefnda átt að ganga sérstaklega úr skugga um það, hvort réttur annarra, sem gerðu tilkall til vörunnar, væri öruggur, en það hafi þeir ekki gert. Stefnandi hafi varað stefnda við því í telefax-bréfi sínu 6. okt. 1988, að hinn erlendi söluaðili væri að tvíselja vöruna og að stefndi ætti ekki að hjálpa til þess.

Tjón sitt sundurliðar stefnandi svo:

— — —

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að málið snerist um réttarverkanir dskj. 3. Ekki skipti máli, að dskj. 3 er ekki gefið út af stefnda. Útgefandi skjalsins hafi gefið það út í umboði flytjanda, og af þessu skjali sé stefndi bundinn.

Stefnandi hafi afhent frumrit farmskírteinis og þá fengið afhendingarheimild fyrir vörunni. Eftir það hafi stefnandi haft vörslu vörunnar. Tjón stefnanda hafi orðið á Ísafirði, þegar stefndi neitaði að afhenda vöruna, en á þeim tíma hafi ábyrgð Overseas Container Forwarding verið lokið.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á aðildarskorti og að stefnandi hafi aldrei haft neina lögvarða heimild gagnvart stefnda til þess að fá gáminn afhentan.

Í fyrsta lagi sé það skilyrði þess, að framselt farmskírteini skapi handhafa þess rétt gagnvart farmflytjanda skv. 106. gr. l. nr. 34/1985, að farmskírteinið sé gefið út af farmflytjandanum eða í hans umboði. Þetta sé ljóst af 101. gr. l. nr. 34/1985. Farmskírteini það, sem stefnandi framvísaði í afgreiðslu stefnda 3. október 1988, hafi ekki fullnægt því skilyrði, og því hafi það ekki skapað stefnanda neinn rétt til vörunnar, og eigi ákvæði 112. gr. l. nr. 34/1985 því ekki við. Hið framselda flutningsmiðlarafarmskírteini (Fiata B/L), sem stefnandi hafi haft undir höndum, hafi því ekki skapað stefnanda neinn rétt gagnvart stefnda til þess að fá vöruna afhenta. Það farmskírteini sé í þessu tilviki aðeins „in-house b/l" og kveði eingöngu á um innbyrðis réttarsamband upphaflegs farmsendanda, Fonn Enterprises Inc., og flutningsmiðlara, Overseas Container Forwarding Inc., og heimili honum að koma fram sem sendandi og semja við önnur flutningafyrirtæki um framhaldsflutning vörunnar. Þetta sé ljóst af ákvæðum gr. 3.1 og 3.2, sbr. gr. 2.1 a í FIATA B/L. Telji stefnandi rétt á sér brotinn vegna þess, að hann hafi í höndum framselt frumrit farmskírteinis, út gefið af Overseas Container Forwarding Inc., en ekki fengið vöruna afhenta, verði hann að beina þeim kröfum að útgefanda þess farmskírteinis, en ekki stefnda, vegna þess að skylda stefnda til þess að afhenda vöru gegn framseldu frumriti farmskírteinis takmarkist við það, að stefndi hafi sjálfur gefið farmskírteinið út, sbr. 101. og 106. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Í öðru lagi hafi gámurinn verið fluttur til Íslands á EXPRESS BILL OF LADING, sem sé þess eðlis, að ekkert frumrit sé gefið út. EXPRESS BILL OF LADING sé þó gefið út á sama form og venjulegt farmskírteini, en á því formi séu ákvæði á framhlið um, að varan verði aðeins afhent gegn framseldu frumriti skírteinisins. Vöru, sem flutt sé samkvæmt slíku fylgibréfi, sé því ekki unnt að afhenda móttakanda gegn framseldu frumriti farmskírteinis, vegna þess að það sé ekki til. Varan sé því aðeins afhent, að til komi sérstök afhendingarheimild, „release", frá sendanda. Slíka afhendingarheimild hafi sendandi aldrei gefið í öðru formi en því, að 28. september 1988 hafi hann óskað eftir því, að venjulegt farmskírteini yrði gefið út um sendinguna, og hafi hann tilgreint sjálfan sig sem viðtakanda. Sendandi hafi síðan afhent stefnda, umboðsskrifstofunni í Montreal, framselt frumrit þess og óskað eftir því, að varan yrði afhent útibúi Landsbanka Íslands á Akranesi vegna Fiskiðjunnar Arctic hf. Farmsendandi hafi því ekki sleppt ráðstöfunarheimild sinni yfir gáminum, fyrr en hann hafi afhent umboðsskrifstofunni framselt eintak farmskírteinisins og óskað þess, að gámurinn yrði afhentur Arctic hf.

Í þriðja lagi geti stefnandi ekki byggt neinn rétt á greiðslukvittun tollstjóra eða afhendingarheimild þeirri, sem stefndi gaf 3. október 1988, eða stimpli gjaldkera stefnda á FIATA B/L. Sú afhendingarheimild hafi verið

veitt fyrir mistök gegn framvísun skjala, er hafi ekki veitt stefnanda neinn rétt. Um það hafi stefnanda verið kunnugt, enda hafi stefndi kunngert stefnanda hin breyttu afhendingarfyrirmæli 28. september 1988. Stefnandi hafi því ekki verið í góðri trú, er hann fékk afhendingarheimildina, og geti því ekki öðlast rétt til gámsins fyrir traustfang.

Í fjórða lagi hafi stefnandi ekki fengið gáminn afhentan, þótt hann hefði samið við innanlandsdeild stefnda um flutning gámsins til Ísafjarðar. Stefnandi hafi ekki verið búinn að taka við gáminum, þegar mistökin uppgötvuðust, og því hafi verið unnt að leiðrétta þau, áður en til þess kom, að afhenda skyldi gáminn. Þess vegna geti stefnandi ekki byggt rétt á því, að stefndi hafi með ólögmætum hætti tekið gáminn úr vörslum hans og synjað um afhendingu hans.

Því er mótmælt, að stefnandi hafi framvísað þremur eintökum af FIATA B/L, er hann krafðist afhendingar á Ísafirði. Samkvæmt ákvæðum í farmskírteininu sjálfu hafi aðeins þrjú frumrit verið gefin út, og í greinargerð fullyrði stefnandi, að stefndi hafi fengið eintak af því. Þegar af þessari ástæðu sé það rangt hjá stefnanda, að hann hafi framvísað þremur eintökum á Ísafirði.

Jafnframt er því mótmælt, að stefnda hafi verið óheimilt að gefa út heimildarskjal um vöruna, sem fór í bága við upprunalega farmskírteinið (FIATA B/L). Upphaflegt farmskírteini um vöruna hafi verið COMBINED TRANSPORT BILL OF LADING, sem samkvæmt ákvæðum í því sjálfu, grein 2.1 a, heimili útgefanda að koma fram sem sendandi gagnvart öðrum flutningsaðilum. 117. gr. l. nr. 34/1985 eigi hins vegar aðeins við um gagnfær farmskírteini. Með útgáfu farmskírteinisins í Montreal 28. september 1988 (dskj. 8) hafi stefndi því ekki verið að gefa út heimildarskjal, sem fór í bága við upphaflegt farmskírteini, heldur aðeins að gefa út farmskírteini að ósk sendanda vörunnar með þeim afhendingarákvæðum, sem hann krafðist.

Stefndi krefst sýknu af öllum fjárkröfum stefnanda og tekur fram, að stefnandi hafi ekki sannað, að hann hafi greitt fyrir vöruna, og því sé tjón vegna verðmætis farms ósannað. Ósannað sé, að stefnandi hafi getað selt vöruna með 5% söluhagnaði. Stefnandi sé ekki réttur aðili að bótakröfu vegna tjónkröfu Bakka hf., og þar að auki sé þessi liður ósannaður. Stefnandi hafi farið í innsetningarmál á eigin áhættu og vitandi það, að sendandi vörunnar hafði breytt afhendingarfyrirmælum sínum. Kostnaður stefnanda vegna þessa sé því á hans ábyrgð. Sýknu er einnig krafist af þessum lið vegna sönnunarskorts.

Verði fjárkröfur stefnanda teknar til greina að einhverju leyti, er þess krafist, að stefnda verði heimilaður skuldajöfnuður við höfuðstól dæmdra krafna til greiðslu á þeim, að fjárhæð 197.271 kr. Skuldajafnaðarkrafa

þessi sé farmgjald vegna flutnings á gáminum með m/s Mánafossi frá Ísafirði til Reykjavíkur, að fjárhæð 128.541 kr., og 68.730 kr. vegna lögfræðilegrar aðstoðar við innsetningarmálið, en á þessum kostnaði beri stefnandi ábyrgð.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum Ívar Pálsson, framkvæmdastjóri stefnanda, Aðalbjörn Jóakimsson, framkvæmdastjóri Bakka hf., Jóhann Ólafsson, fulltrúi hjá stefnda, og Bragi Kristinn Guðmundsson, forstöðumaður tjóndeildar og innra eftirlits stefnda.

Eins og að framan er rakið, reisir stefnandi kröfur sínar á farmskírteini á dskj. 3, sem er flutningsmiðlarafarmbréf, út gefið 12. júlí 1988 af Overseas Container Forwarding Inc., þar sem móttekinn var til flutnings 801 kassi af heilfrystri hrárækju til flutnings frá Parksville, Kanada, til Reykjavíkur. Farmskírteini þetta er stefnda óviðkomandi. Það er hvorki gefið út af stefnda né í umboði stefnda. Handhöfn þessa farmskírteinis skapar því engan rétt gagnvart stefnda. Þar sem stefnandi hefur ekki sýnt fram á nein atvik, er geri farmskírteinið skuldbindandi gagnvart stefnda, verður ekki á það fallist, að stefnda hafi verið skylt að afhenda vöru gegn framvísun þessa farmskírteinis.

Þá er stefndi neitaði að afhenda vöruna á Ísafirði 5. okt. 1988, var varan enn í vörslu stefnda, en líta verður svo á, að stefnandi hafi aldrei fengið vöruna afhenta, heldur einungis fengið afhendingarheimild fyrir vörunni 3. okt. 1988. Á grundvelli hennar hafi stefnandi fengið vöruna tollafgreidda og samið um flutning hennar til Ísafjarðar. Var stefnda því rétt að synja um afhendingu vörunnar.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður sýknukrafa stefnda tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Baldvin Jónsson skipamiðlari og Ingvar Sveinbjörnsson deildarstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Eimskipafélag Íslands hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sævara hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. júní 1993.

Nr. 63/1991. **Páll G. Jónsson og**
Óttar Yngvason
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Hauki Sveinbjörnssyni og
skiptaráðandanum í Kópavogi
f. h. dánarbús Sigurðar Benjamíns Jónssonar
og Þórönnu Guðmundsdóttur
(Hjalti Steinþórsson hrl.).

Landamerkjamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson og Arnljótur Björnsson prófessor og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1991. Þeir krefjast þess, að merkjalína milli jarðanna Stórahrauns og Litlahrauns í Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsness- og Hnappdalssýslu, verði ákveðin svo á hinu umdeilda svæði:

„Frá Stakkholtssteini (B) um beina línu í miðja Þrísteina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E).“


Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð loftljósmynd af svæðinu, sem tekin er 1990.

I.

Fyrir liggur að skera úr ágreiningi um merki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi, sbr. lög nr. 41/1919 um landamerki o. fl. með síðari breytingum. Í héraðsdómi er málsástæðum aðila lýst og landamerkjabréfum jarðanna Litlahrauns frá 17. júní 1884 og Stórahrauns, sem af undirskriftum að dæma er



Söknarðilar eru eigendur Litlahrauns en lögmaður þeirra er Hafti Steinþórsson hdl. Atriði sem merkt eru (N) eru færð inn á kortið skv. hans fyrirsögn.

Varnarðilar eru eigendur Stórahrauns en lögmaður þeirra er Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. Atriði sem merkt eru (J) eru færð inn á kortið skv. hans fyrirsögn.

Kröfur aðila um landamerki milli Litla- og Stórahrauns:

Söknarðili: A-B-I-J-K.

Varnarðili: A-B-C-D-E.

Krafa um merki fyrir samliggjandi engjasvæði Stórahrauns og Litlahrauns á Fitjum:

Söknarðili: V-D-E-í vestur eftir Hellaskútum-T-U-V

Frumrit (nr. 1) þessa uppdráttar er g

Á frumrit nr. 2. sem er eftirrit frum
dómlinur hestaréttar í hestaréttarmál
R - D, X - Y og lína frá punkti Y mit
Dómlínur I - J, J - K og D - E eru skv

Frumrit nr. 2. sem ljósrit þetta er tekið efti
af Ragnari Árnasyni verkfr.

Ljósrit dagsett í júní 1993 RÁ



Sköla Jóhannsyni verkfr.

r. 1. eru færðar eftirtaldar
63/1991: B - L, L - I, K - R,
lli Toppa og skers.
aðsdómi.

rt 1 júní 1993

Línur I-J og J-K innfærðar 5. nóv. 1990
S.J. / Egill Þórðum, verkfr.

Landamerki Stóra- og Litlahrauns
Kaupsamningsáritun, Hafnarfjarðarkaupstaður

Reykjavík 24. febr. 1987
Stefán Jóhannsson, verkfr

Nettrangsskönnun 14. febr. 1987

nokkru yngra, en þó frá líkum tíma. Þá er í héraðsdómi gerð grein fyrir þeim gögnum, sem til skoðunar koma við úrlausn máls þessa. Loks hafa aðilar lagt fram loftljósmyndir frá mismunandi tímum og uppdrætti af þrætusvæðinu, en á einn þeirra hafa verið dregnar merkjalínur að kröfum aðila.

Aðilar eru sammála um, að landamerkjabréfin séu aðalheimildir um merki jarðanna og við skýringu á bréfunum verði að reyna að samrýma merkjalýsingar þeirra, en við það megi hafa stoð af fram lögðum gögnum. Við skýringu bréfanna er að ýmsu að gæta. Þar er lögð áhersla á að skipta þeim verðmætum, sem hugsanlega mátti nýta, en sumt af því hafði verið skilið frá jörðunum. Aðferðin við að lýsa merkjum er ekki hin sama á bréfunum, og þau virðast að nokkru gerð eftir eldri heimildum, sem ekki liggja nema að litlu leyti fyrir í málinu. Sjór flýtur um allt hið umdeilda svæði á flóði, og hefur hann brotið landið og breytt ummerkjum. Farvegir ála, sem renna um svæðið um fjöru, svo og farvegur Haffjarðarár hafa getað breyst, frá því að merkjabréfin voru samin, en aðilar miða kröfur sínar að hluta við þessi kennileiti. Þá ber þess að geta, að ós Haffjarðarár var ákvarðaður 28. desember 1977 af matsmönnum samkvæmt 2. mgr. 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði í samræmi við skilgreiningar þeirra laga. Ákvörðunar þeirra er getið í héraðsdómi. Ekki liggur fyrir, hvar menn töldu ós árinnar vera fyrir þann tíma.

Þegar framangreind atriði eru skoðuð, kemur ekki á óvart, að í ýmsu getur verið erfitt að samrýma orðalag landamerkjabréfanna og heimfæra til kennimarka á svæðinu í dag, jafnvel þótt það hefði fallið vel saman í upphafi. Við það bætist, að vitni eru ekki sammála um staðsetningu örnefna. Það er því skoðun dómsins, að við ríkjandi óvissu beri að ákvarða mörkin í sem bestu samræmi við málsgögnin í heild.

II.

Aðilar eru sammála um, að Stakkholtssteinn (B) sé í víkinni fyrir ofan Stakkholt, og miða kröfur sínar við það kennileiti. Í merkjabréfi Stórahrauns segir síðan, að línan liggi „úr þeim steini sjónhending í Þrísteina, úr Þrísteinum eptir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál". Merkjabréf Litlahrauns fer öndverða leið og hefur lýsingu merkjanna svo: „Úr miðjum Tvísteinaál

upp í Stakkholtsstein, ...“ Í lögfestu fyrir Setahraun (Litlahraun) 1698 er merkjunum lýst í upphafi svo: „Efter midium Tvísteinaál framan ad og upp í Stackhollts Stein ...“. Aðila greinir á um, hvaða áll sé Tvísteinaáll og hvar örnefnisins Þrísteina sé að leita. Vitni eru ekki á einu máli um þetta atriði. Sjónhending merkir sem næst beina línu, en telja verður, eins og merkjabréf Stórahrauns er orðað, að auk þess hafi sést úr Stakkholtssteini í Þrísteina. Þá ber þess að gæta, að í merkjabréfi Stórahrauns er merkjum lands á Fitjum lýst sem sérstakri heild á eftirfarandi veg: „Á fitjunum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr, og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, og þaðan austur eptir ofanvert við Selhöfða.“ Bendir þetta til, að þetta svæði hafi verið skilið frá landi jarðarinnar. Með þessum athugasemdum ber að fallast á þá skoðun héraðsdóms, að merkin liggi um ál þann, sem liggur fram með Stórahraunsnesi. Miðað við orðalag merkjabréfs Stórahrauns, sem þáverandi umráðamenn jarðanna skrifuðu báðir undir, þykir því mega ákvarða merkjalínuna í höfuðstefnu álsins úr punktinum (B) fram með Stórahraunsnesi í punktinn (L) um punktinn (I) í punktinn (J) og þaðan í punktinn (K). Byggist það á því, að engar heimildir eru fyrir því, að Litlahraun eigi land í Stórahraunsnesi, en kröfulína stefndu sker nesið á einum stað. Rétt er að miða við punktinn (K), þar sem eigendur landsins vestan ósa Haffjarðarár hafa fyrir dómi ekki gert athugasemdir við þá merkjalýsingu.

Aðila greinir ekki á um það, að Topparnir og Selhöfði heyra undir Stórahraun, og heimildir, sem raktar eru í héraðsdómi, benda til, að Skeley hafi gert það líka. Þá benda ummerki til, að sjór hafi mjög sorfið land af Fitjunum. Verður því hvorki nú sagt til um umfang engja á Fitjunum né um hve langan veg lækurinn skipti löndum þar, en merkjalýsingarnar og aðrar heimildir, sem raktar eru í héraðsdómi, benda til, að það hafi áður verið fyrir ofan Selhöfða. Stefna markalínunnar um Fitjarnar, eins og hún er dregin í merkjalýsingu Stórahrauns fyrir Toppa og ofanvert við Selhöfða, er ekki nákvæm, en ætla má, að hún hafi legið ofan Skeleyjar samkvæmt framansögðu. Að þessu athuguðu þykir mega ákveða merkin úr punktinum (K) á uppdrættinum eftir línu, sem dregin er ofan við Skeley og Selhöfða í punktinn (R) framan við Litlahraunsnes, þaðan í punktinn (D) og yfir Fitjarnar, eins og þær nú eru,

í punktinn (E), svo sem aðilar eru ásáttir um. Aðila greinir ekki á um, að Viðarhólmi sé í óskiptri sameign þeirra. Í sýslu- og sóknarlýsingum fyrir Litlahraun, skráðum árið 1841, sem getið er í héraðsdómi, segir meðal annars: „... Milli Kaldáróss og Haffjarðarár gengur skagi inn í landið frá útnorðri til suðurs, er liggur undir jörð þessa, kallaður Gamlaeyri. Halda menn hún hafi áður verið grasi vaxin ósa á milli og klettalaus. Hún er umflotin hvörn stórstraum, en á útnorðurenda hennar er sker, sem aldrei fellur yfir. Í norður frá skerinu eru meltoppar, sem aldrei fellur yfir. Þeir eru nú því nær af farnir. Með eyrinni að vestanverðu er rekapláts tilheyrandi Hítarkirkju." Þótt ekki verði fullyrt, hvort hér sé verið að lýsa eign eða hlunnindum, bendir lýsingin til þess, að á fyrri tímum hafi Gamlaeyri ekki náð að Toppunum. Með hliðsjón af kröfum aðila og öðrum atvikum þykir mega ákvarða markalínu milli svæða Litlahrauns og Stórahrauns í sem bestu samræmi við merkjabréf síðarnefndu jarðarinnar sem beina línu úr Viðarhólma (X) út með Melabökkum í punktinn (Y) og mitt á milli Toppa og skers þess, sem teiknað er á uppdráttinn og aðilar hafa markað á kröfulínur sínar, út í Haffjarðará. Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur hefur fært dómlínuna inn á uppdrátt Skúla Jóhannssonar frá 24. febrúar 1987.

Rétt er, að hver aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns skulu ákveðin eftir línu, sem mörkuð er á meðfylgjandi uppdrátt, frá Stakkholtssteini (B) vestur álinn fram með Stórahraunsnesi í punktinn (L), þaðan í punktinn (I) og í farveg Haffjarðarár í punktinn (J), eftir farveginum í punktinn (K), þaðan ofanvert við Skeley og Selhöfða í punktinn (R) framan við Litlahraunsnes, svo í punktinn (D) og eftir sáttalínunni yfir Fitjarnar í punktinn (E), úr punktinum (X) við Viðarhólma, sem er í sameign, og framan við Melabakka í punktinn (Y) og þaðan mitt á milli Toppa og skers, sem teiknað er á uppdráttinn.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Haralds Henryssonar hæstaréttardómara og Arnljóts Björnssonar prófessors.

Við úrlausn máls þessa þykir verða að leggja til grundvallar landamerkjaskrár um Litlahraun og Stórahraun. Er hin fyrri dagsett 17. júní 1884, en hin síðari ódagsett, en eins og getið er í héraðsdómi, mun hún rituð einhvern tíma á árunum 1886-1892. Báðar þessar skrár eru af hálfu Litlahrauns samþykktar af sama manni, Jónasi Guðmundssyni. Merkjaskrá Litlahrauns er af hálfu Stórahrauns samþykkt af ábúanda þar, Birni Gottskálkssyni, en skrá Stórahrauns er af hálfu þeirrar jarðar undirrituð af Jóni Jónssyni, umboðsmanni Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Málsaðilar deila um, hvernig skýra beri landamerkjaskrár þessar. Einnig er deilt um legu svonefndra Þrísteina (Tvísteina) og Þrísteinaáls (Tvísteinaáls).

Landamerkjaskrá Litlahrauns er í þeim atriðum, sem hér skipta máli, nær samhljóða lögfestu fyrir Litlahraun frá árinu 1698, en jörðin hét þá Setahraun. Að einu leyti ber orðalagi ekki saman. Í lögfestunni segir: „Efter midium Tvisteinaál framan ad og upp í Stackhollts Stein ...“, en í landamerkjaskránni er þetta orðað svo: „úr miðjum Tvísteinaál upp í Stakksholtsstein ...“.

Landamerkjaskrár, sem hér um ræðir, falla ekki alveg saman, og er merkjaskrá Stórahrauns fyllri. Svo sem fram kemur í héraðsdómi, segir svo í landamerkjaskrá Stórahrauns:

„Litlahraunsland: Þar á milli eru merki sjónhending úr Brunagarðsklifinu í efri og neðri vörður á Foldunum, þá sjónhending úr neðri Foldavörðunni í stein í Stakkholtsvík, úr þeim steini sjónhending í Þrísteina, úr Þrísteinum eptir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál; þá ræður Haffjarðará merkjum milli Hausthúsa, Kolviðarness, Hróksholts og Akurholts í Eyjahreppi að fyrnefndri Fuglstapaþúfu.

Á fitjunum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, þaðan austur eptir ofanvert við Selhöfða.“

Telja verður ljóst, að innskotið, sem hefst á orðunum „þá ræður Haffjarðará“ og lýkur með orðunum „fyrnefndri Fuglstapaþúfu“, eigi við merki milli Stórahrauns og nánar greindra jarða vestan

Haffjarðarár, en að öðru leyti sé verið að lýsa merkjum milli Stóra- og Litlahrauns.

Uppdráttur á héraðsdómsskjali nr. 74 sýnir legu tveggja ála í víkinni milli Stórahraunsness annars vegar og Litlahraunsness og Fitja hins vegar. Er ekki leitt í ljós, að lega ála þessara hafi breyst verulega, frá því að landamerkjaskrárnar voru gerðar. Þegar uppdrátturinn er skoðaður, sést, að hin auðkenndu orð í landamerkjaskránni fá ekki samrýmst skilningi, sem fram kemur af hálfu áfrýjenda um legu Þrísteina og Þrísteinaáls. Fyrrgreint orðalag lögfestunnar mælir og gegn þeim skilningi, þar sem í henni segir, að mörkin séu eftir miðjum Tvísteinaál (Þrísteinaál) upp í Stakkholtsstein. Er hæpið, að það eigi við ál þann, sem áfrýjendur telja vera Þrísteinaál. Ekki þykir fært að ganga gegn berum orðum landamerkjaskrár Stórahrauns og taka til greina kröfu áfrýjenda um, að landamerkjalína skuli dregin frá Stakkholtssteini um beina línu í steina (C) við Litlahraunsnes og þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D).

Lína sú, sem samkvæmt héraðsdómi og orðalagi landamerkjaskrár Stórahrauns skal dregin frá Stakkholtssteini (B) í Þrísteina (Tvísteina) (I), snertir Stórahraunsnes á einum stað, en ekki er deilt um, að allt nesið er í Stórahraunslandi.

Ummæli í örnefnaskrám veita ekki glögga vísbendingu um eignarrétt að Skeley og gefa ekki tilefni til að víkja frá niðurstöðu héraðsdóms um merkjalínu frá Toppum í austur og ofan við Selhöfða, sbr. það, sem greinir um það efni í landamerkjaskrá Stórahrauns.

Um eignarrétt að Gömlueyri verður ekki dæmt í máli þessu að öðru leyti en því, sem við kemur skerjaröðinni Toppum.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Dómur aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 25. janúar 1991.

Dóminn skipuðu Jón Magnússon sýslumaður ásamt meðdómsmönnunum Vilhjálmi Árnasyni hrl. og Þorvaldi Lúðvíkssyni hrl.

Sóknaraðilar eru Haukur Sveinbjörnsson, kt. 060232-3349, bóndi, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, eigandi 2/3 hluta Litlahrauns í Kolbeinsstaðahreppi, og dánarbú Sigurðar Benjamíns Jónssonar og Þórönnu

Guðmundsdóttur, 9400-0688, Þinghólsbraut 42, Kópavogi, eigandi að 1/3 hluta Litlahrauns.

Varnaraðilar eru nú Páll G. Jónsson, kt. 290533-4739, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason, kt. 050339-4329, Birkigrund 23, Kópavogi, eigendur Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi.

Mál þetta var þingfest í aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 17. september 1985.

Dómur gekk í máli þessu 9. júlí 1987.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 2. október 1987.

Með dómi Hæstréttar, upp kveðnum 21. júní 1989, var dómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Í forsendum hæstaréttardómsins segir m. a.:

— — —

Málið var endurupptekið 24. ágúst 1989, og að lokinni nýrri gagnaöflun var það munnlega flutt 3. okt. 1990. Hinn 5. okt. var málið endurupptekið að nýju með heimild í 120. gr. 1. nr. 85/1936, þar sem dóminum þótti nokkuð skorta á skýrleika kröfugerðar aðila, og þeim gefinn kostur á að afmarka kröfulínur nánar á uppdrætti.

Málið var flutt og dómtekið 14. desember 1990.

I.

Dómkröfur málsaðila.

Dómkröfur sóknaraðila eru nú þær, að landamerki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi verði ákveðin þannig:

„Úr Brunagarðshliði, sem er brunakantur, sem gerð hefur verið klauf í, þar sem Eldborgargata liggur, þaðan í Digruvörðu á Foldum (A), þaðan í Stakkholtsstein (B), sem er steinn á Stakkholtsvík, þaðan sjónhending í Tvísteina (Þrísteina) (I), sem eru sker í eða við álinn, sem næstur er Stórahraunsnesi sunnanverðu og kallast Tvísteinaáll (Þrísteinaáll), þaðan eftir álnum í punkt J og þaðan í punkt K í miðjum Haffjarðarárál.

Þá gerir sóknaraðili þá kröfu, að merki milli Litlahrauns og engjasvæðis Stórahrauns á Fitjum verði ákveðin þannig:

„Að austanverðu eftir línu, sem sátt hefur tekist um með málsaðilum (D-E), að sunnanverðu úr ósi austan Viðarhólma vestur framan Melbakka og eftir beinni línu frá Melabökkum vestur fyrir Toppa (T), að vestan- og norðanverðu af línu vestan Toppa og norður fyrir þá (U) og þaðan með beinni línu ofanvert við Selhöfða í merkjalækinn, sem rennur frá Fitjum (V), og þaðan með beinni línu í mynni merkjalækjarins norður úr Fitjum (D)". Bókstafir og skýringar í svigum vísa til uppdráttar Skúla Jóhannssonar verkfræðings á dskj. nr. 74, og eru dómkröfur sóknaraðila í samræmi

við þær línur, sem þar eru dregnar. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur varnaraðila eru þessar:

„Að merkjalínan milli jarðanna Stórahrauns og Litlahrauns verði ákveðin þannig á deilusvæðinu: Frá Stakkholtssteini (B), um beina lína í miðja Þrísteina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E)".

Þá er gerð krafa um málskostnað in solidum úr hendi sóknaraðila samkvæmt mati dómsins. Með bókstöfum í kröfugerðinni er vísað til sama uppdráttar, dómskj. nr. 74, sem til var vísað í kröfugerð sóknaraðila.

II.

Málsástæður aðila.

Málsástæður sóknaraðila. Sóknaraðilar telja, að merkjalýsingar beggja jarðanna, þ. e. Litlahrauns og Stórahrauns, staðfesti ótvírætt, að Litlahraun eigi land að Haffjarðará frá þeim stað, er svonefndur Tvísteinsáll (Þrísteinsáll) fellur í Haffjarðará á móts við Stórahraunseyjar og allt til sjávar. Land það á svonefndum Fitjum, sem tilheyrir Stórahrauni, telja sóknaraðilar ekki liggja að Haffjarðará, eins og ljóslega komi fram í merkjalýsingu Stórahrauns, en umrætt svæði muni vera gamalt slægjuítak, er áður muni hafa tilheyrt gamalli byggð á Vigdísarstöðum. Sóknaraðilar telja slægjuland þetta vera afmarkað svæði í landi Litlahrauns, er ekki snerti merki jarðanna að öðru leyti. Þá benda sóknaraðilar á, að í raun sé viðurkennt af eiganda Stórahrauns, að jörðin Litlahraun eigi land að Haffjarðará. Þetta komi fram í því, að þeir hafi athugasemdalaust og raunar með samþykki eiganda Stórahrauns meðal annarra verið aðilar að mati um takmörk fiskhverfis Haffjarðarár, sem samkomulag varð um með hagsmunaaðilum að óska eftir. Þá byggja sóknaraðilar á matsgjörð um ósasvæði Haffjarðarár 28. desember 1977, en með henni sé staðfest, að áll sá, er rennur fyrir landi Litlahrauns, sé hluti Haffjarðarár og ós árinnar gegnt svonefndu Barnaskeri.

Málsástæður varnaraðila eru þær, að á landamerkjabréfi Litlahrauns sé landamerkjalínan gagnvart Stórahrauni dregin „úr miðjum Tvísteinaál (Þrísteinaál) upp í Stakkholtsstein, sem stendur í bakka fyrir ofan Stakkholt". Síðar í bréfinu sé sagt, að í Fitjunum ráði lækurinn. Með hliðsjón af öðrum gögnum málsins sé alveg ljóst, að hér sé um að ræða merkjalínu niðri á Melabökkum, sem liggi nokkurn veginn eins og dregið sé inn á kortið, sem fylgi dómskj. nr. 13. Þetta kort sé auðvitað ónákvæmt, en sýni þó legu merkjalínunnar á þessu svæði.

Á kortinu sé línan dregin áfram til vesturs meðfram Melabökkum

nokkurn veginn í stefnu á Barnasker. Sá hluti línunnar komi ekkert við landamerkjum Litlahrauns, enda eigi jörðin ekkert land á Gömlueyri né upp og suður af henni, eins og skýrum orðum sé kveðið á um síðar í landamerkjabréfi jarðarinnar. Þessi skilningur á merkjum jarðarinnar hafi stoð í öðrum málsgögnum. Svo sé að sjá sem eigendur Litlahrauns telji landamerkjalýsingu Stórahrauns á dómskj. nr. 6 mæla með þeim skilningi sínum, að þeir eigi land að ósum Haffjarðarár. Þetta stafi af misskilningi, sem sennilega komi til af því, að lýsing merkjanna þarna sé villandi við fyrstu sýn. Ljóst sé, að merkjalýsing í Stórahraunsbréfinu falli a. m. k. að mestu leyti saman við lýsinguna í Litlahraunsbréfinu suður að Þrísteinum. Hins vegar sé línunni lýst þaðan eftir álnum (Þrísteinaál) í átt til Haffjarðarár (til vesturs) og svo til baka til norðurs til Fuglstapaþúfu. Það sé alveg ljóst, að hér sé ekki verið að lýsa neinum merkjum milli Stórahrauns og Litlahrauns, enda hlyti Litlahraun þá að eiga víðáttumikil lönd í Eyjahreppi vestan Haffjarðarár. Það komi reyndar fram í orðalagi bréfsins sjálfs, að þarna sé lýst merkjum milli Stórahrauns og allt annarra jarða. Til þess að átta sig á þeirri lýsingu í bréfinu, að línan sé dregin úr Þrísteinum eftir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál, sé nauðsynlegt að líta til þess, sem síðar segir í bréfinu, að á Fitjunum ráði lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr. Þetta sé lækur, sem falli í Þrísteinaál rétt við Þrísteina. Þessari línu sé síðan lýst áfram „vestur fyrir Toppa, þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða". Hér séu með öðrum orðum dregin merki allt umhverfis landsvæði sunnan Þrísteinaáls, sem afmarkist af lænum á Fitjunum allt fram fyrir Melabakka, síðan til vesturs vestur fyrir Toppa og svo aftur til austurs ofan við Selhöfða. Engin önnur skýring sé á þessu en sú, að hér sé lýst merkjum fyrir landi, sem fylgdi gamalli byggð í Selhöfða, Vigdísarstöðum, er síðar féll til Stórahrauns. Að þessum merkjum eigi Litlahraun sýnilega hvergi land nema að læknum á Fitjunum. Komi þetta þá vel heim við landamerkjabréf Litlahraunsjarðarinnar sjálfrar.

V.

Málsatvik.

Sumarið 1984 gerðu eigendur jarðarinnar Litlahrauns leigusamning við Halldór Júlíusson, Hliðsnesi, Álftanesi, og Gunnar Sveinbjörnsson, Norðurvangi 27, Hafnarfirði, um veiðirétt í Haffjarðará fyrir landi Litlahrauns. Eigendur að mestum hluta Haffjarðarár mótmæltu samningi þessum og fengu lagt lögbann við veiðiskap leigutaka samkvæmt samningum. Í staðfestingarmáli, sem höfðað var með dómstefnu, út gefinni 8. ágúst 1984, kom fram, að ágreiningur er um landamerki jarðanna Stórahrauns og Litlahrauns, þar sem stefnendur halda því fram, að Litlahraun eigi ekki

land að Haffjarðará, og styðja það því, að landamerki jarðanna liggi allmiklu austar og lengra til suðurs en eigendur Litlahrauns halda fram. Til þess að fá úrlausn um merki jarðanna var höfðuð gagnsök í áðurgreindu staðfestingarmáli, en þar eð aðilar að því máli eru fleiri en eigendur jarðanna, bæði að því er varðar sóknar- og varnaraðild, og kröfur og málsástæður uppi í því máli, er varða eitthvað annað en merki jarðanna, þótti horfa til skýrleika að reka sjálfstætt mál um ágreining þann, er uppi er um merkin. Því var fallið frá kröfu um úrlausn um hann í gagnsök staðfestingarmálsins, en sjálfstætt mál höfðað til úrlausnar á merkjaágreiningi aðila.

VI.

Landamerki.

Verður nú getið landamerkjabréfa, er greina merki á deilusvæðinu. Samkvæmt landamerkjaskrá fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu eru landamerki Litlahraun þessi, sbr. dómskj. nr. 6:

1. Móti Stórahrauni: Úr miðjum Tvísteinaál upp í Stakkholtsstein, sem stendur í bakka fyrir ofan Stakkholt, úr þeim steini upp í Digruvörðu á Foldunum, sem einstök er, og neðst, úr þeirri vörðu í aðrar tvær efri vörður, úr þeim tvívörðum í lítið vörðukorn þar ofar í Foldunum, þaðan í Brunagarðsnefið, sem er við Eldborgargötu, en í Fitjunum ræður lækurinn.

2. Móti Snorrastöðum:.....

3. Landamerki fyrir rekanum eru: allur reki fyrir Stórahraunslandi austur að Gömlueyri, kallaður Vigdísarstaðareki, hálfur reki frá Viðarhólma og í ál þann, sem liggur í sjó fram um fjörur milli Gömlueyrar og Broteyrarodda og kallast Kaldárós, móts við Kolbeinsstaðakirkju.

4. Hítardalskirkja á einsömul allt vogrek á Gömlueyri og í Vigdísarstaðareka, allar fjörur og eyrar upp og suður af Gömlueyri að Kaldárósi og í Æðarklett.

Staðarhrauni, 17. júní 1884.

Jónas Guðmundsson.

Ofanskrifuð landamerki fyrir Hítardalskirkjujörðinni Litlahrauni í Kolbeinsstaðahreppi samþykkja:

Guðríður Þórðardóttir (fyrir Snorrastaði),

Björn Gottskálksson (ábúandi á Stórahrauni),

Þorbergur Fjeldsted (eigandi Jörva),

Sigurður Jónsson (mandatarius eiganda Kolbeinsstaðakirkju).

Landamerki fyrir umboðsjörðinni Stórahrauni í Kolbeinsstaðahreppi.

Að Stórahraunslandi liggja eftirfylgjandi lönd (dómskj. nr. 6):

1. Kolbeinsstaðaland: Þar ræður merkjum sjónhending úr Fuglastapaþúfu austan og ofan til við neðri Sauðhamar hjá Haffjarðará, yfir efri Bænhúsás í stóra vörðu á vatnsæðum.

2. Haukatunguland: .....

3. Litlahraunsland: Þar á milli eru merki sjónhending úr Brunagarðsklifinu í efri og neðri vörður á Foldunum, þá sjónhending úr neðri Foldavörðunni í stein í Stakkholtsvík, úr þeim steini sjónhending í Þrísteina, úr Þrísteinum eftir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál; þá ræður Haffjarðará merkjum milli Hausthúsa, Kolviðarness, Hróksholts og Akurholts í Eyjahreppi að fyrrnefndri Fuglstapaþúfu.

Á Fitjunum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa og þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða.

Merki þessi samþykkja undirritaðir:

Jónas Guðmundsson, landsdrottinn fyrir Litlahrauni,

S. Brandsson, í umboði eiganda fyrir Kolbeinsstaði,

Eggert Eggertsson, í umboði eiganda fyrir Haukatungu,

Jón Jónsson, umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Lögfesta fyrir Setahraune anno 1698
(dómskj. nr. 10).

.....á millum Stórahrauns og Setahrauns. Efter midium Tvísteinaál framan ad og upp í Stackhollts Stein, sem stendur í backa fyrir ofan Stackhollt, úr þeim steini upp í Digruvörduna a foldunum sem er einstök og er nedst (frá) þeirri vördu í adrar tvær efri vördur, úr þeim Tvívördum í lítid vördukorn þar ofar á foldunum, þadan og í brunagardsnesid sem er við Stórahrauns- edur Eldborgargötu. En á fitiunum rædur lækurinn. .....

Landamerki
fyrir reka Staðarhraunskirkju (dómskj. nr. 6).

1. Staðarhraunskirkja á reka allan fyrir Stórahraunslandi austur að Gömlueyri. Er það nefndur Vigdísarstaðareki.

2. Hún á hálfan reka á Gömlueyri móti Kolbeinsstaðakirkju, frá Viðarhólma og í ál þann, er Kaldarós kallast og liggur í sjó fram um fjöru milli Gömlueyrar og Broteyrarodda.

3. Merki milli Vigdísarstaðareka og Gömlueyrarreka eru ákveðin þessi: Bein lína úr skipsstefni á söndunum fram undir fjörumáli og í Viðarhólma, en hann er óskipt sameign.

4. Staðarhraunskirkja á ein allt vogrek á Gömlueyri og á Vigdísarstaðareka, einnig allar fjörur og eyrar upp og suður af Gömlueyri að Kaldárósi og Æðarkletti.

Staðarhrauni, 30. ágúst 1922.
Stefán Jónsson.

Framanskrifuð landamerki fyrir reka Staðarhraunskirkju samþykkja undirritaðir.

Árni Þórarinsson (f.h. Stórahrauns), Einar Friðgeirsson, eigandi að hálfum skiptirekanum á Gömlueyri.

VII.

Örnefnalýsingar o. fl.

Verður nú getið efnis ýmissa málskjala, sem varðað getur úrlausn málsins.

Úr matsgerð Sigurjóns Rists og Gests Kristjánssonar um ósasvæði Haffjarðarár (dómskj. nr. 4).

Núpá fellur að vestan í Haffjarðará gegnt Stórahraunsnesi. Skammt þar neðar greinist Haffjarðará aftur og þá um Stórahraunseyjar. Áin fellur nú í tveimur kvíslum. Aðalállinn er austan eyja, smávatn er milli eyja og lítil læna vestan eyja. Skammt neðan eyjanna sameinast kvíslarnar í einn farveg, og þannig fellur Haffjarðará í einum farvegi til sjávar á milli Barnaskerja að vestan og skerjaraðarinnar Toppa að austan. Kristján (Arilíusson) taldi Toppana þrjá, þ. e. a. s. þrjú hæstu skerin. Á þeim skerjum vottaði fyrir grasþúfum. Skerjaröðin heldur áfram til sjávar. Á móti Barnaskeri, þar sem það er hæst, er allhátt sker..... Á milli hápunkts Barnaskers að vestan og nefnds skers að austan..... hverfur straumur Haffjarðarár í sjó um stórstraumslágflæði. Þar er því ós Haffjarðarár í sjó.

Örnefnaskrá Litlahrauns. Skráð hefur Kristján Jónsson, Snorrastöðum, eftir upplýsingum Elísabetar Þórðardóttur frá Litlahrauni (dómskj. nr. 8):

.....

Æðarklettur er alllangt sunnar með Saltnesál. Í hann liggja merki þriggja landa: Snorrastaða, Jörva og Litlahrauns. Á norðvesturodda Gömlueyrar eru sandorpin sker og nokkrir melgrasbrúskar á. Heita þeir Toppar .... Merkjaskurður skilur að Litlahraunsfitjar og fitjaland, sem tilheyrir Stórahrauni. Er hann þó víða óljós. Hlykkur er á skurðinum, kallaður Merkjakrókur. Þar ofan við eru Miðfitjar. Stelpuskurður liggur hjá Mjóahrauni í Merkjaskurð út undir Sandvaði. Er þar farið yfir Merkjaskurðinn, sem er annars víðast ófær af bleytu. Stelpusteinn er út undir víkinni og Stelpusteinsbakkar þar niður af..... Þrísteinaáll er úti á Stórahraunsvíkinni, og eru þar merki milli jarðanna. Þar í rennur állinn, sem kemur úr merkjaskurðinum á fitjunum. Þrísker eru á víkinni rétt heiman álinn.

Stakkholt er hátt holt út undir Stórahraunsvíkinni innst, og Stakkholtssteinn þar fyrir framan merkjasteinn - ..... Þá er Brunagarðshlið, þar sem Eldborgargata skerst gegnum brunagarð allmikinn, sem liggur frá suðaustri til útnorðurs milli tveggja aðalbrunasvæða. .....

Gamlaeyri liggur hér þvert fyrir framan. Er hún sandrif mikið með Kaldárós að suðaustan, en Haffjarðarárós að norðvestan. Innan eyrar er útfiri geysimikið, svo að þar eru ekki nema mjóir álar um fjöru. Er þetta suðaustasti hluti Löngufjara. Eiginlega tilheyrir Gamlaeyri ekki neinu landi. Þó vilja sumir telja, að Litlahraunsmerki hafi náð bæði utan og sunnan fram fyrir eyri og hún sé því algjörlega þar í landi, og raunar hafa landsnytjar helst verið taldar heyra undir þá jörð. Er því hið eina örnefni á eyrinni, Topparnir, talið með Litlahraunsörnefnum. Hefur þó stundum verið deila um landsgagn þetta, sem er selalagnir við eyraroddana. Hefur Jörvi álitið sig eiga lögn við suðuroddann, en Stórahraun við Toppana. Þessi hlunnindi eru ekki nytjuð þar lengur og því allar deilur niður fallnar.

Reki er nokkur á Gömlueyri, og hefur hann verið kirkjueign þar til fyrir skömmu, að eigendur Litlahrauns keyptu hann undir jörðina. Hér liggur beint við að skrá nokkur örnefni á dálitlu fitjasvæði, sem tilheyrir Stórahrauni. Er það nefnt Stórahraunsfitjar. Fyrst er þá að nefna Viðarhólma ..... Út frá Viðarhólma eru grónar sandsléttur. Heitir það land Melabakkar. Er það svo kallað allan krókinn upp undir Merkjaskurð, þ. e. a. s. við sjóinn,

Uppi á víkinni er Selhöfði og Skeley rétt hjá. Selhöfði er hár hólmi, en Skeley aðeins svolítil flaga.

Þetta land, sem nú liggur undir Stórahrauni, mun hafa verið ábýli fyrr á öldum og heitið Vigdísarstaðir. Sagt er, að bærinn hafi verið í Selhöfðanum, enda eru þar rústir nokkrar, sem sjór hefur þó brotið af. Hefur höfðinn þá að sjálfsögðu verið samgróinn fitjunum, og landið yfirleitt miklum mun stærra. Þetta býli mun hafa átt a. m. k. reka á hálfri Gömlueyri, og er víst í máldögum skráð, að síðasti eigandinn ..... hafi gefið bænhúsi á Stórahrauni graslendið, en Hítardalskirkju rekann á eyrinni. En bænhúsið átti þann við, sem á gras kom. Er þessi kerlingargjöf til kirkjunnar kölluð Vigdísarstaðareki. Hefur Hítardalskirkja sennilega þá þegar átt rekann á suðausturhluta eyrarinnar, þ. e. a. s. ásamt Kolbeinsstaðakirkju, sem átti þar hálfan reka af sívölum trjám. — Þegar Hítardalskirkja var lögð niður, varð Staðarhraunskirkja arftaki eignanna, og af henni keyptu eigendur Litlahrauns rekann.

Úr örnefnaskrá Stórahrauns. Skráð hefur Kristján Jónsson, Snorrastöðum, eftir upplýsingum Magnúsar Kristjánssonar, bónda á Stórahrauni (dómskjal. nr. 29).

Stórahraunsland liggur að sjó, og gengur nes alllangt niður úr því norðvestanverðu. Heitir það Stórahraunsnes. Að suðaustan er Stórahraunsvík, en norðvestan Haffjarðará og leirur út frá henni.

Framan við nesið eru eyjar tvær, aflangar. Heita þær Stórahraunseyjar ..... Meloddi skagar suðaustur á Stórahraunsvíkina, og heitir hann Mela-

nes, og þar suður á víkinni er Þrísteinaáll. Eru þar merki milli Stórahrauns og Litlahrauns..... Brunagarðshlið er þar, sem Eldborgargata sker brunagarðinn, svo sem getið er í Litlahraunsörnefnum. En Eldborgargata liggur norðan við Eldborg og niður hraunið ofan að Stórahrauni. Foldir eru sunnan Eldborgargötu góðan spöl neðan Brunagarðshliðs, og er nokkur hluti þeirra á Litlahraunslandi..... Vatn sytrar undan hrauninu þarna sunnan Eldborgargötu neðst, og heitir þar Uppsprettur. Uppsprettur þessar mynda læki, sem renna fram á Stórahraunsvíkina. Heitir sá, sem er nær Stórahraunstúni, Tálmi, en Slarkalækur hinn syðri..... Að síðustu heitir Lækjarós, þar sem lækirnir koma saman og renna út á Stórahraunsvíkina .....

Örnefni í Stórahraunslandi.

Skráð af Lúðvík Kristjánssyni 1937 eftir sr. Árna Þórarinssyni og Þórarni Árnasyni (dómskj. nr. 30).

.....

Upp af Leynifit er Leirgrófarhamar og ofar er Fjárhúsás, en ofar og austar er Laufás. Ofar með ánni er Sauðhamar, og þar eru merki á milli Stórahrauns og Kolbeinsstaða. Austnorður frá Laufási eru Illutjarnir (2 smátjarnir) og Digravarða. Þar niður og austur af er Stóravarða. Fyrir neðan hana eru Vatnsæðar, og enn austar er Brunagarðshlið efra við Eldborgargötu. Fyrir neðan hliðið eru hellur, dældir og brekkur, nefndar Foldir.

Milli Garða og Stórahrauns eru merkin í Brunagarðshlið. Fyrir neðan Foldir er Króksbotn. Neðan við hann í útsuður eru Kúalágar og enn neðar Hraunsnef, og endar þar Eldborgarhraun í Stórahraunslandi. Merkin eru úr þessu nefi í stein á Stakkholtsvíkurbakka. ..... Milli Stóra- og Litlahrauns renna tveir lækir, Tálmalækur og Slarkalækur. ..... Neðan við Litlahraun eru engjar, nefndar Fitjar, þar er merkjaskurður milli Litla- og Stórahrauns fyrir norðan Selhöfðann yfir þverar Fitjarnar suður í fjöru fyrir norðan Viðarhólma. Í Selhöfðahólma stóðu Vigdísarstaðir. Vestur af Viðarhólma eru Melabakkar og vestur af þeim Toppar rétt hjá Gömlueyri við Haffjarðará. Norður af Toppum er Skeley.

Úr sýslu- og sóknarlýsingum, skráðum árið 1841 af séra Vernharði Þorkelssyni (dómskj. nr. 9).

Litlahraun.

..... Klettur þessi (Æðarklettur) liggur á landamerkjum þriggja jarða, Snorrastaða, Jörva og Litlahrauns. ..... Undir Litlahraun liggur líka Skeley fyrir utan Básahraun, arðlaus og fer í kaf um stærstu strauma, hefur aldrei verið grasi sprottin. Í Hafursfjarðarósi liggja Flókaflögur, er taka

nafn af því, að áður fengu menn þar smásprökur. Þær koma mjög sjaldan upp. ..... Milli Kaldáróss og Haffjarðaráróss gengur skagi inn í landið frá útnorðri til suðurs, er liggur undir jörð þessa, kallaður Gamlaeyri. Halda menn hún hafi áður verið grasi vaxin ósa á milli og klettalaus. Hún er umflotin hvörn stórstraum, en á útnorðurenda hennar er sker, sem aldrei fellur yfir. Í norður frá skerinu eru meltoppar, sem aldrei fellur yfir. Þeir eru nú því nær af farnir. Með eyrinni að vestanverðu er rekapláts tilheyrandi Hítardalskirkju. .....

Stórahraun.

..... heyskapur er hér mikill, en langsóttur og erfiður á meginlandi, ofan fyrir Litlahraun, hvar sæta verður sjó upp í Stórahraunsnes, en nesið liggur millum víkur þeirrar, er nefnist Tvísteinaáll, og Haffjarðarár. ..... Vigdísarstaðareka fyrir Stórahraunslandi í vestur-útsuður frá Tvísteinaál á Hítardalskirkja ..... 2 hjáleigur hafa legið hér undir að fornu, önnur í túninu, hin upp með Haffjarðará, þar sem kallaðir voru Vigdísarstaðir.

Úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (dómskj. nr. 27).

Hítardalur: Reka allan hálfan á staðurinn á Gömlueyri móts við Kolbeinsstaðakirkju, átölulaust um langan aldur. Hefur áður góður verið, en brugðist í nokkur ár. Þetta örnefni, Gamlaeyri, liggur millum Kaldáróss og Haffjarðaráróss. Enn eigna kirkjunnar máldagar staðnum allan reka á Vigdísarstöðum. Það örnefni liggur í Stórahraunslandi í Kolbeinsstaðahreppi, og hafa nú Stórahraunsmenn þar alloft stekk og slægjur. (Menn eru í efa, hvort á þeim fornu Vigdísarstöðum hafi áður byggð verið, þó nafnið láti til þess líklega, en hafi þar byggð verið nokkurn tíma, þá hefur Stórahraunsmönnum gleymst það að undirrétta og það líkast vegna ókunnugleika.) Þessa reka nýtur staðurinn enn í dag átölulaust.

.....

Laxveiði að helmingi í Haffjarðará eignar staðurinn sér eftir máldögum. Það hefur í mörg ár ekki brúkast, er og örðugt og langt til að sækja.

Úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (dómskj. nr. 28).

Litlahraun, að fornu kallað Setahraun.

.....

Selveiðivon góð hefur verið, þykir fara til rýrðar, brúkast þó. Rekavon góð á Gömlueyri, sem liggur fyrir Stórahrauns, Snorrastaða og þessarar jarðar landi, og á Hítardalur hálfan reka, og vaktar ábúandi hann so og sem annar leiguliði og hefur það af rekanum hér fyrir, sem lög fyrir skilja.

Skelfiskafjara lítil brugðist í margt ár.

Heimræði má hér varla telja, þó hafa menn bragðað um hásumar að

fleyta hér skipi með stórflæðum til fiskifengjar, þykir erfitt mjög, brúkast sjaldan.

Stórahraun.

.....

Silungsveiði má vera í Haffjarðará, hefur ekki brúkast í manna minni. Eggver af smáfugli lítið og varla teljandi í Stórahraunseyjum, ekkert þetta ár.

Selveiðivon við sömu eyjar, og þarf á skipi til að sækja, er að nokkru gagni, þá vel er aðsókt.

Rekavon ekki önnur en sú, sem skola kann inn Hraunsós, heppnast sjaldan. Heimræði um hásumar út supra á Litlahrauni.

Úr fornbréfasafni Íslands (DI).

Máldagar Hítardalskirkju 1354, 1397, 1470, 1574 og síðar (dómskj. nr. 32).

1354, Hijtardalur.

Allra heilagra kyrkja j Hitardal a heimalannd allt med gögnnum og giædum. ....Reka ä gomlu eyre..... laxveidi ad helmijnngi j hafsfiardara.

1397, CCXIII, Hitärdalur.

Allra heilagra kyrkja j Hitardal a heimalannd allt með gögnnum og giædum. ....Reka á gomlu eyre..... laxveidi ad heilmijnngi j hafsfiardara. ad helmingi i Hafsfiardara.

1470, Hitardalur.

Allra heilagra kirkia j hitardal a heimalannd allt med gögnum oc giædum. .... reka halfann ä gömlu eyre..... laxveide ad helmijnnge j hafzfiardarä.....

1574, CVIII, Hijtardalur.

Allra heilagra kirkja i Hijtärdal ä heimaland alltt. Reka hälffann ä Gömlueyre..... Laxveide ad helminge í Haffiardarä. Jtem allann reka ä Vigdijsarstödum.

Enn um örnefni.
Tvísteinar - Þrísteinar,
Tvísteinaáll - Þrísteinaáll.

Aðalheimildir um landamerki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns eru landamerkjalýsingar á dómskj. nr. 6, eins og fyrr segir.

Í byrjun landamerkjalýsingar í kafla merktum A, 1. tölulið, segir: „Úr miðjum Tvísteinaál o. s. frv. “.

Í kafla, þar sem lýst er landamerkjum fyrir umboðsjörðinni Stórahrauni í 3. tölulið um Litlahraunsland; þar segir m. a.: „..... „úr þeim steini sjón-

hending í Þrísteina, úr Þrísteinum eftir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál o. s. frv.".

Á dómskj. nr. 8 (Örnefnaskrá) er á bls. 4 talað um Þrísteinaál sem landamerki.

Á dómskj. nr. 9 (Sýslu- og sóknarlýsingu), bls. 33, er minnst á Tvísteinaál.

Í dómskj. nr. 10 (Lögfesta) á bls. 1 er talað um Tvísteinaál.

Á dómskj. nr. 29 (Örnefnaskrá) er neðst á bls. 1 talað um Þríateinaál.

Af þessu má ljóst vera, að mismunandi heiti á steinum þessum (eða álum) er notað til skiptis og skýrir ekki hugsanleg vafaatriði í þessu sambandi, s. s. það, hvar eru Tvísteinar og Þrísteinar og samnefndur áll notað sem merki milli jarðanna.

Ekki er ágreiningur í þessu máli um örnefnin Fitjar, Melabakka, Toppa eða Selhöfða né önnur örnefni að undanskildum Þrísteinum (Tvísteinum) (Þrísteinaál - Tvísteinaál), en um staðsetningu þeirra er deilt, en ekki nafnnotkun, sem er ýmist Þrísteinar eða Tvísteinar.

VIII.

Vottorð-vitnisburðir.

Magnús og Sigfús Kristjánssynir hafa gefið sameiginlega yfirlýsingu, dagsetta á Akranesi 18. júlí 1984. Þeir féllu báðir svo frá að hafa ekki staðfest yfirlýsingu sína fyrir dómi.

Yfirlýsing Magnúsar og Sigfúsar Kristjánssona (dómskj. nr. 14).

Við bjuggum á Stórahrauni í Kolbeinsstaðahreppi frá 1945-1958. Um land og landamerki jarðarinnar er okkur ljúft að votta þessi atriði:

1. Fitjarnar suðvestan við Litlahraun:
   Þær tilheyrðu Stórahrauni að læknum.
2. Toppar (endi Gömlueyrar):
   Að minnsta kosti nyrsti toppurinn tilheyrir Stórahrauni.
3. Þrísteinar eru þrír lágir steinar í svokölluðum Þrísteinaál skammt frá Selhöfða. Þrísteinaáll kemur upp á milli Litlahraunsness og Selhöfða í Krókavík á Litlahraunsnesi og rennur í Haffjarðarárál norðan Toppa og sunnan Stórahraunseyja.

Yfirlýsing Þórarins Árnasonar, dags. 24. júlí 1984 (dómskj. nr. 15).

(Fluttist að Stórahrauni með föður sínum 9 ára gamall 1907 og bjó þar óslitið til 1945. Rak sjálfur búskap þar í 26 ár, þar til hann fluttist burtu 1945).

Um landamerki og land Stórahrauns staðfesti ég og votta eftirfarandi atriði:

1. Fitjarnar suðvestan Litlahrauns tilheyrðu Stórahraunslandi að læknum, sem náði nánast þvert yfir Fitjarnar, og norður frá Fitjunum í Þrísteinaál.
2. Selhöfði var innan Stórahraunslands.
3. Topparnir tilheyrðu allir Stórahrauni, sem átti allar selalagnir þar. Faðir minn, sem bjó á Stórahrauni á undan mér, leyfði stundum bóndanum á Litlahrauni að leggja selalagnir við Toppana. Ég minnist þess ekki, að nokkru sinni hafi komið upp vafi um, að allir Topparnir tilheyrðu Stórahrauni.
4. Ekki var vitað til þess, að Litlahraun ætti neinar selalagnir nema e. t. v. við Eskigrasey, sem þó var ágreiningur um við Snorrastaðaeigendur. Aldrei var um að ræða veiðar á laxi frá Litlahrauni.
5. Þrísteinar eru þrír steinar í svokölluðum Þrísteinaál skammt frá Selhöfða og Litlahraunsnesi. Ef staðið er fremst á Litlahraunsnesi og horft til nyrsta Toppsins, eru Þrísteinar dálítið til hægri handar, en Selhöfði lítið eitt til vinstri handar. Þrísteinar eru mjög skammt frá Litlahraunsnesi, langtum nær en Selhöfði. Þrísteinaáll liggur til vesturs og er allur í Stórahraunslandi.
6. Allt svæðið norðan Fitjanna og Toppanna norður að Stórahraunsnesi er Stórahraunsland.

Þórarinn staðfesti yfirlýsinguna fyrir dómi 10. desember 1984.

Yfirlýsing Einars Árnasonar, dags. 5. júlí 1984 (dómskj. nr. 16).

Ég bjó á Stórahrauni í Kolbeinsstaðahreppi, frá því að ég fæddist árið 1913 og fram til 1928, einnig einn vetur um þremur árum síðar. Mér er ljúft að votta þessi atriði um landamerki og land Stórahrauns:

a) Svokallaðar Fitjar suðvestan við Litlahraun tilheyrðu Stórahraunslandi. Þó átti Litlahraun svolitla ræmu meðfram hraunkantinum.
b) Topparnir tilheyrðu Stórahrauni, sem átti allar selalagnir þar. Þó leyfði faðir minn, sem bjó á Stórahrauni, bóndanum á Litlahrauni oft að leggja selalagnir við Toppana.
c) Ekki var vitað til þess, að Litlahraun ætti neinar selalagnir, hvorki við Haffjarðarárós né annars staðar. Aldrei var um að ræða veiðar á laxi eða silungi frá Litlahrauni.

Einar staðfesti yfirlýsingu sína fyrir dómi 10. desember 1984.

Þá er vitnisburður Arilíusar B. Þórðarsonar í réttarhaldi 2. október 1986, en þar segir hann m. a.:

Mætti kveðst hafa verið ábúandi á Stórahrauni sl. 26 ár.

Hann segist kannast við örnefnið Tvísteina eða Þrísteina. Þeir séu tveir, annar í álnum sunnan við Melnesið og hinn utar í sama álnum. Mætti

segir, að Þrísteinaáll sé sunnan við Stórahraunsnes og myndist af tvennum uppsprettum. Aðrar uppspretturnar mynda Slarkalæk, sem rennur fram á víkina. Hinar uppspretturnar eru sunnar með hrauninu og rennur frá þeim upp með hrauninu, og sameinast þessir álar við Stakkholt og renna síðan saman fram með Stórahraunsnesi út í Haffjarðará. Mætti kveðst ekki kannast við neinn annan ál, sem kallist Tvísteinaáll eða Þrísteinaáll. Mætti segir, að áll renni frá læknum á Fitjunum austan við Selhöfða, og sameinist hann þar ál, sem kemur úr krókunum og rennur fyrir framan Litlahraunsnes, og sameinast þeir síðan Þrísteinaál sunnan við Stórahraunsnes, og falla þeir saman í Haffjarðará. Mætti segir, að eina breytingin, sem orðið hafi á álum þessum, frá því að hann kom að Stórahrauni, sé sú, að ís hafi stíflað Þrísteinaál fremst við Stórahraunsnesið, og þá hafi állinn breytt aðeins um farveg til suðurs. Þetta var ekki löngu eftir, að mætti kom að Stórahrauni. Þá segir mætti, að eftir tilvísun og leiðsögn Kristjáns Jónssonar á Snorrastöðum hafi hann fengið vitneskju um, hvar Þrísteinaáll var, og var það mörgum árum áður en mætti varð ábúandi á Stórahrauni. Hafði Kristján sagt honum, að það væri merki um, að hann hefði fjöru upp í Stórahraunsnes, ef hann sæi Þrísteina standa upp úr. Mætti segir, að steinn sé í fjörunni milli álanna, og geti það verið Stakkholtssteinn, en hann kveðst ekki þekkja nafn á honum. Steinn þessi er fyrir ofan og norðan Stakkholt. Að gefnu tilefni segir mætti, að mikið landbrot hafi orðið þarna og annar steinn sé nú að koma fram úr bakkanum.

Mætti segir engar nytjar vera af Gömlueyri eða Toppum og kveðst ekki vita, hver eigi réttindi þar eða land."

Í samræmi við dóm Hæstaréttar var nýrra gagna aflað, þ. á m. um Gömlueyri, jarðirnar Hausthús og Kolviðarnes í Eyjahreppi og jörðina Syðra-Skógarnes í Miklaholtshreppi.

Eins og fram kemur í þinghaldi 25. september og 3. október 1990 í þessu máli, liggur fyrir, að af hálfu áðurnefndra jarða vestan Haffjarðarár eru ekki mótmæli eða athugasemdir vegna kröfugerða í þessu máli, en landamerkjaskrár þessara jarða liggja frammi í málinu, dómskj. nr. 59, nr. 61 og dómskj. nr. 71.

Í dómi Hæstaréttar er rætt um eignarrétt að Gömlueyri og að gögn skorti um þann eignarrétt, þ. á m., að fyrirsvarsmönnum ríkisins hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um eignarréttinn.

Í tilefni þessa var ríkisvaldinu gefinn kostur á að tjá sig um eignarrétt að Gömlueyri. Á dómskj. nr. 64 fjalla fyrirsvarsmenn ríkisins um eignarrétt að Gömlueyri, en telja ekki rök til þess, að ríkisvaldið geri tilkall til Gömlueyrar. Þar segir m. a.:

„1. Með afsali 14. júní 1916 seldi ríkið jörðina Litlahraun. Í því afsali er undanskilið sölu námar og réttindi Staðarhraunskirkju til reka, en

ekkert land, sem tilheyrði jörðinni Litlahrauni, er skv. orðalagi afsalsins undanskilið sölunni. Litið er svo á, að með því að undanskilja reka í afsali 14. júní 1916 hafi einungis verið undanskilið sölu rekaafnotin, en ekki land.

Hafi Gamlaeyri og fjörurnar upp af henni á annað borð tilheyrt jörðinni Litlahrauni, er ljóst, að með framangreindu afsali hefur ríkissjóður selt það land ásamt öðru landi Litlahrauns.

2. Engum öðrum gögnum sýnist til að dreifa um eignarrétt að Gömlueyri og fjörunum, er rennt geti stoðum undir sjálfstæðan eignarrétt ríkisins að því landsvæði, óháð eignarrétti að Litlahrauni."

Í úrskurði Héraðsdóms frá 16. september 1986 eru aðilar beðnir að svara því, hvort ágreiningur sé þeirra á milli um eignarrétt á Gömlueyri ásamt Toppunum.

Lögmaður varnaraðila lét bóka í dóminum 2. október 1986 sitt álit og telur Gömlueyri hvorki tilheyra Litlahraunslandi né Stórahraunslandi, en tjáir sig ekki að öðru leyti um eignarrétt að Gömlueyri nema vestasta hluta hennar, Toppana.

Í söknarlýsingum um jörðina Litlahraun frá 1841, dómskj. nr. 9, segir svo um Gömlueyri: „Milli Kaldáróss og Haffjarðaróss gengur skagi inn í landið frá útnorðri til suðurs, er liggur undir jörð þessa, kallaður Gamlaeyri."

IX.

Álit dómsins.

Ekki verður séð af gögnum máls þessa, að skorið hafi verið úr um landamerki milli Stóra- og Litlahrauns fyrir dómstólum. Fátt hefur knúið á um slíkan úrskurð, þar sem rekaréttur (sem þarna var áður sjálfstæður) og hugsanlega selalagnir var það helsta, sem máli skipti á þessu svæði. Rekaréttur virðist hafa verið nokkuð skýr, en selalagnir leystar með samkomulagi og ekki gerðar að ágreiningsefni, sbr. dómskj. nr. 22. Það er því ekki ólíklegt, að vitneskja manna um nákvæm landamerki hafi ekki verið fyrir hendi.

Ágreiningur virðist þó hafa verið um landamerki á ósasvæðinu, sbr. dómskj. nr. 22, en vitni, sem fluttust frá Stórahrauni fyrir næstum 40 árum, staðfestu þar skýrslur sínar. Skv. dómskj. nr. 4. lengist Haffjarðará á ósasvæðinu um sem næst 9,5 km um stórstraumsfjöru.

Laxveiði eða silungsveiði í álum á ósasvæði Haffjarðarár hefur af tæknilegum ástæðum verið mjög erfið eða útilokuð fram á þessa öld, hver svo sem kann að hafa átt veiðirétt þar.

Það virðist þó ljóst, að ekki er ágreiningur í þessu máli um örnefnin Fitjar, Melabakka, Toppa eða Selhöfða né önnur örnefni að undanskildum

Þrísteinum (Tvísteinum), Þrísteinaál (Tvísteinaál), en um staðsetningu þeirra er deilt, en ekki nafnnotkun, sem er ýmist Þrísteinar eða Tvísteinar.

Aðalheimildir um landamerki Stóra- og Litlahrauns er að finna á dómskj. nr. 6. Þar segir m. a., eins og áður er rakið:

Landamerki Litlahrauns:

1. Móti Stórahrauni: Úr miðjum Tvísteinaál upp í Stakkholtsstein, sem stendur í bakka ofan Stakkholts, úr þeim steini upp í Digruvörðuna á Foldunum, sem einstök er og neðst, úr þeirri vörðu í aðrar tvær efri vörður, úr þeim tvívörðum í lítið vörðukorn þar ofar í Foldunum, þaðan í Brunagarðsnefið, sem er við Eldborgargötu, en í Fitjunum ræður lækurinn.

Landamerki Stórahrauns:

Landamerki umboðsjarðarinnar Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi. Að Stórahraunslandi liggja eftirfylgjandi lönd:

3. Litlahraunsland: Þar á milli eru merki sjónhending úr Brunagarðsklifinu í efri og neðri vörður á Foldunum, þá sjónhending úr neðri Foldavörðunni í stein í Stakkholtsvík, úr þeim steini sjónhending í Þrísteina, úr Þrísteinum eftir álnum, fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál; þá ræður Haffjarðará merkjum milli Hausthúsa, Kolviðarness, Hrossholts og Akurholts í Eyjahreppi að fyrrnefndri Fuglstapaþúfu. Á fitjunum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða.

Þessar landamerkjalýsingar eru innfærðar í landamerkjaskrá fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Landamerkjalýsing Litlahrauns er dags. 17. júní 1884, og er hún að mestu samhljóða landamerkjalýsingu í lögfestu frá árinu 1698, dómskj. nr. 10.

Landamerkjalýsingin fyrir Stórahraun er ódagsett. Sennilega er hún gerð á árunum 1886-1892, þar sem Jón Jónsson, sem undirritar landamerkjabréfið sem umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs, hafði það umboð frá 1886-1892 skv. Íslenskum æviskrám, III. bindi, bls. 205. Landamerkjabréf Stórahrauns er yngra og hefur að geyma fyllri lýsingu á landamerkjum milli jarðanna á ósasvæðinu. Landamerkjabréfum þessum er ekki mótmælt eða þau vefengd á neinn hátt í þessu máli.

Úrlausn þessa máls byggist á skýringum á þessum heimildum.

Eins og áður er getið, liggja fyrir í málinu yfirlýsingar vitna um landamerkin svo og vitnisburðir.

Í yfirlýsingu bræðranna Magnúsar og Sigfúsar Kristjánssona (dómskj. nr. 14) kemur fram, að þeir telja Þrísteina skammt frá Selhöfða og Þrísteinaál milli Litlahraunsness og Selhöfða.

Í yfirlýsingu Þórarins Árnasonar (dómskj. nr. 15) og framburði hans (dómskj. nr. 22) greinir frá Þrísteinum og Þrísteinaál skammt frá Selhöfða

og Litlahraunsnesi, og er það svipuð staðsetning Þrísteina og Þrísteinaáls og hjá þeim bræðrum, Magnúsi og Sigfúsi.

Vitnisburður Einars Árnasonar hnígur mjög í sömu átt (dómskj. nr. 22).

Í vitnisburði Arilíusar Borgfjörðs Þórðarsonar, ábúanda á Stórahrauni, kemur fram, að hann telur, að Þrísteinaáll sé sunnan við Stórahraunsnes og myndist af tveimur uppsprettum. Önnur uppsprettan myndar Slarkalæk, sem rennur fram á víkina. Hin uppsprettan er sunnan með hrauninu og rennur frá þeim upp með hrauninu, og sameinast þessir álar við Stakkholt og renna síðan fram með Stórahraunsnesi út í Haffjarðará. Ekki kannast hann við neinn annan ál, sem kallist Tvísteinaáll eða Þrísteinaáll.

Þá má geta nokkurra atriða í skjölum þessa máls, er gætu verið til skýringar.

Kristján Jónsson (dómskj. nr. 8) telur Toppa með örnefnum Litlahrauns svo og Skeley í Stórahraunsfitjum.

Lúðvík Kristjánsson (dómskj. nr. 30) telur Skeley og Toppa örnefni í Stórahraunslandi.

Í sóknarlýsingu (dómskj. nr. 9) eru Flókaflögur í Haffjarðarárósi taldar til Litlahrauns svo og Gamlaeyri.

Máldagar (dómskj. nr. 32) telja rekarétt á Gömlueyri (að hálfu) til Litlahrauns (Setahrauns), sbr. og dómskj. nr. 28, Jarðabók.

Framangreindum vitnaframburði og tilvitnunum í málskjöl ber ekki saman, svo að augljóst sé að álykta gegn beinum lýsingum á landamerkjum Stórahrauns, ekki síst ef haft er í huga landslag og vatnafar á þessum ósasvæðum. Landamerkjabréf Litlahrauns tekur ekki nema að litlu leyti til þess svæðis, sem landamerkjadeilan snerist um.

Eins og áður er getið samkvæmt landamerkjalýsingu á dómskj. nr. 6, eru álar tilgreindir sem landamerki. Einnig tilgreinir Kristján Jónsson í Örnefnaskrá fyrir Litlahraun (dómskj. nr. 8, bls. 4) Þrísteinaál sem merki milli jarðanna. Þá er í lögfestu á dómskj. nr. 10 talað um Tvísteinaál, er skipti merkjum milli jarðanna.

Ekkert bendir til þess í gögnum málsins, að um umtalsverðar breytingar á þessum álum hafi verið að ræða á síðari tímum, og verður því að láta álana skipta merkjum, þar sem það á við.

Að loknum endurteknum vettvangsgöngum og með hliðsjón af gögnum málsins er það álit dómsins, að réttur sé sá skilningur á landamerkjalýsingum, er fram kemur í kröfugerð sóknaraðila varðandi Þrísteina (Tvísteina) og álinn, sem gengur alla leið úr lækjum þeim, er upptök eiga innst við Stórahraunsvík, Tálmi og Slarkalækur, og út alla víkina, sbr. t. d. dómskj. nr. 29. Þrísteinar þeir, er varnaraðili benti á við Litlahraunsnes, sjást ekki frá Stakkholtssteini, þar sem land ber á milli.

Þrísteinaáll sá, er varnaraðili nefnir svo, gengur næstum þvert yfir Stóra-

hraunsvíkina (merking á uppdrætti á dómskj. nr. 54 í boga frá C-S, en á dómskj. nr. 74 C-I) í hinn álinn, virðist ekki eiga við sem landamerki, enda gerir varnaraðili ekki kröfur um það.

Eins og áður er getið, er ekki ágreiningur um örnefni í þessu máli utan Þrísteina (Tvísteina), og áður en sátt var gerð um merkjalínu á Fitjum, var ágreiningur um merkjalæk á Fitjum.

Varðandi svæði á Fitjunum (Vigdísarstaðaland) telur dómurinn skýr ákvæði um landamerki vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða og telur kröfur sóknaraðila í samræmi við það, en aðilar málsins sættust á merkjalínu yfir Fitjar, þ. e. beina línu milli punkta D og E á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfr., dómskj. nr. 54 og dómskj. nr. 74.

Þá er sátt milli jarðanna frá 30. ágúst 1922 um, að Viðarhólmi sé sameign þeirra, sbr. dómskj. nr. 6.

Ágreiningur er ekki um dómkröfu sóknaraðila frá Brunagarðshliði að Stakkholtssteini (B).

Í skjölum málsins er mjög minnst á Vigdísarstaði sem fornt býli, hjáleigu eða ítak. Eru það óljósar heimildir um sögu þessarar fornu byggðar, og skýra þær ekki, að hvaða jörðum landamerki Vigdísarstaða hafa legið frá Toppum austur fyrir Selhöfða. En víst er og viðurkennt, að Vigdísarstaðasvæðið tilheyrir nú Stórahrauni.

Nýr uppdráttur, dómskj. nr. 74, var lagður fram af sóknaraðila með dómkröfum hans. Uppdráttur þessi ásamt uppdrætti á dómskj. nr. 57 og uppdrætti á dómskj. nr. 54 eru allir gerðir af Skúla Jóhannssyni verkfr. eftir loftmyndum af því landsvæði, sem við kemur þessu máli. Þessir uppdrættir hafa ekki verið vefengdir, og hafa kröfulínur aðila verið dregnar á þá. Uppdrættir þessir eru allir eins að undanskildum lítils háttar frávikum í merkingu punkta.

Dómur um landamerki í þessu máli miðast við svæðið um stórstraumsfjöru, sbr. dómskj. nr. 4. Dómurinn miðast við það, að örnefnið Toppar séu þrjár hæstu þúfurnar eða skerin á því svæði, sbr. dómskj. nr. 4. Topparnir eru sýndir á uppdráttum í máli þessu, og dómurinn hefur á vettvangsgöngu séð legu þeirra.

Aðilar málsins miða dómkröfur sínar við fasta endapunkta. Sóknaraðili segir endapunkt sinnar kröfulínu vera punkt K á dómskj. nr. 74 og lýsir yfir af hálfu eigenda jarðarinnar Hausthúsa í Eyjahreppi, að þeir geri ekki athugasemd við kröfugerð sína og punktur K sé á miðjum ál Haffjarðarár, en hann er skv. uppdrætti 400 metra frá syðsta Toppi (3) og 350 metra frá nyrsta Toppi (1).

Varnaraðili gerir kröfu um endapunkt sinnar kröfulínu í punkt E á dómskj. nr. 74.

Það er álit dómsins, að staðsetning punkts K á uppdrætti, dómskj. nr. 74, sé í samræmi við landamerkjalýsingu á þessu svæði á dómskj. nr. 6. Punktur K er á mótum landamerkja Litlahrauns, Stórahrauns og Hausthúsa á ósasvæðinu.

Fram kom í málinu í þinghaldi 25. sept. 1990, að fyrirsvarsmenn jarðanna Kolviðarness í Eyjahreppi og Syðra-Skógarness í Eyjahreppi telja, að kröfugerð aðila málsins gangi ekki gegn hagsmunum þeirra.

Báðir málsaðilar lýstu yfir því fyrir dóminum, að þeir teldu austurstönd innan við ós Haffjarðarár (sbr. dómskj. nr. 4) innan landamerkja jarða umbjóðenda sinna eða tilheyra jörðunum.

Á uppdrætti, dómskj. nr. 74, er dregin lína frá stað ofanvert við Selhöfða, merkt V, að mynni lækjarins á Fitjum, merkt D. Lína þessi er upphaflega hluti af kröfulínu varnaraðila, en nú ákveðin af dóminum. Dómurinn telur þessa línu eðlilega með hliðsjón af öðrum merkjalínum umhverfis „Vigdísarstaðasvæðið".

Dómurinn hefur merkt inn á dómskj. nr. 57 og dómskj. nr. 74 punktinn P á línu syðst á Melabökkum og merkt Toppana nr. 1, 2 og 3, en sá uppdráttur, sem dómurinn styðst við, er á dómskj. nr. 74.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, er niðurstaða dómsins sú, að um landamerki milli jarðanna fari þannig: Að dregin verði lína úr Brunagarðsklifi, sem er brunakantur, sem gerð hefur verið klauf í, þar sem Eldborgargatan liggur, þaðan í Digruvörðu á Foldum (A), þaðan í Stakkholtsstein (B), sem er steinn í Stakkholtsvík, þaðan bein lína í Tvísteina (Þrísteina) (I) og þaðan eftir álnum miðjum fram í miðjan Haffjarðarárál í punkt K í miðjum álnum.

Á Fitjunum ráði sáttalínan D-E og þaðan vestur framan Melabakka í punkt P, þaðan bein lína vestur fyrir Toppa fyrir sunnan Topp 3 í punkt T, þaðan í punkt U norðan við Topp 2 og þaðan bein lína norðan við (efsta) Topp 1 í austur og ofan við Selhöfða í punkt norðaustan af höfðanum við lækinn (álinn) norður úr fitjunum, punktur V, og þaðan bein lína í pukt D.

Eru þá allar Fitjarnar vestan línu D-E innan landamerkja Stórahrauns svo og Toppar, þ. e. svæðið innan lína D-E-P-T-U-V-D á uppdrætti.

Eins og málum er háttað, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Vilhjálmur Árnason og Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmenn.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns skulu vera bein lína úr Brunagarðshliði í Digruvörðu á Foldum (A), þaðan í Stakkholtsstein (B) og þaðan bein lína í Tvísteina (Þrísteina) (I) í eða við Tvísteinaál (Þrísteinaál), sem er állinn næstur Stórahraunsnesi að

sunnanverðu, úr Tvísteinum (Þrísteinum), eftir álnum miðjum fram í miðjan Haffjarðarárál (aðalál) og þaðan eftir miðjum álnum í punkt K.

Landamerki jarðanna á Fitjunum eru eftir sáttalínu, sem er bein lína milli mynnis merkjalækjarins norður úr Fitjunum (D) og lækjaróss austan við Viðarhólma (E) og síðan vestur með Melabökkum í punkt (P) og þaðan bein lína vestur fyrir Toppa fyrir sunnan Topp 3 (T), þaðan í punkt U norðan við Topp 2 og þaðan bein lína norðan við Topp 1 í austur og ofan við Selhöfða í punkt norðaustur af höfðanum við lækinn (álinn) norður úr Fitjunum (V), þaðan bein lína í punkt D.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Jóns Magnússonar sýslumanns.

I.

Þegar hér á eftir er vísað til merkinga á uppdrætti, er átt við uppdrátt Skúla Jóhannssonar verkfræðings, dags. 24. febrúar 1987 (dskj. nr. 74).

Í málinu er ekki ágreiningur um örnefnin Brunagarðshlíð, Digruvörðu, Stakkholtsstein, Fitjar. Ágreiningur er um örnefnið Tvísteina (Þrísteina) og ála kennda við þá. Sóknaraðilar halda því fram, að þeir séu „sker í eða við álinn, sem næstur er Stórahraunsnesi sunnanverðu og kallast Tvísteinaáll (Þrísteinaáll)". Varnaraðilar halda því fram, að Þrísteinar séu í álnum, sem er rétt við Litlahraunsnes.

II.

Staðhæfing sóknaraðila um Tvísteina (Þrísteina) styðst við framburð Arilíusar Borgfjörðs Þórðarsonar. Í þinghaldi 2. október 1986, en þá hafði hann búið á Stórahrauni sl. 26 ár, segir Arilíus, að Tvísteinar eða Þrísteinar séu tvennir, aðrir í álnum sunnan við Melanesið og hinir utar í sama ál. Hann segir, að Þrísteinaáll sé sunnan við Stórahraunsnes og myndist af tvennum uppsprettum, er myndi ála, sem sameinist við Stakkholt og renni síðan saman fram með Stórahraunsnesi út í Haffjarðará. Arilíus segir engar nytjar vera af Gömlueyri eða Toppum og kveðst ekki vita, hver eigi réttindi þar eða land.

III.

Staðhæfing varnaraðila um Tvísteina (Þrísteina) styðst við yfirlýsingu Magnúsar og Sigfúsar Kristjánssona, þar sem segir: „Þrísteinar eru þrír lágir steinar í svokölluðum Þrísteinaál skammt frá Selhöfða. Þrísteinaáll kemur upp á milli Litlahraunsness og Selhöfða í Krókavík í Litlahraunsnesi og rennur í Haffjarðarárál norðan Toppa og sunnan Stórahraunseyja."

Magnús og Sigfús bjuggu á Stórahrauni árin 1945-1958.

Staðhæfing varnaraðila styðst einnig við yfirlýsingu og framburð Þórarins Árnasonar, sem kom níu ára gamall að Stórahrauni árið 1907 með föður sínum og bjó þar óslitið til 1945 og rak þar búskap sjálfur síðustu 26 árin. Þórarinn segir: „Þrísteinar eru þrír steinar í svokölluðum Þrísteinaál skammt frá Selhöfða og Litlahraunsnesi. Ef staðið er fremst á Litlahraunsnesi og horft til nyrsta Toppsins, eru Þrísteinar dálítið til hægri handar, en Selhöfði lítið eitt til vinstri handar. Þrísteinar eru mjög skammt frá Litlahraunsnesi, langtum nær en Selhöfði. Þrísteinaáll liggur til vesturs og er allur í Stórahraunslandi."

Einnig segir hann, að aldrei hafi verið um að ræða veiðar á laxi frá Litlahrauni og að allt svæðið norðan Fitja og Toppa norður að Stórahraunsnesi sé Stórahraunsland.

Þá styður yfirlýsing og framburður Einars Árnasonar einnig staðhæfingu varnaraðila. Einar segir: „Topparnir tilheyrðu Stórahrauni, sem átti allar selalagnir þar ..... Ekki var vitað til þess, að Litlahraun ætti neinar selalagnir, hvorki við Haffjarðarárós né annars staðar. Aldrei var um að ræða veiðar á laxi eða silungi frá Litlahrauni." Einar átti heima á Stórahrauni frá fæðingu árið 1913 til ársins 1928 og enn fremur einn vetur þremur árum síðar.

IV.

Samkvæmt framburði þeim, sem rakinn hefur verið, og ekki er um framburð annarra vitna að ræða í málinu, verður að ályktа, að örnefnið Tvísteinar (Þrísteinar) og álar kenndir við þá sé að finna á tveimur stöðum á deilusvæðinu, í fyrsta lagi við Stórahraunsnes og í öðru lagi við Litlahraunsnes. Álar þessir koma saman sunnan við Stórahraunsnes og falla í einum farvegi í Haffjarðará. Í landamerkjabréfi Litlahrauns, sem er ákveðnara og skýrara en landamerkjabréf Stórahrauns um merki milli jarðanna, er merkjum lýst upp og inn til landsins, en ekki ofan frá og út í Haffjarðará eins og í bréfi Stórahrauns. Stórahraunsbréfið er auk þess óljósara að því leyti, að þar er í sömu andrá talað um merki milli Stórahrauns og annarra jarða en Litlahrauns.

V.

Vigdísarstaðir.

Allvíða er minnst á Vigdísarstaði í gögnum málsins:

1) Í máldögum fyrir Hítardalskirkju ár 1354, 1397, 1470 og 1574 er talað um hálfan reka á Gömlueyri, laxveiði að helmingi í Haffjarðará og allan reka á Vigdísarstöðum.

2) Í sýslu- og sóknarlýsingum, skráðum árið 1841 af séra Vernharði Þorkelssyni, segir um Stórahraun: „..... 2 hjáleigur hafa legið hér undir að

fornu, önnur í túninu, hin upp með Haffjarðará, þar sem kallaðir voru Vigdísarstaðir".

3) Í landamerkjalýsingu fyrir Litlahraun árið 1884 er talað um Vigdísarstaðareka.

4) Í örnefnaskrá Lúðvíks Kristjánssonar, sem skráð er árið 1937 eftir séra Árna Þórarinssyni og Þórarni Árnasyni, segir m. a.: „..... Í Selhöfðahólma stóðu Vigdísarstaðir.

Ekki er vitað, hvað Vigdísarstaðaland var stórt, en vísbending fæst um það í liðum 2 og 4 hér að framan, þar sem segir, að Vigdísarstaðir hafi verið upp með Haffjarðará (2) og staðið í Selhöfðahólma (4). Liggur þá nokkuð beint við að álykta, að Vigdísarstaðaland hafi náð yfir svæði, sem tók yfir vesturhluta Fitja, Toppa og þaðan upp með Haffjarðará upp að Þrísteinaál og legið sunnan og vestan að honum og að mynni lækjarins á Fitjum. Það kemur þá heim við síðasta málslið í landamerkjabréfi Stórahrauns, þar sem segir: Á Fitjum ræður lækurinn milli Stóra- og Litlahraunsengja suður úr og vestur framan Melabakka vestur fyrir Toppa, þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða. Hvergi er minnst á, að orðin: „þaðan austur eftir ofanvert við Selhöfða" þýði, að það skuli vera bein lína.

Svo víða er minnst á Vigdísarstaði í málskjölum, að ekki er að efa, að býli þetta hefur verið til að fornu.

Eftir gögnum málsins virðist allt benda til þess, að Vigdísarstaðir hafi verið hjáleiga eða býli í landi Stórahrauns, og hafi býli þetta átt hlunnindi í reka og laxveiði, sem tilheyrði heimajörðinni, Stórahrauni, og að austurmerki Vigdísarstaða hafi fallið saman við merki milli Stórahrauns og Litlahrauns á því svæði, sem Vigdísarstaðir náðu yfir. Og þegar Vigdísarstaðir fóru í eyði, féll land þeirra undir heimajörðina.

VI.

Merkjalýsing Stórahraunsbréfsins endar ótilgreint úti í Haffjarðará, en í bréfinu segir: „..... úr Þrísteinum eftir álnum fram fyrir Stórahraunseyjar í Haffjarðarárál ....." Þar lýkur merkjalýsingu milli Stórahrauns og Litlahrauns. Þessi lýsing getur átt við báða álana og bæði landamerkjabréfin. Ekki þurfti að lýsa nánar merkjum út í Haffjarðarárál, því að þá var komið að Vigdísarstaðalandi, sem lá upp með Haffjarðará.

VII.

Ég lít svo á, að með framburði eins manns um það, hvar Tvísteinaáll (Þrísteinaáll) sé, hafi sóknaraðilum ekki fullnast sönnun um, að það sé álllinn næstur Stórahraunsnesi og steinar í eða við hann, sem byggja beri niðurstöðu málsins á.

Fyrir landamerkjum Litlahrauns, sem er sóknaraðili í málinu, virðist liggja beint við að leggja til grundvallar landamerkjabréf Litlahrauns. Það er svo til alveg samhljóða lögfestunni frá 1698. Í landamerkjabréfi Litlahrauns segir:

1. Móti Stórahrauni: Úr miðjum Tvísteinaál upp í Stakkholtsstein, sem stendur í bakka fyrir ofan Stakkholt, úr þeim steini upp í Digruvörðuna á Foldum, sem einstök er og neðst, úr þeirri vörðu í aðrar tvær efri vörður, úr þeim tvívörðum í lítið vörðukorn þar ofar í Foldunum, þaðan í Brunagarðsnefið, sem er við Eldborgargötu, en í fitjunum ræður lækurinn.

Við túlkun á bréfinu ber að hafa í huga síðustu setningu bréfsins: „en í fitjunum ræður lækurinn". Þessi setning bendir til þess, að merkin um Fitjar séu í framhaldi af merkjalínunni milli Þrísteina og Stakkholtssteins, en það er kröfugerð varnaraðila. Þetta fellur þannig saman við túlkun á merkjabréfi Stórahrauns, ef hinir umdeildu Tvísteinar (Þrísteinar) eru við Litlahraunsnes, og þá er syðri állinn í Stórahraunsvíkinni merkjaállinn, sem deilt er um.

Í lögfestunni fr á 1698 er talað um „Stackholts Stein, sem stendur í backa fyrir ofan Stackholt". Sama orðalag er á Litlahraunsbréfinu. Á hvorugum staðnum er talað um sjónhendingu. Í Stórahraunsbréfinu er talað um „Stein í Stakkholtsvík, úr þeim steini sjónhending í Þrísteina". Í þessu sambandi er rétt að vitna til framburðar Arilíusar B. Þórðarsonar, sem segir, að mikið landbrot hafi orðið þarna og annar steinn sé nú að koma fram úr bakkanum. Það er því líklegt, að steinn sá, sem nú stendur í Stakkholtsvík, hafi áður staðið hærra, og hafi þá mátt hafa sjónhendingu frá honum í Þrísteina. Þá má enn fremur líta svo á, að merkjalýsing í bréfunum sé gömul lýsing, sem tekin hafi verið upp aftur og aftur, þegar landamerkjum jarðanna var lýst.

VIII.

Niðurstaða.

Með rökstuðningi í framburði vitnanna Magnúsar og Sigfúsar Kristjánssona og Þórarins og Einars Árnasona svo og öðrum gögnum málsins lít ég svo á, að Þrísteinar þeir, sem miða beri landamerkin við, séu Þrísteinar við Litlahraunsnes (C), enda virðist það falla best við túlkun landamerkjabréfa beggja jarðanna. Það verður því niðurstaða mín, að landamerki milli Litlahrauns og Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi skuli vera þessi: Úr Brunagarðshliði, þar sem Eldborgargata liggur, í Digruvörðu á Foldum (A), þaðan í Stakkholtsstein (B), þaðan bein lína í miðja Þrísteina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E). En málsaðilar gerðu sátt um þá línu í þinghaldi í málinu 10. júní 1987.

Með tilliti til allra málsatvika þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Litlahrauns og Stórahrauns í Kolbeinsstaðahreppi skulu vera þessi: Úr Brunagarðshliði, þar sem Eldborgargata liggur, í Digruvörðu á Foldum (A), þaðan í Stakkholtsstein (B), þaðan bein lína í miðja Þrísteina (C), sem eru rétt við Litlahraunsnes, þaðan um beina línu í mynni lækjarins á Fitjum (D) og þaðan eftir sáttalínunni í lækjarósinn austan Viðarhólma (E).

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 25. júní 1993.

Nr. 273/1993. **Ewald Berndsen**

gegn

Othari Erni Petersen.

Kærumál. XVII. kafli laga nr. 91/1991. Skýrslutaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. júní 1993, sem barst réttinum 24. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1993, þar sem synjað var kröfu sóknaraðila um skýrslutöku fyrir dómi af fjórum tilgreindum mönnum.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og umbeðin skýrslutaka heimiluð. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Varnaraðili, Ewald Berndsen, greiði sóknaraðila, Othari Erni Petersen, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1993.

Í þinghaldi í málinu, sem fram fór 2. júní sl., þar sem til stóð, að aðalmeðferð málsins færi fram, óskaði stefndi, Ewald, eftir því, að eftirtaldir menn kæmu fyrir dóminn og gæfu þar skýrslu: stefnandi, Othar Örn Petersen, Þórarinn Tyrfingsson, stefndi Hendrik og Björgúlfur Guðmundsson.

Stefndi hugðist sanna með skýrslum þessara manna, að sameignarfélagið Von Behandling, sem samþykkti víxil þann, sem mál þetta fjallar um, hafi

verið eða sé sameign þessara aðila ásamt stefnda, Ewald. Einnig hugðist stefndi, Ewald, sanna með skýrslum þessara manna fyrir dómi, að nafnritun viðkomandi á víxilinn hefði átt sér stað á árinu 1985 og því sé víxilkrafan fyrnd á hendur sér, en það sé ein þeirra málsástæðna, sem málsvörn sín byggist á.

Ágúst Sindri Karlsson hdl., lögmaður stefnanda, mótmælti því, að framangreindir menn gæfu skýrslu í málinu, þar sem málið væri höfðað skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 og tilgangur skýrslutökunnar samræmdist ekki ákvæðum þessa kafla einkamálalaganna, sbr. 118. gr. þeirra. Krafðist hann úrskurðar dómara um það, hvort skýrslutakan skyldi heimiluð. Jafnframt lýsti hann yfir því f. h. umbj. síns, að víxillinn hefði verið áritaður með nöfnum þeirra aðila, sem á víxlinum eru, á árinu 1985, en óútfylltur að öðru leyti, og víxillinn hefði þannig verið afhentur Landsbanka Íslands.

Það er álit dómsins, að sú varnarástæða, sem stefndi, Ewald, hyggst sannreyna með skýrslutöku framangreindra aðila, komist ekki að með vísan til 118. gr. einkamálalaganna nr. 91/1991. Hér er um að ræða víxil, sem fullnægir formskilyrðum víxillaga nr. 93/1933. Samþykkjandi hans, Von Behandling, er, að því er virðist, sjálfstæður lögaðili, og gildir því einu, hvernig eignaraðild að félaginu kann að vera háttað.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða er synjað um það, að umræddir menn komi fyrir dóm og gefi skýrslu í málinu.

Úrskurðarorð:

Ekki verður heimilað, að skýrsla verði tekin af framangreindum mönnum fyrir dómi.

Föstudaginn 25. júní 1993.

Nr. 175/1993. **G**

gegn

H.

Kærumál. Börn. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 4. mgr. 84. gr. laga um aðför nr. 90/1989, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, með kæru 21. apríl 1993, sem barst Hæstarétti ásamt gögnum málsins 3. maí 1993. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt, að umbeðin aðfarargerð skuli fara fram. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Stefnda krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og henni dæmdur kærumálskostnaður.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 17. apríl 1993.

I.

Ár 1993, laugardaginn 17. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. A-2/1993: G gegn H.

Með bréfi, sendu í myndsendi föstudaginn 26. mars sl., krafðist G, Reykjavík, kt. ....., dómsúrskurðar um, að dóttir sín, X, yrði með beinni aðfarargerð tekin af heimili móður sinnar, H, Egilsstöðum. Gerðin fari fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola auk virðisaukaskatts.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að synjað verði um heimild til gerðarinnar. Þá er þess krafist, að dómstóllinn leiti umsagnar barnaverndarnefnda

og sérfróðra aðila um afstöðu og viðhorf X um forsjá og dvalarstað. Til vara er þess krafist, að komist héraðsdómur að þeirri niðurstöðu, að gerð skuli fara fram, skuli kæra til æðra dóms fresta aðfaragerð. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins auk virðisaukaskatts á málskostnað.

II.

Með lögskilnaðarleyfi málsaðila, dagsettu 17. nóvember 1988, fékk gerðarbeiðandi forsjá dóttur þeirra, X, en gerðarþoli forsjá annarrar dóttur þeirra, L. Stúlkan X hefur síðan þá alist upp á heimili föður síns. Hinn 25. mars sl. fór stúlkan með móður sinni frá Reykjavík til Egilsstaða án vitundar föður, sem fékk símskeyti um kl. 20.00-20.30 þennan dag, þar sem lögmaður móður tilkynnti um brottför stúlkunnar með móður sinni.

Rétt þykir, eins og mál þetta er vaxið, að rekja nokkru nánar gang deilumálsins.

Af gögnum málsins má ráða, að báðir foreldrar hafi lítið sem ekkert sinnt þeim skyldum sínum að veita börnum sínum umgengni við hitt foreldrið, og frá skilnaði hafa deilur milli foreldra staðið yfir um forsjá og umgengnisrétt. Upplýst er í málinu, að dómsmálaráðuneytið úrskurðaði í maí 1992 um fyrirkomulag umgengnisréttar dætranna við foreldrana tímabilið maí til september 1992, en sá úrskurður hefur ekki verið virtur af aðilum máls þessa.

Hinn 8. mars 1989 barst dómsmálaráðuneytinu erindi frá manninum, þar sem beðið var um, að forsjármálið yrði endurupptekið og hann fengi forsjá beggja dætranna. Hinn 7. apríl sama ár kom konan með sömu kröfu og maðurinn, auk þess sem hún í september það ár óskaði eftir rýmkun umgengnisréttar síns við X. Bréfaskriftir urðu á milli aðila og ráðuneytisins í framhaldi af þessum kröfum. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 6. febrúar 1990 var hafnað að taka til meðferðar kröfur um breytingar á forsjá, jafnframt því sem ágreiningi um umgengni var vísað til barnaverndarnefnda.

Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar hafði með svokölluðum bráðabirgðaúrskurði, upp kveðnum 11. apríl 1990, sem var staðfestur af nefndinni með svokallaðri fullnaðarákvörðun 20. apríl það ár, kyrrsett stúlkuna X hjá móður sinni frá 11. apríl 1990 til 1. maí 1990. Faðirinn skaut bráðabirgðaúrskurði nefndarinnar til Barnaverndarráðs Íslands og krafðist þess, að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi, en til vara, að ef stúlkan mætti ekki dveljast hjá sér, yrði henni gert að dveljast hjá hlutlausum aðila, en ekki á heimili móður. Móðir krafðist þess hins vegar, að úrskurðurinn yrði staðfestur. Faðirinn féll síðar frá aðalkröfu sinni. Í forsendum úrskurðar barnaverndarráðs frá 9. maí 1990 kemur fram, að afskipti Barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar af málinu hófust haustið 1989 vegna erfiðleika við fram-

kvæmd á umgengni X við móður sína. Komust starfsmenn nefndarinnar að þeirri niðurstöðu, að stúlkan óskaði þess að dveljast hjá móður sinni, og einnig, að stúlkan ætti við sálræna erfiðleika að stríða. Helgina 6. til 8. apríl 1990 dvaldist X á heimili móður sinnar skv. samkomulagi foreldra um umgengni. Þegar að því kom, að telpan skyldi fara til föður, neitaði hún að fara. Barnaverndarráð fól Sæmundi Hafsteinssyn, sálfræðingi ráðsins, að gefa umsögn um málið, og segir svo m. a. í niðurlagi skýrslu hans: „... verður að teljast ljóst, að stúlkan hefur þurft að búa við mikla spennu og þrúgandi andrúmsloft lengi. Það hefur sett mark sitt á sálarlíf hennar, og að mati undirritaðs mun hún þurfa sálfræðilega hjálp á næstu mánuðum til að vinna úr tilfinningalegum vandamálum sínum. Hún er afar óákveðin og hefur lélega sjálfsmynd. Hún gerir litlar kröfur til umhverfis síns, einkum fullorðinna, og er þóknunargjörn. Hjá henni gætir vanlíðunar og depurðar, sem brýst oft fram í líkamlegum umkvörtunum".

Bæði læknirinn og starfsmenn Barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar komust að þeirri niðurstöðu, að stúlkan óskaði eftir að vera hjá móður sinni. Barnaverndarráð taldi nær ógerlegt að meta, hvort það hentaði betur hag og þörfum stúlkunnar að búa hjá móður eða föður, en taldi vanlíðan stúlkunnar fyrst og fremst mega rekja til hinna „harðvítugu og langvinnu deilna foreldra um forsjá barnanna og umgengni við foreldrana", eins og komist var að orði í niðurlagi úrskurðarins. Varðandi varakröfu mannsins sagði í úrskurðinum: „Eins og mál þetta liggur nú fyrir, þykir barnaverndarráði skorta lagaheimildir til að beita stúlkuna slíkum þvingunum. Ráðið telur, að taka stúlkunnar af heimili móður nú feli í sér meiri áhættu fyrir hana heldur en þá hættu, sem henni kann að stafa af því að búa þar. Í öllu falli er ljóst, að X er í sálarháska." Var kröfu mannsins því synjað.

Á árinu 1990 leituðu aðilar enn á ný til ráðuneytisins með kröfur um breytingar á forsjá. Af því tilefni ákvað ráðuneytið að leita umsagnar Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sem skilaði umsögn 11. júní 1991, eftir að hún hafði kannað hagi og aðstæður beggja foreldra og beggja dætra þeirra. Þar var komist að þeirri niðurstöðu, að báðir foreldrarnir væru hæfir til að fara með forsjá barnanna, en ekki mælt með því, að gerð yrði breyting á forsjá, og talið óraunhæft, að opinberir aðilar gerðu tillögur um eða tækju ákvarðanir um umgengni, en að barnaverndaryfirvöld í Reykjavík og Hafnarfirði hefðu árangurslaust reynt að koma á samkomulagi um umgengni barnanna við foreldra. Taldi nefndin það andstætt hagsmunum barnanna, að opinberum afskiptum af umgengnismálinu yrði fram haldið. Í samantekt starfsmanns barnaverndarnefndarinnar kom einnig fram, að langvarandi deilur foreldra um forsjá hefðu valdið og yllu enn vanlíðan hjá telpunum. Með bréfi ráðuneytisins, dagsettu 10. júlí 1991, var beiðst umsagnar Barnaverndarráðs Íslands um mál þetta. Umsögn ráðsins

barst ráðuneytinu 20. ágúst það ár, og var þar tekið undir þau sjónarmið, sem komu fram hjá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur um forsjá barnanna og umgengni. Í nóvember 1991 féll konan frá forsjárkröfu sinni. Hinn 19. desember 1991 kvað ráðuneytið upp úrskurð, og var þar hafnað kröfu mannsins um forsjá yngri dóttur þeirra. Í niðurstöðum úrskurðarins var vísað til áðurnefndra umsagna Barnaverndarnefndar Reykjavíkur og Barnaverndarráðs Íslands.

Upplýst er í málinu, að höfðað hefur verið mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til breytingar á forsjá stúlkunnar X.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að það geti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir stúlkuna X, ef hún flyst nú til Egilsstaða, þar sem senn líði að vorprófum í skóla hennar, en X er nú á næstsíðasta ári grunnskóla. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram vottorð frá skólastjóra Hagaskóla, þar sem stúlkan stundaði nám. Í vottorðinu kemur fram, að stúlkan X standi sig með ágætum og að ætíð sé varhugavert að skipta um skóla, þegar komið sé fram undir vor. Þá liggur frammi vottorð, undirritað af Guðrúnu Guðjónsdóttur, umsjónarkennara X í Hagaskóla. Hún kveður X vera yfirvegaða og rólynda stúlku, sem sé fyrirmyndarnemandi.

Gerðarþoli hefur lagt fram vottorð frá skólastjóra Egilsstaðaskóla, þar sem X er boðin skólavist, beri svo undir, og kveðst skólastjórinn telja, að hún geti stundað nám við skólann í beinu framhaldi af námi hennar í öðrum skóla. Þá kom fram við munnlegan flutning málsins, að X hefur þegar hafið skólagöngu í Egilsstaðaskóla.

Þá hefur gerðarþoli lagt fram bréf, dags. 27. mars sl., undirritað af Þuríði Backman, formanni félagsmálaráðs Egilsstaðabæjar, stílað til Stefáns Þórarinssonar, sérfræðings í heimilislækningum, og Höllu Eiríksdóttur, hjúkrunarforstjóra á Egilsstöðum. Bréfið er ritað í framhaldi af ósk lögmanns gerðarþola eftir því, að sérfróður aðili kanni andlega og líkamlega líðan X. Í bréfi formannsins segir m. a., að brýnt sé, að þessi könnun fari fram nú þegar, en tekið er fram, að félagsmálaráð hafi áður haft afskipti af þessu máli, og „miðað við þróun mála er talið rétt að kanna andlega og líkamlega líðan X til að fá hlutlaust mat sérfróðra aðila á viðhorfum unglingsins til umgengni við foreldra og óska um forræði", eins og segir orðrétt. Vottorð nefnds læknis og hjúkrunarkonu er dags. sama dag, og kemur þar fram, að eftir viðtal sitt við stúlkuna telji þau það geta verið skaðlegt fyrir hana í framtíðinni, að fyrirkomulag um forsjá verði óbreytt.

Þrátt fyrir það að hér sé um að ræða beiðni um innsetningargerð, hefur dómari með samþykki beggja aðila og með hliðsjón af ákvæðum barnalaga og 12. og 13. gr. Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna nr. 44/25 frá

20. nóvember 1989 átt utan réttar samtal við stúlkuna X og innt hana eftir óskum hennar í þessu efni, og hefur hún lýst þeirri ósk sinni að fá að vera hjá móður.

IV.

Óumdeilt er, að gerðarbeiðandi hefur forsjá með dóttur sinni, X, og að móðir hennar fór með hana heim til sín til Egilsstaða án samþykkis föður. Hins vegar verður ekki annað séð en stúlkan hafi farið með móður sinni af fúsum vilja. Þrátt fyrir það að báðir foreldrar hafi verið metnir hæfir forsjáraðilar, má ráða af gögnum málsins, að hvorugt þeirra hefur sinnt lögboðnum umgengnisrétti barna sinna og að deilur um forsjá og umgengnisrétt hafa verið harðvítugar og komið niður á börnum þeirra.

Íslensk lög mæla því eigi í mót, að fá megi umráð barns með beinni aðfarargerð, þegar sérstaklega stendur á. Hins vegar er innsetningargerð neyðarúrræði, ætlað til verndar hagsmunum gerðarbeiðanda, sem er faðir í þessu tilviki. Við mat á nauðsyn þess að heimila gerð verður að líta til markmiða barnalaga um, að hagsmunir barns séu ætíð í fyrirrúmi, og verður að hafa í huga aldur barns og vilja. Verður því ekki talið rétt að styðjast einvörðungu við úrskurð dómsmálaráðuneytisins um forsjárrétt, þegar komist er að niðurstöðu í þessu máli.

X er á 15. ári og virðist vera vel gefin og þroskuð stúlka. Hún hefur óskað eftir að flytjast til móður sinnar. Ekki hafa verið lögð fram gögn, sem sýni ótvírætt, að draga beri vilja stúlkunnar í efa, en hins vegar liggur frammi, eins og áður segir, nokkurra daga gamalt bréf frá formanni félagsmálaráðs Egilsstaða, þar sem mælst er til þess, að fengið verði hlutlaust álit sérfróðra aðila við mat á óskum stúlkunnar.

Með vísan til áðurnefnds vottorðs skólastjóra Egilsstaðaskóla verður ekki talið sannað, að dvöl X hjá móður sinni nú um stundir sé henni illbætanleg með tilliti til skólagöngu hennar.

Forsjárskyldur eru margþættar, og skv. því, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af vafa um það, að aðfarargerð væri stúlkunni fyrir bestu, verður ekki talið, að forsjárskyldur föður leiði sjálfkrafa til, að réttur hans teljist nægilega ótvíræður, að heimila eigi honum, eins og á stendur, að beita beinni aðfarargerð til að fá dóttur sína af heimili móður.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan, en dregist hefur að kveða hann upp vegna anna dómara.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda, G [...], um það, að X verði með beinni aðfarargerð tekin af heimili H, er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 28. júní 1993.

Nr. 257/1993. **Guðlaugur Helgason**

gegn

sýslumanninum í Reykjavík.

Kærumál. Nauðungarsala. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júní 1993, sem barst réttinum 21. sama mánaðar. Hann krefst þess, að ógilt verði sú ákvörðun sýslumanns í Reykjavík að láta fara fram framhaldsuppboð á hluta fasteignarinnar Vallarás 2, Reykjavík, og að lagt verði fyrir sýslumann að taka málið til meðferðar að nýju. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar er rétt að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Það athugast, að óeðlilegur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu hins kærða úrskurðar, sem einungis fjallar um þau álitaefni, er um ræðir í 1. mgr. 74. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1993.

I.

Hinn 22. mars 1993 barst Héraðsdómi Reykjavíkur beiðni Guðlaugs Helgasonar, dags. 22. mars 1993, um úrlausn héraðsdómara um þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að láta fara fram framhaldsuppboð á Vallarási 2, Reykjavík.

II.

Hinn 7. janúar 1993 voru teknar fyrir hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík beiðnir Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Húsfélagsins Vallarási 2, Fanneyjar Sigurjónsdóttur og Jóns Ólafssonar um nauðungarsölu á fasteigninni að Vallarási 2, Reykjavík, en gerðarþolar voru Kristján Ólafsson

og Guðlaugur Helgason. Fyrir gerðarbeiðendur mætti Magnús Brynjólfsson hdl. Af hálfu gerðarþola var ekki mætt.

Við þessa fyrirtekt var ákveðið, að uppboð byrjaði á eigninni á skrifstofu sýslumanns þriðjudaginn 16. mars kl. 10.00.

Í endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík frá 16. mars kemur fram, að tekin hafi verið fyrir byrjun uppboðs á ofangreindri eign og að fyrir gerðarbeiðendur hafi mætt Magnús Brynjólfsson hdl. Þá er einnig bókað, að gerðarþoli sé ekki mættur og enginn fyrir hans hönd og að uppboðinu verði fram haldið á eigninni sjálfri miðvikudaginn 31. mars nk. kl. 14.45. Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumanns fór uppboð fram á eigninni þann dag.

III.

Eins og áður segir, barst réttinum 22. mars 1993 beiðni Guðlaugs Helgasonar þess efnis, að héraðsdómari fjallaði um þá ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík að láta fara fram framhaldsuppboð á eigninni að Vallarási 2, Reykjavík. Í beiðninni lýsir hann málavöxtum svo, að einungis einn gerðarbeiðenda, þ. e. húsfélagið að Vallarási 2, Reykjavík, hafi krafist framhaldsuppboðs við fyrirtekt 16. mars 1993. Hann kveðst hafa verið mættur við fyrirtekt þessa, en hafi þurft að bregða sér frá til þess að ræða við lögmann gerðarbeiðanda, sem ekki hafi verið viðstaddur uppboðið. Þegar hann kveðst hafa komið aftur fyrir „uppboðsréttinn", hafi verið búið að ákveða framhaldssölu og að bókað hafi verið, að enginn hafi verið við uppboðið staddur af hálfu gerðarþola, og hafi sér verið tilkynnt þetta með ábyrgðarbréfi, dags. 16. mars 1993. Sér hafi því ekki gefist tækifæri til þess að koma mótmælum sínum á framfæri við „uppboðsréttinn".

Gerðarþoli afhenti síðan sýslumanninum í Reykjavík skrifleg mótmæli sín við framangreindri ákvörðun 22. mars 1993, og sama dag bárust þau Héraðsdómi Reykjavíkur ásamt endurritum úr gerðabók svo og eftirritum fram lagðra gagna.

IV.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík 31. mars 1993 fór uppboð fram á eigninni að Vallarási 2, Reykjavík, þann dag.

Í 4. mgr. 22. gr. laga nr. 90/1991 kemur fram, að aðrir en gerðarbeiðendur geti leitað úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns eftir ákvæðum XIII. kafla sömu laga, ef gerðarbeiðendur eru því allir samþykkir, eða ef ákvörðunin varðar aðeins einn gerðarbeiðanda, þá hann fyrir sitt leyti.

Fram hefur komið, að gerðarþoli var ekki viðstaddur fyrirtekt þá, sem hér er fjallað um, þ. e. fyrirtekt sýslumanns 16. mars 1993, en með bréfi,

dags. 22. mars og mótteknu sama dag hjá sýslumanni, kom hann fram með yfirlýsingu um, að hann hygðist leita úrlausnar héraðsdómara á gildi ákvörðunar sýslumanns. Með yfirlýsingu þessari fylgdi ekkert samþykki gerðarbeiðenda þess efnis, að þeir samþykktu, að leitað yrði úrlausnar héraðsdóms um ákvörðun sýslumanns, og ekkert hafði verið bókað um viðhorf annarra til þessarar ákvörðunar við fyrirtekt þessa, þar sem gerðarþoli var þá ekki viðstaddur, en ákvæði 4. mgr. 22. gr. laga nr. 90/1991 er ófrávíkjanlegt, hvað þetta varðar.

Við fyrirtekt sýslumanns kveðst gerðarþoli hafa verið mættur, en þurft að bregða sér frá til þess að ræða við einn af gerðarbeiðendum. Bókað var í gerðabók sýslumanns, að enginn væri mættur af hálfu gerðarþola. Skilyrðum 2. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991 um heimild aðila til þess að koma yfirlýsingu sinni varðandi nauðungarsölu bréflega til sýslumanns telst því ekki fullnægt, þar sem gerðarþola var bersýnilega kunnugt um fyrirtekt þessa, ákvörðun sýslumanns kom fram við fyrirtöku og gerðarþoli hafði ekki lögmæt forföll.

Með vísan til framangreinds þykir gerðarþoli hvorki hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem fram koma í 4. mgr. 22. gr laga nr. 90/1991 um samþykki gerðarbeiðenda við því, að leitað sé úrlausnar héraðsdómara á ákvörðun sýslumanns, né þeim skilyrðum, sem 2. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991 kveður á um. Er máli þessu því vísað frá dómi án kröfu með vísan til 1. mgr. 74. gr. laga nr. 90/1991.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Beiðni Guðlaugs Helgasonar um úrlausn héraðsdómara um þá ákvörðun sýslumanns að láta fara fram framhaldsuppboð á fasteigninni að Vallarási 2, Reykjavík, er vísað frá dómi án kröfu.

Mánudaginn 28. júní 1993.

Nr. 258/1993. **Hrafnhildur Magnúsdóttir**

gegn

Birnu Gerði Hermannsdóttur.

Kærumál. Innsetning. Bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. maí 1993, sem barst réttinum 21. júní. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Á grundvelli hins kærða úrskurðar tók fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík bifreiðina úr vörslum sóknaraðila og afhenti varnaraðila 26. maí sl. Varnaraðili keypti bifreiðina 26. september 1992 og er nú skráður eigandi hennar. Deilur sóknaraðila við viðsemjanda sinn í kaupsamningi um bifreiðina varða ekki varnaraðila með beinum hætti, en sóknaraðili hefur höfðað sérstakt mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til riftunar á samningnum. Með vísan til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila 20.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Hrafnhildur Magnúsdóttir, greiði varnaraðila, Birnu Gerði Hermannsdóttur, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. maí 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 28. apríl sl., var tekið til úrskurðar 12. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Birna Gerður Hermannsdóttir, kt. 161265-5279, Hjarðarhaga 33, Reykjavík, en gerðarþoli Hrafnhildur Magnúsdóttir, kt. 080955-3089, Vallarhúsum 40, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst þess, að úrskurður gangi um, að bifreiðin Daihatsu Charade, árg. 1988, fastnr. IM-134, verði tekin úr vörslu gerðarþola og afhent gerðarbeiðanda með beinni aðfarargerð. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar að skaðlausu auk 24,5% vsk.

Gerðarþoli gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. að hafnað verði kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu bifreiðarinnar IM-134, R-74175, skv. ákv. XII. kafla laga nr. 90/1989,

2. að gerðarbeiðandi verði dæmdur til þess að greiða gerðarþola málskostnað auk virðisaukaskatts og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. ákv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags".

II.

Málavextir: Hinn 26. september 1992 keypti gerðarbeiðandi framangreinda bifreið af Val Júlíussyni, kt. 170767-5009. Valur hafði daginn áður keypt bifreiðina af Engilbert Runólfssyni, kt. 180964-5769. Samkvæmt vottorði frá Bifreiðaskoðun Íslands hf., sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 5, var Engilbert skráður eigandi bifreiðarinnar frá 18. s. m., en á undan honum er gerðarþoli skráður eigandi.

Gerðarbeiðandi fékk bifreiðina afhenta við kaupin, en 18. október s. á. var bifreiðin án vitundar eða vilja gerðarbeiðanda tekin að undirlagi gerðarþola, eða eins og segir í greinargerð gerðarþola: „Umbj. m. rifti kaup með því að taka umráð bifreiðarinnar aftur."

Aðilar reyndu nú að ná samkomulagi um riftun og greiðslur með aðstoð lögmanna sinna, en þegar það gekk ekki eftir, kærði gerðarbeiðandi Engilbert Runólfsson, til RLR fyrir ætlað brot gegn XXVI. kafla alm. hgl. með bréfi 11. janúar sl. En með bréfi 12. mars sl. féll gerðarbeiðandi frá kærunni, og segir þar m. a.: „Ég tel, að grundvöllur máls þessa hafi breyst, hvað umbjóðanda minn varðar, eftir að Engilbert Runólfsson afhenti ljósrit sölutilkynninga og annarra gagna, m. a. umboð varðandi kaup og sölu á bifreiðinni, sem hefur haft það í för með sér, að bifreiðin er nú orðin skráð eign umbjóðanda míns í samræmi við gögn málsins ...".

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er játað, að á þeim tíma, sem kaup voru gerð, hafi gerðarþoli verið skráður eigandi bifreiðarinnar. Hins vegar hafi henni þá verið tjáð, „að formsatriði væri að ganga frá umskráningu", en umboðsmaður seljanda, Vals Júlíussonar, við kaupin hafi verið Engilbert Runólfsson.

Málsástæður sínar telur gerðarbeiðandi vera þær, að hún sé óumdeilanlegur eigandi bifreiðarinnar, sem hún hafi eignast með samningi við Val Júlíusson og greitt að fullu með 260.000 kr. í peningum og með ávísun til greiðslu 1. nóv. 1992, að fjárhæð 10.000 kr., en fyrir liggi gögn um réttmæta eignarheimild hans, þá sé hún skráður eigandi og því réttmætur vörsluhafi bifreiðarinnar.

Af hálfu gerðarbeiðanda er staðhæft, að þegar hún keypti bifreiðina af Val fyrir milligöngu Engilberts, hafi sér verið ókunnugt um hugsanlegar ástæður gerðarþola til að rifta samningi við Engilbert, enda hafi öðru ekki verið haldið fram af hálfu gerðarþola, og í þessu sambandi skipti ekki máli um vitneskju sína síðar, reglur um traustfang standi því í vegi, að taka gerðarþola á bifreiðinni úr sínum höndum geti skoðast sem lögmæt sjálftaka.

Af hálfu gerðarþola er haldið fram, að hún sé réttur eigandi bifreiðarinnar, enda hafi hún aldrei afhent afsal fyrir bifreiðinni né veitt heimild til að umskrá hana. Því er haldið fram, að með gerðarþola og Engilbert Runólfssyni hafi tekist samkomulag um kaup Engilberts á bifreiðinni í september 1992. Kaupverðið hafi verið ákveðið 380.000 kr. og átt að greiða með tékka, 350.000 kr., til framsals 8. október 1992, og með 30.000 kr. í peningum. Að sögn gerðarþola varð að samkomulagi, að afsal yrði ekki afhent, fyrr en tékkinn fengist greiddur. Engilbert hafi því aldrei haft frumrit afsalsins í höndum, þar sem tékkinn fékkst ekki innleystur. Og þegar tilraunir til að knýja Engilbert til að efna skyldur sínar sem kaupandi báru ekki árangur, hafi ekki annað verið til ráða en rifta kaupin með því að taka bifreiðina aftur, enda hafi hún á þeim tíma verið skráð eign gerðarþola og engin raunveruleg gögn legið fyrir, sem gæfu tilefni til umskráningar á nafn annars. Af hálfu gerðarþola er staðhæft, að Engilbert Runólfsson hafi verið skráður eigandi á grundvelli ljósrits af afsali til hans, sem hann hafði enga heimild til að nota né Bifreiðaskoðun Íslands hf. rétt til að reisa umskráningu á.

IV.

Enda þótt gerðarbeiðandi hafi sýnt ógætni með því að kaupa bifreið af aðila, sem var ekki skráður eigandi hennar, er á hitt að líta, að þar átti gerðarbeiðandi í skiptum við bílasala, en upplýst er, að Engilbert Runólfs-

son var bílasali að atvinnu, þegar salan fór fram. Hann hafði bifreiðina undir höndum með nokkuð óvenjulegum skilmálum frá gerðarþola og, eins og lýst er, ljósrit, sem gaf í skyn eignarheimild, sem allt verður að telja nærtækara, að gerðarþoli beri áhættuna af frekar en gerðarbeiðandi. Gerðarþoli varð því ber að gertæki með töku bifreiðarinnar úr vörslum gerðarbeiðanda, eins og greint hefur verið frá. Því verður að fallast á kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu, og hefur sú niðurstaða stuðning af því, að gerðarbeiðandi er nú skráður eigandi bifreiðarinnar „IM134/R74175 DAIHATSU 1988".

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn málskostnað.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Krafa gerðarbeiðanda um innsetningu í bifreiðina Daihatsu Charade, árg. 1988, fastnr. IM-134, er tekin til greina. Málskostnaður er ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 29. júní 1993.

Nr. 256/1993. **Sigurður Friðriksson**
gegn
Helgu Gunnólfsdóttur,
Helgu Árnadóttur,
Gunnlaugu Árnadóttur og
Helgu Bylgju Gísladóttur.

Kærumál. Endurupptaka. Ógildingarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. júní 1993. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 11. nóvember 1992 var tekin til greina krafa sóknaraðila um ógildingu samkvæmt 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á skuldabréfi til handhafa, sem sóknaraðili hafði gefið út 15. september 1988 með veði í húseign í Innri-Njarðvík. Var krafa sóknaraðila einvörðungu reist á hagsmunum hans sem skuldara samkvæmt bréfinu. Kvað hann skuld sína að fullu greidda til aðila, er komið hefði fram sem handhafi bréfsins, en ekki getað afhent það við greiðsluna. Kröfu sinni til stuðnings lagði sóknaraðili ekki annað fram en kvittanir frá þessum aðila, þar sem einskis var getið um tilvist bréfsins. Komu engar upplýsingar fram um afdrif þess frá viðtakanda greiðslnanna eða öðrum, er til greina gætu komið sem rétthafar að bréfinu, heldur aðeins frá sóknaraðila sjálfum.

Varnaraðilar hafa leitt í ljós, að hið umdeilda veðskuldabréf var ekki glatað, þegar kvittun til sóknaraðila fyrir fullnaðargreiðslu var gefin út, heldur var það í geymslu hjá hæstaréttarlögmanni í Reykjavík á grundvelli samkomulags, er þeir höfðu áður gert við viðtakanda greiðslnanna frá sóknaraðila og annan rétthafa að bréfinu. Hafði viðtakandinn sjálfur átt hlut að því að koma bréfinu

í vörslur lögmannsins. Lögmaður þessi afhenti varnaraðilum frumrit bréfsins 2. nóvember 1992.

Í máli til ógildingar skuldabréfs ber stefnanda að draga fram allar upplýsingar, sem völ er á, til sönnunar um það, hvort bréf sé horfið eða glatað. Í máli sóknaraðila var brýnt að gera ríkar kröfur um sönnunarfærslu frá hans hendi, þar sem umsaminn greiðslutími samkvæmt veðskuldabréfi hans var ekki liðinn, þegar málið var höfðað. Ljóst er, að krafa sóknaraðila í málinu hefði ekki náð fram að ganga, ef viðtakandi greiðslna hans af bréfinu hefði komið fyrir dóm og greint frá því samkomulagi, sem fyrr var nefnt. Þegar af þeirri ástæðu geta varnaraðilar byggt kröfu um endurupptöku málsins á ákvæðum c-liðar 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Ber samkvæmt því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilum kærumálskostnað, eins og kveðið er á í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Sigurður Friðriksson, greiði varnaraðilum, Helgu Gunnólfsdóttur, Helgu Árnadóttur, Gunnlaugu Árnadóttur og Helgu Bylgju Gísladóttur, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 2. júní 1993.

Mál þetta er í dag tekið til úrskurðar eftir munnlegan málflutning.

Þær Helga Gunnólfsdóttir, Vesturgötu 34, Keflavík, kt. 010825-4829, Helga Árnadóttir, Miðgarði 1, Keflavík, kt. 311056-7009, Gunnlaug Árnadóttir, Suðurgarði 12, Keflavík, kt. 300645-4299, og Helga Bylgja Gísladóttir, Brekkustíg 1, Sandgerði, kt. 290164-4869, hafa með beiðni, dagsettri 27. apríl 1993, óskað eftir, að mál nr. 315/1992: Sigurður Friðriksson gegn handhafa skuldabréfs, — verði endurupptekið í samræmi við ákvæði í 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.

Útivistardómur gekk í málinu 11. nóvember 1992.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að málið verði endurupptekið. Hann mótmælir því hins vegar ekki, að endurupptökubeiðnin hafi borist dómara í tæka tíð í samræmi við 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu endurupptökubeiðenda er á því byggt, að skilyrði þau, sem sett

eru í 2. mgr. greinarinnar fyrir endurupptökunni, séu til staðar. Eru þau rök færð fram, að málinu hefði átt að vísa frá dómi, þar sem sá, sem krafðist ógildingarinnar, upplýsti í stefnu, að hann hefði aldrei fengið bréfið í hendur, bréfið hefði ekki verið gjaldfallið samkvæmt efni sínu og því ekki lýst yfir, að greiðslur hafi verið færðar inn á það. Þá telja þeir, að til sýknu hefði komið í málinu við það, að frumrit bréfsins hefði verið lagt fram.

Mótmælin gegn endurupptökunni eru á því reist, að engu þeirra skilyrða, sem talin eru upp í liðum a-d í 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991, sé til að dreifa. Er í rökstuðningi gert ráð fyrir því, að beiðandi reisi kröfu sína á b- og c-lið í 2. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Um b-lið vísar stefnandi til þess, að samkvæmt 1. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991 skuli við útgáfu stefnu í ógildingarmáli afhenda dómara endurrit af því skjali, sem ógilda á, eða nákvæma lýsingu á efni þess. Ekki sé gert að skilyrði, að sá, sem ógildingar beiðist, hafi fengið skjalið í hendur. Hvað varðar c-lið, bendir stefnandi á, að skilyrðið um, að sýkna hefði átt án kröfu, geti ekki komið til álita, þar sem málsforræðisreglan gildi í íslensku réttarfari og vandséð, hvernig slíkt tilvik geti komið upp í ógildingarmáli. Í öllu falli eigi þetta ákvæði ekki við í því tilfelli, sem hér er til úrlausnar. Sá, sem sæki þing við þingfestingu ógildingarmáls, geti samkvæmt málsforræðisreglunni samþykkt kröfu um, að ógildingardómur gangi í málinu.

Niðurstaða.

Deilt er um, hvort skilyrðum þeim fyrir endurupptöku, sem fram koma í 2. mgr. 137. gr., sé fullnægt. Við mat á því, hvort tilvik það, sem hér um ræðir, falli að einhverjum liðanna í 2. mgr. 137. gr. eml., er miðað við, að þau gögn, sem frammi lágu, er endurupptöku var krafist, móti niðurstöðuna. Dómari telur, að við úrlausn málsins verði að líta til ákvæða 5. mgr. 121. gr. eml., sbr. vísun í upphafsákvæði 137. gr. eml. til 113. gr. sömu laga. Samkvæmt þessu gildi sama regla um endurupptöku ógildingarmála og þeirra mála, sem fara eftir hinum almennu reglum um meðferð einkamála í héraði.

Í máli þessu liggur fyrir, að endurupptökubeiðandi hefur sýnt frumrit hins ógilta skjals í réttinum, sem leiðir til þeirrar ályktunar, að færa megi tilvikið undir c-lið 2. mgr. 137. gr. eml. vegna þeirrar afbrigðilegu meðferðar, sem ógildingarmál falla undir í eml. Telur dómari óvarlegt að beita hér þrengri túlkun á orðalagi ákvæðisins í ljósi niðurlagsorða 2. mgr. 113. gr. eml.

Samkvæmt ofansögðu verður fallist á það með endurupptökubeiðanda, að skilyrði 2. mgr. 137. gr., c-liðar, séu fyrir hendi, eins og á stendur, og málið endurupptekið.

Málskostnaður verður ekki ákvarðaður í þessum þætti málsins, heldur við efnisúrlausn þess.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Mál þetta er endurupptekið.

Ákvörðun um málskostnaðarkröfu stefnanda bíður efnisdóms í málinu.